Hæstaréttardómar 1994 - 4. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXIV. árgangur. 4. hefti. 1994

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 359/1991. **Lind hf.**
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
gegn
Jóhanni Antoníussyni og
Ingibjörgu Þorvaldsdóttur, báðum
persónulega og f. h. Hilmis sf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Eignarleigusamningur. Vanheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1991. Hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða 2.354.116 krónur með 45,6% ársvöxtum frá 15. ágúst 1989 til greiðsludags, þannig, að vextir taki breytingu samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987, til vara, að stefndu verði dæmd til að greiða 1.477.357 kr. með 27,6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1988 til greiðsludags, þannig, að vextir taki breytingu samkvæmt 10. gr. vaxtalaga. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Sverrir Júlíusson lést undir rekstri máls þessa í héraði 30. apríl 1990. Ekkju hans, Ingibjörgu Þorvaldsdóttur, var veitt leyfi til setu í óskiptu búi 4. maí s. á., og hefur hún tekið við aðild málsins.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í samningi þeim um fjármögnunarleigu, sem gerður var 10. mars

1988 milli áfrýjanda sem leigusala og Janna sf. sem leigutaka, er yfirlýsing í fylgiskjali nr. 3, sem er svonefnd afhendingarstaðfesting, undirrituð af Gesti J. Ragnarssyni pr. pr. Trésmiðjan Hvammur hf. Þar segir, að Trésmiðjan Hvammur hf. (seljandi) hafi afhent Janna sf. (leigutaka) leigumunina. Síðan segir: „Sem seljandi ofanlýsts hlutar eða hluta er því hér með lýst yfir, að honum hefur verið komið fyrir og settur upp samkvæmt óskum leigutaka og hluturinn hefur verið prófaður og sannreynt er að hann er í fullkomnu lagi og tilbúinn til notkunar af leigutaka."

Svo sem rakið er í héraðsdómi, er sýnt, að á þessum tíma hafði hvorki komist á kaupsamningur um plötufrystinn milli Janna sf. og stefnda Hilmis sf. né hafði afhending frystisins farið fram til Janna sf. Þeim mun síður hafði eignayfirfærsla farið fram frá Janna sf. til Trésmiðjunnar Hvamms hf., og er yfirlýsing þessi því efnislega röng af hálfu þess, er hana undirritaði.

Að svo vöxnu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður. Þá þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júní 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. janúar 1990, af Lind hf., kt. 610886-1679, Ingólfsstræti 3, Reykjavík, gegn Jóhanni Antoníussyni, kt. 061132-2019, Haðalandi 13, Reykjavík, dánarbúi Sverris Júlíussonar, kt. 121012-2359, Safamýri 35, Reykjavík, og Hilmi sf., kt. 630565-0149, Skeggjagötu 1, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 2.354.116 kr. með 45,6% ársvöxtum frá 15. ágúst 1989 til greiðsludags, þannig, að vextir taki breytingu samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987, til vara, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða stefnanda 1.477.357 kr. með 27,6% ársvöxtum frá 30. nóvember 1988 til greiðsludags, þannig, að vextir taki breytingu samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/

1987. Þá krefst stefnandi málskostnaðar sér til handa samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að hann beri vexti lögum samkvæmt 15 dögum eftir dómsuppsögu.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þess er jafnframt krafist, að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi frá dómsuppsögu til greiðsludags og að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól hans á 12 mánaða fresti.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að 10. mars 1988 hafi stefnandi, Lind hf., gert samning um fjármögnunarleigu við Janna sf. um leigu annars vegar á plötufrysti, en hins vegar á pólsvogum og fésvél. Um hafi verið að ræða eignarleigusamning, sem þýði, að stefnandi sé leigusali tækisins. Leigutaki teljist ekki eiga né eignast tækin í lok leigutímans.

Hinn 18. maí s. á. hafi stefnandi greitt Trésmiðjunni Hvammi hf., sem verið hafi eigandi að 90 hundraðshlutum í Janna sf., 1.752.000 kr. fyrir frystinn samkvæmt fram settum reikningi. Tæki þetta hafi verið sett upp í Janna sf. og notað þar.

Samkvæmt samningi Lindar hf. og Janna sf. hafi leigufjárhæðin verið í DEM 75.642,00 og ísl. kr. 767.067. Afborganir skyldu vera 48 jafnar afborganir á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 30. júní 1988. Hver afborgun hafi verið í 22.245 ísl. kr. miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 354 stig, en í þýskum mörkum DEM 2.118,00. Afborganir hafi farið í vanskil 30. nóvember 1988 og ekki verið greitt af samningnum eftir það. Hinn 15. ágúst 1989 hafi samningnum verið sagt upp með vísan til efnisákvæða í honum þar um.

Hinn 29. ágúst s. á. hafi bú Janna sf. verið tekið til gjaldþrotaskipta. Með kröfulýsingu 15. september s. á. hafi fyrir hönd Lindar hf. verið lýst fjár- og eignarhaldskröfu í búið þ. á m. vegna plötufrystisins. Stefnandi hafi fengið afhentar vogir og fésvél.

Þegar nálgast átti frystinn, hafi komið í ljós, að hann var ekki hjá Janna sf. og að stefndu höfðu tekið tækið í sínar vörslur, þrátt fyrir það að framkvæmdastjóri Janna sf. hefði tilkynnt þeim, að vafasamt væri, að hann hefði haft ráðstöfunarrétt yfir tækjunum. Forsvarsmenn Hilmis sf. höfðu þá margsinnis krafið Gest Janus Ragnarsson, fyrrum framkvæmdastjóra Janna sf., um tæki þetta og sent bréf um riftun, þrátt fyrir það að Janni sf. hefði þá þegar greitt tækið að fullu með peningum og skuldabréfi.

Í desember hafi lögmaður stefnanda krafið stefndu um tækið fyrir hönd umbjóðanda síns, en þá hafi honum verið sagt, að það hefði verið selt. Bótakröfum eða kröfum um andvirði þess hafi verið hafnað.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hann sé og hafi verið frá 10. mars 1988 eða 18. maí s. á. eigandi tækis þess, sem hér um ræði. Riftun stefndu á kaupum, sem þegar hafi verið fullfrágengin, m. a. með greiðslu í peningum og skuldabréfi fyrir eftirstöðvum, sé því markleysa, enda sú riftun ekki farið fram fyrr en á miðju ári 1989.

Stefndu hafi tekið ófrjálsri hendi tæki þetta, þrátt fyrir það að þeim hafi verið gerð grein fyrir því, að Janni sf. hefði ekki heimild til þess að ráðstafa tækjunum, og þannig á ólögmætan hátt náð yfirráðum yfir eigum stefnanda.

Stefndu hafi upplýst, að tæki þessu hafi nú verið ráðstafað til þriðja manns. Því sé þess krafist í aðalkröfu, að stefndu bæti stefnanda andvirði tækisins samkvæmt samningi þeim, er gerður var á sínum tíma. Í varakröfu er þess krafist, að fjárhæð sú, er Lind hf. keypti tækið á, að frádregnum þeim innborgunum, er um ræðir, verði greidd stefnanda.

Í aðalkröfu sé krafist greiðslu á 2.354.116 kr. Hinn 15. ágúst, er samningi Lindar hf. og Janna sf. var sagt upp, hafi gjaldfelldar eftirstöðvar ásamt gjaldföllnum afborgunum verið 3.359.184 kr. Heildarkaupverð allra tækjanna samkvæmt samningnum hafi numið 2.499.937 krónum. Plötufrystirinn hafi verið keyptur á 1.752.000 kr., 70,08 hundraðshlutar af heildarkaupverði tækjanna. Stefnt sé því til greiðslu á 70,8 hundraðshlutum af 3.359.184 krónum.

Í varakröfu sé krafist greiðslu á 1.752.000 kr., sem séu upphaflegt kaupverð tækisins að frádregnum 70,08 hundraðshlutum þeirra afborgana, sem greiddar voru frá 30. júní 1988 til og með 30. október 1988. Samtals hafi afborganir numið 391.900,30 krónum. Þegar frá sé dreginn ofangreindur hundraðshluti, hafi greiðst inn á þennan hluta samningsins 274.643 kr. Því sé stefnt til greiðslu á 1.477.357 kr. frá 30. október 1988.

Stefndu lýsa svo málavöxtum, að 17. maí 1988 hafi stefndi Hilmir sf. gert samning við Janna sf. um kaup hins síðarnefnda á frystitækjum af Hilmi sf. af Gram-gerð. Kaupverð hafi verið 1.600.000 kr., og skyldi greiða 500.000 kr. við afhendingu tækjanna og eftirstöðvar, 1.100.000 kr., með skuldabréfi. Janni sf. hafi greitt Hilmi sf. 500.000 kr. vegna kaupanna 19. maí 1988. Frystitækin hafi síðan verið afhent í júnímánuði sama ár. Fullyrðingum um, að stefndu hafi verið búnir að selja tækin þegar um mánaðamót febrúar og mars 1988, mótmæli stefndu og einnig því, að greiðsla, að fjárhæð 500.000 kr., hafi verið greidd um það leyti til staðfestingar, enda sýni gögn málsins, að slíkar fullyrðingar fái ekki staðist.

Skuldabréf það, sem gefið hafi verið út vegna fyrrgreindra viðskipta, hafi Hilmir sf. framselt Stálsmiðjunni hf. og tókst jafnframt á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu bréfsins. Skuldabréfið hafi síðan verið framselt Slippfélaginu hf., er síðan hafi framselt það Markaðssjóðnum hf.

Skuldabréf þetta hafi verið í vanskilum frá og með fyrsta gjalddaga, 15. júlí 1988, og hafi Markaðssjóðurinn fengið útgefanda bréfsins, Janna sf., og ábyrgðarmenn, Gest Janus Ragnarsson, Hilmi sf., Stálsmiðjuna hf. og Slippfélagið hf., dæmda til greiðslu bréfsins. Í framhaldi af því hafi verið gert fjárnám hjá Sverri Júlíussyni í fasteign hans að Safamýri 35, Reykjavík. Eins og málum var þá háttað, hafi stefndu ekki séð sér annað fært en greiða skuldina vegna skuldabréfsins ásamt áföllnum kostnaði, og hafi Hilmir sf. því greitt skuldina í tveimur hlutum, fyrst 9. ágúst 1989 með greiðslu 250.000 kr. og síðan aftur 30. ágúst 1989 1.673.788,36 kr., samtals 1.923.788,36 kr.

Þar sem Hilmir sf. hafi nú orðið fyrir verulegu tjóni vegna vanefnda Janna sf. á fyrrgreindum kaupsamningi, hafi stefndi Jóhann Antoníusson f. h. Hilmis sf. rift kaupum við Janna sf., og hafi orðið að samkomulagi milli hans og Gests Janusar Ragnarssonar, annars eiganda Janna sf., að tækjum yrði skilað, þar sem Janni sf. myndi ekki geta bætt úr þeim vanefndum, sem orðin voru í fyrrgreindum kaupum, og litið svo á, að sú greiðsla, sem Janni sf. hafði greitt stefndu 19. maí 1988, kæmi fyrir afnot Janna sf. af tækjunum frá því í júní 1988 fram á sumar 1989 og sem bætur fyrir vanefndir. Hafi þessi tilhögun verið staðfest með símskeyti 25. júlí 1989. Samkvæmt þessu hafi Janni sf. afhent verkstjóra Síldarvinnslunnar hf. í Neskaupstað frystitækin, enda hafi svo talast til, að hann myndi taka við tækjunum fyrir stefndu. Eftir að stefndu höfðu fengið tækin, hefðu þau fljótlega verið seld.

Stefndu mótmæli þeirri fullyrðingu Gests Janusar Ragnarssonar, að hann hafi sagt stefnda Jóhanni Antoníussyni, að hann væri ekki viss um, að hann hefði neina heimild til að skila tækjunum, enda hefðu stefndu ekki fengið neina vitneskju um ætlaðan rétt stefnanda til frystitækjanna, fyrr en Hilmi sf. barst bréf frá lögmanni stefnanda 7. desember 1989.

Mótmælt sé þeirri fullyrðingu stefnanda, að afhending skuldabréfsins sé fullnaðargeiðsla, ef ekki af því greiðist, svo sem hér hafi orðið.

Af gögnum málsins verði ekki séð, að stefnandi hafi nokkurn tíma orðið eigandi frystitækja þeirra, sem deilt er um, enda hafi Trésmiðjan Hvammur hf., sem sé seljandi fyrrgreindra frystitækja, ekki verið eigandi frystitækjanna þá eða orðið það síðar, og hafi stefndu aldrei gert neinn samning við Trésmiðjuna Hvamm hf. um sölu á frystitækjunum. Benda verði á, að í afhendingarstaðfestingu, dags. 10. mars 1988, sé því haldið fram af Trésmiðjunni Hvammi hf. og Janna sf., að tækin hafi verið afhent, en þá hafi frystitækin ennþá verið í vörslu stefndu, svo sem áður sé fram komið.

Í fjármögnunarleigusamningnum sé Janna sf. veitt umboð til þess að koma fram fyrir hönd stefnanda við kaup á frystitækjum sem umboðsmað-

ur. Samninginn við stefndu hafi Janni sf. hins vegar gert í eigin nafni og Janni sf. orðið eigandi frystitækjanna á kaupsamningsdegi, og verði ekki séð af gögnum málsins, að Janni sf. hafi selt stefnanda frystitækin, enda hafi samningar Janna sf. og stefnanda staðið til annars, og því hafi riftun stefndu á kaupunum við Janna sf. og endurheimt tækjanna verið fullkomlega lögmæt.

Af því, sem að framan sé rakið, verði ekki séð, að stefnandi hafi nokkurn tíma orðið eigandi frystitækja þeirra, sem málsókn þessi sé til komin út af, og verði það að vera á ábyrgð stefnanda að hafa ekki kannað eignarheimildir betur. Verði því að telja, að stefnandi geti ekki átt neinar kröfur á stefndu vegna lögmætrar riftunar þeirra á fyrrgreindum kaupsamningi.

Verði talið, að stefnandi hafi þrátt fyrir þetta orðið eigandi tækjanna, verði ekki annað séð en sýkna eigi stefndu, þar sem stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni, sem stefndu geti borið bótaábyrgð á. Auk þess hafi ekki verið sýnt fram á neinn bótagrundvöll, þar sem stefndu hafi verið algjörlega grandlausir um ætlaðan eignarrétt stefnanda, þegar kaupum var rift við Janna sf. og tækin seld að nýju, auk þess sem stefnendum ætti að vera í lófa lagið, séu þeir eigendur frystitækjanna, að endurheimta þau frá þeim, er Hilmir sf. seldi, eftir að tækjunum hafði verið skilað.

Grundvelli kröfugerðar stefnanda, sem miðast við eftirstöðvar leigugreiðslna Janna sf., er mótmælt sérstaklega, enda verði ekki séð, með hverjum hætti kröfugerð á hendur stefndu geti byggst á þeim grunni, þar sem stefndu gengu aldrei inn í ætlaðan fjármögnunarleigusamning með neinum hætti, og geti stefndu því ekki með þeim hætti, sem stefnandi virðist telja, borið ábyrgð á skuldbindingum Janna sf., og fráleitt sé að krefja stefndu um dráttarvexti frá þeim tíma, sem leigugreiðslur Janna sf. lentu fyrst í vanskilum, eða frá þeim tíma, sem leigusamningi stefnanda og Janna sf. var sagt upp, enda stefndu algjörlega óviðkomandi.

Kröfu sína reisa stefndu einkum á reglum eignarréttar og kröfuréttar um vanheimild.

Um rétt til riftunar kaupsamnings sé vísað til 28. gr. laga nr. 39/1922, enda verði að telja, að um verulegar vanefndir gagnvart stefndu hafi verið að ræða, og til samningaréttar um samkomulag stefndu og kaupanda um að skila söluhlut.

Vísað er til reglna kröfuréttar um fullnaðargreiðslu og fordæma varðandi það atriði. Þá er vísað til almennra reglna skaðabótaréttar um bótagrundvöll og til reglna um skyldu bótakrefjanda til að sanna tjón sitt.

Niðurstaða.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi Hilmir sf. hafi í marsmánuði 1988 selt Janna sf. plötufrysti. Gegn andmælum stefnda telst hins vegar ósannað, að Janni sf. hafi fyrr en með kaupsamningi, dags. 17. maí 1988, öðlast eignarrétt að frystitæki því, er kaupsamningur tekur til.

Samkvæmt framansögðu var stefndi Hilmir sf. enn eigandi frystitækisins, þegar stefnandi, Lind hf., gerði sem leigusali samning við Janna sf. sem leigutaka um að leigja félaginu plötufrysti. Fram lögð gögn bera með sér, að seljandi plötufrystisins hafi verið Hvammur hf.

Af hálfu stefnanda hefur ekki verið sýnt fram á, að Hvammur hf. hafi öðlast eignarrétt að frystitæki því, er kaupsamningur milli Hilmis sf. og Janna sf. tekur til. Eignaraðild Hvamms hf. að Janna sf. leiðir ekki til þess, að Hvammur hf. hafi með umræddum kaupsamningi orðið eigandi tækisins, enda eru félögin hvort um sig sjálfstæðir lögaðilar.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á það í málinu, að réttarsamband hafi stofnast á milli stefnanda, Lindar hf., og stefndu í málinu, þannig, að hann geti beint bótakröfu sinni að stefndu, svo sem gert er í máli þessu.

Ber því samkvæmt framansögðu að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 kr.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Antoníusson, dánarbú Sverris Júlíussonar og Hilmir sf., skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Lindar hf.

Stefnandi, Lind hf., greiði stefndu, Jóhanni Antoníussyni, dánarbúi Sverris Júlíussonar og Hilmi sf., 250.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 43/1992. **Andri hf.**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Unibank A/S
(Páll A. Pálsson hrl.)

Fasteignakaup. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1992. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefndi greiði sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands frá 26. október 1987 til Haralds Haraldssonar.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Í greinargerð stefnda hér fyrir dómi er frá því skýrt, að ranghermt hafi verið í stefnu í héraði, að Andelsbanken A/S hafi átt að leysa til sín fasteignina Fyrhøjvej 24 í Lyngby fyrir 750.000 danskar krónur. Hafi þetta verið leiðrétt við rekstur málsins í héraði. Þá er því haldið fram í greinargerðinni að aðilar hafi samið um það, að áfrýjandi keypti eignina af Ólafi Haraldssyni.

Í héraðsdómi er greint frá símbréfi áfrýjanda, dagsettu 12. október 1987, en þar er vísað til símtals við Arne Jensen, starfsmann Andelsbanken A/S, viðvíkjandi framangreindri eign og staðfest, að áfrýjandi muni kaupa hana fyrir 750.000 danskar krónur með yfirtöku veðskulda samkvæmt samningi við Ólaf Haraldsson. Eign þessi var í uppboðsmeðferð, og gátu kaupin ekki farið fram á þennan veg, sem í bréfinu er lýst, án aðstoðar bankans. Einhverjar frekari viðræður fóru fram milli framkvæmdastjóra áfrýjanda og Arne Jensen, en aðila greinir á um, hvers efnis þær voru. Í bréfi bankans

frá 11. desember sama ár er lýst áhuga bankans á því, að kaupin fari fram, og gerð tillaga um, á hvern hátt það verði gert með aðstoð bankans. Eru þau kjör ekki í samræmi við bréf áfrýjanda 12. október. Verður ekki annað séð af bréfinu en tilhögun kaupanna hafi þá ekki enn verið afráðin. Þessu bréfi virðist ekki hafa verið svarað, því að undan því er kvartað í bréfi bankans frá 18. janúar 1988. Í bréfi áfrýjanda 9. febrúar sama ár er svo frá því skýrt, að áhugi á kaupunum sé ekki lengur fyrir hendi. Þótt áfrýjandi beri í bréfinu fyrir sig, að forsendur séu brostnar fyrir kaupunum, breytir það ekki því, að stefndi hefur ekki sýnt fram á, að tilboð hans 11. desember 1987 um aðstoð við kaupin hafi verið samþykkt fyrir þennan tíma, og gegn andmælum fyrirsvarsmanns áfrýjanda, Haralds Haraldssonar, hefur hann ekki heldur sannað, að það hafi síðar gerst. Ber samkvæmt framanskráðu að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði, en stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Andri hf., skal sýkn af kröfum stefnda, Unibank A/S, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. nóvember sl., höfðaði Páll Arnór Pálsson hrl. f. h. Andelsbanken, Herlev avdeling, Herlev torv 18, 2730 Herlev, Danmörku, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Andra hf., kt. 570267-0199, Bíldshöfða 12, Reykjavík.

Undir rekstri málsins var lýst yfir af lögmanni stefnanda, að Andelsbanken hefði sameinast öðrum banka og héti eftir sameininguna Unibank.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi greiði DKK 173.874 ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfu stefnanda í máli þessu. Til vara er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða aðra lægri fjárhæð að mati

dómsins. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað [...].

Leitað var um sáttir í málinu án árangurs.

Vegna málsins fóru fram skýrslutökur fyrir dómi í Ballerup í Danmörku. Skýrslur gáfu Arne Jensen, fyrrum skrifstofustjóri í Andelsbanken, nú skrifstofustjóri í Unibank, og Ólafur Haraldsson, bróðir framkvæmdastjóra stefnda. Endurrit af yfirheyrslum var lagt fram sem dskj. 22 og íslensk þýðing yfirheyrslunnar sem dskj. 23.

Við aðalmeðferð málsins gaf Haraldur Haraldsson, framkvæmdastjóri stefnda, skýrslu fyrir dóminum.

Málavextir.

Árið 1987 var stefnandi einn veðhafa í fasteigninni Fyrhøjvej 24, Lyngby, Danmörku, eign Ólafs Haraldssonar, sem bjó og starfaði í Danmörku. Ólafur Haraldsson er bróðir Haralds Haraldssonar, framkvæmdastjóra stefnda. Að sögn stefnanda var fasteignin Fyrhøjvej 24 í uppboðsmeðferð haustið 1987 vegna ýmissa vanskilaskulda. Skuldabréf, sem stefnandi átti, hvíldi á 8. veðrétti í húsinu. Samkvæmt söluuppkasti uppboðshaldara var staða veðsins sú, að á undan veði stefnanda hvíldu DKK 576.166, en krafa stefnanda skv. skuldabréfinu var ca. DKK 266.000.

Í stefnu segir, að áður en af uppboðssölu varð, hafi náðst um það samkomulag við Harald Haraldsson, bróður húseigandans og stjórnarformann Andra hf. f. h. félagsins, að Andri hf. keypti húseignina á DKK 750.000 og bankinn myndi leysa eignina til sín á því verði. Þannig myndi bankinn fá DKK 173.834 upp í sína kröfu. Skrifleg staðfesting þessa efnis komi fram í bréfi stefnda, dags. 12. okt. 1987. Í bréfi þessu segir svo:

„Vedr. Fyrhøjvej 24, Lyngby.

Jeg refarerer (svo) til telephonisk samtale med jer i dag vedr. ovennævnte ejendom.

Jeg undertegnede bekræfter herved, at jeg køber ejendommen Fyrhøjvej 24, Lyngby, til en pris DKK 750.000.00 – som er overtagelse af prioriteter i henhold til aftale med Hr. Olafur Haraldsson."

Í bréfi Mogens Popp-Madsen, lögmanns í Kaupmannahöfn, til Andelsbanken, dags. 24. nóv. 1987, dskj. 4, kemur fram, að lögmaðurinn hafi, eins og umsamið var, athugað símleiðis hjá byggingayfirvöldum um möguleika á skiptingu húseignarinnar Fyrhøjvej 24 í tvær íbúðir. Í bréfinu kemur m. a. fram, að eingöngu sé hægt að fá endanlega umsögn eftir skriflega umsókn eiganda um skiptingu.

Með bréfi Andelsbanken til stefnda, dags. 11. des. 1987, óskaði stefndi

eftir því, að gengið yrði frá kaupunum á eigninni Fyrhøjvej 24 af Ólafi Haraldssyni. Tekið er fram í bréfinu, að því fylgi kópía af bréfi frá M. Popp-Madsen, þar sem fram komi, að nauðsynlegt sé að sækja um það skriflega til sveitarstjórnar, svo framarlega sem skipta skuli eigninni í tvær íbúðir. Í bréfi þessu er stungið upp á því, að fasteignin verði keypt með 150.000 kr. útborgun, eins og áður hafi verið minnst á, og afgangur kaupverðsins verði gerður upp við töku á 600.000 kr. láni til 20 ára með 12% ársvöxtum. Tekið er fram í bréfinu, að bankinn vilji bjóða byggingarlán til fjármögnunar við að ljúka við bygginguna, þegar fyrir liggi fast tilboð í kostnaðinn á byggingarframkvæmdum og nauðsynleg leyfi. Á dskj. 6 er bréf stefnanda til stefnda, dags. 18. janúar 1988. Í bréfi þessu er kvartað undan því, að ekki hafi borist svar við bréfinu 11. des. 1987 og ekki enn verið gerð tilraun til að ganga frá kaupunum í samræmi við bréf stefnda 12. okt. 1987. Tekið er fram í bréfinu, að nauðungaruppboð á eigninni skuli fram fara 26. febrúar 1988, og óskað eftir því, að hægt verði að ganga frá kaupunum fyrir nauðungaruppboðið. Ef ekki, hugleiði bankinn að krefja stefnda um greiðslu á tapi bankans, svo framarlega sem fasteignin seljist fyrir lægra verð en 750.000 kr. á nauðungaruppboðinu.

Bréfum þessum svaraði stefndi með bréfi, dags. 9. febrúar 1988, á dskj. 9. Í bréfi þessu segir, að það hafi verið forsenda fyrir yfirtöku stefnda á eigninni, að hægt væri að skipta eigninni í tvær íbúðir. Þar sem slíkt leyfi hafi ekki fengist, hafi stefndi ekki áhuga á eigninni. Því er sérstaklega mótmælt, að bankinn geri stefnda ábyrgan fyrir væntanlegu tapi sínu.

Þessu bréfi stefnda svaraði stefnandi með bréfi, dags. 24. febrúar 1988. Í bréfinu segir m. a., að á fundum 20. og 21. nóv. hafi aðeins verið rætt, hvaða möguleika stefndi hefði til þess að nýta eignina eftir kaupin, m. a. „evt." skiptingu í tvær íbúðir. Sá möguleiki sé enn fyrir hendi, sbr. bréf bankans 11. des. 1987. Tekið er fram í bréfinu, að bankinn ætli að halda kaupunum upp á stefnda og af þeim verði að verða í síðasta lagi á nauðungaruppboðinu 26. febrúar 1988. Ef til vill verði unnt að fresta nauðungaruppboðinu, svo framarlega sem bankinn fái í hendur frá stefnda 750.000 kr. til tryggingar fyrir viðskiptunum og að stefndi borgi inn á kostnað ca. 5.000 kr. Jafnframt er tekið fram í bréfinu, að ef stefndi hafi ákveðið að kaupa ekki eignina, muni bankinn krefja stefnda um kaupverðið, 750.000 kr., að frádregnum skuldum á undan veðum bankans, 576.166 kr., þ. e. 173.834 kr., að viðbættum vöxtum frá 12. okt. 1987 til 2. mars 1988, 13% ársvexti, 38.458 kr., samtals 212.292 kr.

Á dskj. 11 er bréf frá stefnanda til framkvæmdastjóra stefnda, dags. 26. febrúar 1988, þar sem segir, að bankinn hafi þann dag móttekið greiðslu til

O. Haraldsson, 5.000 kr., og í samráði við bróður framkvæmdastjórans beðið um annað uppboð, sem haldið verði 18. mars 1988. Tekið er fram, að bankinn haldi fast við efni bréfsins frá 24. febrúar 1988.

Stefndi kom ekki með bankatryggingu og mun ekki hafa gert tilraunir til að semja við stefnanda, áður en af síðara uppboði varð. Veðhafar, sem voru á undan stefnanda í veðröðinni, fengu eignina útlagða á uppboðinu.

Stefnandi gerir kröfu á stefnda fyrir mismuninum á tilboði, 750.000 DKK, og samanlagðri fjárhæð áhvílandi skulda á 1.–7. veðrétti, DKK 576.166, eða DKK 173.834. Það er tjónið, sem stefnandi telur sig hafa hlotið vegna vanefnda stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi telur, að stefndi hafi gert skuldbindandi tilboð, sem samþykkt hafi verið af stefnanda, en stefndi hafi þrátt fyrir áskoranir og viðvaranir af hálfu stefnanda ekki reitt fram nauðsynlegar tryggingar til undirbúnings kaupum. Þessi vanefnd stefnda á samningi hafi verið orðin ljós á síðara uppboði á áðurgreindri fasteign. Stefnanda hafi því verið heimilt að hætta við að fá eignina útlagða. Stefnandi eigi rétt til bóta fyrir það tjón, sem hlaust af vanefndum stefnda. Tjónið sé augljóst, þar sem stefnandi hafi ekki fengið upp í sína kröfu á 8. veðrétti þá fjárhæð, sem hann annars hefði fengið, ef staðið hefði verið við gefin loforð.

Stefnandi reisir kröfur sínar á meginreglum samningaréttarins um, að samningar skuli standa. Stefnandi byggir einnig á ákvæðum samningalaga nr. 7/1936 varðandi samþykki tilboðs. Einnig er lögð áhersla á þýðingu tómlætis við tilkynningum, og um skaðabótarétt er vitnað til meginreglna samningaréttar um skaðabætur innan samninga.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi telur, að aldrei hafi komist á bindandi samningur við stefnanda um kaup á fasteigninni. Stefndi hafi aldrei gert formlegt kauptilboð í eignina. Tillaga sú, sem stefndi kom fram með 12. okt 1987, geti engan veginn talist fela í sér kauptilboð um fasteignina. Ósamið hafi verið um öll atriði, er vörðuðu framkvæmdina.

Teljist tillaga stefnda hafa falið í sér bindandi kauptilboð, er því haldið fram, að skuldbindingargildi hennar hafi fallið niður síðar. Í fyrsta lagi hafi svar það, sem stefnandi sendi, falið í sér breytingu á tillögu stefnda. Teljist það því höfnun þeirrar tillögu og jafnframt ný tillaga. Stefndi hafi aðeins ætlað að taka að sér greiðslu á áhvílandi skuldum, þar á meðal veðskuld við stefnanda að hluta. Gagntillaga stefnanda hafi hins vegar verið á þá leið, að greiddar væru DKK 150.000 fyrir fram inn á kaupin í reiðufé. Síðan hafi stefnandi sett enn fram nýjar kröfur í bréfi sínu, dags. 24. febrúar 1988, á

dskj. 10, sem hafi verið, að stefndi legði fram bankatryggingu fyrir DKK 750.000 og greiddi DKK 5.000 í uppboðskostnað. Í öðru lagi hafi tillaga stefnda verið reist á þeirri forsendu, að húsið væri skiptanlegt í tvær íbúðir. Þar sem þetta hafi ekki reynst mögulegt, hafi verið litið svo á, að brostin væri forsenda fyrir hugsanlegum kaupum. Stefnandi hafi ekki svarað tillögu stefnda innan hæfilegs samþykkisfrests. Tillaga stefnda hafi verið gerð 12. okt. 1987, en svar hafi ekki borist fyrr en með bréfi 11. des. 1987, tæpum tveimur mánuðum síðar. Fráleitt sé, að stefnandi hafi talið sig svara ætluðu tilboði stefnda innan eðlilegra tímamarka. Stefnandi geti því ekki byggt rétt á tillögu stefnda, jafnvel þótt hún verði metin sem bindandi.

Teljist stefndi hafa verið bundinn við tillögu sína og stefnandi samþykkt hana á réttan hátt, svo að bindandi samningur hafi komist á, sé ljóst, að stefnandi hafi þurft að fullnægja því skilyrði að kaupa eignina á nauðungaruppboði. Þetta hafi stefnandi ekki gert, og hljóti það að teljast veruleg vanefnd af hans hálfu, sem leiði til þess, að hann geti ekki gert hinn ætlaða samning gildandi gagnvart stefnda.

Til þess að um gildan samning um kaup og sölu eigna geti verið að ræða, þurfi báðir aðilar að hafa réttindi yfir þeim verðmætum, sem þeir skuldbindi sig til að láta í té. Svo hafi ekki verið í þessu tilviki, þar sem stefnandi hafi aldrei orðið eigandi fasteignar þeirrar, sem um er deilt. Stefnandi hafi því ekki verið bær um að ráðstafa eigninni til annarra með sölu eða á annan hátt.

Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir tjóni, sem stefndi beri ábyrgð á. Stefnanda hafi verið ljóst, þegar að síðustu nauðungarsölu kom, að stefndi hugðist ekki standa við tilboð sitt. Hafi honum því borið að takmarka tjón sitt svo sem honum var unnt. Þetta hafi stefnandi ekki gert, heldur hafi hann látið selja eignina á verði, sem hafi verið langt undir raunvirði eignarinnar, en ekki boðið inn í sinn veðrétt, svo sem honum hefði þó verið í lófa lagið. Af þessum sökum hafi tjón stefnanda orðið raunverulegt. Í öllu falli hafi það orðið mun meira en það hefði þurft að verða.

Niðurstaða.

Í bréfi stefnda til stefnanda, dags. 12. okt. 1987, er vísað til símtals við Arne Jensen og samkomulags við Ólaf Haraldsson og gefin skilyrðislaus yfirlýsing um kaup stefnda á fasteigninni Fyrhøjvej 24, Lyngby, á DKK 750.000 með yfirtöku veðskulda. Verður því ekki á það fallist með stefnda, að stefndi hafi aldrei gert formlegt kauptilboð í eignina.

Bréf stefnanda, dags. 11. des. 1987, til stefnda, þar sem m. a. er uppástunga um greiðslukjör, verður ekki skilið sem höfnun á tilboði stefnda, sbr. 1. mgr. 6. gr. l. nr. 7/1936, heldur verður að líta á þann hluta bréfsins sem til-

lögu um greiðslukjör eða greiðslufyrirkomulag, sem stefndi gat hafnað. Það gerði stefndi ekki.

Á kröfu stefnanda í bréfi, dags. 24. febrúar 1988, um DKK 750.000 bankatryggingu og DKK 5.000 í kostnað verður ekki litið sem breytingu á umsömdu verði eignarinnar, heldur skilyrði fyrir því að fá frestað nauðungaruppboði, sem fram átti að fara 26. febrúar 1988.

Gegn andmælum af hálfu stefnanda er ósannað, að stefndi hafi sett sem skilyrði fyrir kaupunum möguleika á skiptingu húseignarinnar í tvær íbúðir. Í skjölum málsins kemur fram, að Mogens Popp-Madsen, lögmaður stefnda í Kaupmannahöfn, hafi athugað um möguleika á skiptingu húseignarinnar og jafnframt að sú skipting kunni að vera erfiðleikum bundin. Um þessi vandkvæði á skiptingu eignarinnar varð stefnda ljóst a. m. k. eftir móttöku bréfs Andelsbankens frá 11. des. 1987. Þrátt fyrir það tilkynnti stefndi ekki, að forsendur fyrir kaupunum væru brostnar, fyrr en með bréfinu 9. febrúar 1988. Verður því ekki á kröfur stefnda, byggðar á brostnum forsendum, fallist.

Hvergi í skjölum málsins kemur fram, að stefnandi hafi átt að kaupa fasteignina á nauðungaruppboði. Aftur á móti virðist ætlunin hafa verið, að stefndi keypti fasteignina af Ólafi Haraldssyni fyrir þann tíma, þegar nauðungaruppboðið skyldi fram fara, sbr. bréf stefnanda 11. des. 1987.

Niðurstaða dómsins er því sú, að stefndi hafi gefið bindandi loforð um kaup á fasteigninni Fyrhøjvej 24, Lyngby, fyrir DKK 750.000.

Það er óumdeilt, að á undan veði stefnanda í fasteigninni hafi hvílt lán, samtals að fjárhæð DKK 576.166, og að við sölu eignarinnar á nauðungaruppboði hafi stefnandi ekki fengið neitt upp í áhvílandi lán sín. Þannig hafa samningsrof stefnda valdið stefnanda tjóni, sem nemur DKK 173.834, sem stefnda ber að greiða stefnanda með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 285.000 kr., með vöxtum, eins og krafist var.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Andri hf., greiði Páli Arnóri Pálssyni hrl. f. h. Unibank DKK 173.834 ásamt [nánar tilgreindum vöxtum] og 285.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 325/1991. **Karl Sveinsson og**
Eygló Björnsdóttir
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Ásmundi Hrólfssyni
(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Fasteignakaup. Gallar. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar af Eygló Björnsdóttur og þrotabúi Karls Sveinssonar með áfrýjunarstefnu 1. ágúst 1991. Undir rekstri málsins fyrir Hæstarétti var búið framselt þrotamanni til frjálsra umráða, og hefur Karl Sveinsson því tekið við aðild málsins að nýju.

Áfrýjendur krefjast nú sýknu af kröfum stefnda og að málskostnaður verði látinn niður falla í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, allt að frádregnum 834.500 krónum, sem hann fékk greiddar 18. júlí 1991.

I.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var hin breytta kröfugerð skýrð þannig, að í ljós hafi komið, að 18. júlí 1991 tók stefndi út innstæðu af sparisjóðsbók við Íslandsbanka hf., sem áfrýjendur stofnuðu á hans nafni 10. ágúst 1989, er síðasta afborgun kaupverðs hússins nr. 184 við Fannafold í Reykjavík féll í gjalddaga. Innstæða á bókinni 18. júlí 1991 var 834.500 krónur.

Áfrýjendur krefjast nú skaðabóta eða afsláttar úr hendi stefnda til skuldajafnaðar, samtals að fjárhæð 329.540 krónur, sem þeir sundurliða þannig:

1. Kostnaður við að koma þakkanti í viðunandi horf samkvæmt matsgerð ..... kr. 88.200

2. Kostnaður við að ráða bót á rakaþéttingu í þaki vegna ónógrar útloftunar samkvæmt matsgerð ..... kr. 237.340
3. Aksturskostnaður að hálfu samkvæmt matsgerð ..... – 4.000

Áfrýjendur skýra sýknukröfu sína þannig, að verði skuldajafnaðarkrafa þeirra tekin til greina, standi eftir viðurkennd skuld þeirra við stefnda, 455.758 krónur (785.298 – 329.540). Sú fjárhæð, vaxtareiknuð eins og í héraðsdómi greinir, sé lægri en fjárhæðin, sem stefndi tók út af sparisjóðsbókinni.

Samkvæmt málflutningsyfirlýsingu stefnda fyrir Hæstarétti ber hann ekki fyrir sig aðildarskort áfrýjenda gegn skuldajafnaðarkröfum þeirra.

II.

Í matsgerð dómkvaddra matsmanna er talið, að annmarki á þakkanti teljist einkum vera útlitsgalli. Leggja þeir til, að þakkanturinn verði hækkaður um 4 cm til að ráða bót á þessu.

Ekki verður fallist á með áfrýjendum, að hér hafi verið um leyndan galla að ræða, sem stefndi beri ábyrgð á, en þakkanturinn var í samræmi við samþykktar byggingarnefndarteikningar. Verður því ekki fallist á kröfur áfrýjenda að þessu leyti.

Í matsgerðinni er enn fremur fjallað um vandamál, er tengjast því, að útloftun þaks hússins er ófullnægjandi. Í tillögum matsmanna til úrbóta segir meðal annars:

> „Hægt er að lagfæra gallann á mismunandi vegu, en matsmenn telja, að ódýrast verði að leysa hann innan frá, eins og í raun hefði verið hægt að leysa hann, áður en einangrun var sett upp í þakið."

Að þessu athuguðu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður ekki talið, að þáttur stefnda í smíði þaksins hafi þurft að leiða til tjóns, heldur megi rekja það til framkvæmda áfrýjenda sjálfra við framhald verksins. Ber því einnig að hafna kröfum áfrýjenda að þessu leyti, og eru þá ekki efni til að taka kröfu þeirra um aksturskostnað til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm að teknu tilliti til innborgunar 18. júlí 1991. Þá verður áfrýjendum gert

að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó þannig, að til frádráttar tildæmdum fjárhæðum komi 834.500 krónur, er greiddar voru 18. júlí 1991.

Áfrýjendur, Karl Sveinsson og Eygló Björnsdóttir, greiði stefnda, Ásmundi Hrólfssyni, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júlí 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., höfðaði Sigurður Sigurjónsson hrl., Reykjavík, f. h. Ásmundar Hrólfssonar, kt. 230954-2679, Mávahlíð 7, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 12. desember 1989, gegn Margréti Kristjánsdóttur, kt. 270354-2469, Ferjubakka 16, Reykjavík, Karli Sveinssyni, kt. 030647-4839, Fannafold 184, Reykjavík, og Eygló Björnsdóttur, kt. 011142-5679, sama stað.

Undir rekstri málsins féll stefnandi frá kröfum á hendur Margréti Kristjánsdóttur.

Samkvæmt yfirlýsingu skiptaráðandans í Reykjavík, dags. 3. júlí 1991, var bú stefnda Karls Sveinssonar tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 21. mars 1991. Þrotabú Karls Sveinssonar hefur tekið við málinu fyrir hönd stefnda Karls.

Dómkröfur stefnanda eru, að þrotabú stefnda Karls Sveinssonar og Eygló Björnsdóttir verði in solidum dæmd til þess að greiða stefnanda 785.298 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefndu eru aðallega, að skuldajafnað verði á móti dómkröfu stefnanda kröfu um afslátt eða skaðabætur skv. mati dómkvaddra matsmanna, að fjárhæð 668.080 kr., ásamt dráttarvöxtum [...].

Til vara gera stefndu þá kröfu, að skuldajafnað verði á móti dómkröfu stefnanda skaðabótakröfu skv. mati dómkvaddra matsmanna, að fjárhæð 329.540 kr., ásamt sömu vöxtum og í aðalkröfu.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar [...].

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Málavextir.

Með kaupsamningi, dags. 9. mars 1988, seldi stefnandi, Ásmundur Hrólfsson, Margréti E. Kristjánsdóttur fjögurra herbergja íbúð, merkta

0120, í húsinu nr. 184 við Fannafold í Reykjavík. Samkvæmt kaupsamningi skyldi kaupandi greiða síðustu greiðslu 10. ágúst 1989, 550.000 kr. Í 18. tl. kaupsamnings segir, að greiðslur skuli verðbæta og við þær leggja meðaltalsvexti banka og sparisjóða frá afhendingardegi, 15. maí 1988, til greiðsludags. Með kaupsamningi, dags. 10. maí 1988, seldi Margrét Kristjánsdóttir stefndu Karli Sveinssyni og Eygló Björnsdóttur sömu fasteign með sömu skilmálum, þ. e. verðbótum og meðalvöxtum banka og sparisjóða frá afhendingardegi til greiðsludags. Í samningi Margrétar Kristjánsdóttur annars vegar og Karls Sveinssonar og Eyglóar Björnsdóttur hins vegar er tekið fram, að stefnandi sé þinglýstur eigandi, og jafnframt, að stefndu Karl og Eygló gangi inn í kaupsamning Margrétar og taki á sig allar skyldur og réttindi skv. þeim kaupsamningi. Með áritun sinni féllst stefnandi, Ásmundur Hrólfsson, á þá tilhögun. Greiðslur kaupverðs hafa farið fram með þeim hætti, að greiðslur hafa borist stefnanda bæði frá Margréti annars vegar og þeim Karli og Eygló hins vegar. Síðasta greiðsla var ekki innt af hendi, og telur stefnandi hana vera í vanskilum frá 10. ágúst 1989.

Stefndu Karl og Eygló tóku við íbúðinni 15. maí 1988 og fluttust í hana 20. ágúst 1988. Stefndi Karl vann sjálfur við íbúðina, þ. á m. við einangrun á lofti og veggjum og ílögn í gólfi. Við þessar framkvæmdir naut Karl, sem er bifreiðastjóri, aðstoðar félaga síns, sem einnig er bifreiðastjóri.

Fljótlega eftir að stefndu Karl og Eygló fluttust inn, töldu þau íbúðina gallaða og leituðu vegna þessa m. a. til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins í okt. 1989 og í júní 1990 vegna ætlaðra galla á húseigninni.

Hinn 12. september 1990 voru að beiðni stefndu Karls og Eyglóar dómkvaddir sem matsmenn þeir Gunnar S. Björnsson byggingameistari og Ríkharður Kristjánsson verkfræðingur til þess að skoða og meta galla á húseign stefndu að Fannafold 184. Í matsbeiðni stefndu, dags. 3. sept. 1990, er óskað eftir því m. a., að gerð sé ýtarleg grein fyrir öllum göllum á húseigninni að utan og innan, og í því sambandi er sérstaklega bent á galla á húseigninni vegna leka í gegnum útveggi, glugga, dyr, þak og gólf.

Hinir dómkvöddu matsmenn skiluðu matsgjörð 20. janúar 1991.

Í samantekt matsmanna á sýnilegum og mælanlegum göllum og áliti matsmanna á orsökum gallanna segir m. a.:

Varðandi þak.

Þakkantur er of lágur. Hér er einkum um útlitsgalla að ræða sem og hitt, að í asarigningu gæti vatn runnið beint af bárujárni og út yfir kantinn. Þá vantar svuntu undir bárujárn og niður í rennu. Rennan er a. m. k. 30 cm fyrir utan vegg, þar sem kanturinn er ca. 50 cm breiður.

Matsmenn telja nær útilokað, að leki úr rennu eða slagregn undir báru-

járn valdi leka inn í húsið, enda hafa þeir séð, að leki úr rennu kom beint niður gegnum þakkantinn.

Útloftun þaksins er ófullnægjandi. – Orsökin er sú, að klætt er beint ofan á límtrésbita, sem lokar þar með loftrásum þaksins. Loftið, sem streymir inn um rörin gegnum útveggina, kemst síðan ekki áfram um þakflötinn allan.

Tenging rakavarnarlags þaksins og útveggja. – Þessi tenging er röng. Álhimnan, sem er neðan á einangruninni í loftinu, er tekin út fyrir einangrun útveggjanna og aðeins niður eftir þeim. Álhimnan fylgir því að hluta hitastigi útveggjanna og kólnar því, þegar kalt er úti. Inniloft kemst síðan út að þessum kalda fleti milli pússningar og einangrunar loftsins. Þegar kalt er úti, er hætta á, að raki falli út á álhimnunni í líkingu við það, sem gerðist á gluggunum. Matsmenn sannreyndu það einnig, þegar hvað mestur raki var í gluggum, að einnig hafði fallið út raki á álhimnuna, þar sem hún lá að útvegg. Enda þótt steyptu veggirnir hafi sama hitastig og álhimnan, er rakaútfelling á þeim hættuminni, þar sem þeir geta sogið í sig verulegt magn af raka og jafnað þannig út sveiflur. Þessi verkþáttur var unninn á vegum núverandi eigenda hússins.

Rakamerki á útveggjum.

Matsmenn hafa ekki getað fundir lekaleiðir inn í gegnum útveggina. Þeir telja sennilegt, að rakamerkin stafi einkum af raka, sem hafi komið innan frá, þegar pússning var að þorna. Þessi hluti parhússins er einangraður með steinull. Steinull er í eðli sínu mjög opin gagnvart rakaflæði. Hún veitir því raka, sem leitar úr blautri pússningu út að köldum útvegg, lítið viðnám. Ef lítið er gert að því að lofta þennan raka burt, er hætta á, að rakastigið inni verði allt of hátt, og þá geta verulegar rakaútfellingar komið fram á útveggjum og bleyta lekið niður útveggina að innan, uns hún lendir á einhverri mótstöðu, t. d. glugga eða gólfplötu. Á þessum stöðum kemur hún síðan fram í rakamerkjum, sem lýsa sér líkt og leki. Samkvæmt upplýsingum núverandi eigenda var þessi verkþáttur unninn á þeirra vegum.

Skemmdir í gólfi.

Á gólfi er flotílögn af svonefndri anhydrit-gerð. Ílögnin hefur skemmst í stofunni, einkum úti við vegg. Þessi tegund ílagnar („anhydrit") er viðkvæm fyrir raka á hörðnunarstigi og þolir illa, ef vatn stendur lengi á henni. Það er skoðun matsmanna, að skemmdirnar tengist rakavandamálum útveggjanna. Síðan kunna að hafa komið skemmdir vegna álags, þar sem ílögnin hafi náð styrk svo seint vegna þess, hve rakinn var lengi að fara burt. Ílögnin ætti hins vegar nú að hafa nægjanlegan styrk, eftir að gert hefur verið við þær skemmdir, sem eru í henni. Ílögnin var unnin á vegum núverandi eigenda.

Gluggar og opnanleg fög.

Matsmenn hafa ekki orðið varir við leka inn með gleri, né sjá þeir, að frágangur glerjunar sé með þeim hætti, að augljóslega sé gallaður. Á hinn bóginn hafa matsmenn staðfest verulegar rakaútfellingar á gleri, þegar kalt hefur verið úti. Orsökin er sú, að rönd tvöfalds venjulegs einangrunarglers þolir ekki mjög hátt rakastig, þegar kólnar í veðri úti. Að jafnaði veldur þetta ekki vandamálum, ef hús eru sæmilega vel hituð og loftað út, því að þá lækkar rakastig inni sjálfkrafa. Algengara er, að þetta valdi erfiðleikum í húsum með loftræstikerfum og rakíbætingu (sic). Ef lítið er hitað og loftað, ofnar huldir að ofan eða annað gert, sem hindrar eðlilegar lofthreyfingar, kemur þó upp þessi vandi. Þegar matsmenn komu á staðinn og sannreyndu raka á gluggum, var aðeins einn gluggi opinn, í skoti inn af stofu, en engin lofthreyfing var í gegnum húsið í heild sinni. Lítill hiti var í húsinu í það skipti.

Dyr.

Við dyr þær út úr stofu, sem munu opna stofu út í garðskála, eru rakamerki. Þessi ummerki geta bæði stafað frá vatni, sem lekur niður af gleri í kuldum, sem og leka inn með dyrunum. Matsmenn hafa ekki getað staðfest leka inn með dyrunum í vetur, enda eru dyrnar nú þegar komnar í töluvert var af garðskála íbúðarinnar hinum megin. Dyrnar eru þó ekki mjög traustvekjandi. Þessar dyr verða þó ekki lengur útidyr í þeim skilningi, þegar glerskáli er risinn.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi reisir rétt sinn á fram lögðum kaupsamningum um fasteignina nr. 184 við Fannafold í Reykjavík við Margréti E. Kristjánsdóttur, dags. 9. mars 1988, og kaupsamningi milli þeirra Margrétar annars vegar og Karls og Eyglóar. Með þeim kaupsamningi hafi þau Karl og Eygló gengist undir samningsskyldur gagnvart stefnda með sama hætti og Margrét. Teljist því stefndu í máli þessu vera ábyrg in solidum gagnvart stefnanda fyrir greiðslu kaupverðs. Kröfum um greiðslu hafi verið beint að Margréti E. Kristjánsdóttur, en hún vísi greiðsluskyldu algerlega á Karl Sveinsson og Eygló Björnsdóttur, sem eigi hafa neitað greiðsluskyldu sinni, en borið við ætluðum göllum.

Stefnandi reisir rétt sinn, eins og áður segir, á fram lögðum kaupsamningum, almennum reglum í fasteignakaupum svo og lögum um lausafjárkaup nr. 39/1922, eftir því sem þau eiga við.

Dómkrafa stefnanda sundurliðast þannig:

Höfuðstóll, greiðsla pr. 10. 8. 1989	kr.	550.000
Verðbætur, 2557:1968	–	164.608

Meðalvextir 15. 5. 1988–10. 8. 1989	–	70.601
Samtals	kr.	785.209

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnandi hefði átt viðskipti við Margréti Kristjánsdóttur og Margrét við stefndu. Samkomulag hafi orðið með aðilum um, að stefndu greiddu tvær síðustu greiðslur samkvæmt kaupsamningi beint til stefnanda. Ef stefndu hafi talið eignina gallaða, hafi þau getað gert kröfu um skaðabætur eða afslátt frá sínum viðsemjendum, en ekki frá stefnanda.

Stefndu hafi fengið eignina í umsömdu ástandi. Þakkantur hússins sé í samræmi við teikningu arkítekts, en teikningin hafi legið frammi, þegar kaupin voru gerð. Gallar á húsinu stafi af verkframkvæmd stefnda Karls, sem ekki sé sérfróður um byggingar, en hann hafi annast framkvæmdir með aðstoð annars bifreiðastjóra. Útfærsla stefndu á einangrun hafi verið röng, og tjón vegna þessa verði stefndu að bera sjálf. Stefndu hafi breytt og bætt við húsið án samráðs við hönnuði og án leyfis byggingaryfirvalda. Matsgjörð dómkvaddra matsmanna sýni, að þeir ágallar, sem eru á húsinu, stafi af verkframkvæmd stefndu sjálfra.

Málsástæður og rökstuðningur stefndu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ástæða þess, að þau inntu ekki af hendi umsamda afborgun 10. ágúst 1990, sé sú, að komið hafi í ljós miklir leyndir gallar á eigninni og alls óvíst sé um greiðslugetu stefnanda, ef honum yrði gert að greiða skaðabætur vegna leyndra galla.

Stefndu hafi hafist handa um að leita réttar síns í mars 1989, en þá þegar hafi verið farið að bera á göllum, sem síðan hafi stöðugt ágerst. Helstu gallar séu vegna leka í veggjum, með gluggum, dyrum og miklum raka í gólfum, svo að ekki hafi enn reynst unnt að ganga frá þeim, og þess vegna sé enn bráðabirgðaeldhús í húsinu. Vegna þess hafi afborgun 10. ágúst 1989 verið lögð inn á sparisjóðsbók í Iðnaðarbanka Íslands hf., Breiðholtsútibúi, og hafist handa við öflun skriflegra gagna vegna gallanna. Hinn 9. nóvember 1989 hafi legið fyrir rannsóknarskýrsla Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, og hafi hún verið send stefnanda 4. des. 1989.

Stefndu telja, að sér hafi verið heimilt að halda eftir ógreiddri afborgun vegna þeirra galla, sem þegar voru fram komnir á eigninni og fyrirsjáanlega hafi verið að ágerast, og jafnframt hafi verið ómögulegt að láta greiðsluna af hendi vegna óvissrar fjárhagsstöðu stefnanda, sem leitt gæti til þess, að stefndu ættu sjálf á hættu að sitja uppi með kostnað af göllum á eigninni. Augljóst sé, að um verulegar vanefndir af hálfu stefnanda sé að ræða. Stefndu beri afsláttur af kaupverði sem skaðabætur vegna gallanna.

Af hálfu stefndu er um rökstuðning vísað til kaupsamnings aðila frá 9. mars 1988 og 4. maí 1988, reglna kröfuréttar um loforð og samninga, sbr. l. nr. 7/1936, svo og ákvæða kaupalaga nr. 39/1922, eins og þeim verði beitt með lögjöfnun um fasteignakaup, sbr. einkum 42. gr.

Við munnlegan málflutning var um rökstuðning fyrir gagnkröfum stefndu vísað til matsgjörðar dómkvaddra matsmanna á dskj. 25, og er aðalkrafan krafa um greiðslu samkvæmt matinu á heildarkostnaði við lagfæringar á göllum hússins. Í matsgjörðinni er þessi kostnaður sundurliðaður svo:

Hækkun þakkants	kr.	88.200
Lagfæring útloftunar:		
Útborun, lagfæring á rakasperru og einangrun	–	171.120
Efni	–	43.840
Loftunartúða	–	22.380
Viðgerð á rakasperru við útvegg	–	49.600
Efni	–	34.280
Viðgerðir á múrhúð og gólfi	–	73.480
Lagfæra málningu	–	82.620
Slípa og lakka glugga, vinna	–	79.360
Efni	–	15.200
Akstur	–	8.000
Samtals	kr.	668.080

Varakrafa stefnda er um, að skuldajafnað verði á móti kröfu stefnanda kostnaði samkvæmt matsgjörð við hækkun þakkants, lagfæringu útloftunar og helming aksturskostnaðar, þ. e. samtals 329.500 kr.

Stefndi Karl hafi unnið sjálfur ásamt kunningja sínum við einangrun þaksins, en Sveinn Guðmundsson hafi verið meistari hússins þar til í okt. 1989, og hafi Karl og félagi hans leitað ráða hjá Sveini. Stefnandi beri ábyrgð á eftirlitsskorti Sveins Guðmundssonar byggingameistara. Þarna hafi skort sérteikningar, og það hafi Sveinn átt að sjá og láta stöðva framkvæmdir.

Því sé ekki haldið fram af hálfu stefndu, að um sé að ræða svik af hálfu stefnanda, heldur hönnunargalla. Gallarnir hafi komið fram á verkframkvæmd stefnda Karls, en ástæðan sé hönnunargalli, og stefndu hafi ekki getað gert sér grein fyrir honum.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum matsmennirnir Gunnar S. Björnsson húsasmíðameistari og Ríkharður Kristjánsson verk-

fræðingur, stefnandi, stefndu Karl Sveinsson og Eygló Björnsdóttir, Trausti Sigurðsson húsasmíðameistari, Sigurjón Helgason bifreiðastjóri, Sveinn Guðmundsson húsasmíðameistari og Margrét Kristjánsdóttir.

Áður en málið var dómtekið 9. þ. m., fóru dómarar og lögmenn aðila á vettvang og skoðuðu húsið að viðstöddum stefnanda og stefndu Eygló og Karli Sveinssyni.

Það er óumdeilt, að greiðslan, sem stefnandi krefur stefndu um, er í vanskilum.

Þegar til þess er litið, að samkvæmt sérstakri áritun á kaupsamning stefndu Karls og Eyglóar við Margréti Kristjánsdóttur samþykkti stefnandi, að stefndu Karl og Eygló gengju inn í kaupsamning hans við Margréti Kristjánsdóttur og tækju á sig allar skyldur og öll réttindi samkvæmt þeim kaupsamningi, verður ekki fallist á varnir stefnanda, byggðar á aðildarskorti.

Í fram lögðum kaupsamningum var íbúðinni, sem stefnandi seldi og stefndu keyptu, lýst svo: „4ra herb. íbúð, merkt 01.02., í húsinu nr. 184 við Fannafold í Reykjavík, sem er í smíðum skv. teikn. Kristins Ragnarss., samþ. 29. 10. 1987, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarr. Íbúðinni fylgir og bílskúr, merktur 01.02. Íbúðin afh. fokheld innan, en húsið fullbúið að utan, þ. e. tilb. undir máln. ásamt útihurð, svalahurð og bílskúrshurð úr furu og vatnsheldum krossvið, tvöfalt gler ísett í glugga og frágengið, þ. m. t. laus fög. Bárujárn á þaki, þakkantar frágengnir, niðurfall frág., lóð grófjöfnuð, þ. e. jafnað úr því efni, sem er á staðnum. . . . “

Fram kom við yfirheyrslur hér fyrir dómi, að eftir kaupin annaðist stefndi Karl, sem ekki er byggingarfróður, sjálfur framkvæmdir í húsinu og naut við það aðstoðar félaga síns, sem er bifreiðastjóri eins og Karl. Þeir félagar kváðust hafa ráðgast við Svein Guðmundsson, byggingameistara hússins, um framkvæmdir, en því neitaði Sveinn og kvaðst ekkert hafa gert í húsinu og engu stjórnað þar, frá því að stefndu keyptu það. Sveinn Guðmundsson var skráður byggingameistari hússins þar til í október 1989.

Flest það, sem að íbúðinni er, nema það, sem talið er athugavert við þakkant, virðist stafa af verkframkvæmd stefndu í húsnæðinu. Í skjölum málsins kemur fram, að þakkantur hússins er í samræmi við samþykktar byggingarnefndarteikningar. Þegar af þeirri ástæðu verða kröfur stefndu vegna þakkants ekki teknar til greina.

Stefnandi verður hvorki gerður ábyrgur fyrir tjóni, sem hlýst af verkframkvæmdum stefndu í húsnæðinu, né tjóni, sem kann að hafa hlotist af sambandsleysi stefndu við hönnuði hússins og fyrrum byggingameistara eða því, að byggingameistarinn hafi ekki gegnt skyldum sínum, eftir að stefnandi seldi húsnæðið.

Í matsgjörðinni kemur fram, eins og rakið var í málavaxtalýsingu, að engar sérteikningar arkítekta lágu fyrir af þakfrágangi við límtrésbita. Klætt var beint ofan á límtrésbita og þar með lokað loftrásum þaksins. Loftið, sem streymir inn um rörin gegnum útveggina, kemst því ekki áfram um þakflötinn allan, eins og einangrun þaksins var framkvæmd og í matsgjörð segir.

Fram kom hjá Sveini Guðmundssyni hér fyrir dómi, að hann hefði þéttklætt þakið ofan á límtrésbitana. Hann lét afskiptalausa aðferð stefnda Karls við einangrun þaksins, sem var í því fólgin að setja einangrun upp á milli sperra og rakavarnarlag fyrir neðan einangrun. Ekki vakti byggingameistarinn athygli stefndu á nauðsyn sérteikninga vegna útloftunar þaksins.

Ekkert í fram lögðum teikningum segir fyrir um þá aðferð, sem viðhöfð var við einangrun þaksins. Aftur á móti gefur fram lögð arkítektateikning til kynna annan frágang á lofti í húsinu.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er það niðurstaða dómsins, að ekki sé annað fram komið en stefnandi hafi afhent íbúðina í umsömdu ástandi og stefnanda sé ekki um að kenna það, sem að húsnæðinu er. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Málskostnaður að meðtöldum virðisaukaskatti ákveðst 195.000 kr.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum dr. Ragnari Ingimarssyni verkfræðingi og Þorkeli Jónssyni byggingatæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Eygló Björnsdóttir og þb. Karls Sveinssonar greiði stefnanda, Ásmundi Hrólfssyni, 785.298 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 10. ágúst 1989 til greiðsludags og 195.000 kr. í málskostnað, sem beri vexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 192/1991. **Guðjón Jónsson og**
Gréta Jónsdóttir
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)
gegn
Stefáni Jónssyni
(Guðmundur Jónsson hrl.)

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1991 og krefjast þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 547.840 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 460.000 krónum frá 12. janúar 1989 til 25. apríl 1989, en af 547.840 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls, sem áfrýjendur höfðuðu eftir uppkvaðningu héraðsdóms, en þar komu fyrir dóm til frekari skýrslugjafar matsmennirnir Ragnar Ingimarsson, prófessor í verkfræði, og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari. Jafnframt hafa áfrýjendur lagt fyrir Hæstarétt ljósmyndir, sem teknar voru af vettvangi að Yrsufelli 6 í Reykjavík árið 1992. Hafa áfrýjendur skýrt svo frá, að þá hafi gólfplata í norðurhluta hússins verið rofin til að gera við stíflu í frárennslislögn. Sýni myndirnar, sem teknar séu inn undir gólfplötuna við það tækifæri, hvernig fyllingarefni hafi runnið frá gólfplötu niður í holrúm á mun stærra svæði en unnt hafi verið að sjá, er dómkvaddir matsmenn skoðuðu vettvang í byrjun árs 1989. Enn fremur sýni myndirnar, hvernig frárennslislagnir, þ. m. t. lögn frá gestasalerni í norðurhluta hússins, hangi neðan í gólfplötunni án þess að hafa stuðning af jarðvegsfyllingu.

Séu lagnirnar mjög sveigðar niður milli endafestinga þeirra vegna þess, hve gólfplatan hefur sigið.

II.

Matsmennirnir Ragnar Ingimarsson og Magnús Guðjónsson komu fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og einnig í fyrrgreindu vitnamáli. Telja þeir báðir, að grunnorsök þess, að gólfplatan seig, hafi verið sú, að fyllingarefni var tekið undan henni.

Matsmaðurinn Ragnar segir það „alls ekki geta verið", að það, að sagað var gat á járnbenta gólfplötu í syðri hluta hússins, eftir að áfrýjendur fengu húsið afhent, sé aðalorsök þess, að nyrðri platan seig. Í framburði matsmannsins Magnúsar kemur fram, að hann telur vafasamt, að gatið í syðri gólfplötunni hafi haft áhrif á sig nyrðri plötunnar. Fyrrnefnd gólfplata í norðurhluta hússins er ójárnbent í þeim skilningi, að í henni eru ekki steypustyrktarjárn, sem ætlað er að bera hana uppi. Lýsti Ragnar ástandi þeirrar plötu svo, að hún „héngi svona svipað og hengirúm", eftir að fyllingu undir henni var raskað. Matsmennirnir benda einnig á, að sig nyrðri gólfplötu sé ekki meira næst þeim stað, þar sem gatið var gert í gólfplötu í suðurhluta hússins, en annars staðar.

Með hliðsjón af því, sem nú var rakið, þykir mega leggja til grundvallar, að sig nyrðri gólfplötunnar verði rakið til þess, að fylling var fjarlægð undan hluta hennar, áður en málsaðilar gerðu kaupin.

III.

Við aðalmeðferð málsins kom fram, að áfrýjandinn Guðjón Jónsson skoðaði húsið tvisvar vorið 1986, áður en kaupsamningur var undirritaður. Var athygli hans þá vakin á gati á millivegg í kjallara, sem upphaflegur eigandi hússins hafði rofið á hann til að gera við frárennslislagnir undir nyrðri gólfplötunni. Jafnframt fékk Guðjón lánað vasaljós á staðnum til að lýsa inn um gatið, en léleg lýsing var í óinnréttuðum kjallaranum. Í málinu liggja fyrir myndir af því, sem sjá mátti við slíka skoðun, en þær voru teknar við vettvangsgöngu dómkvaddra matsmanna. Er ljóst, að erfitt var að sjá undir gólfplötuna nema á mjög takmörkuðu svæði. Við þær aðstæður var ekki unnt að komast að því, að jarðvegsfylling hafði skriðið undan stór-

um hluta gólfplötunnar. Þegar þetta er virt, verður ekki á það fallist, að áfrýjendur hafi fyrirgert bótarétti vegna ófullnægjandi skoðunar á eigninni, áður en í kaupin var ráðist.

IV.

Stefndi skýrði svo frá við aðalmeðferð málsins í héraði, að um það bil tveimur árum fyrir sölu hússins til áfrýjenda hefði hann komið fyrir gestasalerni í norðurhluta hússins. Þurfti þá að brjóta rauf í gólfplötuna til að koma fyrir lögn frá salerninu yfir í meginskólplögn undir gólfplötunni.

Við munnlegan málflutning í Hæstarétti var nánar skýrt, hvernig umræddri lögn frá gestasalerni var komið fyrir. Er ljóst, að við þá aðgerð hefur stefnda verið unnt að komast að því betur en áður, í hvaða ástandi fylling undir gólfplötu var, og þar með, hve mjög hún hafði skriðið undan plötunni á stóru svæði. Telja verður, að eftir þetta hafi honum mátt vera ljóst, að ástand fyllingarinnar var með þeim hætti, að úrbóta væri þörf. Þegar þessa er gætt svo og þess, að áfrýjendur máttu treysta því, að svo stórfelldur galli væri ekki fyrir hendi, verður að telja stefnda skaðabótaskyldan vegna tjóns áfrýjenda.

Ekki verður á það fallist með stefnda, að áfrýjendur hafi firrt sig rétti með tómlæti um að halda fram kröfum sínum.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina bótakröfu áfrýjenda, að fjárhæð 460.000 krónur, ásamt vöxtum, eins og greinir í dómsorði, en stefndi hefur einungis krafist staðfestingar héraðsdóms.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjendum samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og er þá tekið tillit til kostnaðar við öflun matsgerðar.

Dómsorð:

Stefndi, Stefán Jónsson, greiði áfrýjendum, Guðjóni Jónssyni og Grétu Jónsdóttur, 460.000 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. apríl 1989 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjendum 400.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. mars 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 1. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 13. október 1989.

Stefnendur eru Guðjón Jónsson, kt. 240141-4349, og Gréta Jónsdóttir, kt. 300143-4159, bæði til heimilis að Yrsufelli 6, Reykjavík.

Stefndi er Stefán Jónsson, kt. 131142-4719, Logafold 66, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 547.840 krónur auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Jafnframt krefst stefndi þess, að stefnendur verði in solidum dæmd til greiðslu málskostnaðar [...].

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnendur keyptu raðhús að Yrsufelli 6 hér í borg af stefnda með kaupsamningi, dagsettum 9. maí 1986. Þau fluttust inn í eignina 9. ágúst 1986. Á haustmánuðum 1987 urðu stefnendur þess vör, að hluti gólfplötu var tekinn að síga. Óskuðu þau þess, að dómkvaddir yrðu menn til að meta orsakir þessa, hvort frágangur væri í samræmi við reglur, hverjar væru afleiðingar þess, hvað gera þyrfti til úrbóta, hvort skemmdir hefðu orðið á öðrum hluta húsnæðisins og hvað kosta myndi að bæta úr. Þeir skiluðu matsgerð, dagsettri 25. apríl 1989, og í niðurstöðum hennar segir, að „grús" undir plötunni í eldhúsi, baði, þvottahúsi og jafnvel víðar hafi skriðið undan gólfplötunni á þessum stöðum að geil, sem hafði myndast við það, að á millivegg í kjallara hafði verið gert gat, svo að komast mætti að skolplögnum, gera við þær og skipta um. Hafði sá eigandi hússins, sem stefndi hafði keypt af, gert gat þetta og fjarlægt nokkuð af „grús" til að komast að lögnunum.

Málsástæður stefnenda eru þær, að sig það, er orðið hefur á gólfplötu í norðurhluta fasteignar hans, sé galli, sem stefndi beri sem seljandi eignarinnar ábyrgð á. Stefnendur hafi mátt búast við að fá í hendur gallalausa fasteign við kaupin. Fasteignin hafi ekki reynst hafa þá kosti, er almennt teljist áskildir í fasteignakaupum. Stefnendur telja, að stefnda hafi verið ljósir gallarnir á fasteigninni, en hann hafi ekki upplýst þau um þá, er kaupin voru gerð. Er þess krafist, að stefndi greiði stefnendum matsfjárhæð samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna, 460.000 krónur, auk kostnaðar við matið, 87.840 krónur; samtals er kröfufjárhæðin 547.840 krónur. Er krafist dráttarvaxta skv. lögum nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, af 460.000 krónum frá 12. janúar 1989, þ. e. mánuði eftir að stefnendur lögðu fram þær upplýsingar, sem nauðsynlegar voru til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, en það var með framlagningu matsbeiðni og annarra gagna á

bæjarþingi Reykjavíkur 12. janúar 1989 við þingfestingu matsmálsins nr. 77/1988. Krafist er dráttarvaxta skv. lögum nr. 25/1987 af kostnaði vegna matsmálsins skv. reikningi matsmanna, 87.840 króna, frá þeim degi, er stefnendur greiddu reikning matsmanna og leystu til sín matið 25. apríl 1989. Er krafist dráttarvaxta vegna ofangreinds frá þargreindum dagsetningum til greiðsludags. Um lagarök vísa stefnendur til almennra reglna kaupalaga og venjuréttar um fasteignaviðskipti svo og almennra reglna kröfuréttar og skaðabótaréttar. Um lagarök varðandi vaxtakröfu matsfjárhæðar vísast til 15. gr. laga nr. 25/1987.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á þeirri málsástæðu, að stefnendur hafi vanrækt skoðunarskyldu sína eða mátt sjá gallann við skoðunina.

Í öðru lagi byggir hann á því, að stefnendur hafi sýnt tómlæti með því að tilkynna ekki um sigið á plötunni, fyrr en þau gerðu, þar sem ýmislegt bendi til þess, að þau hafi gert sér grein fyrir því, fyrr en haldið er fram af þeirra hálfu.

Í þriðja lagi byggir stefndi á því, að gallann megi rekja til þess, að gólfplata hafi ekki verið járnbent. Á þeim tíma, sem teikningar að húsinu voru samþykktar, hafi ekki verið gerð krafa um, að platan væri járnbent.

Forsendur og niðurstaða.

Þegar stefnandi, Guðjón Jónsson, skoðaði húseignina, mátti sjá, að grafið hafði verið undan gólfplötu norðan við vegg í kjallara, en síðar kom fram, að plata þessi var ekki járnbent, en það var ekki skilyrði, er húsið var byggt.

Samkvæmt málatilbúnaði stefnenda kom það ekki í ljós fyrr en 14–15 mánuðum eftir, að þau tóku við eigninni, að sprungur í gólfi og veggjum höfðu stækkað og dyraop skekkst, vegna þess að gólfplatan hafði sigið. Kom fram við vettvangsgöngu, að sig hefur aukist, frá því að matsmenn skoðuðu eignina.

Stefndi hefur borið, að hann hafi ekki orðið var við neinar breytingar á húsinu þann tíma, sem hann bjó í því, u. þ. b. 8 ár. Þegar virtur er málatilbúnaður stefnenda um það, hvenær þau urðu þess vör, að gólfplatan hafði sigið, þykir ekki komin fram sönnun um, að um galla hafi verið að ræða, sem þeim mátti ekki vera kunnugt um, er þau tóku við eigninni.

Fram kemur í málinu, að stefnendur létu breyta húsnæðinu á þann veg, eftir að þau tóku við því í ágústbyrjun 1986, að kjallarinn sunnan megin í húsinu hefur verið innréttaður. Til þess að koma fyrir stiga niður í kjallarann var stórt gat gert á gólfplötuna í stofu við vegg að eldhúsi. Dómurinn telur, að við þá framkvæmd hafi gólfið veikst og síðan sigið verulega á ný

beinlínis vegna þessa ops, og sú sé aðalorsök galla þeirra, er stefnendur bera fyrir sig. Á þessari framkvæmd, sem var vítaverð, eins og ástand gólfplötu var, bera stefnendur sjálf ábyrgð.

Verður því niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnenda, og eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnendur til að greiða stefnda 130.000 krónur í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Frey Jóhannessyni og Steingrími Haukssyni tæknifræðingum.

Dómsorð:

Stefndi, Stefán Jónsson, skal sýkn af kröfum stefnenda, Guðjóns Jónssonar og Grétu Jónsdóttur.

Stefnendur greiði stefnda 130.000 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, frá því að liðnir eru 15 dagar frá uppkvaðningu dóms.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 46/1992. **Þrotabú Íslensk-portúgalska hf.**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Bankar. Skuldajöfnuður. 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1992. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 906.738 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. október 1990 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Svo sem greint er í héraðsdómi, tók stefndi 1. janúar 1990 við réttindum og skyldum Alþýðubankans hf.

Ekki er komið fram í máli þessu, að 14. gr. samþykkta fyrir Alþýðubankann hf., sem frá er greint í héraðsdómi, hafi verið kynnt forsvarsmönnum Íslensk-portúgalska hf. Verður því ekki talið, að ákvæði þetta hafi verið hluti af viðskiptaskilmálum reikningseiganda og bankans.

Bankinn átti handveð í innstæðum félagsins á sérstökum sparisjóðsreikningum og hafði því heimild til að ráðstafa þeim innstæðum án atbeina veðþola og jafna þeim gegn skuldum hans við bankann, og er það ágreiningslaust í málinu. Ágreiningur málsaðila snýr að hinu, hvort stefndi eigi á grundvelli 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. nú 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., víðtækari heimild til skuldajöfnunar en leiðir af almennum reglum um skuldajöfnuð milli aðila, sem eru fjár síns ráðandi.

Í dóminum er lýst ítrekuðum tilraunum áfrýjanda til þess að fá greiðslu á innstæðum, að fjárhæð samtals 522.847,43 krónur, á þrem tékkareikningum í Alþýðubankanum hf. Bankinn sendi hvorki sér-

staka tilkynningu til áfrýjanda um skuldajöfnuð né hreyfði því í kröfulýsingum, sem getið er í héraðsdómi, að hann teldi sig eiga rétt til að nota innstæður á reikningum þessum til skuldajafnaðar. Kom yfirlýsing um skuldajöfnuð ekki fram fyrr en í greinargerð stefnda í héraði 2. maí 1991, þ. e. löngu eftir að bankinn hafði einhliða ráðstafað innstæðum upp í skuldir áfrýjanda. Með þessu þykir stefndi hafa fyrirgert rétti til að bera fyrir sig skuldajöfnuð. Kemur þá ekki sérstaklega til álita, hvernig skýra beri 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Ber því að taka kröfur áfrýjanda í máli þessu til greina með þeim hætti, að dæmdur verður upprunalegur höfuðstóll, 522.847,43 krónur, með dráttarvöxtum frá 10. október 1988.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðila beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði áfrýjanda, þrotabúi Íslensk-portúgalska hf., 522.847,43 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10. október 1988 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1991.

Mál þetta, sem var dómtekið 24. október sl., hefur Kjartan Ragnars hrl., Reykjavík, höfðað fyrir dóminum f. h. þrotabús Íslensk-portúgalska hf., Reykjavík, 28. febrúar 1991 á hendur Íslandsbanka hf., Reykjavík, til greiðslu 906.738 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25 frá 10. október 1990 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Dráttarvextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. október 1991.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar og dráttarvaxta þar af.

Bú Íslensk-portúgalska hf. varð gjaldþrota 4. október 1988. Hinn 10. október 1988 átti það samtals 522.847,43 kr. á þremur hlaupareikningum í Alþýðubankanum. Hinn 1. janúar 1990 tók Íslandsbanki hf. við réttindum og skyldum Alþýðubankans hf. Stefnandi er skiptastjóri þrotabúsins. Hann krefur um útborgun innstæðnanna auk vaxta og kostnaðar. Vörn stefnda byggist á skuldajöfnuði.

Hinn 10. október 1988 hugðist stefnandi taka út innstæður reikninganna, en stefndi neitaði afhendingu og óskaði eftir, að lögð yrði fram formleg afhendingarbeiðni. Með bréfi, dags. sama dag, krafði stefnandi stefnda greiðslu innstæðnanna auk áfallinna vaxta og ítrekaði þá kröfu 25. s. m. Hinn 16. desember 1988 lýsti stefndi 12.000.000 kr. auk vaxta í búið til bráðabirgða. Kröfunni var hafnað vegna vanreifunar.

Hinn 18. janúar 1989 leiðrétti bankinn kröfulýsingu sína, en henni var enn hafnað að hluta. Að lokum voru þó leiðréttar kröfur bankans samþykktar, samtals að fjárhæð 7.672.473 kr., sem almennar kröfur. Ekkert kom fram um hinar umdeildu innstæður í þeim orðsendingum, sem fóru milli aðila út af kröfulýsingunni.

Hinn 20. febrúar 1990 ritaði stefnandi stefnda kröfubréf til innheimtu skuldarinnar. Hinn 25. apríl 1990 ritaði hann bankaeftirliti Seðlabanka Íslands bréf með beiðni um, að það léti málið til sín taka. Bankaeftirlitið leitaði eftir upplýsingum frá stefnda og sjónarmiðum hans með bréfi, dags. 8. maí 1990. Svar við bréfi þessu hefur ekki komið fram í málinu. Í bréfi bankaeftirlitsins, dags. 8. ágúst 1990, kemur fram, að samkvæmt upplýsingum stefnda hafi innstæðunum verið ráðstafað upp í skuldir, en það telur bankaeftirlitið stefnda hafa verið heimilt. Hins vegar telur það aðfinnsluvert, að stefndi skyldi ekki gera stefnanda tafarlaust grein fyrir afstöðu sinni.

Höfuðstóll dómkröfu stefnanda er fenginn með því að bæta vöxtum við samanlagða fjárhæð innstæðna á hlaupareikningunum.

Stefndi krafðist upphaflega aðallega frávísunar, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 10. september sl.

Stefndi reisir skuldajafnaðarrétt sinn á 14. gr. samþykkta fyrir Alþýðubankann hf. og 32. gr. laga nr. 6/1978. Þá telur hann stefnanda hafa viðurkennt skuldajafnaðarrétt sinn með óbeinum hætti og glatað hugsanlegum rétti með tómlæti. Stefnandi telur bankanum hafa verið óheimilt að ráðstafa innstæðunum þegar af þeirri ástæðu, að hann tilkynnti aldrei um þá ráðstöfun, en jafnvel þótt svo hefði verið, telur stefnandi, að ráðstöfun innstæðnanna hefði verið óheimil, þar sem bankainnstæður verði við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar eign þrotabúsins, sem enginn geti ráðstafað nema þrotabúið sjálft. Jafnframt er á því byggt, að stefndi hafi fyrir tómlætis sakir misst allan hugsanlegan rétt til að ráðstafa innstæðunum. Af hálfu stefnda er á það bent, að búið öðlist ekki betri rétt en þrotamaður átti. Við aðalflutning málsins var lýst þeirri skoðun af hálfu stefnanda, að stefnda hefði sem fjárgeymslumanni verið óheimill skuldajöfnuður, þar sem féð hefði verið fengið honum til vörslu sem depositum irregulare.

Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á, að reglur um takmörkun skuldajafnaðarheimildar varðandi lánssamninga leiði til þess, að lánastofnun sé meinað að neyta þessa úrræðis varðandi tékkareikninga. Samkvæmt 14. gr. samþykkta Alþýðubankans hf., sem lagðar hafa verið fram í málinu, er bankanum heimilt að ráðstafa fé af veltuinnlánsreikningum til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Þykir verða að líta á þetta ákvæði sem hluta af viðskiptaskilmálum aðila. Það fer ekki í bága við ófrávíkjanleg lagaákvæði og þarfnast ekki sérstakrar lagastoðar.

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti getur hver sá, sem skuldar þrotabúi, dregið frá það, sem hann á hjá því, hvernig sem kröfu og gagnkröfu er farið. Samkvæmt þessu mátti stefnandi skuldajafna kröfum sínum við kröfur stefnanda, byggðar á samningum þeirra um hlaupareikningsviðskipti. Samkvæmt óskráðum reglum íslensks kröfuréttar gat skuldajöfnuður þó ekki orðið, fyrr en stefnandi kom tilkynningu þar um til stefnda. Slíka tilkynningu er ekki að finna fyrr en í greinargerð stefnda, fram lagðri í dóm 28. febrúar 1991. Ekkert, sem stefndi aðhafðist eða lét ógert fram að því, gaf þó stefnanda ástæðu til að ætla, að stefndi gæfi eftir skuldajafnaðarrétt sinn, og verður þá ekki á það fallist, að stefndi hafi glatað skuldajafnaðarrétti sínum fyrir tómlæti. Hins vegar olli það vandkvæðum við meðferð búsins, að stefndi gaf ekki skýra og gilda skuldajafnaðaryfirlýsingu, strax og það var unnt. Yfirlýsing bankans varð ekki knúin fram öðruvísi en með málsókn. Þykir það eiga að leiða til þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, þrotabús Íslensk-portúgalska hf. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 302/1994. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Erlingi Óskarssyni
(Jón Magnússon hrl.) **og**
Gunnari Guðmundssyni
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Brot í opinberu starfi. Skjalabrot. Tolllagabrot. Hæfi. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði Erlingur Óskarsson áfrýjaði málinu, og var því af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. júní 1994, að því er hann og ákærða Gunnar Guðmundsson varðar. Ríkissaksóknari krefst þess, að ákærði Erlingur verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til þyngri refsingar en í héraðsdómi og ákærði Gunnar verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar.

Af hálfu beggja ákærðu er krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins.

I.

Ákærði Erlingur Óskarsson var skipaður bæjarfógeti á Siglufirði frá 1. desember 1980 og varð sýslumaður þar 1. júlí 1992, sbr. 4. mgr. 18. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Honum var veitt lausn frá embætti um stundarsakir 28. maí 1993. Með bréfi dómsmálaráðuneytis 3. september sama ár voru honum kynnt áform um að veita honum fullnaðarlausn og honum gefinn kostur á að tala máli sínu, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Lögmaður hans andmælti þeim ráðagerðum með bréfi 21. september sama ár. Ákærði baðst lausnar frá embætti sínu 6. október 1993, og var hún veitt honum tveimur dögum síðar.

Ákærði Gunnar Guðmundsson tók við starfi yfirlögregluþjóns á

Siglufirði í maí 1988. Honum var veitt lausn frá starfi sínu um stundarsakir 25. maí 1993 og að fullu 12. október sama ár, eftir að honum hafði verið gefinn kostur á að tala máli sínu og hann andmælt frávikningu.

II.

Sakargiftir á hendur ákærða Erlingi Óskarssyni í II.-IV. kafla ákæru lúta að meðferð hans á valdi tollstjóra á Siglufirði. Valdheimildir hans sem tollstjóra verður að meta með hliðsjón af þeim skorðum, sem beitingu þess valds eru settar samkvæmt lögum, þótt þeirra lagaákvæða sé ekki getið í ákæruskjali.

Í 39. gr. tollalaga nr. 55/1987 er svo kveðið á, að enginn megi taka þátt í rannsókn, kæru eða annarri meðferð máls eða ákvörðun aðflutnings- eða útflutningsgjalda eða annarra skatta, sem á eru lagðir vegna tollmeðferðar vöru, ef honum hefði borið sem héraðsdómara að víkja sæti í málinu. Ákvæði um vanhæfi héraðsdómara eru nú í 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. áður 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Samkvæmt þeim lagareglum veldur það vanhæfi héraðsdómara, ef hann tengist aðila máls með tilteknum hætti eða fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður, sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa.

III.

I. kafli ákæru A. Ákærði Erlingur Óskarsson.

Ákæruefni samkvæmt þessum kafla lýtur ekki að því, að ákærði hafi séð um, að mætt væri af hálfu uppboðsbeiðenda við fyrirtökur uppboðsmála. Ákæruefnið varðar þá háttsemi ákærða að bóka einhvern af starfsmönnum embættisins mættan fyrir hönd gerðarbeiðenda, en gæta sjálfur hagsmuna þeirra við fyrirtökur og áskilja sér greiðslur fyrir. Þessi störf ákærða fyrir uppboðsbeiðendur voru hvorki embættisathafnir né hluti af starfsskyldum og fóru raunar í bága við þær. Hann þáði greiðslur, sem hann átti ekki tilkall til, og þykir hann því hafa áskilið sér þær við framkvæmd þessara starfa, þótt um þóknun hafi ekki verið rætt fyrir fram í einstökum tilvikum. Með þessum athöfnum, sem nánar er lýst í héraðsdómi, hefur ákærði gerst brotlegur við 128. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með játningu ákærða er sannað, að hann gjaldfærði þóknun fyrir mætingar á frumrit greiðslustimplaðra kvittana, sem sendar voru greiðendum, en þær fjárhæðir komu ekki fram á afritum í bókhaldi embættisins. Afritin voru því ekki samhljóða frumritum og gáfu ekki rétta mynd af þeim. Þessi háttur fól í sér ranga tilgreiningu á opinberu skjali og var til þess fallinn að blekkja í lögskiptum. Ákærði hefur með þessu unnið sér til refsingar fyrir brot gegn 158. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

I. kafli ákæru B. Ákærði Erlingur Óskarsson.

Með skjölum málsins, framburði ákærða og vætti vitna er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í þessum ákærulið og varðar við 139. gr. almennra hegningarlaga. Ber því með skírskotun til forsendna héraðsdóms að staðfesta niðurstöðu hans um þennan þátt ákæru.

IV.

II. kafli ákæru A – B. Ákærði Erlingur Óskarsson og ákærði Gunnar Guðmundsson.

Ekki er fyllilega í ljós leitt, hver útfyllti aðflutningsskýrslu um innflutning Alberts Jónssonar í apríl 1991 og hver voru nánari tildrög þess, að þyngd hestakerru var þar skráð önnur en í farmbréfi og undirvagns ekki getið sérstaklega, svo sem rétt hefði verið. Fyrir héraðsdómi greindi Albert svo frá, að hver sem er hefði mátt hirða undirvagninn, eftir að hann fór frá Siglufirði, og er ósannað, að ákærði Gunnar sérstaklega hafi átt að eiga hann. Ber með vísan til forsendna héraðsdóms að staðfesta ákvæði hans um sýknu beggja ákærðu af sakargiftum samkvæmt þessum hluta ákæru.

V.

III. kafli ákæru A. Ákærði Erlingur Óskarsson.

Ákæruefni samkvæmt þessum kafla varða innflutning á tveimur hestakerrum í febrúar 1992 á nafni Gests Halldórssonar. Fyrir héraðsdómi lýsti ákærði Erlingur því, að Gestur hefði í upphafi ætlað að kaupa aðra kerruna, en til hafi staðið, að hann keypti sjálfur hina. Gestur staðfesti fyrir dómi, að hann hefði haft hug á að kaupa kerru, en kvaðst ekki hafa vitað af því, fyrr en ákærði Erlingur hringdi í hann, eftir að sendingin var komin af stað, að hann væri

skráður innflytjandi beggja kerranna. Sendandi kerranna í Þýskalandi, Herbert Óskar Ólason, staðfesti og fyrir dómi, að ákærði Erlingur hefði ætlað að eiga aðra kerruna sjálfur, en hjá honum hefði hann fengið nafn Gests sem innflytjanda þeirra beggja.

Með ofanskráðum framburði er sannað, að ákærði Erlingur var í raun innflytjandi annarrar hestakerrunnar í febrúar 1992. Hann brast því heimild til afskipta af þessum innflutningi sem tollstjóra og var ekki bær til þess að láta flytja kerrurnar ótollafgreiddar úr vörslu farmflytjanda í skemmu á vegum embættisins samkvæmt 63. gr., sbr. 64. og 65. gr. tollalaga, sbr. 39. gr. Ekki skiptir máli, hvort samþykki farmflytjanda lá fyrir, en það er óljóst. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á nauðsyn þessa flutnings frá sjónarhóli tollgæslu, og hefði þurft til hans leyfi bærra tollyfirvalda samkvæmt 66. gr. tollalaga, sbr. 30. gr. og 3. mgr. 34. gr. laganna. Með þessum afskiptum sínum hefur ákærði Erlingur brotið gegn 139. gr. almennra hegningarlaga og síðari málslið 1. mgr. 123. gr. tollalaga, sbr. 1. mgr. 124. gr. laganna, sbr. og 138. gr. almennra hegningarlaga.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest sú niðurstaða hans, að afhending ákærða Erlings á kerrunum ótollafgreiddum til Ásgeirs Svans Herbertssonar hafi verið honum refsiverð samkvæmt 139. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og lýst er í héraðsdómi, var í annarri kerrunni nokkurt magn af nýjum reiðtygjum, sem ekki var getið í farmbréfi. Verður að telja, að þessi varningur hefði ekki getað dulist við tollskoðun, ef hún hefði farið fram með eðlilegum hætti. Hins vegar eru ekki efni til annars en staðfesta það mat héraðsdóms, að ósannað sé, að ákærði Erlingur hafi vitað um þennan varning. Verður hann því sýknaður af þessu ákæruatriði.

Á farmskírteini var samanlögð þyngd beggja kerranna tilgreind 1200 kg. Í aðflutningsskýrslu, sem aðalbókari embættisins gerði að beiðni ákærða Erlings, yfirmanns síns, var þyngd þeirra skráð 920 kg. Var þá lögð til grundvallar þyngd á öðrum hestakerrum, sem Gestur Halldórsson hafði að fyrirlagi ákærða Erlings látið vigta á hafnarvoginni á Siglufirði 24. apríl 1992, en ákærði Erlingur hafði þá fyrir allnokkru afhent Ásgeiri Svan Herbertssyni hinar innfluttu kerrur án tollafgreiðslu, eins og áður greinir. Breyttar tölur um þyngd kerranna í aðflutningsskýrslu voru til þess fallnar, að þær

teldust ekki skráningarskyldar samkvæmt 63. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, áður en henni var breytt með lögum nr. 44/1993. Þykir ákærði Erlingur hafa hlutast til um það, að í skýrsluna voru skráðar tölur um þyngd kerranna, sem honum var eða mátti vera ljóst, að áttu ekki við. Hefur hann með þessu bakað sér refsiábyrgð samkvæmt 158. gr. almennra hegningarlaga.

Við gerð aðflutningsskýrslunnar lá ekki fyrir reikningur, sem sendandi þeirra kvaðst fyrir dómi hafa sent með kerrunum eða í símbréfi. Ákærði Gunnar Guðmundsson mat kerrurnar til verðs að beiðni ákærða Erlings, en önnur þeirra var nokkuð skemmd á vinstri hlið. Ósannað er, að ákærði Erlingur hafi þá haft reikninginn undir höndum, og verður hann sýknaður af sakargiftum um ranga tilgreiningu á verðmæti þeirra í aðflutningsskýrslu.

Staðfest er niðurstaða héraðsdóms um þá ávísun, sem Gestur Halldórsson gaf út vegna aðflutningsgjalda af kerrunum og látin var liggja óhreyfð í sjóði embættisins, sbr. áðurgreinda úrlausn um I. kafla B í ákæruskjali.

III. kafli ákæru B. Ákærði Gunnar Guðmundsson.

Ósannað er, að ákærða Gunnari hafi verið ljóst, að ákærði Erlingur hafi í reynd verið innflytjandi annarrar hestakerrunnar og brostið vald til þess að mæla fyrir um töku þeirra úr vörslu farmflytjanda. Með þessari athugasemd og vísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu ákærða Gunnars af þessum ákærulið.

VI.

IV. kafli ákæru A.1. Ákærði Erlingur Óskarsson.

Sakargiftir samkvæmt þessum ákærulið tengjast innflutningi á hestakerru í maí 1993. Á farmbréfi 26. apríl 1993 var innflutningur þessi skráður á nafn Rósu H. Hrafnsdóttur, eiginkonu ákærða. Með skírskotun til þess, sem greinir í næsta kafla á undan, sbr. og II. kafla dómsins, brast ákærða vald til afskipta af þessum innflutningi. Fyrirhuguð taka ákærða á kerrunni úr vörslu farmflytjanda án heimildar hans í því skyni að flytja hana í geymslu annars staðar fól í sér tilraun til misnotkunar á stöðu sinni og er refsiverð samkvæmt 139. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, og síðari málslið 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. og 1. mgr. 125. gr. tollalaga, sbr. og 138.

gr. almennra hegningarlaga. Vísun í ákæru til 158. gr. hegningarlaga á hér ekki við.

Atferli ákærða og fylgdarmanna hans á hafnarbakkanum á Siglufirði að kvöldi föstudagsins 14. maí 1993 þótti grunsamlegt og skárust tollverðir frá Tollgæslu Íslands í leikinn. Í kerrunni var þá mikið magn af reiðtygjum, áfengi og húsmunir. Ofsagt er í héraðsdómi, að rökstuðningur í ákæru um fyrirætlan ákærða samkvæmt þessum ákærulið sé byggður á getgátum. Hins vegar verður eigi hnekkt því mati héraðsdóms, að ósannað sé, að ákærði hafi vitað um varninginn og haft í hyggju að koma honum undan tollskoðun og greiðslu aðflutningsgjalda. Verður ákærði því sýknaður af þessum þætti ákæru.

IV. kafli ákæru A.2. Ákærði Erlingur Óskarsson.

Fram er komið, að Ásgeir Svan Herbertsson óskaði eftir því við starfsmann farmflytjanda, að þyngd hestakerrunnar í farmbréfi var breytt úr 800 kg í 498 kg. Fyrir héraðsdómi kvaðst hann hafa gert það, þar sem hann hefði haldið, að kerran væri ekki skráningarskyld undir 500 kg að þyngd. Hann kvað ákærða Erling hafa bent sér á þetta, en hvorki beðið sig né gefið sér skipun um að láta breyta tilgreiningu þyngdar. Gegn eindreginni neitun ákærða Erlings verður að telja ósannað, að hann hafi átt þann hlut að máli, sem í ákæru greinir. Verður hann því sýknaður af þessum ákærulið.

VII.

V. kafli ákæru A – B. Ákærði Erlingur Óskarsson og ákærði Gunnar Guðmundsson.

Eins og ákæru er farið og sönnunarfærslu í málinu hefur verið háttað, verður að leggja til grundvallar, að ákærðu hafi eytt því áfengi, sem tilgreint er í ákæruskjali. Ber því þegar af þeim ástæðum að sýkna báða ákærðu af sakargiftum um ranga og eftir á færða skráningu á frumrit dagbókar lögreglunnar og brot gegn 158. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 63/1969 um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf skal afhenda Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins til ráðstöfunar haldlagðar vörur, sem lögin taka til og hafa verið fluttar inn eða framleiddar í heimildarleysi. Í bréfi Kristins Ólafssonar tollgæslustjóra til Rannsóknarlögreglu ríkisins 10. desember

1993 segir meðal annars: „Um ráðstöfun á smygluðu áfengi, sem gert hefur verið upptækt, gilda ákvæði 8. gr. laga nr. 63/1969, og hefur verið eftir þeim fyrirmælum farið að afhenda það ÁTVR, nema að því er bjórinn varðar. Honum var fargað af tollgæslunni sjálfri, og hélst sú tilhögun, þar til bjór var lögleyfður hér á landi, og í undantekningartilfellum einnig eftir það. Förgun tollgæslunnar sjálfrar á bjór styðst við mjög gamla hefð og breyttist ekki við gildistöku laga nr. 63/1969. Fram undir árin 1985 og 1986 barst upptækt áfengi, sem tekið var úti á landi, til tollgæslunnar í Reykjavík, sem síðan ráðstafaði því eins og að framan er lýst. Um það leyti var þeim tilmælum beint til tollstjóra úti á landi, að þeir ráðstöfuðu sjálfir upptæku áfengi, og hafa þeir annast það síðan án afskipta tollgæslustjóra.“ Fyrir dómi staðfesti tollgæslustjóri, að áfengu öli hefði í undantekningartilvikum verið eytt af tollgæslunni, eftir að sala þess var heimiluð á Íslandi, ef ljóst hafi þótt, að það væri ekki söluvara.

Í skýrslu lögreglunnar á Siglufirði 30. apríl 1988 er gerð grein fyrir miklu magni áfengis, sem hald hafði verið lagt á úr þremur skipum nokkru áður. Af skýrslunni verður ráðið, að frá áfengi með órofnu innsigli hafi verið gengið til sendingar, en ekki er ljóst, hvort það var til tollgæslunnar í Reykjavík eða Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Annað haldlagt áfengi, óinnsiglað og á brúsum, er það áfengi, sem ákæran tekur til, samtals 249,65 lítrar. Að sögn ákærða Erlings var sá bjór, sem eytt var, 96 dósir, ekki talinn söluvara, þar sem dagsetningar á umbúðum hefðu gefið til kynna, að komið væri fram yfir síðasta söludag. Engra gagna var aflað um þetta atriði.

Af gögnum málsins verður ráðið, að meðferð á haldlögðu áfengi, sem ekki hefur þótt hæft til sölu á vegum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, hafi ekki verið í föstum skorðum á landinu. Ekkert liggur fyrir um það, að tollstjórar hafi nokkru sinni sent Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ósöluhæft áfengi, sem hald hafði verið lagt á.

Með hliðsjón af framansögðu og þar sem ekki verður á öðru byggt en að tilgangi haldlagningar hins umrædda áfengis hafi að sínu leyti verið náð með eyðingu þess, verður það talið ákærða Erlingi refsilaust, eins og hér háttar til, að hafa ekki skilað áfenginu samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 63/1969. Af þessu leiðir, að báðir ákærðu verða sýknaðir af þessum kafla ákæru.

VIII.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði Gunnar Guðmundsson sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Við ákvörðun refsingar ákærða Erlings Óskarssonar er óhjákvæmilegt að líta til þess, að hann gegndi trúnaðarstörfum í þágu almennings og ríkisvalds á þeim tíma, er ákæran tekur til, og fór með opinbert vald sem lögreglustjóri, tollstjóri og fram til 1. júlí 1992 einnig sem dómari. Hann hefur hins vegar látið af embætti sínu vegna þessa máls, og má telja, að það hafi haft í för með sér umtalsverða röskun á högum hans. Með hliðsjón af þessu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfilegt, að ákærði Erlingur sæti varðhaldi í þrjá mánuði. Þykir eftir atvikum rétt, að fullnustu þessarar refsingar verði frestað skilorðsbundið í þrjú ár. Þá verður ákærði Erlingur jafnframt dæmdur til þess að greiða fésekt í ríkissjóð, sbr. 49. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin 600.000 krónur. Vararefsing er 60 daga varðhald.

Ákærði Erlingur skal greiða hluta sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir. Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði Gunnar Guðmundsson á að vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Erlingur Óskarsson sæti varðhaldi í þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Erlingur Óskarsson skal greiða 600.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppsögu þessa dóms, en sæti ella varðhaldi í 60 daga.

Ákærði Erlingur Óskarsson skal greiða 3/5 hluta alls sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar, þar með talinn hluta saksóknarlauna í ríkissjóð í héraði og fyrir Hæstarétti, 300.000 krónur, og hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns í hér-

aði og fyrir Hæstarétti, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur.

Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talinn hluti málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða Erlings Óskarssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Gunnars Guðmundssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 400.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 6. maí 1994.

Ár 1994, föstudaginn 6. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands vestra, sem háð er í Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur af Halldóri Halldórssyni héraðsdómara sem dómsformanni og meðdómendunum Helga I. Jónssyni og Sverri Einarssyni héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-821/1994: Ákæruvaldið gegn Erlingi Óskarssyni, Gunnari Guðmundssyni, X [...] og Y [...], sem tekið var til dóms 14. apríl sl.

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 4. febrúar 1994, gegn ákærðu, „Erlingi Óskarssyni, Hlíðarvegi 3, Siglufirði, kt. 160648-4499, Gunnari Guðmundssyni, Suðurgötu 34, Siglufirði, kt. 140343-4499, X [...] og Y [...], ákærðu Erlingi og Gunnari fyrir brot í opinberu starfi og ákærðu X og Y fyrir tolllagabrot, svo sem hér greinir, en á þeim tíma, sem hér um ræðir, var ákærði Erlingur bæjarfógeti og sýslumaður á Siglufirði og ákærði Gunnar yfirlögregluþjónn.

I. Ákærði Erlingur. Brot í opinberu starfi.

A. Ákærða er gefið að sök sem bæjarfógeta og uppboðshaldara og eftir 1. júlí 1992 sem sýslumanni á Siglufirði að hafa í embættisstörfum áskilið sér með ólögmætum og saknæmum hætti við meðferð á uppboðs- og nauðungarsölumálum árin 1989–1993 greiðslur frá uppboðsbeiðendum, samtals 1.369.040 kr., fyrir að sjá til þess, að mætt væri af þeirra hálfu við fyrirtöku málanna og að sú mæting væri bókuð í þingbók og eftir 1. júlí 1992 í gerðabók sýslumanns. Framkvæmdin var sú, að ákærði bókaði einhvern af starfsmönnum embættisins mættan, langoftast meðákærða Gunnar, sem síðar staðfestu mætingar sínar með nafnritun sinni einni í þingbók og síðar í gerðabók, en ákærði hafði við fyrirtöku málanna sjálfur gætt hagsmuna gerðarbeiðenda og skráð boð, fresti eða beiðnir um afturköllun, eftir því sem við átti hverju sinni. Fyrir hvert mót áskildi ákærði sér 2.500 kr. þóknun, sem hann tilgreindi eftir fjölda mætinga á kostnaðaryfirliti hverrar eignar, en nýtti sér þá jafnframt frumrit greiðslustimplaðra kvittana embættis

síns til gerðarbeiðenda fyrir áskilnaði sínum um greiðslur og viðtökur greiðslnanna, svo að misræmi varð á milli frumrita greiðslukvittana og afrita, sem voru bókhaldsskjöl embættisins. Mótteknar greiðslur ákærða frá gerðarbeiðendum sundurliðast þannig samkvæmt samantekt ríkisendurskoðunar á milli seldra fasteigna, sölu skipa og vegna afturkallaðra uppboðsbeiðna:

Fasteignir. Uppboðsár:	Fjöldi eigna:	Afsöl útgefin:		Greiðslur:
Fasteignir:				
1989–1990	18	1990	kr.	287.500
1990–1991	7	1991	–	79.600
1991–1992	9	1992	–	122.000
1992–1993	3	1993	–	56.700
Skip:				
1992–1993	6	1993	–	684.000
Vegna afturkallaðra uppboðsbeiðna:				
1990–1992	12		–	139.240
		Samtals	kr.	1.369.040

Telst þetta varða við 128. gr. og 1. mgr. 158. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B. Þá er ákærða Erlingi gefið að sök að hafa með skuld sinni við sjóð embættisins, síðast samkvæmt tveimur tékkum, sem lágu í sjóði við sjóðsuppgjör 18. maí 1993 og ákærði hafði um langan tíma gefið starfsmönnum fyrirmæli um að framvísa ekki til banka, en telja á mánaðarlegum sjóðstalningarblöðum til ríkisendurskoðunar sem reiðufé í sjóði, misnotað stöðu sína sér til ávinnings og ríkissjóði til tjóns.

B. 1. Eftir embættisathugun ríkisendurskoðunar 24. og 25. september 1990 og athugasemdir, sem gerðar voru 11. janúar 1991 út af skuld ákærða á viðskiptareikningi og kröfu um uppgjör á þeirri skuld, voru eftirstöðvar þeirrar skuldar tilgreindar á sjóðstalningaryfirlitum embættisins sem tékkar í sjóði með eftirgreindum hætti:

janúar–febrúar	1991	kr.	295.000
mars–apríl	1991	–	276.070
maí	1991	–	258.812
júní 1991–janúar	1992	–	181.025

en eftir það og fram til uppgjörs 18. maí 1993, er rannsókn máls þessa var

hafin, með tékka, upphaflega að fjárhæð 113.291 kr., sem aldrei var tilgreindur á mánaðarlegum sjóðsyfirlitum, en var við sjóðsuppgjör þann dag talinn vera viðurkenning ákærða fyrir 60.000 kr. skuld við embættissjóð.

B. 2. Ódagsettur tékki, 133.013 kr., út gefinn af Gesti Halldórssyni, sem ákærði nýtti sem málamyndagreiðslu aðflutningsgjalda í maí 1992, sbr. ákærulið III. A, og gerði embættissjóði ekki skil á fyrr en 19. maí 1993, eftir að rannsókn máls þessa var hafin.

Telst þetta varða við 139. gr. almennra hegningarlaga.

II. Innflutningur í apríl 1991.

II. A. Ákærða Erlingi er gefið að sök að hafa við innflutning á hestakerru á vegum Alberts Jónssonar um miðjan apríl 1991 útbúið eða látið útbúa aðflutningsskýrslu með röngum upplýsingum um þyngd kerrunnar og verðmæti og eigi getið þess, að kerran hafði undirvagn, sem um ræðir í lið II. B., og þannig komið undirvagninum undan tollafgreiðslu og jafnframt sammælst um það við meðákærða Gunnar, að undirvagninn yrði ekki nefndur á mats- og skoðunargerð Gunnars um þennan innflutning. Í aðflutningsskýrslunni er kerran sögð 490 kg, þrátt fyrir það að á farmbréfi og fleiri fylgiskjölum með þessari sendingu sé hún talin 530 kg, í því skyni að koma í veg fyrir, að hún teldist skráningarskyld samkvæmt 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en kerran reyndist við vigtun 30. nóvember 1993 860 kg. Samkvæmt aðflutningsskýrslunni var tollverð kerrunnar 25.000 kr. og FOB-verð JPY 52.588. Samkvæmt endurmati embættis ríkistollstjóra, dagsettu 10. desember 1993, er FOB-verð kerrunnar og undirvagnsins JPY 110.920 kr. og aðflutningsgjöld samkvæmt því vantalin um 18.777 kr.

Telst þetta varða við 158. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, og enn fremur við 135. gr. og 139. gr. þeirra laga.

II. B. Ákærða Gunnari er gefið að sök að hafa við tollskoðun og mat á bifreið og framangreindri hestakerru, sbr. lið II. A., sem ákærði framkvæmdi á Siglufirði í samráði við meðákærða Erling, vísvitandi tilgreint verðmæti kerrunnar óeðlilega lágt á mats- og skoðunargerð, dagsettri 24. apríl 1991, þ. e. 25.000 kr., í því skyni, að aðflutningsgjöld yrðu lægri af kerrunni en rétt var, og jafnframt leynt því og ekki tekið fram, að kerrunni fylgdi tollskyldur varningur, þ. e. undirvagn fyrir aðra 2ja öxla hestakerru (þ. m. t. grind, beisli, hjólbarði á felgum og fjöðrunar- og handhemlabúnaður fyrir 4 hjól), í því skyni, að ekki yrðu greidd aðflutningsgjöld af þessum varningi, en skömmu síðar þáði ákærði undirvagninn að gjöf frá nefndum Albert og notfærði sér hann í eigin þágu.

Telst þetta varða við 158. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 126. gr.

tollalaga, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, og enn fremur við 128. gr. og 139. gr. þeirra laga.

III. Innflutningur í febrúar 1992.

III. A. Ákærða Erlingi er gefið að sök að hafa í febrúar 1992 í sambandi við tvær hestakerrur (hvor fyrir allt að fjóra hesta), er sendar voru ákærða frá Þýskalandi sem milligöngumanni um sölu þeirra hér á landi, fengið meðákærða Gunnar og Gest Halldórsson, en ákærði lét sendanda tilgreina hann sem innflytjanda, til að sækja kerrurnar þegar eftir uppskipun þeirra á hafnarbryggjuna á Siglufirði aðfaranótt laugardagsins 22. febrúar, án þess að um þær væru nokkur skjöl, sem heimiluðu afhendingu kerranna úr vörslum farmflytjanda, og látið flytja kerrurnar í skemmu, sem ákærði hafði aðgang að, og nokkrum dögum síðar afhent meðákærða Y aðra kerruna, þá enn ótollafgreidda, sem ákærði vissi, að hafði að geyma allmikið af nýjum reiðtygjum, sem ætluð voru til sölu hér á landi, og 2–3 vikum síðar flutt sjálfur hina kerruna suður til Reykjavíkur án tollafgreiðslu og afhent hana meðákærða Y; í apríl 1992 falið Hannesi Baldvinssyni, aðalbókara við bæjarfógetaembættið, að gera aðflutningsskýrslu um innflutning kerranna og lagt honum til rangar upplýsingar um þyngd þeirra og verðmæti, svo sem greinir hér á eftir, og jafnframt fengið áðurnefndan Gest Halldórsson til að árita aðflutningsskýrsluna sem ábyrgðaraðili um efni skýrslunnar; í því skyni, að kerrurnar teldust ekki skráningarskyldar samkvæmt umferðarlögum, ranglega látið skrá þær í aðflutningsskýrslunni samtals 920 kg (460 hvora), þrátt fyrir það að fram kæmi í farmbréfi, að þær væru um 600 kg hvor, og við vigtun 19. ágúst og 1. desember 1993 reyndust þær vega samtals 1600 kg (740 og 860); í því skyni, að aðflutningsgjöldin af kerrunum yrðu lægri en rétt var, lagt til grundvallar, að verðmæti þeirra væri samtals 55.000 kr. (önnur 25.000 kr. og hin 30.000 kr.), þrátt fyrir það að fyrir lægi um það bréf frá sendanda, dagsett 9. febrúar 1992, að verðmæti þeirra væri 2500 vesturþýsk mörk, er leiddi samkvæmt endurmati ríkistollstjóraembættisins til þess, að aðflutningsgjöld af kerrunum voru vanreiknuð um 21.581 kr., en þær tölur, sem ákærði lagði til grundvallar um þyngd og verðmæti kerranna, koma fram á skjali, dagsettu 24. apríl 1992, undirrituðu af meðákærða Gunnari, sbr. lið III. B., en ákærði hafði gefið fyrirmæli um, að við tollafgreiðslu yrði byggt á þessum röngu upplýsingum um kerrurnar. Loks er ákærði sakaður um í sambandi við þessa tollafgreiðslu að hafa fengið nefndan Gest til að gefa út tékka, að fjárhæð 133.013 kr., er samsvaraði aðflutningsgjöldunum og ákærði notaði sem málamyndagreiðslu og gaf fyrirmæli um, að ekki mætti innleysa.

Telst þetta varða við 158. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 123. gr.,

sbr. 1. mgr. 124. gr., og 3. mgr. 126. gr. og 135. gr. tollalaga, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, og auk þess við 135. gr. og 139. gr. þeirra laga og enn fremur við 1. mgr. 123. gr. tollalaga, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, að því er varðar þátt ákærða í broti meðákærðu X og Y í lið III. C.

III. B. Ákærða Gunnari er gefið að sök að hafa veitt meðákærða Erlingi liðsinni sitt í framangreindu broti í lið III. A með því að taka hestakerrurnar, sem þar um ræðir og ákærða var ljóst, að fluttar voru hingað til lands á vegum meðákærða Erlings, en ekki framangreinds Gests, úr vörslum farmflytjanda á hafnarbryggjunni á Siglufirði aðfaranótt 22. febrúar 1992, þrátt fyrir það að til þess skorti heimild og að ekki stæði til af hálfu meðákærða Erlings að tollafgreiða varninginn, sem var í annarri kerrunni, og komið kerrunum fyrir í skemmu, svo sem greinir í lið III. A. Enn fremur er ákærða gefið að sök að hafa látið meðákærða Erlingi í té yfirlýsingu, dagsetta 24. apríl 1992, um skoðun á kerrunum með röngum upplýsingum um þyngd þeirra og verðmæti, sbr. III. A, og var ákærða ljóst, að meðákærði Erlingur hugðist leggja þessar röngu upplýsingar til grundvallar við skýrslugerð um þennan innflutning í því skyni, að aðflutningsgjöld yrðu lægri en vera átti og að kerrurnar teldust ekki skráningarskyldar.

Telst þetta varða við 158. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr., 3. mgr. 126. gr. og 135. gr. tollalaga, sbr. 138. gr. og 22. gr. almennra hegningarlaga, og enn fremur við 139. gr. þeirra laga.

III. C. Ákærðu X og Y er gefið að sök að hafa í febrúar 1992 staðið að smygli á nýjum reiðtygjum hingað til lands og sölu þeirra hér á landi, en ákærði X sendi varninginn til landsins, og ákærði Y annaðist móttöku og sölu hans hérlendis, svo sem hér greinir:

– – –

Telst þetta varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr., og 2. mgr. 124. gr. tollalaga.

IV. Innflutningur í maí 1993.

IV. A. 1. Ákærða Erlingi er gefið að sök að hafa að kvöldi föstudagsins 14. maí 1993 gert tilraun til þess að koma undan tollskoðun hestakerru, sem ákærði hafði ákveðið að kaupa og meðákærði X sent honum hingað til lands frá Þýskalandi og ákærði vissi, að í var mikið af reiðtygjum, sem ætluð voru til sölu hér á landi, en kerran var flutt frá Hamborg með skipi, sem kom til Reykjavíkur 3. maí 1993, og var framsend þaðan með ms. Reykjafossi til Siglufjarðar. Ákærði kom á hafnarbryggjuna, skömmu eftir að kerrunni var skipað upp úr skipinu, og höfðu tveir menn á hans vegum hafið vinnu við að tengja kerruna aftan í bifreið ákærða, F-1, að hans fyrirmælum, er tollverðir höfðu afskipti af þeim, en fyrirætlan ákærða var sú að

flytja kerruna án heimildar farmflytjanda í húsnæði á eigin vegum, þar sem hún yrði geymd, þangað til varningurinn í henni yrði sóttur innan fárra daga af meðákærða Y með svipuðum hætti og um ræðir í lið III. A og C, og koma reiðtygjunum og öðrum varningi í kerrunni, sbr. lið IV. B. 1., þannig undan tollskoðun og greiðslu aðflutningsgjalda.

Telst þetta varða við 158. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr., og 135. gr. tollalaga, sbr. 20. gr. og 138. gr. almennra hegningarlaga, og enn fremur við 139. gr. þeirra laga. Brot ákærða samkvæmt þessum lið teljast enn fremur varða við 1. mgr. 123. gr. tollalaga, sbr. 20. og 22. gr. almennra hegningarlaga, að því er varðar tilraun til hlutdeildar í broti meðákærðu X og Y í lið IV. B. 1.

IV. A. 2. Ákærða Erlingi er enn fremur gefið að sök við innflutning þessarar hestakerru að hafa með aðstoð meðákærða Y fengið þyngd kerrunnar ranglega breytt í farmbréfi Eimskipafélags Íslands hf. úr 800 kg í 498 kg í því skyni að koma í veg fyrir, að kerran teldist skráningarskyld samkvæmt 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993, sbr. lið IV. B. 2.

Telst þetta varða við 3. mgr. 126. gr. tollalaga.

IV. B. 1. Ákærðu X og Y er gefið að sök að hafa í sameiningu í maí 1993 smyglað hingað til lands frá Þýskalandi í hestakerru þeirri, sem í lið IV. A getur og ákærði X sendi hingað til lands að ósk meðákærða Erlings, miklu af reiðtygjum og öðrum búnaði fyrir hesta, húsgögnum og áfengi, svo sem rakið er, án þess að láta þess getið í skjölum um sendinguna, og hagað þessu svo í trausti þess, að meðákærði Erlingur myndi sjá til þess, að kerran yrði ekki tollskoðuð með löglegum hætti og að ákærðu fengju allan varninginn úr henni í hendur án tollmeðferðar og greiðslu aðflutningsgjalda. Við skoðun tollvarða á kerrunni aðfaranótt 15. maí 1993 kom eftirtalinn smyglvarningur í ljós: 31 hnakkur, 9 pör af ístaðsólum, 91 beisli með mélum, 1007 ístaðsgúmmí, 199 hringamél, samtals 510 beislistaumar, 520 pör af ístöðum, 315 hófhlífar, 1218 hófbotnar, 35 hnakkgjarðir, 4 taumhringsgjarðir, 91 reiði, 19 brúsar af hreinsiefni, 30 brúsar af sápu, 1 fatahengi, 1 spegilrammi, 1 ábreiða fyrir hest, 1 sjónvarp og samtals 27 flöskur af áfengi (10 flöskur 0,7 l, 16 flöskur 0,75 l og 1 flaska 1 l).

Telst þetta varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. tollalaga nr. 55/1987, 3. mgr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, og 1. gr., sbr. 15. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63/1969.

IV. B. 2. Ákærða Y er enn fremur gefið að sök að hafa við nefndan innflutning að beiðni meðákærða Erlings, sbr. lið IV. A. 2., veitt honum liðsinni sitt til þess að fá þyngd kerrunnar skráða undir 500 kg á farmbréfi

með því að gefa nafngreindum starfsmanni Eimskipafélagsins upp rangar upplýsingar um þyngd kerrunnar, sem leiddi til þess, að ritað var nýtt farmbréf fyrir sendinguna, þar sem fram kemur, að þyngdin sé 498 kg, í stað upphaflegs farmbréfs, þar sem fram kemur, að þyngdin sé 800 kg.

Telst þetta varða við 3. mgr. 126. gr. tollalaga, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

V. Ákærðu Erlingi og Gunnari er gefið eftirfarandi að sök:

A. Að hafa eigi sinnt þeirri skyldu að afhenda Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins samtals 249,65 l af smygluðu áfengi, sem lagt hafði verið hald á af lögreglunni á Siglufirði og var í geymslu á lögreglustöðinni þar samkvæmt lögregluskýrslum frá 30. apríl 1988 og undirrituð er af Jóhannesi Þórðarsyni, þá yfirlögregluþjóni, og Guðna Þór Sveinssyni lögregluþjóni, heldur að eigin sögn og með rangri eftiráfærslu á frumrit dagbókar lögreglunnar (bls. 11827) eytt áfenginu 11. og 12. júlí 1988 með því að flytja það á öskuhauga bæjarins og hella því þar niður.

B. Á sama hátt látið fyrirfarast að afhenda ÁTVR 96 dósir af bjór, sem lagt hafði verið hald á af lögreglunni á Siglufirði við tollskoðun 7. október 1992, heldur að eigin sögn eytt bjórnum 23. desember 1992 með þeim hætti, að ákærði Gunnar ók yfir dósirnar og fleygði þeim á eld öskuhauga bæjarins með vitund og vilja ákærða Erlings.

Telst þetta varða við 140. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 8. gr., sbr. 15. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, og brotið í A-lið enn fremur við 158. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

VI. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og ákærðu X og Y til að sæta upptöku á þeim reiðtygjum og öðrum búnaði fyrir hesta, húsgögnum og áfengi, sem rakið er í lið IV. B. 1 og lagt var hald á samkvæmt 1. mgr. 136. gr. tollalaga, 34. gr. áfengislaga og 2. mgr. 8. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf".

Málavextir.

Að kvöldi föstudagsins 14. maí 1993 voru tollverðir frá Tollgæslu Íslands á Siglufirði fengnir til að athuga, hvort einhver varningur væri í ótollafgreiddri hestakerru, sem flutt hafði verið til landsins frá Þýskalandi með viðkomu í Reykjavík. Athugun á þessum innflutningi leiddi til þess, að rannsókn var hafin á öðrum innflutningi til Siglufjarðar, og einnig, að ýtarleg skoðun var gerð á embætti sýslumannsins á Siglufirði.

Rétt þykir að fjalla um málavexti í sömu röð og í ákæru greinir.

I. A.

Dagana 21. til 23. maí 1993 gerði Ríkisendurskoðun athugun á embætti sýslumannsins á Siglufirði. Leiddi hún í ljós, að í sumum tilfellum væri misræmi milli frumrita og afrita á greiðslukvittunum frá embættinu. Átti þetta einkum við, þegar um kvittanir vegna uppboðsmála var að ræða.

Ákærði Erlingur hefur játað að hafa tekið við greiðslum frá lögmönnum og stofnunum vegna mætinga við meðferð uppboðsmála. Framkvæmdin var sú, að í þeim tilvikum, sem uppboðsbeiðandi mætti ekki sjálfur eða sendi fulltrúa sinn til að mæta við fyrirtöku, sá ákærði Erlingur um, að ekki yrði útivist af hálfu uppboðsbeiðanda. Fyrir hvert mót var uppboðsbeiðanda gert að greiða 2.500 kr. Raunar var sú fjárhæð lægri fyrst í stað, en alltaf nálægt þeirri fjárhæð, sem lögmenn áskildu sér fyrir mót skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Ákærði hafði þann hátt á við innheimtu mótskostnaðar, að hann lét útbúa reikning frá embætti sínu fyrir kostnaði við uppboðið, fékk síðan afhent frumrit reikningsins og bætti inn á það kostnaði vegna móta. Frumritið var síðan sent uppboðsbeiðanda, sem sendi greiðslu samkvæmt því. Svo virðist sem uppboðsbeiðendur hafi ýmist sent einn eða tvo tékka fyrir kostnaðinum. Kostnaður vegna mótanna var ekki færður í bókhaldi embættisins.

Ákærði Erlingur tók sjálfur við greiðslunum, en þeir, sem bókaðir voru mættir og undirrituðu í þingbók sem slíkir, fengu ekki greitt.

Hróbjartur Jónatansson hrl. og Þorvaldur Ragnarsson hdl. komu fyrir dóminn sem vitni. Skýra vitnin svo frá, að framkvæmdin vegna uppboðsbeiðna, sem þeir sendu embættinu, hafi verið sú, að beiðnin var send og síðan hafi verið séð um mætingu fyrir þeirra hönd, ef þeir önnuðust ekki mætinguna sjálfir. Þeir bera báðir, að þessi háttur hafi verið í samræmi við framkvæmdina hjá mörgum öðrum embættum, uppboðsbeiðendum til mikils hagræðis. Á þann veg ber einnig vitnið Björn Jósef Arnviðarson hdl.

I. B.

Við rannsókn Ríkisendurskoðunar kom í ljós, að í sjóði embættis sýslumannsins á Siglufirði lágu tveir tékkar. Annar tékkinn var gefinn út af ákærða Erlingi. Sá tékki var með óvissri dagsetningu, en ártalinu 1992. Í tölureit tékkans var fjárhæðin 60.000 kr., en með bókstöfum var ritað kr. eitt hundrað og þrettán þúsund. Hinn tékkinn var ódagsettur og að fjárhæð 133.013 kr. og gefinn út af Gesti Halldórssyni.

Tékki ákærða Erlings var í sjóði embættisins vegna skuldar hans við embættið. Ákærði ber, að skuld sín við embættið hafi stofnast vegna viðskiptareiknings, sem hann sem uppboðshaldari hafði við embættið. Inn á þann reikning hafi verið lagðar tekjur sínar af nauðungaruppboðum, svo sem lög

gerðu ráð fyrir, en út af honum gjöld, sem ákærða bar að greiða, t. d. húsaleiga, sími o. fl. Þegar uppboðshaldarar hættu að hafa aukatekjur af nauðungaruppboðum, hafi þessi reikningur verið í skuld. Ákærði kveðst hafa greitt hann niður smátt og smátt, eins og nánar er lýst í ákæru, en 60.000 kr. staðið eftir, þegar úttekt Ríkisendurskoðunar fór fram.

Tékki Gests Halldórssonar virðist þannig til kominn, að hann hafi verið að greiða innflutningsgjöld af hestakerrum þeim, sem um ræðir í lið III. Við skýrslutöku fyrir dóminum kveðst vitnið Gestur Halldórsson hafa gefið þennan tékka út til greiðslu innflutningsgjalda, en það hafi þó ekki gert ráð fyrir, að hann yrði leystur út í banka, heldur hefði ákærði Erlingur ætlað að sjá til þess, að flutningsgjöldin yrðu greidd. Ákærði Erlingur segir hins vegar, að til hafi staðið að innleysa tékkann. Hins vegar hafi Gestur fallið frá kaupum á annarri hestakerrunni, sem flutt var inn í febrúar 1992, og því hafi ákærði X átt að greiða innflutningsgjöldin. Ákærði Erlingur kveðst hins vegar hafa dregist inn í málið, og í raun hafi hann tekið að sér að sjá til þess, að innflutningsgjöldin yrðu greidd.

Helga Lúðvíksdóttir, gjaldkeri embættisins, sem hafði lögmæt forföll við meðferð málsins, sagði við skýrslutöku hjá lögreglu, að ákærði hefði gefið sér þau fyrirmæli að telja nefnda tékka ekki fram á mánaðarlegum sjóðstalningaryfirlitum. Ákærði Erlingur ber hins vegar, að hann hafi ekki gefið gjaldkera bein fyrirmæli um að geta þessara tékka ekki á sjóðstalningaryfirlitum, heldur hafi þau rætt málið og ákvörðunin allsendis verið gjaldkerans.

Embættissjóði voru gerð skil á báðum tékkunum 19. maí 1993, þ. e. eftir að rannsókn máls þessa var hafin.

II. A–B.

Í aprílmánuði 1991 flutti Albert Jónsson, Votmúla í Árnessýslu, jeppabifreið og hestakerru til landsins frá Þýskalandi. Albert var á þessum tíma starfandi á Siglufirði og varningurinn tollafgreiddur þar. Í hestakerrunni var undirvagn fyrir hestakerru, en hans var ekki getið í farmbréfi. Í farmbréfi var þyngd kerrunnar skráð 530 kg.

Ákærði Gunnar mat kerruna til verðs, sem síðan var lagt til grundvallar við ákvörðun aðflutningsgjalda. Kveðst hann hafa haft samband við ákærða Erling til að leita ráða, hvernig meta bæri kerruna og undirvagninn. Ákærði Erlingur kveðst hafa haft samband við tollstjóraembættið í Reykjavík og fengið þær upplýsingar, að heimilt væri að meta undirvagninn og kerruna saman, og það hafi hann tjáð ákærða Gunnari. Ákærði Gunnar kveðst ekki hafa sleppt því að meta undirvagninn, heldur hafi hann eftir samtal við ákærða Erling ákveðið að meta hann með kerrunni. Kerran var ekki vegin, heldur lagt til grundvallar, að hún væri 490 kg, en sú þyngd var að sögn

ákærðu Gunnars og Erlings fengin með því, að þyngd undirvagnsins var áætluð og dregin frá uppgefinni þyngd í farmbréfi.

Að beiðni RLR var kerra Alberts Jónssonar vegin 30. nóvember sl., og reyndist hún 830 kg. Í sambandi við vigtun kerrunnar var ekki tekin lögregluskýrsla af Alberti. Hins vegar var haft eftir honum, að kerrunni hefði verið breytt lítillega, frá því að hann eignaðist hana, og að í þeim breytingum væri lítil þyngd. Albert ber fyrir dóminum, að hann hafi ekki sagt, að í breytingunum væri lítil þyngd, heldur mikil. Afhenti hann yfirlýsingu frá þeim, sem hann fékk til að annast breytingarnar, og kemur þar fram, að efnisaukning hafi numið 117,5 kg. Þá kveður vitnið kerruna hafa „verið fulla af skít", þegar hún var vegin, og telur vitnið rétt að draga frá 100–140 kg af þeim sökum.

Að beiðni RLR endurákvarðaði ríkistollstjóri aðflutningsgjöld bæði af jeppabifreiðinni og hestakerrunni ásamt undirvagninum. Við endurákvörðun aðflutningsgjalda af bifreiðinni kom í ljós, að þau höfðu verið ofreiknuð um 408.547 kr. Við endurákvörðun aðflutningsgjalda af kerrunni og undirvagninum taldi ríkistollstjóri rétt að leggja til grundvallar vigtarseðil þann, sem að framan er getið, að viðbættum 170 kg, og var þyngdin samkvæmt því 1.000 kg. Þá var miðað við ákveðið tollskrárnúmer og meðaltalsverð Hagstofu Íslands fyrir þann tollflokk, sem var á árinu 1991 55 kr. pr. kg c.i.f. Með því að nota þessa aðferð reyndust aðflutningsgjöld vanreiknuð um 18.777 kr.

Vitnið Albert ber fyrir dóminum, að við brottför þess frá Siglufirði hafi það tekið með sér hross í hestakerrunni og því ekki haft pláss fyrir undirvagninn. Jafnframt hafi því þótt undirvagninn lélegur og þess vegna lýst yfir við brottför sína, að hver, sem væri, mætti hirða hann. Fór svo, að ákærði Gunnar setti undirvagninn undir kerru, sem hann átti, eftir að hann hafði gert hann nothæfan.

III. A–C.

Af framburði ákærðu Erlings og X og vitnisins Gests Halldórssonar virðist sem til hafi staðið, að ákærði X hefði milligöngu um að útvega ákærða Erlingi og Gesti hestakerrur frá Þýskalandi.

Vitnið Gestur ber fyrir dóminum, að það hafi ætlað sér að kaupa hestakerru, en hins vegar hafi sér ekki litist á þessar kerrur og strax fallið frá kaupunum. Kveðst vitnið ekki hafa ætlað að kaupa svo stóra kerru. Þessi framburður vitnisins er ekki í samræmi við framburð þess hjá lögreglu, en þá kvaðst vitnið ekki hafa ætlað að kaupa neina kerru. Vitnið gaf þá skýringu á breyttum framburði, að því hefðu verið lögð orð í munn við yfirheyrslur og það ekki lesið skýrslur sínar nægilega vel yfir.

Í febrúarmánuði 1992 sendi ákærði X tvær hestakerrur frá Þýskalandi hingað til lands með Siglufjörð sem tollhöfn. Viðtakandi kerranna skv. farmbréfi var vitnið Gestur, og var þyngd þeirra þar skráð samtals 1.200 kg. Í aðra kerruna setti ákærði X nokkuð af nýjum reiðtygjum, u. þ. b. 18 hnakka, 50–60 sett af höfuðleðrum, mélum, taumum og nasamúlum. Varnings þessa var ekki getið í farmbréfi.

Hestakerrurnar komu til Siglufjarðar aðfaranótt laugardagsins 22. febrúar 1992. Við komu þeirra sóttu ákærðu Gunnar og vitnið Gestur kerrurnar strax að lokinni uppskipun og fluttu þær í húsnæði í eigu þrotabús Húseininga hf. Kom þá í ljós, að önnur kerran var nokkuð skemmd á vinstri hlið.

Ákærði Gunnar kveðst ekki hafa skoðað inn í kerrurnar, þegar þær komu til landsins, og kveðst hann reyndar aldrei hafa skoðað inn í þær. Í lögregluskýrslu er haft eftir vitninu Gesti, að það hafi skoðað í skemmdu kerruna í gegnum gat á henni og séð, að eitthvað var í kerrunni, nokkurs konar ábreiða eða dýna, sem huldi eitthvað. Þessum framburði breytti vitnið fyrir dóminum og kveðst aldrei hafa sagt, að ábreiðan eða dýnan hyldi eitthvað. Vitnið gefur sömu skýringu á breyttum framburði og áður.

Ákærði Erlingur kveðst hafa haft samráð við umboðsmann farmflytjanda, áður en kerrurnar voru settar í hús, og hinn síðarnefndi verið samþykkur þessari ráðstöfun. Ákærði Gunnar og vitnið Gestur segjast hafa flutt kerrurnar í hús að beiðni ákærða Erlings. Skömmu eftir helgina 22.–23. febrúar sótti ákærði Y aðra kerruna til Siglufjarðar og flutti hana til Akureyrar. Við komu sína til Siglufjarðar setti ákærði Y sig í samband við ákærða Erling, sem afhenti honum kerru þá, sem reiðtygjunum hafði verið komið fyrir í. Á Akureyri afhenti ákærði Y Hólmgeiri Valdimarssyni kerruna, en áður var búið að taka reiðtygin úr henni. Reiðtygin seldi ákærði Y að mestu, en gaf hluta þeirra. Um þremur vikum síðar dró ákærði Erlingur hina kerruna með bifreið sinni til Reykjavíkur, þar sem hann afhenti hana ákærða Y. Ákærði Erlingur kveðst aldrei hafa skoðað inn í kerrurnar.

Eftir komu kerranna, mánudaginn 24. febrúar, skoðaði ákærði Gunnar þær og ljósmyndaði. Þegar ganga átti frá aðflutningsskýrslu um kerrurnar, skilaði ákærði Gunnar matsgjörð fyrir þær. Mat hann kerruna, er var skemmd á vinstri hlið, á 25.000 kr., en hina á 30.000 kr., og kveðst hann við matið hafa litið til verðmats á kerru þeirri, sem Albert Jónsson flutti inn árið 1991. Ákærði Gunnar afhenti ákærða Erlingi matsgjörð sína, sem dagsett er 24. apríl 1992. Til grundvallar þyngd kerranna lagði ákærði Gunnar vigtarnótu, sem ákærði Erlingur afhenti honum. Vigtarnótan er þannig til komin, að ákærði Erlingur fékk vitnið Gest til að vega einhverja hestakerru, og samkvæmt vigtarnótunni var kerran vegin sama dag og matsgjörð

ákærða Gunnars er dagsett. Samkvæmt þessu hafa báðar kerrurnar verið farnar frá Siglufirði fyrir allnokkru, þegar vigtun fór fram. Ákærði Erlingur kveður ákvörðun um þyngd kerranna hafa horft til kerru Alberts og talið, að þær væru svipaðar að þyngd.

Ákærði Erlingur fól vitninu Hannesi Baldvinssyni, aðalbókara embættisins, að gera aðflutningsskýrslu vegna innflutnings þessa og kveðst hafa falið Hannesi að gera skýrslu þessa, strax og hann kom til landsins. Skjölin hafi hins vegar legið á borði Hannesar í nokkrar vikur, án þess að skýrslan væri gerð. Þegar að því kom, að vitnið gerði skýrsluna, vantaði það upplýsingar um verðmæti og þyngd kerranna. Vitnið kveðst hafa fengið ákærða Gunnar til þess að útbúa matsgjörð, svo að unnt væri að ganga frá skýrslunni. Ákærðu Erlingur og Gunnar hafa báðir borið, að ákærði Erlingur hafi fengið ákærða Gunnar til að gera matsgjörðina. Allt að einu barst vitninu matsgjörðin, og gat það þá gengið frá aðflutningsskýrslunni. Í framhaldi af þessu gaf vitnið Gestur út tékka þann, sem um er rætt hér að framan undir lið I. B., og var fjárhæð hans hin sama og nam aðflutningsgjöldum.

IV. A–B.

Samkvæmt framburði ákærðu Erlings og X varð að samkomulagi þeirra í milli, að ákærði X útvegaði ákærða Erlingi hestakerru, þar sem ákærði Erlingur keypti ekki aðra kerruna, sem kom til landsins í febrúar 1992.

Í maí 1992 sendi ákærði X hestakerru frá Þýskalandi til Siglufjarðar. Kerrunni hafði verið umskipað í Reykjavík og hún send með ms. Reykjafossi til Siglufjarðar, en þar átti að tollafgreiða hana. Samkvæmt farmbréfi var eiginkona ákærða Erlings viðtakandi kerrunnar.

Þegar kerran kom til Siglufjarðar að kvöldi föstudagsins 14. maí 1993, voru tollverðir frá Tollgæslu Íslands staddir þar vegna rannsóknar á innflutningi á vegum ákærða Y. Samkvæmt farmskrá úr tollkerfi ríkistollstjóra var ákærði Y viðtakandi kerrunnar, en ekki eiginkona ákærða Erlings.

Eftir að búið var að skipa kerrunni upp á hafnarbakkann, en hún var fest á flutningspall, var bifreið ákærða Erlings bakkað að henni. Út úr bifreiðinni stigu ákærði Erlingur og vitnin Helgi Aage Torfason og Símon Helgason. Vitnin segja, að þau hafi farið með ákærða Erlingi til að sækja kerruna. Eftir að þau voru komin á hafnarbakkann, athuguðu þau, hvort unnt væri að tengja kerruna aftan á bifreiðina, en ákærði Erlingur gekk frá. Vitnið Símon telur ákærða hafa ætlað að borga af kerrunni eða eitthvað í þá áttina. Vitnið Helgi Aage telur ferðina hafa verið farna til að koma kerrunni í skjól fyrir veðri og vindum.

Áður en til þess kom, að kerran væri flutt á brott, gáfu tollverðirnir sig á tal við ákærða Erling og kváðust ætla að skoða í hana, en áður höfðu þeir

bannað vitnunum að hengja kerruna aftan í bifreiðina. Skömmu síðar hvarf ákærði á brott, Við skoðun tollvarða og lögregluþjóna frá Siglufirði á kerrunni kom í ljós, að í henni var verulegt magn varnings, mestmegnis reiðtygi, eins og nánar er lýst í ákæru.

Í farmbréfi sendingarinnar er ekki getið um neinn varning í kerrunni, og samkvæmt bréfinu var hún upphaflega skráð 800 kg. Þessari þyngd var síðan breytt í 498 kg í nýju farmbréfi. Ákærði Y ber fyrir dóminum, að hann hafi óskað eftir því við starfsmann Eimskipafélagsins, að þyngdinni yrði breytt. Hann kveðst hafa gert þetta eftir samtal við ákærða Erling, þar sem ákærði Erlingur hefði bent sér á, að kerran væri mjög þung.

V. A.

Ákærðu Erlingur og Gunnar bera báðir, að þeir hafi hellt niður því áfengi, sem fjallað er um í þessum ákærulið. Ákærði Gunnar kveðst hafa unnið að þessu dagana 11. og 12. júlí 1988. Hann kveðst hafa rætt við ákærða Erling og spurt, hvað ætti að gera við tæplega 250 lítra af áfengi, sem geymt var í fangaklefa á lögreglustöðinni. Ákærði Erlingur hefði þá sagst ætla að athuga málið og afla sér upplýsinga um það. Ákærði Erlingur kveðst hafa hringt til tollgæslustjóra og fengið þær upplýsingar þar, að hann ætti að ákveða sjálfur, hvað gert yrði við þetta áfengi. Í framhaldi af þessu hefði ákærði Gunnar pakkað áfenginu í poka, sennilega 11. júlí, og að morgni hins 12. hefðu þeir farið með áfengið í sorpþró bæjarins. Þar hefðu þeir hellt áfenginu niður, en kastað umbúðunum á eld.

Ákærði Gunnar kveðst sjálfur hafa fært aðgerðir þeirra inn í dagbók lögreglunnar, daginn eftir að verk þetta var unnið eða næsta dag þar á eftir. Hann kunni ekki skýringar á því, hvers vegna færslan kom einungis fram á frumriti dagbókar, en ekki afriti. Kveðst hann ekki muna ástæðuna, enda langt um liðið.

Aðrir lögreglumenn embættisins urðu ekki varir við aðgerð þessa, en samkvæmt framburði ákærðu var áfenginu eytt snemma morguns. Lögreglumenn, aðrir en ákærði Gunnar, komu hins vegar ekki á vakt fyrr en kl. 10 að morgni.

V. B.

Ákærðu bera varðandi þennan ákærulið, að ákærði Gunnar hafi komið að máli við ákærða Erling og spurt, hvað ætti að gera við 96 dósir af bjór, en dagstimplun á þeim hafi verið runnin út og þær því ekki seljanlegar lengur. Ákærði Erlingur kveðst hafa hringt í Brynjólf Karlsson hjá Tollgæslu Íslands og spurt hann, hvort senda bæri þetta suður. Brynjólfur hafi svarað því til, að það væri algjör óþarfi, ákærði gæti bara eytt þessu sjálfur. Vitnið Brynjólfur hefur kannast við fyrir dómi, að ákærði Erlingur hafi rætt

þessi mál við sig. Í framhaldi af þessu hafi ákærði Gunnar farið með bjórinn á öskuhaugana og ekið þar yfir dósirnar, en kastað þeim síðan í sorpþróna.

Niðurstaða.

I. A.

Fram er komið í málinu, að lögmenn f. h. uppboðsbeiðenda höfðu oft samband við ákærða símleiðis og báðu hann að sjá til þess, að mætt yrði fyrir þeirra hönd við fyrirtökur uppboðsmála. Þá er og upplýst, að í sumum tilvikum hefði orðið um það venja, að ákærði sæi um mætingar fyrir einstaka uppboðsbeiðendur. Varð ákærði við beiðni þeirra, bæði í einstökum tilvikum og venju samkvæmt. Er framkvæmd fyrirtekta rétt lýst í ákæru. Samkvæmt því gætti ákærði í raun sjálfur hagsmuna uppboðsbeiðenda, en ekki sá, sem bókaður var mættur fyrir þeirra hönd. Fyrir þessa vinnu áskildi ákærði sér 2.500 kr. fyrir hverja fyrirtöku og hafði til hliðsjónar þóknun lögmanna fyrir mót við uppboð samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Er því eigi mótmælt af hálfu ákærða, að hann hafi með framangreindum hætti tekið við samtals 1.369.040 kr. á árunum 1989 til 1993 að þeim báðum meðtöldum.

Það er álit dómsins, að það hafi ekki samrýmst embættisfærslu ákærða, fyrir 1. júlí 1992 sem dómara og eftir þann tíma sem sýslumanns, að gæta hagsmuna uppboðsbeiðenda við fyrirtökur uppboðsmála, en ljóst er, að ákærði innti þessa vinnu af hendi í beinum tengslum við framkvæmd starfa síns. Þá verður og að telja, að ákærða hafi ekki getað dulist, að þær greiðslur, sem hann áskildi sér og þáði með framangreindum hætti, voru reiddar fram í sambandi við umræddar embættisathafnir ákærða, sem voru hluti af starfsskyldum hans og hann þáði laun fyrir úr ríkissjóði. Er það því niðurstaða dómsins, að ákærði hafi ekki átt tilkall til þessara greiðslna. Þá verður að telja, að gjaldtaka þessi hafi ekki samrýmst embættisstöðu hans. Hefur ákærði með framangreindri háttsemi, sem sönnuð er með játningu hans og studd öðrum gögnum málsins, orðið brotlegur gegn 128. gr. almennra hegningarlaga. Verður að líta svo á, að um samfellda brotastarfsemi ákærða hafi verið að ræða, sem lokið hafi árið 1993.

Misræmi á milli frumrita greiðslukvittana og afrita þeirra er að mati dómsins ekki refsivert, enda ekkert rangt í bókum embættisins, þar sem mótskostnaðurinn á frumritunum breytti engu í bókhaldi þess, þar eð hann rann ekki til þess. Verður ákærði Erlingur því sýknaður af því að hafa með þessu brotið gegn 1. mgr. 158. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

I. B.

Ákærði Erlingur heldur því fram, að hann hafi ekki gefið starfsmönnum sínum fyrirmæli um að framvísa tékkunum í þessum lið ákærunnar ekki í

banka, en telja þá mánaðarlega á sjóðstalningarblöðum til Ríkisendurskoðunar sem reiðufé í sjóði. Álítur ákærði, að það sé einungis ákvörðun gjaldkera að ákveða, hvort tékki liggi í sjóði, en hann hafi rætt við gjaldkerann, hvort þetta mætti vera svona, og það síðan verið ákvörðun gjaldkerans, svo að ákærði hafi engin fyrirmæli gefið.

Ákærði var yfirmaður embættisins og gat því eigi dulist, að gjaldkerinn myndi taka tilmæli ákærða sem fyrirmæli frá yfirmanni sínum, enda hlaut honum að vera ljóst, að þessi tilmæli hans voru ekki í samræmi við lög og reglur og hann þannig að misnota sér stöðu sína sér til ávinnings og ríkissjóði til tjóns, en með þessu aflaði ákærði sér vaxtalauss láns, en bakaði ríkissjóði vaxtatap. Þá hefur gjaldkerinn við rannsókn málsins borið, að ákærði hafi gefið sér fyrirmæli um að láta tékkana vera í sjóði. Varðar þessi háttsemi við 139. gr. almennra hegningarlaga.

II. A.

Gegn neitun ákærða Erlings og með hliðsjón af því, sem fram er komið um þennan lið ákærunnar, er ósannað, að hann hafi um miðjan apríl 1991 útbúið eða látið útbúa aðflutningsskýrslu með röngum upplýsingum um þyngd hestakerru, sem flutt var til landsins á vegum Alberts Jónssonar, og átt hlut að því, að þess var eigi getið, að í kerrunni væri undirvagn, og þannig komið honum undan tollafgreiðslu. Þá er gegn neitun ákærða Erlings, sem studd er framburði ákærða Gunnars, ósannað, að ákærði Erlingur hafi sammælst um það við ákærða Gunnar, að undirvagninn yrði ekki nefndur í mats- og skoðunargerð ákærða Gunnars um þennan innflutning. Enn er ósannað gegn neitun ákærðu Erlings og Gunnars, að kerran hafi verið sögð 490 kg í aðflutningsskýrslu í því skyni að koma í veg fyrir, að hún teldist skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum. Loks er ósannað gegn neitun ákærða Erlings, að hann hafi átt hlut að því, að tollverð kerrunnar og f.o.b.-verð var lægra en endurmat embættis ríkistollstjóra, og þannig valdið því, að aðflutningsgjöld töldust við endurmatið vantalin um 18.777 kr.

Af framangreindu leiðir, að sýkna ber ákærða Erling af öllu því, sem honum er gefið að sök í þessum lið ákæru.

II. B.

Ákærði Erlingur hefur skýrt svo frá, að hann hafi fengið upplýsingar um það hjá tollgæslunni, að heimilt væri að meta saman til tollverðs undirvagn þann og hestakerru, sem um ræðir í lið II. A. Fær þessi framburður ákærða stoð í vætti Brynjólfs Karlssonar, deildarstjóra hjá Tollgæslu Íslands. Ber ákærðu Erlingi og Gunnari saman um, að ákærði Erlingur hafi skýrt ákærða Gunnari frá framangreindu og að ákærði Gunnar hafi breytt í sam-

ræmi við það. Hefur ákærði Gunnar neitað því, að hann hafi sleppt því að meta undirvagninn, heldur hafi hann samkvæmt framansögðu metið vagninn með kerrunni til tollverðs, allt í samráði við yfirboðara sinn, ákærða Erling. Þá verður eigi litið fram hjá því, að 13. desember sl. endurákvarðaði ríkistollstjóri aðflutningsgjöld af bifreið þeirri, sem metin var til tollverðs í sama skipti, svo að þau lækkuðu um 408.547 kr. Samkvæmt því var ríkissjóði gert að endurgreiða innflytjanda bifreiðarinnar, sem jafnframt flutti inn hestakerruna og undirvagninn, nefnda fjárhæð. Var því hvergi hallað á ríkissjóð við ákvörðun tollverðs á hinum innflutta varningi, heldur þvert á móti. Með skírskotun til þessa og gegn neitun ákærða Gunnars er ósannað, að hann hafi við mat á bifreið og hestakerru þeirri, sem um ræðir í lið II. A., vísvitandi tilgreint verðmæti kerrunnar óeðlilega lágt í því skyni, að aðflutningsgjöld af henni yrðu lægri en rétt var.

Með vísan til framanskráðs er á sama hátt ósannað, að ákærði Gunnar hafi leynt því, að kerran geymdi ofangreindan tollskyldan varning, þ. e. undirvagn fyrir aðra tveggja öxla kerru, í því skyni, að innflytjandinn slyppi við að greiða aðflutningsgjöld af undirvagninum.

Þá er með vísan til þess, sem hér að framan greinir, og framburðar vitnisins Alberts Jónssonar ósannað gegn neitun ákærða Gunnars, að ákærði hafi þegið umræddan undirvagn að gjöf úr hendi Alberts fyrir að hafa séð til þess, að kerran yrði metin of lágt til tollverðs og undirvagnsins ekki getið á aðflutningsskýrslu og því eigi greidd af honum aðflutningsgjöld. Verður ákærði Gunnar því sýknaður af þeirri háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákærulið þessum.

III. A.

Í ljós er leitt, að ákærði Erlingur fékk ákærða Gunnar og Gest Halldórsson í febrúar 1992 til að sækja tvær hestakerrur, sem ákærði X sendi frá Þýskalandi, þegar eftir uppskipun þeirra á hafnarbryggjuna á Siglufirði 22. febrúar, án þess að þeim fylgdu skjöl, sem heimiluðu afhendingu kerranna úr vörslum farmflytjanda, en sannað er, að kerrurnar voru fluttar í skemmu, sem ákærði Erlingur hafði aðgang að.

Telja verður þessa aðgerð ákærða óeðlilega og óvenjulega, en þar sem ákærði var tollstjóri á Siglufirði, verður að telja, að hann hafi í krafti þess embættis haft heimild til að taka kerrurnar í sínar vörslur samkvæmt ákvæðum 63. og 65. gr. tollalaga. Verður ákærði því sýknaður af þessum sakargiftum.

Sannað er með játningu ákærða Erlings og ákærða Y, að ákærði Erlingur afhenti ákærða Y aðra kerruna nokkrum dögum síðar, og 2–3 vikum síðar flutti ákærði Erlingur sjálfur hina kerruna til Reykjavíkur og afhenti hana

ákærða Y. Er og sannað með játningu ákærða Erlings, að þegar þessar afhendingar fóru fram, hafi ekki verið gerð aðflutningsskýrsla um innflutninginn á kerrunum eða greidd af þeim lögboðin gjöld.

Framangreind afhending ákærða Erlings á kerrunum er honum refsiverð, og skiptir eigi máli, þótt gögn um innflutninginn hafi verið hjá embætti hans. Er þessi háttsemi ákærða brot á 139. gr. almennra hegningarlaga.

Gegn neitun ákærða Erlings og með vísan til framburðar annarra ákærðu er ósannað, að ákærði Erlingur hafi vitað, að í annarri kerrunni var nokkuð af nýjum reiðtygjum, sem ætluð voru til dreifingar hér á landi. Þá er einnig ósannað gegn neitun ákærða Erlings, að hann hafi í apríl 1992, þegar hann fól aðalbókara sínum gerð aðflutningsskýrslu um innflutning kerranna tveggja, jafnframt lagt honum vísvitandi til rangar upplýsingar um þyngd og verðmæti þeirra, annars vegar til þess, að þær teldust ekki skráningarskyldar, og hins vegar í því skyni, að aðflutningsgjöld yrðu lægri en rétt var. Er ósannað, að ákærði hafi á þessum tíma verið búinn að fá í hendur bréf frá sendanda þess efnis, að verðmæti kerranna væri 2.500 vesturþýsk mörk. Verður ákærði því sýknaður af þessum ákæruatriðum.

Sannað er, að vitnið Gestur gaf út tékka þeirrar fjárhæðar, er samsvaraði aðflutningsgjöldum, og að ákærði Erlingur fékk gjaldkera embættisins til þess að láta hann ekki í banka. Verður að líta svo á, að í þessu felist fyrirmæli ákærða sem yfirmanns embættisins til gjaldkerans sem undirmanns. Hins vegar er á það að líta, að ákærði hefur þegar verið sakfelldur í II. kafla B. 2. fyrir meðferð þessa tékka.

III. B.

Svo sem áður greinir, er ákærði Erlingur sýknaður af því að hafa í heimildarleysi tekið hestakerrur þær, sem um ræðir í lið III. A., úr vörslum farmflytjanda á hafnarbryggjunni á Siglufirði aðfaranótt 22. febrúar 1992. Þar af leiðir, að sýkna ber ákærða Gunnar af ákæru um hlutdeild, að því er þetta ákæruatriði varðar.

Gegn neitun ákærða Gunnars er ósannað, að hann hafi vitað, er hann flutti kerrurnar í hús í félagi við Gest Halldórsson, að þær væru í raun fluttar inn af ákærða Erlingi, en ekki nefndum Gesti, eða að í annarri kerrunni væri tollskyldur varningur og að hvorki væri ætlunin að tollafgreiða kerrurnar né varninginn.

Fram er komið í málinu, að Gestur lét í té vigtarseðil þann, sem lagður var til grundvallar við ákvörðun á þyngd kerranna við gerð aðflutningsskýrslu. Er ósannað gegn neitun ákærða Gunnars, að hann hafi af ráðnum hug fengið ákærða Erlingi í hendur matsgerðina frá 24. apríl 1992 um skoðun á kerrunum með röngum upplýsingum um þyngd þeirra og verðmæti í

því skyni, að aðflutningsgjöld yrðu lægri en rétt væri og jafnframt yrði komist hjá því að skrá kerrurnar undir 500 kg, svo að þær yrðu ekki skráningarskyldar, sbr. 63. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt framansögðu verður ákærði Gunnar sýknaður af sakargiftum samkvæmt þessum ákærulið.

III. C.

Ákærði X hefur viðurkennt, að hann hafi sett nokkuð af nýjum reiðtygjum í aðra hestakerruna, sem kom til Siglufjarðar í febrúar 1992. Þá hefur hann og viðurkennt, að varnings þessa hafi ekki verið getið á skjölum um innflutninginn. Hann kveðst hafa „hent þessu bara inn í kerruna á sínum tíma, áður en hún fór heim", eins og ákærði hefur komist að orði, og hafa átt von á að þurfa að greiða aðflutningsgjöld.

Með þessum framburði ákærða er sannað, að hann hefur ekki fylgt þeim lagafyrirmælum, er fram koma í V. kafla tollalaga, og þannig smyglað varningi þessum til landsins. Verður honum því refsað fyrir þessa háttsemi, sem er rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

Ákærði Y hefur borið, að hann hafi vitað, að varningur var í kerru þeirri, sem hann sótti til Siglufjarðar í lok febrúar 1992. Hins vegar kveðst hann ekki muna, hvenær honum varð kunnugt um varninginn í kerrunni. Hann kveðst ekki vita, hver hafi sett varninginn í kerruna, en geri ráð fyrir, að hann hafi verið settur þar að frumkvæði ákærða X. Hann kveðst ekki hafa vitað, hvernig staðið hafi verið að greiðslu aðflutningsgjalda, gerð farmbréfs og annarra skjala eða öðru varðandi innflutninginn. Hann hafi einungis verið beðinn að sækja kerru til Siglufjarðar, og það hafi hann gert. Þá hafi hann selt megnið af varningnum, en gefið annað.

Fyrir dóminn hafa ekki verið lögð nein sönnunargögn, sem hrekja framburð ákærða Y um þennan lið ákærunnar, og ber því að sýkna hann af þessum sakargiftum.

Með vísan til þess, sem er rakið hér að framan undir III. A., ber að sýkna ákærða Erling fyrir hlutdeild í brotum ákærðu X og Y samkvæmt þessum ákærulið.

IV. A. 1.

Ákærði Erlingur hefur staðfastlega neitað, að koma hafi átt hestakerrunni, sem skipað var upp á hafnarbryggjunni á Siglufirði að kvöldi 14. maí 1993, undan tollskoðun. Þá hefur hann einnig neitað því að hafa vitað, að í kerrunni var mikið af nýjum reiðtygjum og annar búnaður fyrir hesta og húsgögn og áfengi. Er þessi framburður ákærða studdur framburði ákærðu X og Y. Samkvæmt framansögðu er því ósannað, að ákærði Erlingur hafi ætlað að koma kerrunni undan tollskoðun eða vitað, hvað í kerrunni var,

enda liggur ekkert fyrir í málinu til styrktar því, að svo hafi verið, og ekki unnt að hafna skýringu ákærða á því, hvers vegna hann var kominn á bryggjuna umrætt kvöld. Verður að telja allar fullyrðingar í þessum lið ákæru af hálfu ákæruvalds um það, hvað ákærði hafi haft í hyggju, byggðar á getgátum. Ber því að sýkna ákærða af þessari háttsemi.

IV. A. 2.

Gegn neitun ákærða Erlings og vegna framburðar ákærða Y er ósannað, að ákærði Erlingur hafi með aðstoð ákærða Y fengið þyngd kerrunnar, sem kom til landsins í maí 1993, breytt ranglega í farmbréfi úr 800 kg í 498 kg í því skyni að koma í veg fyrir, að hún teldist skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum. Ber því að sýkna ákærða Erling af þessum sakargiftum.

IV. B. 1.

Ákærði X kveðst ekki hafa staðið að því að setja varninginn í kerruna, en hins vegar hafi starfsmenn sínir í Þýskalandi unnið það verk. Þá hafi hann falið þeim að gera pökkunarlista um það, sem sett var í kerruna. Hann hafi síðan sjálfur farið með kerruna og komið henni í skip. Ákærði kveðst sjálfur hafa gengið frá farmbréfi fyrir sendinguna, og hafi sér þá af hugsunarleysi láðst að senda reikning með fraktinni. Hann hafi síðan sent ákærða Y reikning með símbréfi, svo að unnt væri að ganga frá greiðslu aðflutningsgjalda, en ákærði Y hafi átt að sjá um það.

Samkvæmt 23. gr. tollalaga skal innflytjandi skila tollyfirvaldi aðflutningsskýrslu ásamt tilheyrandi gögnum um vöru eða sendingu innan þess frests, sem ákveðinn er í reglugerð. Á þeim tíma, sem hér um ræðir, var í gildi reglugerð nr. 257/1970, sbr. nú reglugerð nr. 258/1993, sem tók gildi 1. júlí 1993. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 257/1970 bar að afhenda hlutaðeigandi tollyfirvaldi skriflega aðflutningsskýrslu um vöruna eða sendinguna innan þriggja mánaða frá komudegi þess fars, er flutti vöruna til landsins. Ljóst er, að aðflutningsskýrsla, sem ákærði Y hafði látið útbúa, lá fyrir þegar 17. maí 1993. Samkvæmt framburði ákærðu X og Y var ætlun þeirra að framvísa henni við tollafgreiðslu varningsins, sem ákærði Y hugðist sækja til Siglufjarðar í framhaldi af gerð skýrslunnar. Er því ósannað, að hugur ákærðu hafi staðið til að smygla reiðtygjunum og öðrum búnaði fyrir hesta. Verða ákærðu því sýknaðir af sakargiftum, hvað þetta varðar.

Ákærði Y hefur játað að hafa gert tilraun til að smygla til landsins sjónvarpi og helmingi þess áfengis, sem var í umræddri sendingu, en fram er komið, að umræddur varningur var ekki tilgreindur í ofangreindri aðflutningsskýrslu. Hann segir bróður sinn hafa átt að fá hinn helming áfengisins og einnig fatahengið og spegilrammann, sem raunar væri hluti þess. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 17. maí 1993 kvaðst ákærði hafa unnið við að koma

varningnum fyrir í kerrunni. Með játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, hvað þetta varðar, er framangreint atferli ákærða sannað. Verður hann því sakfelldur fyrir þennan þátt ákærunnar, og varðar það við 1. mgr. 123. gr. tollalaga.

IV. B. 2.

Þegar af þeirri ástæðu, að ákærði Erlingur hefur verið sýknaður af broti því, sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið, ber að sýkna ákærða Y fyrir hlutdeild í því.

V. A-B.

Með framburði ákærðu Erlings og Gunnars er sannað, að þeir hafi eytt 249,65 lítrum af smygluðu áfengi, sem þeir segjast hafa flutt á öskuhauga Siglufjarðar 11. og 12. júlí 1988 og hellt þar niður og síðan fleygt umbúðunum á eld, sem logaði þar. Einnig er sannað með framangreindum hætti, að ákærðu hafa staðið að eyðingu á 96 dósum af haldlögðum bjór 23. desember 1992 með því, að ákærði Gunnar, með vitund og vilja ákærða Erlings, ók yfir dósirnar á öskuhaugum Siglufjarðar og fleygði þeim síðan á sama stað og umbúðunum, sem að framan er getið.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63/1969 bar að afhenda framangreint smyglað áfengi og bjór Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Þessari lagaskyldu var ekki fylgt, og telst sú háttsemi á ábyrgð ákærða Erlings, en ákærða Gunnari refsilaus, þar sem hann var að sinna starfi sínu sem undirmaður ákærða Erlings og bar að hlýða fyrirmælum hans og átti að geta treyst því, að hann væri að fara að lögum við eyðingu áfengisins. Verður ákærði Gunnar því sýknaður af því, sem honum er gefið að sök í þessum kafla ákæru, en ákærði Erlingur sakfelldur, og er brot hans rétt fært til refsiákvæðis í þessum kafla ákæru.

Nær sex ár eru liðin, frá því að eyðing áfengisins fór fram, og þar sem brotið hefði aðeins varðað ákærða Erling sektarrefsingu, telst það fyrnt, sbr. 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærða Erlings samkvæmt B-lið þessa kafla ákærunnar er hins vegar ófyrnt, og verður honum refsað fyrir það.

Ákærði Gunnar hefur borið, að hann hafi fært áfengiseyðinguna í dagbók lögreglunnar, einum eða tveimur dögum eftir að hún fór fram. Hann fullyrðir hins vegar, að færslan sé rétt, og hefur sá framburður ákærða ekki verið hrakinn. Er því ósannað, að hún sé röng. Ber því að sýkna ákærðu Erling og Gunnar af þessum ákærulið.

Sakaferill ákærðu.

Ákærðu, sem sakfelldir eru, hafa ekki áður sætt refsingum, sem máli skipta við ákvörðun refsingar þeirra í máli þessu.

Refsingar.

Við ákvörðun refsingar ákærða Erlings ber að líta til þess, að hann hefur látið af embætti sínu vegna máls þessa. Þá ber að líta til þess vegna I. kafla ákæru, að það mun hafa tíðkast hjá ýmsum embættum, að séð væri um mætingar við fyrirtökur mála. Einnig er rétt að taka tillit til þess, að áskilnaður ákærða um greiðslur fyrir mót bakaði engum tjón, þar sem greiðendur hefðu væntanlega haft af því mun meiri kostnað, ef þeir hefðu þurft að mæta sjálfir eða fengið aðra til þess, oft um langan veg. Þá þykir bera að hafa í huga vegna meðferðar ákærða á eigin tékkum, sem lágu í sjóði, að hann hafði áður haft viðskiptareikning hjá embættinu, sem hafði verið í nokkurri skuld, þegar ákærði hóf að þiggja laun samkvæmt nýju kerfi, og leggja bar reikninginn niður. Þá verður ekki annað séð en ákærði hafi greitt skuld sína niður jafnt og þétt. Loks þykir það vera til refsilækkunar vegna bjóreyðingarinnar, að engin festa virðist hafa verið árum saman í því að fara eftir skýlausu lagaákvæði um, að senda beri upptækt áfengi Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Lagaákvæði þetta er þó í fullu gildi, þrátt fyrir það að ráða megi af gögnum málsins, að því hafi ekki verið fylgt eftir.

Með hliðsjón af öllu framansögðu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða Erlings hæfilega ákveðin 300.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í 45 daga.

Refsing ákærða X þykir hæfilega ákveðin 200.000 kr. sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en afplánist ella með 35 daga varðhaldi.

Refsing ákærða Y þykir hæfilega ákveðin 75.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem ákærði telst hafa afplánað að fullu með gæsluvarðhaldi í 7 daga, þ. e. frá 10. til 16. júní sl.

Upptaka.

Samkvæmt 1. mgr. 136. gr. tollalaga og 34. gr. áfengislaga ber að dæma ákærða Y til að sæta upptöku á því áfengi og þeim hlutum, sem hann er sakfelldur fyrir að hafa reynt að smygla hingað til lands, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Að öðru leyti ber að sýkna af kröfum ákæruvalds um upptöku.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma um sakarkostnað, þar með talin málsvarnar- og saksóknarlaun, sem hér greinir:

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Erlings, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 350.000 krónur, greiðist af ákærða að hálfu og að hálfu úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Gunnars, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, greiðist að 1/3 hluta af ákærða, en að 2/3 hlutum úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Y, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, greiðist af ákærða að 1/3 hluta, en að 2/3 hlutum úr ríkissjóði.

Ákærðu Erlingur og X greiði hvor um sig 50.000 krónur í saksóknarlaun, en ákærði Y 25.000 krónur.

Annan sakarkostnað greiði ákærði Erlingur að 1/5 hluta, ákærði X og ákærði Y að 1/10 hluta hvor og ríkissjóður að 3/5 hlutum.

Sókn málsins.

Egill Stephensen saksóknari sótti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði Erlingur Óskarsson greiði 300.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 45 daga.

Ákærði Gunnar Guðmundsson er sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði X greiði 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi í 35 daga.

Ákærði Y greiði 75.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem telst afplánuð að fullu með 7 daga gæsluvarðhaldi.

Ákærði Y sæti upptöku til ríkissjóðs á sjónvarpi, fatahengi, spegilramma og 27 áfengisflöskum.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Erlings, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 350.000 krónur, greiðist af ákærða að hálfu og að hálfu úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Gunnars, Jónatans

Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, greiðist að 1/3 hluta af ákærða, en að 2/3 hlutum úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Y, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, greiðist af ákærða að 1/3 hluta, en að 2/3 hlutum úr ríkissjóði.

Ákærðu Erlingur og X greiði hvor um sig 50.000 krónur í saksóknarlaun, en ákærði Y 25.000 krónur.

Annan sakarkostnað greiði ákærði Erlingur að 1/5 hluta, ákærðu X og Y að 1/10 hluta hvor og ríkissjóður að 3/5 hlutum.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 425/1991. **Sigurður Kristinsson**
(Gunnar Sólnes hrl.)
gegn
Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og dánarbúi Halldórs Valdimarssonar
(Haraldur Blöndal hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Skaðabætur. Vextir. Vátrygging. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. október 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. verði gert að greiða sér 2.706.407,60 krónur með vöxtum frá 1. ágúst 1979 til 7. apríl 1988, er séu hinir sömu og tilgreindir voru í stefnu hans í héraði fyrir það tímabil, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá síðarnefnda deginum til greiðsludags að frádregnum 564.264 krónum, er Sjóvátryggingafélag Íslands hf. greiddi honum 7. apríl 1988. Til vara krefst hann þess í fyrsta lagi, að félagið greiði sér 240.000 krónur ásamt 1.473.808,38 krónum í vexti af þeirri fjárhæð fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1979 til 7. apríl 1988 að frádregnum fyrrgreindum 564.264 krónum, samtals 1.149.544,38 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af þessum mismun frá síðarnefnda deginum til greiðsludags. Í öðru lagi krefst hann þess til frekari vara, að félagið greiði sér 240.000 krónur með vöxtum að fjárhæð 789.284,27 krónur fyrir tímabilið frá 4. nóvember 1983 til 7. apríl 1988 að frádreginni sömu greiðslu, samtals 465.020,27 krónur, auk sömu dráttarvaxta. Í þriðja lagi krefst hann þess til þrautavara, að félagið greiði sér 240.000 krónur með vöxtum að fjárhæð 535.313,33 krónur fyrir tímabilið 1. ágúst 1979 til 7. apríl 1988 að frádreginni sömu greiðslu, samtals 211.049,33 krónur, auk sömu dráttarvaxta. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi þessa stefnda.

Í málinu hefur áfrýjandi einnig beint kröfum sínum á hendur hinu stefnda dánarbúi Halldórs Valdimarssonar, sem sýknað var í héraðsdómi á þeirri forsendu, að kröfur hans gagnvart því teldust fyrndar. Fyrir Hæstarétti lýsti áfrýjandi því yfir, að hann hefði ekki uppi sjálfstæðar kröfur á hendur dánarbúinu.

Af hálfu beggja stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en fallið er frá kröfu um málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta er risið af umferðarslysi, er varð í götunni Skarðshlíð á Akureyri 1. ágúst 1979, þegar áfrýjandi, sem þar var á ferð á reiðhjóli, varð fyrir fólksbifreiðinni Ö-4533, en ökumaður hennar og eigandi var Halldór heitinn Valdimarsson. Slysið sætti lögreglurannsókn og var tilkynnt ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar, sem var Sjóvátryggingafélag Íslands hf. Tók félagið að sér fyrirsvar í samræmi við skilmála vátryggingarinnar, þegar áfrýjandi og foreldrar hans leituðu eftir bótum fyrir slysið, og var þeirri umleitan einvörðungu beint gegn félaginu með aðstoð lögmanns. Áður en málið var höfðað, hafði stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. tekið við skyldum og réttindum þessa félags varðandi tjónið.

Áfrýjandi var 14 ára að aldri, þegar slysið bar að höndum. Hann hlaut þar meðal annars mikið höfuðhögg, sem olli heilahristingi og meðvitundarleysi nokkra daga og vakti jafnframt grun um heilamar, er haft gæti varanlegar afleiðingar. Á grundvelli vottorða frá tveimur læknum mat Björn Önundarson tryggingayfirlæknir heilsutjón áfrýjanda af slysinu þegar í febrúar 1980 og taldi hann hafa hlotið 10% varanlega örorku. Samkvæmt gögnum þessum voru vísbendingar um endanlegar afleiðingar slyssins ekki eindregnar að öllu leyti, og sagði tryggingayfirlæknirinn í niðurlagi matsins, að orðið gæti nauðsynlegt að meta þennan sjúkling síðar, ef frekari einkenni kæmu fram.

Í kjölfar örorkumatsins gerði Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur útreikning á fjárhagstjóni áfrýjanda. Að svo búnu var Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. í ágúst 1980 sent kröfubréf frá lögmanni áfrýjanda, þar sem farið var fram á fébætur fyrir fjártjón hans og miska. Kröfubréfi þessu var ekki svarað skriflega, en fram er komið

hér fyrir dómi, að félagið hafi talið bótaskyldu vegna slyssins vera fyrir hendi. Hins vegar væri uppgjör á tjóni áfrýjanda ekki tímabært, þar sem óvissa væri enn um afleiðingar slyssins. Hefur félagið greint frá því, að trúnaðarlæknir þess hafi látið í ljós þá skoðun, að fyrrgreint örorkumat gæti ekki talist marktækt, þar sem algengast væri um áverka af þessum toga, að varanlegar afleiðingar yrðu annaðhvort engar eða mun meiri en næmi 10% örorku. Ljóst er, að áfrýjandi og aðstandendur hans ákváðu að hlíta því, að greiðsla kæmi ekki upp í tjónið að svo stöddu.

Í marsmánuði 1981 staðfesti Björn Önundarson tryggingayfirlæknir við lögmann áfrýjanda, að ekki væru ástæður til breytinga á gerðu örorkumati, en þær upplýsingar breyttu ekki stöðu málsins. Í september 1984 gaf Baldur Jónsson læknir út nýtt vottorð um heilsu áfrýjanda, þar sem hann taldi tímabært að meta örorku hans. Var vottorðið sent Birni Önundarsyni, en staðgengill hans taldi í mars 1985, að tilefni sýndist ekki til breytinga á matinu frá 1980. Erindið var síðan ítrekað við Björn sjálfan, og tjáði hann lögmanni áfrýjanda í bréfi 2. desember 1985, að líkur bentu til þess, að skaði áfrýjanda væri meiri en matið hefði gert ráð fyrir, og væri nauðsynlegt að taka hann til frekari rannsóknar. Í framhaldi af þessu var gerð sálfræðikönnun á áfrýjanda fyrri hluta árs 1986 og hann síðan lagður inn til rannsóknar á taugasjúkdómadeild Landspítalans í Reykjavík. Voru niðurstöður hennar fengnar tryggingayfirlækni ásamt vottorði 27. apríl 1987 frá Kristni Eyjólfssyni lækni. Tryggingayfirlæknir mat síðan örorku áfrýjanda að nýju 13. september 1987 og taldi varanlega örorku nema 30%. Jafnframt reiknaði Jón Erlingur Þorlaksson tryggingastærðfræðingur vinnutekjumissi hans út á nýjan leik.

Á grundvelli þessa var Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. send ný krafa um bætur fyrir tjón áfrýjanda með bréfi 4. nóvember 1987. Nam krafan alls 2.706.407,60 krónum, þ. e. sömu fjárhæð og aðalkrafa hans fyrir Hæstarétti í máli þessu, auk vaxta frá slysdegi. Í viðræðum um kröfuna bar vátryggjandinn ekki brigður á hið nýja örorkumat og vefengdi ekki, að bótaskylda væri enn fyrir hendi. Hins vegar taldi hann ábyrgð sína á tjóninu takmarkaða við hámarksfjárhæð ábyrgðartryggingarinnar á slysdegi, þ. e. 240.000 nýjar krónur. Kvaðst hann reiðubúinn til að inna þá fjárhæð af hendi ásamt almennum vöxtum fyrir næstliðin fjögur 4 ár, en eldri vextir yrðu að

teljast fyrndir. Lauk viðræðunum með því, að félagið greiddi áfrýjanda 7. apríl 1988 samtals 500.000 krónur í skaðabætur og vexti ásamt 64.264 krónum í kostnað og taldi þetta fullnaðargreiðslu, sem að hluta væri umfram skyldu, en áfrýjandi tók við henni með fyrirvara.

II.

Krafa áfrýjanda um bætur vegna slyssins er byggð á reglum VI. kafla umferðarlaga nr. 40/1968, sem í gildi voru á slysdegi. Skírskotar hann bæði til hlutlægrar ábyrgðar bifreiðareiganda samkvæmt 1. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. laganna, og til almennrar sakarreglu, þar sem rekja megi slysið til óvarkárni ökumanns bifreiðarinnar, sbr. 3. mgr. 69. gr. laganna. Er ágreiningslaust, að hann hafi átt óskertan bótarétt samkvæmt þessum ákvæðum. Sem fyrr segir, gerir áfrýjandi ekki sjálfstæðar kröfur á hendur stefnda dánarbúi Halldórs Valdimarssonar, og er bótaréttur hans þannig einvörðungu til álita að því marki, sem honum verður beitt gagnvart stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. vegna hinnar lögboðnu ábyrgðartryggingar fyrir bifreið Halldórs, sem fyrirrennari félagsins hafði tekið að sér, sbr. 1. og 4. mgr. 70. gr. umræddra laga, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1978.

Í 1. mgr. 70. gr. var kveðið á um fjárhæð þessarar vátryggingar, þ. e. hámarksábyrgð vegna heildartjóns af hverju einstöku slysi, sbr. 4. mgr. sömu greinar og 1. mgr. 75. gr. laganna. Með a-lið 1. gr. laga nr. 65/1978, er breytti 1. mgr. 70. gr. og tók gildi 1. maí 1978, var fjárhæðin ákveðin 24.000.000 gamlar krónur, er síðar urðu 240.000 nýjar krónur. Með c-lið sömu greinar laga nr. 65/1978 var aukið við umferðarlögin nýrri 3. mgr. 70. greinar, þar sem dómsmálaráðherra var heimilað að hækka vátryggingarfjárhæðir samkvæmt 1. og 2. mgr. í samræmi við verðlagsbreytingar. Þessi heimild hafði ekki verið notuð, þegar lögunum sjálfum var aftur breytt og fjárhæðirnar hækkaðar frá og með 12. maí 1980. Var fyrrgreint hámark, 240.000 krónur, því enn í gildi á slysdegi 1. ágúst 1979.

Eftir undirstöðurökum vátryggingar samkvæmt VI. kafla umferðarlaga nr. 40/1968 var rétt að líta svo á, að vátryggingarfjárhæð á þeim tíma, er slys yrði, héldist óbreytt sem hámark bótagreiðslna fyrir tjón af slysinu án tillits til síðari verðlagsbreytinga. Var fyrr-

greindu heimildarákvæði 3. mgr. 70. gr. laganna ekki ætlað að koma á beinni tengingu við slíkar breytingar. Er þannig ekki unnt að fallast á það með áfrýjanda, að hámarksábyrgð Sjóvátryggingafélags Íslands hf. hafi átt að hækka sjálfkrafa til samræmis við þær stórfelldu verðlagshækkanir, sem urðu frá slysdegi til uppgjörsdags 1988. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að félagið hafi gengist undir að sæta slíkri hækkun í upphafi eða síðar. Að þessu athuguðu ber að fallast á það með héraðsdómara, að krafa áfrýjanda um fébætur umfram 240.000 krónur verði ekki tekin til greina, og ber að hafna aðalkröfu hans.

Varakröfur áfrýjanda lúta að því, hvaða vexti vátryggjandanum hafi borið að greiða 7. apríl 1988 af þeim bótum, er þá voru reiddar fram og svöruðu fullri vátryggingarfjárhæð. Í fyrstu og annarri kröfunni eru vextir lagðir við höfuðstól, en í þriðju kröfunni er reiknað með einföldum vöxtum.

Kröfum þessum mótmælir vátryggjandi með vísan til 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, er kveður á um fyrningu gjaldkræfra vaxta á fjórum árum. Um tjón áfrýjanda eru atvik þau, sem fyrr getur, að bótakrafa var gerð um ári eftir slysið og þá lögð til hliðar að svo stöddu vegna þeirrar afstöðu vátryggingarfélagsins, að uppgjör á tjóninu væri ekki tímabært. Eftir það voru félaginu ekki send skrifleg erindi fyrr en síðla árs 1987. Hins vegar er sannað, að félaginu var ljóst allt þetta tímabil, að áfrýjandi hafði orðið fyrir tjóni, sem bæta þyrfti í einhverjum mæli, og myndi hann leita eftir uppgjöri, þegar traustari gögn lægju fyrir. Jafnframt verður ekki séð, að áfrýjandi verði sakaður um vanrækslu við öflun þeirra gagna.

Ákvæði um fyrningu bótakrafna samkvæmt VI. kafla umferðarlaga nr. 40/1968 var að finna í 78. gr. laganna, og eru þau hliðstæð almennum fyrningarákvæðum í 29. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Í 30. gr. síðarnefndu laganna er vikið að samningum þess efnis, að vátryggður geti glatað kröfu á skemmri fresti en hinum lögmælta fyrningarfresti samkvæmt 29. gr., ef hann fylgi henni ekki áður eftir með lögsókn. Segir í 30. gr., að þeim samningum verði því aðeins beitt, að vátryggjandi hafi skýrt vátryggðum skriflega frá því með minnst sex mánaða fyrirvara, hversu langur frestur inn sé og hverjar afleiðingar það hafi, ef hann líður ónotaður.

Við þær aðstæður, sem fyrr var lýst, var vátryggingarfélaginu nauðsynlegt að gera áfrýjanda viðvart um, að vextir af bótakröfu hans væru að fyrnast, ef það hugðist firra sig ábyrgð á greiðslu þeirra frá slysdegi, svo sem hann hafði gert kröfu til. Var rétt í því efni að hafa hliðsjón af ákvæðum 30. gr. laga nr. 20/1954, þótt þau ættu ekki við með beinum hætti. Fyrir liggur hins vegar, að mótbára um fyrningu vaxta var ekki höfð uppi, fyrr en endanleg krafa áfrýjanda var komin fram. Þegar litið er til alls þessa, þykir verða að fallast á það með áfrýjanda, að hann hafi ekki þurft að sæta þeirri mótbáru.

Samkvæmt þessu átti áfrýjandi óskertan rétt á vöxtum frá 1. ágúst 1979 af bótum fyrir tjón sitt, sbr. 3. mgr. 92. gr. laga nr. 20/1954. Er rétt að leggja þar til grundvallar þá einföldu vexti, sem um ræðir í þriðju varakröfu hans, en samkvæmt henni átti greiðsla höfuðstóls og vaxta að nema samtals 775.313 krónum. Frá þeim ber að draga þá upphæð, sem hann fékk greidda að kostnaði frátöldum, þ. e. 500.000 krónur. Verður stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. gert að greiða honum mismuninn, 275.313 krónur, með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, frá uppgjörsdegi 7. apríl 1988 til þingfestingar á máli hans í héraði 27. september 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt skal að leggja áfallna vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. apríl 1989.

Rétt er eftir þessum úrslitum, að stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem mælt er um í dómsorði.

Dómsorð:

Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. greiði áfrýjanda, Sigurði Kristinssyni, 275.313 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. apríl 1988 til 27. september 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt skal að leggja vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. apríl 1989.

Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. greiði áfrýjanda samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 2. júlí 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann dag, hefur Jón Kr. Sólnes hrl. höfðað með stefnu, út gefinni á Akureyri 27. 8. 1990, fyrir hönd Sigurðar Kristinssonar, kt. 200565-4039, Sogavegi 150, Reykjavík, á hendur Benedikt Sveinssyni hrl., Lindarflöt 51, Garðabæ, sem stjórnarformanni f. h. Sjóvá-Almennra hf., Kringlunni 5, Reykjavík, kt. 701288-1739, og dánarbúi Halldórs Valdimarssonar, kt. 010754-2249, síðast til heimilis að Flötusíðu 6, Akureyri, til heimtu skaðabóta vegna tjóns af völdum umferðarslyss auk vaxta og málskostnaðar. En málið var þingfest 27. september 1990.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 15.002.869,39 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum].

Til frádráttar tildæmdum fjárhæðum komi greiðsla Sjóvátryggingafélags Íslands 7. 4. '88, 564.264 kr.

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi. Til vara er þess krafist, að stefndu verði einungis gert að greiða hluta kröfunnar, en málskostnaður falli niður.

Málsatvik eru þau, að 1. ágúst 1979 var bifreiðinni Ö-4533 ekið á stefnanda, þar sem hann var á reiðhjóli við Skarðshlíð á Akureyri, með þeim afleiðingum, að hann slasaðist alvarlega og hlaut varanlegt líkamstjón af.

Ökumaður bifreiðarinnar og eigandi hennar var Halldór Valdimarsson, sem nú er látinn, og var bifreiðin í ábyrgðartryggingu hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. Taldi ökumaður, að hraði bifreiðarinnar hefði verið um 75 km á klst., er slysið varð, og samkvæmt prófun lögreglu á slysstað miðað við hemlaför bifreiðarinnar virðist bifreiðin hafa getað verið á allt að 80 km hraða.

Stefnandi hlaut höfuðáverka, sem ekki verður nánar lýst hér, og var örorka hans metin af Birni Önundarsyni tryggingayfirlækni sem hér segir: hinn 4. 2. 1980 frá slysdegi talið í þrjá mánuði 100%, eftir það í þrjá mánuði 50% og varanleg örorka 10%.

Hinn 13. 9. 1987 mat sami læknir örorku stefnanda 100% í sex mánuði frá slysdegi, 75% í þrjá mánuði eftir það og síðan varanlega örorku 30%.

Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda 31. 7. 1980, og mat hann verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi vegna tímabundinnar örorku 1.260 kr., en vegna varanlegrar örorku 112.010 kr.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknaði út örorkutjón

stefnanda 20. 10. 1987. Reiknaðist honum þá höfuðstóll vinnutekjutjóns stefnanda á slysdegi 5.100 kr. vegna tímabundinnar örorku og 1.673.300 kr. vegna varanlegrar örorku, samtals 1.687.400 krónur.

Er slysið varð, var lögboðin fjárhæð ábyrgðartryggingar samkvæmt 70. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 65/1978, 24.000.000 kr. gamlar, en 240.000 nýkrónur.

Hinn 7. apríl 1988 greiddi Sjóvátryggingafélag Íslands hf. stefnanda 564.264 kr. í umsamdar skaðabætur fyrir allt tjón stefnanda ásamt innheimtulaunum og kostnaði, sem kvittað er fyrir með fyrirvara um frekari endurskoðun af lögmanni stefnanda, Jóni Kr. Sólnes hrl.

Við málflutning kom fram, að greiðsla þessi sundurliðast þannig, að 64.264 kr. eru útlagður kostnaður og innheimtulaun, 240.000 kr. er vátryggingarfjárhæð á slysdegi og þá eftirstöðvarnar vextir í fjögur ár frá greiðsludegi. Greiðslu þessa telur stefnandi vera alls ófullnægjandi, en kröfu sína sundurliðar hann þannig:

1. Bætur fyrir tímabundna og varanlega örorku	kr.	7.000.000,00
2. Miskabætur	-	8.000.000,00
3. Bætur fyrir munatjón	-	760,39
4. Bætur vegna læknisþjónustu og ferðakostnaðar .	-	2.109,00
Samtals	kr.	15.002.869,39

Kröfu sína samkvæmt 1. lið rökstyður stefnandi þannig, að örorkumat og örorkutjónsútreikningur sé grundvallað á hinni metnu læknisfræðilegu örorku, en slíkt mat og raunverulegt tjón fari ekki saman í nær öllum tilvikum. Tjón stefnanda sé mun meira og hafi ekki komið í ljós, fyrr en honum var neitað um einkaflugmannsskírteini 1. 8. 1990 vegna heilsubrests hans, sem af slysinu leiddi og fyrst varð ljóst, hversu alvarlegar afleiðingar slysið hafði á tekjumöguleika hans á hverju því starfssviði, þar sem krafist er fyllstu einbeitingar. Og í ljósi þess, að hann hafi þurft að leggja flugnám á hilluna, sem hann hafi ætlað að gera að ævistarfi sínu, sé tjón hans mun meira en útreikningar segi til um.

Kröfuliður 2 er studdur því, að slysið hafi haft gífurleg áhrif á allt líf stefnanda, og muni hann alla ævi líða fyrir það bæði andlega og líkamlega.

Liðir 3 og 4 eru studdir tölulegum gögnum, sbr. dskj. nr. 36–58.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þau, að stefnda, Sjóvá-Almennar hf., sem hafi tekið við af Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., hafi verið margsinnis krafið bóta vegna málsins, og með greiðslu sinni 7. apríl 1988 hafi hið stefnda félag viðurkennt í verki bótaskyldu sína. Byggist bótaskylda beggja stefndu á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 70. gr. laga nr. 40/1968, og ábyrgð dánarbúsins á því, að ökumaður hafi verið eigandi bifreiðarinnar Ö-4533. Krafan á

hendur dánarbúinu sé reist á reglu 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. sömu laga, en til vara á sök ökumanns skv. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968, enda hafi hann brotið ákvæði um hámarkshraða skv. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 16/1977, og varúðarreglur, sbr. 2. mgr. og 3. mgr., liði a og l, 49. gr. laga nr. 40/1968. Beinist málsókn þessi gegn báðum stefndu þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968, og miskabótakröfu sína reisir hann á 1. mgr. 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Um vátryggingarfjárhæð skv. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 40/1968, 240.000 kr., er gilti á slysdegi, heldur stefnandi því fram, að hún hafi að sjálfsögðu verið ákveðin í samræmi við verðlag, er gilti á þeim tíma, og ekki sé eðlilegt, að sú fjárhæð verði látin gilda óbreytt í máli þessu, heldur verði að framreikna hana miðað við hækkun vísitölu frá slysdegi til dómsuppkvaðningar.

Stefnandi heldur því fram, að með greiðslu sinni 7. 4. 1988 hafi stefndi, Sjóvá-Almennar hf., viðurkennt bótaskyldu sína í verki og rofið með því fyrningarfrest þann, sem lögmæltur er í 78. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 3. gr. laga nr. 23/1972, og sé því krafa stefnanda ófyrnd.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á eftirgreindum málsástæðum og lagarökum: Að því er varðar stefnda dánarbú Halldórs Valdimarssonar komi hvergi fram í málinu, að dánarbúið eða Halldór heitinn sjálfur hafi nokkuð það aðhafst, er hafi getað slitið fyrningu. Leggur stefndi sérstaka áherslu á það, að Sjóvátryggingafélag Íslands hf. hafi aldrei getað, svo að gilt sé, rofið fyrningarfrest gagnvart stefnda dánarbúinu. Beri því að sýkna dánarbúið af öllum kröfum stefnanda þegar af þeirri ástæðu, enda hafi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. tekið við aðild málsins, eftir að Sjóvátryggingafélag Íslands hf. var sameinað því, og svo sem áður getur, hafi bifreiðin verið ábyrgðartryggð hjá fyrrnefndu félagi og vátryggingarfjárhæðin verið 24.000.000 gkr., en eftir myntbreytingu 240.000 kr. Hinn 7. apríl 1988 hafi félagið greitt stefnanda alla vátryggingarfjárhæðina ásamt vöxtum og kostnaði, samtals 564.264 kr., og sé rétt að taka fram, að vaxtagreiðslan hafi verið talsvert umfram lagaskyldu, en fjögurra ára fyrningarfrestur sé á vöxtunum. Hafi því félagið innt af hendi þá greiðslu, sem því var skylt að greiða skv. vátryggingarsamningi sínum og landslögum, og stefnandi eigi ekki frekari kröfur á hendur því. Sérstaklega mótmælir stefndi því, að vátryggingarfjárhæðir séu vísitölutryggðar, heldur takmarkist greiðsluskylda vátryggingafélaga eingöngu við vátryggingarfjárhæð að viðbættum vöxtum. Verði ekki fallist á sýknu, er því haldið fram, að stefndu eigi einungis að greiða hluta kröfunnar. Segja stefndu, að örorkutjónsútreikningur Jóns E. Þorlákssonar tryggingastærðfræðings sé byggður á áætlunum um tekjur stefnanda árin 1979 til 1989, þrátt fyrir það að fyrir hafi legið fullnægjandi gögn,

þ. e. a. s. skattskýrslur um tekjur stefnanda þessi ár, sem stefnandi hafi ekki lagt fram. Einnig liggi ekki fyrir gögn um greiðslur til stefnanda frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá beri og að lækka stefnukröfu stórlega, en við kröfugerðina hafi ekki verið tekið tillit til skattfrelsis bóta. Reisa stefndu þau sjónarmið sín á 2. mgr. 28. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt og alið 2. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu skatta, sbr. 23. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem kveðið sé á um, að bætur fyrir varanlega örorku teljist ekki tekjur í skattalegu tilliti. Beri því að draga frá hagræði vegna skattfrelsisins staðgreiðslu, sem nú sé 39,79% af hærri árslaunum en 688.548. Þá ber enn að taka tillit til hagræðis vegna eingreiðslu, svo og gagnvart stefnda dánarbúinu ber að hafa í huga 24. gr. vátryggingarsamningalaga, að því er varðar fjárhæðir umfram vátryggingarfjárhæð.

Hér fyrir dómi bar stefnandi það, að í samráði við lækni hefði hann síðastliðin tvö ár engin lyf tekið og lifi nú eðlilegu lífi, en slysið hefði stöðvað sig í flugnámi, og ekki kveðst hann sjálfur verða var við minnisleysi, en það sé haft á orði í vinahóp sínum. Hann hafi lokið stúdentsprófi frá verslunardeild VMA fyrir fimm árum og slysið tafið skólagöngu um eitt ár. Hafi hann lokið sóló-prófi í flugi, A-prófi (sic) og ætlað að taka einkaflugmannspróf, verið búinn að fara í læknisrannsóknir til Úlfars Þórðarsonar læknis og staðist þær, en er læknirinn fékk læknaskýrslur um ástand hans, hafi hann talið hann óhæfan og hann verið sviptur sóló-prófinu. Hafi læknirinn tjáð sér, að hann byggði afstöðu sína á slysinu og afleiðingum þess. Hann kvaðst ekki hafa stundað frekara nám eftir stúdentspróf, og aðspurður kvaðst hann aka bifreið. Hann kvað ekki orð á gerandi þeim óþægindum, sem hann hefði af slysinu nú, hann fái stöku sinnum smásvima. Hann hafi haft í hyggju að hafa atvinnu af flugi sem kennari og atvinnuflugmaður, en slysið gert þau áform sín að engu. Nú veiti hann forstöðu fyrirtæki, sem reki sólbaðsstofu og farandsölu, og hafi fjóra starfsmenn undir sinni stjórn og félaga síns í sameignarfélaginu. Hann sagði, að slysið hefði mótað mjög líf sitt, sett skarð í lífið, en hann lært að lifa með afleiðingum þess.

Álit dómsins.

Í máli þessu er ekki deilt um bótaskyldu stefndu, þ. e. a. s. sök ökumanns Ö-4533, Halldórs heitins Valdimarssonar.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að dánarbú Halldórs Valdimarssonar eða Halldór heitinn Valdimarsson sjálfur hafi verið krafinn bóta vegna slyssins, en stefndu var birt stefna í máli þessu 20. september 1990. Samkvæmt 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda telst fyrningarfrestur gagnvart dánarbúinu vera 10 ár, frá því að

slys þetta varð, þ. e. a. s. 1. ágúst 1979, og skv. 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 23/1972, 3. gr., fyrnist krafa þessi í síðasta lagi á 10 árum, frá því að tjónsatburðurinn varð. Samkvæmt þessu er krafan á hendur stefnda dánarbúi Halldórs Valdimarssonar fyrnd, og af þeim sökum ber að sýkna dánarbúið af kröfum stefnanda.

Að því er varðar kröfur stefnanda á hendur Sjóvá-Almennum hf., er það álit dómsins, að skv. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 40/1968, umferðarlaga, sbr. lög nr. 65/1978, hafi hámark vátryggingarfjárhæðarinnar verið 24.000.000 gkr., en nú 240.000 kr., skv. gagnályktun frá 1. mgr. 75. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Samkvæmt því ber að sýkna stefnda Sjóvá-Almennar hf. af kröfum stefnanda, þar sem félagið hefur innt af hendi til stefnanda lögboðna greiðslu 7. apríl 1988 auk vaxta, en gjaldkræfir vextir fyrnast á fjórum árum skv. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, og ber því að sýkna hið stefnda vátryggingarfélag af kröfum stefnanda, svo sem áður greinir.

Ekki verður séð, að sú staðhæfing stefnanda, að hámarks-vátryggingarfjárhæð sé verðtryggð frá slysdegi til dómsuppsögu, eins og stefnandi heldur fram (sic).

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, Sjóvá-Almennar hf. og db. Halldórs Valdimarssonar, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Sigurðar Kristinssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 328/1992. **Skúli Thoroddsen**
(Vilhjálmur Vilhjálmsson hrl.)
gegn
Jóni Arnarr Einarssyni
(Grétar Haraldsson hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1992. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til greiðslu 375.000 króna, og til þrautavara til greiðslu 1.875.000 króna gegn framsali á kröfu stefnda á hendur meðskuldurum sínum, Bergi Guðnasyni, Grétari Haraldssyni, Jóhannesi Jónssyni og Kristjáni Ómari Kristjánssyni. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Víxill sá, sem um er deilt í máli þessu, er í lögmæltu formi, eins og staðfest er í héraðsdómi. Málsvörn áfrýjanda er einkum byggð á tvennu: Í fyrsta lagi, að ekki hafi verið samið um, að gjalddagi yrði færður á víxilinn. Hann sé því sýningarvíxill og hafi sem slíkur verið sýndur of seint til greiðslu. Í öðru lagi, að víxillinn hafi ekki verið sýndur réttilega á greiðslustað. Málsástæður þessar varða aðferð við að halda víxilkröfu í gildi og verða því hafðar uppi í víxilmáli, sbr. 2. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og nú 2. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Víxillinn er út gefinn 1. júní 1989. Staðfest er, að gjalddaginn 5. desember 1990 hafði ekki verið ritaður á hann, þegar stefndi fékk hann í hendur. Þá hafði áfrýjandi framselt hann. Gegn mótmælum áfrýjanda er ósannað, að samkomulag hafi verið um það, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933, að víxilhafi mætti setja gjalddaga á víxilinn,

sem væri fyrst að loknum sýningarfresti. Hefur því þessi ritun gjalddaga ekkert gildi. Ber því að líta svo á, að víxillinn hafi verið gjaldkræfur við sýningu. Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laganna skal sýna slíkan víxil til greiðslu, áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi. Þar sem það fórst fyrir, glataði stefndi víxilrétti sínum á hendur áfrýjanda, sbr. 1. mgr. 53. gr. víxillaga. Af þessu leiðir, að sýkna ber áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Skúli Thoroddsen, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Jóns Arnarr Einarssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. maí 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí 1992, er höfðað fyrir bæjarþinginu með opinberri stefnu, birtri 9. október 1991, á hendur Skúla Thoroddsen, kt. 060849-2699, áður til heimilis að Bergstaðastræti 54 í Reykjavík, en nú með óþekkt heimilisfang í Svíþjóð.

I.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 2.000.000 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. desember 1990 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Stefndi, Skúli, krefst þess aðallega að verða sýknaður af kröfum stefnanda í málinu. Til vara er þess krafist, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda 375.000 kr. Til þrautavara er þess krafist, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda 1.875.000 kr. gegn framsali á kröfum stefnanda á hendur meðskuldurum sínum, Bergi Guðnasyni, kt. 290941-2619, Grétari Haraldssyni, kt. 060335-7299, Jóhannesi Jónssyni, kt. 310840-3009, og Kristjáni Ómari Kristjánssyni, kt. 300833-3329.

Þá er krafist greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts úr hendi stefnanda og að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Leitað hefur verið um sættir í málinu án árangurs.

II.

Krafan er til komin vegna víxils, að fjárhæð 2.000.000 kr., út gefins af stefnda, Skúla Thoroddsen, 1. júní 1989, en samþykkts til greiðslu af Skúla Thoroddsen fyrir hönd Meðferðar hf. 5. desember 1990 í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík. Stefndi, Skúli Thoroddsen, var prókúruhafi fyrir Meðferð hf. á útgáfudegi víxilsins. Á víxilinn er ritað „tryggingarvíxill".

Á víxilinn er ritað án afsagnar, og var afsögn því óþörf.

III.

Stefnandi rökstyður mál sitt því, að greiðslufall hafi orðið hjá stefnda, innheimtutilraunir vegna hins umstefnda víxils hafi ekki borið árangur, og sé því málshöfðun þessi nauðsynleg.

Um lagarök vísar stefnandi til víxillaga nr. 93/1933, XVII. kafla laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 og vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi, Skúli Thoroddsen, styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi því, að stefndi hafi afhent tryggingarvíxil þann, sem málsókn þessi byggist á, stefnanda sem tryggingu fyrir greiðslu stefnda á því tapi, sem stefnandi kynni að verða fyrir, ef stefnandi þyrfti að greiða skuld Meðferðar hf. í Búnaðarbanka Íslands, sem stefnandi hafi ábyrgst. Hafi stefnandi og stefndi gert um þetta skriflegan samning, sem sé í vörslu stefnanda.

Í öðru lagi telur stefndi, að stefnandi hafi fengið téðan víxil í hendur hjá stefnda á útgáfudegi víxilsins 1. júní 1989, og hafi víxillinn verið sýningarvíxill í merkingu 34. gr. víxillaga, 2. mgr. 2. gr. sömu laga, því að á hann hafi verið ritað orðið tryggingarvíxill og gjalddagi ekki tilgreindur. Víxillinn beri það með sér, að hann sé ritaður af útgefanda hans, stefnda, að öðru leyti en því, að gjalddaginn 5. desember 1990 sé ekki hönd hans. Stefndi hafi ekki heimilað, að gjalddagi væri ritaður á víxilinn. Þá hafi víxillinn verið stimplaður 28. nóvember 1990, tæpu hálfu ári eftir að sýna átti hann til greiðslu.

Í þriðja lagi er á það bent, að greiðandi téðs víxils sé Meðferð hf. Ekkert liggi fyrir í málinu um, að víxilkröfunni hafi verið lýst í þrotabú félagsins, en stefndi beri ekki ábyrgð á greiðslu hennar, að svo miklu leyti sem krafan hefði fengist greidd úr búi Meðferðar hf.

Í fjórða lagi er því haldið fram, að sýna hefði átt víxilinn til greiðslu fyrir 1. júní 1990, þ. e. a. s. innan eins árs frá útgáfudegi hans. Því sé ljóst, að gjalddagi víxilsins hafi í síðasta lagi getað verið 31. maí 1990. Af því leiði, að krafa stefnanda á hendur stefnda sé fyrnd skv. 2. mgr. 70. gr. víxillaga. Að auki bendir stefnandi á, að stefnubirtingar á hendur stefnda séu með þeim hætti, að mál þetta teljist ekki höfðað fyrr en við þingfestingu þess 17. desember 1991.

Varakrafa stefnda er rökstudd með því, að hann hafi gefið víxilinn út til að tryggja stefnanda fyrir því tjóni, sem hann kynni að verða fyrir af vanskilum Meðferðar hf. við Búnaðarbanka Íslands. Sú fjárhæð nemi 1.875.000 krónum, og þar sem ábyrgðarmenn séu fimm, nemi hlutur hvers af kröfunni 375.000 krónum, þ. á m. stefnda.

Þrautavarakrafan er studd þeim rökum, að skuld sú, sem stefndi ábyrgist stefnanda, nemi 1.875.000 krónum, þar sem ábyrgðin nái ekki lengra.

IV.

Mál þetta er rekið sem víxilmál, rekið skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Víxlinum er rétt lýst í stefnu, og fullnægir hann formskilyrðum 1., sbr. 2. gr. l. nr. 93/1933. Því er haldið fram, að ekki hafi verið heimild til útfyllingar á gjalddaga víxilsins, þar sem um sýningarvíxil hafi verið að ræða. Gegn mótmælum stefnanda verður ekki fallist á þá málsástæðu. Telja verður, að þegar víxill er afhentur, án þess að hann sé að öllu leyti útfylltur, felist í því umboð til víxilhafa að fylla í eyðuna. Sú málsástæða, að víxillinn hafi verið útfylltur andstætt heimild, varðar lögskiptin að baki og kemst ekki að skv. 2. mgr. 208. gr. eml. nr. 85/1936.

Sú málsástæða stefnda, að víxlinum hafi ekki verið lýst í þrotabú samþykkjanda víxilsins og stefndi því ekki ábyrgur fyrir greiðslu hennar, að svo miklu leyti sem krafan hefði fengist greidd úr búi hans, telst vanreifuð, enda ekki studd neinum gögnum, og kemur því ekki til skoðunar. Ber því að taka kröfur stefnanda, sem er lögformlegur handhafi víxilsins, til greina með vöxtum, eins og krafist er.

Málskostnaður ákveðst 265.000 krónur.

Sigrún Benediktsdóttir, ftr. yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Skúli Thoroddsen, greiði stefnanda, Jóni Arnarr Einarssyni, 2.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. desember 1990 til greiðsludags og 265.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskatt.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 329/1992. **Skúli Thoroddsen**
(Vilhjálmur Vilhjálmsson hrl.)
gegn
Jóni Arnarr Einarssyni
(Grétar Haraldsson hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1992. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til greiðslu 611.420 króna og til þrautavara til greiðslu 3.057.102 króna gegn framsali á kröfu stefnda á hendur meðskuldurum sínum, Bergi Guðnasyni, Grétari Haraldssyni, Bjarna Steingrímssyni og Kristjáni Ómari Kristjánssyni. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Víxill sá, sem um er deilt í máli þessu, er í lögmæltu formi, eins og staðfest er í héraðsdómi. Málsvörn áfrýjanda er einkum byggð á tvennu: Í fyrsta lagi, að ekki hafi verið samið um, að gjalddagi yrði færður á víxilinn. Hann sé því sýningarvíxill og hafi sem slíkur verið sýndur of seint til greiðslu. Í öðru lagi, að víxillinn hafi ekki verið sýndur réttilega á greiðslustað. Málsástæður þessar varða aðferð við að halda víxilkröfu í gildi og verða því hafðar uppi í víxilmáli, sbr. 2. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og nú 2. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Víxillinn er út gefinn 1. júní 1989. Staðfest er, að gjalddaginn 5. desember 1990 hafði ekki verið ritaður á hann, þegar stefndi fékk hann í hendur. Þá hafði áfrýjandi framselt hann. Gegn mótmælum áfrýjanda er ósannað, að samkomulag hafi verið um það, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933, að víxilhafi mætti setja gjalddaga á víxilinn,

sem væri fyrst að loknum sýningarfresti. Hefur því þessi ritun gjalddaga ekkert gildi. Ber því að líta svo á, að víxillinn hafi verið gjaldkræfur við sýningu. Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laganna skal sýna slíkan víxil til greiðslu, áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi. Þar sem það fórst fyrir, glataði stefndi víxilrétti sínum á hendur áfrýjanda, sbr. 1. mgr. 53. gr. víxillaga. Af þessu leiðir, að sýkna ber áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Skúli Thoroddsen, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Jóns Arnarr Einarssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. maí 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí 1992, er höfðað fyrir bæjarþinginu með opinberri stefnu, birtri 9. október 1991, á hendur Skúla Thoroddsen, kt. 060849-2699, áður til heimilis að Bergstaðastræti 54 í Reykjavík, en nú með óþekkt heimilisfang í Svíþjóð, og Kristjáni Ó. Kristjánssyni með stefnu, birtri 2. 10. 1991.

Mál þetta var þingfest á reglulegu bæjarþingi 17. desember 1991. Sótt var þing í máli þessu af hálfu stefnda Skúla Thoroddsen, en af hálfu stefnda Kristjáns Ó. Kristjánssonar hefur ekki verið sótt þing.

I.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 4.000.000 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. desember 1990 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Stefndi Skúli krefst þess aðallega að verða sýknaður af kröfum stefnanda í málinu. Til vara er þess krafist, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda 611.420 kr. Til þrautavara er þess krafist, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda 3.057.102 kr. gegn framsali á kröfum stefnanda á hendur meðskuldurum sínum, Bergi Guðnasyni, kt. 290941-2619, Grétari Haraldssyni, kt. 060335-7299, Bjarna Steingrímssyni, kt. 190336-2479, og Kristjáni Ómari Kristjánssyni, kt. 300833-3329.

Þá er krafist greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts úr hendi stefnanda og að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Leitað hefur verið um sættir í málinu án árangurs.

II.

Krafan er til komin vegna víxils, að fjárhæð 4.000.000 kr., út gefins af stefnda Kristjáni Ómari Kristjánssyni 1. júní 1989, en samþykkts til greiðslu af Skúla Thoroddsen fyrir hönd Meðferðar hf. 5. desember 1990 í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík. Stefndi Skúli Thoroddsen var prókúruhafi fyrir Meðferð hf. á útgáfudegi víxilsins. Víxillinn er ábektur af stefnda Skúla Thoroddsen. Á víxilinn er ritað „tryggingarvíxill". Á víxilinn er ritað án afsagnar, og var afsögn því óþörf.

III.

Stefnandi rökstyður mál sitt því, að greiðslufall hafi orðið hjá stefndu, innheimtutilraunir vegna hins umstefnda víxils hafi ekki borið árangur, og sé því málshöfðun þessi nauðsynleg.

Um lagarök vísar stefnandi til víxillaga nr. 93/1933, XVII. kafla laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 og vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi Skúli Thoroddsen styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi því, að stefndi hafi afhent tryggingarvíxil þann, sem málsókn þessi byggist á, stefnanda sem tryggingu fyrir greiðslu stefnda á því tapi, sem stefnandi kynni að verða fyrir, ef stefnandi þyrfti að greiða skuld Meðferðar hf. í Búnaðarbanka Íslands, sem stefnandi hafi ábyrgst. Hafi stefnandi og stefndi gert um þetta skriflegan samning, sem sé í vörslu stefnanda.

Í öðru lagi telur stefndi, að stefnandi hafi fengið téðan víxil í hendur hjá stefnda á útgáfudegi víxilsins 1. júní 1989, og hafi víxillinn verið sýningarvíxill í merkingu 34. gr. víxillaga, 2. mgr. 2. gr. sömu laga, því að á hann hafi verið ritað orðið tryggingarvíxill og gjalddagi ekki tilgreindur.

Víxillinn beri með sér, að hann sé ritaður af útgefanda hans, stefnda, að öðru leyti en því, að gjalddaginn 5. desember 1990 sé ekki hönd hans. Stefndi hafi ekki heimilað, að gjalddagi væri ritaður á víxilinn. Þá hafi víxillinn verið stimplaður 28. nóvember 1990, tæpu hálfu ári eftir að sýna átti hann til greiðslu.

Í þriðja lagi er á það bent, að greiðandi téðs víxils sé Meðferð hf. Ekkert liggi fyrir í málinu um, að víxilkröfunni hafi verið lýst í þrotabú félagsins, en stefndi beri ekki ábyrgð á greiðslu hennar, að svo miklu leyti sem krafan hefði fengist greidd úr búi Meðferðar hf.

Í fjórða lagi er því haldið fram, að sýna hefði átt víxilinn til greiðslu fyrir 1. júní 1990, þ. e. a. s. innan eins árs frá útgáfudegi hans. Því sé ljóst, að gjalddagi víxilsins hafi í síðasta lagi getað verið 31. maí 1990. Af því leiði, að krafa stefnanda á hendur stefnda sé fyrnd samkvæmt 2. mgr. 70. gr. víxil-

laga. Að auki bendir stefnandi á, að stefnubirtingar á hendur stefnda séu með þeim hætti, að mál þetta teljist ekki höfðað fyrr en við þingfestingu þess 17. desember 1991.

Varakrafa stefnda er rökstudd með því, að hann hafi gefið víxilinn út til að tryggja stefnanda fyrir því tjóni, sem hann kynni að verða fyrir af vanskilum Meðferðar hf. við Búnaðarbanka Íslands. Sú fjárhæð nemi 3.057.102 krónum, og þar sem ábyrgðarmenn séu fimm, nemi hlutur hvers af kröfunni 611.421 krónu, þ. á m. hlutur stefnda.

Þrautavarakrafan er studd þeim rökum, að skuld sú, sem stefndi ábyrgist stefnanda, nemi 3.057.102 krónum, þar sem ábyrgðin nái ekki lengra.

IV.

Mál þetta er rekið sem víxilmál, rekið skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Víxlinum er rétt lýst í stefnu, og fullnægir hann formskilyrðum 1., sbr. 2. gr. l. nr. 93/1933. Því er haldið fram, að ekki hafi verið heimild til útfyllingar á gjalddaga víxilsins, þar sem um sýningarvíxil hafi verið að ræða. Gegn mótmælum stefnanda verður ekki fallist á þá málsástæðu. Telja verður, að þegar víxill er afhentur, án þess að hann sé að öllu leyti útfylltur, felist í því umboð til víxilhafa að fylla í eyðuna. Sú málsástæða, að víxillinn hafi verið útfylltur andstætt heimild, varðar lögskiptin að baki og kemst ekki að skv. 2. mgr. 208. gr. eml. nr. 85/1936.

Sú málsástæða stefnda, að víxlinum hafi ekki verið lýst í þrotabú samþykkjanda víxilsins og stefndi því ekki ábyrgur fyrir greiðslu hennar, að svo miklu leyti sem krafan hefði fengist greidd úr búi hans, telst vanreifuð, enda ekki studd neinum gögnum, og kemur því ekki til skoðunar. Er því ekki fallist á fram komnar varnir Skúla Thoroddsen.

Stefndi Kristján Ó. Kristjánsson hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum.

Kröfur stefnanda, sem er lögformlegur handhafi víxilsins, eru teknar til greina með vöxtum, eins og krafist er.

Málskostnaður ákveðst 385.000 kr.

Sigrún Benediktsdóttir, ftr. yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Skúli Thoroddsen og Kristján Ó. Kristjánsson, greiði in solidum stefnanda, Jóni Arnarr Einarssyni, 4.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. desember 1990 til greiðsludags og 385.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskatt.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 245/1992. **Tollstjórinn í Reykjavík**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
þrotabúi Kjötmiðstöðvarinnar hf.
(Hlöðver Kjartansson hdl.)

Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Greiðslustöðvun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1992. Hann krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt á þá lund, að krafa hans vegna söluskattsskuldar stefnda fyrir október- og nóvembermánuð 1988, að fjárhæð 6.800.000 krónur, verði viðurkennd sem búskrafa samkvæmt 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sem búskröfu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Í máli þessu er ágreiningur um það, hvar í skuldaröð skuli skipa söluskattskröfu áfrýjanda, sem myndaðist á greiðslustöðvunartíma Kjötmiðstöðvarinnar hf. frá 29. september til 10. nóvember 1988, en þann dag var fyrirtækið úrskurðað gjaldþrota. Áfrýjandi krefst þess, að kröfunni verði skipað í skuldaröð sem búskröfu samkvæmt 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974, en þar er kveðið á um það, að „kröfur stofnaðar eftir upphaf skipta með löglegum samningum, sem skiptaráðandi eða aðrir umráðamenn búsins gera fyrir þess hönd“ teljist til búskrafna. Deila aðilar um það, hvort miða skuli upphaf skipta í þessu sambandi við frestdag,

sbr. 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem var 26. september 1988, eða við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar 10. nóvember 1988.

Samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum nr. 25/1929 töldust gjaldþrotaskipti byrjuð, þegar skiptaráðandi fékk í hendur beiðni skuldunauts um þau eða, krefðist lánardrottinn skipta, við uppkvaðningu úrskurðar.

Í 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem leystu af hólmi lög nr. 25/1929, sagði, að um skuldaröð við gjaldþrotaskipti giltu ákvæði 8. kapítula skiptalaga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 32/1974, sbr. einnig nú lög nr. 23/1979. Með gjaldþrotalögum nr. 6/1978 var heimilað nýtt réttarfarsúrræði, greiðslustöðvun, sem hafði að miklu leyti sömu réttaráhrif og gjaldþrotaskipti, ef þau fylgdu í kjölfarið. Jafnframt var lögleitt nýtt hugtak, frestdagur, sbr. 1. gr. laganna, sem notað var um tímamark, sem oft skipti máli, einkum samkvæmt 8. kafla laganna um riftun ráðstafana þrotamanns og riftun réttargerða. Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 6/1978 var tekið fram, að ekki hefði þótt ástæða til að gera tillögur um breytingar á reglum um skuldaröð, sem settar voru með framangreindum lögum nr. 32/1974, og jafnframt tekið fram, að engar efnisreglur um skuldaröð væru í frumvarpinu.

Miðað við gildandi lög á þeim tíma, sem hér um ræðir, er ekki heimild til annars en miða upphaf skipta í merkingu 3. tl. 82. gr. laga nr. 3/1878 við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar um annað en málskostnað, sem dæmist svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík, greiði stefnda, þrotabúi Kjötmiðstöðvarinnar hf., 400.000 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara

Ég er samþykkur niðurstöðu annarra dómenda um efni málsins. Þegar ákveðið var við greiðslustöðvun Kjötmiðstöðvarinnar hf.

að halda áfram rekstri fyrirtækisins á grundvelli II. kafla laga nr. 6/1978, var það óaðskiljanlegur þáttur þeirrar ákvörðunar, að efnt yrði til skuldbindinga vegna söluskatts af þeim viðskiptum, er rekstrinn tók til, svo sem heimilt var samkvæmt lögum um þann skatt. Í þeirri heimild fólust í reynd nokkur forréttindi fyrir félagið og kröfuhafa þess, þar sem greiðslustöðvunin breytti ekki reglum um skil á skattinum. Varð ekki unnt að heimta hann dag frá degi, heldur átti greiðsla að bíða gjalddaga í næsta mánuði eftir að hann féll til, og mátti fyrirtækið halda andvirði hans á meðan. Um fyrrgreinda ákvörðun verður ekki annað séð en hún hafi verið löglega tekin og beinst að því einu að halda rekstrinum í horfi í samræmi við tilgang greiðslustöðvunarinnar, svo að kröfuhöfum yrði hagsbót af fremur en hitt. Með tilliti til alls þessa var rökrétt að búast við, að krafa um skattinn nyti réttar til greiðslu af því fé, sem í fyrirtækinu reyndist vera við upphaf gjaldþrotaskipta, ef til þeirra kæmi, áður en skil yrðu gerð við eldri kröfuhafa. Lög nr. 6/1978 voru þó þannig úr garði gerð, að engin bein ákvæði voru þar sett til að sporna við því, að verðmæti að baki kröfu sem þessari hyrfu í hít eldri skulda í þrotabúi fyrirtækisins, og þá fyrst til kröfuhafa, er forgang ættu umfram aðra. Í máli þessu er það til álita, hvort unnt sé eftir tiltækum og heimilum lögskýringarreglum að skýra samhengi laga nr. 6/1978 við eldri ákvæði 8. kapítula skiptalaga um niðurröðun skulda á þann veg, að krafan hafi átt að njóta verndar við þessu samkvæmt efni hinna síðarnefndu, en niðurstaðan er önnur. Eðlilegt var, að tollstjórinn í Reykjavík léti á það reyna, eins og á stóð gagnvart hinu stefnda þrotabúi, hvort þessi niðurstaða væri einhlít. Er rétt af þeim sökum, að kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Úrskurður skiptaréttar Garðabæjar 13. mars 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 18. febrúar 1992.

Endanlegar réttarkröfur sóknaraðila, tollstjórans í Reykjavík, eru, að söluskattsskuld varnaraðila, að fjárhæð 6.800.000 kr., verði viðurkennd sem búskrafa, sbr. 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Jafnframt gerir sóknaraðili kröfu um málskostnað úr hendi varnar-

aðila og að málskostnaðarkrafan verði einnig talin njóta stöðu búskröfu í þrotabúið. Þá gerir varnaraðili kröfu um, að úrskurðaður málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá fimmtánda degi frá uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags og að áfallnir dráttarvextir á málskostnað leggist við höfuðstól hans á tólf mánaða fresti.

Varnaraðili, þrotabú Kjötmiðstöðvarinnar hf., gerir þá réttarkröfu, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæðin ásamt virðisaukaskatti dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá fimmtánda degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

II.

Aðdragandi máls þessa er sá, að með úrskurði skiptaréttar Garðakaupstaðar, upp kveðnum 10. nóvember 1988, var bú Kjötmiðstöðvarinnar hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Var Hlöðver Kjartansson hdl. ráðinn bústjóri til bráðabirgða að búinu, og á skiptafundi 15. mars 1989 var hann kosinn skiptastjóri þrotabúsins. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út, og birtist hún fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 2. desember 1988. Fresti til að lýsa kröfum í búið lauk því 2. febrúar 1989.

Áður en úrskurður um gjaldþrotaskipti var upp kveðinn, hafði Kjötmiðstöðin hf. fengið heimild til greiðslustöðvunar í allt að sex vikur með úrskurði, upp kveðnum 29. september 1988. Beiðni þar að lútandi barst embættinu 26. september það ár, og telst sá dagur frestdagur við gjaldþrotaskiptin, sbr. a-lið 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Aðstoðarmaður félagsins á greiðslustöðvunartíma var Gísli Gíslason hdl. Á greiðslustöðvunartíma allt fram til uppkvaðningar gjaldþrotaúrskurðar var rekstri félagsins fram haldið. Ekki var skilað inn söluskattsskýrslum vegna október- og hluta nóvembermánaðar ársins 1988. Vegna þessa var 9. desember 1988 áætlaður söluskattur á varnaraðila af skattstjóranum í Reykjavík fyrir nefnt tímabil samkvæmt heimild í 6. mgr. 12. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 33/1982. Fjárhæð áætlunar þessarar nam 6.800.000 krónum. Af hálfu þrotabúsins hefur áætlun þessi ekki verið kærð, sbr. 13. gr. greindra laga.

Hinn 31. janúar 1989 barst embættinu kröfulýsing sóknaraðila í þrotabú Kjötmiðstöðvarinnar hf. Var kröfu vegna áætlaðs söluskatts fyrir áðurgreint tímabil lýst sem búskröfu. Með bréfum Hlöðvers Kjartanssonar bústjóra og síðar skiptastjóra, dagsettum 6. mars 1989 og 26. júlí 1991, var þeirri stöðu skuldarinnar í skuldaröð hafnað. Af hálfu búsins er réttmæti kröfunnar

ekki vefengt, og er hún viðurkennd í búið sem almenn krafa. Fjárhæð kröfunnar er ágreiningslaus með aðilum. Vegna ágreinings um stöðu kröfunnar í skuldaröð var ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál, og er það mál hér til úrlausnar. Málið var þingfest 29. október 1991. Dregist hefur úr hömlu að reka mál þetta, án þess að sá dráttur hafi á nokkurn hátt verið réttlættur. Ber að átelja drátt þennan.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að krafa hans um, að söluskattsskuld varnaraðila njóti stöðu búskröfu í skuldaröð, styðjist við 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Samkvæmt 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 gildi 8. kapítuli skiptalaga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 32/1974 og lög nr. 23/1979, um skuldaröðina við gjaldþrotaskipti. Telur sóknaraðili, að við gjaldþrotaskipti beri að skýra 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 þannig, að „upphaf skipta" teljist frestdagur, sbr. 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, en ekki úrskurðardagur um töku bús til gjaldþrotaskipta. Í munnlegum málflutningi kom fram af hálfu sóknaraðila, að þegar aðstæður væru með þeim hætti, að skuldari hefði haft heimild til greiðslustöðvunar og síðan fylgdu gjaldþrotaskipti í kjölfarið, bæri að líta svo á, að þrotabúið yrði ábyrgt fyrir þeim skuldum, sem til hefði verið stofnað eftir frestdag.

Sóknaraðili telur, að við lögskýringu á 8. kapítula skiptalaga nr. 3/1878 beri að líta til tengsla yngri laga og eldri. Samkvæmt eldri gjaldþrotalögum nr. 25/1929 hafi gjaldþrotaskipti verið talin byrjuð, þegar skiptaráðandi fékk í hendur beiðni skuldunauts um skipti eða, krefðist lánardrottinn skipta, við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar. Með gjaldþrotalögum nr. 6/1978 hafi skuldara, er átti í verulegum fjárhagsörðugleikum, verið heimilað nýtt réttarfarsúrræði, greiðslustöðvun, sem hafi, þegar gjaldþrotaskipti fylgi í kjölfarið, að miklu leyti sömu réttaráhrif og gjaldþrotaskipti. Jafnframt hafi verið lögleitt nýtt hugtak, frestdagur, sem sé hið fyrsta tímamark, er ógjaldfærni skuldara liggi fyrir skrásett hjá opinberum aðila. Samkvæmt 1. tl. 1. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978 geti frestdagur m. a. verið sá dagur, er skiptaráðanda berst ósk skuldara um greiðslustöðvun. Hafi ýmsar af þeim réttarverkunum, sem tengdust gjaldþrotaskiptum, verið færðar fram og látnar tengjast frestdegi gjaldþrotaskipta. Verði að hafa hliðsjón af þessum breytingum á gjaldþrotalögum við skýringu á lagareglum um skuldaröð við gjaldþrotaskipti. Eðlilegra sé því að telja „upphaf skipta" í skilningi 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 frestdag, sé skuldara heimiluð greiðslustöðvun og bú hans síðan tekið til gjaldþrotaskipta. Fram kemur af hálfu sóknaraðila, að rök leiði til þess, að upphaf gjaldþrotaskipta teljist frestdagur, en ekki úrskurðardagur gjaldþrots, þar sem skuldari geti varnað innheimtu

kröfuhafa með því að óska heimildar til greiðslustöðvunar. Að öðrum kosti sé skuldara frekar unnt að misnota heimild til greiðslustöðvunar og skjóta undan eignum. Séu atvik með þeim hætti í máli þessu, þar sem Kjötmiðstöðinni hf. hafi borið að gera ríkissjóði skil á söluskatti af söluskattsskyldri veltu.

Sóknaraðili vísar til þess, að markmið greiðslustöðvunar sé einkum að koma nýskipan á fjármál skuldara. Sé skuldara óheimilt á greiðslustöðvunartíma að greiða gjaldfallnar skuldir, sbr. 1. mgr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Samanburðarskýring við 1. mgr. 59. gr. sömu laga leiði þó til þess, að nokkrar undantekningar séu frá þessari reglu. Fái skuldagreiðsla staðist, ef hún er nauðsynleg fyrir skuldara til að komast hjá tjóni. Þetta eigi einkum við, ef kröfuhafi eigi sterk vanefndaúrræði, eins og t. d. stöðvun atvinnurekstrar vegna greiðsludráttar, sbr. 8. mgr. 12. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 33/1982. Verði því að telja, að Kjötmiðstöðinni hf. hafi skilyrðislaust borið að standa skil á þeim söluskatti, er til féll á þeim tíma, er félagið hafði heimild til greiðslustöðvunar. Við munnlegan málflutning hélt sóknaraðili því fram, að Kjötmiðstöðinni hf. hefði verið óheimilt að stofna til verulegrar söluskattsskuldar. Verði að telja slíkar kröfur njóta ríkari lögverndar og rétthærri stöðu í skuldaröð við gjaldþrotaskipti.

Auk framangreinds telur sóknaraðili, að allur andi og fjölmargar greinar gjaldþrotalaga nr. 6/1978 leiði til þess, að telja beri „upphaf skipta“ í skilningi 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 frestdag, en ekki úrskurðardag gjaldþrotaskipta. Megi þessu til stuðnings benda á, að í gjaldþrotalögum virðist ekki notað hugtakið „upphaf skipta“, heldur „uppsaga gjaldþrotaúrskurðar“.

Máli sínu til enn frekari stuðnings vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar, upp kveðins 22. janúar 1988, í málinu nr. 167/1987. Samkvæmt þeim dómi hafi því verið hafnað að miða fresti 1. tl. og 6. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 við úrskurðardag gjaldþrotaskipta, en þess í stað hafi þeir verið miðaðir við frestdag. Verði dómur þessi ekki skilinn á annan hátt en að frestdagur gjaldþrotaskipta teljist upphaf skipta.

IV.

Af hálfu varnaraðila er fallist á, að Kjötmiðstöðinni hf. hafi verið skylt að greiða söluskatt, hvort sem félagið hafði heimild til greiðslustöðvunar eða ekki, enda sé krafan samþykkt sem almenn krafa í búið. Félagið hafi haft stöðu innheimtuaðila gagnvart sóknaraðila, og því hafi borið að gera skil á innheimtufénu. Vanefnd í þeim efnum kunni að leiða til refsiábyrgðar for-

ráðamanna félagsins, sbr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en allt að einu njóti fjárkrafa sóknaraðila ekki forgangs við búskiptin.

Varnaraðili kveður ekki vafa leika á, að skuldara sé óheimilt á greiðslustöðvunartíma að stofna til verulegra fjárskuldbindinga, sbr. 1. mgr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Af þessu banni megi hins vegar ekki draga þá ályktun, að sé banninu ekki hlýtt, skapist kröfuhafa fortakslaust víðtækari lögvernd með rétthærri kröfu, komi til gjaldþrotaskipta á búi skuldara. Telur varnaraðili, að til þess skorti lagaheimild. Við munnlegan flutning málsins taldi varnaraðili, að enn síður væri ástæða til að telja sóknaraðila njóta slíkrar lögverndar, þar sem honum væru tryggð virkari úrræði en kröfuhöfum almennt til að fá skuld sína greidda. Hefði honum verið unnt að stöðva rekstur Kjötmiðstöðvarinnar hf., sbr. 8. mgr. 12. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960.

Varnaraðili telur, að afleiðingar þess, að brotið sé gegn banni við stofnun verulegra fjárskuldbindinga á greiðslustöðvunartíma eða skuldari á annan hátt misnoti heimild til greiðslustöðvunar, geti verið, að heimildin verði afturkölluð, ráðstöfun verði rift, skuldari og aðstoðarmaður vinni sér til refsingar, og loks, að aðstoðarmaður verði bótaskyldur. Engin rök leiði til þess, að krafa eins og söluskattur geti við þessar aðstæður orðið búskrafa, sbr. 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

Fram kemur hjá varnaraðila, að fortakslaust sé, að búskrafa geti ekki stofnast, fyrr en bústjórn hafi tekið við stjórn þrotabús, en til þess að svo geti orðið, sé óhjákvæmileg nauðsyn, að gjaldþrotaúrskurður hafi verið upp kveðinn. Frá þeim tíma fari skiptaráðandi eða bústjóri með málefni þrotabúsins, en meðan greiðslustöðvun vari, fari skuldari sjálfur með forræði sinna mála. Hann hafi hins vegar aðstoðarmann, opinberan sýslunarmann, sem eigi að stuðla að því, að tilgangur með greiðslustöðvun náist og heimild hennar sé ekki misnotuð. Búskröfur geti þær kröfur einar talist, sem til er stofnað vegna nauðsynlegra ráðstafana til framgangs búskiptunum með löglegum samningum, er umráðamenn búsins gera fyrir þess hönd. Telur varnaraðili kröfu sóknaraðila ekki þess eðlis, jafnframt því sem hún hafi ekki það einkenni búskrafna, að þrotamaður beri ekki persónulega ábyrgð á kröfunni. Geti opinber gjöld fyrst fengið viðurkenningu sem búskrafa, falli þau á atvinnurekstur, eftir að bú hefur tekið við stjórn hans.

Í munnlegum málflutningi hélt varnaraðili því fram, að ekki léki vafi á, hvað telja ætti „upphaf skipta“ í skilningi 8. kapítula skiptalaga nr. 3/1878. Sá kafli laganna sé að stofni til frá árinu 1974, er honum var breytt með lögum nr. 32/1974. Með gjaldþrotalögum nr. 6/1978 hafi réttarfarsúrræðið greiðslustöðvun og hugtakið frestdagur verið lögleitt. Þau lög hafi í engu

breytt ákvæðum skiptalaga, enda hafi það ekki verið tilgangur þeirra nýmæla, er gildandi gjaldþrotalög höfðu í för með sér. Séu því ekki efni til að miða upphaf gjaldþrotaskipta við annað tímamark en uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar.

Varðandi hæstaréttardóm frá 22. janúar 1988, er sóknaraðili vísar til, telur varnaraðili dóminn ekki hafa fordæmisgildi í máli þessu. Séu atvik þess máls með öðrum hætti, og varði hann ekki 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878, er sóknaraðili byggi málatilbúnað sinn á, heldur forgangsrétt launakröfu samkvæmt 1. og 6. tl. 84. gr. sömu laga.

V.

Í máli þessu er ágreiningur með málsaðilum um stöðu söluskattsskuldar varnaraðila í skuldaröð. Sóknaraðili styður mál sitt því, að krafan njóti stöðu búskröfu samkvæmt 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Af hálfu varnaraðila er þessu mótmælt, en krafan viðurkennd sem almenn krafa í búið.

Samkvæmt 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 gildir 8. kapituli skiptalaga nr. 3/1878 með síðari breytingum um skuldaröðina við gjaldþrotaskipti. Sá kapituli laganna tekur mið af aðstæðum við skipti dánarbúa, þar sem erfingjar taka eigi að sér ábyrgð á skuldum hins látna. Sóknaraðili telur, að upphaf gjaldþrotaskipta í skilningi greindra laga miðist við frestdag, þegar greiðslustöðvun er undanfari skipta, en varnaraðili byggir á því, að upphaf skipta markist af uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti.

Í tíð eldri gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929 töldust gjaldþrotaskipti byrjuð, þegar skiptaráðandi fékk í hendur beiðni skuldara um þau eða, krefðist lánardrottinn skipta, við uppkvaðningu úrskurðar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna.

Við athugun á því, við hvað upphaf gjaldþrotaskipta miðist í skilningi 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878, þykir ástæða til sérstakrar athugunar og samanburðar á réttaráhrifum gjaldþrotaskipta og heimildar skuldara til greiðslustöðvunar. Með úrskurði skiptaráðanda um, að bú þrotamanns sé tekið til gjaldþrotaskipta, missir hann rétt til að ráðstafa eignum sínum þannig, að það hafi þýðingu fyrir búið, sbr. 22. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Skal eignum þrotamanns varið til að greiða þeim, sem kröfu eiga á þrotamann, þegar úrskurður um töku bús hans til gjaldþrotaskipta er upp kveðinn, og þeim, sem síðar eignast kröfur á búið með lögmætum hætti, sbr. 1. mgr. 30. gr. laganna. Úrskurð um gjaldþrotaskipti skal auglýsa opinberlega, nánar tiltekið í Lögbirtingablaði, sbr. 3. mgr. 19. gr. sömu laga. Frá og með úrskurði um gjaldþrotaskipti fer bústjórn með málefni þrotabúsins, sbr.

einkum XIII. kafla laganna, undir eftirliti skiptaráðanda, sbr. 105. gr. umræddra laga. Á meðan bú er í skiptum, geta kröfuhafar á skiptafundum haft umtalsverð áhrif á meðferð þrotabús, sbr. XIV. kafla laganna, og teljast fundir þessir einn þáttur í stjórn þrotabúa.

Þrátt fyrir það að skuldara sé óheimilt að greiða skuldir og stofna til skuldbindinga á greiðslustöðvunartíma, hefur hann forræði yfir búi sínu og getur skuldbundið sig með löggerningum, þó undir eftirliti aðstoðarmanns. Úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar er ekki birtur opinberlega, en senda skal endurrit úrskurðarins þekktum kröfuhöfum, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna. Forræði skuldara á eigin búi, meðan greiðslustöðvun varir, undir eftirliti aðstoðarmanns verður ekki á nokkurn hátt jafnað til bústjórnar þrotabús. Á meðan þrotamaður hefur misst ráðstöfunarheimildir sínar, heldur skuldari þeim á greiðslustöðvunartíma, og aðstoðarmaður skuldara hefur ekki að lögum sjálfstætt umboð til ráðstafana eða beinnar íhlutunar í málefni skuldara. Sé ekki unnið í samræmi við tilgang greiðslustöðvunar, er honum það úrræði eitt tækt að tilkynna skiptaráðanda, sem kann að fella niður heimild til greiðslustöðvunar, sbr. 11. gr. laganna. Samkvæmt gildandi lögum er ekki þegar af þeirri ástæðu heimilt að kveða upp úrskurð um gjaldþrotaskipti, og ekki er sjálfgefið, að skilyrði gjaldþrotaskipta séu fyrir hendi, áður en heimild til greiðslustöðvunar er veitt, meðan á henni stendur eða að henni lokinni. Á meðan greiðslustöðvun varir, er ekki gert ráð fyrir formlegum afskiptum kröfuhafa af málefnum skuldara, og þeir geta ekki haft bein áhrif á einstakar ráðstafanir hans. Þegar framangreint er virt, liggur fyrir, að réttaráhrif greiðslustöðvunar, fylgi gjaldþrotaskipti í kjölfarið, eru í meginatriðum frábrugðin réttaráhrifum gjaldþrotaskipta, ef frá er talið, að í báðum tilvikum eru heimildir einstakra kröfuhafa til að ganga að eignum skuldara ekki fyrir hendi.

Með gjaldþrotaskiptalögum nr. 6/1978 var lögleitt nýtt hugtak, frestdagur, sbr. 1. gr. laganna. Hugtaki þessu er ætlað að afmarka fresti ýmissa réttarverkana við gjaldþrotaskipti, einkum varðandi riftanleika ráðstafana þrotamanns, sbr. VIII. kafla laganna. Ekki verður talið, að hugtakinu hafi verið ætluð víðtækari réttaráhrif. Verður slíkt ekki ráðið af greinargerð með frumvarpi að gildandi gjaldþrotalögum eða af öðrum lögskýringargögnum.

Með hliðsjón af framangreindu verður ekki á það fallist með sóknaraðila, að upphaf skipta í skilningi 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 teljist frestdagur, þegar greiðslustöðvun er undanfari gjaldþrotaskipta. Verður að telja upphaf skipta í skilningi ákvæðisins miðast við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar og að fyrr verði bú ekki með lögmætum hætti talið bundið af skuldbindingum fyrir sjálfs sín hönd.

Ekki fær það breytt framangreindri niðurstöðu, þótt 25. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 mæli fyrir um, að til skipta skuli taka eignir þrotamanns á frestdegi svo og það, sem hann eignist, meðan á skiptum stendur. Verður ekki af ákvæði þessu dregin sú ályktun, að upphaf skipta miðist við frestdag, enda fær það ekki samrýmst 22. gr. laganna, þar sem mælt er fyrir um, að ekki fyrr en við uppsögu gjaldþrotaúrskurðar missi þrotamaður rétt til að ráðstafa eignum sínum, eins og áður er rakið. Ákvæði þetta breyttist í meðförum Alþingis, en í frumvarpi til gjaldþrotalaga var í stað frestdags mælt fyrir um, að taka skyldi til skipta eignir þrotamanns við upphaf skipta. Af þessu þykir mega ráða, að ekki hafi verið ætlunin að miða upphaf skipta við fyrra tímamark en gjaldþrotaúrskurð, þar sem breyting þessi hefði að öðrum kosti verið með öllu óþörf.

Af hálfu sóknaraðila er réttilega bent á, að skuldari geti varnað innheimtu krafna með því að óska greiðslustöðvunar. Ekki þykir það hafa sjálfstæða þýðingu í þessu sambandi, enda er tilgangur með því að heimila skuldara greiðslustöðvun, að hann freisti þess að koma nýrri skipan á fjármál sín. Að það takist, er í samræmi við hagsmuni kröfuhafa, en sé ekki unnið að því markmiði, getur skiptaráðandi fellt niður heimild skuldara til greiðslustöðvunar.

Með tilliti til málatilbúnaðar sóknaraðila þykir ástæða til að taka til álita, hvort söluskattsskuld varnaraðila verði talin njóta sérstakrar stöðu í skuldaröð á öðrum grundvelli en 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Sóknaraðili telur, að Kjötmiðstöðinni hf. hafi verið óheimilt að stofna til verulegra fjárskuldbindinga á greiðslustöðvunartíma, sbr. 1. mgr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, og að hann njóti af þeim sökum ríkari lögverndar en almennir kröfuhafar. Skuldaröð við búskipti er frávik frá meginreglunni um jafnræði kröfuhafa við gjaldþrotaskipti, og ber samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum að ráða álitaefnum til lykta til samræmis við þá meginreglu. Að gildandi lögum er kröfum, sem stofnað er til á greiðslustöðvunartíma, ekki tryggður sérstakur forgangur við búskipti, og verður að telja, að ekki geti verið um slíkt að ræða án beinnar lagaheimildar.

Hæfilegt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila 400.000 kr. í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.

Benedikt Bogason, fulltrúi skiptaráðandans í Garðabæ, kveður upp úrskurð þennan, en hann fékk máli þessu úthlutað síðastliðið haust.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, tollstjórans í Reykjavík, að söluskattsskuld varnaraðila, þrotabús Kjötmiðstöðvarinnar hf., verði viðurkennd sem búskrafa, er hafnað, og telst krafan almenn krafa í þrotabúið.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 400.000 kr. í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæðin að frátöldum virðisaukaskatti dráttarvexti samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. mars 1992 til greiðsludags.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 147/1992. **Sveinn Ingvar Hilmarsson**
(Örn Höskuldsson hrl.)
gegn
Hval hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)

Kaupgjald. Sjómenn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1992. Hann krefst, að stefnda verði gert að greiða sér 321.765 krónur með dráttarvöxtum, eins og gerð er nánari grein fyrir í kröfugerð. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í málinu deila aðilar um ákvörðun skiptaverðmætis afla við uppgjör á hásetahlut handa áfrýjanda vegna starfa hans á tímabilinu frá apríl 1987 til ágúst 1990 um borð í frystitogaranum Venusi, HF 519, sem stefndi átti þá og gerði út.

Í 1. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sbr. 3. gr. laga nr. 21/1987 um breyting á þeim lögum, eru reglur um ákvörðun skiptaverðmætis afla fiskiskipa, þar sem bolfiskur er frystur um borð, en þær eiga við um atvikin í þessu máli. Aðdraganda að þessari lagasetningu er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt þessum reglum miðast skiptaverðmætið við útflutningsverðmæti afurða, sem eru unnar úr aflanum, og á það að vera 74,5% af söluverði miðað við, að þær séu afhentar kaupanda á skipsfjöl hér á landi eða „fob“. Ef afurðirnar eru seldar úr landi með þeim skilmála, að innifalinn í verðinu sé kostnaður af flutningi þeirra á ákvörðunarstað og vátryggingu eða „cif“, á þó skiptaverðmæti að vera 69% af söluverði. Í lögunum er ekki

mælt fyrir um, hvernig skiptaverðmæti verði ákveðið, ef afurðir frystitogara eru seldar með öðrum skilmálum en „fob“ eða „cif“, og er það ekki heldur gert í kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Afurðirnar, sem ágreiningur aðila snýst um, mun stefndi hafa selt fyrir milligöngu Sjávarafurðadeildar SÍS til Asíu með „c&f“-skilmálum. Samkvæmt þeim skilmálum er kostnaður af flutningi afurðanna til kaupanda innifalinn í söluverði þeirra, en ekki kostnaður af vátryggingu þeirra. Við uppgjör á aflahlut áfrýjanda af þessum afurðum mun stefndi hafa lagt til grundvallar fjárhæð, sem hann fann með því að draga flutningskostnað frá söluverði afurðanna, svo að út kom verð, sem hann taldi svara til verðmætis við sölu með „fob“-skilmálum. Skiptaverðmæti reiknaði stefndi síðan sem 74,5% af þeirri fjárhæð, eins og mælt er fyrir um í 4. gr. laga nr. 24/1986, sbr. 3. gr. laga nr. 21/1987. Áfrýjandi telur stefnda ekki hafa verið þetta heimilt, en í því sambandi vísar hann einkum til þess, að svo lítið beri á milli „c&f“- og „cif“-skilmála, að beint liggi við að beita reiknireglu laganna um síðarnefndu skilmálana, þegar skiptaverðmæti er ákveðið í tilvikum eins og þessu. Áfrýjandi telur, að hásetahlutur sinn hefði orðið hærri sem nemur kröfum hans í málinu, ef skiptaverðmætið hefði verið reiknað eftir reglunum, sem gilda, þegar afurðir eru seldar með „cif“-skilmálum. Ágreiningur er ekki milli aðila um kröfufjárhæð, heldur aðeins um það, hvorri uppgjörsaðferðinni hafi átt að beita.

II.

Orðrétt hljóðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1986, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 21/1987, þannig: „Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir bolfisk um borð, heilan eða flakaðan, er skiptaverðmætið 74,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta skiptahlutfall skal þó vera 69% af cif-verðmætinu, sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.“

Svonefndir „c&f“-skilmálar, sem var beitt við sölu afurða stefnda úr landi, eru frábrugðnir báðum þeim tegundum söluskilmála, sem gert er ráð fyrir í þessu ákvæði. Eins og mál þetta er lagt fyrir, ræðst þannig niðurstaða þess af því, hvort fallist verði á það með stefnda, að honum hafi verið heimilt að umreikna söluverð afurða sinna í

svokallað „fob-verðmæti“ og reikna síðan út skiptaverðmæti miðað við það samkvæmt framangreindu ákvæði, eða hvort fallist verði á það með áfrýjanda, að stefnda hafi borið að styðjast við söluverð afurðanna óbreytt og reikna út skiptaverðmætið af því, eins og það væri „cif-verðmæti“ samkvæmt ákvæðinu.

III.

Samkvæmt orðalagi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1986, sbr. 3. gr. laga nr. 21/1987, er gengið þar út frá þeirri meginreglu, að skiptaverðmæti bolfisksafla frystitogara skuli vera visst hlutfall af „fob-verðmæti“ afurða, sem eru unnar úr aflanum. Í því sambandi verður að gæta sérstaklega að því, að eftir hljóðan ákvæðisins gildir þessi meginregla án tillits til þess, hvort afurðirnar séu í raun seldar með „fob“-skilmálum. Frá meginreglunni er þó vikið á þann hátt, að skiptaverðmætið á að vera tiltekið hlutfall af „cif-verðmæti“ afurða, en samkvæmt orðalagi ákvæðisins á þetta aðeins við, ef samið hefur verið um sölu afurðanna með „cif“-skilmálum.

Ekki er að sjá nokkuð, sem gefur til kynna, að þessu ákvæði hafi verið ætlað að hafa annað inntak en ályktanir verða dregnar um á þennan hátt af hljóðan orða þess. Samkvæmt því og þar sem óumdeilt er, að stefndi samdi ekki um að selja umræddar afurðir úr landi með „cif“-skilmálum, verður að telja þann hátt, sem hann hafði á uppgjöri á aflahlut áfrýjanda, í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1986, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 21/1987. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Rétt þykir, að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar

Ósannað er, að uppgjör stefnda við áfrýjanda hafi verið með þeim hætti, að stefndi geti borið fyrir sig tómlæti áfrýjanda við að gæta hagsmuna sinna.

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1986, sbr. 3. gr. laga nr. 21/1987, er skiptaverðmæti afla fiskiskips, sem unninn er og frystur um borð, ákveðið 74,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Skiptahlutfallið skal þó vera 69% af cif-verðmæti, sé þannig samið um sölu framleiðslunnar. Ég tel hér vera um jafnrétthá ákvæði að ræða, sem ráðist af söluskilmálum hverju sinni. Stefndi seldi framleiðslu b/v Venusar hins vegar með c&f-skilmálum og þurfti þá ekki að annast vátryggingu hennar. Uppgjör með þeim hætti, sem áfrýjandi gerir kröfu til, rúmast að mínu mati innan ákvæðis 4. gr. laga nr. 24/1986, sbr. 3. gr. laga nr. 21/1987, um skipti aflaverðmætis á grundvelli sölu afla samkvæmt cif-söluskilmálum, án þess að á stefnda sé hallað. Ég tel því, að taka beri kröfu áfrýjanda til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. febrúar sl., hefur Sveinn Ingvar Hilmarsson, kt. 261164-5909, Norðurási 4, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 23. október 1990, á hendur Árna Vilhjálmssyni, kt. 110532-3509, Hlyngerði 10, Reykjavík, stjórnarformanni fyrir hönd Hvals hf., kt. 650169-6549, Miðsandi, Hvalfjarðarströnd.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefnda verið dæmt skylt að greiða sér 321.765 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru samkvæmt endanlegri kröfugerð hans, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að sér verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Þess er og krafist, að stefnda verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi reyndust árangurslausar.

I.

Stefnandi er háseti á frystitogaranum Venusi, HF-519, sem er í eigu stefnda. Í máli þessu deila aðilar um það, hvort uppgjör á hásetahlut stefnanda eigi að miðast við, að afli skipsins, sem seldur er til útflutnings, sé gerður upp við stefnanda í samræmi við „fob"- eða „cif"-sölukjör í þeim tilvikum, þegar hann er seldur samkvæmt „c&f"-sölukjörum. Ágreiningur aðila varðar mismun þessara tveggja reikniaðferða við mat á aflahlut stefnanda.

Bv. Venus, HF-519, er frystiskip, sem verkar fisk í pakkningar, sem m. a. eru seldar til Asíu. Afurðir frystitogara eru nær undantekningarlaust seldar beint til erlendra kaupenda. Skiptaverð afla er af þeim sökum miðað við útflutningsverðmæti hans. Fyrst eftir að notkun frystitogara hófst hér við land, var aflahlutur háseta gerður upp til samræmis við raunverulegt sölu-

verðmæti aflans að frádregnum kostnaði. Þessi aðferð hafði þann ókost í för með sér, að uppgjör hverrar einstakrar veiðiferðar gat dregist um alllangan tíma, þar sem gögn vegna útflutningsviðskipta sem þessara eru allajafna lengi að berast útflytjendum.

Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og Sjómannasamband Íslands gerðu árið 1985 með sér samkomulag, sem bætt var inn í kjarasamning milli þessara aðila, þar sem kostnaðarhlutdeild vegna útflutnings afla frystitogara var fastsett, annars vegar miðað við, að selt væri „fob" og hins vegar „cif".

Með þessum samningum var leitast við að finna eðlilegan mismun við útreikning skiptaverðs, þegar selt var „cif" annars vegar og „fob" hins vegar. Söluskilmálum var þannig háttað, að öll framleiðsla skipanna, sem seld var til Asíu, var selt með „fob"-söluskilmálum, en til annarra landa var selt með „cif"-söluskilmálum. Út frá þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, þegar kjarasamningur var gerður, var sameiginlegur kostnaður ákvarðaður, svo sem frakt og annar sölukostnaður. Sameiginlegur kostnaður er samkvæmt kjarasamningum 17,95%, þegar selt er „cif", en 11,5%, þegar selt er „fob". Til viðbótar sameiginlegum kostnaði var síðan stofnfjársjóður og kostnaðarhlutdeild dregin frá. Árið 1985, þegar kjarasamningurinn var gerður, var skiptaverð 71% af „fob"-verðmæti og 68% af „cif"-verðmæti. Nú er skiptaverð 75% af „fob"-verðmæti og 69,5% af „cif"-verðmæti.

Um mitt ár 1986 tóku gildi lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Með þessum lögum var framangreint skiptahlutfall staðfest, og er þar miðað við sömu meðaltöl. Í 1. mgr. 4. gr. laganna er tiltekið, að þegar seldur er afli frystiskips, eigi skiptaverð að vera 74,5% af „fob"-verðmæti framleiðslunnar, en ef samið er um „cif"-skilmála, skuli skiptaverð vera 69% af „cif"-verðmæti framleiðslunnar.

Stefnandi kveður lögin hafa verið sett í samráði við sjómannasamtökin og LÍÚ.

Skiptaverð var ákveðið á grundvelli þeirra frádráttarliða, sem miðað var við í kjarasamningi sjómanna og LÍÚ, þegar lögin voru sett. Í tengslum við kjarasamninga árið 1971 var lögunum breytt með lögum nr. 21/1987 að ósk þeirra aðila, sem hlut eiga að máli. Við þær breytingar var tekið tillit til breytinga, er orðið höfðu á olíuverði og farmgjöldum til þess tíma, er lögin voru sett.

Stefnandi kveður, að á þeim tíma, sem um ræðir, hafi framleiðsla bv. Venusar, HF-519, verið seld með „c&f"-söluskilmálum til Asíu. Stefndi hafi gert þessa sölu upp við áhöfnina, eins og um „fob"-söluskilmála væri að ræða, þrátt fyrir það að mun nærlægara virðist að beita „cif"-reglu við þetta

uppgjör. Með því að reikna uppgjör til sjómanna miðað við „fob"-kjör, en ekki „cif"-kjör, verði hlutur sjómanna verulega rýrari en ef hinni reglunni væri beitt.

Í ársbyrjun 1987 hafi söluskilmálar breyst á þann hátt, að þá var farið að selja með „c&f"-söluskilmálum til Asíu eða skilmálum, sem jafngilda „cif"-sölu. Við þessa breytingu hefði verið eðlilegra, að LÍÚ hefði farið fram á breytingu á kjarasamningi vegna breyttra forsendna með tilliti til hins háa flutningskostnaðar. Það hafi hins vegar ekki verið gert. Í tengslum við kjarasamningana hafi engar upplýsingar komið fram um það af hálfu útgerðarinnar, að söluskilmálar hefðu breyst við sölur í Asíu, og því hafi sjómannasamtökin ekki haft nein tök á því að fara fram á breytingu á samningum vegna þessa.

Í því tilviki, sem hér um ræðir, hafi Hvalur hf. umreiknað söluverð úr „c&f" yfir í „fob" og gert upp við áhafnir bv. Venusar, HF-519, eins og um „fob"-söluskilmála væri að ræða. Þetta valdi því, að skiptaverð verði mun lægra en ef farið væri eftir lögum og kjarasamningum og „c&f"-söluverð reiknað út samkvæmt „cif"-söluskilmálum.

Stefndi segir, að þegar farið var að selja afla togarans Venusar, HF-519, til Austurlanda, hefði komið í ljós, að viðskiptaskilmálar, er notaðir voru í skiptum Íslendinga við Evrópumenn, hentuðu ekki. Því til skýringar megi nefna, að reglubundnar siglingar séu milli Íslands og Evrópu og því auðvelt að nota, hvort sem er „fob"-skilmála eða „cif"-skilmála, ef seljandi útvegaði skipin. Flutningar til Austurlanda séu ekki með þessum hætti. Í þeim tilfellum þurfi að taka skip á leigu til flutninganna, enda hafi komið í ljós, að óhentugt var, að hinir erlendu kaupendur önnuðust um útvegun skipa, sem í öllum tilfellum voru erlend. Stefndi hafi því gert svokallaða „c&f"-samninga við Japana, en í þeim tilfellum greiði kaupandi vátryggingu, en flutningskostnaður og farmgjald sé hluti af söluverði vörunnar. Í þessum tilfellum útvegar seljandi skipið. Það leiði af sjálfu sér, að þegar selt er „cif" eða „c&f", sé verð vörunnar hærra en þegar selt er „fob".

Stefnandi reisir málsókn sína á því, að árið 1987 hafi farið að bera á því, að Hvalur hf. gerði ekki upp við áhöfn Venusar, HF-519, í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög nr. 24/1986, sbr. lög nr. 21/1987. Stefnandi hafi því ekki fengið þau laun, er honum beri, stefndi hafi hafnað kröfum hans, og því sé málsókn þessi nauðsynleg.

Stefndi reisir kröfur sínar hins vegar á því, að stefnandi hafi sýnt af sér svo mikið tómlæti, að sýkna beri stefnda þegar af þeirri ástæðu. Öll togarafélög í landinu hafi gert upp við skipshafnir sínar eins og stefndi, frá því að skiptakjörin voru ákveðin árið 1985, en raunar megi rekja þau ákvæði

um skiptakjör allt til ársins 1982, er samið var í fyrsta sinn við áhöfn togarans Örvars frá Skagaströnd. Samningar við sjómenn hafi verið endurnýjaðir hvað eftir annað, en aldrei hafi verið gerð krafa um breytingu á þessu ákvæði, né heldur hafi málið verið lagt fyrir Félagsdóm, eins og rétt hefði verið, ef um túlkun samninga væri að ræða. Þá er einnig byggt á því, að stefnandi hafi tekið fyrirvaralaust við öllum greiðslum, þrátt fyrir það að honum hafi mátt vera ljóst, hver uppgjörsaðferðin var.

Verði ekki fallist á, að sýkna beri vegna tómlætis stefnanda, er því haldið fram, að útgerðarmanni sé ætíð heimilt að reikna útflutningsverðmæti afla síns miðað við „fob"-skilmála, en þeir séu grunnskilmálar, sem annað sé miðað við, enda hafi það aldrei verið ætlunin, að sjómenn væru misjafnlega settir um aflahlut eftir því, hvaða söluskilmálar giltu um seldan afla.

Verði ekki fallist á sýknukröfu, er því haldið fram, að stefnandi eigi einungis rétt til hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, enda hafi hann tekið á móti greiðslum og uppgjöri án fyrirvara og geti því ekki átt rétt til greiðslna fyrr en í fyrsta lagi, er hann fór að gera reka að kröfu sinni.

Stefndi mótmælir einnig vaxtakröfu stefnanda og vaxtafæti.

Fyrir dómi gáfu skýrslu Ágúst Einarsson, forstjóri Lýsis hf. og fyrrverandi starfsmaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, og Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands.

II.

Með vísan til framburðar vitna og fram lagðra skjala verður að telja fram komið, að á þeim tíma, er kjarasamningur milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna var gerður árið 1985 og lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun voru sett, hafi það verið meginregla, að selt væri samkvæmt „fob"-söluskilmálum til Austurlanda. Samkvæmt gögnum máls þessa var það ekki fyrr en árið 1987, að stefndi fer að selja afurðir togarans Venusar samkvæmt „c&f"-skilmálum til Japans. Hefur það væntanlega verið ástæða þess, að hvorki er kveðið á um það í kjarasamningi né lögum, hvernig með skal fara, þegar vara er seld samkvæmt „c&f"-skilmálum. Aðilar byggja engu að síður á því, að lögin og kjarasamningurinn eigi við í því tilviki, sem hér um ræðir, en styðjast hins vegar við ólíkar skýringaraðferðir.

Stefnandi hefur haldið því fram, að það samræmist hvorki kjarasamningi né lögum nr. 24/1986 að gera upp við sjómenn samkvæmt „fob"-skilmálum, þegar afurðir eru seldar samkvæmt „c&f"-skilmálum, heldur beri í slíkum tilvikum að haga uppgjöri til samræmis við ákvæði laganna og kjarasamnings um „cif"-sölu.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að uppgjör til samræmis við „fob"-skilmála sé meginregla í þess konar viðskiptum, sem hér um ræðir.

Í 1. mgr. 4. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun nr. 24/1986 segir: „Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir bolfisk um borð, heilan eða flakaðan, er skiptaverðmætið 74,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta skiptahlutfall skal þó vera 69% af cif-verðmætinu, sé þannig samið um sölu framleiðslunnar."

Í gr. 5.23. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna er fjallað um sömu atriði, og í a-lið þeirrar greinar segir: „Ef selt er fob, skal draga eftirfarandi frá, áður en til skipta kemur," o. s. frv. Á sama hátt segir í b-lið sömu greinar: „Ef selt er cif, skal draga frá" o. s. frv.

Með vísan til þess, er að ofan greinir, og tilvitnaðra ákvæða í kjarasamningi og lögum nr. 24/1986 verður að skýra ákvæði 1. mgr. 4. gr. laganna þannig, að meginreglan sé sú, að „fob"-skilmálar séu aðalreglan, sem miða skuli við, nema þegar selt er samkvæmt „cif"-skilmálum, enda verður ekki talið, að í ákvæðum laga um skiptaverðmæti né í kjarasamningi séu nokkur þau atriði, er teljist geta komið í veg fyrir, að þótt stefndi hagi sölumálum sínum til Asíu samkvæmt „c&f"-söluskilmálum, en geri upp við stefnanda samkvæmt þeim reglum, er gilda um „fob"-sölu.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að stefndi skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að hvor aðili um sig beri sinn málskostnað.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hvalur hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Sveins Ingvars Hilmarssonar. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 404/1991. **Rákir hf.**
(Árni Halldórsson hrl.)
gegn
Sjófangi hf.
Grétari Mar Jónssyni og
Tryggingamiðstöðinni hf.
til réttargæslu
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabætur. Siglingar. Fiskeldi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1991. Dómkröfur hans eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, (1) að stefndu verði gert að bæta tjón hans að fullu, (2) að afföll af seiðum verði ákvörðuð 25% af 17.000, eins og krafist var í stefnu í héraði, en þar hafi afföll, sem nemi 2.500 seiðum, þegar verið dregin frá, (3) að meðalþyngd hvers sláturlax verði ákvörðuð a. m. k. 3 kg í stað 2,4 kg, eins og ákvarðað er í dóminum, og (4) að verðmæti sláturlax verði ákvarðað 320 krónur hvert kg, eins og krafist var í stefnu í héraði, í stað 220 króna. Að öðru leyti verði dómsniðurstaða óbreytt um efni málsins. Jafnframt krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu réttargæslustefnda eða á hendur honum eru engar kröfur gerðar.

Í hinum áfrýjaða dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, þar sem sérfróðir meðdómendur áttu sæti, er gerð skilmerkileg grein fyrir atvikum málsins og þeim gögnum, er við sé að styðjast um virðingu á tjóni áfrýjanda. Er rétt, að dómurinn verði staðfestur með skírskotun til þeirra forsendna, er í honum greinir.

Rétt er eftir þessum úrslitum, að áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rákir hf., greiði stefndu, Sjófangi hf. og Grétari Mar Jónssyni, 100.000 krónur óskipt í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Rákum hf., Hafnargötu 2, Reyðarfirði, kt. 620488-1199, gegn Sjófangi hf., Hólmaslóð 2, Reykjavík, kt. 570269-0119, eiganda og útgerðaraðila mb. Sæborgar, RE 20, skráningarnúmer 254, Grétari Mar Jónssyni skipstjóra, Hlíðargötu 22, Sandgerði, kt. 290455-5539, og Tryggingamiðstöðinni hf., Reykjavík, til réttargæslu, með stefnu, þingfestri 6. nóvember 1990.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða skaðabætur, að fjárhæð 9.068.675 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnað].

Dómkröfur stefndu eru um sýknu af kröfum stefnanda.

Af hálfu réttargæslustefnda, Tryggingamiðstöðinni hf., eru engar kröfur gerðar, enda engar kröfur gerðar á hendur honum í málinu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Málavextir eru þeir samkvæmt gögnum máls, að 23. október 1989 um kl. 19.30 var síldarbáturinn Sæborg, RE 20, að leita síldar innarlega í Reyðarfirði á svonefndri Rákarbót. Á því svæði voru u. þ. b. 60–120 metra frá landi sex laxakvíar í eigu stefnanda. Tvær kvíar voru saman sunnar og austar á víkinni og fjórar í samfloti nokkru vestar. Á hinum síðarnefndu, sem voru innar, var birtustýrt blikkljós á miðju þeirra. Ekkert viðvörunarljós var á fyrir utan festingar kvíanna. Þá var að sögn Rúnars Ólafssonar, stöðvarstjóra stefnanda, ratsjárspegill á einni af kvíunum. Skipstjórinn á Sæborgu, stefndi Grétar Mar Jónsson, hefur skýrt svo frá, að hann hafi séð blikkljós á kvíunum og vitað, að þar væri fiskeldisstöð. Hann kvaðst hafa haldið, að blikkljósið væri á akkerunum, sem eru utan við kvíarnar, og því haldið, að hann mætti fara nær. Hann kvaðst ekki hafa séð kvíarnar í ratsjá. Varð þá ásigling með þeim hætti, að stjórafæri á ystu kvínni festist í fisksjár-

staut bátsins og dróst með honum nokkurn spöl. Urðu afleiðingar þær, að hoppnetið slitnaði niður og karfa þeirrar kvíar snerist þannig, að seiðin, sem í henni voru, sluppu úr henni. Skipstjóri kvaðst hafa tilkynnt um atburð þennan strax til rekstrarstjóra fiskeldisins.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til heimtu skaðabóta úr hendi stefndu vegna tjóns þess, er varð við greinda ásiglingu á laxeldiskvíar hans.

II.

Stefnandi gerir svofellda grein fyrir tjóni því, sem af þessu hlaust:

1. Vegna ásiglingarinnar hafi sloppið út 17000 laxaseiði, um 90 gr að þyngd, þá farin að taka fóður.
2. Kvíin sjálf hafi orðið fyrir þeim skemmdum, að hoppnetið hafi slitnað niður og yfirborðshringur og handrið skemmst.
3. Kvíin ásamt festarklumpi (stjóra) dregin úr stað.

Stefnandi gerir svofellda grein fyrir bótakröfu sinni:

1.	Tjón af missi eldisseiða:		
1.1.	Andvirði seiðanna við slátrun eftir eldi í 3,5 kg stærð að frádregnum 25% afföllum á eldistímanum: 17.000×3,5 kg – 25% = 44.625 kg á 320,30 kg, sbr. verðmætaskrá frá Samsteypu íslenskra fiskeldistryggginga (meðalverð 4.0601 SDR á gengi ísl. kr. á stefnudegi 15. okt. 1990 79.0752)	kr.	14.326.000
1.2.	Til frádráttar: Kostnaðarverð 17.000 laxaseiða á 90 kr. stk. = 1.530.000,- Fóðurkostnaður í hlutfallinu 1,5 kg fóður á móti hverju kg af fiski, 44.625 kg × 1,5 = 66.937 kg á 62,00 kr./kg = 4.150.125	kr.	5.680.125
2.	Skemmdir á plaströrum í umgerð kvíar, handriði og hoppnetum. Tjón skv. mati Ólafs Sigurðssonar verkfræðings í nóv. 1989	kr.	100.000
3.	Kostnaður við að stjóra kvíar niður að nýju eftir ásiglinguna:		
3.1.	Leiga á 80 tonna bát í 1 dag	kr.	180.000
3.2.	Vinna 4ra manna í 10 klst.	–	48.000
3.3.	Tvö ný krafttóg í stjóra í stað teygðra, 110 m af 38 mm tógi	–	34.800
3.4.	Neðansjávarmyndataka að kröfu tryggingafélags stöðvarinnar	–	60.000
	Stefnukrafa alls	kr.	9.068.675

Til frekari skýringar stefnukröfunni er tekið fram af hálfu stefnanda, að meðalverð í SDR sé þannig fundið, að lagt sé til grundvallar tryggingarverð fisksins skv. verðmætaskrá samsteypu tryggingafélaganna og reiknað með því, að fiskurinn skiptist að jöfnu í 3ja og 4ra kg flokk við slátrun. Í SDR-einingum sé verðmætið 3.8836+4.2366/2 = 4.0601. Frá því verði sé dregið kostnaðarverð 17.000 laxaseiða á 90 kr. stk. og fóðurkostnaður við að ala fiskinn í sláturstærð í hlutfallinu 1,5 kg fóður á móti hverju kg af fiski, sem sé viðurkennd viðmiðun í fiskeldi. Tjón á kvíum sé samkvæmt fram lögðu mati Ólafs Sigurðssonar verkfræðings. Áætlaður kostnaður við að koma kvínni aftur á sinn stað eftir viðgerð sé sundurliðaður í tl. 3, en þar sé um kostnaðaráætlun að ræða, en lagður sé fram reikningur vegna kostnaðar við djúpmyndatöku.

Stefnandi telur, að stefndu beri fulla skaðabótaábyrgð á því tjóni, er hlaust af því, er Sæborgu, RE 20, var siglt á laxakvíar stefnanda í Rákarbót í Reyðarfirði tiltekið sinn, enda hafi siglingu skipsins verið hagað ákaflega gáleysislega, ekki síst í ljósi þess, að skipstjóri vissi af kvíunum og almyrkt var orðið, er atvikið varð.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttar, til siglingalaga og þá sérstaklega til 158. gr., 2. mgr. 16. gr. og 3. tl. 197. gr. svo og IX. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

III.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að merking umræddra sjókvía hafi verið ófullnægjandi. Það sé kunnara en frá þurfi að segja, að á haustmánuðum veiðist síld uppi í harðalandi við Austfirði og því ljóst, að skip, sem stunda síldveiðar, sigli mjög nærri landi við veiðar sínar. Forráðamenn stefnanda hafi því átt að vita, að síldveiðibátar kynnu að vera á ferð við kvíarnar vegna veiða sinna og borið að haga merkingum þeirra samkvæmt því. Einfalt hefði verið að hafa ljósmerki við jaðar kvíanna, og hefði þá tjón þetta ekki orðið. Kvíarnar hafi ekki verið merktar inn á sjókort og því meiri ástæða en ella til að hafa merkingar í lagi. Á þetta hafi skort af hálfu forráðamanna stefnanda, og því sé krafist sýknu.

Fari hins vegar svo, að á þetta verði ekki fallist og krafa stefnanda tekin til greina, er þess krafist, að stefnukrafa verið stórlega lækkuð. Tjónkrafa vegna missis eldisseiða eigi ekki við rök að styðjast og því mótmælt með öllu, að það standist að reikna tjónið út á þann veg, sem stefnandi gerir. Rétt sé að benda á, að fram komi í gögnum málsins, hvert sé kostnaðarverð þeirra seiða, sem talið sé, að hafi sloppið, og nemi það kr. 1.530.000, og sé það mat stefndu, að fráleitt sé að greiða hærri bætur en því nemi, enda al-

gjörlega ósannað, að umfang tjónsins hafi verið meira, ef um bótaskyldu sé á annað borð talið hafa verið að ræða.

IV.

Að sögn skipstjórans á Sæborgu, RE 20, stefnda Grétars Marar Jónssonar, var myrkur og ágætt skyggni, þegar atburðurinn varð. Hann kvaðst hafa séð blikkljósið á laxakvíum stefnanda og vitað, að þar var fiskeldisstöð. Verður því að telja, að hann hafi sýnt af sér verulegt gáleysi með siglingu sinni svo nærri kvíunum og eigi meginsök á óhappinu. Er hann því bótaskyldur gagnvart stefnanda ásamt eiganda og útgerðaraðila mb. Sæborgar, RE 20, stefnda Sjófangi hf. samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar, sbr. og 158. gr. og 171. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Þá verður að telja, að stefnandi eigi sjálfur nokkra sök á tjóni sínu með því að hafa engin viðvörunarljós fyrir utan eða í útjaðri kvíanna.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndu bæti stefnanda tjón hans að 2/3 hlutum, en sjálfur beri hann það að 1/3 hluta.

Liggur þá fyrir að fjalla um tölulega kröfugerð stefnanda.

Fallist er á með stefnanda, að honum beri bætur vegna tjóns af missi eldisseiða, en bótakrafa hans samkvæmt kröfulið 1.1. stenst þó engan veginn. Samkvæmt fram lagðri mánaðarskráningu yfir seiðaeldi stefnanda var meðalþyngd seiða 1210 gr í janúar 1991. Með hliðsjón af því telja hinir sérfróðu meðdómsmenn, að ekki sé raunhæft að miða við meira en 2,4 kg stærð eldisfisks í ágúst 1991, þegar slátra verði vegna væntanlegs kynþroska fisksins. Þá telja hinir sérfróðu meðdómsmenn, að með hliðsjón af greindri mánaðarskráningu yfir seiðaeldi stefnanda megi ætla, að heildarafföll á eldistíma verði ekki undir 35%. Þá sýnir greind mánaðarskráning, að í október 1989 hefur seiðum fækkað alls um 15310 stk., og verður við það miðað við áætlun á tjóni stefnanda. Þá þykir ekki unnt að miða kg-verð eldisfisks við tryggingarverðmæti, eins og stefnandi gerir. Eftir atvikum þykir rétt að taka þar mið af fob-verði samkvæmt fram lagðri töflu um gámaflutning á laxi til Frakklands og miða kg-verð við 220 kr. kg.

Samkvæmt framansögðu verður heildartjón stefnanda samkvæmt kröfulið 1.1. þannig: 15310×2,4 kg – 35% = 23884 kg á 220 kr. kg = 5.254.480 kr.

Samkvæmt kröfulið 1.2. ber að draga frá kostnaðarverð 15310 laxaseiða á 90 kr. stk. = 1.377.900 kr., svo og fóðurkostnað í hlutfallinu 1,5 kg fóður á móti hverju kg af fiski, 23884 kg × 1,5 = 35826 kg á 70 kr. kg, sem ætla verður meðalverð á fóðri á þessu tímabili í eldi frá seiðum upp í matfisk, þannig einnig til frádráttar 2.507.820 kr. Samkvæmt framansögðu telst heildartjón stefnanda vegna missis eldisseiða vera 1.368.760 kr. – (5.254.480 – 3.885.720). Kröfuliðum 2 og 3 hefur ekki verið hrundið, og verða þeir teknir til greina

með 422.800 kr. Heildartjón stefnanda samkvæmt framansögðu telst því vera 1.791.560 kr., og miðað við framangreinda sakarskiptingu ber stefndu að bæta stefnanda það að 2/3 hlutum með 1.194.373 kr. og með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 260.000 kr. Málskostnaðarfjárhæð skal bera dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Með vísan til 3. tl. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985 ber að viðurkenna sjóðveðsrétt í mb. Sæborgu, RE 20, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Aðalbirni Kjartanssyni framkvst. og Úlfari Antonssyni líffræðingi.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna formanns dómsins.

Dómsorð:

Stefndu, Sjófang hf. og Grétar Mar Jónsson, greiði stefnanda, Rákum hf., 1.194.373 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. desember 1990 til greiðsludags og 260.000 kr. í málskostnað. Málskostnaðarfjárhæð ber dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Viðurkenndur er sjóveðsréttur í mb. Sæborgu, RE 20, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 438/1994. **Hjálmar R. Bárðarson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.** (Hjalti Steinþórsson hrl.) gegn **Svanhildi Guðmundsdóttur**

Kærumál. Endurupptaka. Útivist í héraði. Boðun þinghalds.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 19. október 1994, sem barst réttinum 1. nóvember sl. Kæruheimild er í i-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. október 1994, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um endurupptöku héraðsdómsmálsins nr. E-3277/1994: Svanhildur Guðmundsdóttir gegn Hjálmari R. Bárðarsyni og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Krefjast sóknaraðilar þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að endurupptaka málið frá og með þinghaldi 28. september 1994. Þá er gerð krafa um kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Álitaefni í kærumáli þessu lýtur að því, hvort boðun héraðsdómara til þinghalds 28. september 1994 með símbréfi hafi fullnægt áskilnaði 1. mgr. 92. gr. laga nr. 91/1991 um, að tilkynningar héraðsdómara skuli sendar með sannanlegum hætti. Í tengslum við beiðni um endurupptöku málsins leituðu sóknaraðilar upplýsinga hjá Pósti og síma um öryggi símbréfssendinga. Í svarbréfi stofnunarinnar frá 7. október 1994 segir meðal annars um það efni: „. . . að sendandi getur aldrei verið 100% öruggur um, að móttakandi hafi fengið þær upplýsingar, sem sendar voru". Er þar nánar lýst, hvað farið getur úrskeiðis í sendingunni. Getur verið um að ræða bilun, hvort eð er í því tæki, sem sent er úr, eða í því tæki, er tekur við skjalinu. Þá getur frágangur á skjalinu einnig skipt máli.

Af framangreindu er sýnt, að ekki verður fullyrt, eins og gerð tækja þessara nú er háttað, að símbréf berist þeim, sem það er ætl-

að, jafnvel þótt sendandi hafi í höndum staðfestingarmiða þess efnis, að sending hafi farið fram. Gegn mótmælum sóknaraðila verður boðun til þinghalds 28. september sl. því ekki talin hafa fullnægt skilyrðum 1. mgr. 92. gr. laga nr. 91/1991 um sannanlega boðun til þinghalds.

Með vísan til þessa verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að endurupptaka héraðsdómsmálið nr. E 3277/1994.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Lagt er fyrir héraðsdómara að endurupptaka héraðsdómsmálið nr. E-3277/1994 frá og með þinghaldi 28. september 1994.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. október 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 10. október 1994 vegna fram kominnar kröfu stefnda um endurupptöku, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Svanhildi Guðmundsdóttur, Álfaheiði 2, Kópavogi, með stefnu, birtri 15. apríl 1994, á hendur Hjálmari R. Bárðarsyni, Hrauntungu, Garðabæ, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Í þinghaldi 28. september varð útivist af hálfu stefndu, og var málið þá dómtekið að kröfu lögmanns stefnanda.

Með bréfi, dags. 3. október sl., fer lögmaður stefndu fram á endurupptöku málsins frá og með 28. september 1994 kl. 15.15.

Lögmaður stefnanda hefur hafnað kröfunni.

II.

Lögmaður stefndu styður kröfu sína um endurupptöku eftirfarandi rökum: Ekki hafi enn verið kveðinn upp dómur í málinu, og sé beiðnin því sett fram með stoð í 4. tl. 97. gr. l. nr. 91/1991, þar sem lögmaður stefndu hafi haft lögmæt forföll í réttarhaldinu. Forföll lögmanns stafi af því, að boðun í þinghaldið 28. september 1994 hafi aldrei komist til hans. Kannist enginn á skrifstofu lögmannsins við að hafa séð faxskeytið. Þar af leiðandi hafi hann ekki mætt í þinghaldið. Lögmaðurinn hafi verið boðaður í þinghaldið með faxskeyti, sem sent var í faxnúmer skrifstofu lögmannsins, 885885, en slík boðun teljist ekki lögmæt boðun.

Í lögum nr. 91/1991, gr. 95–105, sé gert ráð fyrir, að mál sé í höndum dómara frá þingfestingu, allt þar til dómur sé kveðinn upp, með þeim hætti, að næsta þinghald sé ávallt ákveðið í undanfarandi þinghaldi. Hvergi í lögunum sé gert ráð fyrir, að máli sé frestað ótiltekið, eins og gerst hafi í þinghaldi 31. maí 1994, og því síðan úthlutað öðrum dómara. Þar sem máli þessu hafi með ákvörðun dómara 31. maí 1994 verið frestað ótiltekið, hafi borið að boða aðila málsins til þinghalds með sannanlegum hætti, sbr. grunnreglu 85. gr. l. nr. 91/1991. Hvergi í réttarfarslögum sé gert ráð fyrir því, að boðun með faxskeyti sé lögmæt boðun, sbr. meginregluna, sem fram komi í 24. og 80. gr. l. nr. 90/1989 um aðför, 69. gr. og 174. gr. l. nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og 3. mgr. 74. gr. l. nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Af framanröktu sé því ljóst, að lögmaður stefndu hafi ekki með lögmætum hætti verið boðaður í þinghald 28. september 1994, og hafi því verið um lögmæt forföll hans að ræða. Beri því að endurupptaka málið skv. 4. tl. 97. gr. l. nr. 91/1991.

Lögmaður stefnanda mótmælir endurupptökunni á eftirfarandi forsendum: (sic).

III.

Lögmaður stefndu var boðaður til réttarhaldsins með símbréfi, sem sent var 13. september sl. kl. 12.53, og var það lagt fram í málinu. Símbréf þetta telst vera lögfull boðun til þinghaldsins, sbr. 1. mgr. 92. gr. l. nr. 91/1991, enda fylgir því staðfestingarkvittun, þar sem fram kemur fax-númer viðtakanda, tímasetning sendingar og enn fremur staðfesting á því, að myndsendingin tókst.

Ekki er unnt að fallast á, að forföll þau, sem lögmaður stefndu tilgreinir í bréfi sínu, falli undir 4. tl. 97. gr. l. nr. 91/1991. Þá er ekki fallist á það með lögmanni stefndu, að óheimilt sé samkvæmt ákvæðum l. nr. 91/1991 að fresta máli ótiltekið, enda leiði það af 92. gr. laganna, að sú heimild sé fyrir hendi.

Með vísan til framangreinds er beiðni lögmanns stefndu um endurupptöku hafnað.

Úrskurðarorð:

Kröfu stefndu um endurupptöku málsins er hafnað.

Föstudaginn 11. nóvember 1994.

Nr. 450/1994. **Sýslumaðurinn á Akureyri**

gegn

Snorra Ásmundssyni

(Þorsteinn Hjaltason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. nóvember 1994, sem barst réttinum 10. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og kærumálskostnaður verði tildæmdur.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 9. nóvember sl. Krefst hann þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til þriðjudagsins 22. nóvember 1994.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um að hafa meðal annars staðið að sölu og dreifingu verulegs magns fíkniefna. Málið sætir nú frumrannsókn hjá lögreglu, en varnaraðili hefur að mestu neitað aðild að því. Þar sem ólokið er veigamiklum þáttum í rannsókn málsins, þykir hætta á, að varnaraðili geti torveldað framgang þess. Með vísan til þess svo og a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 22. nóvember 1994.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Snorri Ásmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 22. nóvember 1994.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. nóvember 1994.

Sýslumaðurinn á Akureyri hefur gert þá kröfu, að Snorra Ásmundssyni, kt. 131166-5419, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til þriðjudagsins 22. nóvember nk., og er í kröfunni vísað til a-liðar 1. mgr. 103. gr.

laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en kærði er grunaður um brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni svo og XVI. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði hefur andmælt kröfu sýslumannsins á Akureyri.

Málavextir.

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu er kærði, Snorri Ásmundsson, grunaður ásamt tilgreindum aðila um að hafa staðið að kaupum á verulegu magni af hassi og amfetamíni í Reykjavík í síðastliðinni viku, og jafnframt er kærði, Snorri, grunaður um að hafa flutt fíkniefnin hingað til Norðurlands. Þá er kærði grunaður um að hafa falsað tékka fyrir um 400.000 krónur og staðið að innbrotum á höfuðborgarsvæðinu síðustu vikur.

Í yfirheyrslum hjá lögreglu og hér fyrir dómi hefur kærði neitað sakargiftum, að því er varðar fíkniefnamisferli og þjófnað. Frásögn kærða er að þessu leyti í andstöðu við framburð tilgreinds aðila samkvæmt skýrslum lögreglu. Kærði hefur á hinn bóginn viðurkennt að hafa gefið út með eigin nafni allmarga tékka, sem hann hafði áður stolið, og á þann hátt fjármagnað áfengiskaup.

Rannsókn málsins er á frumstigi, en af skjölum lögreglu má ráða, líkt og vikið er að í greinargerð sýslumanns, að eftir sé að yfirheyra allnokkra aðila, er gætu gefið upplýsingar um málavexti.

Brot þau, sem kærði er undir rökstuddum grun að hafa framið, geta, ef sönnuð yrðu, varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi ekki til fyrirstöðu.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, þykir í þágu rannsóknarhagsmuna og með skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 rétt að taka kröfu sýslumannsins á Akureyri til greina, þó þannig, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til laugardagsins 19. nóvember nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Snorri Ásmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til laugardagsins 19. nóvember nk. kl. 16.00.

Föstudaginn 11. nóvember 1994.

Nr. 447/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Þórhalli Ölver Gunnlaugssyni
(Símon Ólason hdl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. nóvember 1994, sem barst réttinum 8. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember sl. um, að varnaraðili sæti farbanni allt til laugardagsins 31. desember nk. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Með dómi Hæstaréttar frá 26. september sl. í málinu nr. 399/1994 var varnaraðila gert að sæta farbanni allt til þriðjudagsins 4. nóvember sl. vegna grunar um stórfelld brot á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, tengd rekstri einkafyrirtækis hans og fyrirtækinu Vatnsberanum hf., sem varnaraðili er annar tveggja stjórnarmanna í.

Sóknaraðili hefur gert grein fyrir því, að rannsókn málsins sé mjög umfangsmikil og beinist meðal annars að því að varpa ljósi á ráðstöfun varnaraðila á verulegum hluta þess endurgreidda virðisaukaskatts, sem hann er grunaður um að hafa fengið með röngum skýrslum og nemur umtalsverðum fjárhæðum. Hefur jafnframt verið bent á, að rannsókn málsins sé í öðrum atriðum vel á veg komin, en frekara farbann sé nauðsynlegt til að tryggja, að varnaraðili fari ekki af landi brott.

Með vísan til framanritaðs svo og 110. gr. laga nr. 19/1991 verður að telja fullnægt skilyrðum fyrir áframhaldandi farbanni varnaraðila. Samkvæmt því verður hin kærða ákvörðun staðfest.

D ó m s o r ð :

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Föstudaginn 11. nóvember 1994.

Nr. 355/1994. **Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
þrotabúi SH-verktaka hf.
(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Greiðslustöðvun. Skuldaröð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. júlí 1994, sem barst réttinum 18. ágúst sl. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að krafa sín í þrotabú varnaraðila verði viðurkennd sem búskrafa samkvæmt 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Í hinum kærða úrskurði er því lýst, að sóknaraðili greiddi 20. og 28. janúar 1993 samtals 12.000.000 krónur inn á reikning SH-verktaka hf., sem veitt hafði verið heimild til greiðslustöðvunar 12. sama mánaðar. Félagið var síðan úrskurðað gjaldþrota 8. febrúar 1993. Takmarkaðra gagna nýtur í málinu, er varpað geti ljósi á það, hvernig staðið var að lántöku þessari, og engin lánsskjöl voru útbúin. Af þeim fundargerðum stjórnar SH-verktaka hf., sem fyrir liggja, sést ekki, að hún hafi berum orðum samþykkt lántöku félagsins. Á stjórnarfundi 18. janúar 1993 var hins vegar samþykkt að leggja til á fyrirhuguðum hluthafafundi 29. sama mánaðar, að hluthafar tækju tilboði Verkfræðiþjónustu Jóhanns G. Bergþórssonar hf. um kaup á 90% hlutabréfa í félaginu. Í því tilboði var gert ráð fyrir

tiltekinni fyrirgreiðslu af hálfu sóknaraðila, þótt ekki væri þar vikið beinlínis að 12.000.000 króna lántöku. Umsjónarmenn félagsins með greiðslustöðvun samþykktu, að sóknaraðili veitti SH-verktökum hf. lán að fjárhæð 12.000.000 krónur. Eyjólfur Kristjánsson, framkvæmdastjóri SH-verktaka hf., og Sigrún Traustadóttir, er sæti átti í framkvæmdastjórn félagsins, báru fyrir dómi, að fyrir hefði legið samþykki framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórnar til lántökunnar. Er fallist á það með héraðsdómi, að lántakan hafi verið skuldbindandi fyrir félagið.

II.

Krafa sóknaraðila á grundvelli 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 byggist á lántöku SH-verktaka hf. hjá sóknaraðila á greiðslustöðvunartíma félagsins. Verður eigi séð, að formskilyrði IV. kafla og 4. tl. 110. gr. laganna standi því í vegi, að krafan geti notið réttarstöðu sem búskrafa. Koma þá til athugunar þau efnisskilyrði niðurlagsákvæðis 2. mgr. 21. gr. laga nr. 21/1991, hvort víst þyki, að lántakan yrði lánardrottnum til hagsbóta, ef til gjaldþrotaskipta kæmi á búi hans í kjölfar greiðslustöðvunar. Við mat á því ber að miða við aðstæður á þeim tíma, er ákvörðun var tekin um lántökuna.

III.

Í framangreindu tilboði Verkfræðiþjónustu Jóhanns G. Bergþórssonar hf. kom fram, að gert væri ráð fyrir því, „að í greiðslustöðvuninni verði reksturinn studdur af verkábyrgðaraðila, Sjóvá-Almennum, en þó með þaki á fyrirgreiðslu". Sóknaraðili lýsti yfir því í bréfi til félagsins 19. janúar, að hann væri reiðubúinn til að styðja tilboðsgjafa í því að ljúka þeim verkum, sem hann hafði veitt verktryggingar fyrir, en stuðningurinn myndi takmarkast við það tjón, sem félagið biði ella, kæmi til riftunar þeirra verksamninga, er verktryggingarnar tóku til. Á fundi kröfuhafa 28. janúar greindi annar aðstoðarmanna félagsins á greiðslustöðvunartímanum frá því, að sóknaraðili væri með þessu „að tryggja sína hagsmuni, en hagsmunir þeirra og kröfuhafa fara saman, enda koma ella fram kröfur á SH . . .". Í beiðni til Héraðsdóms Reykjaness 1. febrúar 1993 um heimild til framlengingar greiðslustöðvunar sögðu báðir aðstoðarmennirnir um „stuðningsyfirlýsingu" sóknaraðila 19. janúar, að

hana hefði sóknaraðili gefið „vegna hagsmuna sinna vegna verktrygginga, sem gengið yrði á af verkkaupum, ef verk stöðvuðust við gjaldþrot".

Í bréfi Gunnars St. Ólafssonar verkfræðings til aðstoðarmannanna 3. febrúar 1993 kemur fram, að dagana 12. – 16. janúar kynnti hann sér þau samningsbundnu verkefni, sem í gangi voru hjá fyrirtækinu. Hann kvaðst ekki hafa gert nákvæma úttekt á „útstreymi og innstreymi fjármagns einstakra verka" nema varðandi Hampiðjuna hf. Þar voru niðurstöður hans þær, að kostnaður vegna riftunar væri um það bil 2.700.000 krónum meiri en af áframhaldi verksins. Þá kvaðst hann hafa gert lauslega athugun á verkframkvæmdum við stúdentagarða, Grafarvogskirkju og íþróttahús í Vogum, og benti hún til þess, að kostnaður vegna riftunar væri „þó nokkuð hærri en kostnaður við að halda áfram við verkin". Fyrir héraðsdómi lýsti Gunnar St. Ólafsson því, að sér hefði ekki verið falið að skoða „heildardæmi" eða „heildarfjárhagsstöðu fyrirtækisins". Hann hefði eingöngu farið í gegnum hverja verkframkvæmd fyrir sig, og hefði þá ekki verið tekið tillit til skulda fyrirtækisins og áfallandi vaxta og verðbóta á þær og þeim deilt niður á verkin eftir umfangi verkanna. Engra annarra gagna nýtur í málinu um athugun á hagkvæmni lánveitingar sóknaraðila fyrir aðra kröfuhafa, ef til gjaldþrots kæmi að lokinni greiðslustöðvun.

IV.

Á greiðslustöðvunartíma hefur skuldari þröngar heimildir til að stofna til fjárskuldbindinga. Ef um atvinnurekstur er að ræða, verður skuldbinding að vera nauðsynleg til að halda rekstrinum áfram eða varna verulegu tjóni, enda þyki víst, að hún verði lánardrottnum skuldara til hagsbóta, ef til gjaldþrotaskipta kemur í kjölfar greiðslustöðvunar, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 21/1991, sbr. áður 1. tl. 8. gr. laga nr. 6/1978. Í 4. tl. 110. gr. núgildandi gjaldþrotalaga er mælt fyrir um forgang slíkrar kröfu, sem til verður með samþykki aðstoðarmanns skuldara á greiðslustöðvunartíma. Að öðru jöfnu hvílir sönnunarbyrðin í þessum efnum á þeim, sem heldur því fram, að krafa sín eigi að njóta forgangs samkvæmt framangreindu ákvæði.

Lánveiting sóknaraðila nam mjög miklum hluta þess, sem kosta

þurfti til áframhalds umræddra verka. Annars fjárstuðnings í því skyni hafði ekki verið aflað, áður en að því kom, að biðja þyrfti um framlengingu á hinni heimiluðu greiðslustöðvun. Eins og mál þetta liggur fyrir, verður ekki séð, að óyggjandi hafi verið, að lánveitingin hafi mátt virðast til þess fallin að treysta hagsmuni kröfuhafa við eftirfarandi gjaldþrot, ef til þess kæmi. Þótt meiri kostnaður hefði á þessum tíma fylgt riftun einstakra verka en framhaldi þeirra, er ekki sýnt, að lánveiting sóknaraðila hefði fyrirsjáanlega verið kröfuhöfum til hagsbóta. Svo mikill vafi leikur á í því efni, að lagaskilyrði eru ekki til þess að viðurkenna forgangsrétt til handa sóknaraðila á grundvelli 4. tl. 110. gr. gjaldþrotalaga, enda verður sú viðurkenning samkvæmt meginreglu laganna um jafnræði kröfuhafa að eiga sér örugga stoð í aðdraganda og stofnun þeirrar kröfu, sem forgangs er krafist fyrir. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar og dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði varnaraðila, þrotabúi SH-verktaka hf., 70.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði
Guðrúnar Erlendsdóttur og
Haralds Henryssonar

Við erum samdóma I. og II. kafla í atkvæði meiri hluta dómenda.

Í málinu liggur fyrir, að á þeim tíma, sem lántakan fór fram, var það mat stjórnarmanna og aðstoðarmanna við greiðslustöðvun, að lántakan hefði þau áhrif, að skilyrði fyrir áframhaldandi rekstri fyrirtækisins yrðu betri og jafnvel mætti komast hjá gjaldþroti, t. d. með gerð nauðasamninga, og takmarka tjón almennra kröfuhafa. Varhugavert þykir að byggja á árshlutareikningi SH-verktaka hf. fyrir greiðslustöðvunartímabilið, því að ósannað er, að það uppgjör gefi rétta mynd af rekstri þess tímabils. Samkvæmt framburði Bjarna Óskarssonar héraðsdómslögmanns, aðstoðarmanns við

greiðslustöðvun, fyrir dómi var það mat allra aðstandenda félagsins, að það myndi koma sér betur fyrir kröfuhafana, að starfseminni yrði haldið áfram. Á þessum tíma hafi liðlega 100 starfsmenn verið í vinnu hjá SH-verktökum hf. og 7–8 stór verkefni í gangi. Aðstoðarmennirnir hafi látið fara fram könnun á því, hvort skilyrðum 21. gr. gjaldþrotaskiptalaga væri fullnægt, og hafi þeir fengið óháðan verkfræðing, Gunnar St. Ólafsson, til þess að meta, hvort ráðlegt væri að halda starfseminni áfram. Hafi Gunnar gert úttekt og skoðun á einstökum verkum, sem fyrirtækið vann við dagana 12. til 16. janúar 1993, og var það mat hans, að ódýrara væri að halda áfram en rifta samningum. Það hafi því verið mat aðstoðarmanna, að þetta myndi verða kröfuhöfum til hagsbóta. Hefur þessu mati ekki verið hnekkt. Þegar framangreint er virt, teljum við, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi og viðurkenna eigi kröfu sóknaraðila sem búskröfu á grundvelli 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 með þeirri takmörkun, sem leiðir af 3. mgr. 111. gr. laganna. Þá teljum við, að varnaraðili eigi að greiða sóknaraðila kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 30. júní 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 30. júní, er í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. X-9/1994: Sjóvá-Almennar tryggingar hf. gegn þrotabúi SH-verktaka hf., sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 8. júní 1994.

Mál þetta var þingfest 24. janúar 1994, en það barst dóminum með bréfi Viðars Más Matthíassonar hrl., annars skiptastjóra í þrotabúi SH-verktaka hf., 13. desember 1993.

Sóknaraðili er Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, en varnaraðili þrotabú SH-verktaka hf., kt. 670286-1349.

Dómkröfur sóknaraðila, Sjóvá-Almennra trygginga hf., eru þær, að krafa hans, að fjárhæð 12.000.000 kr., auk vaxta [...] verði samþykkt sem krafa skv. 4. tl. 110. gr. l. nr. 21/1991 í þrotabú SH-verktaka hf. Þá er gerð krafa um, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati réttarins ásamt virðisaukaskatti og að málskostnaður verði viðurkenndur sem krafa skv. 4. tl. 110. gr. l. nr. 21/1991 í þrotabú SH-verktaka hf.

Dómkröfur varnaraðila, þrotabús SH-verktaka hf., eru, að kröfu sóknaraðila um, að krafa hans, að fjárhæð 12.000.000 kr., með tilgreindum vöxtum og dráttarvöxtum verði samþykkt sem krafa samkv. 4. tl. 110. gr. laga um

gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991 í þrotabú SH-verktaka hf., verði hafnað og að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 12. janúar 1993, var SH-verktökum hf. veitt heimild til greiðslustöðvunar til 1. febrúar 1993. Ásgeir Thoroddsen hrl. og Bjarni Þór Óskarsson hdl. voru aðstoðarmenn skuldara við greiðslustöðvun.

Hinn 1. febrúar 1993 var lögð fram í dóminum beiðni um framlengingu heimildar til greiðslustöðvunar fyrir SH-verktaka hf. Komu þá fram mótmæli frá nokkrum kröfuhöfum við framlengingu greiðslustöðvunar. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 8. febrúar 1993, var hafnað beiðni SH-verktaka hf. um heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar. Samdægurs fór stjórn SH-verktaka hf. fram á, að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Með úrskurði, upp kveðnum sama dag, var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta og Viðar Már Matthíasson hrl. og Jóhannes Sigurðsson hdl. skipaðir skiptastjórar í þrotabúinu.

Meðal krafna, sem lýst var í búið, er krafa sóknaraðila, Sjóvá-Almennra trygginga hf., að fjárhæð 12.211.595 kr., og er þess krafist, að krafan njóti forgangsréttar skv. 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. Því hefur verið hafnað af hálfu skiptastjóra í þrotabúinu, en samþykkt, að hún njóti stöðu sem almenn krafa. Ekki hefur tekist að jafna ágreininginn. Með bréfi skiptastjóra, mótteknu í Héraðsdómi Reykjaness 13. desember, var þess krafist, að dómurinn leysti úr ágreiningnum.

Atvik að baki máli eru þau, að fjárhag SH-verktaka hf., sem stofnað var árið 1985, hafði hrakað mjög árin 1991 og 1992. Tilboð félagsins í þau verk, sem félagið hafði með höndum í ársbyrjun 1993, voru samanlagt 80.000.000 kr. undir kostnaðaráætlun. Verk þessi voru almennt framhlaðin, sem kallað er, þ. e. tilboðum er stillt upp þannig, að greiðslur berast snemma í verkum til að auðvelda fjármögnun í upphafi. Þau verk, sem SH-verktakar hf. höfðu til meðferðar í upphafi árs 1993, voru flest komin á síðari stig. Hafði vinna við nær allar framkvæmdir á vegum félagsins stöðvast. Á stjórnarfundi félagsins 11. janúar 1993 var samþykkt að óska eftir heimild til greiðslustöðvunar. Greiðslustöðvunarbeiðni SH-verktaka hf. byggðist á tilboði Silfurþings hf. o. fl. aðila, dags. 11. janúar 1993, um kaup á 90% hlutafjár í félaginu og kaup á öllum óveðsettum hlutabréfum SH-verktaka hf. í Veði hf. Tilgangur greiðslustöðvunar var að gera úttekt á einstökum verksamningum SH-verktaka hf. í því skyni að meta hagkvæmni þess að ljúka verk-

um og á grundvelli þeirrar úttektar að gera tilraun til að semja félagið frá þeim verkum, sem telja mætti, að tap yrði á, en ljúka hinum. Síðan átti að leita nauðasamninga við lánardrottna félagsins með því að auka hlutafé þess.

– – –

Niðurstaða.

Í máli þessu liggur fyrir, að það var fyrir atbeina Jóhanns G. Bergþórssonar, sem sóknaraðili, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., innti af hendi peningagreiðslur inn á reikning SH-verktaka hf., fyrst 20. janúar 1993 og síðan 28. janúar 1993, samtals 12.000.000. kr. Engin lánsskjöl voru útbúin. Á þeim tíma, er lántökurnar urðu, stýrði SH-verktökum hf. framkvæmdastjórn, skipuð af stjórn félagsins. Samkvæmt 22. gr. samþykkta SH-verktaka hf. ákvarðar stjórn félagsins starfssvið framkvæmdastjórnar og starfshætti. Eyjólfur Kristjánsson, sem sæti átti í framkvæmdastjórn og jafnframt var framkvæmdastjóri félagsins, bar fyrir dóminum, að hann hefði samþykkt lántökuna. Í fundargerðum framkvæmdastjórnar er hvergi vikið að lántökunni, en vitnið Sigrún Traustadóttir, sem sæti átti í framkvæmdastjórn félagsins, bar fyrir dóminum, að lántakan hefði verið samþykkt þar. Ekkert liggur fyrir um afstöðu stjórnar félagsins til lántökunnar eða þess, hvort framkvæmdastjóri og e. t. v. framkvæmdastjórn hafi farið út fyrir heimildir sínar með því að samþykkja hana. Þykir því verða á því að byggja, að lántakan hafi verið skuldbindandi fyrir félagið.

Fyrir því, að kröfur njóti stöðu skv. 4. tl. 110. gr. l. nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. í kröfuröð, eru sett þau skilyrði, að samþykki aðstoðarmanna sé fyrir skuldbindingunni og að ráðstöfunin hafi verið heimil skv. 19.–21. gr. laganna. Samþykki aðstoðarmanna er fyrir lánveitingu þeirri, er mál þetta snýst um. Í 2. mgr. 21. gr. l. nr. 21/1991 er mælt fyrir um þröngar heimildir skuldara til að baka sér nýjar skuldbindingar eða leggja annars höft á eignir sínar, meðan greiðslustöðvun stendur yfir. Þetta má hann annars vegar gera til að halda áfram atvinnurekstri eða varna verulegu tjóni. Heimildin er háð því skilyrði, að ráðstöfunin þarf að teljast lánardrottnum til hagsbóta, ef gjaldþrotaskipti fylgja í kjölfar greiðslustöðvunar.

Ekki er um það ágreiningur í máli þessu, að lántakan hafi verið nauðsynleg til þess að halda áfram atvinnurekstri SH-verktaka hf. Um hitt stendur ágreiningurinn, hvort því skilyrði 2. mgr. 21. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. hafi verið fullnægt, að víst hafi þótt, að aðgerðin yrði lánardrottnum til hagsbóta, ef til gjaldþrotaskipta kæmi á búi skuldarans í kjölfar greiðslustöðvunar.

Meginreglan skv. 1. mgr. 19. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. er sú, að

meðan á greiðslustöðvun stendur, er skuldara óheimilt að ráðstafa eignum sínum og réttindum og stofna til skuldbindinga á hendur sér. Við túlkun ákvæðis 2. mgr. 21. gr. laganna verður að hafa í huga, að í ákvæðinu felst undantekning frá meginreglu og að þar er mælt fyrir um þröngar heimildir skuldara til að baka sér nýjar skuldbindingar eða leggja annars höft á eignir sínar, meðan greiðslustöðvun stendur yfir. Heimildir 2. mgr. 21. gr. verður því að skýra þrengjandi lögskýringu.

SH-verktakar hf. töpuðu á öllum þeim verkum, sem þeir stóðu í undir lok árs 1992 og ársbyrjun 1993. Tilboð félagsins í þau verk, sem félagið hafði með höndum í ársbyrjun 1993, voru samanlagt 80.000.000 kr. undir kostnaðaráætlun. Tilboðum í verkin var almennt stillt þannig upp, að greiðslur bærust snemma á verktímanum. Verkin voru framhlaðin, sem kallað er, sem leiðir almennt til þess, að á síðari hluta verka er verktakinn að vinna með tapi. Verk þessi voru almennt komin á síðari stig. Gunnar St. Ólafsson verkfræðingur framkvæmdi skoðun á stöðu einstakra verka á tímabilinu 12.–16. janúar 1993. Nákvæm úttekt var einungis gerð á einu verki, og lausleg skoðun á þremur verkum benti til þess, að kostnaður vegna riftunar á þeim væri þó nokkuð hærri en kostnaður við að halda áfram með verkin. Í framburði hans fyrir dóminum kom fram, að einungis hefði verið skoðað, hvað það myndi kosta að ljúka hverju verki og hver afkoman yrði, án tillits til annarra þátta. Að teknu tilliti til alls kostnaðar hefði orðið tap á verkunum.

Að framangreindu virtu þykir ekki annað hafa verið sýnt en tap yrði á áframhaldandi framkvæmdum. Þykir sóknaraðili ekki hafa sýnt fram á, með hverjum hætti mátt hafi þykja víst, að lántakan yrði lánardrottnum til hagsbóta, ef síðar kæmi til gjaldþrotaskipta á búi félagsins, eða að forsendur hafi verið til að ætla, að svo yrði, þegar lánið var veitt. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að lántakan hafi fært verðmæti í hendur búsins, en samkvæmt árshlutareikningi voru tekjur SH-verktaka hf. vegna verksamninga á greiðslustöðvunartíma 2.804.497 kr., en kostnaður vegna þeirra 20.874.857 kr.

Samkvæmt framangreindu hefur því skilyrði 2. mgr. 21. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991 um, að víst hafi þótt, að lántakan yrði kröfuhöfum til hagsbóta, ekki verið fullnægt, og skortir því lagaskilyrði til að viðurkenna kröfu sóknaraðila sem kröfu samkvæmt 4. tl. 110. gr. laganna.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kveður upp Þorgerður Erlendsdóttir fulltrúi.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Sjóvá-Almennra tryggingа hf., að krafa hans í þrotabú SH-verktaka hf., að fjárhæð 12.000.000 kr., með vöxtum og dráttarvöxtum verði samþykkt sem krafa samkvæmt 4. tl. 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. nóvember 1994.

Nr. 437/1994. **Ásthildur Sveinsdóttir**
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)
gegn
Jónínu H. Jónsdóttur og
til réttargæslu
Halldóri Einarssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurði hrundið. Samaðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. október 1994, sem barst réttinum 2. nóvember sl. Um kæruheimild er vísað til j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Til vara er þess krafist, að „úrskurður héraðsdómara verði ómerktur og honum gert að taka til athugunar á ný hvort vísa beri málinu frá án kröfu". Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili í málinu, Jónína H. Jónsdóttir, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Réttargæslustefndi, Halldór Einarsson, hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Ekki verður á það fallist, að varnaraðili eigi óskipta skyldu með réttargæslustefnda um þá hagsmuni, sem kröfur sóknaraðila lúta að. Var sóknaraðila því heimilt að beina kröfum sínum að varnaraðila einum, án þess að réttargæslustefnda yrði jafnframt stefnt til beinnar aðildar til að þola dóm um þær kröfur með varnaraðila samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991.

Í héraði krafðist varnaraðili þess, að málinu yrði vísað frá dómi vegna vanreifunar. Fallast má á það með varnaraðila, að nokkuð skorti á, að sóknaraðili hafi gert svo skýra grein fyrir málsástæðum sínum sem skyldi. Á þessu stigi er þó ekki enn útséð um, hvort

sóknaraðila tekst að bæta úr þessu við efnismeðferð málsins. Verður málinu því ekki vísað frá dómi af þessum sökum.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka mál þetta til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 1994.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 18. apríl 1994, til þingfestingar hér fyrir dómi 28. apríl s. á. Það var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávísunarkröfu stefndu Jónínu.

Stefnandi málsins er Ásthildur Sveinsdóttir, kt. 051242-3009, Flúðaseli 65, Reykjavík. Stefnda er Jónína H. Jónsdóttir, kt. 020843-4469, Sólvallagötu 9, Reykjavík, en réttargæslustefndi Halldór Einarsson, kt. 231249-2709, Langagerði 2, Reykjavík.

Ekki hefur verið mætt í málinu af hálfu réttargæslustefnda.

– – –

Forsendur og niðurstaða.

Kröfugerð stefnanda er tvíþætt, eins og að framan greinir. Annars vegar er um að ræða skaðabótakröfu (í mismunandi útfærslu) á hendur stefndu, Jónínu, sem byggist á því, að stefnandi hafi verið sviptur eignarumráðum yfir tilgreindum hluta kjallara húseignarinnar Sólvallagötu 9 í Reykjavík með því, að réttargæslustefndi, Halldór Einarsson, seldi eignarhlutann stefndu, Jónínu, en hins vegar krefst stefnandi viðurkenningar á eignarrétti að þessum eignarhluta, fái skaðabótakrafa sín ekki framgang.

Við mat á kröfum stefnanda þarf í báðum tilvikum að kanna eignarheimildir réttargæslustefnda, Halldórs Einarssonar, að umdeildu húsrými. Niðurstaða málsins grundvallast á eignarheimild hans til þess hluta í kjallara húseignarinnar Sólvallagötu 9, Reykjavík, sem hér er til umfjöllunar. Réttargæslustefndi hefur því að mati dómsins aðilastöðu í málinu.

Það er því álit dómsins, að óhjákvæmilegt hafi verið að stefna Halldóri Einarssyni til að þola kröfur í málinu í stað þess að stefna honum eingöngu til réttargæslu. Því ber með vísan til 1. og 2. tl. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi.

Rétt þykir með vísan til 2. tl. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að stefnandi greiði stefndu, Jónínu, málskostnað, sem ákveðst 24.900 kr., og er virðisaukaskattur innifalinn í þeirri fjárhæð.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan úrskurð.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Stefnandi, Ásthildur Sveinsdóttir, greiði stefndu, Jónínu H. Jónsdóttur, 24.900,00 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Mánudaginn 14. nóvember 1994.

Nr. 436/1994. **Ísafoldarprentsmiðja hf.**
(Leó Löve hdl.)
gegn
Halldóru Jónsdóttur og
Unni Maríu Figved
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
og
Halldóra Jónsdóttir og
Unnur María Figved
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Ísafoldarprentsmiðju hf.
Leó E. Löve
(Leó Löve hdl.)
Birgi Páli Jónssyni
Jóni Guðmundssyni
(Skúli Pálsson hrl.) **og**
Eygló Guðmundsdóttur

Kærumál. Málskostnaður. Frávísun frá Hæstarétti. Kæruheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 20. október 1994, sem barst með kærumálsgögnum 1. nóvember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 6. október 1994, þar sem sóknaraðila var gert að greiða varnaraðilum, Halldóru Jónsdóttur og Unni Maríu Figved, málskostnað, að fjárhæð 50.000 krónur, auk virðisaukaskatts í máli varnaraðilanna á hendur sóknaraðila og fleirum, en það mál féll að öðru leyti niður. Sóknaraðili vísar ekki til lagaákvæða um kæruheimild. Hann krefst, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þá leið, að málskostnaður, sem var ákveðinn þar, verði felldur niður eða lækkaður stórlega. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilanna sameiginlega.

Varnaraðilar, Halldóra Jónsdóttir og Unnur María Figved, lýstu yfir kæru á fyrrnefndum úrskurði 25. október 1994. Þær krefjast þess aðallega, að sér verði dæmdur málskostnaður sameiginlega úr hendi sóknaraðila ásamt Leó E. Löve, Birgi Páli Jónssyni, Jóni Guðmundssyni og Eygló Guðmundsdóttur og að málskostnaður verði hækkaður verulega. Til vara krefjast þær þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefjast þær kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Leó E. Löve krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum varnaraðila, Halldóru og Unnar Maríu, og að þeim verði gert að greiða sér kærumálskostnað, sem verði dæmdur með álagi vegna tilefnislauss málskots.

Birgir Páll Jónsson og Jón Guðmundsson krefjast þess aðallega, að kröfum varnaraðila, Halldóru og Unnar Maríu, verði vísað frá Hæstarétti og sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðila. Til vara krefjast þeir sýknu af kröfum varnaraðilanna og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eygló Guðmundsdóttir krefst þess aðallega, að „kæra Halldóru Jónsdóttur og Unnar Maríu Figved til Hæstaréttar verði ekki tekin til meðferðar fyrir réttinum“ og þeim verði gert að greiða sér kærumálskostnað, en til vara krefst hún sýknu af kröfum þeirra og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkrafa varnaraðila, Halldóru og Unnar Maríu, í héraði var sú, að öðrum aðilum að málinu yrði gert sameiginlega að greiða þeim skuld, að fjárhæð 75.316 krónur, ásamt vöxtum og málskostnaði. Undir rekstri málsins var skuldin greidd varnaraðilum að öðru leyti en krafa þeirra um málskostnað, og gekk hinn kærði úrskurður um þá kröfu.

Ef dómur hefði gengið í héraði um kröfuna, sem varnaraðilar sóttu í málinu, væri skilyrðum ekki fullnægt til að áfrýja þeim dómi nema með leyfi Hæstaréttar, sbr. 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á þeim lögum. Samkvæmt eðli máls verður þeim ákvæðum jafnframt beitt um málskot þetta, sbr. einnig 4. mgr. 150. gr. sömu laga. Ber því að vísa málinu í heild sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að aðilar beri hver um sig kostnað sinn af kærumálinu.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 6. október 1994.

Úrskurður þessi er kveðinn upp að loknum málflutningi aðila um málskostnað, sem fram fór í dag, 6. október 1994.

Stefna í máli þessu var gefin út 12. apríl á þessu ári og málið höfðað með birtingu hennar 14. og 20. apríl. Það var þingfest 26. apríl.

Stefnendur eru Halldóra Jónsdóttir, kt. 100557-7119, Þórsgötu 19, Reykjavík, og Unnur María Figved, kt. 150335-3459, Garðastræti 43, Reykjavík. Stefnt er Leó E. Löve, kt. 250348-2969, Klapparstíg 1, Reykjavík, f. h. Ísafoldarprentsmiðju, kt. 660169-0329, og einnig persónulega ásamt Birgi Páli Jónssyni, kt. 160251-3609, Sjávargrund 10, Garðabæ, Jóni Guðmundssyni, kt. 200442-2539, Hegranesi 24, Garðabæ, og Eygló Guðmundsdóttur, kt. 031249-4309, Breiðvangi 34, Hafnarfirði, öllum óskipt, til greiðslu á 60.495 kr. og 14.821 kr. í virðisaukaskatt auk dráttarvaxta frá 1. janúar 1994 skv. III. kafla laga nr. 25/1987 af 60.495 kr. Stefnendur krefjast enn fremur málskostnaðar að mati dómsins og virðisaukaskatts af honum.

Útivist varð þegar við þingfestingu af hálfu Ísafoldarprentsmiðju hf. og Leós E. Löve, en stefndu Birgir Páll, Jón og Eygló tóku til varna.

Stefndu Birgir Páll Jónsson og Jón Guðmundsson gerðu þá kröfu aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en til vara, að þeir yrðu sýknaðir af öllum kröfum stefnenda. Þeir kröfðust þess jafnframt, að stefnendum yrði dæmt in solidum að greiða sér málskostnað að mati dómsins, er bæri 24,5% virðisaukaskatt ofan á málflutningsþóknun.

Stefnda Eygló Guðmundsdóttir krafðist þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi og að sér yrði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati dómsins. Til vara krafðist hún þess, að hún yrði sýknuð af öllum kröfum stefnenda og sér dæmdur málskostnaður. Hún krafðist virðisaukaskatts ofan á málflutningsþóknun.

– – –

Í þinghaldi 13. september sl. skýrði lögmaður stefnenda frá því, að Eiríkur Rafn Magnússon, sem væri í þann veginn að kaupa hús Ísafoldarprentsmiðju hf. ásamt fleirum, hefði greitt sér stefnukröfu í máli þessu. Fyrir hönd stefnenda félli hann því frá kröfum í málinu nema kröfunni um málskostnað. Í dag skýrði lögmaður stefnenda frá því, að Eiríkur Rafn hefði greitt sér stefnukröfuna með 60.495 kr. og 6.100 kr. í dráttarvexti og 14.000

kr. í virðisaukaskatt. Vegna forfalla lögmanns stefndu Birgis Páls Jónssonar og Jóns Guðmundssonar, Guðmundar Markússonar hrl., var málflutningi um málskostnað frestað þangað til í dag.

Stefndu, þau sem til varna hafa tekið, eru ásamt Leó E. Löve stjórnarmenn í Ísafoldarprentsmiðju hf. Í málflutningi um málskostnað var að ósk dómara fjallað um þann þátt málsins, hvort stefndu væru persónulega ábyrg fyrir stefnukröfunni, svo sem fram er haldið í stefnu, og er þar vitnað til 1. mgr. 132. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978 þessu til stuðnings. Þessu mótmæla stefndu. Telja þau, að tilvitnað lagaákvæði verði ekki túlkað svo, að stefndu verði samkv. því gerð persónulega ábyrg fyrir stefnukröfunni. Hefði því átt að sýkna þau, ef málið hefði gengið til efnisdóms.

Í málflutningi í dag vísaði lögmaður stefnenda máli sínu til stuðnings í 134. gr. hlutafélagalaga, þar sem í máli þessu væri um fjárdrátt að ræða.

Dómari fellst á það með stefndu Eygló Guðmundsdóttur, Birgi Páli Jónssyni og Jóni Guðmundssyni, að þau hefði átt að sýkna af kröfu stefnanda, ef efnisdómur hefði gengið í málinu. Hið sama gildir um stefnda Leó E. Löve persónulega. Ekki liggur fyrir í máli þessu, að um saknæma háttsemi stefndu hafi verið að ræða.

Athuga ber, að ekki var úrskurðaður málskostnaður, þegar skorið var úr um frávísunarkröfu stefndu, heldur ákveðið, að hann skyldi bíða lokaniðurstöðu í málinu.

Að framanrituðu athuguðu þykir dómara rétt, að stefnda Ísafoldarprentsmiðja hf. greiði stefnendum 50.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts, en málskostnaður falli að öðru leyti niður í máli þessu, enda telur dómari, að 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 eigi ekki við um málshöfðun stefnenda á hendur stefndu Leó E. Löve, Birgi Páli Jónssyni, Jóni Guðmundssyni og Eygló Guðmundsdóttur.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Stefnda, Ísafoldarprentsmiðja hf., greiði stefnendum, Halldóru Jónsdóttur og Unni Maríu Figved, 50.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður í máli þessu.

Mánudaginn 14. nóvember 1994.

Nr. 431/1994. **Haukur G. Gunnarsson**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Ólafi Magnússyni
(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Kærumál. Málskostnaður. Frávísun frá Hæstarétti. Kæruheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. október 1994, sem barst Hæstarétti 25. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til g-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að úrskurði héraðsdómara verði breytt þannig, að greiðsla málskostnaðar til varnaraðila verði felld niður, en til vara, að málskostnaðarfjárhæð verði verulega lækkuð. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Dómkrafa sóknaraðila í héraði var sú, að varnaraðila yrði gert að greiða sér skuld, samtals að fjárhæð 189.390 krónur, ásamt vöxtum og málskostnaði. Málið var fellt niður með samkomulagi aðila, en úrskurður gekk um kröfu varnaraðila um greiðslu málskostnaðar.

Ef dómur hefði gengið í héraði um þá kröfu, sem sóknaraðili hafði uppi í málinu, væri skilyrðum ekki fullnægt til að áfrýja þeim dómi nema með leyfi Hæstaréttar, sbr. 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á þeim lögum. Samkvæmt eðli máls verður þeim ákvæðum jafnframt beitt um málskot þetta, sbr. einnig 4. mgr. 150. gr. sömu laga. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Haukur G. Gunnarsson, greiði varnaraðila, Ólafi Magnússyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 1994.

Mál þetta höfðaði Haukur G. Gunnarsson, kt. 261252-5549, á hendur Ólafi Magnússyni, kt. 010936-3499, með stefnu, þingfestri 24. febrúar sl.

Í stefnu er þær kröfur gerðar, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 189.390 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 97.882 krónum frá 1. október 1990 til 10. ágúst 1992, en af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

– – –

Í þinghaldi nú í dag ítrekaði talsmaður stefnanda ósk sína um, að málið yrði fellt niður, en talsmaður stefnda krafðist ríflegs málskostnaðar, en gerði enga athugasemd við, að málið yrði fellt niður.

Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram greinargerð og fjöldi dómskjala, þar sem leitast er við að hnekkja staðhæfingum í stefnu, sem talsmaður stefnda hefur nú lýst, að séu rangar. Við ákvörðun málskostnaðar stefnda verður að líta til þessa, og þykir hann hæfilega ákveðinn 75.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Úrskurðarorð:

Mál þetta er fellt niður.

Stefnandi, Haukur G. Gunnarsson, greiði stefnda, Ólafi Magnússyni, 75.000 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1994.

Nr. 443/1994. **Íselco sf.**
(Ásgeir Þór Árnason hrl.)
gegn
Jóhanni Pétri Margeirssyni
(Ólafur B. Árnason hrl.)

Kærumál. Kyrrsetning. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 26. október 1994, sem barst réttinum 8. nóvember sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 4. mgr. 91. gr. laga um aðför nr. 90/1989, eins og þeim var breytt með 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 21. október 1994, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um að ómerkja ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um endurupptöku kyrrsetningargerðar, sem hafði farið fram hjá varnaraðila að kröfu sóknaraðila. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að „kyrrsetningargerð sýslumannsins í Reykjavík, dags. 15. 8. 1994, verði staðfest". Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði. Eins og þar kemur fram, leitaði sóknaraðili eftir því við sýslumanninn í Reykjavík, að kyrrsetningargerð, sem hafði farið fram að kröfu hans hjá varnaraðila 10. mars 1994, yrði endurupptekin í því skyni, að eignir, sem höfðu verið kyrrsettar, yrðu virtar til peningaverðs. Þessi málaleitan sóknaraðila var tekin fyrir af fulltrúa sýslumanns 10. ágúst 1994, og var þá meðal annars bókað eftirfarandi í gerðabók:

„Gerðarbeiðandi fer fram á endurupptöku til nánari skráningar á virðingarverðmæti eigna, sem kyrrsettar voru 10. mars 1994.

Gerðarþoli er sjálfur mættur og með honum Ólafur Ragnarsson hrl. Þeim er kynnt krafa gerðarbeiðanda. Lögmaður gerðarþola krefst þess, að beiðni gerðarbeiðanda um endurupptöku verði hafnað, þar sem ekki sé lagaheimild fyrir henni. Hann segir heimild í 3. tl. 22. gr. l. nr. 31/1990 ekki eiga við í þessu tilviki.

Að kröfu gerðarbeiðanda ákveður fulltrúi sýslumanns, að gerðin fari fram.

Lögmaður gerðarþola kveðst munu bera þá ákvörðun undir héraðsdómara. Lögmaður gerðarþola krefst þess, að trygging frá gerðarbeiðanda verði hækkuð. Ftr. sýslumanns hafnar því að endurskoða tryggingarfjárhæð.

Lögmaður gerðarbeiðanda leggur fram nr. 3–16 veðbókarvottorð o. fl. gögn varðandi verðmæti eignanna.

Ftr. sýslumanns ákveður að fresta gerðinni til 15. ágúst nk. kl. 11.30, og mun þá virðing hans á eignum liggja fyrir. Mættum kynnt bókunin án athugasemda.

Hinn 15. ágúst 1994 var gerðin síðan tekin fyrir að nýju, og lá þá fyrir virðing fulltrúans á eignum gerðarþola. Með henni þótti staðreynt, að eignirnar nægðu ekki fyrir kröfu gerðarbeiðanda, og var gerðinni því lokið án árangurs að hluta.

Í framhaldi af þessu beindi lögmaður varnaraðila málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur með bréfi 16. ágúst 1994. Um heimild til að bera málið undir dóm á þennan hátt var vísað í bréfinu til V. kafla laga nr. 31/1990 og V. þáttar laga nr. 90/1989.

II.

Í V. kafla laga nr. 31/1990 eru heimildir handa aðilum að kyrrsetningargerð til að leita dómsúrlausnar, áður en gerðinni er endanlega lokið, til að fá leyst úr um lögmæti ákvarðana sýslumanns um atriði, sem varða heimild til gerðarinnar og framkvæmd hennar, svo og um synjun hans um að verða við beiðni um endurupptöku gerðar. Um rétt gerðarþola til að leita á þessu stigi úrlausnar um atriði varðandi heimild til kyrrsetningargerðar eða framkvæmd hennar er mælt svo fyrir í 1. mgr. 34. gr. laganna, að þetta geti hann því aðeins gert, að gerðarbeiðandi mótmæli því ekki og gerðarþoli hafi uppi kröfu sína um þetta við sýslumann, áður en lengra er haldið við framkvæmd gerðarinnar. Gerðarþoli getur þó einnig gert kröfur fyrir dómi um

slíkt atriði, ef gerðarbeiðandi leitar dómsúrlausnar um þau fyrir sitt leyti í skjóli heimilda sinna til þess í 33. gr. laga nr. 31/1990.

Í lögum nr. 31/1990 eru gerðarþola ekki veitt önnur úrræði en þessi til að fá leyst sérstaklega úr fyrrgreindum atriðum fyrir dómi, áður en kyrrsetningargerð er lokið. Í máli um staðfestingu kyrrsetningar samkvæmt VI. kafla laganna getur gerðarþoli á hinn bóginn borið fyrir sig slíkt atriði til að leitast þar við að fá gerðinni hnekkt.

III.

Samkvæmt því, sem er getið að framan, gat varnaraðili ekki með réttu leitað sérstakrar dómsúrlausnar til að fá hnekkt ákvörðun sýslumanns um endurupptöku kyrrsetningargerðar sóknaraðila gegn sér nema í skjóli 1. mgr. 34. gr. laga nr. 31/1990. Samkvæmt ákvæðinu var heimild varnaraðila til þess háð því, að sóknaraðili hefði ekki mótmælt, að mál um þetta yrði þegar lagt fyrir dóm.

Af fyrrgreindri bókun í gerðabók sýslumanns verður að vísu ekki ráðið, að sóknaraðili hafi berum orðum mótmælt, að varnaraðili fengi að bera ágreining þeirra um endurupptöku gerðarinnar sérstaklega undir héraðsdóm. Á hinn bóginn er til þess að líta, að við þetta tækifæri var bókað eftir lögmanni varnaraðila, að hann „kveðst munu bera“ ákvörðun fulltrúa sýslumanns um þetta undir héraðsdóm. Samkvæmt þessu krafðist lögmaðurinn ekki þá þegar dómsúrlausnar um ákvörðunina, svo sem ber að gera samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laga nr. 31/1990. Eins og þessari yfirlýsingu af hálfu varnaraðila var háttað, verður ekki talið, að sóknaraðili hafi haft ástæðu til að mótmæla því sérstaklega, að ágreiningsefnið yrði lagt fyrir dóm, enda beindist yfirlýsingin eftir hljóðan sinni ekki að því, að varnaraðili vildi notfæra sér úrræði samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði. Í þessu sambandi verður einnig að huga að því, að þótt þessi yfirlýsing af hálfu varnaraðila væri komin fram, gerði hann engar athugasemdir við, að framkvæmd gerðarinnar yrði haldið áfram, en það gat ekki samræmst því, að réttilega hafi verið leitað dómsúrlausnar samkvæmt V. kafla laga nr. 31/1990, sbr. 1. mgr. 35. gr. laganna og 86. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

Af þessum ástæðum verður ekki fallist á, að skilyrðum 1. mgr. 34. gr. laga nr. 31/1990 hafi verið fullnægt, til að varnaraðili leiti, eins og gert er í máli þessu, sérstakrar dómsúrlausnar um ómerkingu á

ákvörðun sýslumanns um endurupptöku kyrrsetningargerðar sóknaraðila á hendur honum. Verður því að taka til greina aðalkröfu sóknaraðila og fella úr gildi hinn kærða úrskurð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstaréti.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 4. október 1994, var þingfest á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. september 1994.

Sóknaraðili er Jóhann Pétur Margeirsson, kt. 050658-4149, Fjarðarási 24, Reykjavík.

Varnaraðili er Íselco sf., kt. 600171-0469, Skeifunni 11 D, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að ákvörðun sýslufulltrúans í Reykjavík, er tekin var við endurupptöku kyrrsetningargerðar nr. K-37/1994 í málinu Íselco sf. gegn Jóhanni Pétri Margeirssyni, verði breytt þannig, að beiðni gerðarbeiðanda um endurupptöku verði hafnað. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að staðfest verið ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík, sem tekin var 10. ágúst 1994 í málinu K-37/1994. Enn fremur krefst hann málskostnaðar að mati dómsins.

– – –

Niðurstaða.

Mál þetta snýst um það, hvort sýslufulltrúinn í Reykjavík hafi mátt heimila endurupptöku kyrrsetningargerðar, er fram fór 10. mars 1994, til „nánari skráningar á virðingarverðmæti“ eigna þeirra, sem þá voru kyrrsettar.

Í endurriti úr gerðabók sýslumanns frá 10. ágúst 1994 kemur fram, að lögmaður gerðarþola kveðst munu bera þá ákvörðun sýslufulltrúa að heimila endurupptöku undir héraðsdómara, og er þeirri yfirlýsingu lögmanns gerðarþola ekki mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda.

Með vísan til 1. mgr. 34. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann verður að telja, að gerðarþola hafi verið heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um þá ákvörðun sýslumanns, að gerðin færi fram, enda

komu engin mótmæli fram frá gerðarbeiðanda, er krafan var höfð uppi. Verður því að telja ágreiningsefni þetta eiga undir héraðsdóm. Þá verður að skilja kröfugerð sóknaraðila á þann veg, að í henni felist krafa um, að ákvörðun sýslumanns verði ómerkt.

Í 3. tl. 22. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann er að finna heimild til handa gerðarbeiðanda til að fá gerð endurupptekna í því skyni, að kyrrsettar eignir verði skrásettar með nánari hætti en áður var gert. Í athugasemdum með lagaákvæðinu kemur fram, að reglur greinarinnar séu sniðnar eftir fyrirmælum 9. kafla laga nr. 90/1989 um endurupptöku fjárnámsgerðar. Í athugasemdum með 66. gr. þeirra laga, sem heyrir undir 9. kafla laganna, segir, að gerðarbeiðanda geti verið nauðsyn á að láta skrásetja hið fjárnumda nánar en gert var í upphafi, þ. e. skrásetning einstakra muna, þegar fjárnám hefur t. d. verið gert í safni lausafjármuna. Samkvæmt nefndu ákvæði er því ekki gert ráð fyrir, að endurupptaka kyrrsetningargerðar sé heimil, þótt nauðsyn beri til að leggja fjárhagslegt mat á muni þá, sem kyrrsettir hafa verið, enda verður ósk um virðingu eigna til peningaverðs að koma fram í upphafi gerðar, en ekki, eftir að kyrrsetning hefur farið fram, sbr. 15. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. og 36. – 50. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

Með vísan til ofangreinds verður því á það fallist með sóknaraðila, að endurupptaka kyrrsetningargerðar sé ekki heimil í þeim tilgangi að leggja fjárhagslegt mat á þá muni, sem kyrrsettir hafa verið. Verður með vísan til 35. gr. laga nr. 31/1990, sbr. 90. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, að fallast á kröfu sóknaraðila um, að ákvörðun sýslufulltrúa um að heimila endurupptöku kyrrsetningargerðar, er fram fór 10. mars 1994, verði ómerkt.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu greiði varnaraðili sóknaraðila 45.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um endurupptöku kyrrsetningargerðar, sem fram fór 10. mars 1994, í málinu Íselco sf. gegn Jóhanni P. Margeirssyni, er ómerkt.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 45.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Fimmtudaginn 17. nóvember 1994.

Nr. 428/1991. **Plastos hf.**
(Logi Guðbrandsson hrl.)
gegn
Tove Engebretsen
(Magnús M. Norðdahl hdl.)

Skaðabætur. Vinnuslys. Örorka. Miski. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1991 með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lýstu lögmenn aðila því yfir, að hér fyrir rétti væri eingöngu deilt um bótaskyldu.

Í vottorði verkstjóra áfrýjanda og framburði hans fyrir dómi kom fram, að fyrir hafi komið, að starfsfólk áfrýjanda ofreyndi sig í baki við verk það, er stefnda vann. Mátti áfrýjanda því vera ljóst, að hætta gat steðjað að starfsfólki í þessum efnum. Enda þótt haft hafi verið á orði við stefndu, að hún leitaði aðstoðar við umrætt verk, er ljóst, að markviss fyrirmæli höfðu ekki verið gefin um það, og hafði hún iðulega unnið verkið ein. Þykir hafa á skort, að séð væri fyrir starfsskipulagi, er tryggði öryggi að þessu leyti, sbr. 21. gr. og 23. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Að því öryggi var áður stuðlað með því að sjá fyrir tæki til að lyfta hinum þungu plastefniskeflum, sem stefndu var ætlað að setja í umrædda vél. Var það tæki orðið ónothæft, án þess að annað kæmi í staðinn, þegar stefnda hóf störf. Verður að líta svo á, að vinnuaðstaða við umrædda vél hafi ekki verið með þeim hætti, sem boðið var í 7. gr. reglna um öryggisbúnað véla nr. 492/1987.

Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Plastos hf., greiði stefndu, Tove Engebretsen, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Péturs Kr. Hafstein

Í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er að finna almennar leiðbeiningarreglur um starfsumhverfi í atvinnurekstri. Aðstæður og atvik í þessu máli voru ekki með þeim hætti, að skaðabótaábyrgð áfrýjanda vegna heilsutjóns stefndu verði byggð á þeim. Ekki var um að ræða hættulegar vélar, og engum öryggisbúnaði var áfátt. Nægilega er í ljós leitt, að til þess var ætlast af yfirmönnum á vinnustaðnum, að starfsfólk rétti hvert öðru hjálparhönd við að lyfta hinum þungu plastrúllum, ef það teldi þess þörf. Þetta var stefndu ljóst, og hefur ekki verið sýnt fram á, að verkstjórn hafi um það verið ábótavant. Stefnda virðist hafa verið hamhleypa til verka og leiddist þófið, þegar sá, sem hún kallaði til aðstoðar í umrætt sinn, lét á sér standa. Fyrir dómi kvað hún sér þá hafa verið nóg boðið, og hafi hún reiðst mjög. Svo er að sjá sem hún hafi þá í bræði sinni þrifið plastrúlluna á loft, misst hana úr höndum sér og gripið til hennar aftur, og hafi þá komið sá slinkur á bakið, sem heilsutjón hennar stafar af. Ekki liggur fyrir, að stefnda hafi kallað til annarra en þessa eina starfsmanns. Á því verður ekki byggt við úrlausn málsins, að hún hafi ekki átt kost á aðstoð. Hún kaus sjálf að haga verki sínu með framangreindum hætti og hlýtur að bera á því fulla ábyrgð, eins og hér háttar til. Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefndu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. mars 1991.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. mars 1991, hefur Tove Engebretsen iðnverkakona, áður til heimilis að Mjóstræti 10B Reykjavík, en nú með óupplýstu heimilisfangi í Noregi, höfðað fyrir dóminum á hendur Plastos hf.,

Krókhálsi 6, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta og miskabóta auk vaxta og málskostnaðar vegna vinnuslyss, sem hún varð fyrir 12. september 1988 á 35. aldursári, fædd 8. apríl 1954.

Stefnandi var að vinna við að stjórna og gæta plastpokavélar, sem sker plastpokaefni af kefli í verksmiðju stefnda að Krókhálsi 6. Meðal skyldustarfa hennar var að taka kefli af lágu vörubretti, bera þau stutta vegalengd og þræða upp á staut á vélinni. Um kl. 13.00–14.00, þegar stefnandi var að lyfta upp einu keflinu, missti hún tökin og greip það í fallinu. Við það kom hnykkur á mjóhrygginn, og var hún síðan skorin upp við brjósklosi í baki 2. janúar 1989.

Stefnanda hefur verið metin 100% örorka í fimmtán mánuði, 50% í tvo mánuði og síðan 30% varanlega. Hinn 15. mars 1991 mat tryggingastærðfræðingur höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna tímabundinnar örorku á 1.201.300 kr., vegna varanlegrar örorku, 3.937.800 kr., samtals 5.139.100 kr., og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 236.300 kr., allt miðað við verðlag á slysdegi. Stefnanda voru greiddar 277.500 kr. í laun fyrir tímabilið 13. september til 31. desember 1988. Hún hefur fengið greiddar 564.401,00 kr. í örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins og 5. október 1989 282.117 kr. frá réttargæslustefnda úr slysatryggingu launþega.

Stefnandi krefst greiðslu 4.434.165 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Stefnandi hefur lagt fram málskostnaðarreikning, að fjárhæð 682.6899 kr. (sic). Hún sundurliðar aðalkröfu sína þannig:

Höfuðstóll varanlegrar örorku	kr.	3.937.800
Frádráttur vegna skattfrelsis og eingreiðslu, 25%	(–	984.450)
Tímabundin örorka	–	1.201.300
Töpuð lífeyrisréttindi	–	236.300
Miskabætur	–	1.000.000
Samtals	kr.	5.390.950
Frádráttur:		
Slysdagsverðmæti atvinnuslysatryggingar	(kr.	253.133)
Slysdagsverðmæti greiðslna frá Tryggingastofnun	(–	502.029)
Laun í slysaforföllum	(–	201.623)
Samtals	kr.	4.434.165

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Ábyrgð hf. hefur verið stefnt til réttargæslu sem ábyrgðartryggjanda stefnda. Engar kröfur eru gerðar á hendur félaginu, og af þess hálfu eru ekki heldur gerðar kröfur í málinu. Réttargæslustefndi hefur skilað greinargerð með stefnda og tekið undir málsástæður hans.

Stefnandi reisir kröfugerð sína á almennu skaðabótareglunni og reglum

um aukna ábyrgð atvinnurekanda vegna ófullnægjandi tækja og aðbúnaðar á vinnustað, en hún telur vélina hafa verið vanbúna og vinnuaðstöðu hafa verið áfátt og að stefndi beri ábyrgð á því, sem áfátt var. Jafnframt er vísað til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Af hálfu stefnda er því aðallega haldið fram, að slysið verði hvorki rakið til gáleysis stefnda né manna, sem hann ber ábyrgð á, svo að bótaábyrgð verði ekki reist á sakarreglunni, en í reynd sé ekki byggt á víðtækari ábyrgðarreglu af hálfu stefnanda. Til vara er dómkröfum mótmælt sem of háum. Í því sambandi krefst stefndi þess, að gerður verði frádráttur vegna skattfrelsis miðað við fulla skattprósentu, 39,97%.

Orsakir sjúkdóms stefnanda verða ekki raktar til leyndrar bilunar eða galla í þeim tækjum, sem stefnandi vann við. Verður því einvörðungu að leysa úr því, hvort forráðamenn eða starfsmenn stefnda hafi gerst sekir um saknæmt atferli, sem stefndi beri ábyrgð á.

Eftir því sem næst verður komist, var keflið, sem stefnandi var að fást við, þegar óhappið varð, 50–70 kg. Upphaflega var notað lyftitæki við að koma keflunum í vélina, en það tæki var orðið ónýtt, þegar stefnandi hóf störf í verksmiðjunni 24. júní 1988. Henni var ætlað að lyfta um það bil 10 keflum á hverri vakt, en mátti kveðja til aðra starfsmenn að hjálpa sér. Þegar óhappið varð, var langt liðið á vaktina, stefnandi búin að lyfta 8–9 keflum og orðin þreytt. Hún bað því næstaddan starfsmann að hjálpa sér, en þegar hann sinnti ekki þeirri beiðni, reiddist stefnandi og þreif upp keflið með áður greindum afleiðingum. Stefnandi vann út vaktina og leitaði síðan til trúnaðarlæknis stefnda, en kom ekki meir til starfa. Eftir óhappið var útvegað nýtt lyftitæki. Hvorki var lögreglu né Vinnueftirliti ríkisins gert viðvart um óhappið. Að frumkvæði umboðsmanns stefnanda fór fram lögregluranns0kn í febrúar 1989, og í tengslum við þá rannsókn fór fram vettvangsathugun á vegum Vinnueftirlits ríkisins. Niðurstaða þeirrar athugunar er, að það sé ofviða einum starfsmanni að vinna það verk, sem slysinu olli; til þess að verkið verði örugglega unnið, þurfi lyftibúnað.

Dómarinn hefur gengið á vettvang. Stefnandi hefur gefið aðilaskýrslu, og vitni hafa verið leidd.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 bar stefnda að tryggja stefnanda öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi í samræmi við tækniþróun. Skv. 13. gr., sbr. 37. gr. og 42. gr. s. l., bar honum að tryggja, að gætt væri fyllsta starfsöryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað og í vinnutilhögun. Samkvæmt grunnreglu 2. mgr. 23. gr., sbr. 14. gr., bar stefnanda að tryggja, að hættu á slysum og sjúkdómum væri afstýrt.

Í samræmi við álit Vinnueftirlits ríkisins þykir verða að telja, að sú tilhögun, sem höfð var á framkvæmd verksins, sem stefnandi var að vinna,

þegar óhappið varð, hafi verið óhæfileg og boðið heim hættu á bakveiki. Á þessum vanbúnaði þykir stefndi bera ábyrgð samkvæmt reglum um ábyrgð atvinnurekenda á afleiðingum vanrækslu starfsmanna sinna og forráðamanna. Hins vegar verður að telja, að stefnandi hafi farið svo óvarlega að við verk sitt, að hún hljóti að bera hluta af tjóni sínu án bóta. Þykir þessi hluti hæfilega ákveðinn 1/4.

Við ákvörðun bóta fyrir fjártjón þykir bera að taka tillit til eftirtalinna atriða:

- örorkumats,
- örorkutjónsútreiknings,
- hagræðis af eingreiðslu,
- skattfrelsis bóta og
- greiðslna, sem stefndi hefur fengið upp í tjón sitt.

Fjártjón stefnanda þykir hæfilega áætlað 3.690.000 kr. Þegar tekið hefur verið hæfilegt tillit til greiddra launa í slysaforföllum og greiðslu frá réttargæslustefnda og Tryggingastofnun ríkisins, lækkar þessi fjárhæð í 2.725.000 kr. Miski þykir hæfilega metinn 225.000 kr. Óbætt tjón stefnanda reiknast því 2.950.000 kr., og af því ber stefnda samkvæmt framansögðu að greiða 3/4, þ. e. 2.212.500 kr., auk vaxta og kostnaðar.

Tryggingastærðfræðingurinn miðar í útreikningum sínum við einfalda sparisjóðsvexti af almennum sparisjóðsbókum Landsbanka Íslands, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma frá slysdegi til útreikningsdags, 25. mars 1991. Stefnandi hefur gert vaxtakröfu sína á sama hátt til þingfestingardags. Vextir sæta ekki ágreiningi.

Málskostnaðarreikningur stefnanda hefur ekki sætt andmælum, að því er varðar útreikningsaðferð, og þykir þá málskostnaður hæfilega ákveðinn 530.000 kr. að teknu tilliti til virðisaukaskatts og útlagðs kostnaðar, sem gögn eru um í málinu. Samkvæmt 3. mgr. 175. gr. laga 85/1936, sbr. 21. gr. laga 54/1988 og 10. gr., sbr. 12. gr., laga nr. 25/1987, þykir mega fallast á, að málskostnaðarfjárhæðin beri, ef til kemur, dráttarvexti samkvæmt síðastnefndum ákvæðum frá 15. degi eftir dómsuppsögu, þar með talda vaxtavexti, að liðnum 12 mánuðum frá upphafsdegi vaxta.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Plastos hf., greiði stefnanda, Tove Engebretsen 2.212.500 kr. með einföldum almennum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands frá 12. september 1988 til 26. júní 1990, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags og 530.000 kr. í málskostnað auk sömu dráttarvaxta frá 9. apríl 1991.

Fimmtudaginn 17. nóvember 1994.

Nr. 334/1991. **Þrotabú Hlyns Jörundssonar**
(Magnús Guðlaugsson hdl.)
gegn
Unni Sigríði Einarsdóttur
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Hjón. Kaupmáli. Skilnaðarsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Hlynur Jörundsson áfrýjaði málinu með stefnu 7. ágúst 1991. Bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 13. október 1994, og hefur þrotabúið tekið við aðild málsins. Dómkröfur þess eru þær, að ógiltur verði með dómi kaupmáli milli Hlyns Jörundssonar og stefndu frá 16. desember 1986 og samningur þeirra um skilnaðarkjör 11. janúar 1989. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í umræddum kaupmála er íbúð að Framnesvegi 17 í Reykjavík, sem stefnda hafði fest kaup á með kaupsamningi 2. júlí 1986, gerð að séreign hennar í fyrirhuguðum hjúskap þeirra Hlyns Jörundssonar. Fasteignamat íbúðarinnar er þar sagt vera 1.651.000 krónur og áhvílandi skuldir, sem stefnda tók að sér að greiða, 1.200.000 krónur. Af gögnum málsins verður ráðið, að áhvílandi skuldir á íbúðinni voru á þessum tíma nálægt þeirri fjárhæð. Var þar um að ræða eftirstöðvar yfirtekinna veðskulda samkvæmt kaupsamningi og nýtt lán, er stefnda hafði tekið til þess að greiða með útborgun, en eftirstöðvar hennar námu 802.461 krónu. Ekkert liggur fyrir um það, að Hlynur Jörundsson hafi ekki átt þess kost að kynna sér til hlítar fjárhagslega stöðu stefndu vegna þessa kaupsamnings. Engin haldbær rök hafa verið færð fram fyrir því, að hann hafi verið beittur sviksamlegri launung eða misneytingu við gerð kaupmálans. Með þessari athugasemd verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Áfrýjandi skal greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, þrotabú Hlyns Jörundssonar, greiði stefndu, Unni Sigríði Einarsdóttur, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. maí 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 12. janúar 1990, af Hlyni Jörundssyni, kt. 300359-2729, Álfhólsvegi 14, Kópavogi, gegn Unni Einarsdóttur, kt. 270657-5249, Álfheimum 44, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að ógiltur verði með dómi kaupmáli, sem gerður var af stefnanda og stefndu í máli þessu 16. desember 1986. Þá krefst stefnandi þess, að samningur um skilnaðarkjör, sem gerður var af stefnanda og stefndu í máli þessu 11. janúar 1989, verði ógiltur með dómi.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu [...].

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað [...].

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi kveður málavexti þá, að 18. desember 1986 hafi stefnandi og stefnda gengið í hjónaband. Hinn 16. desember hafi þau gert með sér kaupmála, þar sem íbúðin að Framnesvegi 17, 2. hæð, Reykjavík, hafi verið gerð að séreign stefndu. Árið 1988 hafi þau afráðið að leita skilnaðar að borði og sæng. Ekki hafi náðst samkomulag um eignaskipti, og hafi lögmaður stefndu vísað eignaskiptum til skiptaréttar Reykjavíkur. Skyldu skiptin tekin fyrir þar 14. desember 1988, en hafi þá verið frestað að ósk stefndu til 11. janúar 1989. Stefnandi og stefnda hafi þá tekið saman að nýju. Hinn 11. janúar 1989 hafi stefnandi og stefnda síðan undirritað samning þann um skilnaðarkjör, sem í máli þessu er krafist ógildingar á. Leyfi til skilnaðar að borði og sæng hafi verið gefið út 18. janúar 1989.

Að því er varðar ógildingu kaupmála, heldur stefnandi fram þeirri málsástæðu, að stefnda hafi sviksamlega skýrt rangt frá atvikum, sem máli skiptu um gerð kaupmálans. Svo sem fram komi í fram lögðum kaupmála,

séu áhvílandi veðskuldir á íbúðinni að Framnesvegi 17 taldar vera 1.200.000 kr. Stefnda hafi kveðið þar vera skuld við Byggingasjóð ríkisins, en jafnframt, að 700.000 kr. veð væri laust á íbúðinni. Þá hafi stefnda sýnt stefnanda bankabók með innstæðu upp á 609.000 kr., er hún hafi sagt samansafnað fé sitt. Árið 1989 hafi stefnandi hins vegar komist að því, að óframreiknaðar áhvílandi skuldir á íbúðinni að Framnesvegi 17 á þeim tíma, er kaupmáli var gerður, hafi í raun verið 1.326.539 kr. Á sama tíma hafi 802.461 kr. verið ógreidd af útborgun kaupverðs íbúðarinnar. Þá hafi 700.000 kr. veð ekki reynst laust. Heildargreiðslur stefndu vegna íbúðarkaupanna frá hjúskaparstofnun og út árið 1987 muni því hafa numið rúmlega 1.200.000 kr. Stefndu muni hafa verið ljóst, að sér hafi verið um megn að standa undir þessum greiðslum, og því ekki veitt stefnanda réttar upplýsingar, þar sem henni hafi verið ljóst, að stefnandi hefði aldrei samþykkt gerð kaupmálans á þeim forsendum, að stefnandi sæi einn um framfærslu fjölskyldunnar, en stefnda eignaðist séreign að verðmæti á aðra milljón.

Stefnda hafi algerlega séð um fjármál þeirra í hjúskapnum, þ. á m. skattframtöl. Stefnda hafi óskað eftir því, að þau stefnandi teldu fram sem hjón í febrúar 1989, og stefnandi orðið við þeirri bón og látið henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar. Síðar hafi komið í ljós, að stefnda hafði ekki talið fram með stefnanda, heldur sem einstaklingur. Hafi það leitt til þess, að stefnandi fékk afrit af eldri skattframtölum stefndu og stefnanda. Á skattframtölum þessum, sem stefnandi hafði undirritað með heimild til endurskoðanda til útfyllingar, hafi stefnda útfyllt sjálf og gefið upp greiðslur og skuldir, sem stefnda hafi dulið stefnanda.

Að því er varðar ógildingu samnings um skilnaðarkjör, heldur stefnandi því fram, að hann hafi verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, er til hans var stofnað. Við athugun hafi komið í ljós, að bifreiðin Nissan Sunny, árgerð 1987, sem í skiptasamningi sé metin á 370.000,00 kr., hafi í raun verið um 490.000 kr. um áramót 1988–1989. Samkvæmt fram lögðum reikningi hafi kaupverð míní-hljómtækja, sem komið hafi í hlut stefnanda samkvæmt samningi um skilnaðarkjör, verið $297 4. mars 1988, rúmar 18.000 kr. á núvirði, en í áðurgreindum samningi eru þau metin á 75.000 kr. Þá hafi komið í ljós, að útistandandi kröfur samkvæmt 4. gr. skiptasamnings séu óinnheimtanlegar.

Hinn 5. janúar 1989 hafi þau stefnda undirritað samning, þar sem þau hafi lýst yfir því, að skiptasamningur sá, er þau hugðust gera hjá lögmanni annars hvors þeirra, yrði einungis til málamynda, þar sem ætlun þeirra væri að taka saman aftur og draga skilnaðarbeiðni til baka. Í samningnum komi einnig fram, að yrði skilnaðarbeiðnin ekki dregin til baka, skyldu skipti

búsins tekin upp að nýju og því skipt samkvæmt venjulegum skiptareglum um skipti á félagsbúi hjóna.

Að því er varðar ógildingu kaupmála, vísar stefnandi annars vegar til 2. mgr. 30. gr. samningalaga nr. 7/1936 og hins vegar til 34. (sic) gr. sömu laga. Um ógildingu samnings um skilnaðarkjör vísar stefnandi til 1. og 2. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar.

Af hálfu stefndu er ekki mótmælt málavaxtalýsingu stefnanda um stofnun og slit hjúskaparins, en því mótmælt, að málsaðilar hafi tekið upp sambúð að nýju um áramót 1988/1989. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að sambúðarslit hafi orðið í október 1988.

Sýknukröfu sína reisir stefnda á því, að kaupmáli málsaðila sé gerður í samræmi við lagaákvæði um þessi efni. Hann hafi haft að geyma afdráttarlaust og samstundis framkvæmt eignaafsal. Sé í þessu tilviki um að ræða eign, sem stefnda hafi átt, áður en til hjúskapar var stofnað, og eins og 29. gr. laga nr. 20/1923 ráðgerir, hafi verið gerður kaupmáli um eignina. Þegar kaupmálinn var gerður, hafi hann orðið bindandi fyrir stefnanda, hvernig sem ráðist hefði um hjúskap þeirra. Vísað er á bug staðhæfingum um svik og blekkingu sem röngum og ósönnuðum með öllu. Þá er mótmælt staðhæfingu stefnanda þess efnis, að kaupmáli hafi verið gerður á þeim forsendum, að stefnda eignaðist séreign, en stefnandi sæi að öllu leyti um framfærslu fjölskyldunnar. Viðbára þessi sé röng, og því til sönnunar kveði stefnda stefnanda hafa verið meira og minna atvinnulausan á hjúskapartímanum.

Stefnda mótmælir vísan stefnanda til ákvæða III. kafla samningalaga nr. 7/1936, þar sem málsástæður á þeim reistar eigi sér ekki lagastoð. 40. gr. samningalaga mæli fyrir um, að ákvæði þeirra laga eigi ekki við um löggerninga, er lúti málefnum, sem reglur sifjaréttar gilda um. Verði því að líta svo á, að 40. gr. samningalaga girði fyrir, orðan sinni samkvæmt, að umræddum reglum sé beitt í þessu tilviki.

Að því er varðar ógildingu samnings um skilnaðarkjör, reisir stefnda sýknukröfu sína á því, að um fullkomlega réttmætan gerning hafi verið að ræða. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á það í skjölum málsins, að samningur um skilnaðarkjör hafi verið bersýnilega ósanngjarn í skilningi 54. gr. laga nr. 60/1972. Stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn, sem sanni, að verðmæti þeirra eigna, er samningurinn taki til, hafi verið annað en þar getur. Þær útistandandi kröfur, er í skiptasamningi getur og komu í hlut stefnanda, hafi verið ógreidd vinnulaun stefnanda. Í samningnum komi fram, að um óvissar kröfur sé að ræða, og hafnar stefnda þeirri málsástæðu stefnanda, að hún eigi að bera nokkurn halla af því, að þær reynist nú óinnheimtanlegar.

Stefnda hafnar þeim skilningi stefnanda, að þar sem eignum hafi ekki verið skipt nákvæmlega til helminga, skuli samningurinn skoðast bersýnilega ósanngjarn. Bendir stefnda á, að eigi sé unnt að beita hlutlægu mati við skýringu á 54. gr. laga nr. 60/1972, heldur beri að líta til aðdraganda, tilgangs og markmiða með samningnum. Enn fremur beri að líta til þess, að stefnandi undirritaði samninginn af fúsum og frjálsum vilja og hafi verið gjörkunnugur efni hans að öllu leyti.

Stefnda bendir jafnframt á meginreglu laga um frelsi, er hjón sem aðrir hafi til samningsgerðar, enda ákvæði laga nr. 20/1923 og laga nr. 60/1972 frávíkjanleg varðandi eignaskipti, þegar um samninga er að ræða. Af þessum sökum beri að skýra ákvæði 54. gr. laga nr. 60/1972, sem sé algert undantekningarákvæði, þröngri lögskýringu.

Stefnda mótmælir því, að hún hafi undirritað fram lagðan skiptasamning, dags. 5. janúar 1989, og telur stefnanda hafa falsað undirskrift hennar á skjalið og bendir jafnframt á, að frumrit skjalsins hafi ekki verið lagt fram í málinu.

Um lagarök vísar stefnda til meginsjónarmiða um sifjaréttarsamninga og greinargerða með lögum nr. 39/1921 og nr. 60/1972. Þá vísar stefnda sérstaklega til 40. gr. laga nr. 7/1936.

Niðurstaða.

Kröfu sína um ógildingu kaupmála reisir stefnandi á ákvæðum í III. kafla laga nr. 7/1936. Þó að 40. gr. laga þessara girði fyrir, að ákvæðum kaflans verði beitt fullum fetum um löggerninga á sviði sifjaréttar, verður að telja, að unnt sé að beita þeim meginreglum, sem felast í ákvæðum þessum um gerninga á þessu sviði.

Óumdeilt er, að aðilar máls þessa voru sammála um að gera kaupmála þann, sem áður er getið, og hefur stefnandi borið fyrir dómi, að hann hafi gert sér fulla grein fyrir því, að með kaupmálanum yrði fasteignin að Framnesvegi 17, Reykjavík, séreign stefndu. Kröfu um ógildingu styður hann hins vegar því, að fyrir gerð hans hafi stefnda sviksamlega skýrt rangt frá atvikum, er skiptu hann máli um gerð kaupmálans og nánar er rakið hér að framan.

Samkvæmt kaupsamningi, er gerður var um íbúðina að Framnesvegi 17, Reykjavík, 2. júlí 1986, nam kaupverð íbúðarinnar 1.950.000 kr. Útborgun á árinu nam 1.252.461 kr., og skuldir, er stefnda tók við, námu 697.539 kr. Samkvæmt ákvæði í kaupmálanum veitti seljandi íbúðarinnar stefndu veðheimild fyrir vísitölutryggðu láni, að fjárhæð 700.000 kr. Þegar kaupmáli var gerður 16. desember 1986, voru, samkvæmt kaupsamningi, ógreiddar

eftirstöðvar af útborgun í íbúðinni 802.461 kr. Fram er komið, að stefnda nýtti sér fyrrgreinda veðheimild til þess að taka lán hjá Byggingasjóði ríkisins, og nam lán þetta samkvæmt fram lagðri skattskýrslu 629.000 kr. í árslok 1986. Hefur stefnda borið fyrir dómi, að andvirði lánsins hafi hún lagt inn á bankabók og notað það til þess að greiða eftirstöðvar af útborgun í íbúðinni. Til þess hafi hún einnig notað fé, er hún fékk í milli, er hún seldi nýlega bifreið og keypti aðra eldri. Samkvæmt skattskýrslu árið 1987 nam sá mismunur 150.000 kr. Samkvæmt kaupsamningi skyldi greitt af yfirteknum lánum, tveimur 1. ágúst 1986 og einu 1. nóvember 1986. Þegar þetta er virt, þykir gert sennilegt, að heildarskuldir stefndu hafi við gerð kaupmálans numið 1.200.000 kr., eins og í kaupmála greinir. Fullyrðingar stefnanda um annað teljast ósannaðar.

Stefnandi hefur ekki í máli þessu sýnt fram á neitt það, er styður fullyrðingar hans um, að stefnda hafi beitt hann svikum í því skyni að fá hann til þess að gera kaupmála þann, er þau gerðu 16. desember 1986, og er kröfu hans um ógildingu kaupmálans því hafnað.

Svo sem fram hefur komið, var fjárskiptum málsaðila vegna skilnaðar að borði og sæng vísað til skiptaréttar Reykjavíkur. Við fyrirtöku í skiptarétti 11. janúar 1989 lýstu þau yfir, að samkomulag hefði tekist um öll atriði í skiptum á búi þeirra, og lögðu fram í skiptaréttinum samning þann um skilnaðarkjör, sem stefnandi krefst nú ógildingar á.

Stefnandi heldur því fram, að samningur þessi hafi einungis átt að vera til málamynda, þar sem málsaðilar hafi áður, 5. janúar 1989, undirritað samning þar að lútandi. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að undirskrift hennar á skjal þetta sé fölsuð.

Umræddur samningur hefur ekki verið lagður fram í frumriti, en einungis ljósrit hans, og er samningurinn ekki vottfestur. Gegn andmælum stefndu verður því ekki byggt á umræddu skjali í málinu.

Svo sem áður er rakið, var íbúð að Framnesvegi 17, Reykjavík, séreign stefndu samkvæmt kaupmála og kom því samkvæmt skilnaðarsamningi málsaðila ekki til skipta. Samkvæmt umræddum samningi komu til skipta bifreið, heimilistæki og innanstokksmunir. Þar sem einungis hluti þessara muna er verðlagður í samningi, er ekki ljóst, hver þau heildarverðmæti voru, er komu til skipta milli málsaðila samkvæmt samningi þessum.

Í 4. gr. samnings um skilnaðarkjör segir, að stefnandi taki í sinn hlut óinnheimtar og óvissar útistandandi kröfur, sem hann eigi vegna ógreiddra vinnulauna, að fjárhæð 689.000 kr. Telja verður samkvæmt þessu, að stefnanda hafi mátt vera ljóst við undirritun samningsins, að óvíst væri, hvort kröfur þessar innheimtust.

Þegar virt er það, sem fram hefur komið, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á það í málinu, að um nein þau atvik hafi verið að ræða við gerð skilnaðarsamningsins, er hafi valdið því, að hann hafi ekki mátt gera sér grein fyrir gildi samningsins eða efni hans.

Að því er varðar þá málsástæðu stefnanda, að ógilda beri samning um skilnaðarkjör með stoð í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972, þykir ekki með hliðsjón af fram lögðum skilnaðarsamningi sýnt fram á, að hann hafi verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, sem til hans var stofnað. Ber því að hafna þeirri kröfu stefnanda, að samningur málsaðila um skilnaðarkjör, er gerður var 11. janúar 1989, verði ógiltur með dómi.

Ber því samkvæmt framansögðu að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 75.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefnda, Unnur Einarsdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hlyns Jörundssonar.

Stefnandi, Hlynur Jörundsson, greiði stefndu, Unni Einarsdóttur, 75.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. nóvember 1994.

Nr. 307/1992. **Gróco hf.**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Ólafi Ólafssyni
(Sigmundur Hannesson hrl.)

Vinnusamningur. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1992. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Samkvæmt ráðningarsamningi stefnda við áfrýjanda frá 2. febrúar 1987 áttu föst mánaðarlaun hins fyrrnefnda að taka mið af 8. launaflokki í kjarasamningi Félags íslenskra stórkaupmanna við Stéttarfélag íslenskra lyfjafræðinga að viðbættu 48% álagi. Í samningnum var mælt fyrir um, að stefndi yrði í hlutastarfi hjá áfrýjanda frá 1. febrúar til 1. maí 1987 og fá greidd laun eftir vinnuframlagi, en upp frá því átti hann að vera í fullu starfi og um laun hans að fara eftir framansögðu. Stefndi lét af störfum hjá áfrýjanda í lok september 1988. Stefndi heldur því fram, að allt frá upphafi ráðningarsambandsins hafi svo til í hverjum mánuði skort á, að hann fengi greidd laun að fullu samkvæmt samningi aðila. Í málinu krefur hann því áfrýjanda um mismun á umsömdum og greiddum launum, samtals 397.566 krónur, sem hann rekur á eftirfarandi hátt til einstakra mánaða:

Febrúar 1987	kr.	4.136
Mars 1987	–	5.413
Apríl 1987	–	7.680

Maí 1987	–	10.114
Júní 1987	–	0
Júlí 1987	–	29.303
Ágúst 1987	–	10.929
September 1987	–	13.144
Október 1987	–	20.255
Nóvember 1987	–	20.255
Desember 1987	–	20.255
Janúar 1988	–	26.795
Febrúar 1988	–	28.427
Mars 1988	–	30.418
Apríl 1988	–	30.418
Maí 1988	–	30.418
Júní 1988	–	30.418
Júlí 1988	–	26.396
Ágúst 1988	–	26.396
September 1988	–	26.396

Áfrýjandi hefur ekki vefengt, að þessar fjárhæðir vanti á, að stefndi hafi fengið laun greidd að fullu samkvæmt samningi þeirra á ráðningartímanum. Ástæðuna fyrir, að stefnda hafi ekki verið greidd launin að fullu, kveður áfrýjandi vera þá, að í starfi hafi stefndi brugðist væntingum forráðamanna áfrýjanda. Af hendi áfrýjanda hafa skýringar á því, hvað hafi ráðið um, hversu mikið laun stefnda samkvæmt ráðningarsamningnum hafi verið skert í hverjum mánuði, verið á reiki, og standast þær ekki reikningslega.

II.

Áfrýjandi reisir kröfu sína um sýknu annars vegar á því, að stefndi hafi fallið frá öllum kröfum sínum um frekari launagreiðslur við endurskoðun á upphaflegum ráðningarsamningi þeirra, sem hafi verið gerð í janúar 1988, og síðan í samningi um starfslok hans um mitt það ár. Þessa málsástæðu hefur áfrýjandi ekki stutt gögnum. Stefndi hefur með öllu neitað, að ráðningarsamningurinn frá 2. febrúar 1987 hafi sætt endurskoðun eða að samningur hafi verið gerður milli þeirra um launauppgjör við starfslok. Af þessum sök-

um og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem snúa að þessari málsástæðu, verður ekki fallist á hana.

Hins vegar reisir áfrýjandi sýknukröfu sína á því, að kröfur, sem stefndi kann að hafa átt samkvæmt ráðningarsamningnum, séu fallnar niður fyrir tómlæti hans. Í þessu sambandi vísar áfrýjandi til þess, að stefndi hafi alla tíð tekið við greiðslu launa án fyrirvara um, að brotið væri á honum við útreikning þeirra, en því hafi hann fyrst hreyft formlega meira en tveimur árum eftir, að hann lét af störfum. Gegn þessu hefur stefndi haldið því fram, að hann hafi á starfstíma sínum árangurslaust gert endurteknar athugasemdir um útreikning launanna við gjaldkera og stjórnarformann áfrýjanda og einnig við hinn síðarnefnda, eftir að hann lét af störfum. Fær þetta nokkurn stuðning í framburði stjórnarformannsins fyrir dómi. Þá hefur stefndi jafnframt haldið því fram, að um það leyti, sem hann lét af störfum, hafi orðið að samkomulagi milli sín og framkvæmdastjóra áfrýjanda, að endurskoðanda félagsins yrði falið að fara yfir alla launaútreikninga varðandi stefnda. Til stuðnings þessari staðhæfingu hefur stefndi lagt fram í Hæstarétti afrit af bréfum, sem hann lét fylgja gögnum til endurskoðandans í lok áranna 1988 og 1989, en stefndi kveður endurskoðandann aldrei hafa lokið þessu verki vegna andstöðu áfrýjanda við því.

Þegar leyst er úr því, hvort stefndi hafi glatað rétti til vangoldinna launa úr hendi áfrýjanda vegna tómlætis, verður að líta til þess, að um launakjör stefnda voru ótvíræð fyrirmæli í ráðningarsamningi aðila, og gat áfrýjanda því ekki dulist, að við hverja launaútborgun vantaði talsvert á, að stefnda væri greidd sú fjárhæð, sem um var samið. Áfrýjandi hafði því enga ástæðu til að treysta því, að launagreiðslurnar, sem hann skerti með einhliða ákvörðun sinni, gætu án skýlauss samþykkis stefnda talist fullnaðarefndir af hans hálfu á skuldbindingum samkvæmt ráðningarsamningnum. Með tilliti til þessa svo og, að áfrýjandi hefur ekki hnekkt því, að stefndi hafi á fyrrgreindan hátt látið í ljós, að hann teldi sig eiga vangoldin laun, verður ekki fallist á þessa málsástæðu áfrýjanda.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og í dómsorði greinir, en við ákvörðun þeirrar fjárhæðar hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gróco hf., greiði stefnda, Ólafi Ólafssyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. mars sl., höfðaði Sigmundur Hannesson hrl. f. h. Ólafs Ólafssonar, kt. 010451-4349, Frostaskjóli 111, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. júní 1991, gegn Gróco hf., kt. 700683-0369, Grensásvegi 16, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda 397.566 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru krafa um sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað [...].

Leitað var um sáttir án árangurs.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur fyrir dómi þeir stefnandi, Jafet Ólafsson, fyrrum stjórnarformaður stefnda, og Ari Kristján Sæmundsson, framkvæmdastjóri stefnda.

Málavextir.

Stefnandi réð sig í fullt starf sem lyfjafræðingur hjá stefnda með ráðningarsamningi, dags. 2. febrúar 1987, dskj. 3. Á tímabilinu 1. febrúar til 1. maí 1987 var stefnandi í hlutastarfi hjá stefnda og fékk greitt í samræmi við vinnuframlag. Mánaðarlaun átti að miða við samning Félags íslenskra stórkaupmanna við Stéttarfélag lyfjafræðinga, 8. launaflokk, og átti að reikna 48% álag á þann flokk. Jafnframt átti stefnandi að fá greitt fyrir afnot eigin bifreiðar og kostnað, svo sem nánar er kveðið á um í 4. og 5. gr. ráðningarsamningsins.

Stefnandi starfaði hjá stefnda frá upphafi ráðningartímans og til loka september 1988 að undangenginni uppsögn og þriggja mánaða uppsagnarfresti. Ástæða fyrir uppsögn var sögð samdráttur í starfsemi stefnda.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar aðallega á ráðningarsamningi á dskj. 3. Til frekari stuðnings kröfum stefnanda er vísað til meginreglna vinnuréttarins og til reglna kröfuréttar um efndir loforða og samninga, eftir því sem við á.

Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á l. nr. 50/1988,

þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Stefnufjárhæð sé samtala vangreiddra launa, sbr. útreikning stefnanda á fylgiskjali með dskj. 4. Miðað sé við, að vextir leggist við höfuðstól kröfunnar 1. apríl 1988 og síðan á 12 mánaða fresti.

Stefnandi gerir ekki ágreining um ákvæði ráðningarsamnings, er varða bílkostnað, símkostnað og risnu. Krafa stefnanda er umfram allt krafa um vangreidd laun. Stefnandi mótmælir þeim taxta, sem stefndi lagði til grundvallar við útreikning launanna, er stefnanda voru greidd.

Til frekari útlistunar á stefnukröfum er tekið fram, að samkvæmt 8. fl. taxta Stéttarfélags íslenskra lyfjafræðinga séu mánaðarlaun í október 1987 100.245 kr., sbr. launatöflu nr. 4 á dskj. 4. Samkvæmt ráðningarsamningi hafi stefnda borið að greiða stefnanda 48% álag á taxtann, þ. e. 48.117 kr. Umsamin mánaðarlaun vegna október 1987 hafi því verið 148.363 kr. Stefndi hafi aftur á móti greitt stefnanda 128.108 kr. Vangreiddur mismunur vegna októberlauna 1987 sé því 20.255 kr.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að í ráðningarsamningi við stefnanda hafi verið miðað við 8. launaflokk samnings Félags íslenskra stórkaupmanna og Stéttarfélags lyfjafræðinga auk 48% álags. Álaginu hafi verið ætlað að mæta óhjákvæmilegri yfirvinnu stefnanda. Stefnandi hafi brugðist væntingum stefnda, m. a. ekki kosið að vinna nema milli 9–17 fimm daga vikunnar og oft skemur vegna annarra launaðra starfa. Í lengstu lög hafi stefndi vonað, að úr stefnanda myndi rætast. Stefnandi hafi hins vegar ekki bætt ráð sitt. Stjórnarformaður stefnda, Jafet S. Ólafsson, hafi átt fund með stefnanda og honum verið gerð grein fyrir því, að ekki yrði um það að ræða, að hann héldi óbreyttum launakjörum, og hafi honum upp frá því eins og fyrir þann tíma verið greitt skv. 8. flokki án álags. Á þessum fundi hafi stefnandi engar athugasemdir gert við launagreiðslur fram að áramótum 1987/1988. Stefnandi hafi tekið athugasemdalaust við launum sínum þann tíma, sem hann átti eftir að starfa í þágu stefnda. Um mitt ár 1988 hafi þótt fullreynt, að stefnandi hefði hvorki vilja né getu til að sinna því starfi, sem hann var upphaflega ráðinn til að gegna. Stefndi hafi því sagt honum upp störfum. Vegna hagsmuna stefnanda hafi verið látið líta svo út sem hann hefði sagt upp störfum. Við uppsögn og starfslok hafi stefnandi engar athugasemdir gert við þau laun, sem honum höfðu verið greidd. Stefndi hafi því ætlað, að stefnandi hefði að fullu sætt sig við skert launakjör.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi við endurskoðun

upphaflegs ráðningarsamnings í janúar 1988 og síðar, er samið var um starfslok hans um mitt ár 1988, fallið frá öllum launakröfum samkvæmt upphaflegum ráðningarsamningi hans og stefnda.

Stefnandi hafi fyrirgert öllum rétti sínum í máli þessu sökum tómlætis. Hann hafi tekið fyrirvaralaust við launagreiðslum allan starfstíma sinn hjá stefnda. Hann hafi orðið að sæta breytingum á ráðningarkjörum, og honum hafi verið gert að hætta. Í hvorugt skiptið hafi hann hreyft því, að brotið væri á sér í launagreiðslum. Það hafi ekki gerst formlega fyrr en 29 mánuðum eftir, að stefnanda var sagt upp, og 26 mánuðum eftir starfslok hans.

Verði sýknukröfur stefnda ekki teknar til greina, telur stefndi augljóst, að dráttarvaxtakrafa stefnanda sé út í hött. Eins og málum sé háttað, verði að líta á kröfugerð stefnanda sem skaðabótakröfu, en um vexti af þeim fari eftir 15. gr. l. nr. 35/1987. Af þeim sökum byrji krafa stefnanda ekki að bera vexti fyrr en 10. janúar 1991 og fyrsta höfuðstólsfærsla möguleg 10. janúar 1992.

Um rökstuðning fyrir kröfum er af hálfu stefnda vísað til almennra reglna kröfuréttar, m. a. reglna um lok krafna, ákvæða l. nr. 25/1987, 15. gr., svo og til 2. og 3. mgr. 175. gr. l. nr. 85/1936.

Niðurstaða.

Eins og að framan greinir, byggir stefnandi kröfur sínar á fram lögðum ráðningarsamningi aðila, dags. 2. febrúar 1987. Fjárhæð dómkröfu stefnanda, sem hefur ekki verið tölulega vefengd, er reist á 3. gr. samningsins, en hún er svohljóðandi: „Mánaðarlaun miðast við samning Félags íslenskra stórkaupmanna við Stéttarfélag íslenskra lyfjafræðinga. Mánaðarlaun miðast við 8. launaflokk, og reiknast 48% álag á þann flokk."

Í 12. gr. ráðningarsamningsins segir svo: „Samningur þessi verður endurskoðaður frá 1. október 1987, og er starfsmaður lausráðinn fram að þeim tíma. Eftir þann tíma er gagnkvæmur uppsagnarfrestur þrír mánuðir."

Fram er komið, að haustið 1987 leitaði þáverandi stjórnarformaður stefnda eftir því við stefnanda, að gerður yrði nýr samningur, nánast samhljóða samningnum á dskj. 3, nema 48% álagið í 3. gr. skyldi lækkað í 25%. Ekki vildi stefnandi skrifa undir þessa breytingu, og ekki var gerður annar samningur, en stefnandi hélt áfram starfi sínu. Verður því að telja aðila bundna af ráðningarsamningnum frá 2. febrúar 1987, enda felst ekki í endurskoðunarákvæði 12. greinar samningsins heimild handa stefnda til einhliða breytingar á samningnum. Stefnanda var sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara, þá er honum var sagt upp sumarið 1988.

Ósannað er, að fundið hafi verið að vinnuframlagi stefnanda.

Ekkert er fram komið um, að stefnandi hafi nokkru sinni á starfstíma

sínum eða við starfslok fallið frá launakröfum í samræmi við ráðningarsamninginn. Ber því að taka kröfu stefnanda um vangreidd laun til greina með vöxtum, eins og segir í dómsorði, enda verður hvorki á tómlætissjónarmið stefnda fallist, sbr. 3. gr. l. nr. 14/1905, né á þá skoðun stefnda, að hér sé um skaðabótakröfu að ræða.

Málskostnaður ákveðst 125.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, sem beri vexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Gróco hf., greiði stefnanda, Ólafi Ólafssyni, 397.566 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 af 4.136 kr. frá 1. apríl 1987 til 1. maí 1987, af 9.549 kr. frá þeim degi til 1. júní 1987, af 17.229 kr. frá þeim degi til 1. júlí 1987, af 27.343 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 1987, af 56.646 kr. frá þeim degi til 1. sept. 1987, af 67.575 kr. frá þeim degi til 1. okt. 1987, af 80.719 kr. frá þeim degi til 1. nóv. 1987, af 100.974 kr. frá þeim degi til 1. des. 1987, af 121.229 kr. frá þeim degi til 1. janúar 1988, af 141.484 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1988, af 168.279 kr. frá þeim degi til 1. mars 1988, af 196.706 kr. frá þeim degi til 1. apríl 1988, af 227.124 kr. frá þeim degi til 1. maí 1988, af 257.542 kr. frá þeim degi til 1. júní 1988, af 287.960 kr. frá þeim degi til 1. júlí 1988, af 318.378 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 1988, af 344.774 kr. frá þeim degi til 1. sept. 1988, af 371.170 kr. frá þeim degi til 1. okt. 1988 og af 397.566 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 125.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 17. nóvember 1994.

Nr. 417/1992. **Þorsteinn Fr. Sigurðsson og Benedikta Haukdal**
(Jón Magnússon hrl.)
gegn
J. Hinrikssyni hf.
(Kristján Stefánsson hrl.)

Fasteignakaup. Galli. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1992. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda vegna gagnkröfu sinnar til skuldajafnaðar, að fjárhæð 1.348.822 krónur, ásamt ársvöxtum frá 3. maí 1991 til þingfestingardags gagnstefnu 27. maí 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og sjálfstæðs dóms um afganginn. Loks krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur málsaðila lýtur aðallega að því, um hvað rætt hafi verið og samið, er samningur þeirra var gerður með svofelldu ákvæði „Seljandi skuldbindur sig til að lagfæra þakleka."

Af skýrslum aðila um samningsgerðina verður að telja í ljós leitt, að umboðsmaður seljanda hafi lýst þeirri aðferð, sem seljandi myndi nota til viðgerðarinnar, þ. e. að mála yfir þakið með sérstakri álmálningu, jafnframt, að kaupandi hafi mátt treysta því, að seljandi lagfærði þann þakleka, sem vitað var um á samningstíma, á þann hátt, að þakið læki ekki a. m. k. næstu 2-3 árin. Í ljós er leitt, að viðgerð stefnda í október 1990 var í raun árangurslaus, og bar stefnda því að gera frekari lagfæringar samkvæmt samningi aðila og ljúka þeim eigi síðar en á afsalsdegi, 3. maí 1991. Það gerði stefndi ekki, og var áfrýjendum við svo búið rétt að fá dómkvadda menn til þess að meta, hvað þyrfti að gera til þess að lagfæra þakleka hússins og hvað það kostaði.

Eins og í héraðsdómi greinir, var matinu lokið í maí 1992, og eru matsfjárhæðir á verðlagi í apríl það ár. Niðurstaða matsmanna var eindregið á þá leið, að aðferð sú, er stefndi hugðist viðhafa til þess að lagfæra þaklekann, gæti ekki borið árangur. Þess vegna verði ekki hjá því komist að fjarlægja allt uretan-frauðið af þaki aðalhúss og bílskúrs og leggja þess í stað nýtt þakefni, annaðhvort úr þar til gerðum þakpappa eða dúk. Stefndi hefur hvorki hnekkt mati þessu né bent á aðra ódýrari aðferð.

Vegna áskilnaðarins um lagfæringu þaklekans í samningi aðila og aðgerðarleysis stefnda þar að lútandi verður að telja, að vanefnd stefnda hafi verið ljós á afsalsdegi, 3. maí 1991. Ber stefnda að bæta áfrýjendum fébótum kostnað vegna nauðsynlegra lagfæringa á þaki.

Ekki var vitað um þakleka í bílskúr við samningsgerð. Miðað við leka þann, sem þá var vitað um, stærð þaksins á aðalhúsinu og nauðsynlegar lagfæringar innan húss, teljast bætur til áfrýjenda hæfilega metnar 980.000 krónur miðað við verðlag á afsalsdegi. Ber að draga þessa fjárhæð frá greiðslu þeirri, er áfrýjendur áttu að inna af hendi 3. maí 1991, sem var 1.109.458 krónur. Verður áfrýjendum því gert að greiða stefnda mismuninn, 129.458 krónur, með vöxtum eins og krafist er og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjendum 300.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Þorsteinn Fr. Sigurðsson og Benedikta Haukdal, greiði stefnda, J. Hinrikssyni hf., 129.458 krónur með 23% ársvöxtum frá 3. maí 1991 til 1. júlí sama ár, 27% frá þeim degi til 1. september sama ár, 30% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 27% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 25% frá þeim degi til 14. janúar 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að höfuðstólsfæra vexti, í fyrsta sinn 3. maí 1992.

Stefndi greiði áfrýjendum 300.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 30. september 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 17. september sl., er höfðað hér fyrir þinginu í aðalsök með stefnu, birtri 27. desember 1991, af J. Hinrikssyni hf., kt. 430470-0199, Súðarvogi 4, Reykjavík, á hendur Þorsteini Fr. Sigurðssyni hagfræðingi, kt. 220752-3059, og Benediktu Haukdal, kt. 140457-5829, báðum til heimilis að Sunnuflöt 26, Garðakaupstað.

Dómkröfur aðalstefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til greiðslu 1.109.458 króna með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndu gera þá kröfu í aðalsök, að þau verði sýknuð af kröfu stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans [...].

Endanlegar dómkröfur gagnstefnenda, Þorsteins og Benediktu, í gagnsök eru þær, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða þeim 1.348.822 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Þess er krafist, að dómkröfur í gagnsök verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda í aðalsök, að svo miklu leyti sem til þarf.

Gagnstefndi krefst aðallega sýknu af kröfum gagnstefnenda í gagnsök, en til vara, að dómkröfur verði stórlega lækkaðar, í 160.000 kr. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnstefnenda í gagnsök og að málskostnaður taki mið af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og beri dráttarvexti skv. ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987 og að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Virðisaukaskatts er krafist á málskostnað.

Aðalsök og gagnsök voru sameinaðar í þinghaldi 27. maí sl. og málið sótt og varið sem eitt og sama mál.

I.

Málavextir eru þeir, að með kauptilboði, dags. 14. maí 1990, tókust kaup með aðilum máls þessa um fasteignina Sunnuflöt 26 í Garðakaupstað. Stefnandi, J. Hinriksson hf., var seljandi, en stefndu, Þorsteinn og Benedikta, kaupendur.

Kaupsamningur var gerður 10. júlí 1990, en stefndu tóku við afnotum eignarinnar um miðjan júní 1990. Í kaupsamningi er svofellt ákvæði: „Seljandi skuldbindur sig til að lagfæra þakleka."

Þá er kom að síðustu útborgunargreiðslu 3. maí 1991, 1.109.458 krónum, tilkynntu stefndu, að þau myndu ekki greiða, fyrr en gert hefði verið við þakleka.

Að öðru leyti kveður Jósafat Hinriksson, forsvarsmaður stefnanda, málavexti þá, að hann hafi eignast húsið og átt í hálft ár, en aldrei búið þar.

Sonur hans, Atli, hafi átt húsið áður um fimm ára skeið og búið í því. Atli hafi sýnt stefndu húsið.

Það hafi ekki verið leyndarmál, að þakið lak. Það hafi verið augljóst bæði í stofu, en sérstaklega í eldhúsi. Fasteignasalinn hafi ráðlagt að mála ekki yfir lekastaði, til þess að þeir sæjust, og hafi eftir því verið farið. Samkvæmt ákvæði í kaupsamningi hafi hann og starfsmenn hans lagfært þakið með því að mála það, og hafi ekki verið kvartað um leka fyrr en um vorið, er greiða átti lokagreiðslu.

Stefndi Þorsteinn kom fyrir dóm og skýrði svo frá, að er hann skoðaði húsið, hefði verið búið að mála stofu og borðstofu. Hann hefði ekki farið upp á þak til að skoða. Húsið hefði verið hálftómt og ekki merki um leka nema í eldhúsi. Við skoðun hefði hann séð bletti í marmara á gólfi í borðstofu og spurt Atla Jósafatsson, er sýndi honum húsið, hvort þakið læki. Atli hefði þá skýrt svo frá, að fyrir u. þ. b. fimm árum, er hann keypti eignina, hefði hann sett svokallað uretan-frauð á þakið, sem væri flatt, og málað yfir með sérstakri málningu, sem hrindi frá sér vatni. Framleiðandi ráðlegði að mála á 2-3 ára fresti, en hann hefði trassað það, og því hefði farið að leka. Hið eina, sem þyrfti að gera, væri að mála eina yfirferð.

Stefndi kveðst hafa vitað, að flöt þök væru oft til vandræða. Tengdafaðir sinn byggi í nágrenninu, og væri þakið flatt hjá honum. Það þak væri alltaf að leka, og virtist erfitt að komast fyrir vandann. Hann hefði því haft ótrú á flötum þökum og haft á orði við kaupsamningsgerð, að hann myndi einhvern tíma breyta þakinu, en hefði ekki efni á því næstu ár. Hann hefði jafnframt látið þess getið við kaupsamningsgerð, að hann ætlaðist til, að sú viðgerð, sem stefnandi ætlaði að láta gera á þakinu, myndi duga næstu ár, a. m. k. 5 – 10 ár. Þess vegna hefði ákvæðið um, að seljandi lagaði þakleka, verið sett inn í kaupsamning. Um haustið hefði farið að leka, sérstaklega í eldhúsi, og klæðning í eldhúsi hrunið niður. Stefnandi hefði látið mála þakið í október, og í desember hefði hann orðið var við leka á ný. Hann hefði kvartað annað veifið við Jósafat Hinriksson, en þó aðallega við fasteignasöluna. Hann hefði kvartað við Jósafat, er klæðning í eldhúslofti hrundi, og boðið honum að skoða, en hann ekki þegið. Aðilar hefðu gert með sér nýjan kaupsamning 18. janúar 1991 og kaupverð þar verið hækkað um 200.000 kr. vegna umsóknar um útgáfu húsbréfa. Í þeim kaupsamningi hefði ákvæðið um þakleka staðið áfram.

Þegar ljóst var orðið, að viðgerð stefnanda hefði mistekist, hefði hann ákveðið að greiða síðustu greiðslu skv. kaupsamningi inn á bankabók til að sýna fram á greiðslugetu sína.

Jón Guðmundsson fasteignasali kom fyrir dóm og kvaðst ekki hafa verið

viðstaddur samningsgerð, en hann hefði skoðað húsið og séð lekamerki í eldhúsi og borðstofu. Hann hefði reynt að miðla málum og taldi víst, að kvörtunum hefði verið komið til stefnanda. Einu sinni hefði hann farið upp á þak með aðilum, en mundi ekki, hvenær það var, minnti helst, að það hefði verið seint á útborgunartíma.

Stefndi kveðst hafa leitað til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, og hafi Alan Mitchison skilað eftirfarandi áliti 7. maí 1991:

„Að beiðni Þorsteins Sigurðssonar fór undirritaður starfsmaður Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og skoðaði Sunnuflöt 26 í Garðabæ 30. apríl 1991.

Sunnuflöt 26 er einbýlishús á einni hæð með flötu þaki. Við skoðun kom eftirfarandi í ljós:

Ummerki um leka sjáist víða inni í húsinu.

Uretan-frauð hefur verið sett ofan á upprunalega þakefnið og síðan málað yfir með silfurlituðu efni. Ekki var unnt að ákvarða nánar hvaða efni það er.

Sprungur eru í uretan-frauðinu, og málningin er að flagna af. Vatn liggur í pollum á þakinu, vegna þess að niðurföll standa sums staðar of hátt.

Frágangi þakefnis er ábótavant.

Reynsla Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins af þessari útfærslu á flötum þökum er ekki góð og ekki ástæða til þess að mæla með notkun hennar hér á landi."

Matsmenn voru dómkvaddir 20. mars 1992 og skiluðu mati í maí 1992. Þar segir m. a., að þak aðalhúss sé flatt timburþak, en þó með dálitlum vatnshalla til norðurs. Bílskúr sé aftur á móti með steyptu þaki.

Matsmenn segja, að þak aðalhúss hafi upphaflega verið pappaklætt, en síðar, væntanlega þegar pappinn fór að gefa sig, hafi sú leið verið valin til úrbóta að setja 2 – 4 cm þykkt uretan-frauð yfir upprunalegt þakefni. Frauðið hefur síðan verið málað með silfurlituðu málningarefni til þess að verja það fyrir vatni og vindum. Frauðið var afar óslétt og talsvert um sprungur í efninu og málning farin að flagna af. Við nánari skoðun kom í ljós, að málningarefnið var farið að gefa sig og bleyta komin í frauðið þar undir.

Niðurstaða matsmanna er sú, að hvers konar viðgerð með frauði og yfirmálun þakefnis, sem fyrir er, sé vonlaust verk. Þess vegna verði ekki hjá því komist að fjarlægja allt uretan-frauðið af þaki aðalhúss og bílskúrs og leggja þess í stað nýtt þakefni, annaðhvort úr þar til gerðum þakpappa eða dúk.

Fyrir dómi skýrðu matsmennirnir Atli Ólafsson byggingafræðingur og Magnús Guðjónsson byggingameistari svo frá, að tillaga þeirra væri aðeins

nauðsynleg lagfæring í samræmi við það, sem upphaflega var á þakinu. Uretan-frauð væri aðallega einangrunarefni, en hefði reynst illa sem þakefni. Framleiðandi ætlaðist til, að málað væri yfir það á tveggja ára fresti með sérstakri málningu, en það væri miðað við veðráttu í mildara loftslagi en hér. Strax og málning gæfi sig, færi vatn ofan í uretanið, og það blotnaði eins og svampur.

Báðir matsmenn og vitnið Alan Mitchison, verkfræðingur hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, töldu vonlaust að gera við þakið með því að gera við uretan-frauðið, þar sem það væri blautt. Slík viðgerð með yfirmálun myndi ekki duga nema í stuttan tíma, e. t. v. nokkra mánuði. Ódýrasta lausnin til að koma í veg fyrir þakleka væri sú, sem matsmenn legðu til.

Matsmenn meta viðgerðarkostnað á eftirfarandi hátt, miðað við verðlag í apríl 1992:

Þak:				
Efni	kr.	725.000		
Vinna, nýtt efni	–	434.000		
Vinna, upprif og hreinsun	–	65.000		
Akstur	–	14.000		
Gámur	–	15.000	kr.	1.253.000
Loft í borðstofu:				
Efni	kr.	3.000		
Vinna	–	10.000	kr.	13.000
Blettun og málun:				
Efni	kr.	12.000		
Vinna	–	45.000	kr.	57.000
		Samtals	kr.	1.323.000

II.

Stefnandi skírskotar til þess, að við kaupin hafi verið ljóst, með hverjum hætti frágangur þaks var. Þak hússins sé hallalítið og áferð uretan-frauðs ekki jöfn. Þessi augljósu atriði hafi gefið stefndu sérstakt tilefni til að skoða þakið ýtarlega og hafa uppi fyrirvara vegna ástands þess. Í viðræðum aðila við kaupsamningsgerð hafi komið fram, að nauðsynlegt væri að reisa þakið, þar sem flöt þök hefðu ekki reynst vel. Af viðbrögðum stefndu sé ljóst, að það voru áform þeirra að lyfta þakinu og hugmynd þeirra um lagfæringu við það miðuð að duga næstu 5 – 10 árin.

Stefnandi hafi málað þakið með álmálningu og umfram skyldu sett áfellur á kanta og skorstein. Með þessum hætti hafi hann talið sig hafa efnt kaupsamningsskyldu að lagfæra þakleka.

Engar kvartanir hafi borist fyrr en í maí, er gjalddagi lokagreiðslu nálgaðist.

Stefnandi bendir á, að matsgerð taki einnig til bílskúrsþaks. Bílskúrinn sé með steyptu þaki, og hafi ekki komið fram í málinu, að hann læki.

Stefnandi hafnar því, að matsgerð verði lögð til grundvallar dómkröfum. Matsgerðin feli í sér endurbætur og nýjan frágang á þaki, sem ekki hafi verið samið um.

Að því er varði lagfæringar og málun innan húss, hafi verið um galla að ræða á eigninni, sem hafi verið sýnilegir við skoðun. Stefndu eigi því ekki rétt á að fá þá galla bætta. Um viðgerð á eldhússlofti sé kröfum hafnað, þar sem engin gögn liggi frammi til stuðnings þeirri kröfu, enda ósannað, að loft í eldhúsi hafi hrunið.

Kröfum um dráttarvexti úr hendi stefnanda frá maí 1991 er sérstaklega mótmælt, þar sem matsfjárhæð sé miðuð við verðlag í maí 1992.

Stefndu styðja sýknukröfu sína í aðalsök og gagnkröfu sína þeim rökum, að skv. kaupsamningi aðila hafi stefnanda borið skylda til að lagfæra þakleka. Það hafi hann ekki gert, og þurfi því stefndu að ráðast í framkvæmd, að fjárhæð 1.323.000 kr. að mati dómkvaddra matsmanna, til að koma í veg fyrir þakleka.

Krafist er dráttarvaxta af matsfjárhæð frá 3. maí 1991, þar sem krafa og gagnkrafa eru þá þegar orðnar til. Afsal hafi átt að gefa út 3. maí 1991, en þá eigi samningsaðilar að hafa átt að fullnægja skuldbindingum sínum. Í þessu sambandi benda stefndu sérstaklega á 13. gr. og 15. gr. in fine laga nr. 25/1987. Hreyfa megi þeim rökum varðandi vaxtakröfu, að matsfjárhæð sé á verðlagi í apríl 1992, en kostnaður 9. maí 1991 hafi verið til muna lægri. Þau rök eigi þó ekki við, þar sem óverulegar kostnaðarhækkanir hafi orðið á þessum tíma. Byggingarvísitala í apríl 1992 hafi verið 187,2 stig, en í maí 1991 181,6 stig. Ef matsfjárhæð væri reiknuð niður til verðlags byggingarvísitölu, væri hún 1.283.423 kr., sem er hærri fjárhæð en greiðsla sú, sem átti að greiða skv. kaupsamningi.

Dómurinn fór á vettvang ásamt lögmönnum aðila og stefnda Þorsteini og skoðaði aðstæður að Sunnuflöt 26, Garðakaupstað.

III.

Svo sem mál þetta er lagt fyrir og flutt, þykir eðlilegt að fjalla um báðar sakir jafnhliða og í samfelldu máli og draga úrslit saman í lokaniður-

stöðu. Í samræmi við það verður ákvörðun um málskostnað í einu lagi fyrir báðar sakir.

Fram hefur komið í málinu, að lekamerki sáust í eldhúsi og borðstofu, er húsið var skoðað. Sonur Jósafats Hinrikssonar, forsvarsmanns aðalstefnanda, sýndi húsið í umboði aðalstefnanda. Hann leyndi engu um þakleka og skýrði aðalstefndu frá, að hann hefði sett uretan-frauð á þakið fyrir u. þ. b. fimm árum, sem þyrfti að mála reglulega á 2 – 3 ára fresti með sérstakri málningu. Það hafi verið trassað, og því væri farið að leka. Lofaði hann úrbótum, og var áréttað við kaupsamningsgerð, að „seljandi skuldbindur sig til að lagfæra þakleka".

Aðalstefnandi taldi sig hafa komist fyrir þakleka með yfirmálun, en í ljós kom, að sú viðgerð hélt ekki.

Þá hefur einnig komið fram, að stefnda Þorsteini var kunnugt um, að lekavandamál er algengt á flötum þökum. Hann hafði ótrú á flötum þökum og hugðist reisa þakið, er efni leyfðu, en ætlaðist til, að viðgerð aðalstefnanda dygði næstu 5 – 10 ár. Ákvæðið um, að seljandi gerði við þakleka, var sett inn í kaupsamning að ósk aðalstefndu.

Enda þótt dómurinn sé um það sammála matsmönnum og sérfræðingi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, að vonlaust sé að gera við þakið á þann hátt, er aðalstefnandi ætlaði sér, þykir samt sem áður rétt, þegar öll atvik eru metin, sem voru undanfari kaupsamningsgerðar, að skýra áðurnefnt samningsákvæði rúmt, en ekki eftir orðanna hljóðan. Þykir því ekki unnt að fallast á kröfur aðalstefndu að fullu, því að matsgerð gerir ráð fyrir nýju, vönduðu þaki.

Óumdeilt er í málinu, að bílskúrsþak, sem er steinsteypt, lekur ekki. Verða því kröfur aðalstefndu um endurbætur á því ekki teknar til greina.

Aðalstefndu þykja ekki hafa sýnt tómlæti við að halda uppi kröfum sínum á hendur aðalstefnanda, og verður því fallist á með aðalstefndu, að aðalstefnandi sé skaðabótaskyldur vegna leka á þaki íbúðarhússins.

Með tilliti til þess, sem að framan segir, og allra atvika þykja bætur hæfilega ákveðnar 600.000 kr. til handa aðalstefndu.

Aðilar deila um vexti. Rétt þykir, að skaðabótakrafa aðalstefndu beri dráttarvexti frá dagsetningu matsgerðar í samræmi við 15. gr. laga nr. 25/1987 og dómvenju.

Niðurstaða málsins verður því sú, að aðalstefndu verða dæmd til greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs, 1.109.458 kr., með vöxtum, eins og krafist er í stefnu í aðalsök.

Gagnkröfur aðalstefndu verða teknar til greina, að fjárhæð 600.000 kr., og greiði aðalstefnandi dráttarvexti af þeirri fjárhæð frá 1. júní 1992 til greiðsludags.

Aðalstefndu er heimilt að skuldajafna tildæmdum gagnkröfum við aðalkröfur aðalstefnanda í aðalsök.

Eftir þessum úrslitum verður aðalstefnandi dæmdur til að greiða 110.000 kr. í málskostnað auk 143.372 kr. vegna matskostnaðar. Aðalstefnandi greiði jafnframt 24.750 kr. í virðisaukaskatt af málskostnaði. Vextir af málskostnaði greiðist eins og í dómsorði greinir.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari, Ármann Jóhannsson byggingaverkfræðingur og Sveinn Karlsson byggingatæknifræðingur kveða upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndu, Þorsteinn Kr. Sigurðsson og Benedikta Haukdal, greiði aðalstefnanda, J. Hinrikssyni hf., 1.109.458 kr. með 23% ársvöxtum frá 3. maí 1991 til 1. júlí s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 14. janúar 1992, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að höfuðstólsfæra vexti, í fyrsta sinn 3. maí 1992.

Aðalstefnandi, J. Hinriksson hf., greiði aðalstefndu, Þorsteini og Benediktu, gagnkröfur að fjárhæð 600.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. júní 1992 til greiðsludags.

Aðalstefndu er heimilt að skuldajafna tildæmdum gagnkröfum við aðalkröfu aðalstefnanda.

Aðalstefnandi greiði aðalstefndu 278.122 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt. Málskostnaðarfjárhæð án virðisaukaskatts beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Fimmtudaginn 17. nóvember 1994.

Nr. 439/1994. **Íslandsbanki hf.**
(Jón G. Briem hrl.)
gegn
Auðuni hf.
(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 20. október 1994, sem barst réttinum 3. nóvember sl. Kæruheimild er í 85., sbr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands, upp kveðinn 14. október 1994, þar sem nauðungarsala, sem fór fram að kröfu sóknaraðila á vélskipinu Drangavík, þinglýstri eign varnaraðila, er felld úr gildi. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og staðfest verði gildi nauðungarsölunnar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en um málskostnað, sem hann krefst, að verði hækkaður frá því, sem þar var ákveðið. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Í hinum kærða úrskurði er greint frá auglýsingu sýslumannsins í Vestmannaeyjum um nauðungarsölu á vélskipinu Drangavík, sem birtist í Lögbirtingablaði 22. apríl 1994 og varnaraðili telur slíka annmarka hafa verið á, að varði ógildingu nauðungarsölunnar. Tilgangur auglýsingar eins og þessarar, sem er gefin út á grundvelli 19. gr. laga nr. 90/1991, er aðallega að gera þeim, sem njóta óbeinna eignarréttinda í viðkomandi eign, viðvart um, að krafist hafi verið nauðungarsölu á henni, svo að þeim gefist kostur á að gæta þar hagsmuna sinna. Á auglýsingunni, sem hér um ræðir, voru að sönnu þeir annmarkar, að misritun varð á nafni varnaraðila, sem var gerðarþoli við nauðungarsöluna, auk þess, að ekki var getið umdæmisnúmers vélskipsins Drangavíkur, sem er VE-555. Nafn skips-

ins kom á hinn bóginn réttilega fram í auglýsingunni ásamt föstu skipaskrárnúmeri þess. Eins og hér stóð á, verður að telja, að upplýsingar um þessi síðastgreindu atriði hafi nægt til að ná þeim tilgangi, sem birtingu auglýsingar um nauðungarsölu í Lögbirtingablaði er ætlað, þótt fyrrnefndir annmarkar hafi verið á henni. Er þá til þess að líta, að veðhöfum og öðrum, sem kunna annars að hafa notið óbeinna eignarréttinda í eigninni, átti ekki að geta dulist, um hvaða eign væri þar að ræða. Er því ekki næg ástæða til að fella nauðungarsöluna úr gildi af þessum sökum.

Að öðru leyti hefur varnaraðili vísað til þess, að undirbúningi nauðungarsölunnar hafi verið áfátt vegna þess, að áðurnefnd auglýsing um hana í Lögbirtingablaði hafi verið ranglega dagsett, svo og, að sýslumanni hafi láðst, þegar lokið var að leita boða í eignina við byrjun uppboðs, að taka ákvörðun um, hvar framhaldsuppboð á henni yrði háð. Um fyrrnefnda atriðið verður að líta til þess, að dagsetning auglýsingar, sem er reyndar ekki skylt að tilgreina samkvæmt 19. gr. laga nr. 90/1991, getur engu breytt um, hvort auglýsingin gegni því hlutverki, sem áður var getið. Þá felst ekki í síðarnefnda atriðinu annmarki á framkvæmd nauðungarsölu, eins og berlega má sjá af orðalagi 2. mgr. 35. gr. laga nr. 90/1991. Eru þessar málsástæður varnaraðila því haldlausar.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á, að slíkir annmarkar hafi verið á framkvæmd nauðungarsölunnar á vélskipinu Drangavík, að ógildingu hennar varði. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og krafa sóknaraðila um viðurkenningu á gildi nauðungarsölunnar tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum málsins verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem til samans þykir hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Viðurkennt er gildi nauðungarsölu á vélskipinu Drangavík, VE-555, skipaskrárnúmer 2048.

Varnaraðili, Auðunn hf., greiði sóknaraðila, Íslandsbanka

hf., 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 14. október 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 28. f. m. að loknum munnlegum málflutningi, barst dóminum með tilkynningu sóknaraðila, dagsettri 10. ágúst 1994, en móttekinni 18. ágúst s. á., þar sem farið var fram á, að dómurinn leysti úr ágreiningi um gildi nauðungarsölu nr. 34/1994 á Drangavík, VE 555, skipaskrárnúmer 2048, þinglýstri eign Auðuns hf., sem fram fór á skrifstofu sýslumannsins í Vestmannaeyjum 28. júlí 1994, en um framhaldssölu var að ræða. Samhliða hafði sóknaraðili á grundvelli 3. mgr. 55. gr. laga nr. 90/1991 uppi kröfu um, að dómurinn tæki til úrskurðar, hvort gerðarþola í uppboðsmálinu bæri að afhenda skipið, áður en lyktir fengjust í málinu. Dómarinn fékk málið til meðferðar 26. ágúst sl., og með því að tilkynningin og gögn, er henni fylgdu, voru í samræmi við ákvæði 81. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, sbr. 82. gr. laganna, sætti málið meðferð í samræmi við ákvæði XIV. kafla laganna.

Úrskurður um umráðakröfu sóknaraðila var kveðinn upp 23. september sl., og var þar tekin til greina krafa hans að þessu leyti, sbr. dskj. 43.

Upphaflega skyldi munnlegur málflutningur í málinu fara fram 27. september sl., en vegna frávísunarkröfu varnaraðila var málið í því þinghaldi munnlega flutt um frávísunarkröfuna, og í úrskurði dómarans daginn eftir, 28. september sl., var frávísunarkrafan ekki tekin til greina og varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila 35.000 krónur í málskostnað, sbr. dskj. nr. 44.

II.

Sóknaraðili málsins er Auðunn hf., kt. 621276-0779, Norðurhöfn, Vestmannaeyjum, en varnaraðili Íslandsbanki hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að nauðungarsala á Drangavík, VE 555, skipaskrárnr. 2048, sem fram fór hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum 28. júlí 1994, verði felld úr gildi og varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að hafnað verði kröfum sóknaraðila í málinu og staðfest verði gildi nauðungarsölu þeirrar, sem fram fór hjá sýslumannsembættinu í Vestmannaeyjum 28. júlí 1994, á fiskiskipinu

Drangavík, VE 555 (skipaskrárnúmer 2048), og að sóknaraðili greiði varnaraðila hæfilegan málskostnað auk 24,5% virðisaukaskatts á málskostnaðarfjárhæð.

– – –

V.

Þegar sýslumaður tók uppboðsbeiðni varnaraðila formlega fyrir, bar honum af sjálfsdáðum að gæta að því, hvort við undirbúning og framkvæmd nauðungarsölunnar hefði verið fylgt fyrirmælum laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, sbr. 22. gr. laganna. Í því sambandi bar sýslumanni sérstaklega að huga að því, hvort uppboðsbeiðnin og fylgigögn hefðu réttlætt aðgerðir af hans hálfu, hvort tilkynningar hefðu verið sendar gerðarbeiðanda og gerðarþola og fylgt verið fyrirmælum laganna í því sambandi, og loks, hvort við auglýsingu í Lögbirtingablaðinu hefði verið fylgt fyrirmælum laganna. Það var mikilvægt fyrir sýslumann að huga vel að þessum atriðum öllum, því að ef teljandi annmarkar reynast vera á þeim, verður sýslumaður að stöðva frekari aðgerðir. Af endurriti úr gjörðabók (dskj. 1, 8) verður ekki ráðið, að sýslumaður hafi, er hann tók nauðungarsöluna fyrir 24. maí 1994, hugað sérstaklega að því, hvort auglýsingin í Lögbirtingablaðinu fullnægði þeim formskilyrðum, sem tilgreind eru í 19. gr. laganna. Í þessu sambandi er óumdeilt, að auglýsingin í Lögbirtingablaðinu hafði annmarka, en málsaðilar eru ekki á eitt sáttir um það, hvort annmarkarnir teljist verulegir.

Uppboðsbeiðni varnaraðila (gerðarbeiðanda) beindist ekki að hlutafélaginu Auðuni hf., og mátti því eigi tilgreina það hlutafélag sem gerðarþola, er sýslumaður auglýsti í Lögbirtingablaðinu, hvenær uppboðsbeiðnin yrði tekin fyrir. Auglýsing, er tilgreinir rangan uppboðsþola, er marklaus. Það er einnig auglýsing, sem er í fullu ósamræmi við fyrirliggjandi uppboðsbeiðnir, en tilgreind auglýsing var einmitt slíku marki brennd. Verulegur annmarki var því á auglýsingu þeirri, sem birtist í 44. tbl. 87. árg. Lögbirtingablaðs frá sýslumanninum í Vestmannaeyjum og varðaði þrjár beiðnir, er embætti sýslumanns hafði borist frá Íslandsbanka hf. um uppboð á mb. Drangavík, VE 555, skipaskrárnr. 2048. Við fyrirtöku málsins 24. maí 1994 bar sýslumanni að stöðva uppboðsmeðferðina, bóka ákvörðun um nýjan fyrirtökudag og tilkynna gerðarþola (Auðuni hf.) um hina nýju fyrirtöku málsins í samræmi við 16. gr. laganna, en færa jafnframt til bókar ákvörðun um nýja auglýsingu nauðungarsölunnar. Að þessu loknu bar sýslumanni að gefa út nýja auglýsingu til birtingar í Lögbirtingablaðinu í samræmi við 1. mgr. 19. gr. laganna. Með þessu móti var sýslumaður, í samræmi við lagaskyldu sína, búinn að tryggja, að framkvæmd nauðungarsölunnar færi að lögum,

en hann mátti undir engum kringumstæðum halda áfram með uppboðið, án þess að úr annmarkanum yrði bætt. Þegar litið er til þess, að sýslumanni bar af sjálfsdáðum að bæta úr ágöllunum þegar við fyrirtöku á uppboðsbeiðninni, verður sóknaraðila ekki um það kennt, þótt hann hafi ekki mótmælt framgangi uppboðsins fyrr en eftir byrjun uppboðs.

Með því að framkvæmd nauðungarsölunnar var ekki í samræmi við lög nr. 90/1991 um nauðungarsölu, ber að kröfu sóknaraðila, Auðuns hf., að fella úr gildi nauðungarsölu á Drangavík, VE 555, skipaskrárnr. 2048, sem fram fór hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum 28. júlí 1994. Varnaraðili, Íslandsbanki hf., greiði sóknaraðila, Auðuni hf., 70.000 krónur í málskostnað.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Nauðungarsala á Drangavík, VE 555, skipaskrárnr. 2048, sem fram fór hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum 28. júlí 1994, er felld úr gildi, og greiði varnaraðili, Íslandsbanki hf., sóknaraðila, Auðuni hf., 70.000 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1994.

Nr. 459/1994. **Íslandsbanki hf.**
(Guðjón Ármann Jónsson hrl.)
gegn
Margréti Kolbeinsdóttur
(Valgarður Sigurðsson hrl.)

Kærumál. Aðfarargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember sl., sem barst réttinum með kærumálsgögnum 16. sama mánaðar. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 4. nóvember 1994, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um ógildingu aðfarargerðar, sem fór fram hjá henni að kröfu sóknaraðila 13. júlí 1994. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og fyrrnefnd aðfarargerð staðfest. Sóknaraðili krefst einnig málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Dæma verður sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Íslandsbanki hf., greiði varnaraðila, Margréti Kolbeinsdóttur, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 4. nóvember 1994.

I.

Dómkröfur aðila.

Mál þetta, sem varðar ágreining um gildi aðfarargerðar og rekið er samkvæmt 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför, var þingfest 19. september 1994 og tekið til úrskurðar 19. næsta mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili, Margrét Kolbeinsdóttir, kt. 090348-2489, Miðvangi 87, Hafnarfirði, gerir þá kröfu, að aðfarargerð sýslumannsins í Hafnarfirði, sem fram fór hjá sóknaraðila 13. júlí 1994, verði ógilt og að dómurinn staðfesti, að fjárnámskrafa varnaraðila sé að fullu greidd. Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði úrskurðaður til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Varnaraðili, Íslandsbanki hf., krefst þess, að hafnað verði kröfu sóknaraðila og varnaraðila verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

Sáttaumleitanir dómarans hafa engan árangur borið.

II.

Tildrög málsins.

Með bréfi lögmanns varnaraðila, dags. 6. maí 1994, var þess krafist, að sýslumaðurinn í Hafnarfirði gerði fjárnám hjá sóknaraðila til tryggingar skuld, að fjárhæð 643.684 krónur, auk áfallandi dráttarvaxta til greiðsludags og alls kostnaðar af frekari fullnustugerðum, ef til kæmu. Krafa þessi byggðist á áskorunarstefnu Alþýðubankans hf., dags. 26. maí 1989, á hendur sóknaraðila, Elísabetu Kolbeinsdóttur, og Skúla Hansen, áritaðri um aðfararhæfi 24. næsta mánaðar. Það mál var höfðað til heimtu kröfu samkvæmt skuldabréfi, að fjárhæð 500.000 krónur, út gefnu í Reykjavík 30. mars 1988 af Elísabetu, tryggðu með sjálfskuldarábyrgð Skúla og sóknaraðila.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði tók fjárnámsbeiðni varnaraðila til meðferðar 13. júlí 1994. Við gerðina var sóknaraðili ásamt lögmanni sínum og mótmælti, að fjárnám færi fram, þar sem krafa varnaraðila væri að fullu greidd með söluhagnaði fasteignarinnar Vallarbarðs 5, Hafnarfirði, sem seld hefði verið á nauðungaruppboði 19. mars 1990 og lögð varnaraðila út sem ófullnægðum veðhafa 11. júlí sama ár. Af hálfu varnaraðila var þessu andmælt og ítrekuð krafa um, að fjárnám færi fram. Í gerðabók sýslumanns var bókuð svofelld ákvörðun:

„. . . Þar sem fyrir hendi er ótvíræð heimild til aðfarar skv. fram

lögðum gögnum, telur ftr. sýslum. sér ekki fært að hafna kröfu lögm. gb. um, að fjárnám fari fram. Er skorað á gþ. að benda á eignir til fjárnáms. Hann kveðst engar eignir eiga. Þar sem gb. krefst þess, að fjárnámi verði lokið án árangurs, er svo gert með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989. Lögm. gþ. lýsir yfir, að hann muni vísa gerðinni til héraðsdóms. . . .“

Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dags. 24. ágúst 1994, sem barst dóminum 6. næsta mánaðar, var þess krafist, að umrædd aðfarargerð yrði ógilt. Málið var síðan þingfest 19. september 1994, svo sem áður er getið.

III.

Málsatvik.

Hinn 18. september 1989 voru að kröfu Alþýðubankans hf. gerð tvö fjárnám í fasteigninni Vallarbarði 5, Hafnarfirði, sem bæði voru móttekin til þinglýsingar 3. október 1989. Annars vegar var um að ræða fjárnám til tryggingar þeirri fjárkröfu, sem mál þetta lýtur að, og hins vegar fjárnám til tryggingar á skuld samkvæmt víxli, að fjárhæð 110.000 krónur, út gefnum 24. maí 1988 af Guðbirni Karli Ólafssyni og samþykktum af Elísabetu Kolbeinsdóttur til greiðslu 22. júlí 1988. Þinglýstur eigandi eignarinnar var Hraðverk hf., en félagið hafði selt eignina hjónunum Elísabetu Kolbeinsdóttur og Guðbirni Karli Ólafssyni samkvæmt óþinglýstum kaupsamningi, dags. 7. maí 1987.

Hinn 8. desember 1989 var að nýju gert fjárnám í umræddri fasteign að kröfu Alþýðubankans hf., og barst fjárnámið til þinglýsingar samdægurs. Fjárnámið var gert til tryggingar kröfu samkvæmt skuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 6.200.000 króna, út gefnu 11. ágúst 1988 af veitingahúsinu Arnarhóli sf., með sjálfskuldarábyrgð Guðbjarnar Karls Ólafssonar og Skúla Hansen.

Með afsalsbréfi, út gefnu 21. desember 1989, var fasteigninni Vallarbarði 5, Hafnarfirði, afsalað til Elísabetar Kolbeinsdóttur. Afsalið barst til þinglýsingar 29. desember 1989.

Hinn 23. janúar 1990 var móttekið til þinglýsingar fjárnám Alþýðubankans hf. í umræddri fasteign, sem fram fór 30. nóvember 1989, til tryggingar á skuld samkvæmt tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð 80.000 krónur, báðum út gefnum 11. janúar 1989 af Skúla Hansen og samþykktum af veitingahúsinu Arnarhóli sf., til greiðslu hinn 11. mars sama ár.

Á nauðungaruppboði bæjarfógetans í Hafnarfirði á fasteigninni Vallarbarði 5, Hafnarfirði, sem haldið var 19. mars 1990, kom hæsta boð frá varnaraðila, 9.000.000 króna. Honum var síðan lögð eignin út sem ófull-

nægðum veðhafa 11. júlí sama ár. Samkvæmt úthlutunargerð vegna nauðungaruppboðsins komu 660.452,41 króna af uppboðsandvirði upp í aðfararveð á 4. veðrétti, fjárnám frá 18. september 1989, að höfuðstól 563.262 krónur, en samkvæmt kröfulýsingu varnaraðila var fjárhæð kröfunnar 882.973 krónur. Aðfarargerð sú, sem aðilar deila um í máli þessu, fór fram til tryggingar á eftirstöðvum umræddrar kröfu, sem varnaraðili tók undir sjálfum sér við nauðungaruppboðið.

Með kaupsamningi, dags. 6. september 1990, seldi varnaraðili fasteignina Vallarbarð 5, Hafnarfirði, og var kaupverðið 11.500.000 krónur. Ágreiningslaust er með málsaðilum, að söluhagnaður varnaraðila að frádregnum kostnaði hafi verið 1.274.413,59 krónur. Varnaraðili ráðstafaði hagnaði þessum til greiðslu á kröfum, tryggðum með framangreindum aðfararveðum í eigninni, sem ekkert fékkst greitt af við nauðungaruppboðið. Við þá ráðstöfun greiddist að fullu með 281.949,20 krónum skuld samkvæmt víxli, að fjárhæð 110.000 krónur, tryggð með fjárnámi frá 18. september 1989. Að öðru leyti var greitt inn á kröfur, tryggðar með aðfararveðum frá 30. nóvember og 8. desember 1989. Var því engu af söluhagnaði ráðstafað til greiðslu kröfu þeirrar, sem sóknaraðili var í ábyrgð fyrir og varnaraðili tók undir sjálfum sér við uppboðið.

Með bréfi lögmanns Elísabetar Kolbeinsdóttur, dags. 18. mars 1992, var þess farið á leit, að varnaraðili felldi niður allar kröfur á hendur Elísabetu. Var því jafnframt andmælt, að varnaraðili ráðstafaði söluhagnaði fasteignarinnar Vallarbarðs 5, Hafnarfirði, til greiðslu á kröfum Elísabetu óviðkomandi. Af hálfu varnaraðila var þessari málaleitan hafnað með bréfi, dags. 12. maí 1992.

– – –

V.

Niðurstaða.

Fjárnámsgerð sú, sem aðilar deila um í máli þessu, fór fram 13. júlí 1994, og var henni lokið án árangurs. Hefur sóknaraðili krafist úrlausnar dómsins um gildi þessarar aðfarargerðar. Árangurslaus aðfarargerð getur verið grundvöllur gjaldþrotaskipta á búi skuldara, sbr. 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., auk þess sem slík gerð getur skaðað lánstraust gerðarþola. Þá má gerðarþoli vænta þess, að gerðarbeiðandi krefjist fjárnáms að nýju, allt þar til krafan er fallin niður fyrir fyrningu. Þykir því ótvírætt, að í kjölfar árangurslausrar fjárnámsgerðar hafi gerðarþoli lögmæta hagsmuni af því að fá úrlausn héraðsdóms um, hvort gerðin hafi átt að ná fram að ganga. Málskot þetta er því heimilt samkvæmt 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989.

Uppboðsandvirði fasteignarinnar Vallarbarðs 5, Hafnarfirði, hrökk ekki til greiðslu aðfararverða varnaraðila, og var honum lögð út eignin sem ófullnægðum veðhafa 11. júlí 1990. Ágreiningur málsaðila lýtur að því, hvort varnaraðili geti krafist eftirstöðva þeirrar fjárnámskröfu, sem hann tók undir sjálfum sér, þar sem uppboðsandvirði hafi verið lægra en sannvirði eignarinnar á uppboðsdegi. Hvort úr ágreiningi af þessum toga verður leyst í máli að hætti 15. kafla aðfararlaga nr. 90/1989, ræðst af því, hvernig málið liggur fyrir dóminum, þar sem möguleikar til sönnunarfærslu eru takmarkaðir samkvæmt 94. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. laganna.

Nauðungaruppboð á fasteigninni Vallarbarði 5, Hafnarfirði, fór fram í gildistíð eldri laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. þeirra laga gat dómur „fært kröfu niður“ sem svaraði til mismunar á sannvirði eignar á uppboðsdegi og kaupverði, ef veðhafi eða aðfararhafi, sem gerst hefði kaupandi að eign, án þess að krafa hans hefði greiðst að fullu, krefur „skuldunaut eða aðra um eftirstöðvar kröfunnar eða hluta af þeim“.

Svo sem áður greinir, er ágreiningslaust með aðilum, að hreinn söluhagnaður varnaraðila vegna endursölu fasteignarinnar Vallarbarðs 5, Hafnarfirði, hafi verið 1.274.413,59 krónur. Varnaraðili hefur ekki andmælt því, að endursöluverð eignarinnar hafi verið sannvirði hennar á uppboðsdegi, svo sem sóknaraðili heldur fram, og verður það því lagt til grundvallar í málinu. Samkvæmt þessu liggur ótvírætt fyrir, að með útlagningu eignarinnar fékk varnaraðili fullnustu, sem nægði til efnda á eftirstöðvum þeirrar kröfu, sem varnaraðili tók undir sjálfum sér, og á fjárnámskröfu, sem hvíldi samhliða á 4. veðrétti eignarinnar, til tryggingar víxli, að fjárhæð 110.000 krónur. Með vísan til áðurgreindrar lagaheimildar þykir því verða að færa niður fjárkröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila og telja hana að fullu efnda með umræddu nauðungaruppboði. Verður ekki fallist á, að varnaraðila hafi verið heimilt gagnvart sóknaraðila að ráðstafa söluhagnaði eignarinnar til greiðslu fjárnámskrafna síðar í réttindaröð áhvílandi á eigninni.

Samkvæmt framansögðu er fallist á kröfu sóknaraðila um, að ógilt verði aðfarargerð sýslumannsins í Hafnarfirði, sem fram fór hjá sóknaraðila 13. júlí 1994.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 60.000 krónur í málskostnað.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Aðfarargerð sýslumannsins í Hafnarfirði, sem fram fór hjá sóknaraðila 13. júlí 1994 að kröfu varnaraðila, er ógilt.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 60.000 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1994.

Nr. 456/1994. **Kristín Árnadóttir**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Guðrúnu Guðbjartsdóttur
Lilju Guðbjartsdóttur
Vigdísi Guðbjartsdóttur og
Þórarni Sveinssyni yfirlækni
(Hlöðver Kjartansson hdl.)

Kærumál. Læknar. Þagnarskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. nóvember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 15. þessa mánaðar. Kæruheimild er í d-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Í kæru eru engar kröfur gerðar, en sýnilegt er af efni hennar og þeim gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, að úrskurðurinn er kærður í þeim tilgangi, að hann verði úr gildi felldur. Fyrir Hæstarétti hefur sóknaraðili staðfest þetta, og krefst hann nú einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðilarnir Guðrún, Lilja og Vigdís Guðbjartsdætur kærðu einnig sama úrskurð fyrir sitt leyti með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjaness 16. nóvember sl. Þær krefjast þess aðallega, að Þórarinn Sveinsson yfirlæknir verði skyldaður til að leggja fram staðfest endurrit sjúkraskrár Guðbjarts heitins Benediktssonar. Til vara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur „um annað en tímatakmörkun við 20. og 25. janúar 1993“.

Fyrir Hæstarétti hefur verið upplýst, að í héraði hafi kröfum varnaraðilanna Guðrúnar, Lilju og Vigdísar Guðbjartsdætra verið beint að Þórarni Sveinssyni, yfirlækni krabbameinslækningadeildar Landspítalans, og í þinghaldi því, þar sem krafan var tekin fyrir, hafi Guðríður Þorsteinsdóttir héraðsdómslögmaður mætt fyrir hans

hönd og Landspítalans. Verður því að líta á Þórarin sem varnaraðila í þessum þætti málsins. Hann hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er til komið vegna ágreinings, sem kom upp við opinber skipti á dánarbúi Guðbjarts Benediktssonar, en hann lést 7. mars 1993. Varnaraðilarnir Guðrún, Lilja og Vigdís, sem eru dætur hins látna og einkalögerfingjar, og sambýliskona hans, sóknaraðilinn Kristín Árnadóttir, deila um það, hvort eignaskiptasamningur um fasteign og samkomulag, sem Guðbjartur heitinn og sóknaraðili gerðu og þinglýst var skömmu fyrir lát hans, teljist lífsgerningur eða dánargjöf.

Kæra af hálfu varnaraðilanna Guðrúnar, Lilju og Vigdísar Guðbjartsdætra kom ekki fram í tæka tíð, sbr. 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991. Koma kröfur þeirra um breytingar á hinum kærða úrskurði því ekki til álita.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar og þar sem kröfur varnaraðila samkvæmt fyrrnefndri kæru koma ekki til álita, þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að þess var ekki gætt af hálfu varnaraðilanna Guðrúnar, Lilju og Vigdísar Guðbjartsdætra að leggja fyrir héraðsdómara skriflegt umboð til lögmanns þeirra til að krefjast gagnanna, sem mál þetta varðar, en úr þessu var bætt við meðferð málsins fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 24. október 1994.

Á dómþingi 14. október 1994 var tekin fyrir krafa Hlöðvers Kjartanssonar hdl. fyrir hönd varnaraðila í málinu um, að Landspítalinn yrði skyldaður til þess með úrskurði að afhenda dóminum læknaskýrslu (journal), hjúkrunarskýrslu, sjúkraskýrslu og önnur vottorð og gögn, sem þýðingu geta haft í málinu. Eftir að lögmenn aðila og ríkisspítala höfðu tjáð sig um kröfuna, var hún tekin til úrskurðar.

Í kröfunni er vísað til áskilnaðar í greinargerð um öflun frekari sönnunargagna, sem varða veikindi þau, er drógu Guðbjart heitinn Benediktsson

til dauða og haft geta þýðingu við mat á því, hvort gerningar, dags. 20. og 25. janúar 1993, verði metnir dánarbeðsgerningar. Gögnin séu nauðsynleg til að leiða í ljós, hvenær Guðbjarti heitnum hafi orðið kunnugt um, að hann var haldinn krabbameini, hvort sjúkdómurinn var banvænn, eftir atvikum virt á almennan reynslumælikvarða, hvernig framvinda hans var, hverjar batahorfur voru og hvað læknar eða aðrir þeir, sem stunduðu hann, hafa tjáð honum um eðli meinsins og lífsvon hans. Vísað er til þess, að skiptastjóra dánarbúsins hafi verið synjað um vottorð læknis á geisladeild um þessi efni.

Lögmaður sóknaraðila mótmælti kröfunni. Ef niðurstaða dómsins verði sú, að afla eigi upplýsinga, eigi að gera það með þeim hætti að leggja ákveðnar spurningar fyrir lækni.

Lögmaður ríkisspítala taldi ekki heimilt að láta gögnin í té nema samkvæmt úrskurði dómara. Æskilegra væri, að ákveðnar spurningar yrðu lagðar fyrir yfirlækni um þau atriði, sem nauðsynlegt sé talið að upplýsa.

Niðurstöður.

Til að komast að niðurstöðu um, hvort gerningar, dags. 20. og 25. janúar 1993, verði metnir lífsgerningar eða dánarbeðsgerningar, skiptir máli að leiða í ljós, hvort sjúkdómur sá, sem Guðbjartur heitinn Benediktsson var haldinn, var talinn banvænn og hvernig framvinda hans var og hverjar batahorfur voru. Einnig skiptir máli, hver vitneskja hans sjálfs var um sjúkdóminn. Þetta verður ekki leitt í ljós nema með upplýsingum úr sjúkraskrá og/eða framburði læknа og eftir atvikum annarra.

Samkvæmt 3. mgr. 67. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 er vörslumanni skjals, sem ekki er aðili að máli, skylt að afhenda aðila skjal, ef honum er skylt að vitna um það, sem í því stendur. Í 15. gr. læknalaga nr. 53/1988 er ákvæði um þagnarskyldu læknа, en frá henni eru undantekningar. Ljóst þykir, að mat á því, hvort gerningarnir verði metnir dánarbeðsgerningar, veltur á því og þar með e. t. v. úrslit málsins, sem upplýsast kann um veikindi Guðbjarts heitins og hver vitneskja hans sjálfs var um þau. Þar sem ætla má, að úrslit málsins gætu samkvæmt því oltið á vitnisburði læknis, bæri lækni skv. 4. mgr. 15. gr. læknalaga sem vitni í einkamáli að skýra frá öllu, sem hann veit og telur, að hugsanlega geti haft áhrif á málið, án tillits til vilja sjúklings. Þykir því fullnægt skilyrði 3. mgr. 67. gr. einkamálalaga fyrir skyldu til afhendingar skjals.

Sjúkraskrá hefur að geyma öll gögn um viðkomandi sjúkling. Vitnaskylda læknis nær einungis til þess af vitneskju hans, sem áhrif hefur á málið. Þykir því ekki unnt að fallast á, að framlagning úr sjúkraskrá Guðbjarts heitins Benediktssonar nái til annars en endurrits af því, sem lá fyrir 20. og

25. janúar 1993 og þýðingu getur haft í málinu. Samkvæmt þessu verður Landspítalinn úrskurðaður til að afhenda dóminum endurrit gagna úr sjúkraskrá Guðbjarts heitins Benediktssonar, sem varpað geti ljósi á, hvenær honum varð kunnugt um, að hann var haldinn krabbameini, hvort sjúkdómurinn var talinn banvænn, eftir atvikum virt á almennan reynslumælikvarða, hvernig framvinda sjúkdómsins var og hverjar batahorfur voru og hvað læknar eða aðrir þeir, sem stunduðu hann, höfðu tjáð honum um eðli meinsins og lífsvon allt fram til 20. og 25. janúar 1993.

Þorgerður Erlendsdóttir fulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Landspítalanum er skylt að afhenda Héraðsdómi Reykjaness endurrit af gögnum úr sjúkraskrá Guðbjarts heitins Benediktssonar, sem varpað geta ljósi á, hvenær honum varð kunnugt um, að hann var haldinn krabbameini, hvort sjúkdómurinn var talinn banvænn, eftir atvikum virt á almennan reynslumælikvarða, hvernig framvinda hans var, hverjar batahorfur voru og hvað læknar og aðrir þeir, sem stunduðu hann, tjáðu honum um eðli meinsins og lífsvon hans allt fram til 20. og 25. janúar 1993.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1994.

Nr. 441/1994. **Björn Baldursson**
gegn
Bergljótu Baldursdóttur og
Ingveldi Einarsdóttur, fulltrúa
dómstjórans í Reykjavík

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun frá Hæstarétti. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 19. október 1994, sem barst réttinum með kærumálsgögnum 7. nóvember sl. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 23. september 1994, þar sem tekin var til greina krafa Bergljótar Baldursdóttur um, að dánarbú Baldurs Gíslasonar yrði tekið til opinberra skipta. Í kæru gerir sóknaraðili þá kröfu, að „málsmeðferð Ingveldar Einarsdóttur, dómarafulltrúa í Héraðsdómi Reykjavíkur, á málinu Q-7/1994: Bergljót Baldursdóttir gegn Birni Baldurssyni, verði ómerkt frá 19. 9. 1994, en þá skilaði varnaraðili Björn Baldursson greinargerð sinni í málinu". Þá krefst sóknaraðili þess einnig, að Hæstiréttur veiti nefndum dómarafulltrúa áminningu og geri henni að greiða sekt í ríkissjóð.

Varnaraðili, Bergljót Baldursdóttir, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjórans í Reykjavík, gerir engar kröfur fyrir Hæstarétti, en hefur komið á framfæri athugasemdum af sinni hendi.

Í bókun um þinghald 23. september 1994, þar sem hinn kærði úrskurður var upp kveðinn, segir, að þar hafi mætt Rut Skúladóttir, eiginkona Björns Baldurssonar, fyrir hans hönd. Þá tekur sóknaraðili fram í kæru, að maki sinn, Rut Skúladóttir, hafi sótt þinghald þetta fyrir sína hönd. Verður því við það miðað, að þann dag hafi sóknaraðila sjálfum mátt vera kunnugt um hinn kærða úrskurð svo

og þær dómsathafnir fyrrnefnds dómarafulltrúa, sem sóknaraðili virðist telja varða áminningu og sektum.

Af bókun um fyrrnefnt þinghald verður að vísu ekki ráðið, að Rut Skúladóttur hafi verið leiðbeint um kærufrest eða hvernig standa beri að kæru. Sóknaraðili er á hinn bóginn sjálfur lögfræðingur að mennt og getur því engu varðað, þótt það kunni að hafa láðst að veita slíkar leiðbeiningar.

Kæra sóknaraðila barst Héraðsdómi Reykjavíkur 21. október 1994. Var þá löngu liðinn sá frestur, sem hann hafði til að kæra úrskurðinn og aðrar athafnir dómara í héraði varðandi rekstur málsins samkvæmt 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Ber því þegar af þessari ástæðu að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist, og verður hann því ekki dæmdur.

Kröfur þær, sem sóknaraðili gerði um úrslit þessa máls í héraði, voru bersýnilega haldlausar. Þá eru aðfinnslur, sem sóknaraðili hefur uppi um málsmeðferð Ingveldar Einarsdóttur dómarafulltrúa, algerlega tilefnislausar. Ber að víta sóknaraðila fyrir þessa fráleitu og gersamlega ástæðulausu kæru.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. september 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. september, var þingfest á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. september 1994.

Sóknaraðili er Bergljót Baldursdóttir, kt. 070154-3589, Ránargötu 33, Reykjavík.

Varnaraðili er Björn Baldursson, kt. 290348-3239, Snorrabraut 56, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að dánarbú Baldurs Gíslasonar, kt. 190724-4339, er síðast bjó að Hringbraut 111, Reykjavík, og andaðist 29. janúar 1994, verði tekið til opinberra skipta.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að kröfu sóknaraðila um opinber skipti á dánarbúinu verði hafnað og varnaraðila heimiluð einkaskipti á dánarbúinu,

einnig, að sóknaraðili verði dæmdur til að láta búið afskiptalaust, enda hafi hann lýst yfir, að hann vilji ekki bera ábyrgð á skuldum dánarbúsins.

Málsatvik.

Baldur Gíslason, kt. 190724-4339, er síðast bjó að Hringbraut 111, Reykjavík, andaðist 29. janúar 1994.

Hinn 11. ágúst 1994 barst Héraðsdómi Reykjavíkur sú beiðni Bergljótar Baldursdóttur, eins af fjórum erfingjum Baldurs, að dánarbú hans yrði tekið til opinberra skipta. Beiðni sína studdi skiptabeiðandi 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991. Einnig kom fram í beiðni hennar, að skuldir dánarbúsins væru óljósar og hún ekki reiðubúin að taka á sig ábyrgð á skuldbindingum dánarbúsins.

Beiðni skiptabeiðanda var tekin fyrir á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. september 1994, og mættu þá skiptabeiðandi, Kolbrún Baldursdóttir og varnaraðili máls þessa, Björn Baldursson. Björn hafði uppi andmæli við því, að dánarbú Baldurs yrði tekið til opinberra skipta. Var þá í samræmi við 1. mgr. 120. gr. laga nr. 20/1991 þingfest sérstakt ágreiningsmál um þann ágreining, sem upp var kominn, og er sá ágreiningur til úrlausnar í máli þessu.

– – –

Niðurstaða.

Í beiðni sóknaraðila um opinber skipti á dánarbúi Baldurs Gíslasonar kemur fram, að hún krefjist opinberra skipta á grundvelli 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991. Einnig kemur fram í þeirri beiðni, að hún sé ekki reiðubúin að taka á sig ábyrgð á skuldbindingum dánarbúsins.

Í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 er kveðið á um skilyrðislausan rétt erfingja til þess að krefjast opinberra skipta, svo lengi sem skiptum hafi ekki verið lokið með veitingu leyfis til setu í óskiptu búi eða vegna eignaleysis búsins. Heimild þessi er með öllu óháð vilja annarra erfingja, og skiptir engu máli í því sambandi, hvort erfðahlutur skiptabeiðanda er lítill eða stór, eins og fram kemur í athugasemdum við lagaákvæðið. Réttur erfingja til þess að krefjast opinberra skipta samkvæmt nefndu lagaákvæði er því skýr og tvímælalaus. Þá ber einnig að hafa í huga, að í beiðni sóknaraðila kemur fram, að hún er ekki reiðubúin til þess að taka á sig skuldbindingar dánarbúsins, og getur því sýslumaður samkvæmt 5. tl. 28. gr. laga nr. 20/1991 ekki veitt heimild til einkaskipta.

Samkvæmt framansögðu eru öll lagaskilyrði til þess, að unnt sé að taka til greina kröfu sóknaraðila, að dánarbú Baldurs Gíslasonar verði tekið til opinberra skipta.

Varnaraðili krefst þess í greinargerð sinni, að sóknaraðili verði dæmdur til þess að láta búið afskiptalaust.

Í máli þessu verður eingöngu úr því skorið, hvort dánarbú Baldurs Gíslasonar verði tekið til opinberra skipta eða ekki, sbr. 1. mgr. 120. gr. laga nr. 20/1991, sbr. og 3. mgr. 44. gr. sömu laga. Kröfu varnaraðila um, að sóknaraðili verði dæmdur til að láta búið afskiptalaust, er því vísað frá dómi.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Dánarbú Baldurs Gíslasonar, kt. 190724-4339, er síðast bjó að Hringbraut 111, Reykjavík, og andaðist 29. janúar 1994, er tekið til opinberra skipta.

Vísað er frá dómi kröfu um, að sóknaraðili, Bergljót Baldursdóttir, verði dæmd til að láta búið afskiptalaust.

Fimmtudaginn 24. nóvember 1994.

Nr. 516/1993. **Eggert Steingrímsson**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Tölvuþjónustunni í Reykjavík hf.
Karli Snorrasyni
Magnúsi Guðmundssyni
Sólmundi Jónssyni og
Erni Þráinssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)
og gagnsök

Hlutafélög. Hlutafé. Kaupskylda. Gagnsök.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1993. Hann gerir þá kröfu á hendur gagnáfrýjandanum Tölvuþjónustunni í Reykjavík hf., að honum verði gert að greiða sér 2.500.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1992 til greiðsludags gegn framsali á hlutafé aðaláfrýjanda í félaginu, að nafnverði 50.000 krónur. Á hendur öðrum gagnáfrýjendum gerir aðaláfrýjandi þá aðalkröfu, að þeir verði allir, en til vara gagnáfrýjendurnir Karl Snorrason og Magnús Guðmundsson einir, dæmdir ábyrgir með Tölvuþjónustunni í Reykjavík hf. til að greiða fyrrnefnda kröfu, aðallega með sjálfskuldarábyrgð, en til vara með einfaldri ábyrgð. Verði gagnáfrýjandinn Tölvuþjónustan í Reykjavík hf. sýknuð, gerir aðaláfrýjandi þá varakröfu, að allir aðrir gagnáfrýjendur, en til þrautavara Karl og Magnús einir, verði dæmdir in solidum til að greiða honum fyrrnefnda kröfu gegn framsali til þeirra á umræddu hlutafé hans í Tölvuþjónustunni í Reykjavík hf. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti sameiginlega úr hendi allra gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. jan-

úar 1994. Þeir krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en um málskostnað, sem þeir krefjast, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða þeim í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að staðfesta ákvæði hans um sýknu gagnáfrýjendanna Tölvuþjónustunnar í Reykjavík hf., Sólmundar Jónssonar og Arnar Þráinssonar af kröfum aðaláfrýjanda.

Í samningi, sem stofnendur Tölvuþjónustunnar í Reykjavík hf. gerðu 1. janúar 1986 um útreikning á virði hlutabréfa í félaginu og kaup og sölu þeirra, er hvergi mælt beinlínis fyrir um, að hluthafi, sem vill selja hlut sinn í félaginu, geti með einhliða ákvörðun sinni skyldað aðra hluthafa til að kaupa eignarhlutann. Hefði orðið að taka þetta skýrlega fram í samningnum, ef ætlunin var að leggja þar slíka skyldu á hluthafa án tillits til viljaafstöðu þeirra. Er því ekki unnt gegn mótmælum gagnáfrýjendanna Karls Snorrasonar og Magnúsar Guðmundssonar að skylda þá til að kaupa hlut aðaláfrýjanda í félaginu. Ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, hvað varðar sýknu þeirra af kröfum aðaláfrýjanda.

Ekki eru efni til að verða við kröfu gagnáfrýjenda um breytingu á ákvæðum hins áfrýjaða dóms um málskostnað. Þykir rétt, að aðilar beri jafnframt hver sinn kostnað af rekstri málsins fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. desember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 18. nóvember 1993, er höfðað af Eggert Steingrímssyni, Langholtsvegi 167, Reykjavík, gegn Tölvuþjónustunni í Reykjavík hf., Langholtsvegi 115, Reykjavík, Karli Snorrasyni, Aðaltúni 10, Mosfellsbæ, Magnúsi Guðmundssyni, Selbrekku 1, Kópavogi, Sólmundi Jónssyni, Rauðalæk 20, Reykjavík, og Erni Þráinssyni, Kringlunni 27, Reykjavík.

Kröfur málsaðila.

Kröfur stefnanda eru þessar:

1. Á hendur Tölvuþjónustunni í Reykjavík hf. er gerð krafa um greiðslu á 2.500.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1.

október 1992 til greiðsludags gegn framsali á hlutafé stefnanda í Tölvuþjónustunni í Reykjavík hf., sem er 20% hlutafjár í félaginu, að nafnverði 50.000 kr.

2. Á hendur öðrum stefndu er gerð sú krafa, að þeir verði aðallega allir, en til vara stefndu Karl Snorrason og Magnús Guðmundsson einir, dæmdir ábyrgir með stefndu, Tölvuþjónustunni í Reykjavík hf., til greiðslu kröfunnar skv. 1. tl., aðallega með sjálfskuldarábyrgð, en til vara með einfaldri ábyrgð.

3. Verði stefnda, Tölvuþjónustan í Reykjavík hf., sýknuð af kröfunni í 1. tl., er til vara gerð sú krafa, að stefndu, Karl Snorrason, Magnús Guðmundsson, Sólmundur Jónsson og Örn Þráinsson, og til þrautavara þeir Karl Snorrason og Magnús Guðmundsson einir, verði in solidum dæmdir til greiðslu kröfunnar með sama formála um framsal á hlutafé stefnanda, en þá til þessara stefndu.

4. Á hendur öllum stefndu in solidum er gerð krafa um málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Kröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði allir sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar og Tölvuþjónustan í Reykjavík hf. verði einungis dæmd til að greiða stefnanda 137.033 kr. fyrir 20% hlut stefnanda í félaginu, en aðrir stefndu verði sýknaðir. Í aðalkröfu og varakröfu er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað ásamt virðisaukaskatti.

Yfirlit yfir málavexti og ágreiningsefni.

Samkvæmt því, sem fram kemur í gögnum málsins, var Tölvuþjónustan í Reykjavík hf. stofnuð 2. janúar 1986 með undirritun stofnsamnings sama dag. Samþykktir hlutafélagsins eru einnig dagsettar sama dag. Stofnendur voru stefnandi og stefndu Karl og Magnús ásamt Kristjáni Sigurgeirssyni og Jóni Zophoníassyni. Þeir höfðu áður að Jóni undanskildum rekið saman um nokkurra ára skeið sameignarfélag undir sama nafni. Hlutafé var 250.000 krónur, og áttu allir stofnendur jafna hluti, þ. e. 50.000 krónur hver. Tilgangur félagsins var gerð hugbúnaðar, tölvuvinnsla, ráðgjöf, bókhaldsaðstoð og skyld starfsemi. Stofnendur hlutafélagsins störfuðu allir hjá félaginu að Jóni undanskildum, sem gekk fljótlega úr félaginu. Kristján hætti störfum hjá félaginu í febrúar eða mars 1986. Hlutir þeirra Jóns og Kristjáns voru síðan seldir stefndu Erni og Sólmundi, og hafa þeir starfað hjá hlutafélaginu frá september 1987.

Í tengslum við stofnun hlutafélagsins gerðu hluthafar með sér „samning um útreikning á virði hlutabréfa félagsins og kaup og sölu hlutabréfa“.

Samningurinn er dagsettur 1. janúar 1986. Í honum er kveðið á um, að virði hlutabréfa í félaginu skuli reiknað út tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí, og skyldi sá stuðull sýna verðgildi hlutabréfa á hverjum tíma. Við útreikning skyldi leitast við að ganga út frá eigna- og skuldastöðu á útreikningsdegi, þ. e. markaðsvirði eigna og skulda. Verðstuðull var ekki reiknaður, eins og samningurinn kveður á um, en í svonefndum samþykktum, sem dagsettar eru 11. desember 1985, sbr. dskj. nr. 40, og allir stofnendur hlutafélagsins undirrituðu, kemur fram, að virði hlutabréfa fyrir tímabilið janúar til júní 1986 var talið fimmfalt nafnverð þeirra. Hlutur hvers eiganda væri fundinn þannig, að hlutafé væri 50.000 kr. og eignir umfram skuldir 200.000 kr., samtals 250.000 kr. samkvæmt ofangreindu dómskjali.

Samkvæmt samningnum er sala eignarhluta í hlutafélaginu óheimil til annarra en félagsins. Vilji hluthafi selja eignarhluta sinn, skal hann tilkynna það stjórn félagsins skriflega með a. m. k. þriggja mánaða fyrirvara. Í 3. gr. samningsins er tekin upp grein 2.04. samþykkta félagsins, en þar er m. a. fjallað um forkaupsrétt hlutafélagsins og annarra hluthafa og hvernig með hann skuli fara.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að samningurinn feli bæði í sér, að hluthöfum sé óheimilt að selja hlutabréf sín öðrum en hlutafélaginu, og einnig, að félaginu væri skylt að kaupa. Af hálfu stefndu er því hins vegar haldið fram, að við stofnun hlutafélagsins hafi hluthafar fengið þær skýringar á ákvæðum samningsins, að þau væru til þess, að félagið gæti ráðið því, hverjir nýir hluthafar kæmu inn í félagið, og til að koma í veg fyrir ágreining við sölu á hlutum í félaginu. Samningurinn hafi einnig verið gerður, þar sem ekki hafi verið heimilt samkvæmt hlutafélagalögum að leggja slíkar hömlur á meðferð hluta, sem samningurinn geri.

Í byrjun árs 1992 tilkynnti stefnandi öðrum hluthöfum í félaginu, að hann óskaði eftir að selja hlut sinn og hætta störfum hjá félaginu. Leitaði hann til endurskoðanda hlutafélagsins, Stefáns Franklín, og bað um álit hans á verðmæti hlutabréfanna. Að mati hans taldi hann verðmæti eignarhluta stefnanda hjá hlutafélaginu á bilinu 2,3 til 2,8 milljónir króna. Á stjórnarfundi 10. apríl 1992, þar sem allir hluthafar voru viðstaddir, lögðu aðrir en stefnandi til og samþykktu, að félagið hafnaði munnlegu tilboði stefnanda um kaup á hlut hans í félaginu fyrir 2,5 milljónir króna, en félagið byðist til að kaupa hlut hans á 600.000 krónur. Því boði hafnaði stefnandi, en bauð félaginu hlutabréfin fyrir 2.800.000 kr. með bréfi, dags. 11. apríl s. á. Ekki náðist samkomulag um kaupin, og aflaði stefnandi matsgerðar dómkvaddra matsmanna, sem er dagsett 31. ágúst 1992, og er kröfugerð hans reist á því mati.

Niðurstaða matsmanna er sú, að virði fyrirtækisins sé 12,5 milljónir króna í heild í árslok 1991, og er hlutur stefnanda 20% af þeirri fjárhæð. Útreikningur matsmanna byggist á þeirri aðferð að færa til núvirðis framtíðartekjur fyrirtækisins. Mat þeirra er, að bókfærður hagnaður, sem að meðaltali nam 10 þúsund krónum á árunum 1988–1991 og 1992 að hluta, sé ekki til vitnis um framtíðarárangur af starfsemi fyrirtækisins. Til þess verði að líta, að eigendur hafi greitt sér hagnað út úr fyrirtækinu í formi bílastyrks, sem meta megi til 2.250 þúsund kr. á ári. Samkvæmt því er hæfilegur framtíðarhagnaður talinn vera um 2.260 þúsund kr. Matsmenn gefa sér þá forsendu, að dvínandi rekstrartekjum á viðmiðunarárum verði mætt með aðhaldi í kostnaði. Með hliðsjón af því þykir matsmönnum eðlilegt að miða við, að þessi leiðrétti hagnaður muni haldast óbreyttur um ókomin ár. Matsfjárhæðin, 12,5 milljónir króna (2.260 þúsund/0,18), er fengin með því að færa hinn leiðrétta hagnað, sem reksturinn mun skila síðar meir, til núvirðis, og er þá miðað við 18% vexti. Með hliðsjón af stöðugum rekstri og traustum viðskiptavinum þykir matsmönnum eðlilegt að miða við svo lága arðsemiskröfu þrátt fyrir ungan aldur fyrirtækisins.

Aðila málsins greinir á um, hvort félaginu eða hluthöfum beri skylda til að kaupa hlut stefnanda af honum. Einnig greinir þá á um verðmæti hlutabréfanna, en af hálfu stefndu er matinu mótmælt sem allt of háu og byggðu á röngum forsendum.

Helstu málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir byggja á.

Stefnandi styður málsóknina því, að fyrrnefndur samningur, sem málsaðilar gerðu um útreikning á virði hlutabréfanna og kaup og sölu hlutabréfa frá 1. janúar 1986, feli í sér skuldbindingu af hálfu hlutafélagsins um kaup á hlutabréfum hluthafa. Samningurinn hafi verið undirritaður af öllum hluthöfum, en samkvæmt efni sínu feli hann í sér skuldbindingu fyrir hlutafélagið sjálft. Sú skuldbinding hljóti að vera fullgild, þótt aðilaskipti hafi orðið síðar að hlutabréfum í félaginu. Í samningnum væri skýrum orðum sagt, að sala eignarhluta til annarra en félagsins sé óheimil. Eiganda, sem óskaði eftir að selja, bæri að tilkynna stjórn félagsins það með a. m. k. þriggja mánaða fyrirvara. Af samningnum sé ljóst, að hann geri ráð fyrir sölu, þótt ekki verði samkomulag um skilmála. Í því tilviki beri að dómkveðja matsmenn til að meta verð og greiðslukjör, eins og fram komi í samþykktum félagsins. Stjórn félagsins hafi ekki sinnt áskorun hans um að dómkveðja matsmenn, og því hafi hann ekki átt annars úrkosti en biðja sjálfur um mat.

Þá er af hálfu stefnanda talið, að samþykktir hlutafélagsins kveði í raun á um kaupskyldu félagsins, þótt þar sé fjallað um forkaupsrétt. Í 2.04. grein samþykktanna sé skilgreint, hvernig farið skuli með ágreining um verð

hlutabréfa og greiðslukjör. Slíkur ágreiningur kæmi ekki upp, væri félagið að kaupa hluti á grundvelli forkaupsréttar. Skírskotað er til þess, að hið stefnda hlutafélag hafi viljað kaupa hlut stefnanda. Þar sem félagið hafi ekki sætt sig við verð, hafi borið að leysa úr þeim ágreiningi með mati. Þegar þannig standi á, geri samþykktir hlutafélagsins ráð fyrir því, að félaginu sé skylt að kaupa á grundvelli mats dómkvaddra manna, sem liggi fyrir í málinu og málsóknin byggist á. Ekki hafi heldur komið fram neinar athugasemdir við kaupskyldu félagsins fyrr en með bréfi, dags. 29. maí 1992, sem var, eftir að matsbeiðni stefnanda var komin fram. Er því haldið fram, að stefndu hafi glatað rétti til að mótmæla því, að félaginu væri skylt að kaupa á grundvelli matsins, þar sem slík mótmæli hafi ekki komið fram, þegar er tilefni gafst til.

Krafa stefnanda á hendur hinum stefndu hluthöfum, að þeir verði dæmdir ábyrgir til greiðslu kröfunnar með hlutafélaginu, er á því reist, að samningurinn frá 1. janúar 1986 feli ekki aðeins í sér skuldbindingu fyrir félagið, heldur verði að telja í honum felast skuldbindingu milli hluthafa innbyrðis, þannig, að vilji einn selja, hafi hinir skuldbundið sig gagnvart honum til að sjá um, að hlutafélagið keypti. Fyrir stefnanda skipti máli að fá greitt sannvirði fyrir eign sína í hlutafélaginu, en samningurinn leggi þá skyldu á aðra hluthafa að tryggja hagsmuni þess hluthafa, sem vilji hætta og ganga úr félaginu. Verði ekki fallist á, að þessi skylda hvíli á stefndu Sólmundi og Erni, þar sem þeir komu inn í félagið, eftir að samningurinn var gerður, er þess engu að síður krafist, að stefndu Karli og Magnúsi verði haldið við þessa ábyrgð sína. Varakrafan um, að hluthafarnir einir verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldarinnar, er reist á sömu sjónarmiðum.

Stefnandi krefst dráttarvaxta frá 1. október 1992 með vísan til 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 4. gr. laga nr. 67/1989, sbr. til hliðsjónar 15. gr. s. l. Bent er á, að krafa stefnanda um söluandvirðið sé öll gjaldfallin, þar sem stefndu hafi neitað að greiða, og væri því ekki um nein greiðslukjör að ræða samkvæmt samningnum um útreikning á virði hlutabréfa. Í matsgjörðinni komi jafnframt fram, að matsverð miðist við staðgreiðslu.

Sýknukrafa stefndu er því á því reist, að samningur sá, sem stefnandi styðji kröfur sínar við, hafi verið ógildur frá upphafi og því verði enginn réttur leiddur af honum. Samkvæmt 18. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978 megi ekki leggja aðrar viðskiptahömlur á hlutabréf en þær, sem taldar eru í 19. og 20. gr. sömu laga. Samþykktirnar kveði ekki á um bann við sölu hlutabréfa til annarra en hlutafélagsins, enda væri slíkt óheimilt samkvæmt nefndum lagaákvæðum. Samningur um frekari hömlur væri andstæður þessum ófrávíkjanlegu lagareglum, og væri samningurinn frá 1. janúar 1986

því ógildur, enda komi fram í samningnum, að ákvæði hans, sem fari í bága við samþykktir hlutafélagsins, væru ekki gild gagnvart hluthöfum. Þá er því haldið fram, að samningurinn geti aldrei orðið gildur gagnvart grandlausum viðsemjendum, þar sem samþykktir félagsins kveði ekki á um kaupskyldu, enda væri það óheimilt. Stefndu Sólmundur og Örn væru því ekki bundnir af samningnum, og er af þeirra hálfu mótmælt þeirri málsástæðu stefnanda, að skuldbinding samkvæmt öðrum samningi en samþykktum félagsins haldi gildi sínu þrátt fyrir aðilaskipti að hlutabréfum.

Þá er sýknukrafa stefndu reist á því, að umræddur samningur sé ógildur á grundvelli brostinna forsendna. Stefndu Karl og Magnús hafi ekki við undirritun samningsins haft minnsta grun um, að 4. gr. samningsins fæli í sér kaupskyldu félagsins og þeirra persónulega. Stefnanda hafi verið eða mátt vera ljóst, að forsenda fyrir því, að þeir samþykktu samninginn, hafi verið sú útskýring, sem þeir hafi fengið, að samningurinn ætti að leiða til þess, að félagið gæti ráðið því, hverjir keyptu sig inn í það, og til að auðvelda úrgöngu manna úr félaginu. Kaupskylda væri hvergi nefnd á nafn, hvorki í samningnum né við undirritun hans. Einnig væru forsendur fyrir gildi samningsins brostnar, þar sem verðstuðull, sem samningurinn kveður á um, hafi aldrei verið reiknaður út. Ekki hafi heldur verið farið eftir ákvæðum samningsins, er tveir af stofnendum félagsins gengu úr því. Þannig hafi verið viðurkennt í verki, að samningurinn hefði ekkert gildi. Loks væru forsendur samningsins brostnar af þeirri ástæðu, að tveir hluthafanna væru ekki bundnir af honum, þar sem þeir væru ekki aðilar að samningnum. Hinir hluthafarnir væru þá ekki heldur bundnir, þar sem forsenda fyrir því af þeirra hálfu hefði verið sú, að allir hluthafar á hverjum tíma væru bundnir af samningnum.

Þá er af hálfu stefndu haldið fram, að ef ekki leiði beint af ákvæðum hlutafélagalaga, sé samningurinn ógildur vegna ákvæða 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Með samningnum sé farið í kringum ófrávíkjanlegar reglur hlutafélagalaga, og sé því bersýnilega ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að bera samninginn fyrir sig.

Verði litið svo á, að samningurinn sé gildur, er af hálfu stefndu haldið fram, að 4. gr. samningsins feli alls ekki í sér kaupskyldu, enda hvergi minnst á skyldu hlutafélagsins til kaupa. Hvorki sé um kaupskyldu félagsins né einstakra hluthafa persónulega að ræða. Hömlur hafi aðeins verið settar á meðferð hluta þess, sem vilji selja. Samningurinn feli því einungis í sér einhliða skuldbindingu af hálfu þess hluthafa, sem ætlar að selja hlutabréf, en félagið geti ákveðið, hvort það kaupi eða ekki. Væri um persónulega kaupskyldu einstakra hluthafa að ræða, hefði þurft að kveða skýrt á um það í samningnum.

Því er haldið fram af hálfu stefndu, að matið, sem stefnandi styðjist við, sé rangt og ekkert á því byggjandi um verðmæti hlutafjár í hlutafélaginu. Matið væri ekki sjálfstætt, heldur unnið beint upp úr hugleiðingum Stefáns Franklín. Þá væru forsendur, sem lagðar væru til grundvallar, með öllu órökstuddar, og er því haldið fram, að þær séu alrangar. Ekki sé útskýrt, hvernig matsmenn finna út, að um óeðlilega há laun sé að ræða, enda væri sú staðhæfing ekki rétt. Laun stefndu hafi ekki verið meiri en í meðallagi miðað við launakjör kerfis- og tölvunarfræðinga. Er því mótmælt, að matið verði lagt til grundvallar, verði samningurinn, sem stefnandi miðar við, talinn gildur, og að hann feli í sér kaupskyldu. Matið sé ekki reist á rökstuddum forsendum. Ekki sé unnt að halda því fram, að hluti af launum sé útgreiddur arður, enda hafi stefnandi sjálfur byggt á því í fyrri málsókn, að greiðslur til hluthafa hafi verið laun og kostnaður, og geti þar með ekki verið líka um arð að ræða.

Loks er því mótmælt, að stefndu hafi nokkurn tíma viðurkennt, að um kaupskyldu sína væri að ræða.

Vaxtakröfum og dráttarvaxtakröfum stefnanda er mótmælt. Einnig er því mótmælt, að matsverðið væri miðað við staðgreiðsluverð. Telja stefndu, að greiðslur, verði þeir dæmdir greiðsluskyldir, eigi að vera í samræmi við samninginn með gjalddögum, eins og þar greinir.

Varakrafa stefndu er studd þeim rökum, að verðmæti félagsins verði aðeins fundið samkvæmt eignamati, eins og það komi fram í bókum félagsins. Í milliuppgjöri 31. júlí 1992 komi fram, að eigið fé er 685.163 kr. og hlutur stefnanda, 20%, því 137.033 kr.

Niðurstöður.

Ekki er um það deilt í málinu, að viðskipti með hluti í fyrirtækinu Tölvuþjónustunni í Reykjavík hf. skyldu vera takmörkuð, enda hvíldi starfsemi félagsins á vinnuframlagi hluthafanna sjálfra og persónulegum tengslum þeirra. Aðila greinir hins vegar á um, hvers eðlis takmörkunin var og hvort af henni megi leiða kaupskyldu hlutafélagsins eða hluthafanna sjálfra.

Í svonefndum stofnsamningi félagsins voru forkaupsréttarákvæði, og eru þau tekin upp í samþykktir félagsins og útfærð nánar þar í grein 2.04. Í 3. gr. samnings milli hluthafa sjálfra um útreikning á virði hlutabréfa félagsins og kaup og sölu hlutabréfa er ákvæði samþykktanna um forkaupsréttinn tekið orðrétt upp, en í 1. mgr. 4. gr. samningsins segir, að „sala eignarhluta í TÍR til annarra en TÍR er óheimil". Loks segir svo í 9. gr. samningsins:

> „Ákvæði samnings þessa, er kunna að brjóta í bága við samþykktir félagsins á hverjum tíma, eru ekki gildar gagnvart hluthöfum eða erf-

ingjum þeirra. Markmið þessa samnings er að útfæra ákveðin atriði úr samþykktum félagsins, til að ekki þurfi að vera óvissa eða ágreiningur um, hvernig staðið skuli að við útgöngu félagsmanna úr félaginu. . .“

Í 19. og 20. gr., sbr. 18. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978, er að finna ákvæði, sem setja skorður við því, hvaða viðskiptahindranir megi ákveða í viðskiptum með hluti eða hlutabréf. Að auki má ákveða innlausnarrétt eða innlausnarskyldu í tilteknum tilvikum. Engu að síður verður að telja, að hluthöfum sé heimilt með sérstöku samkomulagi að ákveða sín á milli frekari takmarkanir á viðskiptum með hluti en þarna greinir, en slíkt samkomulag bindur þó ekki félagið.

Þegar skoðuð eru umrædd ákvæði í samningi hluthafa frá 1. janúar 1986, sem verður að skoðast sem hluthafasamkomulag, kemur í ljós, að félagið sjálft er ekki aðili að því samkomulagi, og ekki hefur heldur verið í ljós leitt, að það hafi undirgengist með öðrum hætti þær skyldur að kaupa þá hluti, sem kynnu að verða boðnir til sölu. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna Tölvuþjónustuna í Reykjavík hf. af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, enda verður ekki talið, að dómkrafa í málinu á hendur stefndu, Tölvuþjónustunni í Reykjavík hf., verði reist á sjónarmiðum um aðgerðarleysi. Kemur þá ekki heldur til álita að dæma aðra stefndu samábyrga með hlutafélaginu, eins og krafist er af hálfu stefnanda í 2. tl. kröfugerðar hans.

Stefndu Sólmundur og Örn voru ekki aðilar að samkomulaginu í upphafi, og ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að þeir hafi síðar gerst aðilar að því. Ber því einnig að sýkna þá af kröfum stefnanda í málinu.

Varðandi kröfur stefnanda á hendur stefndu Karli og Magnúsi ber í fyrsta lagi að hafa í huga, að skýr forkaupsréttarákvæði eru tekin upp í hluthafasamkomulagið. Af eðli forkaupsréttar leiðir, að vilji forkaupsréttarhafar ekki kaupa, er viðkomandi heimilt að bjóða hluti sína öðrum. Ekki er óhugsandi, að hlutir geti haft tiltekið raungildi í félögum sem þessu, eins og raunar hafði sannast áður í félaginu sjálfu. Í öðru lagi skiptir máli, að í hluthafasamkomulaginu segir hvergi skýrum stöfum, að öðrum hluthöfum sé skylt að kaupa, ef hlutir eru boðnir til sölu. Eðlilegt er að gera þá kröfu til hluthafa, að þeir kveði skýrt á um slíka skyldu, ef um hana var að ræða, enda er engan veginn ljóst, að hún leiði ávallt til sanngjarnrar niðurstöðu. Loks skal það nefnt, að 9. gr. hluthafasamkomulagsins gerir ráð fyrir því, að verið sé að útfæra ákveðin atriði úr samþykktum félagsins, eins og þar segir. Það bendir til þess, að ákvæði hluthafasamkomulagsins beri að skýra til samræmis við þær meginreglur hlutafélagalöggjafarinnar, sem hér skipta máli.

Af framangreindum ástæðum er rétt að skýra 1. mgr. 4. gr. hluthafasamkomulagsins þannig, að hún feli aðeins í sér bann við því að selja hluti, á meðan ekki hefur verið gætt ákvæða 3. gr. samkomulagsins, sbr. ákvæði 2.04. samþykktanna um forkaupsrétt. Af þessum ástæðum var ekki um neina kaupskyldu að ræða, sem með réttu mætti leiða af hluthafasamkomulaginu eða gögnum, sem því tengjast. Af því leiðir, að kröfur stefnanda á hendur stefndu Karli og Magnúsi verða ekki teknar til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður verði felldur niður.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Stefáni Má Stefánssyni prófessor og Stefáni Svavarssyni lektor.

Dómsorð:

Stefndu, Tölvuþjónustan í Reykjavík hf., Karl Snorrason, Magnús Guðmundsson, Sólmundur Jónsson og Örn Þráinsson, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda, Eggerts Steingrímssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 24. nóvember 1994.

Nr. 127/1993. **Eggert Steingrímsson**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Tölvuþjónustunni í Reykjavík hf.
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 22. mars 1993. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 720.131 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. maí 1992 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Af því, sem fram er komið í málinu, má telja ljóst, að fyrstu mánuði ársins 1992 höfðu áfrýjandi og aðrir stjórnarmenn í hinu stefnda félagi ástæðu til að búast við, að áfrýjandi léti þar af störfum sem framkvæmdastjóri. Í tengslum við þetta hefur áfrýjandi haldið því fram, að hann hafi aldrei sagt upp starfi sínu, heldur hafi hann snemma á árinu 1992 tilkynnt hinum stjórnarmönnunum, sem voru fjórir talsins og einu hluthafarnir í félaginu auk hans, að hann vildi selja hlutabréf sín í því. Hann hafi mælst til þess, að þeir eða félagið leystu bréfin til sín, og látið í ljós, að hann myndi hverfa frá störfum, þegar samningar hefðu tekist um sölu hlutabréfanna, en af samningum hefði síðan ekkert orðið. Af hálfu stefnda er því á hinn bóginn haldið fram, að áfrýjandi hafi tilkynnt munnlega á stjórnarfundi í janúar 1992, að hann myndi láta af störfum hjá félaginu um mánaðamót apríl og maí á því ári, og hafi hann svo ítrekað þetta á stjórnarfundi 10. apríl. Þessu til stuðnings hefur stefndi vísað til fundargerða af umræddum stjórnarfundum og framburðar annarra

stjórnarmanna en áfrýjanda fyrir dómi. Annmarkar eru á fundargerðum þessum, eins greinir og í hinum áfrýjaða dómi. Gegn mótmælum áfrýjanda verður því ekki fallist á, að stefnda hafi tekist að sanna þessa staðhæfingu, og verður því að leggja til grundvallar við úrlausn málsins, að áfrýjandi hafi ekki sagt starfi sínu lausu.

Á fundi stjórnar hins stefnda félags 13. apríl 1992 samþykkti meiri hluti hennar svohljóðandi tillögu:

„Stjórnin leggur til, að tveir nýir framkvæmdastjórar, Karl Snorrason og Sólmundur Jónsson, taki nú þegar yfir daglegan rekstur félagsins. Verkaskipting á milli þeirra verði ákveðin síðar, þegar umfang starfsins liggur fyrir.

Núverandi framkvæmdastjóra, Eggert Steingrímssyni, verði falin sérstök verkefni, þ. á m. að skila starfslýsingu (með mati á umfangi) fyrir framkvæmdastjórastarfið, eins og það hefur verið undanfarið ár, setja nýja framkvæmdastjóra inn í þau störf, sem hann hefur haft með höndum, og vera þeim innan handar eftir þörfum fyrst um sinn. Önnur verkefni verða m. a. að gera tillögur til stjórnar um lækkun kostnaðar í rekstri félagsins og stefnumörkun til lengri tíma litið.

Stjórnin afturkallar nú þegar prókúruumboð núverandi framkvæmdastjóra og honum er gert skylt að skila strax öllum gögnum, er varða rekstur félagsins."

Af orðalagi þessarar samþykktar er ekki unnt að ráða annað en að ætlast hafi verið til, að áfrýjandi léti þegar í stað af öllum störfum sem framkvæmdastjóri. Með þeim verkefnum, sem áfrýjanda voru ætluð samkvæmt samþykktinni, var raskað verulega stöðu hans hjá félaginu. Þegar þetta er haft í huga ásamt því, að hvorki hafði hið stefnda félag sagt áfrýjanda upp störfum né verður talið samkvæmt áðursögðu, að hann hafi verið búinn að segja starfi sínu lausu, þegar þessi samþykkt var gerð, verður að fallast á það með áfrýjanda, að í henni hafi verið fólgnar svo stórfelldar breytingar á starfssviði hans, að hann hafi mátt líta á hana sem fyrirvaralausa brottvikningu úr starfi.

Samkvæmt þessu og þar sem ágreiningur er ekki milli aðila um fjárhæðir, verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kröfu hans með vöxtum, eins og hann hefur krafist. Þá verður stefnda gert

að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, Tölvuþjónustan í Reykjavík hf., greiði áfrýjanda, Eggert Steingrímssyni, 720.131 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. maí 1992 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. mars 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 10. febrúar sl., er höfðað af Eggert Steingrímssyni, Langholtsvegi 167, Reykjavík, gegn Tölvuþjónustunni í Reykjavík hf., Langholtsvegi 115 hér í borg, með stefnu, birtri 26. maí 1992.

Kröfur stefnanda eru þær, að hið stefnda hlutafélag verði dæmt til að greiða honum 720.131 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. maí 1992 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, sem miðist við upphaflega stefnufjárhæð, 928.949 kr., að viðbættum virðisaukaskatti ofan á málflutningsþóknun og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt ofangreindum kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Kröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar og stefndi aðeins dæmdur til að greiða 100.331 kr. Í aðal- og varakröfu er þess jafnframt krafist, að stefnandi verið dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, sem beri dráttarvexti með höfuðstólsuppfærslu á 12 mánaða fresti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Yfirlit yfir málsatvik og ágreiningsefni.

Stefnandi starfaði sem framkvæmdastjóri hjá stefnda frá stofnun fyrirtækisins árið 1982. Hann er enn fremur einn af fimm hluthöfum og stjórnarmönnum í félaginu, en aðrir hluthafar eru Magnús Guðmundsson, sem er stjórnarformaður, Karl Snorrason, Sólmundur Jónsson og Örn Þráinsson. Hver hluthafi á 20% hlutafjár, og störfuðu þeir allir hjá stefnda, þar til stefnandi lét af störfum í apríl 1992.

Stefnandi heldur því fram, að sér hafi fyrirvaralaust verið sagt upp störf-

um framkvæmdastjóra með samþykkt, sem gerð var á stjórnarfundi 13. apríl 1992. Jafnframt hafi sér verið falin önnur verkefni við fyrirtækið, en hann hafi tilkynnt samdægurs, að hann samþykkti ekki breytingar á starfssviði sínu, heldur myndi hann láta þegar af störfum og krefja stefnda um laun á uppsagnarfresti, og er það gert í máli þessu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ágreiningur hafi verið milli stefnanda og annarra stjórnarmanna frá hausti 1990 vegna óánægju með störf stefnanda. Hafi stefnandi þá sagst ætla að hætta störfum og selja hlut sinn í félaginu. Hann hafi þó tekið það aftur, farið í nám, en komið aftur til starfa í byrjun sumars 1991. Stefnandi hafi svo fyrir jól það ár tilkynnt stjórnarformanni stefnda, að hann hafi fest kaup á atvinnuhúsnæði og hygðist hætta störfum hjá stefnda. Þar sem mikil óvissa hafi verið um störf stefnanda allt haustið 1991, hafi stjórnarformaður farið fram á, að stefnandi skýrði öllum sameigendum fyrirtækisins frá þessari ákvörðun. Hafi verið haldinn fundur 9. janúar 1992, til að þar kæmi skýrt fram, hvenær stefnandi myndi láta af störfum hjá fyrirtækinu.

Málsaðila greinir bæði á um það, hvað fram fór á þessum fundi, og einnig, hvenær hann var haldinn, en stefnandi heldur því fram, að fundurinn hafi verið haldinn 24. janúar 1992, en ekki 9. janúar, eins og allir aðrir hafa borið. Fundargerð var ekki færð í sérstaka fundargerðabók, og ekki rita aðrir undir hana en stjórnarformaður, sem skráði hana. Aðilar eru sammála um, að á fundinum hafi komið fram, að stefnandi hygðist selja hlut sinn í fyrirtækinu. Stefnandi hefur hins vegar eindregið mótmælt því, að hann hafi sagt, hvenær hann myndi hætta störfum hjá fyrirtækinu eða að hann hafi sagt upp, heldur hafi hann sagt, að hann væri tilbúinn að ræða starfslok sín hjá stefnda, þegar samkomulag lægi fyrir um kaup stefnda á hlutabréfum hans. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi á umræddum fundi sagt, að hann myndi hætta störfum hjá fyrirtækinu í síðasta lagi um mánaðamótin apríl/maí eða fyrr, ef um það næðist samkomulag. Uppsögn stefnanda hafi alls ekki verið tengd því, að hann væri búinn að selja hlutabréf sín, heldur hafi starfslok verið miðuð við, að hann lyki ákveðnum verkefnum, sem átti að vera í síðasta lagi í lok apríl.

Þá greinir aðila einnig á um framhald málsins. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi komið sérstaklega að máli við þá Magnús og Örn eftir miðjan mars 1992 og innt þá eftir því, hvort farið væri að huga að því að ráða mann í sinn stað, þar sem óðum styttist í starfslok og að hann þyrfti að koma nýjum manni inn í starfið. Stefnandi mótmælir því hins vegar að hafa nokkuð rætt um þetta, og ekkert hafi verið rætt um söluna á hlutabréfunum fyrr en í lok mars, þegar fyrir lá verðmat á hlutafénu, sem stefnandi vildi selja. Á fundi, sem haldinn var 10. apríl 1992, var borin upp fundargerð síð-

asta fundar, þ. e. fundarins, sem haldinn var í janúar það ár. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi þá strax mótmælt því að hafa nokkurn tíma sagt upp störfum hjá stefnda. Í fundargerð frá 10. apríl 1992 er bókað, að stefnandi hafi sagt, að ónákvæmni gætti um uppsögn sína frá því í janúar. Stefnandi telur þetta ekki rétt eftir sér haft, en ekki hafa aðrir en fundarritari ritað undir fundargerð þessa.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að á fundinum 10. apríl hafi stefnandi ítrekað, að hann myndi hætta störfum í síðasta lagi 1. maí 1992. Á fundinum var einnig til umfjöllunar salan á hlutabréfum stefnanda, og er bókað, að nýr fundur hafi verið boðaður 13. apríl 1992 vegna þessa. Á þeim tíma hafi verið djúpstæður ágreiningur milli stefnanda annars vegar og annarra stjórnarmanna hins vegar um söluna á hlutabréfum stefnanda, og fyrir hafi legið, að minna en þrjár vikur væru til loka uppsagnarfrests. Í ljósi þessa hafi ekki þótt verjandi, að stefnandi færi einn með öll fjármál hlutafélagsins, og var því lögð fram tillaga á stjórnarfundi 13. apríl og farið fram á, að stefnandi notaði það, sem eftir væri uppsagnarfrests, til að koma nýjum framkvæmdastjórum inn í starfið. Einnig hafi verið gerðar aðrar breytingar, sem hafi verið nauðsynlegar eðli máls samkvæmt. Stefnandi hafi engum athugasemdum hreyft á fundinum, en hann hafi svo sent stefnda bréf sama dag og lýst yfir því, að hann liti á tillöguna sem fyrirvaralausa uppsögn. Af hálfu stefnda var stefnanda þá sent símskeyti, þar sem fram kemur, að ekki væri um uppsögn að ræða, og skorað á hann að koma aftur til vinnu. Stefnandi hafi ekki sinnt því, en þess í stað svarað erindinu með bréfi lögmanns síns, þar sem krafist er greiðslu þriggja mánaða launa.

Málsástæður aðila og lagarök.

Stefnandi styður málsókn sína því, að sér hafi verið vikið úr starfi fyrirvaralaust og án sakar. Hann mótmælir því, að hann hafi sjálfur verið búinn að segja upp störfum. Sér beri því laun á uppsagnarfresti í þrjá mánuði, og er krafan sundurliðuð þannig:

Apríl 1992		
Mánaðarlaun	kr.	144.000
Bílastyrkur	–	27.600
Yfirvinna (6 klst. x 1.440 kr.)	–	8.640
Orlof 10,17%	–	879
Greiðsla á viðskiptareikning	–	35.000
	kr.	216.119
Innborgað 29. maí 1992	(–	115.788)
	kr.	100.331

Maí, júní og júlí		
Mánaðarlaun (3 x 144.000 kr.)	kr.	432.000
Bílastyrkur (3 x 27.600 kr.)	–	82.800
Gr. á viðskiptareikning (3 x 35.000 kr.)	–	105.000
	kr.	619.800
Samtals	kr.	720.131

Ekki er ágreiningur um fjárhæðir í málinu.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi ekki sannað þá málsástæðu, sem sýknukrafa hans er reist á, að uppsögn hafi farið fram 9. janúar 1992. Fundargerðir væru léleg og ónýt gögn, sem sanni ekkert. Þær væru vafasamar, ónákvæmar eða rangar og ritaðar eftir á. Í raun væru skjöl þessi ekki fundargerðir, þar sem ekkert hefði verið skráð í fundargerðabók, sem allir viðstaddir undirriti, heldur væru þetta eins konar minnispunktar. Stjórnarmenn hafi allir stöðu aðila, og hafi framburður þeirra því ekkert sönnunargildi í málinu. Þótt fram hafi komið, að stefnandi var farinn að hugsa sér til hreifings, hafi hann ekki sagt starfinu formlega upp. Hann mótmælir því, að kaup sín á húsnæði sýni það, að hann hafi sagt upp starfi sínu hjá stefnda. Stefnandi hafi boðið hlutafé sitt til kaups og kveðist vera reiðubúinn að ræða starfslok sín hjá stefnda. Það hafi hann hins vegar aldrei gert og ekki sagt upp starfinu. Uppsagnir væru almennt skriflegar og eigi að vera skýrar og ótvíræðar. Munnlegur samningur um ráðningu hans hafi verið uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara, og ætti að miðast við mánaðamót.

Stefnandi heldur því fram, að sér hafi verið vikið úr starfi 13. apríl 1992, sem stefnandi telur fyrirvaralausa riftun á ráðningarsamningi. Hann hafi með þessu verið sviptur starfi sínu fyrirvaralaust og án þess að um nokkra sök væri að ræða af sinni hálfu. Brottrekstrarsakir væru engar, enda hefði hann engum ávirðingum verið borinn. Stefnandi mótmælir því, að ágreiningur hafi verið uppi innan hlutafélagsins, heldur hafi það verið fundið upp síðar af meðeigendum sínum í fyrirtækinu. Ekki væri því heldur haldið fram, að sér hefði verið vikið úr starfi vegna ágreinings, heldur í uppsagnarhugleiðingum. Ákvarðanir meiri hluta stjórnarinnar hafi verið einhliða og löglausar. Stefnandi hafi ekki þurft að þola breytingar, sem fólust í því, að hann var settur niður. Hann hafi brugðist rétt við með því að rita mótmæli sín samdægurs til stjórnarinnar. Stefnandi mótmælir því sérstaklega, að hann hafi ekki stöðu launþega gagnvart stefnda. Reisir stefnandi kröfur sínar í málinu á því, að sér hafi verið sagt upp fyrirvaralaust með því, að breytingar voru gerðar á ráðningarkjörum sínum. Hann krefst bóta, sem jafn-

gilda launum í uppsagnarfresti, og telur ósannað, að hann hafi sjálfur sagt starfinu upp.

Hið stefnda hlutafélag reisir sýknukröfuna á því, að stefnandi hafi sjálfur sagt upp störfum á stjórnarfundi 9. janúar 1992, en fundurinn hafi verið haldinn til að staðfesta óformlega uppsögn stefnanda. Uppsagnarfrestur hafi byrjað að líða 1. febrúar og honum lokið 1. maí 1992.

Stefnandi hafi tilkynnt í desember 1991, að hann hefði keypt atvinnuhúsnæði og myndi því hætta störfum hjá stefnda. Áður hafi komið til, að hann myndi hætta störfum hjá stefnda, en ekkert orðið úr því þá. Fundurinn 9. janúar 1992 hafi verið haldinn til að fá skýra afstöðu stefnanda um það, hvenær hann myndi hætta störfum hjá stefnda, en óvissan hafi þá verið orðin óviðunandi. Ekki var talin ástæða til að ganga frá uppsögn stefnanda með öðrum hætti, enda voru allir stjórnarmenn viðstaddir á fundinum og geti því borið um það, að stefnandi sagði starfinu upp á þeim fundi. Stefnandi hafi sjálfur viðurkennt að hafa talað um, að hann myndi hætta störfum. Af hálfu stefnda er talið ósannað, að fundargerðir séu rangar. Þær verði því að leggja til grundvallar við úrlausn málsins, enda hafi þeim ekki verið hnekkt. Stefndi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu, að fundargerðir hafi verið búnar til síðar.

Einnig er sýknukrafa stefnda reist á því, að stefnandi hafi farið fyrirvaralaust úr starfi. Stefndi mótmælir því, að breytingar á starfi hans geti skoðast sem uppsögn eða að honum hafi með þessu verið vikið úr starfi. Upp hafi verið kominn alvarlegur ágreiningur vegna sölu stefnanda á hlutafé sínu, hann hafi sjálfur verið búinn að segja upp starfi sínu, en farið einn með öll fjármál fyrirtækisins. Tillögur sameigenda um breytingar á starfi stefnanda hafi því verið nauðsynlegar og eðlilegar vegna ágreinings innan fyrirtækisins og vegna þess að stefnandi var að hætta. Því er haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið launþegi í almennum skilningi vinnuréttar, heldur sjálfstæður atvinnurekandi með allar fjárreiður fyrirtækisins á hendi. Staða stefnanda verði því ekki lögð að jöfnu við stöðu almenns launþega gagnvart atvinnurekanda, og því eigi ekki öll sömu sjónarmið vinnuréttarins við um breytingar á starfi stefnanda. Stjórnarmenn hafi verið tortryggnir vegna óvissunnar, en aðrir en stefnandi hafi ekkert vitað um fjármál og bókhald fyrirtækisins. Alvarlegur trúnaðarbrestur hafi komið upp, þegar ágreiningur varð um verðmat á hlutabréfunum. Stjórn félagsins hafi verið heimilt að breyta starfssamningi þann tíma, sem eftir var af uppsagnarfresti. Þar hafi ekki verið um að ræða, að búið hafi verið til nýtt starfssvið, heldur hafi verið gerðar smávægilegar breytingar, sem voru eðlilegar og nauðsynlegar. Ekki væri hægt að líta á það sem uppsögn. Lögð hafi verið áhersla á að koma öðrum inn í starfið, sem stefnandi gegndi. Stefnandi hafi ekki hreyft

neinum mótmælum á fundinum 13. apríl, en afhent bréf daginn eftir. Stefnandi hafi ekki gert neina tilraun til að fá útskýringar á því, í hverju breytingar á starfi hans væru fólgnar, en þar hafi aðeins verið um að ræða áherslubreytingar og áréttingu þess, að hann yrði að vinna með stjórn hlutafélagsins. Þess hafi verið krafist, að hann kæmi til starfa, en það hafi hann ekki gert. Stefnandi hafi ekki staðið rétt að verki með því að hætta störfum fyrirvaralaust, og eigi hann því engan rétt á bótum eða launum á uppsagnarfresti.

Varakrafa stefnda er reist á því, að verði litið svo á, að breytingar á starfi stefnanda hafi verið slíkar, að stefnanda hafi verið heimilt að hætta fyrirvaralaust störfum, verði stefndi aldrei dæmdur til að greiða nema laun út apríl, þar sem stefnandi hafi sjálfur sagt upp starfi sínu 9. janúar 1992 og þriggja mánaða uppsagnarfrestur því verið liðinn 1. maí 1992. Sú fjárhæð nemi 100.331 krónu.

Niðurstöður.

Leggja verður til grundvallar við úrlausn málsins, að það hafi verið sameiginlegur skilningur allra stjórnarmanna og hluthafa stefnda, að stefnandi myndi láta af störfum hjá stefnda, þótt stefnanda og aðra stjórnarmenn greini á um, hvenær það yrði. Fundargerðir, sem lagðar hafa verið fram í málinu, geta ekki talist einhlít gögn um það, hvort stefnandi sagði sjálfur upp starfi sínu, enda voru þær ekki færðar í samræmi við 3. mgr. 54. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978 né undirritaðar af öllum, er fundi sátu, svo sem skylt er. En þegar litið er til þess, að allir stjórnarmenn að stefnanda undanskildum litu svo á, að stefnandi myndi hætta störfum 1. maí 1992, verður að fallast á, að þegar til þess dró, hafi þeim verið rétt að koma á breyttri vinnutilhögun og verkaskiptingu innan hlutafélagsins, enda hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að breytingar þessar væru óeðlilegar eða ónauðsynlegar miðað við þá stöðu, sem upp var komin vegna væntanlegra starfsloka hans. Stjórn félags getur, hvenær sem er, afturkallað prókúruumboð, sem veitt hefur verið framkvæmdastjóra, sbr. 4. mgr. 58. gr. laga um hlutafélög. Á sama hátt getur stjórnin kallað eftir gögnum, er varða rekstur hlutafélags, enda fer hún með eftirlitshlutverk með bókhaldi og meðferð fjármuna þess, sbr. 3. mgr. 52. gr. sömu laga. Stefnandi fór úr starfi og vildi ekki hlíta því að vinna í samræmi við fyrirmæli meiri hluta stjórnar stefnda, svo sem honum var skylt samkvæmt 2. mgr. 52. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978. Þykir stefnandi því ekki eiga rétt til launa í uppsagnarfresti, og ber því að sýkna stefnda af kröfum hans í máli þessu. Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 140.000 kr., ásamt dráttarvöxtum eins og krafist er.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Tölvuþjónustan í Reykjavík hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Eggerts Steingrímssonar, í máli þessu. Stefnandi greiði stefnda 140.000 kr. í málskostnað ásamt dráttarvöxtum með höfuðstólsuppfærslu á 12 mánaða fresti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 24. nóvember 1994.

Nr. 385/1992. **Jóhanna Tryggvadóttir og Evrópuferðir**
gegn
Halldóri Ástvaldssyni
(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.)

Mál fellt niður. Málflutningshæfi. Leiðbeiningarskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1992. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandinn Jóhanna Tryggvadóttir sjálf flutt þetta mál fyrir sína hönd og firma síns, Evrópuferða. Hún er ekki lögfræðingur að mennt, og hafa henni því verið veittar leiðbeiningar um rekstur og flutning málsins, sbr. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, eins og henni var breytt með lögum nr. 38/1994.

Ýmis atriði hafa farið úrskeiðis í málatilbúnaði áfrýjenda. Meðal annars eru málsástæður þeirra um margt óljósar og á reiki, auk þess sem lagasjónarmiðum þeim til stuðnings eru ekki gerð skil. Þá er gagnaöflun af hálfu áfrýjenda verulegum annmörkum háð. Þannig hafa þeir lagt fram mikinn fjölda gagna til stuðnings gagnkröfu, sem þeir telja sig eiga á hendur stefnda, en flest þessara gagna eru með þeim hætti, að ófært yrði að byggja á þeim við úrlausn málsins. Önnur gögn, sem áfrýjendur hafa lagt fram, geyma mörg hver skriflegan málflutning, og enn önnur varða ekki þetta mál. Fyrir Hæstarétti lutu leiðbeiningar meðal annars gagngert að því, að áfrýjendum væri ekki rétt að leggja fram gögn á þann hátt, sem raun varð á. Þá er enn til þess að líta, að munnlegur málflutningur fyrir Hæstarétti af hálfu áfrýjenda var ekki þannig, að hann kæmi að haldi. Í

heild vantar þannig verulega á, að málatilbúnaður áfrýjenda hafi verið í lögmætu horfi.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandinn Jóhanna Tryggvadóttir áður flutt mál, sem hún hefur ýmist sjálf verið aðili að, firmu hennar eða maki hennar, með þeim hætti, að aðfinnslum hafi sætt. Í dómi í máli nr. 439/1993, upp kveðnum 24. nóvember 1993, var gerð sú athugasemd, að það mál hefði verið hið fjórða, sem hún flytti fyrir dóminum á nokkrum dögum, en málin öll verið viðameiri en svo, að það hafi getað verið á færi annarra en málflutningsmanna að búa þau í hendur dómstólum á viðunandi hátt. Í dómi, upp kveðnum 29. apríl 1994, í máli nr. 172/1994 var málatilbúnaður Jóhönnu Tryggvadóttur, sem flutti málið af hálfu maka síns, talinn stórlega vítaverður, og var sérstaklega að því fundið, að meginhluti gagna og málsástæðna, sem þar hafi verið byggt á, hefðu í engu varðað málið. Í dómi 18. maí 1994 í máli nr. 185/1994 var talið ljóst, að ekki væri á færi Jóhönnu Tryggvadóttur að reka mál þannig fyrir dómstólum, að viðunandi væri, en um þetta var einnig vísað til áðurnefndra tveggja dóma. Í dóminum, sem gekk í kærumáli, var bent á, að héraðsdómara í málinu væri rétt að taka afstöðu til þess, hvort þar bæri að neyta úrræða 6. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991.

Í tilefni fyrirhugaðs flutnings þessa máls og með vísan til 6. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 beindi Hæstiréttur því bréflega til Jóhönnu Tryggvadóttur 17. október sl., að hún réði sér hæfan umboðsmann til að flytja það, og var henni veittur sérstakur frestur í því skyni. Var meðal annars vakin þar athygli á því, hvernig ráðgert sé í ákvæðinu, að bregðast megi við, ef málsaðili fer ekki að slíkum tilmælum. Þessum tilmælum var ekki sinnt. Undir rekstri málsins hafa henni oftsinnis verið veittar leiðbeiningar, sem hafa lítinn sem engan árangur borið. Þegar þetta er virt svo og þeir stórfelldu annmarkar, sem eru á málatilbúnaði og málflutningi Jóhönnu Tryggvadóttur í þessu máli og áður er getið, verður að telja sýnt, að hana skorti hæfi til að flytja mál sitt fyrir dómi.

Samkvæmt þessu verður ekki komist hjá því að beita ákvæðum 6. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 í máli þessu og fara þannig með það eins og ekki hafi verið sótt þing við munnlegan flutning þess af hálfu áfrýjenda. Með vísan til 2. mgr. 157. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 38/1994, verður mál þetta því fellt niður fyrir Hæstarétti. Verða

áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er fellt niður fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur, Jóhanna Tryggvadóttir og Evrópuferðir, greiði sameiginlega stefnda, Halldóri Ástvaldssyni, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 24. nóvember 1994.

Nr. 240/1991. **Úlfar Eysteinsson**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Leó E. Löve
(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Aðild. Kröfugerð. Sameign. Hlutafélag. Gjaldþrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1991. Hann gerir þá dómkröfu, að stefndi greiði sér 1.245.846 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, aðallega frá 1. febrúar 1988, en til vara frá 1. mars 1989 og til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Jafnframt krefst hann þess, að málskostnaður greiðist sem búskrafa úr þrotabúi áfrýjanda.

I.

Áfrýjandi höfðaði mál þetta í héraði 26. október 1989. Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 19. júní 1990 var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Með bréfi 5. júlí sama ár heimilaði skiptaréttur lögmanni áfrýjanda að halda málinu áfram á eigin ábyrgð og kostnað þrotabúinu að kostnaðarlausu samkvæmt 115. gr., sbr. 114. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og nú 2. og 1. mgr. 130. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991. Málið var dæmt í þessu horfi í héraði og áfrýjað til Hæstaréttar samkvæmt nýrri heimild skiptaréttar 5. júní 1991. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit úr skiptabók Reykjavíkur, og kemur þar fram, að 22. júní 1992 var skiptameðferð búsins lokið samkvæmt 120. gr. þágildandi gjaldþrotalaga, sbr. núgildandi 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að nokkur greiðsla kæmi upp í lýstar kröfur. Lögmaður áfrýjanda tilkynnti Hæstarétti 2. nóvember sl. að áfrýjandi hefði sjálfur tekið við málinu að nýju. Af

hálfu stefnda er gerð athugasemd við þessa tilkynningu. Heldur hann því fram, að ekki sé fram komið, að þrotabúið hafi framselt áfrýjanda persónulega þá eign búsins, sem eigi að felast í kröfu þeirri, er hann gerir í málinu. Fallast má á það með áfrýjanda, að hann hafi tekið við málinu að nýju, en verði niðurstaða þess honum í vil, getur reynt á ákvæði 164. gr. laga nr. 21/1991.

II.

Krafa áfrýjanda í héraði nam upphaflega 4.419.430 krónum, en við aðalflutning lækkaði hann hana í 4.386.770 krónur. Hér fyrir dómi gerði hann upphaflega aðalkröfu um sömu fjárhæð. Þessi krafa var til greiðslu á launum árin 1986, 1987 og 1988, einnig á innlögðu fé og greiddum reikningum og loks vegna áhalda til veitingareksturs. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu, að veitingarekstur þessi hefði verið sameiginlegur rekstur aðilanna undir nafninu Úlfar og ljón, en eignir og rekstrartekjur hefðu verið skráðar á einkafirma stefnda, Leikbíla. Rekstrinum hefði lokið með kaupum áfrýjanda á rekstrinum í nafni hlutafélagsins Ferskt og gott 1. febrúar 1988 fyrir samtals 9 milljónir króna. Uppgjör aðilanna vegna slita á hinum sameiginlega rekstri hafi átt að fara fram þannig, að stefndi hafi átt að halda húsnæðinu, sem metið hafi verið á 17 milljónir króna, og greiða skuldir, sem síðar hafi reynst nema 23,5 milljónum króna. Hrein eign samrekstursins hafi þannig verið talin vera um 2,5 milljónir króna. Héraðsdómurinn kemst síðan að þeirri niðurstöðu, að hefði áfrýjandi greitt andvirði rekstursins fyrir hönd hlutafélagsins, hefði stefndi átt að svara áfrýjanda helmingi hans í hreinni eign sameignarinnar, 1.250.000 krónum.

Héraðsdómur reisir niðurstöðu sína á því, að aðilar hafi staðið jafnir við lok sameignartímabilsins, enda hafi þeir þá óskað eftir því sameiginlega við Helga Númason endurskoðanda, að hann fyndi út skuldastöðu einkafyrirtækis stefnda, Leikbíla, 1. febrúar 1988, en í nafni þess hafi reksturinn verið. Reksturinn hafi verið seldur sameiginlega til slita á sameigninni. Héraðsdómur byggir á því, að kaupin á rekstrinum hafi í reynd verið á persónulega ábyrgð áfrýjanda, og þar sem telja verði, að forsenda stefnda fyrir uppgjörinu hafi verið sú, að kaupverðið greiddist, verði á það að fallast, að honum beri ekki að greiða greindan mismun, meðan það væri í van-

skilum. Áfrýjandi gerði upphaflega hér fyrir dómi varakröfu, byggða á þessum útreikningi Helga Númasonar, og hefur nú gert hana að einu kröfu sinni, en þó lækkað hana aðeins. Hún er þannig fundin:

1. Verðmæti eigna í samrekstri aðila skv. samkomulagi þeirra við yfirtöku stefnda	kr.	26.000.000
2. Skuldir alls í samrekstrinum skv. uppgjöri Helga Númasonar, lögg. endurskoðanda	kr.	23.508.308
Eignir umfram skuldir	kr.	2.491.692
Hlutur áfrýjanda – 50%	kr.	1.245.846

Áfrýjandi rökstyður þessa kröfu svo, að af hálfu stefnda sé viðurkennt, að honum hafi borið að standa áfrýjanda skil á þessari fjárhæð. Ástæða þess, að hann hafi ekki gert það, sé sú, að hlutafélagið Ferskt og gott hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar við sig. Vísar áfrýjandi í því sambandi til kröfulýsingar stefnda í þrotabú hlutafélagsins 24. maí 1989. Stefndi telji sig geta skuldajafnað þessum kröfum á móti kröfum áfrýjanda. Á þetta sé fallist í hinum áfrýjaða dómi, með því að dómurinn telji áfrýjanda kaupanda í raun. Þessu mótmælir áfrýjandi og heldur því fram, að hér sé um tvo mismunandi aðila að ræða, og séu því ekki skilyrði til skuldajafnaðar. Áfrýjandi hafi aldrei gengið í persónulega ábyrgð fyrir skuldbindingum hlutafélagsins.

Af hálfu stefnda er á það bent, að upphafleg aðalkrafa áfrýjanda hér fyrir dómi hafi verið eina krafa hans í héraði. Sú krafa hafi verið byggð á þeirri málsástæðu, að hann ætti inneign hjá einkafyrirtæki stefnda. Varakrafan, sem nú sé orðin eina krafan, sé hins vegar reist á þeirri málsástæðu, að áfrýjandi eigi rétt á hlutdeild í áætlaðri nettóeign sameignarfélagsins miðað við 1. febrúar 1988. Þessi málsástæða hafi ekki verið höfð uppi í héraði, og sé hún því allt of seint fram komin.

Stefndi mótmælir því að hafa viðurkennt, að honum hafi borið að standa skil á kröfufjárhæðinni. Greiðsluskylda hans vegna uppgjörs aðila hafi algjörlega verið reist á þeirri forsendu, að áfrýjandi, sem hafi verið upphaflegur kaupandi rekstursins, stæði skil á kaupverð-

inu. Þar sem hann og fyrirtæki hans hafi ekki gert það, hafi skuldir sameignarfélags áfrýjanda og stefnda orðið meiri en eignir og því engin nettóeign til skipta.

III.

Krafa áfrýjanda í héraði var byggð á inneign, sem hann taldi sig eiga hjá einkafyrirtæki stefnda. Vörn stefnda var hins vegar á því reist, að rekstur veitingahússins Úlfar og ljón hefði verið sameiginlegur, þó að hann væri skráður á nafn Leikbíla, einkafyrirtækis stefnda, og gera ætti reksturinn upp sem sameign aðila. Héraðsdómur dæmdi um þessa málsástæðu stefnda og féllst á hana. Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi nú fallist á þetta og byggir kröfu sína á þessu uppgjöri. Verður að fallast á það með áfrýjanda, að málflutningur og dómur í héraði hafi fjallað um þessa málsástæðu og því verði krafa, sem á henni sé reist, höfð uppi fyrir Hæstarétti. Hins vegar verður að skilja forsendur héraðsdóms svo, að hann sýkni stefnda í raun að svo stöddu, þar sem áfrýjandi hafi sjálfur verið kaupandi rekstursins og ekki staðið skil á greiðslum, og sé því dæmið enn óuppgert. Ágreiningur aðila hér fyrir dómi snýst því um það eitt, hver hafi verið kaupandi rekstursins, og verður að fallast á það með áfrýjanda, að ákvæði 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994, séu ekki því í vegi, að Hæstiréttur leggi dóm á það álitaefni.

Samkvæmt gögnum málsins keypti fyrirtækið Ferskt og gott hf. viðskiptavild veitingastaðarins Úlfar og ljón af stefnda fyrir 1.500.000 krónur 1. febrúar 1988. Þá seldi hann tæki, búnað og innréttingar Féfangi hf. fyrir 7.500.000 krónur, sem aftur gerði fjármögnunarleigusamning við Ferskt og gott hf. um þessa hluti 28. febrúar 1988. Þá gerði stefndi leigusamning við fyrirtækið um húsnæðið að Grensásvegi 7, Reykjavík. Fyrirtækið stóð í skilum við hann fyrstu mánuðina, en síðan fór að halla undan fæti fyrir því, og það varð gjaldþrota 14. mars 1989. Stefndi heldur því fram, að hann hafi ekkert fengið greitt upp í kröfur sínar og auk þess borið ábyrgð gagnvart Féfangi hf. á fjármögnunarleigusamningnum.

Áfrýjandi og fjölskylda hans voru ásamt fleirum hluthafar í félaginu Ferskt og gott hf., sem stefndi hafði aðstoðað áfrýjanda við

að stofna, en stefndi er löglærður. Hlutafélagið var tilkynnt til skráningar, og var sú tilkynning móttekin í Hlutafélagaskrá 6. febrúar 1988. Stefndi bað um gjaldþrot félagsins 17. nóvember 1988 og lýsti kröfum í búið 24. maí 1989. Skiptum gjaldþrotabúsins var lokið 19. október 1989 samkvæmt heimild í 120. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Stefndi hagaði sér því þannig gagnvart hlutafélaginu, að um raunverulegt félag væri að ræða og að það hefði keypt rekstur fyrirtækisins Úlfar og ljón. Verður við það að miða, eins og vörn stefnda í héraði var háttað, að áfrýjandi eigi rétt á, að stefndi greiði honum sem svarar helmingi nettóeignar fyrirtækisins Úlfar og ljón við slit hins sameiginlega reksturs þess eða sem nemur endanlegri kröfu hans hér fyrir dómi. Í þessu máli þykir hins vegar ekki verða dæmt um það, hvort stefndi eigi einhverjar gagnkröfur á hendur áfrýjanda vegna vanefnda hlutafélagsins Ferskt og gott, þar sem stefndi hefur engar formlegar kröfur gert þess vegna. Krafa áfrýjanda er þannig tekin til greina. Áfrýjandi gerði þessa kröfu í endanlegum búningi fyrst skömmu fyrir málflutning í Hæstarétti. Þykir því rétt, að stefndi svari almennum innlánsvöxtum af kröfufjárhæðinni frá dagsetningu kaupsamnings 1. febrúar 1988 til uppkvaðningar dóms þessa, en dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt eins og nánar er kveðið á í dómsorði.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Leó E. Löve, greiði áfrýjanda, Úlfari Eysteinssyni, 1.245.846 krónur með 23% ársvöxtum frá 1. febrúar 1988 til 21. sama mánaðar, 22% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 20% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 22% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 24% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 26% frá þeim degi til 21. ágúst sama ár, 25% frá þeim degi til 1. september sama ár, 12% frá þeim degi til 11. október sama ár, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 7% frá þeim degi til 21. nóvember sama ár, 6% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 4% frá þeim degi til 11. janúar 1989, 5% frá þeim degi til 21.

sama mánaðar, 9% frá þeim degi til 21. febrúar sama ár, 10% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 11% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 15% frá þeim degi til 21. maí sama ár, 16% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 17% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 18% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 20% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 16% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 13% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 12% frá þeim degi til 1. september sama ár, 10% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 9% frá þeim degi til 1. október sama ár, 11% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 12% frá þeim degi til 11. janúar 1990, 10% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 9% frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 7% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 5% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 2,5% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7% frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 3% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 2% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 2,2% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,75% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,5% frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1% frá þeim degi til 11. ágúst sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar og 0,5% frá þeim degi til uppsögudags dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að höfuðstólsfæra áfallna vexti á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. mars 1994.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 22. febrúar sl., hefur Úlfar Eysteinsson, kt. 230847-4609, Bragagötu 14, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 26. október 1989, á hendur Leó E. Löve, kt. 250348-2909, Laufásvegi 25, Reykjavík. Í þinghaldi í málinu 14. nóvember 1990 lýsti lögmaður stefnanda yfir því, að þrotabú Úlfars Eysteinssonar tæki við rekstri málsins í stað Úlfars Eysteinssonar. Lögmaður stefnda samþykkti þá þessa breytingu á aðild málsins.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skuld, að fjárhæð 4.386.770 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, sbr. 12. gr. sömu laga, frá 1. febrúar 1988 til greiðsludags og að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól eftir hver 12 mánaða vanskil og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað [...].

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segist hafa gengið til samstarfs við stefnda um rekstur veitingahúss í Reykjavík undir nafninu Úlfar og ljón. Hafi samstarfið hafist í ársbyrjun 1986 og lokið í endaðan janúar 1988. Hafi samstarfinu verið þann veg háttað, að stefndi, sem þá hafi rekið í Reykjavík einkafirma undir nafninu Leikbílar, kt. 530685-0209, en það firma hafi verið fellt af skrá 16. 10. 1989, hafi keypt húsnæði til rekstrar veitingahússins og annast um rekstur þess í nafni Leikbíla, en stefnandi, sem sé lærður matreiðslumeistari, hafi lagt fram áhöld og tæki sem og sérþekkingu sína og stjórnað daglegum rekstri í eldhúsi og veitingasal. Allar eignir og rekstrartekjur veitingahússins Úlfar og ljón hafi verið skráðar á einkafirma stefnda, Leikbíla.

Þegar upp úr samstarfi stefnanda og stefnda hafi slitnað, hafi orðið að samkomulagi, að Helgi Númason, löggiltur endurskoðandi, yfirfæri bókhald Leikbíla þann tíma, sem samstarfið hefði varað. Samkvæmt yfirliti endurskoðandans hafi inneign stefnanda hjá stefnda vegna Leikbíla numið 4.419.430 kr. 31. 1. 1988, sem sundurliðist þannig:

Vegna ársins 1986	kr.	1.073.486
Vegna ársins 1987	(–	7.952.196)
Vegna ársins 1988	–	11.298.139
	Alls kr.	4.419.029 (?)

Sú fjárhæð sé að hluta til framlag stefnanda í peningum, áhöldum og tækjum til rekstrarins og að hluta laun stefnanda framangreindan tíma. Við aðalmeðferð málsins lækkaði stefnandi þessa fjárhæð vegna oftalinna áhalda um 32.660 kr., sbr. kröfugerð hans.

Þá segir stefnandi, að við lok samstarfs síns og stefnda hafi stefndi selt áhöld og tæki veitingahússins Úlfar og ljón sem og húsnæðið, allt í nafni einkafirma stefnda, Leikbíla. Hagnaður sá, er stefndi hafi haft af sölu eigna Úlfar og ljón, hafi ekki komið í hlut stefnanda og stefndi ekki viljað viðurkenna hlutdeild stefnanda í honum og beri fyrir sig, að Leikbílar, eignar- og rekstraraðili Úlfar og ljón, hafi verið sitt einkafirma og stefnanda óviðkomandi.

Stefnandi vísar til stuðnings kröfum sínum til almennra reglna samninga- og kröfuréttarins, III. kafla laga nr. 25/1987, 1. gr. laga nr. 55/1980, 8. gr. laga nr. 30/1987 og XII. kafla laga nr. 85/1936.

3.0.

Stefndi mótmælir kröfugerð stefnanda, bæði að því er varðar fjárhæðir og grundvöll, svo og vaxtakröfu hans. Málsástæður og þau samskipti aðila, sem málið er sprottið af, segir hann vera í stórum dráttum eftirgreind:

Aðilar máls þessa hafi ákveðið að setja á stofn veitingastað í ársbyrjun 1986. Hafi þeir í því skyni keypt hluta fasteignanna nr. 5 og 7 við Grensásveg í Reykjavík. Húsnæðið hafi þeir fengið afhent 1. febrúar 1986 og þá hafist handa um undirbúning veitingarekstrarins. Það sé því rangt hjá stefnanda, að upphafið hafi verið 1. janúar 1986.

Stefndi hafi árið 1985 skráð einkafirmað Leikbíla. Þegar aðilar hafi rætt um, hvert rekstrarform skyldi vera á veitingarekstrinum, hafi það orðið að samkomulagi, að Leikbílar skyldu verða rekstraraðilinn og þar með stefndi persónulega. Hafi þessi tilhögun verið á höfð vegna þess, að stefnandi hafi á þeim tíma verið uggandi um fjárhagsstöðu sína og viljað, að friður fengist um reksturinn. Á milli aðila hafi hins vegar verið um það samið og við það miðað, að í raun væru þeir helmingseigendur að rekstrinum, þ. m. t. öllum eignum og skuldum. Frá upphafi hafi verið við það miðað og sameiginlegur vilji beggja, að stefnanda skyldi einhvern tíma síðar gefast kostur á að eignast og taka við öllum rekstrinum og sameigninni.

Síðla árs 1987 hafi aðilar rætt um, hvernig stefnandi gæti keypt stefnda út úr rekstrinum, og verið haldnir um það margir fundir. Í þeim viðræðum hafi það legið fyrir, að árið 1987 þyrfti stefnandi að kaupa fyrnanlega eign, t. d. rekstur eins og hinn sameiginlega rekstur aðila máls þessa, til þess að komast hjá skattlagningu söluhagnaðar veitingastaðar, sem hann hefði selt

tveimur árum áður. Samningaviðræðurnar hafi svo borið árangur um áramótin og skjöl varðandi söluna verið útbúin í ársbyrjun 1988. Samkvæmt þeim hafi stefndi verið seljandi, en kaupandi verið hlutafélagið Ferskt og gott, sem stefndi hafi aðstoðað stefnanda við að stofna. Báðir aðilar hafi ævinlega miðað við það, að það væri í raun stefnandi og hans fólk persónulega, sem væru kaupendur, enda þótt hlutafélagið hafi verið kaupandi og skuldari á kaupskjölum.

Skömmu síðar hafi stefnandi óskað eftir því, að sölunni yrði breytt þannig, að hann sjálfur yrði talinn kaupandi og kaupin dagsett í desember 1987. Á þetta hafi stefndi fallist, enda hefði það verið upphafleg ætlun aðila, að kaupin færu fram árið 1987, og samkomulag tekist með aðilum um það á því ári. Endurskoðandi stefnanda hafi síðan haft meðalgöngu um að gera þær bókhaldslegu ráðstafanir, sem gera hafi þurft vegna þessara breytinga.

Aðilar hafi náð samkomulagi um, að hinar sameiginlegu eignir skyldu metnar á samtals 26.000.000 kr. og að þær skiptust þannig, að 17.000.000 kr. væru húsnæðið, en 9.000.000 kr. reksturinn, þ. e. a. s. tæki, búnaður og viðskiptavild.

Eins og áður sé fram komið, hafi stefndi einn verið skráður eigandi allra eigna og þar með skuldari allra skulda. Hafi kaupin því verið gerð þannig, að stefndi skyldi áfram eiga húsnæðið, en stefnandi keypti reksturinn af stefnda. Hafi greiðslur verið með þrennum hætti: Nokkurt fé hafi verið greitt með peningum, en eftirstöðvar með víxlum og fjármögnunarleigusamningi við Féfang hf. Hafi hlutafélagið Ferskt og gott verið skuldari á öllum skuldbindingum, en milli aðila hafi verið við það miðað og á því byggt, að stefnandi stæði þar persónulega að baki, enda hafi hann notað verðbréfin til að greiða stefnda með og persónulega verið kaupandi, eins og áður sé getið. Til þess að liðka fyrir um áðurgreindan fjármögnunarleigusamning hafi stefndi sett veð honum til tryggingar. Í tengslum við kaupin hafi svo verið gerður húsaleigusamningur og kaupréttarsamningur um húsnæðið stefnanda til handa.

Þar sem stefndi hafi samkvæmt framanrituðu fengið ígildi allra eignanna, 26.000.000 kr., hafi svo verið um samið, að hann skyldi greiða allar skuldir. Þegar þær lægju fyrir og allt hefði „gengið upp", eins og aðilar hafi orðað það, skyldi stefndi greiða stefnanda helming nettóeignarinnar með skuldabréfi til tveggja ára.

Samkvæmt uppgjöri Helga Númasonar hafi skuldirnar reynst vera rúmlega 23.500.000 kr. og nettóeign því tæplega 2.500.000 kr. Reyndar hafi síðar komið í ljós, að í bókhaldið hafi vantað nokkrar skuldir eða þær vantaldar.

Helmingur nettóeignarinnar samkvæmt ofanskráðu sé því tæplega 1.250.000 kr., og hefði það verið sú fjárhæð, sem stefndi hefði átt að greiða stefnanda með tveggja ára skuldabréfi, ef allt hefði „gengið upp". Svo hafi þó ekki orðið. Leiga hafi ekki verið greidd nema að litlu leyti, víxlar ekki heldur eða fjármögnunarleigusamningurinn. Tjón stefnda af vanskilum þessum nemi miklu hærri fjárhæð en hann hefði átt að standa stefnanda skil á samkvæmt framansögðu. Megi því ljóst vera, að eigi annar hvor aðila kröfur á hinn, þá sé það stefndi, sem eigi kröfur á stefnanda, en ekki öfugt.

Kröfugerð stefnanda virðist á því reist, að hann eigi svo og svo háar launakröfur á hendur stefnda og einnig kröfur á hendur honum vegna annarra framlaga til hins sameiginlega rekstrar. Áður hafi verið rakið, hvernig viðskiptum aðila hafi lokið, þ. e. a. s., að heildareignir hafi verið metnar og frá þeim skyldu dregnar skuldir. Við kaupin hafi aðilar farið yfir framlög hvors um sig persónulega til rekstrarins. Hafi þeir komist að þeirri niðurstöðu, að þau framlög hefðu verið nokkurn veginn jöfn að því frátöldu, að stefndi hafi lagt fram rafknúna leikfangabíla, sem hann hafi átt að fá af óskiptu.

Kröfur stefnanda virðist á því byggðar, að hann hafi lagt tilgreindar fjárhæðir til sameiginlegs rekstrar. Því sé í sjálfu sér ekki mótmælt, að framlag hans hafi verið nokkurt, en þar sem um sameiginlegan rekstur hafi verið að ræða og stefndi lagt fram meiri verðmæti en stefnandi, sé því mótmælt, að reikningar hans geti átt rétt á sér, og sé því haldið fram og á því byggt, að stefnandi eigi engar kröfur á hendur stefnda, hvorki á framangreindum grundvelli né öðrum, og því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Aðilar málsins hafi gert með sér samkomulag um, að Helga Númasyni, löggiltum endurskoðanda, yrði falið að finna sundurliðun og tilurð einkareikninga þeirra og finna skuldastöðu Leikbíla miðað við 1. febrúar 1988. Meðan Helgi hafi verið að vinna það verk, hafi stefnandi komið fram með ýmsar órökstuddar viðbótartölur, sem hann hafi óskað eftir, að bætt yrði inn í uppgjörið. Það hafi Helgi gert athugasemdalaust og án þess að stefnda hafi gefist kostur á að gera athugasemdir og koma fram með sínar tölur um framlög og annað. Stefndi hafi mótmælt þessu, strax og honum hafi orðið þetta ljóst. Stefndi hafi nú tekið saman yfirlit yfir óbókfærð framlög sín, sem nemi á upphaflegu verðlagi 1.554.054 kr.

Kröfugerð stefnanda virðist að sínu leyti vera á því reist, að hann hafi unnið sem launþegi hjá stefnda. Það sé alrangt, eins og að framan sé rakið. Stefndi og stefnandi hafi báðir verið eigendur veitingastaðarins og rekstrarins. Hafi þeir verið helmingaeigendur, átt allar eignir að jöfnu og borið

jafna ábyrgð á skuldum. Þeir hafi báðir lagt fram óbókfærð verðmæti og í raun báðir verið seljendur, og verði því báðir að bera hallann af því tapi, sem af þeirri sölu hafi hlotist.

Kjarni þessa máls og meginmálsástæður stefnda fyrir sýknukröfu sinni séu eftirfarandi: Samkomulag hafi verið um, að heildareignir hins sameiginlega rekstrar skyldu metnar á 26.000.000 kr. Skyldi stefndi sjá um uppgjör allra skulda, og þegar þær hefðu verið greiddar og stefnandi greitt stefnda það, sem að honum sneri vegna kaupanna á rekstrinum, þ. e. víxla, húsaleigu og afborganir á kaupleigusamningi, hafi stefndi átt að greiða stefnanda með skuldabréfi helming nettóeignarinnar. Þegar upp hafi verið staðið og öll kurl komin til grafar, hafi skuldirnar numið rúmlega 23.500.000 krónum, þegar litið sé fram hjá einkareikningum aðila. Helmingur af nettóeigninni sé samkvæmt því u. þ. b. 1.250.000 kr., og hefði sú fjárhæð átt að koma í hlut stefnanda, ef allt hefði verið með felldu. Á móti þeirri fjárhæð komi hins vegar kröfur stefnda á hendur stefnanda vegna vanskila á kaupverðinu, húsaleigu og vegna ábyrgðar á fjármögnunarleigusamningi, sem nemi miklu hærri fjárhæð. Í öllu falli ætti stefnandi að bera helming af þeirri fjárhæð, sem hefði tapast við söluna, þar sem hann hefði í raun verið seljandi ásamt stefnda. Sá helmingur sé einnig miklu hærri en hugsanleg inneign stefnanda. Af framansögðu megi ljóst vera, að stefnandi eigi engar kröfur á hendur stefnda vegna þessara viðskipta, og beri því að sýkna stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á meginreglum samningaréttar og kröfuréttar. Þá vísar stefndi einnig til 49. gr. laga nr. 85/1936. Stefndi segir, að málskostnaðarkrafa sín byggist á 12. kafla laga nr. 85/1936, einkum 1. mgr. 177. gr., sbr. 184. gr. þeirra laga. Krafa um dráttarvexti á málskostnað byggist á 3. mgr. 175. gr. sömu laga, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnanda.

4.0.

Forsendur og niðurstaða.

Upphafleg krafa stefnanda, að fjárhæð 4.419 þúsundir króna, sundurliðast þannig:

1986:

Laun	645 þús kr.
Innlagt fé og greiddir reikningar	428 - -
Samtals	1.073 þús. kr.

1987:		
Laun		802 þús. kr.
Innlagt fé og greiddir reikningar		246 - -
	Samtals	1.048 þús. kr.
1988:		
Laun		120 þús. kr.
Viðbótarlaun		1.425 - -
Áhöld lögð fram		423 - -
Víxill (v/launa 1987 skv. framburði endursk.)		330 - -
	Samtals	2.298 þús. kr.
	Samtals 1986 til 1988	4.419 þús. kr.

Við aðalmeðferð málsins lækkaði stefnandi fjárhæð vegna áhalda um 32.660 kr.

Það er samdóma álit dómsins, að krafan sé byggð á bókhaldi, sem ekki sé nægilega áreiðanlegt, og að krafan sé að öðru leyti illa reifuð.

Stefnandi segir sjálfur svo frá í stefnu og greinargerð, að hann hafi gengið til samstarfs við stefnda um rekstur umrædds veitingahúss. Hafi samstarfið staðið frá ársbyrjun 1986 til loka janúar 1988. Samstarfið hafi verið með þeim hætti, að stefndi hafi keypt húsnæði og annast um rekstur þess í nafni Leikbíla, sem hafi verið einkafirma stefnda, en stefnandi lagt fram áhöld og tæki. Stefndi tekur undir með stefnanda, að samstarfshættirnir hafi verið þessir.

Stefnandi segir enn fremur, að við lok samstarfs þeirra félaga hafi stefndi selt áhöld og tæki veitingahússins sem og veitingahúsið. Hagnaður sá, er stefndi hafi haft af sölu eigna, hafi ekki komið í hlut stefnanda og stefndi ekki viljað viðurkenna hlutdeild stefnanda í honum.

Orðalag í stefnu og greinargerð bendir því til, að myndast hafi sameign um rekstur veitingahússins Úlfar og ljón. Einnig kom fram í munnlegum skýrslutökum fyrir dómi, að stefnandi myndi hafa litið svo á svo og starfsfólk veitingahússins. Svo sem fram kemur í málsskjölum, óskuðu stefnandi og stefndi í sameiningu eftir því, að Helgi Númason, löggiltur endurskoðandi, yfirfæri einkareikninga málsaðila og fyndi skuldastöðu Leikbíla 1. febrúar 1988. Fyrir vinnu Helga skyldu aðilar greiða að jöfnu. Bróðir stefnanda, Björn Eysteinsson útibússtjóri, fullyrðir í skeyti, sem hann sendi stefnda 16. október 1988, að rekstur Úlfar og ljón árin 1986 og 1987 hafi á þeim tíma verið sameign málsaðila.

Hér er ekki um að ræða tæmandi upptalningu á þeim atriðum, sem gefa

vísbendingu um, að um rekstur þennan hafi myndast sameign. Reglur um opinbera skráningu gefa ekki einar sér vísbendingu um, hvort sameign hafi í raun myndast í samskiptum aðila, sem myndast getur með munnlegu samkomulagi, og viðurkennt er, að sköpun verðmæta í samstarfi geti leitt til sameignar. Þessu til áréttingar má benda á, að samkvæmt fram lögðum gögnum virðast laun stefnanda fyrir vinnu hans við samreksturinn, sem aðilar höfðu ákveðið, að gengi sem framlag til rekstrarins, ekki hafa verið talin fram til skatts.

Þegar þetta er virt svo og síðari framkvæmd þessa samkomulags um samrekstur veitingahússins svo og slit eignarinnar og uppgjör milli aðila, verður að telja, að um reksturinn hafi myndast sameign þeirra félaga. Dómurinn er því þeirrar skoðunar, að við úrlausn í þessu máli, þ. e. við uppgjör milli málsaðila, verði að leggja til grundvallar, að um sameign þeirra hafi verið að ræða. Þeir hafi því báðir lagt fram vinnu og fjármuni, sem ætlað var að efla veitingahússreksturinn, og þeir hafi ætlað sér báðum jafnan hag af rekstrinum.

Málsaðilar gerðu um það samkomulag í upphafi, að stefnandi hefði 100.000 kr. á mánuði í laun í tvö ár og fengi greiddan helming þeirra launa. Hinn helmingur launanna átti að ganga til fyrirtækisins. Mun það hafa gengið eftir. Með þessum hætti átti stefnandi að eignast fyrirtækið að jöfnu við stefnda. Verður af þessum sökum að líta svo á, að stefnandi hafi fallist á að leggja laun sín að hálfu sem framlag sitt til fyrirtækisins og eigi því ekki sérstaka kröfu um greiðslu þeirra, þ. e. við uppgjör á launum stefnanda verður að leggja til grundvallar það markmið, að launin hafi að hálfu átt að ganga inn í fyrirtækið sem framlag stefnanda. Fyrir réttinum bar stefnandi, og var því ómótmælt af hálfu stefnda, að hann hefði fengið greiddan þann hlut launa sinna, sem ekki átti að ganga til rekstrarins, sem stofnframlag. Þau laun hafi þó ekki verið bókfærð, heldur tekin út úr sölu veitingahússins. Samkvæmt þessu er stefnandi með kröfu sinni, sem búið er að færa í bækur honum til tekna, að tvítelja laun sér til handa.

Þá verður einnig að meta til verðs annað framlag málsaðila, sem ætlað var til að byggja upp fyrirtækið og gera rekstur þess arðbæran. Í því sambandi má benda á framlag af hálfu stefnda, sem hann lagði fram í upphafi og telur vanfært um 1,5 milljónir króna.

Við slit sameignarinnar virtust málsaðilar hafa verið sammála um, að þeir stæðu jafnir, og bendir margt til, að sú niðurstaða hafi átt við rök að styðjast. Þeir voru samdóma um, að áætlað verð fyrir húsnæðið skyldi vera 17 milljónir króna. Skuldir voru þá óvissar, en reyndust síðar vera u. þ. b. 23,5 milljónir króna. Kom þetta tvennt í hlut stefnda. Þá var reksturinn sjálfur, áhöld, tæki og viðskiptavild metið á 9 milljónir króna. Hrein eign samrekstrarins var samkvæmt því talin vera um 2,5 milljónir króna, þegar

samstarfinu lauk. Uppgjör milli aðila átti að fara þannig fram, að stefnandi greiddi stefnda 9 milljónir króna, en stefndi tæki við fasteigninni og öllum skuldum. Gengju greiðslur eftir með þessum hætti, átti stefndi að greiða stefnanda helming hans í hreinni eign sameignarinnar, þ. e. u. þ. b. 1.250.000 kr.

Kaupandi áhalda og viðskiptavildar 1. febrúar 1988 var á skjölum hlutafélagið Ferskt og gott, en stefnandi mun hafa verið þar hluthafi. Hefur annar hluthafi þessa félags skýrt frá því fyrir dómi, að aðrir hluthafar en stefnandi hafi verið skráðir til málamynda, þ. e., að í raun hafi stefnandi átt og rekið fyrirtækið sem einkarekstur hans væri. Á skattframtali stefnanda 1989 voru áhöld og viðskiptavild talin persónuleg eign hans.

Fram hefur komið, og er því ómótmælt af hálfu stefnanda, að verulegar vanefndir hafi orðið á greiðslum til stefnda vegna sölu áhalda og viðskiptavildar svo og vegna húsaleigu. Ber stefndi fyrir sig, að meðan þessar vanefndir stefnanda vari, geti hann ekki átt rétt til helmings þess fjár, þ. e. helmings þeirra u. þ. b. 2,5 milljóna króna, sem eftir stóðu umfram skuldir, er sala hafði farið fram.

Líta ber til þess, að sú sameign, sem seld var, þ. e. áhöld og viðskiptavild veitingahússins Úlfar og ljón, var sameign málsaðila og því seld sameiginlega til slita á henni. Þá var stefnandi væntanlega kaupandi í raun, þótt öllum formskilyrðum væri ekki fullnægt í því sambandi. Þegar þetta er virt og þar sem telja verður, að stefndi hafi miðað við þá forsendu, að kaupverðið fengist greitt, telur dómurinn sér ekki annað fært en fallast á það með stefnda, að honum beri ekki að greiða greindan mismun, meðan áðurgreindar greiðslur kaupverðsins eru í vanskilum við hann. Breytir engu um þessa niðurstöðu, að telja verður vafasamt, að rekstur veitingastaðarins, þ. e. áhöld og viðskiptavild, hafi verið 9 milljón króna virði í ársbyrjun 1988, þar sem stefnandi var reiðubúinn að greiða þá fjárhæð fyrir hann.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að hafna kröfum stefnanda. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hvor málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Atla Haukssyni, löggiltum endurskoðanda, og Stefáni Svavarssyni dósent.

Dómsorð:

Stefndi, Leó E. Löve, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Úlfars Eysteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 24. nóvember 1994.

Nr. 455/1994. **Hlynur Jörundsson**

gegn

Þorvarði V. Þorvaldssyni

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. október 1994, sem barst Hæstarétti 15. nóvember sl. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 13. október 1994 þess efnis, að bú sóknaraðila sé tekið til gjaldþrotaskipta. Sóknaraðili „ítrekar kröfur um sýknun", en fyrir héraðsdómi var bókuð sú dómkrafa hans, að synjað yrði kröfu Þorvarðar V. Þorvaldssonar um, að bú sóknaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hefur Jón Egilsson héraðsdómslögmaður skilað greinargerð í málinu til Hæstaréttar. Sá lögmaður fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. 9. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, sbr. 1. gr. laga nr. 25/1953, til að flytja mál fyrir Hæstarétti. Verður því að líta svo á, að varnaraðili hafi ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Í hinum kærða úrskurði er tekið upp orðrétt framsal Bjarna Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns til varnaraðila 22. júní 1994 á dómkröfu Íslandsbanka hf. á hendur sóknaraðila. Krafan er samkvæmt áskorunarstefnu, sem árituð er um aðfararhæfi 30. janúar 1990 á hendur sóknaraðila einum, en ekki ábyrgðarmönnum samkvæmt því skuldabréfi, sem um ræðir í málinu. Þegar þetta er virt, verða ákvæði 1. tl. 3. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 ekki talin því til fyrirstöðu, að krafa varnaraðila verði tekin til greina.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 13. október 1994.

Mál þetta, sem varðar ágreining um gjaldþrotaskipti, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 6. október sl.

Sóknaraðili, Þorvarður V. Þorvaldsson, kt. 201156-3519, Bröttugötu 5, Vestmannaeyjum, gerir þá dómkröfu, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili, Hlynur Jörundsson, kt. 300359-2729, Álfhólsvegi 14, Kópavogi, gerir þá dómkröfu, að synjað verði kröfu sóknaraðila um gjaldþrotaskipti.

Krafa sóknaraðila barst dóminum 2. september 1994. Við fyrirtöku kröfunnar á dómþingi 27. sama mánaðar sótti varnaraðili þing og hafði uppi mótmæli við kröfu um gjaldþrotaskipti. Var þá mál þetta þingfest.

Atvik að baki máli er þau, að með áskorunarstefnu, út gefinni 6. október 1989, höfðaði Iðnaðarbanki Íslands hf., Hafnarfirði, mál fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar á hendur Hlyni Jörundssyni, Júlíusi R. Júlíussyni, Halldóri Berg Jónssyni og Heiðari Víkingi Eiríkssyni in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 298.298,90 kr., auk dráttarvaxta skv. skuldabréfi, út gefnu 16. 12. 1988 til Iðnaðarbanka Íslands hf., Hafnarfirði, upphaflega að fjárhæð 290.000 kr. Var Hlynur Jörundsson útgefandi bréfsins, en stefndu höfðu tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á því. Hinn 30. 1. 1990 voru stefnukröfur málsins áritaðar aðfararhæfar á hendur Hlyni Jörundssyni.

Hinn 22. júní 1994 gerir Bjarni Ásgeirsson hrl. svohljóðandi framsal: „Dómkröfur í málinu Iðnaðarbanki Íslands hf., Hafnarfirði, gegn Hlyni Jörundssyni, Júlíusi R. Júlíussyni, Halldóri Berg Jónssyni og Heiðari Víkingi Eiríkssyni skv. stefnu, útg. 6. 10. 1989, hefur verið greidd að fullu af Þorvarði V. Þorvaldssyni, Bröttugötu 5, Vestmannaeyjum, með 400.000 kr., og hefur hann því keypt kröfu þessa og fær dómkröfuna framselda með öllum dæmdum vöxtum og málskostnaði og áföllnum og áfallandi kostnaði, og er krafan því eign Þorvarðar. Framsal þetta er gert í fullu samráði við Halldór B. Jónsson, Júlíus R. Júlíusson og Heiðar Víking Eiríksson, en Þorvarður leysti kröfuna til sín fyrir hönd þeirra félaga. Framsal þetta er án ábyrgðar af hálfu upphaflegs kröfuhafa."

Sóknaraðili krefst gjaldþrotaskipta á búi varnaraðila skv. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. og lýsir í endanlegri kröfu sinni kröfu að höfuðstól 298.298 kr., en samtals 1.116.794 kr., allt að frádregnum 120.000 kr. vegna innborgana, samtals 1.036.691,53 kr. Sóknaraðili greinir svo frá, að skuldin sé samkvæmt áskorunarstefnu, sem lögð hafi verið fram á bæjar-

þingi Hafnarfjarðar 7. 11. 1989 og árituð um aðfararhæfi 30. 1. 1990. Kröfueigandi, Þorvarður V. Þorvaldsson, hafi leyst kröfuna til sín og dómurinn verið framseldur honum. Að kröfu Hörpu hf. hafi verið gerð árangurslaus aðför hjá varnaraðila 17. 8. 1994.

Varnaraðili reisir mótmæli sín á því m. a., að framsal það, sem krafan sé reist á, sé málamyndagerningur. Krafan sé löngu niður fallin. Þá sé áritun stefnu einungis á hann og ábyrgðarmennirnir þrír því dómkröfunni óviðkomandi.

Niðurstaða.

Árangurslaust fjárnám fór fram hjá varnaraðila 17. 8. 1994. Sóknaraðili reisir fjárkröfu sína á hendur varnaraðila á framsali Bjarna Ásgeirssonar hrl. á kröfu samkvæmt áritaðri áskorunarstefnu á hendur varnaraðila. Gögn málsins bera ekki með sér, að um málamyndagerning sé að ræða. Þá hefur varnaraðili ekki sýnt fram á, að hann hafi greitt kröfuna. Samkvæmt þessu er fullnægt skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 til að verða við kröfu sóknaraðila, og er því bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurð þennan kveður upp Þorgerður Erlendsdóttir fulltrúi.

Úrskurðarorð:

Bú Hlyns Jörundssonar, kt. 300359-2729, Álfhólsvegi 14, Kópavogi, er tekið til gjaldþrotaskipta.

Fimmtudaginn 24. nóvember 1994.

Nr. 442/1994. **Íslenska útvarpsfélagið hf.**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Árnadóttur og
Hans Kristjáni Árnasyni
(Jónas Aðalsteinsson hrl.)

Kærumál. Vitni. Gagnaöflun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. október 1994, sem barst réttinum 7. nóvember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 19. október sl., um höfnun kröfu sóknaraðila um skýrslutöku af fjórum mönnum. Kæruheimild er í e-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að láta umbeðnar skýrslutökur fara fram. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Jafnframt er gerð krafa um málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Með áfrýjunarstefnum 7. september 1994 hefur sóknaraðili áfrýjað til Hæstaréttar tveimur dómum Héraðsdóms Reykjavíkur frá 21. júlí 1994, er varða réttindi samkvæmt starfslokasamningum Ólafs H. Jónssonar og varnaraðilans Hans Kristjáns Árnasonar við Íslenska sjónvarpsfélagið hf., sem gerðir voru árið 1990. Hinn 6. október sl. óskaði sóknaraðili eftir því til skýringar á áðurgreindum starfslokasamningum og með vísan til 76. gr. laga nr. 91/1991, að teknar yrðu munnlegar skýrslur fyrir héraðsdómi af Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni, Gunnari Sigurðssyni, löggiltum endurskoðanda, og Stefáni Gunnarssyni og Jóhanni J. Ólafssyni, sem báðir voru stjórnarmenn í Íslenska sjónvarpsfélaginu hf., þegar samningarnir voru gerðir. Í áfrýjunarstefnunum 7. september sl. lýsir sóknaraðili yfir

þeirri ákvörðun sinni að leita eftir þeim skýrslutökum, er kærumál þetta lýtur að.

Ákvörðun um, hvort byggt verði á þeim skýrslum, er sóknaraðili hyggst afla með þeim hætti, sem hér er til skoðunar, verður fyrst tekin við efnisúrlausn ofangreindra hæstaréttarmála. Á hún ekki undir héraðsdómara, sem leitað er til um gagnaöflun. Því verður sóknaraðila á þessu stigi eigi varnað að afla munnlegra skýrslna fyrir héraðsdómi vegna hinna áfrýjuðu mála. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka skýrslur af áðurnefndum fjórum mönnum.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka munnlegar skýrslur samkvæmt kröfu sóknaraðila, Íslenska útvarpsfélagsins hf., af Gesti Jónssyni, Gunnari Sigurðssyni, Stefáni Gunnarssyni og Jóhanni J. Ólafssyni.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. október 1994.

Hinn 21. júlí sl. voru kveðnir upp dómar í málunum nr. E-9278 og 9279/1993, sem Guðrún Árnadóttir og Hans Kristján Árnason höfðuðu á hendur Íslenska útvarpsfélaginu hf.

Í greinargerðum stefnda í málum þessum, Íslenska útvarpsfélagsins hf., var áskilinn réttur til „að tilgreina vitni á síðari stigum og leiða þau". Við aðalmeðferð leiddi lögmaður stefnda engin vitni.

Núverandi lögmaður stefnda hefur óskað eftir því, að teknar verði skýrslur af fjórum vitnum „til þess að fá sem skýrasta mynd af efnisákvæðum" samningsins, sem um var deilt í framangreindum málum. Hann hefur áfrýjað dómunum til Hæstaréttar og mun væntanlega leggja þær þar fram.

Lögmaður stefnenda í framangreindum málum, Guðrúnar og Hans Kristjáns, hefur mótmælt því, að þessar skýrslur verði teknar, og krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Af gögnum málanna sést, að vitni þessi komu við sögu samningsgerðarinnar, og hefur gögnum frá þeim ekki verið mótmælt sem ósönnuðum.

Það er álit dómsins, að vitni þau, sem lögmaður stefnda vill nú fá teknar skýrslur af fyrir dómi, hefði átt að leiða við aðalmeðferð málsins, enda var þá vitað, hver þáttur þeirra við samningsgerðina var. Þáverandi lögmaður

stefnda taldi hins vegar ekki þörf á því, og núverandi lögmaður stefnda hefur ekki upplýst, að neitt nýtt sé fram komið, er geri það nauðsynlegt að yfirheyra þessi vitni. Af beiðni hans verður ekki annað ráðið en þau eigi að spyrja almennt um samninginn. Þá er og á það að líta, að héraðsdómur var skipaður tveimur sérfróðum meðdómsmönnum, er munu ekki taka þátt í meðferð vitnamálsins og leggja þar af leiðandi engar spurningar fyrir vitnin á sama hátt og þeir lögðu fyrir vitni stefnenda við aðalmeðferð. Verður ekki annað séð en það muni raska verulega jafnræði aðila að leyfa stefnda nú að leiða vitni, er ekki verða spurð á sama hátt og vitni stefnenda við aðalmeðferð, enda ljóst, að í yfirheyrslum vitnamáls eru lögmenn einir um að spyrja, þar eð merkingarlaust er fyrir dómara að spyrja við yfirheyrslur máls, er þegar hefur verið dæmt.

Samkvæmt framanrituðu verður að synja beiðni um að yfirheyra vitni í framangreindum málum, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Synjað er beiðni Sigurðar G. Guðjónssonar hrl. um, að teknar verði skýrslur af fjórum vitnum í málunum nr. E-9278 og 9279/1993.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. nóvember 1994.

Nr. 467/1994. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
S
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kærumál. Dómarar. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. nóvember 1994, sem barst réttinum 24. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Ólafs Ólafssonar, héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra, frá 22. nóvember 1994, að hann víki sæti í málinu.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að halda áfram dómsmeðferð málsins og kveða upp efnisdóm í því.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með dómi Hæstaréttar 20. október 1994 var dómur héraðsdómarans í máli þessu frá 29. apríl 1994 úr gildi felldur og því vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Byggðist þessi niðurstaða á nánar tilgreindum annmörkum á sönnunarfærslu fyrir dómi eftir ákæru í málinu. Hæstiréttur hefur mælt fyrir um, að afla skuli nýrra gagna fyrir héraðsdómi og dómur kveðinn upp að því búnu. Fyrri efnisúrlausn dómarans gerir hann ekki vanhæfan í málinu, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar frá 5. mars 1993 í málinu nr. 93/1993.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og lagt fyrir Ólaf Ólafsson héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 22. nóvember 1994.

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. febrúar 1994, var höfðað opinbert mál á hendur ákærða, S, f. 1954, fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir kynferðisbrot gagnvart stjúpdætrunum J, fæddri í júní 1974, og M, fæddri í janúar 1976, á tímabilinu frá síðari hluta árs 1982 og fram í ársbyrjun 1987.

Málið var þingfest 3. mars 1994, og var sakflytjendum líkt og við undirbúningsþinghöld, sem háð voru 10. og 17. s. m., veitt færi á að tilgreina vitni og leggja fram sýnileg sönnunargögn, en að því loknu var aðalmeðferð málsins ákveðin. Dómur í málinu var kveðinn upp að loknum munnlegum málflutningi 29. apríl 1994. Var ákærði talinn sannur að sök og dæmd 15 mánaða fangelsisrefsing. Dóminum var áfrýjað að ósk ákærða, og 20. október 1994 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti (mál nr. 318/1994: Ákæruvaldið gegn S). Hinn áfrýjaði dómur var ómerktur og málinu vísað heim í héað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju. Í dómi Hæstaréttar er vísað til þess, að í héraði hafi engra sérfræðilegra gagna verið aflað um líkamlegt og andlegt atgervi kærenda, viðhorf þeirra til ákærða og ákæruefnisins og áhrif hinna meintu brota ákærða á þær. Þá var skírskotað til þess, að u. þ. b. átta ár væru frá ætluðu athæfi. Í dómi Hæstaréttar er einnig vikið að því, að fyrir héraðsdómi hafi ekki legið gögn um ákærða og viðhorf hans, sbr. einkum b- og d-lið 71. gr. laga nr. 19/1991. Var það niðurstaða Hæstaréttar, að nefnd gögn væru svo þýðingarmikil við mat á sönnunargildi munnlegs framburðar ákærða og kærenda, að héraðsdómari hefði ekki átt að leggja dóm á málið án þeirra.

Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 27. október sl., til Héraðsdóms Norðurlands eystra var þess krafist, að mál þetta yrði „tekið til frekari meðferðar við héraðsdóminn í samræmi við dóm Hæstaréttar". Í framhaldi af því var málinu endurúthlutað til dómara 7. nóvember sl. Við fyrirtöku málsins nú í dag voru af hálfu sakflytjenda ekki hafðar uppi athugasemdir um formhlið málsins.

Í samræmi við meginreglur opinbers réttarfars var áðurnefndur dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 29. apríl 1994 reistur á sönnunargögnum, sem færð voru fram við meðferð málsins fyrir dómi af hálfu ákæruvalds og skipaðs verjanda. Yfirheyrslur ákærða og vitna, þ. á m. kærenda, voru

að þessu leyti veigamestar. Í samræmi við VII. kafla laga nr. 19/1991, einkum 46. gr., voru við uppkvaðningu héraðsdóms öll sönnunargögn virt og þ. á m. litið til og lagt sjálfstætt mat á þau atriði, sem vikið er að í dómi Hæstaréttar frá 20. október 1994.

Að framangreindu virtu og með hliðsjón af almennum traustsjónarmiðum um óhlutdrægni dómara, sbr. og dóm Hæstaréttar Íslands frá 1. apríl 1993 (mál nr. 197/1992), þykir með vísan til 5. gr. g-liðar laga nr. 91/1991, sbr. 6. gr. laga nr. 19/1991, rétt, að dómari víki sæti í málinu. Að þessu leyti er og litið til 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. nú lög nr. 62/1994.

Úrskurðarorð:

Dómarinn, Ólafur Ólafsson héraðsdómari, víkur sæti í málinu.

Mánudaginn 28. nóvember 1994.

Nr. 460/1994. **Þorsteinn Kristjánsson**
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)
gegn
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. nóvember 1994, sem barst réttinum 16. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1992. Krefst sóknaraðili þess, að „veðskuldabréfi á 1. veðrétti 1. hæðar og kjallara að Skólavörðustíg 14, Reykjavík, útgefið 29. maí 1992, að nafnvirði kr. 4.600.000,- verði vísað frá þinglýsingu, til vara að því verði aflýst og til þrautavara að það verði afmáð af eigninni".

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kröfum sóknaraðila verði vísað frá dómi, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Að ýmsu leyti voru annmarkar á málatilbúnaði sóknaraðila, er málið var borið undir dómstóla, sbr. 3. gr. laga nr. 39/1978. Þá skorti jafnframt á skýrleika í bréfum sóknaraðila til Héraðsdóms Reykjavíkur 22. júní 1994 og sýslumannsins í Reykjavík 30. sama mánaðar um það, hverjar kröfur hann hefði uppi í tilefni ákvörðunar þinglýsingarstjóra 8. júní 1994. Þrátt fyrir það þykir ekki alveg næg ástæða til að vísa málinu frá dómi af þessum sökum.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Þorsteinn Kristjánsson, greiði varnaraðila,

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. nóvember 1994.

Með bréfi, dagsettu 22. júní 1994, skaut Þorsteinn Kristjánsson, kt. 031030-4479, Skólavörðustíg 14, Reykjavík, til héraðsdóms ákvörðun þinglýsingarstjórans í Reykjavík 8. júní 1994, þar sem synjað var kröfu hans um, að afmáð yrði skuldabréf af fasteigninni Skólavörðustíg 14.

Sóknaraðili krefst þess, að veðskuldabréfi á 1. veðrétti 1. hæðar og kjallara að Skólavörðustíg 14, Reykjavík, út gefnu 29. maí 1992, að nafnverði 4.600.000 kr., verði vísað frá þinglýsingu eða því aflýst. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili í málinu er Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11, Reykjavík. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að ákvörðun þinglýsingarstjórans í Reykjavík 8. júní 1994 verði staðfest. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Hinn 16. maí sl. setti sóknaraðili fram þá kröfu við sýslumanninn í Reykjavík, að ofangreindu veðskuldabréfi yrði aflýst.

Í bréfinu er beiðnin rökstudd á þrennan hátt:

Í fyrsta lagi segir, að þinglýstur eigandi hafi ekki gefið heimild til þinglýsingar bréfsins. Ekki liggi fyrir sérstakt veðleyfi, og nafn sóknaraðila sé ekki skráð í reit þann á skuldabréfinu, er ætlaður sé fyrir áritun þinglýsts eiganda til samþykkis veðsetningu. Sóknaraðili telur, að vegna þessa ágalla hafi borið að vísa skjalinu frá þinglýsingu skv. 2. mgr. 6. gr. og 7. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Í öðru lagi segir, að önnur lögpersóna sé skuldari bréfsins en sú, er hafi gefið bréfið út. Þannig segir sóknaraðili, að Sportval hf., kt. 700487-1569, sé skuldari skv. texta bréfsins. Útgefendur séu hins vegar Guðmundur Kjartansson og Kjartan V. Guðmundsson, en við nöfn þeirra sé stimplað orðið Sportval. Í greinargerð sinni dregur sóknaraðili af þessu eftirfarandi ályktun: „. . . að krafan og skuldbindingin fari ekki saman og að skjalið hafi ekki að geyma nokkra kröfu og ekki nokkra skuldbindingu. Skuldabréfið hafi því ekki verið út gefið með þeim hætti, sem vera átti, og því hafi ekki mátt þinglýsa skjalinu".

Í þriðja lagi er því haldið fram, að bréfinu hafi verið breytt. Þannig segir sóknaraðili orðrétt í bréfi sínu til þinglýsingarstjóra: „. . . fitlað hefur verið við efni bréfsins á ýmsan hátt, eftir að því hefur verið þinglýst, en bréfið hefur verið móttekið til þinglýsingar 14. júlí 1992, en breytingar hins vegar verið gerðar á efni bréfsins 20. júlí 1992 með leyfi þinglýsingarstjóra, að því er virðist. Greinilegt er, að breyting hefur verið gerð á gjalddögum bréfsins

og að þeir eru aðrir en á upphaflega bréfinu. Þá hefur einnig upphaflegri vísitölu skuldabréfsins verið breytt úr 3203 í aðra ólæsilega tölu". Sóknaraðili telur óheimilt að breyta efni skjals frá móttöku þess til þinglýsingar án þess að leita eftir samþykki þinglýsts eiganda.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis er eigandi umrædds veðskuldabréfs. Hann styður frávísunarkröfu sína þessum rökum:

Í fyrsta lagi sé kröfugerð sóknaraðila ekki réttilega úr garði gerð og því eigi tæk til úrlausnar. Þess sé ekki krafist, að úrlausn þinglýsingarstjóra verði hnekkt, breytt eða hún endurskoðuð, heldur sé þess krafist, að skjalinu verði vísað frá þinglýsingu eða aflýst. Ekki sé tiltekið, hvaða færsla í þinglýsingabók sé röng og hvaða breytingar eigi að gera.

Varnaraðili mótmælir því, að krafa um frávísun skjals frá þinglýsingu geti komið til úrlausnar rúmum tveimur árum eftir, að bréfi var þinglýst, þegar þinglýstu bréfi verði ekki vísað frá þinglýsingu. Þá eigi krafa um aflýsingu ekki undir 27. gr. þinglýsingalaga. Um aflýsingu sé fjallað í 39. gr. laganna, og þar séu heimildir til aflýsingar veðskuldabréfa tæmandi taldar.

Þá telur varnaraðili, að andmæli við gildi bréfsins vegna breytinga, er gerðar hafi verið á því, geti ekki komið til úrlausnar í þinglýsingarmáli.

Varnaraðili mótmælir málskostnaðarkröfu á hendur sér með því, að málið sé ekki sprottið af deilum við sig og hann hafi ekki forræði á málinu. Hann eigi hins vegar rétt á málskostnaði úr hendi sóknaraðila, sem hafi kosið að draga hann til varnar með málskoti þessu.

Sýslumaðurinn í Reykjavík sendi héraðsdómi athugasemdir sínar. Er þar vísað til forsendna þeirra, er getur í úrlausn hans 8. júní 1994.

Niðurstaða.

Meðferð máls þessa hefur dregist talsvert hér fyrir dóminum vegna anna, en aðilar hafa ekki gert athugasemdir við þann drátt, sem orðinn er á málsmeðferð.

Máli þessu var skotið til héraðsdóms með bréfi, dagsettu 22. júní 1994, er barst skrifstofu Héraðsdóms Reykjavíkur sama dag. Með bréfi, dagsettu 30. júní var sýslumanni tilkynnt um málskotið og óskað eftir gögnum málsins. Með réttu hefði tilkynning til sýslumanns átt að vera fyllri, sbr. 3. gr. laga nr. 39/1978, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 6/1992, en hún var þó nógu skýr til þess, að hún yrði skilin rétt, og áður höfðu meginsjónarmið sóknaraðila verið útskýrð fyrir sýslumanni. Kæran kom samkvæmt þessu fram í tæka tíð, og verður að telja, að hún hafi verið nægilega skýr. Kröfugerð sóknaraðila er í heild svo skýr, að hún verður ekki misskilin. Verður því að leysa efnislega úr kröfum sóknaraðila, en skilja verður 3. gr. þinglýsingalaga svo,

að hún heimili endurskoðun allra gjörða þinglýsingarstjóra samkvæmt lögunum.

Sóknaraðili undirritaði veðskuldabréf það, sem um ræðir í máli þessu. Rétt er það, sem hann heldur fram, að hann hafi ekki ritað nafn sitt í reit þann, sem ætlaður er fyrir áritun þinglýsts eiganda, heldur ritaði hann nafn sitt í næstu línu þar fyrir neðan, undir textann: „Samþ. maka þinglýsts eiganda“. Verður að telja, að með áritun þessari hafi hann veitt nægilega heimild til veðsetningarinnar.

Skuldabréfið er skv. texta sínum gefið út af hlutafélaginu Sportvali. Sóknaraðili heldur því ekki fram, að Guðmund Kjartansson og Kjartan V. Guðmundsson hafi brostið heimild til að skuldbinda hlutafélagið með þessum hætti. Þá verður ekki talið skipta máli, þótt stimpill sá, er notaður var, hafi ekki verið fyllilega nákvæmur, en texti skjalsins er nægilega skýr.

Ekki verður í þessu máli leyst úr ágreiningi um breytingar á efni veðskuldabréfsins, en ljóst er, að veðsetning hefur farið fram til tryggingar ákveðinni skuld. Síðari breytingar á skjalinu hagga ekki veðstofnun þeirri, er það hefur að geyma. Ágreiningur um það, hve háa greiðslu veðsetningin tryggir, kemur til úrlausnar á öðrum vettvangi, en aflýsingar er ekki krafist nú með þeim rökum, að þegar hafi verið greitt allt, sem veðheimild var veitt fyrir.

Samkvæmt þessu verður að staðfesta synjun þinglýsingarstjóra um að aflýsa veðskuldabréfi varnaraðila. Þá getur frávísun skjalsins frá þinglýsingu ekki komið til nú. Sóknaraðila ber að greiða varnaraðila málskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Finnbjörnsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreind ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík er staðfest.

Sóknaraðili, Þorsteinn Kristjánsson, greiði varnaraðila, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 25.000 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 28. nóvember 1994.

Nr. 457/1994. **Herborg Pálsdóttir**

gegn

Sveinbirni Björnssyni

Kærumál. Fjárslit milli hjóna. Frávísun frá héraðsdómi. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 3. nóvember 1994, sem barst réttinum með kærumálsgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 21. október sl. Er kæruheimild í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að „við eignaskipti vegna skilnaðar míns og kærða verði beitt helmingaskiptareglunni, sbr. 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993“, – til vara, að varnaraðila verði gert að greiða sér 900.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. febrúar 1994, en til þrautavara, að varnaraðila verði gert að greiða sér 700.000 krónur með vöxtum á sama hátt. Sóknaraðili krefst einnig málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili, sem hefur fengið gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt bréfum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 12. september og 3. nóvember 1994, að þóknun lögmanns síns fyrir flutning málsins í héraði verði ákveðin með dómi Hæstaréttar, en ekki sé getið um fjárhæð þeirrar þóknunar í hinum kærða úrskurði.

Varnaraðili krefst aðallega sýknu af kröfum sóknaraðila og að dæmt verði, að fjárskipti milli þeirra fari eftir ákvæðum 104. gr. laga nr. 31/1993 á þann hátt, að íbúð í fasteigninni Hörgsholti 31 í Hafnarfirði og bifreiðin R-64229 af gerðinni Ford Sierra, árgerð 1985, komi í sinn hlut utan skipta með því skilyrði, að hann taki að sér veðskuldir, sem hvíla á íbúðinni. Til vara krefst varnaraðili lækkunar á varakröfu og þrautavarakröfu sóknaraðila og að vextir af þeim verði aðeins dæmdir frá 1. júlí 1994. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Sóknaraðili beindi þessu máli til héraðsdóms með bréfi 2. júní 1994, sem fylgdu stefna og önnur sóknargögn. Í bréfinu greindi sóknaraðili meðal annars frá því, að fyrir stjórnvaldi lægi umsókn um leyfi handa málsaðilum til skilnaðar að borði og sæng, en ágreiningur væri milli þeirra um fjárslit, þar sem varnaraðili teldi, að beita ætti 104. gr. laga nr. 31/1993 um þau, en sóknaraðili teldi þau eiga að ráðast af ákvæðum 103. gr. laganna. Um heimild til að leita dómsúrlausnar um ágreining aðila um fjárslitin vísaði sóknaraðili í bréfi sínu til 2. mgr. 125. gr. laga nr. 20/1991.

Í 2. mgr. 125. gr. laga nr. 20/1991 er mælt fyrir um heimild hjóna til að leita úrlausnar um ágreiningsatriði varðandi fjárslit milli þeirra vegna hjónaskilnaðar eða ógildingar hjúskapar í sérstöku dómsmáli, sem verður rekið eftir reglum XVII. kafla laganna, þótt opinber skipti fari ekki fram til fjárslita. Í ákvæðinu er tekið fram, að þessi heimild sé háð því, að leysa megi úr sömu ágreiningsatriðum í máli samkvæmt 122. gr. eða 2. mgr. 124. gr. laga nr. 20/1991, ef opinber skipti færu fram, auk þess að hjónin þurfa að vera sammála um að fara þessa leið til að leita dómsúrlausnar.

II.

Mál þetta hefur ekki verið lagt fyrir með þeim hætti, að framangreindum skilyrðum 2. mgr. 125. gr. laga nr. 20/1991 sé fullnægt. Er þá meðal annars til þess að líta, að ef opinber skipti færu fram til fjárslita milli aðilanna, væri ekki unnt að sækja dómsmál með svo óafmörkuðum kröfum sem sóknaraðili gerir í þessu máli, sbr. einkum 112. og 122. gr. laganna. Þá skortir einnig á, að báðir málsaðilar hafi lýst yfir með skýlausum hætti, að þeir óski eftir að leita dómsúrlausnar um ágreining sinn eins og hér er gert.

Að auki er sá meginannmarki á málinu, að sóknaraðili hefur ekki gert nægilega grein fyrir því, hvort annar aðilanna eða þeir báðir eigi eignir umfram skuldir, sem geti komið til skipta á milli þeirra við fjárslit, sbr. einkum 3. og 4. mgr. 109. gr. laga nr. 20/1991. Sóknaraðili hefur að vísu við meðferð málsins fyrir Hæstarétti lagt fram verðmat fasteignasala á íbúðinni að Hörgsholti 31, en afstaða varnaraðila til þessa mats liggur ekki fyrir. Þá skortir einnig viðhlítandi upplýsingar um verðgildi annarra eigna aðilanna og fjárhæð

skulda þeirra. Meðan óvíst er um þessi atriði liggur ekki fyrir, að hvaða verðmætum kröfur sóknaraðila geti beinst. Brestur því skilyrði til að fella dóm um ágreining málsaðila, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af þessum sökum verður ekki komist hjá því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

III.

Sóknaraðili hefur, sem áður segir, fengið gjafsókn í málinu, og greiðist gjafsóknarkostnaður hennar í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði. Í hinum kærða úrskurði hefur farist fyrir að ákveða umboðsmanni hennar þóknun vegna flutnings málsins fyrir héraðsdómi, en eins og atvikum er háttað, þykir þóknunin hæfilega ákveðin 40.000 krónur. Sóknaraðili undirritaði sjálf kæru í málinu, en greinargerð var ekki lögð fram í því af hennar hálfu fyrir Hæstarétti. Verður því að líta svo á, að hún hafi flutt mál sitt sjálf fyrir Hæstarétti, og verður henni ekki ákveðin þóknun úr ríkissjóði fyrir það í skjóli gjafsóknar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðila, Herborgar Pálsdóttur, í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningsþóknun umboðsmanns hennar í héraði, 40.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. október 1994, var höfðað 1. júlí 1994 fyrir dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur og málið þá þingfest.

Sóknaraðili er Herborg Pálsdóttir, kt. 100942-4539, Langholtsvegi 57, Reykjavík.

Varnaraðili er Sveinbjörn Björnsson, kt. 090642-2789, Hörgsholti 31, Hafnarfirði.

Aðalkrafa sóknaraðila er sú, að við fjárslit vegna skilnaðar aðila verði helmingaskiptareglu beitt, sbr. 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Til vara gerir sóknaraðili þær kröfur, að varnaraðili verði úrskurðaður til greiðslu 900.000 kr. með dráttarvöxtum frá 25. febrúar 1994 til greiðsludags, til þrautavara, að varnaraðili verði úrskurðaður til greiðslu 700.000 kr. með dráttarvöxtum frá 25. febrúar 1994, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Þá krefst sóknaraðili þess, að úrskurðað verði, að dráttarvexti í vara- og þrautavarakröfu skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 25. febrúar 1995.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar auk virðisaukaskatts að mati dómsins, eins og ekki væri um gjafsóknarmál að ræða.

Varnaraðili gerir þá aðalkröfu, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðila og að um fjárskipti milli sín og sóknaraðila vegna hjúskaparslita fari skv. 104. gr. laga nr. 31/1993, þannig, að fasteignin að Hörgsholti 31, Hafnarfirði, eignarhluti M-0302, og bifreiðin R-64229, Ford Sierra, árgerð 1985, komi í sinn hlut utan skipta, enda taki varnaraðili að sér greiðslu veðskulda, er á fasteigninni hvíla. Jafnframt krefst varnaraðili málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi úrskurðar til greiðsludags. Þess er einnig krafist, að dráttarvextir, sem falla á málskostnað, leggist við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að aðilar hófu sambúð sína í byrjun árs 1991 og gengu í hjúskap 30. desember 1992. Þau slitu samvistir 25. febrúar 1994. Varnaraðili fór fram á skilnað að borði og sæng hjá sýslumanninum í Hafnarfirði 30. mars sl., sem sóknaraðili samþykkti 14. apríl sl.

Hinn 8. janúar 1992 var keypt íbúð að Hörgsholti 31, Hafnarfirði, og er eignin þinglesin eign varnaraðila. Kaupverð var 6.325.000 kr. Bifreiðin R-64229, Ford Sierra, var keypt 21. janúar 1992. Kaupverð hennar var 340.000 kr. Bifreiðin er einnig skráð á nafn varnaraðila.

Aðilar voru tvö í heimili, og námu tekjur sóknaraðila árið 1992 596.778 kr. og árið 1993 632.752 kr. Tekjur varnaraðila árið 1992 námu 1.905.946 kr. og árið 1993 2.199.884 kr. Eignir búsins voru samkvæmt skattframtali fyrir árið 1994 4.270.000 kr., en skuldir 4.601.306 kr.

– – –

Niðurstaða.

Eignir þær, sem tilgreindar eru í skattframtali ársins 1994 og um er deilt í máli þessu, eru fasteignin að Hörgsholti 31, Hafnarfirði, og bifreiðin

R-64229. Varnaraðili er þinglesinn eigandi íbúðarinnar og skráður eigandi bifreiðarinnar. Eignir þessar eru því hjúskapareignir hans.

Sóknaraðili hefur gert þá aðalkröfu, að við fjárslit vegna skilnaðar verði beitt ákvæðum 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, en það lagaákvæði kveður á um, að hvor maki um sig eigi tilkall til helmings úr skírri hjúskapareign hins, nema annað leiði af ákvæðum laga. Samkvæmt 100. gr. hjúskaparlaga er það skír eign, sem til skipta kemur við fjárslit hjóna, þ. e. eignir að frádregnum skuldum, sbr. 109. gr. og 104. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Í 109. gr. þeirra laga kemur fram regla um, hvernig ákvarða skuli, hvað hvor aðili um sig eigi að fá í sinn hlut við fjárslit, þ. e., að lagt skuli saman varðandi hvorn þeirra um sig verðmæti eigna, sem tilheyra honum einum, og verðmæti hlutdeildar hans í því, sem hann á í sameign með gagnaðila. Frá þessari heildareign hvors um sig skuli síðan dregin fjárhæð skulda, sem beinast að hvorum þeirra, ásamt hlutdeild hvors í sameiginlegum skuldum. Samkvæmt fram lögðu skattframtali fyrir árið 1994 var verðmæti eigna varnaraðila 4.270.000 kr., en ekki hafa verið lögð fram önnur gögn um verðmæti eigna hans. Með hliðsjón af framburði aðila fyrir réttinum sem og fram lögðu skattframtali ársins 1994, er ljóst, að skuldir, sem varnaraðili ber ábyrgð á, eru umfram verðmæti eigna hans. Er því ljóst, að ekki er um neina skíra hjúskapareign að ræða, sbr. 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, sem maki getur átt helmingstilkall til. Þegar af þeirri ástæðu verður af hafna öllum kröfum sóknaraðila. Af sömu ástæðu verður ekki fjallað um, hvort 104. gr. hjúskaparlaga kemur til álita við ágreiningsefni þetta.

Eins og atvikum er háttað í máli þessu, þykir þó rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Herborgar Pálsdóttur, er hafnað. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1994.

Nr. 466/1994. **Sýslumaðurinn í Keflavík**

gegn

Samskipum hf.

(Jón Finnsson hrl.)

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 23. nóvember 1994. Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 24. október 1994, þar sem staðfest var ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 27. apríl sl. um að synja um framgang aðfarargerðar hjá varnaraðila eftir beiðni sóknaraðila. Sóknaraðili krefst, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að halda aðfarargerðinni áfram. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Í endurriti úr þingbók kemur fram, að enginn hafi verið staddur af hálfu málsaðila við þinghald, þar sem hinn kærði úrskurður var kveðinn upp, en þinghaldið var þó ákveðið í þessu skyni við lok aðalmeðferðar málsins 27. september 1994. Í bréfi, sem fylgdi kærumálsgögnum til Hæstaréttar, vottar dómari málsins í héraði, að sóknaraðila hafi verið send ályktarorð hins kærða úrskurðar í símbréfi sama dag og hann var kveðinn upp, en um leið hafi honum verið tilkynnt, að endurrit úrskurðarins væri til reiðu handa honum í afgreiðslu dómsins. Þessu vottorði dómarans hefur sóknaraðili ekki hnekkt.

Samkvæmt framansögðu telst sóknaraðili hafa fengið vitneskju

um hinn kærða úrskurð 24. október sl. Kærufrestur samkvæmt 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989, var því liðinn, þegar kæra sóknaraðila barst Héraðsdómi Reykjavíkur 9. nóvember 1994. Ber því að vísa þessu máli sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dæma verður sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, sýslumaðurinn í Keflavík, greiði varnaraðila, Samskipum hf., 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 362/1994. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)
gegn
Erni Karlssyni
(Örn Clausen hrl.)

Hylming. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi í heild sinni til Hæstaréttar. Af hálfu ákæruvalds var þá einnig áfrýjað, að því er hann varðar, með stefnu 8. júlí 1994 til þyngingar á refsingu, en meðákærði undi dóminum.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfellt ákærða fyrir hylmingu samkvæmt 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í héraðsdómi var ákærða dæmdur hegningarauki við refsingu þá, er ákveðin var í dómi 17. febrúar 1994. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Örn Karlsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 1994.

Ár 1994, mánudag 27. júní, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 37/1994: Ákæruvaldið gegn X og Erni Karlssyni, í Héraðsdómi Reykjavíkur. Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem var dómtekið 24. þ. m., er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæru, út gefinni 1. mars 1994 og birtri 14. og 15. þ. m., á hendur X [...]

og Erni Karlssyni, Kleppsvegi 126, Reykjavík, fæddum 7. september 1955, fæðingarnúmer 237, fyrir þjófnað og hylmingu.

I.

Þjófnaður.

Ákærða X er gefið að sök að hafa aðfaranótt miðvikudags 1. september 1993 brotist inn í skartgripaverslunina Gullsmiðinn, Álfabakka 14 d, Reykjavík, og stolið þar miklu af skartgripum, gullhálsmenjum, svokallaðri flóru, sem eru íslenskar flórur, gullhúðaðar, 9 sett, það er hálsmen og eyrnalokkar, 6 eyrnalokkar og 33 hálsmen, 2–300 flórum, sem voru fullunnar, en eftir að setja á þær hálskeðjur, 2–300 flórum, sem verið var að vinna við, eðalsteinum, ekki vitað um fjölda, 250 hálsfestum úr gulli af Dublegerð, tveimur sýningarbökkum með gullhálsmenjum, handsmíðuðum, og leturstöfum til þess að grafa á skartgripi. Megnið af þessum skartgripum afhenti ákærði meðákærða Erni Karlssyni.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Hylming.

Ákærða Erni er gefið að sök að hafa tekið við og geymt nefnda skartgripi, en skilað eiganda, Guðbjarti Þorleifssyni, kt. 240431-4839, hluta þeirra gegn greiðslu á 34.000 krónum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt játningu ákærða X kom hann að versluninni laust eftir kl. 02.00 með kúbein og rafmagnsborvél. Reyndi hann árangurslaust að bora í skrána á dyrum verslunarinnar, en tókst síðan að opna dyrnar með kúbeininu og eyðileggja þjófavarnarkerfi með því að slíta sundur leiðsluþræði í því. Hann tók „flórur“ í versluninni, stafi, hálskeðjur úr gulli og silfri og „flórur“, steina og perlur á verkstæði fyrir innan búðina. 15 til 20 dögum síðar segist hann hafa skýrt ákærða Erni frá því, að hann hefði skartgripina undir höndum og Örn lofað að koma þeim til skila. Seinna kom Örn og sótti megnið af gripunum. X kveðst ekki hafa stolið öllu því, sem talið er í ákæru. Í byrjun nóvember komu fram 83 ónixsteinar, 5 reyktópasar og poki með perlum að tilvísun X. Hér fyrir dómi hefur hann staðfest framburð sinn fyrir lögreglu. Hann viðurkennir að hafa tekið mikið af skartgripum á mismunandi framleiðslustigum í um fjóra burðarpoka, gjafaöskjur með fullunnum skartgripum, lausar flórur, allt frá óunnu efni upp í fullunna skartgripi, perlur, sem límdar eru á flórurnar, og silfurkeðjur. Hann man ekki að telja fleira. Hinn 23. þ. m. var gerð húsleit hjá ákærða X, og fundust þá 45 silfurkeðjur, 50 eðalsteinar, 300 perlur og hálfunnir silfurmunir. Þessa muni segir hann munu hafa mislagst, en viðurkennir að hafa tekið þá.

Örn neitar sakargiftum. Sagði hann lögreglu fyrst, að hann hefði fundið gripina, en síðan, að nafngreindur maður hefði vísað sér á þá. Hann setti sig í samband við eigandann og bauð að láta hann fá gripina gegn fundarlaunum. Hann fékk þau og skilaði 1. október og nokkrum dögum síðar hluta þýfisins, fullum poka af „flórum", um 500 festum og letri. Um miðjan október bauðst Örn til að skila 276 „flórum" gegn 500,00 kr. greiðslu stk., en samkomulag tókst ekki. Örn segist þá hafa beðið X að taka gripina, en hann ekki sinnt því. Þessa muni fann lögreglan síðan í húsi því, sem ákærði Örn býr í, 3. nóvember 1993 og skilaði þeim eiganda 5. s. m. ásamt því, sem fannst að tilvísun X. Eigandi sagði þá töluvert vanta upp á, að allt hefði komið til skila. Gullsmiðurinn hefur staðfest frásögn Arnar um skipti þeirra í öllu, sem máli skiptir.

Ákærði Örn hefur gefið skýrslu fyrir dóminum og enn breytt nokkuð framburði sínum. Hann segist nú hafa heyrt orðróm um, hvar hlutirnir væru niður komnir, og spurst fyrir um þá, talað við meðákærða, sem kannaðist við að vera með munina, og haft síðan samband við gullsmiðinn og sýnt honum sýnishorn, sem hann fékk frá X. Hann kveðst hafa samið við gullsmiðinn um 100.000 króna greiðslu fyrir afhendingu og við X um, að þeir deildu fénu. Hann afhenti fyrst flórur og síðan aðra hluti, sem hann fékk 27000 krónur fyrir, en í það skipti hafði gullsmiðurinn orð á, að munirnir væru meira og minna ónýtir. Skýrir gullsmiðurinn þetta svo, að nokkuð af þýfinu hafi verið ónýtt og verðlaust, en að ekkert hafi skemmst, frá því að það var tekið og þar til því var skilað. Örn segist ekki hafa látið X fá neitt af greiðslunum, þar sem hann taldi þær svo óverulegar, en nýtti sér tékkann. X neitar að hafa samið við meðákærða um ágóðaskiptingu. Örn segist hafa beðið X að taka við því, sem eftir var, þegar upp úr samningum slitnaði við gullsmiðinn. X kom heim til ákærða, en gat ekki farið með munina, svo að þeir komu þeim fyrir í geymslu ákærða. Daginn eftir varð Örn þess var, að þeir voru horfnir, og taldi hann X hafa sótt þá. Munirnir fundust í geymslu annars íbúa hússins. X neitar að hafa fært þá og segist ekki hafa getað komist í geymsluna, þar sem hún var læst.

Örn segir, að eftir að hann talaði við gullsmiðinn, hafi hann skýrt tveimur rannsóknarlögreglumönnum frá milligöngu sinni í þessu máli. Hefur annar lögreglumaðurinn staðfest þá frásögn. Örn lítur svo á, að hann hafi verið að vinna gott verk fyrir opnum tjöldum með því að sjá til þess, að hinir stolnu munir kæmust til rétts eiganda, og að ekki sé nema eðlilegt, að hann fengi þóknun fyrir milligöngu sína.

Upptalning hinna stolnu muna styðst við skýrslu, sem lögreglan skráði eftir gullsmiðnum að morgni 1. september 1993. Tilgreining munanna er

ekki fyllilega skýr og næsta ónákvæm. Í skýrslu, sem tekin var af gullsmiðnum síðdegis 1. september 1993, er hið stolna sagt vera flóra Íslands, – þ. e. gullhúðuð lauf, fundin í náttúru Íslands, – skartgripir ýmiss konar, svo sem nælur, hálsmen og eyrnalokkar, eðalsteinar, perlur, slípaðir steinar, silfurfestar o. fl., að verðmæti ein til ein og hálf milljón króna í heildsölu. Samkvæmt kvittun eiganda, dags. 1. október 1993, hefur Örn skilað festum og letri þann dag. Samkvæmt skýrslu gullsmiðsins skilaði Örn þá um 500 gull- og silfurfestum og letri fyrir ágröft og nokkrum dögum síðar fullum poka af skemmdum flóruskartgripum og bauð skil á 276 flóruskartgripum. Að tilhlutan lögreglu var gullsmiður og leturgrafari fenginn til að meta þá muni, sem lögreglan hafði skilað fyrir málshöfðun, og er mat hans sem hér segir:

Marglitar kúlur	kr.	5.000		
83 ónixsteinar	–	83.000		
5 reyktópasar	–	20.000	kr.	108.000
„Flóra Íslands“, 19 nælur	–	95.000		
52 stk. ýmiss konar	–	197.600		
205 – × 1600	–	328.000	kr.	620.600
			kr	728.000
		VSK	kr.	178.507
		Samtals	kr.	907.107

Matsmaðurinn tekur fram, að hinir metnu skartgripir séu allir úr flóru Íslands, laufum, krækiberjagróðri og öðru slíku, húðuðum með 24 karata gullhúð, einnig lausar kúlur og steinar. Skekkjumörk í matinu eru 25–35% og innkaupsverð með sömu skekkjumörkum 364.300 kr.

Eigendur þýfisins hafa áætlað verð þess, sem Örn lét þá fá, 130.000 kr. að innkaupsverði með virðisaukaskatti og þess, sem ekki hefur komið fram, 250.000 kr. Segir gullsmiðurinn mega verðleggja leturstafi á um 5000 kr. Hann kveður ekki hafa komið til skila gullmuni, handunna og innflutta, sem voru á bökkum í afgreiðsluborði, og auk þess kveður hann vanta um 200 eðalsteina. Segir hann það, sem fannst 23. júní sl., vera svo nýkomið til sín, að hann hafi ekki getað gengið úr skugga um með vissu, hvað þar leynist. Segist hann hafa litið svo á, að hann væri að kaupa munina af Erni, en ekki greiða fundarlaun.

Af hálfu ákæruvaldsins er lagt til grundvallar, að það, sem stolið var, og verðmæti þess sé eins og hér segir:

1. 276 „flórur“, sem Örn bauð skil á	kr.	907.107
2. 500 gull- og silfurfestar, sem Örn skilaði	–	130.000

3. Munir, fundnir við húsleit hjá X		kr.	105.000
	Samtals	kr.	1.142.107
4. Munir, sem hafa ekki komið í leitirnar		–	250.000
	Samtals	kr.	1.392.107

Við aðalflutning málsins var lýst yfir því af hálfu ákæruvaldsins, að enn væri við það miðað, að allt það hefði verið tekið, sem í ákæru greinir, en svo sem til vara, að því hefði verið stolið, sem komið hefur í leitirnar.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu um hvarf skartgripa, skil þeirra og verðmæti, og samkvæmt 45. gr. laga 19/1991 þykir verða lagt til grundvallar, að ákærði X hafi tekið muni, sem fara ekki fram úr 700.000 krónum að verðmæti. Með þessari athugasemd þykir verða að fallast á kröfur ákæruvaldsins á hendur X.

– – –

Ekki þykir verða lagt til grundvallar, að ákærði Örn hafi fundið skartgripina, sem hann skilaði og komu fram við húsleit, og ekki heldur, að annar maður en ákærði X hafi komið gripunum í hans hendur. Það gat ekki leynst fyrir Erni, að munirnir voru þýfi. Hann gat því ekki átt rétt á fundarlaunum. Með því að neyða réttan eiganda gripanna til að greiða sér fyrir skil muna og með því að halda fyrir honum munum, sem ekki tókst að fá fé fyrir, þykir hann hafa gert sig sekan um hylmingu, og verður þá að fallast á kröfur ákæruvalds um refsingu og önnur viðurlög fyrir brot á 254. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði Örn var dæmdur í 7 mánaða fangelsi, þar af fjögurra mánaða skilorðsbundið í þrjú ár, hér fyrir dómi 28. júní 1993 fyrir að falsa og selja skuldabréf í september 1992 og brjótast inn og stela peningum, myndbandstæki, myndavél, útvarpsmagnara og sambyggðu útvarps- og segulbandstæki 8. mars 1992 ásamt öðrum. Skilorðsþáttur refsingarinnar var tekinn upp og honum dæmd átta mánaða fangelsisrefsing 17. febrúar sl., en þá var hann dæmdur fyrir brot á 248. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, fyrir að undirbúa ásamt öðrum vátryggingarsvik með því að fara að kvöldi sunnudagsins 1. desember 1991 inn í verslun hér í borg, fjarlægja þaðan litsjónvarpstæki, myndbandstæki, hljómtækjasamstæðu, geislaspilara o. fl. og koma þessum munum í geymslu, og fyrir brot á 244. gr. s. l. með því að stela í þrjú skipti myndsendi, ljósritunarvél og rafsuðuvél, sem fundust í vörslum hans, án þess að hann gæti gefið á því viðhlítandi skýringar. Áður hafði hann 10 sinnum sætt refsingu, þar á meðal fyrir tékkamisferli árið 1991, og þriggja mánaða skilorðsbundnum fangelsisdómi fyrir þjófnað og hylmingu 1. október 1992. Brot þau, sem fjallað er um í máli þessu, eru framin fyrir uppkvaðningu dómsins frá 17. febrúar sl. Samkvæmt 78. gr. almennra hegningar-

laga ber nú að taka upp refsiákvörðun þess dóms og dæma ákærða hegningarauka, sem þykir hæfilega ákveðinn þriggja mánaða fangelsi.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Skjöl málsins mislögðust eftir útgáfu ákæru. Þingfesting var ákveðin og fyrirköll gefin út tafarlaust, eftir að þau komu í leitirnar.

Dómsorð:

Ákærði Örn Karlsson sæti þriggja mánaða fangelsi og greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 100.000 kr.

Ákærði X sæti sex mánaða fangelsi og greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 50.000 kr. Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 30.000 kr., greiði ákærðu að óskiptu.

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 393/1994. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)
gegn
Magnúsi Karlssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**
Erni Karlssyni
(Örn Clausen hrl.)

Fjársvik. Vátrygging. Tilraun. Ákæra. Þjófnaður. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærðu áfrýjuðu héraðsdómi í heild sinni til Hæstaréttar, og var þá af hálfu ákæruvalds einnig áfrýjað með stefnu 8. mars 1994 til þyngingar á refsingu.

Í hinum áfrýjaða dómi er getið leiðréttinga, er gerðar voru af hálfu ákæruvalds á fjölda þeirra tækja, sem talin eru upp í ákæru. Þar sem samanlagt verðmæti hluta þessara var rétt tilgreint í ákæru 839.000 krónur og vörn ekki áfátt vegna þessa, verður það ekki látið koma að sök, að ekki var gefin út framhaldsákæra samkvæmt 118. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Með þessari athugasemd verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Ákærðu skulu greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Magnús Karlsson greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Ákærði Örn Karlsson greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Annan áfrýjunarkostnað málsins greiði ákærðu sameiginlega, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. febrúar 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 17. febrúar, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 167/1992: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Karlssyni og Erni Karlssyni, í Héraðsdómi Reykjavíkur. Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæru, út gefinni 3. nóvember 1992 og birtri 4. janúar 1993, á hendur Magnúsi Karlssyni markaðsstjóra, Grettisgötu 90, Reykjavík, fæddum 14. ágúst 1953, fæðingarnúmer 461, og Erni Karlssyni verslunarmanni, Kleppsvegi 126, Reykjavík, fæddum 7. september 1955, fæðingarnúmer 237, fyrir að hafa í sameiningu undirbúið vátryggingarsvik ákærða Magnúsar í þágu Bláfells-Heimalands hf. með því, að ákærði Örn tók að sér fyrir ákærða Magnús að fara að kvöldi sunnudags 1. desember 1991 inn í verslunina Bláfell, Faxafeni 12 hér í borg, fjarlægja þaðan að minnsta kosti þrjú litsjónvarpstæki, þrjú myndbandstæki, hljómtækjasamstæðu, geislaspilara, bíltæki og tvo hátalara og koma þeim í geymslu í íbúð frænda síns hér í borg, og ákærði Magnús að hafa að morgni næsta dags tilkynnt lögreglu og látið tilkynna Vátryggingafélagi Íslands hf. um þjófnað úr versluninni á fimm litsjónvarpstækjum, tveimur myndbandstækjum, tveimur hljómtækjasamstæðum, myndbandsafspilara, geislaspilara, bíltæki og tveimur hátölurum, samtals að útsöluverði 839.000 kr., í þeim tilgangi að fá greiddar bætur fyrir tækin á grundvelli innbrotstryggingar verslunarinnar hjá tryggingafélaginu, en lögregla fann að kvöldi þriðjudagsins 3. desember 1991 hluta af „þýfinu" í bifreið, sem báðir ákærðu voru í á leið til Keflavíkur, og önnur tæki, sem tilkynnt höfðu verið stolin, fundust á geymslustað.

Telst brot ákærða Magnúsar varða við 248. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og brot ákærða Arnar við sömu lagaákvæði, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar fyrir framangreint brot.

Undir rekstri málsins hefur komið fram af hálfu ákæruvaldsins leiðrétting á fjölda tækja, sem Magnús er talinn hafa tilkynnt um. Samkvæmt henni var tilkynnt um sex litsjónvarpstæki, sjö myndbandstæki, tvo myndbandsafspilara, tvo geislaspilara, tvö bíltæki, tvær hljómtækjasamstæður og tvo hátalara, samtals 23 tæki.

Með ákæru, út gefinni 4. maí sl. og birtri 6. s. m., var Örn enn ákærður, aðallega fyrir þjófnað, en til vara fyrir hylmingu, með því að stela í þrjú

skipti í Reykjavík, svo sem rakið verður, eftirgreindum hlutum, sem fundust í vörslum ákærða, án þess að hann gæti gefið á því viðhlítandi skýringar:

I.

Í mars 1991 myndsendi í íbúð við Tómasarhaga 42, en þýfið fannst á heimili ákærða við húsleit 10. apríl 1992.

II.

Um mánaðamótin júní/júlí 1992 rafsuðuvél í geymslu við Kleppsveg 152, en vélin fannst í vörslum ákærða í byrjun ágúst sama ár.

III.

Aðfaranótt föstudags 18. desember 1992 myndsendi og ljósritunarvél, brotist inn í húsnæði fyrirtækisins Sjófangs hf., Hólmaslóð 2, og tekið þessa hluti, en ljósritunarvélin fannst í vörslum ákærða 21. janúar 1993.

Telst þetta aðallega varða við 244. gr., en til vara við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1949.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Málið var dómtekið 6. maí 1993 og dæmt 15. júlí s. á. Dóminum var áfrýjað, dómurinn og málsmeðferðin ómerkt frá og með málflutningi og málinu heimvísað með dómi Hæstaréttar 14. janúar sl. Samkvæmt þessari niðurstöðu hefur málið verið endurupptekið og endurflutt. Verjendur krefjast sýknu og að málskostnaður verði lagður á ríkissjóð. Verjandi Arnar hefur lýst þeirri skoðun til vara, að skilorðsbinda eigi refsingu hans. Af hálfu ákæruvalds er unað við niðurstöðu dómsins frá 15. júlí 1993.

I. I. *Hvarf tækja úr versluninni Bláfelli 1. desember 1991.*

Sunnudagskvöldið 1. desember 1991 kom ákærði Örn til aðseturs Bláfells-Heimalands hf., að eigin sögn á milli kl. 18.30 og 19.30, opnaði útidyr með lykli og tók úr búðinni litsjónvarpstæki, myndbandstæki, hljómtækjasamstæðu, geislaspilara, bíltæki og hátalara og flutti þessa muni að Flyðrugranda 18 í geymslu. Næsta þriðjudag fóru ákærðu saman í geymsluna og báru sjónvarpstæki og hljómflutningstækjasamstæðu út í bíl ákærða Magnúsar. Óku þeir síðan áleiðis suður með sjó, en voru handteknir í Hafnarfirði og færðir í hald í Reykjavík. Þar voru þeir yfirheyrðir af rannsóknarlögreglu. Samkvæmt framburði Arnar hafði Magnús beðið hann að taka tækin fyrir sig, en þeim þyrfti að koma í verð. Ákærðu hefðu farið saman seinni part dags 1. desember og Magnús bent á tækin, sem ætti að taka; Magnús myndi síðan selja tækin. Örn kvaðst hafa farið aftur á staðinn fljótlega eftir kl. 19.00 með lykil frá Magnúsi og gert það, sem hann var beðinn um.

Saga Magnúsar er á þá leið, að um það bil þremur vikum fyrir handtök-

una hafi hann rætt um það við Örn, að sig vantaði fé í fyrirtækið. Örn hafi þá sagt, að það besta, sem fyrir gæti komið, væri, að einhver brytist inn og tjónið yrði bætt af tryggingarfé. Ákærði Magnús kom í verslunina um níuleytið á mánudagsmorgun, en ekki var vandi hans að koma svo snemma til vinnu. Þar var þá fyrir utan dyra einn af starfsmönnum fyrirtækisins, sem hafði ekki lykil og beið þess að verða hleypt inn. Þeir fóru saman inn. Magnús sagði við lögregluyfirheyrslu, að þegar hann sá verksummerki, hefði sig grunað, að Örn hefði verið að verki. Hann tilkynnti lögregluyfirvöldum strax um atburðinn og tók saman lista yfir horfna muni til afnota fyrir vátryggingafélag fyrirtækisins. Magnús kveðst hafa hringt í Örn um ellefuleytið á mánudagsmorguninn og hitt hann síðan síðdegis sama dag. Örn hefði ekkert gefið út á, hvort hann hefði farið inn í verslunina, en sagst vita um þýfið. Aðspurður kvað Magnús Örn ekki hafa haft lykil, sér vitanlega. Magnús kannaðist við að hafa komið í verslunina um kl. 17.00 á sunnudeginum ásamt Erni, en þá hefði verslunarstjórinn verið þar fyrir.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi breytti Örn framburði sínum og nefndi til sögu Ágúst nokkurn Fylkisson, sem hefur starfað lengi fyrir Örn við pylsusölu, sem hann rekur, og við vélaviðgerðir, Jóhönnu Svansdóttur, sambýliskonu Ágústs, og Snorra Snorrason, sem var framkvæmdastjóri Bláfells hf. Ágúst var dæmdur í 20 mánaða fangelsi hér fyrir dómi ásamt Erni og fleirum 28. júní sl. fyrir umboðssvik, þjófnað, fjársvik og skjalafals. Örn kveðst hafa farið með skuldabréf, út gefin af Jóhönnu, til Magnúsar og óskað eftir greiðslu fyrir þau. Magnús hefði bent sér á að tala við Snorra, sem tók við bréfunum og seldi þau í Búnaðarbankanum. Það hefði verið fastmælum bundið, að skuldabréfin yrðu greidd með tækjum. Þegar kom að skuldadögum, segist Örn hafa krafið Snorra efnda, en hann vísað á tækin, sem hann mætti taka, og boðið honum að sækja þau á sunnudeginum. Örn kveðst hafa farið á staðinn og átt von á að hitta Snorra þar fyrir, en ekki orðið var við hann; hann hefði opnað með lykli, sem hann hefði fengið hjá Snorra, og tekið tækin. Hann kveðst hafa lesið um innbrot í Bláfell á mánudegi og farið til Snorra og spurt, hverju sætti. Snorri hafi sagt, að ákærða kæmi þetta mál ekki við, hann hefði fengið sína greiðslu. Hann hefði hins vegar lofað að staðfesta eignarrétt hans, ef hann yrði í vandræðum með að selja tækin. Hann kveðst hafa gefið ranga skýrslu hjá lögreglu til að hlífa Snorra. Þegar fangavist þeirra Magnúsar lauk, kveður hann hafa komið í ljós, að Magnús vissi ekkert um samkomulag þeirra Snorra.

Framburður Magnúsar fyrir dóminum er í aðalatriðum á þá leið, að þeir Örn hafi verið kunnugir og átt saman viðskipti. Hann segir mann nokkurn í Keflavík hafa haft samband við sig, þar sem hann var á ferð í bifreið sinni

með Erni, og hermt upp á sig loforð um útvegun á sjónvarpstæki og fleiru á góðu verði. Þeir hafi síðan verið á leið suður í Keflavík með tækin, þegar þeir voru handteknir. Hann hafi ætlað að selja tækin á um 30.000 kr. í stað 40–50.000 kr. útsöluverðs, af því að þau væru ekki heiðarlega fengin.

Magnús staðfestir söguna um skuldabréfin. Hann segir Ágúst og Örn hafa komið til sín og boðið bréfin til kaups, en hann vísað þeim til Snorra. Þegar ákærðu losnuðu úr fangelsinu, kveður Magnús Örn hafa sagt sér, að hann hefði tekið tækin vegna bréfanna. Hann segist hafa látið Snorra fá lista yfir horfna muni, en segir listanum hafa verið breytt og hann hreinritaður og sendur félaginu í því formi.

Ákærði Magnús fór strax í áfengismeðferð og var í henni fram til 17. janúar 1992. Hann segist hafa verið reglusamur síðan. Þegar hann kom aftur, kveður hann Snorra hafa verið búinn að selja bréfin að sér fornspurðum. Hann áréttaði síðar í yfirheyrslunni, að bréfin hefðu verið seld 28. nóvember. Hann segist ekki muna betur en Snorri hafi verið í búðinni, þegar ákærðu komu þar saman seinni part sunnudagsins 1. desember. Aðspurður um, hvort þetta hafi verið mál milli Arnar og Snorra sem greiðsla upp í bréfin og hvort það, sem gert var, hefði ekkert verið í samráði við ákærða Magnús, svaraði hann: „Ég kom aldrei nálægt þessum hlutum. . . Það var Snorri."

Snorri og Magnús virðast hafa verið aðalhluthafar, en auk þeirra unnu þrír starfsmenn hjá félaginu. Tveir þeirra hafa borið vitnið fyrir dóminum. Vitnið Anton Narvaez skýrði lögreglu svo frá við yfirheyrslu 4. desember 1991, að hann vissi, hver Örn væri, en hefði ekkert séð hann síðastliðna 6–8 mánuði. Fyrir dóminum skýrði verslunarstjórinn svo frá, að hann hefði komið á starfsstöð fyrirtækisins síðari hluta sunnudagsins 1. desember og að ákærðu hefðu komið þar, meðan hann stóð við. Hann kvaðst ekki hafa séð Snorra þar á þeim tíma.

Snorri segist hafa verið við vinnu á sunnudeginum og kveður Magnús hafa komið þar. Hann hafi virst órólegur og alltaf verið að spyrja, hvort vitnið yrði þar lengi. Bifreið Snorra var framan við verslunina á sunnudagskvöldið, en þá voru starfsmenn allir í afmælisveislu í Kópavogi.

Verslunarstjórinn gaf skýrslu að nýju fyrir lögreglu 22. september 1992. Sagðist hann þá hafa verið að vinna á skrifstofu fyrirtækisins milli kl. 17 og 18 sunnudaginn 1. desember og ákærðu þá birst og Magnús brugðist þannig við, að skapaðist vandræðalegt augnablik. Ákærðu hefðu staðið við í um 5 mínútur, og virtist skrifstofustjóranum enginn tilgangur vera með komu þeirra í verslunina.

Sölumaðurinn segist hafa komið til vinnu rétt fyrir kl. 9 á mánudags-

morgun. Hann segir Magnús hafa rennt upp að afgreiðsludyrunum og virt fyrir sér búðina, lagt af stað aftur frá versluninni, en séð þá til sölustjórans og lagt bifreiðinni í stæði og opnað verslunina. Þegar þeir komu inn, segir vitnið, að Magnús hafi sagt strax, áður en búið var að kveikja ljós í versluninni, að búið væri að brjótast inn.

Starfsmaður tryggingafélagsins, sem segist hafa komið í verslunina þriðjudaginn 3. desember, segir, að Magnús hafi sagt við sig eitthvað í þá átt, að nú væri komið að því að greiða tryggingabæturnar. Snorri, sem var vitni að þessu atviki, segir, að Magnús hafi spurt, hvort það væri ekki hlutverk tryggingafélagsins að bæta slíkt tjón.

Lögð hafa verið fram tvö skuldabréf, að fjárhæð samtals 887.859 kr., út gefin af Stefáni Sverrissyni 24. nóvember 1991 og 26. s. m., með sjálfskuldarábyrgð Aðalsteins Oddgeirssonar og Jóhönnu Svansdóttur auk ábyrgðar seljanda, Snorra Snorrasonar, f. h. Bláfells/Heimlands hf., og listi, sem Magnús samdi og lagður var til grundvallar tilkynningu til vátryggingafélagsins. Þar eru talin 23 tæki, metin á 839.060 kr. Örn segist hafa tekið 11 – 12 tæki úr búðinni, og fundust 11 tæki í bílnum og á felustaðnum. Magnús bendir á, að listanum hafi verið breytt, eftir að hann lét hann frá sér. Virðist sem tækjafjöldinn hafi aðeins verið 19, áður en skrifað var ofan í upphaflegar tölur.

Ekki þykir ástæða til að trúa fremur þeirri sögu, sem ákærði Örn sagði fyrir dóminum, en þeirri, sem hann hafði áður sagt lögreglu. Ekki þykir það útiloka vátryggingasvik, þótt jafnframt hafi verið ætlunin, að skuldir hlutafélagsins greiddust með tækjunum, sem Örn tók, og þykir sagan um skuldabréfin geta verið sönn að því leyti. Þegar tekið er mið af óumþrættum og óvefengjanlegum staðreyndum málsins og ályktanir dregnar af því, sem fram hefur komið í málinu, einkum í framburði ákærðu og vitnanna, þykir mega leggja til grundvallar þá niðurstöðu, að ákærðu hafi skömmu fyrir brottnám tækjanna rætt um það úrræði til lausnar fjárhagsvanda hlutafélagsins, að brotist yrði inn í fyrirtækið, söluvörur í eigu þess teknar og vátryggingafélag fyrirtækisins síðan krafið um bætur. Í framhaldi af þessu hafi ákærðu farið saman í fyrirtækið síðari hluta sunnudagsins 1. desember 1991, og að kvöldi þess sama dags hafi ákærði Örn farið einn í fyrirtækið, meðan allir starfsmenn þess voru fjarverandi í samkvæmi, og tekið þaðan tæki, eins og nánar greinir í ákæru. Ákærði Magnús hafi síðan gert sér sérstakt erindi í fyrirtækið snemma á mánudagsmorgun, tilkynnt lögreglu um innbrot gegn betri vitund og samið lista um horfna muni, þar sem fleira var talið en horfið hafði. Þessi listi hafi síðan verið lagður til grundvallar bótakröfu á hendur vátryggingafélaginu, ákærði Magnús sótt fast eftir bótum gegn betri vit-

und, þegar fulltrúi vátryggjanda kom á vettvang, og ákærðu í sameiningu hafist handa um að koma hinum brottteknu tækjum í verð og auka með því fé fyrirtækisins og/eða grynna á skuldum þess. Samkvæmt þessu þykir verða að fallast á, að ákærðu hafi gerst sekir um það athæfi, sem þeir eru sakaðir um af hálfu ákæruvalds og réttilega er fært til refsiákvæða í ákæru, út gefinni 3. nóvember 1992.

II. I. *Hvarf myndsendis frá Tómasarhaga 42.*

Föstudaginn 29. mars 1991 tilkynnti Þórir Jensen lögreglu um innbrot í íbúð að Tómasarhaga 42, þar sem hann hafðist við um þær mundir, og hvarf myndsímtækis í sinni eigu þaðan auk fleiri muna. Kvað hann íbúðina hafa verið mannlausa frá 24. mars til 28. s. m. og taldi innbrot hafa verið framið á þeim tíma. Myndsímtækið fannst við húsleit heima hjá ákærða 9. apríl 1993. Sagðist ákærði hafa fengið það sem greiðslu á brennivínsskuld Þóris við sig og tekið við því úr höndum hans að Tómasarhaga 42, sennilega eitthvað fyrr en 29. mars 1991. Hér fyrir dómi hefur ákærði greint nánar svo frá, að hann hafi stundað bar, þar sem Þórir var fastagestur, og að með þeim hafi orðið vinskapur. Ákærði fór að lána Þóri eina og eina flösku, og var hann seinast farinn að skulda töluvert og gat ekki greitt. Ákærði bauðst þá að taka faxtækið upp í skuldina, og féllst Þórir á það. Aðspurður sagði ákærði Þóri alltaf hafa verið drukkinn á þessu tímabili.

Þórir segir, að litið hafi verið eftir íbúðinni, á meðan hann var ekki á landinu, og þá allt reynst í lagi. Hann kveðst hafa kynnst ákærða nokkrum mánuðum fyrir innbrotið og stuðlað að því, að hann fengi ráð á veitingarekstri. Ákærði hafi keypt vínbirgðir fyrir staðinn, sem honum nýttust ekki til sölu; vitnið hafi enga ábyrgð borið á því. Þórir segist ekki minnast þess að hafa fengið áfengi hjá ákærða; það sé ómögulegt, að ákærði hafi lánað sér áfengi, svo að nokkru næmi, þótt hann hafi verið í óreglu á þeim tíma, sem vinskapur þeirra varaði. Kveðst hann þó ekki geta fullyrt, að hann hafi ekki fengið bjórkippu eða sambærilegt magn af öðru áfengi hjá ákærða, en hafi svo verið, hafi ekki verið um að ræða háar fjárhæðir. Myndsímtækið hafi verið það tæki, sem hann mátti síst missa vegna starfa síns. Hann synjar fyrir að hafa látið það af hendi við ákærða.

Ákærði hefur ekki skotið viðhlítandi stoðum undir þá sögu sína, að vitnið hafi afhent sér tækið til eignar, og þegar þess er gætt, að tilkynnt var um þjófnað á tækinu um það leyti, sem ætla verður, að það hafi horfið úr umráðum eiganda þess, og að ekkert hefur komið fram í málinu, sem gerir frásögn vitnisins tortryggilega, en þýfið fannst við þjófaleit hjá ákærða, sem var að eigin sögn kunnugur á innbrotsstaðnum og fékk tækið þar, þykir

annað ekki verða lagt til grundvallar en ákærði hafi sjálfur stolið tækinu og orðið þannig brotlegur við 244. gr. alm. hegningarlaga.

II. II. *Hvarf rafsuðuvélar frá Kleppsvegi 152.*

Hinn 21. júlí 1992 kærði Gunnar Lúðvíksson þjófnað á rafsuðuvél. Hinn 4. ágúst s. á. barst lögreglu til eyrna, að ákærði Örn hefði tekið að sér að koma þýfi í verð fyrir Ágúst Fylkisson. Lögregla yfirheyrði Ágúst þennan dag út af stuldi á rafsuðuvél, og leiddi það til þess, að talað var við ákærða út af því máli. Ákærði vísaði á rafsuðuvél í geymslu, sem hann hafði á leigu í Hafnarfirði. Reyndist hún vera sú hin sama og hafði horfið frá Kleppsvegi 152, og var hún afhent réttum eiganda. Örn sagðist ekkert vita, hver hefði borið vélina þangað. Ágúst hefði lykil að geymslunni, og auðvelt hefði verið að komast inn án lykils. Ágúst synjaði fyrir að hafa stolið vélinni. Hér fyrir dómi sagði ákærði bæði Ágúst og vin hans hafa haft aðgang að geymslunni, sem hafi verið meira og minna opin. Vélsmiðja Hafnarfjarðar, sem á húsnæðið, hefði haft þarna muni í geymslu og lykil. Ágúst segist ekki hafa haft lykil að geymslunni, en getað fengið hann hjá ákærða, og hafi þar verið dót frá vélsmiðjunni.

Ekki þykir efamál, að rafsuðuvélinni hafi verið stolið, eins og að ofan greinir. Þegar þess er gætt, að hún fannst í vörslum ákærða, sem átti heima í næsta nágrenni við innbrotsstaðinn, þykir annað ekki verða lagt til grundvallar en ákærði hafi sjálfur stolið tækinu og orðið þannig brotlegur við 244. gr. alm. hegningarlaga.

II. III. *Hvarf myndsendis og ljósritunarvélar úr húsnæði Sjófangs hf.*

Hinn 18. desember sl. var tilkynnt um innbrot í húsnæði Sjófangs að Hólmaslóð 2 hér í borg. Stolið hafði verið myndsendi og ljósritunarvél. Ákærði setti síðar ljósritunarvélina í viðgerð, en þar fann framkvæmdastjóri Sjófangs hana og tilkynnti lögreglu 21. janúar sl. Ákærði gaf lögreglu þá skýringu 26. s. m., að maður, sem hann vildi ekki nafngreina, hefði látið sig fá vélina upp í skuld um þremur vikum fyrr og fullvissað sig um, að hún væri ekki „heit". Til faxtækisins hefur ekki annað spurst en það, að maður nokkur leitaði upplýsinga hjá Umfangi hf. um, hvernig hann gæti skipt um nafn á sams konar tæki. Honum var sagt að koma með tækið, svo að hægt væri að sýna honum, hvernig þetta væri gert. Starfsmaður Umfangs skráði hjá sér lýsingu á manninum og bifreið hans. Komst lögreglan að því, hver var eigandi bílsins, en rakti það mál ekki frekar. Ákærði hefur ítrekað framburð sinn um ljósritunarvélina fyrir dóminum, en segist ekkert vita um myndsenditækið.

Framburður ákærða um hvarf ljósritunarvélar þykir ekki trúverðugur. Ekki þykir ástæða til að efast um, að henni hafi verið stolið. Þykir þá annað

ekki verða lagt til grundvallar en ákærði hafi sjálfur stolið tækinu og orðið þannig brotlegur við 244. gr. alm. hegningarlaga. Af hálfu ákæruvaldsins hefur ekki verið gerð viðhlítandi grein fyrir þessum þætti málins, að því er varðar myndsendinn, og verður ákærði þá ekki dæmdur fyrir stuld á honum.

Ákærði Örn var dæmdur í sjö mánaða fangelsi, þar af fjögurra mánaða skilorðsbundið í þrjú ár, hér fyrir dómi 28. júní sl. fyrir að falsa og selja skuldabréf í september sl. og brjótast inn og stela peningum, myndbandstæki, myndavél, útvarpsmagnara og sambyggðu útvarps- og segulbandstæki 8. mars 1992 ásamt öðrum. Áður hafði hann tíu sinnum sætt refsingu, þar af átta sinnum síðustu fimm árin. Þar á meðal hlaut hann sektarrefsingu fyrir tékkamisferli árið 1991 og þriggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir þjófnað og hylmingu 1. október sl. Brot þau, sem fjallað er um í máli þessu, eru framin fyrir uppkvaðningu dómsins frá 28. júní sl. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga ber nú að taka upp skilorðshluta þess dóms og dæma ákærða í einu lagi fyrir brot, sem ákært er fyrir í báðum málum, með hliðsjón af 78. gr. s. l. Ekkert hefur komið fram, eftir að dómur var kveðinn upp 15. júlí sl., sem gefur tilefni til annarrar niðurstöðu en þeirrar, sem þá varð, og þykir refsing ákærða samkvæmt því og með tilliti til 77. gr. alm. hegningarlaga svo og til sakaferils ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Ákærði Magnús hefur þrisvar gengist undir sekt fyrir brot á umferðarlögum, 1979, 1990 og 1992, í júní. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt refsingum, svo að kunnugt sé. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi, en rétt þykir að fresta fullnustu þriggja mánaða af þeirri refsingu og að hún falli niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins 15. júlí 1993, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærðu greiði kostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði. Rétt þykir, að kostnaður, sem leiðir af heimvísun málsins, verði greiddur úr ríkissjóði.

Samkvæmt 1. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 skal auk staðsetningar og dagsetningar dóms, heitis dómstóls, nafns dómara og deila á aðilum greina í dómi sakarefni, lýsingu málsatvika í aðalatriðum og röksemdir dómara um niðurstöðu og viðurlög. Um meginatriði þessa máls hefur verið ýtarlegar fjallað en þessi fyrirmæli gera ráð fyrir, en þau þykir bera að skilja svo, að heimilt sé að haga dómasamningu nokkuð eftir eðli máls.

Dómsorð:

Ákærði Örn Karlsson sæti átta mánaða fangelsi og greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 70.000 kr., og

tvo þriðju hluta annars sakarkostnaðar, áfallins 15. júlí 1993, þar með talin saksóknarlaun.

Ákærði Magnús Karlsson sæti sex mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða þeirrar refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá 15. júlí 1993, enda haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 og greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 70.000 kr., og þriðjung annars sakarkostnaðar, áfallins 15. júlí 1993, þar með talin saksóknarlaun. Málsvarnarlaun Arnar Clausen hrl., 15.000 kr., og málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hrl., 15.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Saksóknarlaun ákveðast 50.000 kr.

Sýknað er af refsikröfu vegna hvarfs myndsendis í eigu Sjófangs hf.

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 285/1991. **Dómsmálaráðherra fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og ríkissaksóknari**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Ingimundi Jónssyni
(Gunnar Jóhann Birgisson hrl.) **og gagnsök**

Rannsókn opinbers máls. Valdmörk. Hald á munum. Frelsisskerðing. Mannréttindi. Miskabætur. Höfundaréttur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. júlí 1991, en því var gagnáfrýjað 29. október 1991 að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 16. sama mánaðar.

Aðaláfrýjendur krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og þeim dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar verulega og málskostnaður þá felldur niður.

Gagnáfrýjandi krefst þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða sér skaðabætur samkvæmt XVIII. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. nú XXI. kafla laga nr. 19/1991 um sama efni, að fjárhæð 14.924.800 krónur, með dráttarvöxtum frá 22. desember 1986 til greiðsludags. Til vara krefst hann skaðabóta, að fjárhæð 5.109.750 krónur, með dráttarvöxtum sama tíma. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann nýtur gjafsóknar samkvæmt 154. gr. laga nr. 74/1974, sbr. nú 178. gr. laga nr. 19/1991.

I.

Atvikum málsins er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Með bréfi dómsmálaráðherra til lögreglustjórans í Reykjavík 9. desember 1986 var mælt fyrir um samræmdar aðgerðir gegn myndbandaleigum í

Reykjavík og nálægum byggðarlögum auk Suðurnesja. Eftirlitið átti að beinast að „ofbeldismyndum, klámmyndum, tilvist verslunarleyfa, bókhaldi og skattskilum, svo og hugsanlegum brotum gegn höfundalögum nr. 73/1972 með áorðnum breytingum nr. 78/1984".

Með lögum nr. 57/1961 um breyting á lögum nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála var ákæruvaldið þegið undan dómsmálaráðherra og fengið sérstökum embættismanni, saksóknara ríkisins, sbr. lög nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála. Samkvæmt þeim skyldi saksóknari „hafa gætur á afbrotum, sem framin eru," og kveða á um og hafa yfirstjórn og eftirlit með rannsókn opinberra mála. Haldast skyldu þau sérákvæði í lögum, þar sem svo er mælt, að dómsmálaráðherra kveði á um rannsókn, höfðun og áfrýjun opinberra mála. Þá átti dómsmálaráðherra að hafa eftirlit með framkvæmd ákæruvalds og gat krafið saksóknara skýrslna um einstök mál. Þessi ákvæði voru óbreytt í 20. gr. og 21. gr. laga nr. 74/1974, sbr. nú 25. gr., 26. gr. og 27. gr. laga nr. 19/1991. Með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum um skipan rannsóknar- og ákæruvalds hefði verið rétt, að ríkissaksóknari hefði haft frumkvæði að lögregluaðgerðum af þessu tagi eða ráðuneytið beint þeirri ósk til hans, ef það taldi þess þörf að beita sér fyrir slíku eftirliti. Hins vegar verður við það að miða, að ríkissaksóknari hafi verið með í ráðum um þessar aðgerðir.

II.

Haldlagning á myndböndum hjá gagnáfrýjanda 22. desember 1986 fór að lögum, eins og staðfest var með dómi Hæstaréttar 9. janúar 1987. Á það verður fallist með héraðsdómi, að gagnáfrýjanda hafi ekki tekist að færa sönnur að þeirri staðhæfingu sinni, að hann hafi verið beittur óþarfa-harðræði af hálfu lögreglu, þegar haldlagningin fór fram. Gagnáfrýjanda var meinuð för úr starfsstöð sinni, á meðan aðgerðir lögreglu stóðu yfir, en af gögnum málsins verður ekki ráðið, hvort hann var þá handtekinn í skilningi 61. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 eða hvort úrræðum 65. gr. var beitt. Með hliðsjón af 4. mgr. 61. gr. laganna hefði verið rétt að leyfa gagnáfrýjanda að hafa samband við lögmann þegar í upphafi aðgerða, en það fékk hann ekki fyrr en um það bil tveimur klukkustundum síðar, þegar

úrskurður sakadóms Reykjavíkur um húsleit og haldlagningu lá fyrir. Þetta haggar þó ekki framangreindri niðurstöðu.

Eigi skiptir máli við úrlausn um bótarétt gagnáfrýjanda, á hvern veg samráði lögreglu við Kvikmyndaeftirlit ríkisins og Samtök rétthafa myndbanda á Íslandi var háttað, áður en til lögregluaðgerða kom.

III.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum skyldu innflytjendur, framleiðendur eða dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda kveðja skoðunarmenn samkvæmt VI. kafla þágildandi laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna til að leggja mat á sýningarhæfni kvikmynda. Fram er komið í málinu, að Kvikmyndaeftirlit ríkisins annaði ekki á þessum tíma skoðun og merkingu allra þeirra myndbanda, sem voru á markaði við gildistöku laga nr. 33/1983, en fyrir þann tíma fór skoðun kvikmynda eingöngu fram í kvikmyndahúsum. Samkvæmt framlagðri skýrslu Auðar Eydal, forstöðumanns Kvikmyndaeftirlits ríkisins, var sá háttur hafður á að láta dreifingaraðilum myndbanda í té vottorð eftir skoðun myndar hjá eftirlitinu ásamt tilteknum fjölda merkimiða, og áttu þeir þá sjálfir að líma miðana á spólur og hlífðarkápur. Ljóst er af gögnum málsins, að veruleg brögð hafa verið að því, að í útleigu hafi verið ómerkt myndbönd, sem Kvikmyndaeftirlit ríkisins hafði þó skoðað.

Í skýrslum lögreglu gætir nokkurrar ónákvæmni um fjölda myndbanda gagnáfrýjanda. Þar kemur fram, að lagt hafi verið hald á 967 myndbönd hjá honum, en farið hafi verið yfir 988 myndir. Af þeim munu fjórar eða fimm hafa verið á bannlista Kvikmyndaeftirlits ríkisins sem ofbeldismyndir og ein eftirgerð, en gagnáfrýjandi veitti að lokum viðtöku 984 myndböndum. Af þessum myndböndum báru 973 ekki með sér heimild rétthafa til sýningar, og var meðferð gagnáfrýjanda á þeim talin fela í sér brot á höfundalögum nr. 73/1972. Í yfirlitsskýrslu segir, að 74 myndbönd hafi verið með merki kvikmyndaeftirlitsins, en 899 hafi verið ómerkt.

Engra gagna nýtur í málinu um það, hversu mörg þessara ómerktu myndbanda hafi áður hlotið skoðun Kvikmyndaeftirlits

ríkisins. Gagnáfrýjanda var að lögum óheimilt að hafa óskoðuð og ómerkt myndbönd á boðstólum til útleigu, og er ábyrgð hans óháð verkframkvæmd kvikmyndaeftirlitsins. Hann hefur á engu stigi málsins sýnt fram á, að hann hafi haft heimild rétthafa til sýningar 973 myndbanda eða að hluti myndbandanna umfram 74 eintök hafi verið sams konar myndbönd og Kvikmyndaeftirlit ríkisins hafði skoðað og heimilað sýningar á.

IV.

Í bréfi sínu til Rannsóknarlögreglu ríkisins 7. febrúar 1990 lýsti ríkissaksóknari því, að eigi þættu efni til frekari aðgerða í máli gagnáfrýjanda af ákæruvaldsins hálfu. Í bréfinu sagði, að gagnáfrýjandi hefði ekki lagt fram gögn því til sönnunar, að hann hefði heimild til útleigu myndbandanna. Til rökstuðnings niðurfellingu var vísað til samkomulags milli Samtaka rétthafa myndbanda og Samtaka íslenskra myndbandaleigna 19. janúar 1988, afstöðu kærenda og bréfs frá lögmanni gagnáfrýjanda 12. júlí 1989, en þessara gagna getur síðar. Verður eigi talið, að fullnægt sé bótaskilyrði 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974. Þá er og ljóst, að nægilegt tilefni og lögmælt skilyrði voru til aðgerða lögreglu á hendur gagnáfrýjanda 22. desember 1986, sbr. 1. og 2. tl. 151. gr. laganna.

V.

Hin umdeilda haldlagning hjá gagnáfrýjanda fór fram 22. desember 1986, eins og áður greinir. Reynt var að skila gagnáfrýjanda þremur myndböndum 7. janúar 1987, en hann neitaði viðtöku þeirra. Lögmaður hans ritaði dómsmálaráðuneytinu 8. janúar sama ár og krafðist þess, að myndböndunum yrði skilað ásamt lista yfir þau, svo að gagnáfrýjanda gæfist færi á að krefjast skaðabóta fyrir dómstólum. Því bréfi var ekki svarað. Lögregla virðist í febrúar 1987 hafa lokið athugun og skráningu þeirra myndbanda, sem hald var lagt á hjá gagnáfrýjanda. Honum var hvorki þá né síðar afhent skrá lögreglunnar um hin haldlögðu myndbönd. Lögreglustjórinn í Reykjavík sendi Rannsóknarlögreglu ríkisins málið til frekari meðferðar 18. ágúst 1987.

Hinn 19. janúar 1988 undirrituðu framkvæmdastjórar Samtaka rétthafa myndbanda og Samtaka íslenskra myndbandaleigna samkomulag um það meðal annars að beita sér fyrir því, að gerðar yrðu

sáttir í þeim málum, sem til rannsóknar voru vegna lögregluaðgerða og haldlagningar hjá myndbandaleigum í desember 1986 og janúar 1987. Sáttirnar áttu að byggjast á því, að allt haldlagt myndbandaefni, sem höfundaréttargjald hefði ekki verið greitt af, yrði gert upptækt til Samtaka rétthafa myndbanda. Skaðabóta- og refsikröfur rétthafa yrðu dregnar til baka og til þess mælst við ákæruvaldið, að ekki yrði ákært í málunum að öðru leyti. Framkvæmdastjóri Samtaka rétthafa myndbanda bar fyrir dómi, að rannsóknarlögreglustjóra ríkisins hefði verið kynnt, að samkomulag þetta væri í undirbúningi, en ekki er ljóst, hvenær það var gert.

Lögmaður gagnáfrýjanda ritaði rannsóknarlögreglustjóra ríkisins bréf 25. apríl 1989 og sagði, að þolinmæði gagnáfrýjanda væri á þrotum og vildi hann fá á hreint, hver réttarstaða sín væri í málinu. Hann óskaði svara við því, hvort opinber rannsókn væri í gangi, hvort og þá hvenær opinbert mál yrði höfðað og hvort og hvenær umræddum myndböndum yrði skilað. Þessu bréfi var ekki svarað, en gagnáfrýjandi var kvaddur til skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni 1. júní 1989, hinnar fyrstu og einu í málinu. Lögmaðurinn ritaði rannsóknarlögreglunni að nýju 12. júlí sama ár og vísaði til viðræðna og hugmynda um samkomulag. Það átti að felast í því, að gagnáfrýjandi fengi myndböndin afhent til einkanota og félli þá frá öllum hugsanlegum kröfum á hendur ríkisvaldinu. Svara var óskað innan tíu daga, en ekkert svar barst.

Eins og áður greinir, voru gagnáfrýjanda afhent myndböndin 2. apríl 1990, eftir að ríkissaksóknari felldi málið niður með bréfi til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins 7. febrúar sama ár. Gagnáfrýjanda var ekki tilkynnt formlega um þær lyktir málsins. Lögmaður hans ritaði ríkissaksóknara 28. september 1990 og spurði, hvort málinu væri lokið af hálfu ákæruvaldsins og hvort rannsóknin hefði verið felld niður. Ríkissaksóknari svaraði lögmanninum 31. október sama ár, eftir að mál þetta hafði verið höfðað, og greindi frá framangreindu bréfi sínu til rannsóknarlögreglunnar.

VI.

Í 6. gr. Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, sem birtur var hér á landi með auglýsingu nr. 11/1954 og veitt var lagagildi ásamt síðari viðaukum með

lögum nr. 62/1994, segir meðal annars, að sakaður maður eigi rétt til réttlátrar og opinberrar málshöfðunar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Hann skal án tafar fá vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru, sem hann sætir. Í 1. mgr. 138. gr. laga nr. 74/1974 segir, að hraða skuli meðferð opinberra mála fyrir dómi eftir föngum, sbr. nú 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991. Þá segir í 38. gr. laga nr. 74/1974, að lögreglumenn skuli gæta þess í störfum sínum, að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er, eftir því sem á stendur.

Ljóst er, að rannsókn lögreglu eftir haldlagningu hjá gagnáfrýjanda 22. desember 1986 fór mjög úr böndum og vítavert seinlæti einkenndi alla meðferð málsins. Erindum lögmanna hans til lögregluyfirvalda var ekki svarað, og hann fékk hvorki upplýsingar um framvindu rannsóknarinnar né heiti og fjölda þeirra myndbanda, sem lögregla lagði hald á. Hann var ekki kvaddur til skýrslutöku hjá lögreglu fyrr en rúmu tveimur og hálfu ári eftir haldlagninguna, og honum var ekki gerð sérstök grein fyrir niðurfellingu rannsóknar rúmum þremur árum eftir hana, sbr. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 74/1974. Samningsumleitanir hagsmunaaðila í myndbandaviðskiptum kunna að varpa einhverju ljósi á þá töf, sem varð á afgreiðslu máls gagnáfrýjanda, en þær fá með engu móti réttlætt þennan óhæfilega drátt.

Þótt hinni umræddu haldlagningu hjá gagnáfrýjanda hafi ekki verið áfátt að lögum, verður engu að síður að telja, að meðferð málsins hjá rannsóknaraðilum, sem á eftir fór og að framan er lýst, hafi verið svo andstæð þeim rétti sakaðra manna, sem varinn er í lögum um meðferð opinberra mála og skýra verður með hliðsjón af Mannréttindasáttmála Evrópu, að gagnáfrýjanda beri bætur eftir grunnreglum síðari málsliðar 2. tl. 151. gr., sbr. 3. tl. 154. gr., þágildandi laga nr. 74/1974, sbr. nú b-lið 176. gr. laga nr. 19/1991. Þar sem gagnáfrýjanda voru ekki tilkynntar lyktir rannsóknar á hendur honum og ósannað er, að hann hafi fengið vitneskju um þær sex mánuðum fyrir höfðun þessa máls, geta aðaláfrýjendur ekki borið fyrir sig fyrningu samkvæmt 157. gr. laga nr. 74/1974.

Gagnáfrýjandi hefur ekki sýnt fram á rétt sinn til útleigu þorra þeirra myndbanda, sem hald var lagt á. Þá nýtur ekki gagna um það, að myndböndin hafi orðið fyrir vatnsskemmdum í vörslu lögreglunnar. Er því ekki grundvöllur til að bæta honum fjártjón.

Miskabætur honum til handa þykja hæfilega ákveðnar 200.000 krónur. Þær skulu bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá uppsögu þessa dóms til greiðsludags, sbr. 15. gr. laganna.

Aðaláfrýjendur skulu greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og ríkissaksóknari, greiði gagnáfrýjanda, Ingimundi Jónssyni, 200.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá uppsögu þessa dóms til greiðsludags.

Allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Gunnars Jóhanns Birgissonar héraðsdómslögmanns, 150.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. apríl 1991.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 5. apríl sl., hefur Ingimundur Jónsson, kt. 030947-3209, Jóruseli 17, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 16. október 1990, á hendur dómsmálaráðherra, Óla Þ. Guðbjartssyni, kt. 270835-4229, og fjármálaráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni, kt. 140543-3229, fyrir hönd ríkissjóðs, kt. 550169-2829, til greiðslu skaðabóta samkvæmt XVIII. kafla laga nr. 74/1974. Þá er og stefnt Hallvarði Einvarðssyni ríkissaksóknara, kt. 021231-2669, til þess að gæta réttar ríkisvaldsins samkvæmt ákvæðum 154. gr. laga nr. 74/1974.

Dómkröfur stefnanda eru eftirgreindar:

1. aðallega, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta samkvæmt XVIII. kafla laga nr. 74/1974, að fjárhæð 14.924.800 kr., ásamt [nánar tilgreindum vöxtum],

2. til vara, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta samkvæmt XVIII. kafla laga nr. 74/1974, að fjárhæð 5.109.750 kr., ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

3. Bæði í aðal- og varakröfu gerir stefnandi kröfu um, að dráttarvextir leggist við tildæmdan höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mán-

uðum eftir upphafsdag vaxtanna. Auk þess krefst hann málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og um væri að ræða gjafsóknarmál, en hann segir stefnanda hafa samkvæmt ákvæðum 154. gr. laga nr. 74/1974 gjafsókn í máli þessu, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu skv. 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Til vara krefjast þeir, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir málavexti vera þá, að 22. desember 1986, nánar tiltekið kl. 17.00, hafi tveir lögreglumenn komið í fyrirtæki stefnanda, Vídeóspólunna, Holtsgötu 1, Reykjavík, og lokað fyrirtækinu.

Stefnandi, Ingimundur Jónsson, eigandi Vídeóspólunnar, hafi verið fjarverandi, þegar þetta hafi gerst. Starfsmaður stefnanda, Jón Kristjánsson, hafi fengið að hringja í hann eftir nokkurt málþóf, og hafi stefnandi komið í fyrirtæki sitt nokkrum mínútum síðar.

Lögreglumennirnir hafi spurt stefnanda að því, hvort hann væri með einhverjar ofbeldismyndir eða klámmyndir til útleigu. Jafnframt hafi þeir spurt hann um verslunarleyfi. Stefnandi hafi beðið um að fá að sjá einhverja pappíra eða skjöl, sem staðfestu, að þeir hefðu heimild fyrir því að loka fyrirtæki hans. Lögreglumennirnir hafi sýnt honum bréf frá dómsmálaráðuneytinu, þar sem komið hafi fram, að lögregluyfirvöld hafi átt að kanna hjá vídeóleigum verslunarleyfi, reikningsskil, ofbeldis- og klámmyndir og ætluð brot gegn höfundaréttarlögum. Stefnandi hafi ekki fengið afrit af bréfi þessu.

Stefnandi hafi ekki sætt sig við umrædda heimild lögreglunnar og talið aðgerðirnar ólögmætar. Hafi hann beðið um að fá að hringja í lögfræðing, en ekki fengið. Hafi honum verið sagt, að ef hann héldi ekki ró sinni, yrði hann handjárnaður. Eftir mikið málþóf hafi honum verið leyft að hringja eitt símtal. Hafi hann náð sambandi við lögfræðing, sem hafi sagt honum að krefjast þess að fá dómsúrskurð um lögmæti aðgerðarinnar. Stefnandi hafi farið að ráðum lögfræðingsins og beðið um úrskurð. Skömmu síðar hafi fleiri lögreglumenn komið á staðinn ásamt Þórði Þórðarsyni, fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík. Skömmu síðar hafi lögregluþjónn komið með úrskurð frá sakadómi Reykjavíkur, þar sem heimiluð hafi verið húsleit í

myndbandaleigunni Vídeóspólunni. Hvorki hafi rökstuðningur í forsendum úrskurðar sakadóms Reykjavíkur verið nokkur né hafi krafa lögreglustjórans í Reykjavík um húsleit verið rökstudd með fullgildum rökum. Í úrskurðinum sé einfaldlega vísað til þess, að nú standi yfir eftirlitsátak með ofbeldismyndum, sbr. lög nr. 33/1983, klámmyndum, tilvist verslunarleyfa, bókhaldi og skattskilum, svo og ætluðum brotum gegn höfundalögum, sbr. lög nr. 78/1984, eins og segi í úrskurðinum. Á þessum grundvelli hafi krafa lögreglustjórans í Reykjavík verið tekin til greina með vísun í 48. gr. og 51. gr. laga nr. 74/1974.

Því næst hafi lögreglan byrjað að yfirfara bókhald og leita að klámmyndum og ofbeldismyndum. Þá hafi verið lagt hald á öll myndbönd, sem ekki hafi verið merkt af Kvikmyndaeftirliti ríkisins eða íslenskum umboðsaðilum. Þetta hafi verið gert, þrátt fyrir það að stefnandi hafi bent lögreglumönnunum á, að vegna manneklu hefði Kvikmyndaeftirlit ríkisins ekki getað fullnægt skyldum sínum að skoða öll myndbönd, og því væru ekki öll myndbönd merkt af kvikmyndaeftirlitinu. Um 40% af öllum myndböndum Vídeóspólunnar hafi verið tekin í þessum aðgerðum. Stefnandi hafi ekki fengið tækifæri til þess að skrá myndböndin, sem lagt hefði verið hald á. Hið eina, sem hann hefði fengið vitneskju um, væri fjöldi myndbanda, sem lagt hefði verið hald á. Voru þau sögð hafa verið 967 að tölu. Aðgerðum lögreglunnar hafi lokið kl. 23.30.

Eftir aðgerðirnar hafi velta í fyrirtæki stefnanda dregist saman. Þessar samræmdu aðgerðir lögreglunnar hafi fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum. Eigendur myndbandaleigna hafi verið stimplaðir sem glæpamenn, og hafi það komið niður á útleigu myndbanda. Mikil vinna, tími og fjármagn hafi farið í það að koma fyrirtæki stefnanda á skrið að nýju.

Stefnandi hafi reynt nokkrum sinnum að fá upplýsingar um það, hvaða myndbönd lögreglan hefði tekið, en án árangurs. Snemma árs 1989 hafi Ingimundur fengið vitneskju um, að málið væri í höndum Rannsóknarlögreglu ríkisins. Lögmaður stefnanda innti Rannsóknarlögreglu ríkisins eftir gangi málsins í bréfi, dagsettu 25. apríl 1989, og hvort umræddum myndböndum yrði skilað aftur. Fátt hafi orðið um svör, en þó hafi stefnandi verið kallaður til yfirheyrslu vegna málsins. Þar hafi ekkert nýtt komið fram. Hinn 28. september 1990 hafi lögmaður stefnanda skrifað bréf fyrir hans hönd til ríkissaksóknara. Í bréfinu hafi verið spurt, hvort rannsókn málsins væri lokið og hvort málið hefði verið fellt niður. Engin svör hafi borist.

Hinn 2. apríl 1990 hafi stefnanda verið skilað 984 myndböndum eða fleiri böndum en tekin höfðu verið á sínum tíma. Í skýrslu, sem unnin hafi verið af lögreglunni í Reykjavík um myndbönd þau, sem hald hafi verið lagt á,

séu taldir upp titlar, sem stefnandi kannist ekkert við, og ljóst sé, að hafi aldrei tilheyrt Vídeóspólunni.

Í umræðum á Alþingi, nánar tiltekið í sameinuðu þingi 10. desember 1987, hafi komið fram hörð gagnrýni á aðgerðir lögreglunnar. Dómsmálaráðherra hafi varið aðgerðir lögreglunnar, en viðurkennt þó, að hvorki væru línurnar, hvað höfundaréttinn snerti, skýrar né heldur hlutverk hins opinbera í málum af þessu tagi. Í umræðunum hafi komið fram, að rétt væri, að ríkið greiddi gerðarþolum leigu fyrir myndböndin, sem lagt hefði verið hald á.

– – –

6.0.

Forsendur og niðurstaða.

Tilefni aðgerða þeirra, sem mál þetta snýst um, var eftirlitsátak með myndbandaleigum, sem dómsmálaráðuneytið taldi tilefni til að framkvæma. Ekki verður séð, að haldlagningunni hafi að formi til verið ábótavant, enda fór hún fram á grundvelli húsleitarúrskurðar sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 22. desember 1986, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 9. janúar 1987.

Í þeim dómi segir m. a.: „Í fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem getið er í hinum kærða úrskurði, kemur fram, að tilefni þeirra hafi verið ábendingar frá Kvikmyndaeftirliti ríkisins." Síðar segir enn fremur: „Samkvæmt lögregluskýrslu, sem lögð hefur verið fram í málinu, fór fram með heimild í hinum kærða úrskurði leit í húsakynnum Vídeóspólunnar, og var lagt hald á 967 myndbönd. Í skýrslunni segir, að fundist hafi þó nokkuð margar spólur, sem ekki voru merktar af kvikmyndaeftirlitinu, og mikið af spólum, sem ekki voru merktar íslenskum umboðsaðilum. Verður að ætla, að eigi hafi verið tök á að kanna myndböndin strax á vettvangi. Lögreglurannsóknin beinist sérstaklega að því að upplýsa, hvort varnaraðili hafi brotið ákvæði laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og ákvæði höfundalaga nr. 73/1972, sbr. lög nr. 78/1984. Samkvæmt 43. gr. laga nr. 74/1974 skal leggja hald á muni, sem ætla má, að hafi sönnunargildi í opinberu máli, eða ætla má, að gerðir verði upptækir." Stefnandi krefst bóta fyrir fjártjón og miska, er hann telur sig hafa orðið fyrir, vegna þess að hald hafi verið lagt á 967 myndbönd, en þær aðgerðir hafi verið tilefnislausar og lögmæt skilyrði skort.

Af málsgögnum má ráða, að flest þau myndbönd, sem hald var lagt á, hafi annaðhvort ekki borið þess merki, að þau hafi verið skoðuð af Kvikmyndaeftirliti ríkisins, eða verið merkt íslenskum umboðsaðilum. Dómur-

inn telur, að til þess að fullar bætur vegna upphafsaðgerðanna verði tildæmdar í bótamáli sem þessu, verði tjónþoli að sýna fram á, að hann hafi átt rétt til leigu myndbandanna. Þótt ekki hafi verið sýnt fram á það af hálfu réttþafa, að þessi starfsemi væri ólögmæt, hvílir samt sem áður á tjónþola sönnunarbyrðin um, að brotið sé á rétti, sem hann eigi tvímælalaust tilkall til.

Í dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 19. febrúar 1990 í sakadómsmálinu: ákæruvaldið gegn Björgvin Ólafssyni, Guðrúnu Elise Jacobsen og Pétri Ólafi Pálssyni, var til úrlausnar, hvort ákærðu hefðu brotið gegn ákvæðum 3. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. og 1. tl. 2. mgr. 54. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. lög nr. 78/1984, sbr. 1. og 2. tl. 4. gr. fylgiskjals nr. I með auglýsingu nr. 110/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið og auglýsingu nr. 82/1956 um aðild Íslands að alþjóðasamningi um höfundarétt. Ákærðu voru sýknuð af ákæru í máli þessu á þeirri forsendu, að höfundaréttur að erlendum kvikmyndum njóti ekki refsiverndar hér á landi, nema hlutaðeigandi ríki sé aðili að Bernarsambandinu og sú aðild hafi verið auglýst í Stjórnartíðindum. Í framangreindu sakadómsmáli var talið, að síðargreinda skilyrðinu hefði ekki verið fullnægt, og var því sýknað af ákæruatriðum. Af framangreindum dómi verða ekki dregnar aðrar ályktanir en þær, að höfundaréttur að erlendum kvikmyndum njóti ekki refsiverndar hér á landi nema að framangreindum skilyrðum fullnægðum.

Dómurinn lítur svo á, að það hafi ekki leyst stefnanda undan ábyrgð samkvæmt lögum nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum, að kvikmyndaeftirlitið hafi átt í örðugleikum með að anna hlutverki sínu lögum samkvæmt. Af gögnum málsins má ráða, að einungis 4 eða 5 myndbönd hafi fundist hjá stefnanda, sem hafi verið á bannlista Kvikmyndaeftirlits ríkisins. Á hinn bóginn kom fram í yfirheyrslum fyrir dómi, að hugsanlegt væri, að einhver myndbönd, sem lagt hefði verið hald á, hefðu þegar verið skoðuð af kvikmyndaeftirlitinu, þótt þau bæru þess ekki merki, en rekja mætti þessi vinnubrögð til manneklu Kvikmyndaeftirlits ríkisins.

Við munnlega skýrslutöku fyrir dómi kom fram hjá þáverandi forstöðumanni Kvikmyndaeftirlits ríkisins, að ekki hefði verið haft samráð við kvikmyndaeftirlitið um þessa sérstöku aðgerð. Enn fremur bar hann fyrir rétti, að hann hefði ráðið frá því, að staðið yrði að aðgerðunum með þeim hætti, sem raun varð á, ef til hans hefði verið leitað. Verður að telja, að undirbúningi aðgerðanna hafi að þessu leyti verið ábótavant og ekki í samræmi við fyrirmæli dómsmálaráðuneytisins í bréfi til lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 9. desember 1986. Verður því að ályktа, að markmið aðgerðanna

hafi öðru fremur verið að gera upptæk myndbönd vegna ætlaðra brota á höfundarétti.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, verður ekki séð, að á þeim tíma, er haldlagningin fór fram, hafi legið ljóst fyrir um rétt stefnanda til leigu greindra myndbanda. Að þessu virtu og sé litið til áðurgreinds dóms Hæstaréttar frá 9. janúar 1987, verður að telja, að tilefni hafi verið nægjanlegt til aðgerðanna og þær því réttlætanlegar, eins og á stóð.

Stefnandi telur, að aðgerðin sjálf hafi verið framkvæmd með ruddalegum og klaufalegum hætti af hálfu lögreglunnar. Ruðst hafi verið inn í fyrirtæki sitt og því lokað. Reynt hafi verið að koma í veg fyrir, að stefnandi hringdi til þess að kanna réttarstöðu sína. Vinnuaðferðir lögreglunnar hafi þannig verið vafasamar. Myndbönd hafi verið fjarlægð, án þess að stefnanda gæfist tóm til að skrá, hvað tekið hefði verið, o. fl.

Stefndu vísa þessum staðhæfingum á hinn bóginn á bug. Ekkert styðji, að framkvæmd hafi verið með þeim hætti, sem stefnandi lýsi. Í hvívetna hafi verið löglega staðið að aðgerðunum og í samræmi við reglur VI. og VII. kafla oml.

Dómurinn er þeirrar skoðunar, að gegn mótmælum stefndu verði að leggja sönnunarbyrðina á stefnanda fyrir staðhæfingum hans um ruddaskap lögreglunnar. Verður að telja, að honum hafi ekki tekist sú sönnun. Á hinn bóginn þykir upplýst, að nokkur höft hafi verið lögð á stefnanda, er aðgerðirnar fóru fram, og að þeim hafi upphaflega verið fylgt óþarflega fast eftir á myndbandaleigunni; t. d. var stefnanda ekki gefinn kostur á að skrá hjá sér, á hvaða myndbönd hald var lagt. Hefði a. m. k. verið eðlilegt, að honum hefði, svo fljótt sem kostur var, verið afhentur listi yfir þau myndbönd, sem hald var lagt á. Þykir rétt að taka tillit til þess við úrlausn þessa máls stefnanda til ábata, hversu harkalega var gengið til verks í upphafi.

Rekstur málsins mun í stórum dráttum hafa verið með þeim hætti, að leit og haldlagning hjá stefnanda fór fram 22. desember 1986. Að lokinni skoðun var reynt 7. janúar 1987 að skila aftur í myndbandaleiguna þremur myndböndum í hylki. Dómur Hæstaréttar, þar sem úrskurður sakadóms Reykjavíkur um heimild til húsleitar í myndbandaleigunni var staðfestur, var upp kveðinn 9. janúar 1987. Lögreglustjórinn í Reykjavík sendi Rannsóknarlögreglu ríkisins gögn málsins með bréfi, dagsettu 18. ágúst 1987. Í bréfinu kom m. a. fram, að fimm myndir væru á bannlista Kvikmyndaeftirlits ríkisins og ein ætluð ólögleg eftirgerð. Hinn 10. desember 1987 urðu umræður á Alþingi um þessar aðgerðir.

Hinn 25. apríl 1989 ritaði lögmaður stefnanda Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf. Í bréfinu var farið fram á, að stefnandi yrði upplýstur um gang

málsins og hvort umræddum myndböndum yrði skilað. Skýrsla var tekin af stefnanda hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 1. júní 1989. Fékk stefnandi þá frest til 7. júní 1989 til að leggja fram gögn, er sönnuðu, að hann hefði haft heimild rétthafa til leigu þeirra mynda, sem hald var lagt á. Með bréfi, dagsettu 12. júlí 1989, ritaði lögmaður stefnanda Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf um málamiðlun í málinu.

Hinn 5. október 1989 var tekin skýrsla af Knúti Bruun hrl., sem hafði verið í fyrirsvari fyrir Samtök rétthafa myndbanda á Íslandi, er aðgerðir lögreglu fóru fram, og komið fram fyrir þeirra hönd með kröfur. Þar var upplýst, að samtökin hefðu verið lögð niður á haustmánuðum 1988 og umboð hans þá jafnfamt fallið niður. Upplýsti hann, að ekki lægju fyrir sérstök tilmæli frá erlendum umbjóðendum sínum í þessum málum og að á þessu stigi gerði hann ekki frekari kröfur.

Hinn 20. október 1989 sendi Rannsóknarlögregla ríkisins ríkissaksóknara mál stefnanda. Ríkissaksóknari tók ákvörðun í málinu með bréfi, dagsettu 7. febrúar 1990, og kom þar fram, að ekki þættu efni til frekari aðgerða. Hinn 6. mars 1990 endursendi Rannsóknarlögregla ríkisins síðan lögreglustjóranum í Reykjavík gögn í málum 36 myndbandaleigna, þar á meðal mál stefnanda, og lagði fyrir hann að skila stefnanda myndböndum vegna ætlaðra brota á höfundalögum. Í kjölfar ákvörðunar ríkissaksóknara og bréfs rannsóknarlögreglustjóra var í febrúar og mars 1990 fjallað á Alþingi og í fjölmiðlum um fyrningu sektarrefsinga í þessum málum og um niðurfellingu mála vegna brota á höfundalögum. Hinn 2. apríl 1990 var stefnanda skilað 984 myndbandsspólum. Hinn 28. september 1990 skrifaði lögmaður stefnanda ríkissaksóknara bréf. Í bréfinu var spurt, hvort rannsókn málsins væri lokið og hvort málið hefði verið fellt niður. Engin svör bárust.

Svo sem ljóst má vera af þessari frásögn, hefur gangur mála verið allt of hægur. Sú skýring hefur komið fram af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, að þar sem samkomulag um þetta efni hafi verið í sjónmáli veturinn og vorið 1988 milli Samtaka rétthafa myndbanda (SRM) og Samtaka íslenskra myndbandaleigna (SÍM), hafi verið talið óþarft að flýta málinu. Slíkt samkomulag var undirritað af framkvæmdastjórum félaganna 19. janúar 1988, þótt það öðlaðist ekki gildi, þar sem það var aldrei samþykkt á aðalfundi félaganna.

Eitt megineinkenni á góðri meðferð opinberra mála er, að hún sé vönduð og fljótvirk, ella er þess að vænta, að réttaröryggi skerðist. Auðsæ er nauðsyn þess, að málsmeðferð gangi fljótt og vel, sbr. 138. gr. laga nr. 74/1974. Hagsmunir réttarfars af tryggilegri og fljótvirkri málsmeðferð koma og skýrt fram í fyrningarreglum, svo sem þeim, er stefndu bera fyrir sig.

Það er skoðun dómsins, að þessi meginregla hafi verið fyrir borð borin til tjóns fyrir stefnanda. Ekkert virðist t. d. hafa gerst í þessu máli frá því í ágúst 1987 þar til í júní 1989, í tæp tvö ár. Rannsóknin hefur og að öðru leyti verið mjög seinvirk. Breytir hér engu um, að um mikinn fjölda myndbanda var að ræða, þar sem hið opinbera ákvað sjálft, hversu mikið það færðist í fang í þessu efni.

Þá er í upphafi fullyrt, að tekin hafi verið 967 myndbönd við umrædda haldlagningu, en síðar sagt, að 984 myndböndum hafi verið skilað stefnanda og fimm myndbönd tekin, þar sem þau hafi verið á bannlista Kvikmyndaeftirlits ríkisins. Hins vegar sendi rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík Rannsóknarlögreglu ríkisins einungis fjögur myndbönd, og voru þau tilgreind og sögð á bannlista. Þegar skýrsla rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík er virt, kemur í ljós, að ósamræmi er í niðurstöðutölum í skýrslugerð. Ekki fengust fyrir dómi neinar skýringar á þessu ósamræmi. Ekki er heldur að finna óyggjandi skýringar í skýrslu Baldvins Einarssonar lögregluþjóns um myndbönd, merkt íslenskum dreifingaraðilum, dagsettri 2. mars 1987. Á hinn bóginn er talið, að yfirfarið myndefni hafi verið 989 spólur. Þannig er aldrei samræmi í niðurstöðutölum um fjölda myndbanda, sem hald var lagt á frá stefnanda. Þá hefur komið fram sú fullyrðing stefnanda, sem fengið hefur stuðning í framburði lögreglumanna, að myndböndin hafi orðið fyrir vatnsskemmdum í geymslu lögreglunnar. Þá hefur og komið fram, að 12 myndbönd hafi verið afhent öðrum aðilum, og hefur sú ráðstöfun ekki verið studd nægjanlegum rökum.

Til þess er vitnað af hálfu stefndu, að forsenda fyrir bótarétti samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 sé sú, að stefnandi þurfi að fullnægja því skilyrði, að líklegra sé, að hann hafi verið saklaus en sekur um þá háttsemi, sem hann hafi verið borinn í rannsókninni. Þar sem stefnandi hafi ekki þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir við rannsókn málsins lagt fram gögn, er sanni rétt hans til þess að dreifa myndböndunum með leigu, verði ályktað, að stefnandi sé líklegri til að vera sekur en saklaus af brotum gegn 1., 2. og 3. gr. laga nr. 3/1983 og 3. gr., 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. og V. kafla höfundalaga nr. 73/1972, sbr. lög nr. 78/1984, sbr. 1. og 2. tl. 4. gr. fylgiskjals nr. I með auglýsingu nr. 110/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74/1947 um sama efni og auglýsingu nr. 82/1956 um aðild Íslands að alþjóðasamningi um höfundarétt.

Eins og atvikum er háttað í máli þessu, einkum þegar litið er til umfangs lögregluaðgerðanna og að um réttaróvissu virðist að ræða vegna ætlaðra brota á höfundarétti, sbr. framangreindan dóm sakadóms Reykjavíkur frá 19. febrúar 1990, telur dómurinn þrátt fyrir orðalag 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974 ekki fært að hafna bótum til handa stefnanda á þessari forsendu.

Stefndu telja bótakröfu stefnanda fyrnda, sbr. 157. gr. laga nr. 74/1974, en samkvæmt grein þessari fyrnist bótakrafa m. a. á sex mánuðum frá vitneskju aðila um ákvörðun um niðurfall rannsóknar. Ekki verður á það fallist, að umræður á Alþingi eða umfjöllun í fjölmiðlum hafi veitt stefnanda nægilega vitneskju um niðurfall rannsóknar, til að við það verði miðað við upphaf fyrningarfrests. Ekki verður heldur talið, að stefnandi hafi getað litið á afhendingu myndbandanna 2. apríl 1990 sem ákvörðun um niðurfellingu rannsóknar, enda er hann ekki löglærður. Eins og á stóð, hefði verið nauðsynlegt, að afhendingunni hefði fylgt formleg tilkynning um það efni, sbr. 42. gr. laga nr. 74/1974, enda hafði stefnandi spurst fyrir um gang málsins hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi, dagsettu 25. apríl 1989. Þá liggur fyrir fyrirspurn stefnanda í bréfi, dagsettu 28. september 1990, um þetta efni til ríkissaksóknara, sem ekki var svarað. Að þessu öllu virtu telur dómurinn, að fyrningarfrestur hafi ekki verið liðinn, er málið var höfðað.

Stjórnvöldum ber að gæta þess, að eðlilegt vægi sé á milli þeirra opinberu hagsmuna, sem ætlunin er að vernda, og þeirra aðgerða, sem gripið er til. Aðgerðirnar verða að helgast af þeim markmiðum, sem ætlað er að ná. Ekki má vera misvægi milli ætlaðra brota og þeirra aðgerða, sem beita skal. Aðgerðir lögreglu þurfa, hlutrænt séð, að vera nauðsynlegar, markvissar og mega ekki ganga lengra en efni eru til. Segir m. a. í 38. gr. laga nr. 74/1974, að lögreglumenn skuli gæta þess í störfum sínum, að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er, eftir því sem á stendur.

Dómurinn telur, eins og áður er rakið, upphaflegar aðgerðir nokkuð harkalegar. Mikill seinagangur hefur einkennt málsmeðferð, sem ekki leiddi til áfellis. Seint og um síðir var rannsóknargögnum skilað án nokkurra athugasemda af hálfu ríkisvaldsins, og ekki fylgdi með rannsóknargögnum listi yfir þau myndbönd, sem verið var að skila. Ekki er vitað, hvort nákvæmlega því var skilað, sem upphaflega var tekið, en stefnandi fékk ekki fyrr en mörgum árum eftir haldlagninguna afhentan lista yfir þau myndbönd, sem ætlað var, að hefðu verið frá honum tekin. Stefnandi heldur því fram, að á þeim lista, sem hann sagðist hafa þurft að greiða gjöld fyrir til þess að fá afhent eintak af, hafi verið tilgreind myndbönd, sem hann hafi ekki kannast við að hafa átt. Þá er óumdeilt, að stefnanda var skilað fleiri myndböndum en sagt var, að tekin hefðu verið frá honum í upphafi. Þá hafa myndböndin væntanlega orðið fyrir skemmdum í vörslu lögreglu. Nokkur myndbönd munu hafa verið afhent sérstökum rétthöfum, án þess að fullnægjandi skýringar liggi fyrir. Þau fjögur eða fimm myndbönd, sem reyndust vera á bannlista kvikmyndaeftirlitsins, verða hér ekki talin rétt-

læta framangreinda málsmeðferð, enda lá sú niðurstaða fyrir þegar í ágúst 1987, og var henni ekki fylgt frekar eftir af hálfu ákæruvalds. Um framkvæmd aðgerðanna var ekki haft samráð við Kvikmyndaeftirlit ríkisins, og fram kom fyrir dómi, að það var því ekki meðmælt, að staðið yrði að aðgerðunum með þeim hætti, sem raun varð á. Þá má hér einnig hafa í huga, að ekki er óyggjandi, af hvaða erlendum kvikmyndum höfundaréttur nýtur refsiverndar hér á landi, sbr. fyrrgreindan dóm sakadóms Reykjavíkur, upp kveðinn 19. febrúar 1990.

Þegar framangreint er virt, verður ekki komist hjá að líta á aðgerðirnar í heild sem særandi fyrir stefnanda og líklegar til að hafa bakað honum tjón, sem honum verður ekki um kennt. Ber honum því bætur úr hendi ríkisvaldsins samkvæmt XVIII. kafla laga nr. 74/1974.

Stefnandi reisir bótakröfu sína á tjónsútreikningum fyrir tapaðar leigutekjur og til vara á innkaupsverði myndbanda í lok árs 1986. Fallast verður á það með stefnda, að stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir því, að honum hafi í ábataskyni verið heimil nýting umræddra höfundaréttarverka, sem lagt var hald á. Stefnandi hefur í máli þessu ekki fært sönnur að því, að hann hafi haft framangreinda heimild, sem hann geti reist dómkröfur sínar á. Af þessari ástæðu hefur stefnandi ekki fært sönnur á umfang þess skaðabótaskylda fjártjóns, sem hann telur sig hafa orðið fyrir. Dómurinn lítur því svo á, eins og málið hefur verið lagt fyrir hann, að ekki sé skilyrði þess að meta fjártjón, sem stefnandi kann að eiga lögvarða kröfu til, á þeim forsendum, sem stefnandi reisir kröfu sína á.

Á hinn bóginn er rétt að líta til þess, að ekki hefur fengist úr því skorið með þessum aðgerðum, hvort og að hve miklu leyti stefnandi hafi gerst sekur um brot á höfundalögum. Enn fremur hefur komið fram, að í einhverjum tilvikum hefur verið lagt hald á myndbönd, sem fullnægðu öllum skilyrðum til leigu. Sé litið til þessa, umfangs aðgerðanna og hversu langur tími leið, þar til niðurstaða lá fyrir, svo og atvika málsins að öðru leyti, telur dómurinn rétt að dæma stefnanda bætur bæði fyrir fjártjón og miska, sem þykja hæfilega metnar á 200.000 kr. Bætur þessar eru metnar miðað við verðlag við dómsuppsögu, og þykir því eftir atvikum málsins og með tilvísun til 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 rétt, að fjárhæðin beri dráttarvexti frá 1. maí 1991.

Eftir úrslitum málsins og með tilvísun til 177. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 100.000 kr. Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 hefur stefnandi gjafsókn í máli þessu, og er fjárhæð málskostnaðar án virðisaukaskatts miðuð við, að hún renni óskipt úr ríkissjóði til lögmanns stefnanda sem málflutningsþóknun honum til handa.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, verða dæmdir til að greiða stefnanda 200.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. maí 1991 til greiðsludags og 100.000 kr. í málskostnað, en sú fjárhæð ber talsmanni stefnanda, Gunnari Jóhanni Birgissyni hdl., í talsmannslaun.

Dóm þennan kváðu upp Jón L. Arnalds borgardómari, Allan V. Magnússon borgardómari og Ólöf Pétursdóttir borgardómari. Dómurinn var fjölskipaður samkvæmt heimild í 2. tl. 37. A. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Ingimundi Jónssyni, 200.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. maí 1991 til greiðsludags og 100.000 kr. í málskostnað, en þessi fjárhæð ber talsmanni stefnanda, Gunnari Jóhanni Birgissyni héraðsdómslögmanni, í talsmannslaun.

Vextir af málskostnaði reiknist frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Áfallnir vextir leggist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 3/1993. **Hf. Eimskipafélag Íslands**
(Pétur Guðmundarson hrl.)
gegn
Tryggva Eyjólfssyni
(Magnús Guðlaugsson hrl.)

Laun í veikindum. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Jónas Gústavsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1993. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur stefnda verði verulega lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Upphafleg kröfugerð stefnda í málinu var sú, að honum yrðu greiddar samtals 266.964 krónur með þeim vöxtum, sem tilgreindir eru í héraðsdómi. Undir rekstri málsins féll hann frá kröfu um greiðslu launa fyrir yfirvinnu, en hækkaði jafnframt aðra þætti í kröfugerð sinni. Standa þá eftir þeir fimm kröfuliðir, sem tilgreindir eru í héraðsdómi, samtals að fjárhæð 225.204,58 krónur. Við munnlegan málflutning í Hæstarétti var sú leiðrétting gerð, að krafa fyrir einn þessara kröfuliða, greidda frídaga, verður 127.576,80 krónur, sem breytir þó ekki heildarkröfu stefnda.

Í 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sem hér reynir á, segir meðal annars, að verði skipverji óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, skuli hann „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd . . . þó ekki lengur en tvo mánuði“. Lagaákvæðið er svo af-

dráttarlaust, að það verður eigi skilið öðruvísi en svo, í því samhengi, sem hér reynir á, að stefndi eigi rétt til þeirra launa, sem hann hefði fengið greidd fyrir að gegna starfi sínu áfram, ef veikindi hefðu ekki gert hann ófæran til þess. Fjárhæð þeirra launa er krafa stefnda í málinu. Um hana er ekki tölulegur ágreiningur.

Ekki verður talið, að stefndi hafi sýnt slíkt tómlæti um að hafa uppi kröfur sínar gagnvart áfrýjanda, að hann hafi af þeim ástæðum firrt sig rétti í málinu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði stefnda, Tryggva Eyjólfssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. desember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. nóvember sl., höfðaði Tryggvi Eyjólfsson, kt. 240330-3189, Vesturströnd 13, Seltjarnarnesi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 2. desember 1991, gegn Hf. Eimskipafélagi Íslands, kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda, eins og hann breytti þeim í rekstri málsins, eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 225.204,58 kr. með 23% ársvöxtum frá 1. september 1990 til 1. október 1990, með 21% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1991, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1991, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1991, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1991, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með vöxtum og vaxtavöxtum skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi með vöxtum skv. 129. gr. laga nr. 91/1991 og 24,5% virðisaukaskatti.

Höfuðstól kröfu sinnar sundurliðar stefnandi þannig:

Bakvakt II		kr.	13.940,40
Kallvakt		–	51.123,60
Frystigámatillegg		–	6.584,76
Greiddir frídagar		–	127.979,80
Orlof 13,04%		–	25.979,02
	Samtals	kr.	225.204,58 (?)

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda í málinu, en til vara krefst hann þess, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Í báðum tilvikum krefst stefndi þess, að sér verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Í rekstri málsins lýstu aðilar yfir, að ekki væri ágreiningur um fjárhæð einstakra kröfuliða í höfuðstól kröfu stefnanda, heldur væri deilt um greiðsluskyldu stefnda.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi, sem var yfirvélstjóri á ms. Mánafossi, veiktist hinn 5. júní 1990 og var í veikindaleyfi til 25. október 1990. Stefndi greiddi stefnanda laun í veikindum hans frá 6. júní til og með 24. október 1990, það er mánaðarlaun og fæðispeninga.

Stefnandi telur sig hafa átt rétt á launum staðgengils fyrstu tvo mánuði veikindanna, og hafi hann því, auk nefndra launagreiðslna, átt að fá greidda frídaga, bakvaktir, kallvaktir, frystigámatillegg og orlof, eins og staðgenglar hans fengu greitt þessa tvo mánuði. Er hin breytta kröfugerð hans miðuð við upplýsingar frá stefnda á dskj. 23 um greiðslur stefnda til staðgenglanna.

Kröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að samkvæmt 36. grein sjómannalaga nr. 35/1985 og grein 13.2.1. í kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga annars vegar og Vélstjórafélags Íslands hins vegar skuli skipverji ekki missa neins í af launum sínum, svo lengi sem hann er óvinnufær, þó ekki lengur en tvo mánuði. Hafi verið föst venja að miða veikindalaunin við laun staðgengils fyrir sama tímabil. Samkvæmt grein 8.7.1. í kjarasamningnum vinni yfirvélstjóri sér inn einn frídag fyrir hvern laugardag, sunnudag, helgi- og/eða tyllidag, sem fellur á skráningartímabilinu. Staðgenglar stefnanda hafi á tímabilinu unnið sér inn 18 frídaga. Samkvæmt grein 8.3.2. í kjarasamningnum greiðist frídagar út á þeim launum, sem í gildi eru á greiðsludegi.

Stefnandi telur staðgengilsregluna hafa verið lögfesta með lögum nr. 19/1979 og lögum nr. 49/1980, nú 36. grein laga nr. 35/1985. Staðgengilsreglan sé og viðurkennd í dómi Hæstaréttar frá 1985, bls. 315 í dómasafni. Þá sé

með dómi Hæstaréttar frá 1988, bls. 75 í dómasafni, viðurkenndur réttur til greiðslu fyrir frídaga í veikindum.

Stefnandi kveðst hvorki hafa fengið greidda þessa frídaga né bakvaktir, kallvaktir og frystigámatillegg. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir um leiðréttingu hafi stefndi ekki fengist til að greiða það, sem á vanti, að stefnandi nyti óskertra launa í tvo mánuði.

Kröfu sína um málskostnað reisir stefnandi á lögum nr. 91/1991, einkum 129. gr., og kröfu um virðisaukaskatt á lögum nr. 50/1988, en stefnanda sé nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt á málskostnað, þar eð hann reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi fengið fulla greiðslu launa í veikindum í samræmi við ákvæði 13. kafla kjarasamnings vélstjóra, sbr. 36. grein sjómannalaga nr. 35/1985. Þá telur hann, að hafi stefnandi átt einhvern rétt, þá hafi hann glatað honum fyrir aðgerðaleysi.

Stefndi kveður yfirvélstjóra almennt ekki fá greidda yfirvinnu, en samkvæmt 8. kafla kjarasamnings vélstjóra vinni yfirvélstjóri sér inn einn frídag fyrir hvern laugardag, sunnudag, helgi- og/eða tyllidag, sem fellur á skráningartímabil. Þetta sé óháð því, hvar skip sé statt, og vinni yfirvélstjóri sér inn frídag samkvæmt þessari reglu, þótt skip sé við bryggju í heimahöfn.

Samkvæmt kjarasamningi vélstjóra séu fastráðnum yfirvélstjóra tryggð föst laun í 12 mánuði á ári. Yfirvélstjóri fái ekki frí um hverja helgi eins og starfsmenn í landi, heldur safni hann saman frídögum fyrir laugardaga, sunnudaga og tyllidaga, sem hann er um borð í skipi sínu. Við afskráningu í frí fái yfirvélstjóri þá greidda og eigi rétt á að vera jafnmarga virka daga í fríi og tala innunninna frídaga leiði í ljós. Þannig skili yfirvélstjóri að meðaltali 5 virkum vinnudögum á viku, sem sé sambærilegt við starfsmenn í landi. Auk þessa fái yfirvélstjóri sumarleyfi á launum, haldi fullum launum í 6 mánuði og hálfum launum í aðra 6 mánuði, ef hann er óvinnufær vegna veikinda eða slysa, og fái biðkaup, þótt vinnufær sé, ef útgerð heldur honum í landi, t. d. vegna flutnings milli skipa. Launakerfi farmanna líkist því helst óreglubundinni vaktavinnu.

Stefndi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu, að það hafi verið föst venja að miða veikindalaun við laun staðgengils fyrir sama tímabil. 36. grein sjómannalaga nr. 35/1985 sé samhljóða 18. grein sjómannalaga nr. 67/1963, eins og henni var breytt með lögum nr. 49/1980. Fyrir þann tíma hafi ekki gilt staðgengilsregla um farmenn, og hafi hún ekki heldur verið tekin upp með lagabreytingunni. Stefndi vísar til athugasemda við lagafrumvarpið, þar sem fram komi, að í breytingunni úr: „rétt til kaups“ í „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd“ – felist, að farmenn

eigi, auk grunnkaups og fastra álaga á það, rétt til launa fyrir tilfallandi yfirvinnu. Með lagabreytingunni hafi þeir skipverjar fengið aukinn rétt, sem fá greidda yfirvinnu, en hún hafi engu breytt fyrir skipverja, sem ekki fá greidda yfirvinnu, svo sem bryta, yfirvélstjóra og skipstjóra.

Ákvæði í kjarasamningi vélstjóra um launagreiðslur í veikindum, telur stefndi, að hafi aldrei verið skilin eða framkvæmd svo, að til viðbótar útborguðum launum ættu að koma greiðslur fyrir frídaga, heldur fengi yfirvélstjóri eins mánaðar laun, ef hann er veikur í mánuð, og tveggja mánaða laun, ef hann er veikur í tvo mánuði, en ekki 1,4 eða 2,8 mánaða laun, eins og hann fengi, ef frídagar væru greiddir til viðbótar.

Stefndi vísar til reglna í kjarasamningnum, sem veita skipverja á biðlaunum ekki rétt til greiðslna fyrir frídaga, og telur, að við gerð samningsins hafi ætlunin verið, að biðlaun og veikindalaun verkuðu á sama hátt greiðslulega, enda væri óeðlilegt, ef yfirvélstjóri, sem veiktist, meðan hann væri á biðlaunum, ætti að fá við veikindin rétt til greiðslna fyrir frídaga. Meta verði heildarkjör yfirvélstjóra, og sé augljóst, að réttur þeirra til veikindalauna sé miklu betri en réttur samkvæmt sjómannalögum, þótt reiknaðir væru frídagar á fyrstu tvo mánuði í veikindum. Það verði hvorki ráðið af kjarasamningi yfirvélstjóra né breytingu á sjómannalögum, að ætlunin hafi verið, að yfirvélstjórar bæru meira úr býtum óvinnufærir en þegar þeir eru vinnufærir. Væru kröfur stefnanda teknar til greina, myndi það leiða til þess, að hann hagnaðist á því að vera veikur.

Loks telur stefndi, að sýkna beri af kröfum stefnanda vegna aðgerðaleysis þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi hafi hvorki gert athugasemdir við launauppgjör né krafist viðbótargreiðslna fyrr en löngu eftir, að hann fékk greidd veikindalaunin.

Með breyttri kröfugerð stefnanda verður ekki annað séð en teknar hafi verið til greina þær athugasemdir stefnda við upphaflega stefnufjárhæð, sem felast í varakröfu hans. Eftir stendur varakrafa stefnda um, að vextir reiknist ekki á tildæmda fjárhæð fyrr en frá 6. júlí 1991 skv. 10. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 25/1987.

Niðurstöður.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda með þeim rökum, að hann hafi með aðgerðaleysi sínu glatað þeim rétti, sem hann annars kunni að hafa átt.

Stefnandi hefur ekki sannað, að hann hafi gert athugasemdir við þau laun, sem hann fékk greidd í veikindum sínum, fyrr en með bréfi til stefnda, dags. 5. mars 1991, en þá voru liðnir rúmir fjórir mánuðir, frá því að hann tók aftur til starfa hjá stefnda eftir veikindin.

Við mat á því, hvort um hafi verið að ræða svo óhæfilegan drátt af hálfu stefnanda, að það varði hann missi réttinda, ber að hafa í huga, að túlkun kjarasamninga og lagareglna um rétt til launa er flókið og vandasamt verk. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem bendir til, að stefnandi hafi búið yfir þeirri þekkingu og reynslu á sviði kjaramála sjómanna, að hægt sé að fallast á, að hann hafi sýnt slíkt tómlæti við gæslu hagsmuna sinna, að hann glati rétti þess vegna. Er því sýknukröfu stefnda af þessari ástæðu hafnað.

Með 5. og 6. grein laga nr. 19/1979 var tekin upp svokölluð staðgengilsregla við ákvörðun launa landverkafólks í veikinda- og slysatilvikum. Með lögum nr. 49/1980 var 3. málsgrein 18. greinar þágildandi sjómannalaga nr. 67/1963 breytt til að auka rétt sjómanna til samræmis við rétt landverkafólks að þessu leyti. Ákvæði þessi voru tekin orðrétt upp í 36. grein núgildandi sjómannalaga nr. 35/1985.

Það er álit dómsins, að með ofangreindri lagasetningu hafi verið í lög leiddur réttur skipverja til staðgengilslauna fyrstu tvo mánuði veikindatíma hans. Verður ekki fallist á það sjónarmið stefnda, að víkja beri til hliðar ákvæðum 36. greinar sjómannalaganna, vegna þess að kjarasamningur Vélstjórafélags Íslands og vinnuveitenda veiti yfirvélstjórum miklu meiri rétt til veikindalauna, enda segir í grein 13.2.1. í kjarasamningi þessara aðila frá 1987: „Varðandi veikindi og slys vísast enn fremur til 36. gr. sjómannalaga."

Í máli þessu er hvorki deilt um málsatvik né útreikning stefnanda á dómkröfu sinni, heldur er deilt um, hvort stefnandi eigi rétt á að fá greidd sömu laun og staðgenglar fengu fyrstu tvo mánuði veikinda hans.

Af ofanrituðu leiðir, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina að fullu og stefndi dæmdur til að greiða honum 225.204,58 kr. með dráttarvöxtum, eins og krafist er í stefnu. Tildæmd fjárhæð er vegna launagreiðslna, sem féllu í gjalddaga í júní, júlí og ágúst 1990, og er því hafnað varakröfu stefnda um, að vextir reiknist aðeins frá 6. júlí 1991.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 87.000 kr.

Dómsorð:

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði stefnanda, Tryggva Eyjólfssyni, 225.204,58 kr. með 23% ársvöxtum frá 1. september 1990 til 1. október 1990, með 21% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1991, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1991, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1991, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1991, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 3. desem-

ber 1991, en með vöxtum og vaxtavöxtum skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 87.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 4/1993. **Hf. Eimskipafélag Íslands**
(Pétur Guðmundarson hrl.)
gegn
Jóhanni Gíslasyni
(Magnús Guðlaugsson hrl.)

Laun í veikindum. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Jónas Gústavsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1993. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur stefnda verði verulega lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Upphafleg kröfufjárhæð stefnda í málinu nam samtals 214.071 krónu með þeim vöxtum, sem tilgreindir eru í héraðsdómi. Undir rekstri málsins féll hann frá kröfu um greiðslu launa fyrir yfirvinnu, en hækkaði jafnframt aðra þætti í kröfugerð sinni. Standa þá eftir þeir sex kröfuliðir, sem tilgreindir eru í héraðsdómi, samtals að fjárhæð 215.996,46 krónur.

Í 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sem hér reynir á, segir meðal annars, að verði skipverji óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, skuli hann „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd . . . þó ekki lengur en tvo mánuði". Lagaákvæðið er svo afdráttarlaust, að það verður eigi skilið öðruvísi en svo, í því samhengi, sem hér reynir á, að stefndi eigi rétt til þeirra launa, sem hann hefði fengið greidd fyrir að gegna starfi sínu áfram, ef veikindi hefðu ekki gert hann ófæran til þess. Fjárhæð þeirra launa er krafa stefnda í málinu. Um hana er ekki tölulegur ágreiningur.

Ekki verður á það fallist með áfrýjanda, að stefndi hafi með tómlæti firrt sig rétti til að hafa uppi kröfur í málinu, en skrifleg krafa um leiðréttingu launa var gerð strax á fyrsta degi, eftir að hann kom til starfa að nýju eftir veikindi sín.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði stefnda, Jóhanni Gíslasyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. desember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. nóvember sl., höfðaði Jóhann Gíslason, kt. 170637-4379, Kópavogsbraut 106, Kópavogi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 2. desember 1991, gegn Hf. Eimskipafélagi Íslands, kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda, eins og hann breytti þeim í rekstri málsins, eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 215.996,46 kr. með 21% ársvöxtum frá 1. desember 1990 til 1. mars 1991, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1991, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1991, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1991, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með vöxtum og vaxtavöxtum skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi með vöxtum skv. 129. gr. laga nr. 91/1991 og 24,5% virðisaukaskatti.

Höfuðstól kröfu sinnar sundurliðar stefnandi þannig:

Bakvakt I		kr.	18.358,02
Bakvakt II		–	1.161,70
Kallvakt		–	37.877,94
Taxtaleiðréttingar		–	6.105,21
Greiddir frídagar		–	127.576,80
Orlof 13,04%		–	24.916,79
	Samtals	kr.	215.996,46

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði algerlega sýknaður

af kröfum stefnanda í málinu, en til vara krefst hann þess, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Í báðum tilvikum krefst stefndi þess, að sér verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Í rekstri málsins lýstu aðilar yfir, að ekki væri ágreiningur um fjárhæð einstakra kröfuliða í höfuðstól kröfu stefnanda, heldur væri deilt um greiðsluskyldu stefnda.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi, sem var yfirvélstjóri á ms. Selfossi, var frá vinnu vegna veikinda frá 19. september 1990 til 4. mars 1991. Stefndi greiddi stefnanda laun í veikindum hans þennan tíma, það er mánaðarlaun og fæðispeninga, að undanskildum þeim tíma, sem hann var í fríu fæði á sjúkrahúsi.

Stefnandi telur sig hafa átt rétt á launum staðgengils fyrstu tvo mánuði veikindanna, og hafi hann því, auk nefndra launagreiðslna, átt að fá greidda frídaga, bakvaktir, kallvaktir, taxtaleiðréttingu og orlof, eins og staðgengill hans fékk greitt þessa tvo mánuði. Er hin breytta kröfugerð hans miðuð við upplýsingar frá stefnda á dskj. 23 um greiðslur stefnda til staðgengilsins.

Kröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að samkvæmt 36. grein sjómannalaga nr. 35/1985 og grein 13.2.1. í kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga annars vegar og Vélstjórafélags Íslands hins vegar skuli skipverji ekki missa neins í af launum sínum, svo lengi sem hann er óvinnufær, þó ekki lengur en tvo mánuði. Hafi verið föst venja að miða veikindalaunin við laun staðgengils fyrir sama tímabil. Samkvæmt grein 8.7.1. í kjarasamningnum vinni yfirvélstjóri sér inn einn frídag fyrir hvern laugardag, sunnudag, helgi- og/eða tyllidag, sem fellur á skráningartímabilinu. Staðgengill stefnanda hafi á tímabilinu unnið sér inn 18 frídaga. Samkvæmt grein 8.3.2. í kjarasamningnum greiðist frídagar út á þeim launum, sem í gildi eru á greiðsludegi.

Stefnandi telur staðgengilsregluna hafa verið lögfesta með lögum nr. 19/1979 og lögum nr. 49/1980, nú 36. grein laga nr. 35/1985. Staðgengilsreglan sé og viðurkennd í dómi Hæstaréttar frá 1985, bls. 315 í dómasafni. Þá sé með dómi Hæstaréttar frá 1988, bls. 75 í dómasafni, viðurkenndur réttur til greiðslu fyrir frídaga í veikindum.

Stefnandi kveðst hvorki hafa fengið greidda þessa frídaga né bakvaktir, kallvaktir og taxtaleiðréttingar. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir um leiðréttingu hafi stefndi ekki fengist til að greiða það, sem á vanti, að stefnandi nyti óskertra launa í tvo mánuði.

Kröfu sína um málskostnað reisir stefnandi á lögum nr. 91/1991, einkum 129. gr., og kröfu um virðisaukaskatt á lögum nr. 50/1988, en stefnanda sé

nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt á málskostnað, þar eð hann reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi fengið fulla greiðslu launa í veikindum í samræmi við ákvæði 13. kafla kjarasamnings vélstjóra, sbr. 36. grein sjómannalaga nr. 35/1985. Þá telur hann, að hafi stefnandi átt einhvern rétt, þá hafi hann glatað honum fyrir aðgerðaleysi.

Stefndi kveður yfirvélstjóra almennt ekki fá greidda yfirvinnu, en samkvæmt 8. kafla kjarasamnings vélstjóra vinni yfirvélstjóri sér inn einn frídag fyrir hvern laugardag, sunnudag, helgi- og/eða tyllidag, sem fellur á skráningartímabil. Þetta sé óháð því, hvar skip sé statt, og vinni yfirvélstjóri sér inn frídag samkvæmt þessari reglu, þótt skip sé við bryggju í heimahöfn.

Samkvæmt kjarasamningi vélstjóra séu fastráðnum yfirvélstjóra tryggð föst laun í 12 mánuði á ári. Yfirvélstjóri fái ekki frí um hverja helgi eins og starfsmenn í landi, heldur safni hann saman frídögum fyrir laugardaga, sunnudaga og tyllidaga, sem hann er um borð í skipi sínu. Við afskráningu í frí fái yfirvélstjóri þá greidda og eigi rétt á að vera jafnmarga virka daga í fríi og tala innunninna frídaga leiði í ljós. Þannig skili yfirvélstjóri að meðaltali 5 virkum vinnudögum á viku, sem sé sambærilegt við starfsmenn í landi. Auk þessa fái yfirvélstjóri sumarleyfi á launum, haldi fullum launum í 6 mánuði og hálfum launum í aðra 6 mánuði, ef hann er óvinnufær vegna veikinda eða slysa, og fái biðkaup, þótt vinnufær sé, ef útgerð heldur honum í landi, t. d. vegna flutnings milli skipa. Launakerfi farmanna líkist því helst óreglubundinni vaktavinnu.

Stefndi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu, að það hafi verið föst venja að miða veikindalaun við laun staðgengils fyrir sama tímabil. 36. grein sjómannalaga nr. 35/1985 sé samhljóða 18. grein sjómannalaga nr. 67/1963, eins og henni var breytt með lögum nr. 49/1980. Fyrir þann tíma hafi ekki gilt staðgengilsregla um farmenn, og hafi hún ekki heldur verið tekin upp með lagabreytingunni. Stefndi vísar til athugasemda við lagafrumvarpið, þar sem fram komi, að í breytingunni úr: „rétt til kaups“ í „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd“ – felist, að farmenn eigi, auk grunnkaups og fastra álaga á það, rétt til launa fyrir tilfallandi yfirvinnu. Með lagabreytingunni hafi þeir skipverjar fengið aukinn rétt, sem fá greidda yfirvinnu, en hún hafi engu breytt fyrir skipverja, sem ekki fá greidda yfirvinnu, svo sem bryta, yfirvélstjóra og skipstjóra.

Ákvæði í kjarasamningi vélstjóra um launagreiðslur í veikindum, telur stefndi, að hafi aldrei verið skilin eða framkvæmd svo, að til viðbótar útborguðum launum ættu að koma greiðslur fyrir frídaga, heldur fengi yfirvélstjóri eins mánaðar laun, ef hann er veikur í mánuð, og tveggja mánaða

laun, ef hann er veikur í tvo mánuði, en ekki 1,4 eða 2,8 mánaða laun, eins og hann fengi, ef frídagar væru greiddir til viðbótar.

Stefndi vísar til reglna í kjarasamningnum, sem veita skipverja á biðlaunum ekki rétt til greiðslna fyrir frídaga, og telur, að við gerð samningsins hafi ætlunin verið, að biðlaun og veikindalaun verkuðu á sama hátt greiðslulega, enda væri óeðlilegt, ef yfirvélstjóri, sem veiktist, meðan hann væri á biðlaunum, ætti að fá við veikindin rétt til greiðslna fyrir frídaga. Meta verði heildarkjör yfirvélstjóra, og sé augljóst, að réttur þeirra til veikindalauna sé miklu betri en réttur samkvæmt sjómannalögum, þótt reiknaðir væru frídagar á fyrstu tvo mánuði í veikindum. Það verði hvorki ráðið af kjarasamningi yfirvélstjóra né breytingu á sjómannalögum, að ætlunin hafi verið, að yfirvélstjórar bæru meira úr býtum óvinnufærir en þegar þeir eru vinnufærir. Væru kröfur stefnanda teknar til greina, myndi það leiða til þess, að hann hagnaðist á því að vera veikur.

Loks telur stefndi, að sýkna beri af kröfum stefnanda vegna aðgerðaleysis þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi hafi hvorki gert athugasemdir við launauppgjör né krafist viðbótargreiðslna fyrr en löngu eftir, að hann fékk greidd veikindalaunin.

Með breyttri kröfugerð stefnanda verður ekki annað séð en teknar hafi verið til greina þær athugasemdir stefnda við upphaflega stefnufjárhæð, sem felast í varakröfu hans. Eftir stendur varakrafa stefnda um, að vextir reiknist ekki á tildæmda fjárhæð fyrr en frá 6. júlí 1991 skv. 10. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 25/1987.

Niðurstöður.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda með þeim rökum, að hann hafi með aðgerðaleysi sínu glatað þeim rétti, sem hann annars kunni að hafa átt.

Stefndi hefur viðurkennt, að stefnandi hafi gert athugasemdir við þau laun, sem hann fékk greidd í veikindum sínum, með bréfi til stefnda, dags. 5. mars 1991, en það var fyrsti vinnudagur hans, eftir að hann tók aftur til starfa hjá stefnda eftir veikindin. Í ljósi þessa verður ekki talið, að stefnandi hafi sýnt af sér neitt það tómlæti við gæslu hagsmuna sinna, að hann glati rétti þess vegna. Er því sýknukröfu stefnda af þessari ástæðu hafnað.

Með 5. og 6. grein laga nr. 19/1979 var tekin upp svokölluð staðgengilsregla við ákvörðun launa landverkafólks í veikinda- og slysatilvikum. Með lögum nr. 49/1980 var 3. málsgrein 18. greinar þágildandi sjómannalaga nr. 67/1963 breytt til að auka rétt sjómanna til samræmis við rétt landverkafólks að þessu leyti. Ákvæði þessi voru tekin orðrétt upp í 36. grein núgildandi sjómannalaga nr. 35/1985.

Það er álit dómsins, að með ofangreindri lagasetningu hafi verið í lög leiddur réttur skipverja til staðgengilslauna fyrstu tvo mánuði veikindatíma hans. Verður ekki fallist á það sjónarmið stefnda, að víkja beri til hliðar ákvæðum 36. greinar sjómannalaganna, vegna þess að kjarasamningur Vélstjórafélags Íslands og vinnuveitenda veiti yfirvélstjórum miklu meiri rétt til veikindalauna, enda segir í grein 13.2.1. í kjarasamningi þessara aðila frá 1987: „Varðandi veikindi og slys vísast enn fremur til 36. gr. sjómannalaga."

Í máli þessu er hvorki deilt um málsatvik né útreikning stefnanda á dómkröfu sinni, heldur er deilt um, hvort stefnandi eigi rétt á að fá greidd sömu laun og staðgengill fékk fyrstu tvo mánuði veikinda hans.

Af ofanrituðu leiðir, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina að fullu og stefndi dæmdur til að greiða honum 215.996,46 kr. með dráttarvöxtum, eins og krafist er í stefnu. Tildæmd fjárhæð er vegna launagreiðslna, sem féllu í gjalddaga í september, október og nóvember 1990, og er því hafnað varakröfu stefnda um, að vextir reiknist aðeins frá 6. júlí 1991.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 85.000 kr.

Dómsorð:

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði stefnanda, Jóhanni Gíslasyni, 215.996,46 kr. með 21% ársvöxtum frá 1. desember 1990 til 1. mars 1991, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1991, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1991, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1991, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 3. desember 1991, en með vöxtum og vaxtavöxtum skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 85.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 245/1991. **Steingrímur Steingrímsson**
Haraldur Steingrímsson og
Gilbert Sigurðsson
vegna þrotabús Pólarhúss hf.
(Þórólfur Kristján Beck hrl.)
gegn
Ragnari Tómassyni og
Þorsteini Steingrímssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Kaupsamningur. Fasteignasala. Gjaldþrotaskipti. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða dóm kváðu upp Sigurður T. Magnússon, settur borgardómari, sem dómsformaður og meðdómendurnir Sverrir Ingólfsson, löggiltur endurskoðandi, og Hilmar Baldursson, héraðsdómslögmaður og löggiltur fasteignasali.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1991. Eru dómkröfur þeirra þessar:

„Aðalkrafa, að kaupsamningur milli Pólarhúss hf. og stefndu um húseignina nr. 11 við Vatnsstíg í Reykjavík, dagsettur 15. nóvember 1982, verði dæmdur ógildur svo og viðaukasamningur við þann samning og afsal seljanda til stefndu fyrir sömu eign, dagsett sama dag, – enn fremur, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur seljanda að þeim innréttingum í húsinu, sem settar hafa verið upp á vegum stefndu, eftir að fasteignin var seld.

Fyrsta varakrafa, að staðfest verði með dómi riftun Pólarhúss hf., sem fram fór 17. maí 1984, á kaupsamningi um húseignina nr. 11 við Vatnsstíg, dagsettum 15. nóvember 1982, og viðaukasamningi við þann samning. Jafnhliða aðalkröfu og fyrstu varakröfu er borin fram sú dómkrafa, að stefndu verði óskipt gert skylt að aflétta af fasteigninni nr. 11 við Vatnsstíg öllum veðskuldum, sem á eigninni hvíla samkvæmt veðbókarvottorði, dags. 10. mars 1989, svo og öðr-

um veðskuldum, sem stefndu kunna að veðsetja fasteignina fyrir, að viðlögðum 50.000 kr. dagsektum fyrir hvern sólarhring, sem líður frá lögbirtingu dóms, þar til öllum téðum veðskuldum hefir verið aflétt af fasteigninni nr. 11 við Vatnsstíg.

Önnur varakrafa, að stefndu verði óskipt (solidariskt) dæmdir til að greiða stefnendum vegna Pólarhúss hf. kr. 2.572.058,00" með nánar tilgreindum vöxtum frá 15. nóvember 1983 til greiðsludags. „Jafnframt er þess krafist, að kveðið verði á um það í dómsorði, að tildæmdir áfallnir vextir fyrir tímabilið fyrir 1. febrúar 1985 skuli þann dag bætast við höfuðstól og dráttarvextir síðan reiknast af höfuðstól þannig upphækkuðum og síðan þannig af höfuðstól að viðskeyttum dráttarvöxtum á tólf mánaða fresti, talið frá 1. febrúar 1985.

Þrautavarakrafa, að stefndu verði (solidariskt) dæmdir til að greiða stefnendum vegna Pólarhúss hf. kr. 984.282,00 eða lægri fjárhæð að mati dómsins með 36% ársvöxtum af kr. 984.282,00 frá 15. nóvember 1982 til 20. nóvember 1983, en síðan með sömu árs- og dráttarvöxtum og af annarri varakröfu, sem á undan eru raktir, fyrir tímabilið frá 20. nóvember 1983 til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að kveðið verði á um það í dómsorði, að tildæmdir áfallnir vextir fyrir tímabilið fyrir 1. febrúar 1985 skuli þann dag bætast við höfuðstól og dráttarvextir síðan reiknast af höfuðstól þannig upphækkuðum og síðan þannig af höfuðstól að viðbættum áfallandi dráttarvöxtum á tólf mánaða fresti, talið frá 01.02.1985." Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum áfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Á skiptafundi þrotabús Pólarhúss hf. 20. október 1986 var samþykkt með vísun til 114. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978, að áfrýjendur máls þessa rækju áfram mál gegn stefndu í nafni þrotabúsins, en á sína ábyrgð. Ekki var haldinn nýr skiptafundur, eftir að ómerkingar- og frávísunardómur Hæstaréttar var kveðinn upp í því máli 25. október 1988 og áfrýjendur höfðuðu nýtt mál. Í bréfi skiptaráðandans í Reykjavík 7. desember 1990 til lögmanns stefndu

var hins vegar lýst yfir, að skiptaráðandi hefði ekkert við það að athuga, að málarekstrinum yrði haldið áfram fyrir hönd búsins, en á ábyrgð og kostnað áfrýjenda. Þykja samkvæmt þessu vera fyrir hendi skilyrði 114. gr. laga nr. 6/1978, til þess að áfrýjendur reki mál þetta fyrir hönd þrotabúsins.

Enda þótt málatilbúnaður áfrýjenda sé enn ekki svo markviss sem skyldi, þykir ekki alveg næg ástæða til að vísa málinu frá dómi að nýju.

II.

Áfrýjendur hafa meðal annars rökstutt kröfu sína um ógildingu kaupsamnings Pólarhúss hf. og stefndu um húseignina Vatnsstíg 11 í Reykjavík 15. nóvember 1982 með vísan til 5. gr. laga nr. 47/1938 um fasteignasölu, sem þá voru í gildi, en samkvæmt þeirri lagagrein hafi viðskipti þessi verið stefndu óheimil. Leiði þetta til þess, að atferli stefndu verði að telja óheiðarlegt samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nú 33. gr. sömu laga, sbr. 3. gr. laga nr. 11/1986.

Eins og greint er frá í héraðsdómi, var tekið fram í 14. gr. ofangreinds kaupsamnings, að stefndu hefðu, áður en þeir tóku eignina í sölu, lýst áhuga á að kaupa hluta hennar, þ. e. jarðhæð. Eftir að þeir höfðu verið með eignina í sölu í einhvern tíma, gengu þeir til samninga um kaup á henni allri. Hafa þeir vísað til þess, að í ljós hafi komið, að selja hafi þurft eignina í heilu lagi vegna áhvílandi veðskulda, en það hafi þeim ekki verið ljóst í upphafi. Líta verður hér til þess, að um stóra eign var að ræða og samningsgerð um hana nokkuð flókin, meðal annars vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu langt fram í tímann og umreiknings á áhvílandi veðskuldum, eins og gert var í umrætt sinn, sem telja verður, að ekki hafi verið algengt í fasteignaviðskiptum á þessum tíma. Verður að líta svo á, að þátttaka stefndu í kaupunum með þessum hætti hafi verið andstæð 5. gr. laga nr. 47/1938, sem var ætlað að sporna gegn því, að fasteignasalar, sem almennt eiga að veita báðum aðilum fasteignaviðskipta nauðsynlegar upplýsingar og liðsinni, eigi sjálfir hagsmuna að gæta. Á hinn bóginn ber að líta til þess, sem fram kemur í héraðsdómi, að eignin hafði verið í sölu um nokkurt skeið hjá öðrum fasteignasölum án árangurs. Telja verður fram komið, að það hafi ekki síður

verið forsvarsmenn Pólarhúss hf., sem hafi sótt á um, að stefndu keyptu eignina. Þá verður og að líta til reynslu forsvarsmanna Pólarhúss hf. í viðskiptum svo og þess, að meðan á samningum stóð, nutu þeir að nokkru aðstoðar lögmanns, er þeir kölluðu til. Þegar allt þetta er virt, verður ekki á það fallist, að þágildandi 32. gr. laga nr. 7/1936 eigi við um samningsgerðina og að ógilda beri samninginn á grundvelli hennar.

III.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er staðfest niðurstaða hans um aðal- og varakröfur áfrýjenda, sem lúta að ógildingu, riftun eða greiðslu bóta vegna óeðlilega lágs kaupverðs fasteignarinnar.

Fallist er á meðferð og niðurstöðu héraðsdóms um kröfur áfrýjenda varðandi vanefndir stefndu á kaupsamningnum og viðbótarsamningi hans. Sama gildir um niðurstöðu dómsins um skuldajafnaðarkröfur stefndu. Verður dómurinn því staðfestur, þó þannig, að stefndu verða dæmdir til að greiða áfrýjendum 221.981 krónu með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnar Tómasson og Þorsteinn Steingrímsson, greiði áfrýjendum, Steingrími Steingrímssyni, Haraldi Steingrímssyni og Gilbert Sigurðssyni vegna þrotabús Pólarhúss hf., 221.981 krónu með 20% ársvöxtum af 321.981 krónu frá 1. febrúar 1983 til 1. september sama ár, af 221.981 krónu frá þeim degi til 1. febrúar 1984, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1985, 30,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars sama ár, 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvöxtum frá

þeim degi til 1. apríl sama ár, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja áfallna dráttarvexti frá 1. febrúar 1985 við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. apríl 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 10. apríl 1991, hafa Steingrímur Steingrímsson, kt. 270845-2789, Hátröð 6, Kópavogi, Haraldur Steingrímsson, kt. 120128-3299, Laugarnesvegi 84, Reykjavík, og Gilbert Sigurðsson, kt. 110837-5859, Rauðalæk 2, Reykjavík, höfðað vegna þrotabús Pólarhúss hf., kt. 460279-0389, Súðarvogi 7, Reykjavík, skv. 114. gr. laga nr. 6/1978 fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Ragnari Tómassyni hdl., kt. 300139-7019, Dofra við Vesturlandsveg, og Þorsteini Steingrímssyni, löggiltum fasteignasala, kt. 190747-2559, Víðimel 27, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

Aðalkrafa, að kaupsamningur milli Pólarhúss hf. og stefndu um húseignina nr. 11 við Vatnsstíg í Reykjavík, dagsettur 15. nóvember 1982, verði dæmdur ógildur svo og viðaukasamningur við þann samning og afsal seljanda til stefndu fyrir sömu eign, dagsett sama dag, – enn fremur, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur seljanda að þeim innréttingum í húsinu, sem settar hafa verið upp á vegum stefndu, eftir að fasteignin var seld.

Fyrsta varakrafa, að staðfest verði með dómi riftun Pólarhúss hf., sem fram fór 17. maí 1984, á kaupsamningi um húseignina nr. 11 við Vatnsstíg, dagsettum 15. nóvember 1982, og viðaukasamningi við þann samning.

Jafnhliða aðalkröfu og 1. varakröfu er borin fram sú dómkrafa, að stefndu verði óskipt gert skylt að aflétta af fasteigninni nr. 11 við Vatnsstíg öllum veðskuldum, sem á eigninni hvíla, samkvæmt veðbókarvottorði, dagsettu 10. mars 1989, svo og öðrum veðskuldum, sem stefndu kunna að veðsetja fasteignina fyrir, að viðlögðum 50.000 króna dagsektum fyrir hvern sólarhring, sem líður frá lögbirtingu dóms, þar til öllum téðum veðskuldum hefur verið aflétt af fasteigninni nr. 11 við Vatnsstíg.

Önnur varakrafa, að stefndu verði óskipt (solidariskt) dæmdir til að greiða stefnendum vegna Pólarhúss hf. 2.572.058 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þrautavarakrafa, að stefndu verði (solidariskt) dæmdir til að greiða stefnendum vegna Pólarhúss hf. 984.282 kr. eða lægri fjárhæð að mati dómsins með [nánar tilgreindum vöxtum].

Krafist er málskostnaðar með söluskatti úr hendi stefndu [...].

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og stefnendur dæmdir til að greiða stefndu málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og þennan kostnað in solidum.

Í greinargerð stefndu var aðalkrafa þeirra sú, að málinu yrði vísað frá dómi. Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna 20. mars 1990, og var úrskurður kveðinn upp 27. mars 1990. Þar var frávísunarkrafan ekki tekin til greina, en ákvörðun um málskostnað látin bíða efnisdóms.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. febrúar 1991, en var endurupptekið, munnlega flutt og dómtekið að nýju 10. apríl 1991.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnendur kveða mál þetta upphaflega hafa verið höfðað af Pólarhúsi hf. með stefnu, þingfestri á bæjarþingi Reykjavíkur 21. júní 1983, og hafi verið kveðinn upp dómur í því 1. apríl 1985. Pólarhús hf. hafi skotið málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. júní 1985. Bú Pólarhúss hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum í skiptarétti Reykjavíkur 20. maí 1986, og hafi skiptafundur ákveðið, að búið héldi rekstri málsins ekki áfram.

Steingrímur Steingrímsson, Haraldur Steingrímsson og Gilbert Sigurðsson, sem allir hafi lýst kröfum í búið, hafi óskað, að málinu yrði haldið áfram, og hafi gengið inn í það samkvæmt heimild í 114. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Með dómi Hæstaréttar Íslands 25. október 1988 hafi málinu ex officio verið vísað frá héraðsdómi vegna galla á málatilbúnaði. Sé málið nú höfðað aftur af sömu aðilum, en fjárkröfur hafi verið lækkaðar.

Forsaga þessa máls er sú, að 7. október 1981 keypti Pólarhús hf. fasteignina nr. 11 við Vatnsstíg í Reykjavík af Svani hf. fyrir 2.500.000 kr. Þar af voru 2.050.000 kr. greiddar með verðtryggðu skuldabréfi. Samningi þessum var breytt með öðrum kaupsamningi, dagsettum 5. janúar 1982, en kaupverði þó ekki. Húsið var reist á árunum 1933–1942. Það er 1291 m^2 að gólfflatarmáli, 377,7 m^2 kjallari og þrjár hæðir.

Stefnendur kveða ástand hússins þá hafa verið lélegt og það nánast úrelt og ónothæft verksmiðjuhúsnæði. Hver hæð hafi verið skilrúmalaus gámur.

Pólarhús hf., sem hafi verið sérhæft fyrirtæki á sviði viðhalds húsa, hafi þegar hafist handa um stórfelldar viðgerðir á húsinu og endurgerð þess. Félagið hafi hlutast til um, að yfirvöld heimiluðu gerbreytta notkun hússins, og hafi byggingarnefnd samþykkt, að 2., 3. og 4. hæð hússins væri breytt í íbúðir. Hafi þar verið innréttaðar 18 íbúðir.

Stefnendur telja, að Pólarhús hf. hafi kostað til verksins 2.876.530,97 kr. og sá kostnaður framreiknaður samkvæmt byggingarvísitölu til nóvember 1982 ásamt kaupverðinu, framreiknuðu samkvæmt lánskjaravísitölu til sama tíma, nemi samtals 9.430.889,07 kr. Þá telja stefnendur, að stórfelld verðmætaaukning hafi orðið á eigninni vegna framkvæmda Pólarhúss hf.

Með húsaleigusamningum, dagsettum 11. nóvember 1981 og 6. október 1982, leigði Pólarhús hf. Reykjavíkurborg allar íbúðirnar til endurleigu. Leigufjárhæð var ákveðin 37.900 kr. á mánuði fyrir 17 íbúðir, 454.800 kr. á ári. Samkvæmt síðari samningnum skyldi Reykjavíkurborg greiða 39 mánuði fyrir fram með samtals 1.478.100 kr. Þar af skyldi greiða 550.000 kr., þegar síðustu fjórar íbúðirnar yrðu fullgerðar.

Stefnendur halda því fram, að um mitt ár 1982 hafi verið farið að huga að því að selja fasteignina eða hluta hennar. Pólarhús hf. hafi þá átt við fjárhagsörðugleika að etja. Fyrsti gjalddagi af veðskuldabréfum, út gefnum til Svans hf., hafi verið 1. nóvember 1982, og Pólarhúsi hf. hafi verið tilkynnt, að ekki yrði veittur greiðslufrestur og að bréfin yrðu eindöguð 15. nóvember 1982.

Í fyrstu hafi fasteignasölunum Eignasölunni og Fasteignum og fyrirtækjum verið falið að selja eignina, en eigandi hafi einnig sjálfur reynt að selja. Eignin hafi meðal annars verið boðin Reykjavíkurborg til kaups fyrir 10.292.149 kr.

Stefnendur telja, að í októberbyrjun hafi verið leitað til fyrirtækis stefndu og þess óskað, að stefndu tækju að sér sölu eignarinnar.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefndi Þorsteinn Steingrímsson hafi þá átt og rekið Fasteignaþjónustuna, en stefndi Ragnar Tómasson hdl. hafi áður verið eigandi fasteignasölunnar og unnið að sérstökum verkefnum í hennar þágu. Stefndu kveða forsvarsmenn Pólarhúss hf. hafa óskað eftir, að stefndu keyptu eignina sjálfir eða seldu á markaði og að stefndu hafi strax, áður en þeir hafi tekið fasteignina til sölu sem fasteignasalar, lýst yfir, að þeir hefðu persónulegan áhuga á að kaupa a. m. k. hluta fasteignarinnar.

Hinn 15. nóvember 1982 seldi Pólarhús hf. stefndu síðan fasteignina. Kaupverðið var þannig sundurliðað, að yfirteknar veðskuldir voru 4.701.250 kr., fyrirframgreidd húsaleiga frá Reykjavíkurborg, sem seljendur

skyldu halda, 1.023.300 kr., yfirteknar smáskuldir 132.095 kr. og skuldabréf til fimm ára, að fjárhæð 400.000 kr., sem stefndu skyldu gefa út. Heildarkaupverð kom ekki fram í samningnum, en samtala ofangreindra fjárhæða er 6.256.915 kr.

Pólarhús hf. gaf út afsal til stefndu sama dag, án þess að uppgjör vaxta, skatta og skyldna færi fram og án þess að veðskuldabréfið væri gefið út.

Stefndu kveða kaupverð fasteignarinnar hafa verið við það miðað, að seljandi fullgerði þær fjórar íbúðir, sem ófullgerðar voru. Gerðu aðilar með sér annan samning sama dag þess efnis, að seljendur skyldu ljúka tréverki þeirra fjögurra íbúða, sem ófrágengnar voru, fyrir 47.000 kr. og útvega málningu og vinnu fyrir 75.000 kr. Samkvæmt viðbótarsamningnum átti Pólarhús hf. að hafa lokið allri þeirri vinnu við íbúðirnar og sameign, sem samkomulagið tók til, fyrir 1. febrúar 1983, og skyldu stefndu þá gefa út veðskuldabréfið, að fjárhæð 400.000 kr. Það hefur ekki verið gefið út.

Stefnendur kveða Pólarhús hf. ekki hafa getað staðið við samkomulagið, og hafi þá samist svo með aðilum, að stefndu fengju greiddar eftirstöðvar fyrirframgreiðslunnar frá Reykjavíkurborg, að fjárhæð 550.000 kr., og greiddu sjálfir kostnað við að koma íbúðunum í leigufært ástand.

Eftir sölu fasteignarinnar lét Jón Arngrímsson af störfum sem framkvæmdastjóri Pólarhúss hf. og seldi hlut sinn í félaginu Steingrími Steingrímssyni, sem varð þá framkvæmdastjóri þess.

Hinn 22. febrúar 1983 ritaði lögmaður Pólarhúss hf. stefndu bréf og krafði þá um 2.100.000 kr. vegna ætlaðra mistaka við gerð kaupsamningsins, og áskildi hann félaginu rétt til riftunar.

Stefndu rituðu Pólarhúsi hf. bréf 20. apríl 1983, og var þar kvartað um, að jarðhæð hússins hefði ekki verið afhent fyrr en 18. apríl 1983. Einnig var skorað á Pólarhús hf. að tilgreina tíma til frágangs á uppgjöri í máli aðila og bent á tíu atriði, sem þyrftu þá að koma til athugunar og afgreiðslu. Þessi atriði lutu að vanefndum á kaupsamningnum, göllum og fleira.

Bréfi þessu svaraði Steingrímur Steingrímsson með bréfi 26. apríl 1983. Hélt hann fast við fyrri kröfur, svaraði athugasemdum stefndu, en taldi ekki rétt að ganga til uppgjörs, fyrr en fullnaðargreiðsla kaupverðs hefði farið fram.

Með bréfi lögmanns Pólarhúss hf. 28. apríl 1983 var hótað riftun, ef kröfu um greiðslu á vangoldnum hluta kaupverðsins yrði ekki sinnt eða krafa um ógildingu kaupsamningsins fengist ekki staðfest fyrir dómi.

Eftir að mál hafði verið höfðað í júní 1983, óskaði Pólarhús hf. eftir dómkvaðningu matsmanna. Óskað var eftir, að mat yrði lagt á eftirtalin atriði:

„1. Markaðsverð (gangverð) húseignarinnar nr. 11 við Vatnsstíg í nóvember 1982 í núverandi ástandi. Mat verði miðað við venjuleg greiðslukjör í fasteignaviðskiptum, bæði 70 og 75% útborgunarhlutfall á einu ári. Er þess óskað, að verð hverrar íbúðar í húsinu komi fram í matinu.

2. Mismunur á verðmæti eignarinnar annars vegar sem geymslu- og verksmiðjuhúsnæðis í niðurníðslu og hins vegar sem nýstandsetts íbúðarhúsnæðis samkvæmt lýsingu Pólarhúss hf. á húsnæðinu að Vatnsstíg 11, eins og það var við afhendingu til kaupenda.

3. Markaðsverð, sbr. lið 1, miðað við staðgreiðsluverð í nóvember 1982, þ. e., að fullnaðargreiðsla í peningum fari fram samdægurs kaupum.

4. Metin verði töluleg afsláttaráhrif leigukvaðar þeirrar, sem leiðir af húsaleigusamningnum við Reykjavíkurborg, dags. 11. nóvember 1982 og 6. nóvember 1982, ef slík afsláttaráhrif verða talin einhver. Við þennan matsþátt óskast hliðsjón höfð af meðfylgjandi leigukvittunum og skýrslu matsbeiðanda hér að lútandi, sem afhent verður matsmönnum síðar.

5. Lagt verði mat á markaðsverð skuldabréfa þeirra, sem tilgreind eru í B-hluta kaupsamningsins um Vatnsstíg 11, dags. 15/11 '82, annars vegar í nóvember 1982 og hins vegar í mars 1984, í báðum tilfellum miðað við tíðkanleg kjör á almennum markaði. Lagt verði mat á 400.000 kr. bréf samkvæmt c-lið sama kaupsamnings með sama hætti. Framangreind bréf verði enn fremur metin miðað við „núvirði" þeirra á ofangreindum tímamörkum, ef matsmenn telja mismun á markaðsverði og núvirði."

Matsmenn skiluðu matsgerð 25. október 1984. Niðurstaða matsmanna um 1. og 3. matslið varð sú, að markaðsverð eignarinnar miðað við 75% útborgunarhlutfall hefði verið 7.570.000 kr., en miðað við 70% útborgunarhlutfall 7.766.200 kr. Staðgreiðsluverðið var hins vegar talið hafa verið 5.382.000 kr.

Niðurstaða í matslið 2 var sú, að markaðsverð hússins á verðlagi 1. nóvember 1982 miðað við ástand þess 7. október 1981, hefði verið 5.103.300 kr. miðað við 75% útborgunarhlutfall, en 3.626.500 kr. miðað við staðgreiðslu.

Matsmenn töldu, að töluleg afsláttaráhrif leigukvaðarinnar væru engin.

Loks var það niðurstaða matsmanna um 5. lið, að markaðsverð skuldabréfa þeirra, sem tilgreind eru í B- og C-lið kaupsamningsins, væri 4.334.789 kr. miðað við 15. nóvember 1982, þar af væri markaðsverð 400.000 króna skuldabréfsins 144.308 kr.

Stefnendur reisa ógildingarkröfu sína á III. kafla l. nr. 6/1936 og 7. gr. l. nr. 58/1960.

Stefnendur telja, að þar sem sömu fasteignasölu hafi enn fremur verið falið að finna kaupendur að fyrirtækinu Pólarhúsi hf. og þess vegna verið kynnt rækilega staða fyrirtækisins, hafi stefndu verið nauðir Pólarhúss hf. einkar ljósar.

Stefndu hafi verið gert sérstaklega kunnugt um, að stærstu hluthafar í Pólarhúsi hf., þeir Haraldur Steingrímsson og Jón Arngrímsson, hefðu ábyrgst persónulega háar fjárhæðir fyrir fyrirtækið og að íbúðir þeirra stæðu til tryggingar skuldum fyrirtækisins. Stefndu hafi einnig mátt vera ljóst, að vanþekking háði forsvarsmönnum Pólarhúss hf. um reikningsleg atriði, svo sem vísitöluútreikning, verðtryggingu og verðbreytingu lána, og ýmis lagaleg atriði, einkum um þá fresti, er hægt væri að fá til úrlausnar greiðsluvandanum. Hafi forsvarsmenn Pólarhúss hf. staðið í þeirri trú, að fasteignin yrði seld í síðasta lagi örfáum vikum eftir hugsanlega eindögun á skuldabréfum Svans hf. Hafi þeir álitið, að af þessum sökum væri eigi meiri tími til stefnu með sölu eignarinnar, og á næstu dögum misstu þeir alla samningsaðstöðu gagnvart aðilum og þar með til sölu eignarinnar á frjálsum markaði. Engin viðleitni hafi verið sýnd af hálfu stefndu til að leiðrétta þessar ranghugmyndir viðskiptavinar þeirra.

Þá halda stefnendur því fram, að stefndi Ragnar Tómasson hafi fullyrt, að eignin væri yfirveðsett og árangurslaust myndi að fá ný veðlán út á hana. Hafi þetta álit verið ein meginforsendan fyrir sölu eignarinnar, og hafi stefndu verið þessi ákvörðunarástæða seljenda vel ljós.

Í ljósi þess, að kaupendur hafi veðsett eignina þegar eftir kaupin fyrir mjög háum lánum, sé ljóst, að villt hafi verið um fyrir seljendum og þeir blekktir. Stefnendur telja því, að stefndu hafi beitt svikum, og vísa í því sambandi til 30. gr. l. nr. 7/1936.

Einnig telja stefnendur, að samninginn beri að ógilda, þar sem seljendur hafi undirritað hann á grundvelli bersýnilega rangra forsendna, og að stefndu hafi verið augljós viljaskortur seljenda til að gera samning þessa efnis. Enn fremur sé samningurinn ógildur vegna stórfelldrar vanrækslu stefndu sem fasteignasala við að sinna upplýsingaskyldum sínum.

Stefnendur kveða stefndu ekki hafa gætt þess, áður en þeir tóku þessa eign til sölumeðferðar, að lýsa yfir, að þeir væru persónulegir kaupendur eignarinnar. Það hafi ekki verið fyrr en nokkru eftir, að þeir tóku eignina til sölumeðferðar, að fram hafi komið, að þeir hefðu áhuga á kaupum á litlum hluta eignarinnar, þ. e. eingöngu jarðhæðinni fyrir verslun. Stefndu hafi hins vegar alls ekki lýst yfir, að þeir væru persónulegir kaupendur megineignanna, fyrr en af kaupum þessum hafi orðið. Þar sem þessi viðskipti hafi verið óheimil og bönnuð samkvæmt 5. gr. l. nr. 47/1938 um fasteignasölu,

beri að ógilda kaupsamninginn. Ákvæði 5. gr. taki einnig af allan vafa um, að atferli stefndu beri að telja óheiðarlegt í skilningi 32. gr. (nú 33. gr.) l. nr. 7/1936.

Stefnendur telja, að þess hafi fyrst orðið vart í vikunni fyrir 15. nóvember 1982, að stefndu hefðu áhuga á að kaupa alla eignina að Vatnsstíg 11. Frá upphafi hafi verið rætt um, að lágmarksverð fyrir eignina væri 8.400.000 kr. miðað við venjuleg greiðslukjör.

Viðræðufundur hafi hafist 15. nóvember kl. 18.00 á skrifstofu Fasteignaþjónustunnar. Á fundinum hafi verið tekið til við að ræða kaupin og ýmis atriði, er þeim tengdust. Á þessum fundi hafi verið rætt um sama verð og áður. Er stefndu hafi tekið til við að kynna drög að kaupsamningi um eignina, hafi komið á daginn, að útfærsla stefndu hafi verið víðsfjarri þeim hugmyndum, er forsvarsmenn Pólarhúss hf. höfðu um sölu eignarinnar. Hafi komið fram efasemdir af þeirra hálfu um, að Pólarhús hf. fengi umsamið verð, 8.400.000 kr., fyrir eignina með því móti, er stefndu ræddu um. Hafi orðið um þetta verulegar viðræður. Hafi stefndu skírskotað til tilboðsmats frá Fjárfestingarfélaginu, sem fyrir hafi legið á fundinum. Enn fremur hafi stefndu skírskotað til verðtryggingar áhvílandi lána og sérþekkingar sinnar á fasteignaviðskiptum því til stuðnings, að rétt væri farið með uppsetningu, útreikninga, meðhöndlun og vægi talna og að með þessu móti fengjust umræddar 8.400.000 kr. fyrir eignina.

Við þessar aðstæður hafi það reynst auðvelt verk að sannfæra forsvarsmenn Pólarhúss hf. um, að rétt væri að uppstillingu samningsins staðið af hálfu fasteignasölunnar. Hafi stefndu verið falið að ganga frá samningnum, sem hafi verið undirritaður um kl. 11 um kvöldið, í trausti þess, að stefndu stæðu á allan hátt rétt að frágangi samninga og hölluðu eigi á félagið.

Stefnendur telja því ljóst, að bersýnilegur munur hafi verið á hagsmunum þeim, sem stefndu hafi aflað sér, og endurgjaldi því, sem til stóð, að fyrir þá kæmi. Þar sem bágindi og fákunnátta forsvarsmanna Pólarhúss hf. hafi verið notuð til að afla hagsmunanna svo og hið sérstaka traustssamband, er þeir hafi borið til stefndu sem opinberra sýslunarmanna, beri að ógilda samninginn á grundvelli 7. gr. l. nr. 58/1960.

Stefnendur telja stefndu hafa orðið á alvarleg og fjölþætt mistök við gerð kaupsamningsins, ef ekki hefur verið um viljaverk að ræða. Í fyrsta lagi hafi stefndu sem textahöfundum kaupsamningsins orðið á þau mistök að telja fyrirframgreidda húsaleigu frá Reykjavíkurborg sem einn greiðslulið þess heildarkaupverðs, er kaupendur hafi átt að greiða og leggja fram. Stefndu telji, að greiðsla af þeirra hálfu í formi fyrirframgreiddrar leigu hafi numið 1.023.300 krónum, og miði við, að fjárhæð þessi sé staðgreidd af þeim 15.

nóvember 1982. Sé þarna um að ræða hin alvarlegustu mistök stefndu, þar sem ruglað sé saman tilgreiningu á leigukvöðum á eigninni annars vegar og skilgreiningu á greiðslu kaupenda og kaupverði hins vegar. Afleiðingar þessara mistaka hafi orðið þær, að mikill hluti kaupverðsins, 1.023.300 kr., hafi glatast í útfærslu hinna sérfróðu kaupenda á ætlaðri greiðslu þeirra á kaupverðinu.

Hið rétta sé, að heildarleigugreiðslur frá Reykjavíkurborg til Pólarhúss hf. vegna Vatnsstígs 11 hafi samtals numið 945.800 krónum, þar af séu 242.564 kr. vegna leigutímabilsins fyrir söludag eignarinnar 15. nóvember 1982. Fyrirframgreidd leiga nemi því 703.236 krónum. Miðað við verð það, sem fólgið sé í kaupsamningnum, og málsatvik sé engin ástæða til að telja þetta sem greiðsluframlag af hálfu kaupenda.

Í öðru lagi hafi stefndu orðið á þau mistök við frágang kaupsamningsins, að þeir virðast hafa látið yfirtöku kaupenda á verðtryggðum lánum, sem þegar hafi verið framreiknuð að fullu, hafa lækkunaráhrif á kaupverð, sem um staðgreiðslu væri að ræða. Stefndu virðast hafa lækkað kaupverðið af þessum sökum um fjárhæð, sem nemi milljónum. Sé þessi háttur í ósamræmi við venjur í fasteignaviðskiptum, og efnisrök standi ekki til slíkra staðgreiðsluáhrifa. Stefndu hafi í raun borið að lækka uppreiknaðar fjárhæðir verðtryggðra áhvílandi skulda með hliðsjón af þeim afföllum, sem sambærileg bréf voru seld með á almennum markaði á þessum tíma. Stefnendur halda því fram, að atferli stefndu hafi verið óheiðarlegt og að með hliðsjón af hinni sérstöku stöðu gagnaðila sem fasteignasala þurfi stefndu að sýna fram á, að uppsetning samningsins sé í samræmi við venju og góða viðskiptahætti.

Loks hafi stefndu orðið á þau mistök við gerð kaupsamningsins, að greiðsluliðir þeir, sem taldir séu upp í honum, samsvari alls ekki, þegar þeir hafi verið umreiknaðir, því söluverði, sem seljendum hafi verið kynnt, að kaupendur greiddu fyrir eignina. Vísa stefnendur um þetta til niðurstöðu matsmanna. Stefnendur kveða matsgerðina vera lagða fram sem sóknarskjal með því fororði, að niðurstöður hennar séu lægstu og hagstæðustu tölur fyrir stefndu og gera verði ráð fyrir, að vöntun á kaupverðinu sé verulega meiri en fram komi í matsgerðinni.

Fyrstu varakröfu sína um riftun styðja stefnendur þeim rökum, að stefndu hafi gerst sekir um stórfelldar og langvarandi vanefndir á greiðslu kaupverðs samkvæmt kaupsamningnum. Þessar vanefndir felist í því, að skuldabréf, að fjárhæð 400.000 kr., sé enn óútgefið og ógreitt, opinber gjöld, að fjárhæð 73.213 kr., sem stefndu hafi borið að greiða samkvæmt viðaukasamningi, hafi ekki verið greidd og greiðsla vegna tréverks samkvæmt

viðaukasamningi, að fjárhæð 47.000 kr., hafi ekki verið innt af hendi. Stefnendur framreikna þessar fjárhæðir miðað við breytingu á lánskjaravísitölu og telja vanskil stefndu á verðlagi í janúar 1989 vera 2.594.235,07 kr.

Við þessi vanskil bætist vanskil, að fjárhæð 766.731 kr., vegna þess að stefndu hafi ekki fengist til að greiða mismun á verðmæti skuldabréfanna samkvæmt mati matsmanna annars vegar og hins vegar þeirri fjárhæð, sem þau voru reiknuð á í kaupsamningi. Framreiknaður miðað við lánskjaravísitölu til janúar 1989 nemi þessi munur 3.823.592,25 kr.

Stefnendur kveða aðra varakröfuna og þrautavarakröfuna reista á sams konar lagarökum og aðalkröfuna og fyrstu varakröfuna. Sé á því byggt, að stefndu beri að greiða fyrir eignina verð, sem sé ekki lægra en markaðsverð samkvæmt mati. Stefnendur kveða kröfur þessar reistar á almennum reglum um fébótaskyldu utan og innan samninga. Stefndu hafi af ásetningi og gáleysi framið bótaskyldan og saknæman verknað með samningsgerðinni og orðið á stórfelld mistök, sem valdið hafi Pólarhúsi hf. umræddu tjóni.

Enn fremur benda stefnendur á, að stefndu beri að endurgreiða Pólarhúsi hf. óréttmætan fjárhagslegan ávinning af viðskiptum aðila samkvæmt svonefndri auðgunarreglu. Sá ávinningur nemi sömu fjárhæð og fébótakröfurnar.

Stefnendur kveða aðra varakröfuna og þrautavarakröfuna einnig reista á því, að Pólarhús hf. eigi eftir atvikum rétt á sanngjarnri endurskoðun kaupverðsins. Vísa stefnendur í því samhengi til sömu málsástæðna og fyrir ógildingarkröfunni og til 5. gr. l. nr. 39/1922. Telja stefnendur, að réttast sé að miða við, að Pólarhúsi hf. beri markaðsverð fyrir eignina. Stefnendur kveða aðra varakröfu stefnenda miðast við, að stefndu verði dæmdir til að greiða það, sem stefnendur telja, að vanti upp á, að greiðsluliðir stefndu samkvæmt kaupsamningnum nái markaðsverði eignarinnar miðað við 75% útborgunarhlutfall samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna.

Töluleg uppbygging kröfunnar er flókin. Í niðurstöðunni er liðurinn fyrirframgreidd húsaleiga, að fjárhæð 1.023.300 kr., dregin frá greiðsluliðum kaupenda. Er það niðurstaða stefnenda, að vantað hafi 1.971.845 kr., 26,05%, upp á, að kaupverð eignarinnar næði matsverði. Að viðbættum ætluðum vanskilum stefndu, sem stefnendur hafa reiknað út, að séu 600.213 kr., telja þeir, að heildarvöntun á markaðsverði sé 2.572.058 kr., og er sú fjárhæð önnur varakrafa stefnenda í málinu.

Þrautavarakrafa stefnenda er í því fólgin, að stefndu verði gert að greiða það, sem stefnendur telja, að vanti upp á, að greiðsluframlag stefndu samkvæmt kaupsamningnum nemi metnu staðgreiðsluverðmæti eignarinnar, 5.382.000 krónum. Miða stefnendur við, að verðmæti yfirtekinna veðskulda

hafi verið 4.334.789 kr. og að kaupverð beri að lækka sem nemi greiðsluliðnum fyrirframgreidd húsaleiga, þ. e. um 1.023.300 kr. Samkvæmt útreikningum stefnenda vantar 719.903 kr. upp á, að kaupverðið hafi numið metnu markaðsverði. Við þessa fjárhæð bæta stefnendur ætluðum vanskilum stefndu á „núvirði" og fá út 984.282 kr., sem eru höfuðstóll þrautavarakröfunnar. Þar sem sú fjárhæð er miðuð við staðgreiðslu 15. nóvember 1982, gera stefnendur kröfu um dráttarvexti frá þeim degi.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram af hálfu stefndu, að þegar frávísunarkröfu stefndu hefði verið hafnað með úrskurði 20. mars 1990, hafði enn verið von til þess, að stefnendum tækist að koma málatilbúnaði sínum í viðunandi horf. Stefndu telja, að það hafi stefnendum ekki tekist, málatilbúnaður sé enn með sama hætti og í fyrra málinu, sem vísað hafi verið frá héraðsdómi, mikið vanti upp á, að dómkröfur séu svo skýrar, að hægt sé að verjast þeim, og því beri að vísa málinu frá dómi ex officio.

Stefndu telja sig í hvívetna hafa hagað sér í samræmi við lög um fasteignaþjónustu og góðar venjur á sviði fasteignasölustarfsemi. Pólarhús hf. hafi um langa hríð reynt án árangurs að selja Vatnsstíg 11 á markaði í Reykjavík. Forsvarsmenn félagsins hafi leitað til stefndu í október 1982. Áður en til þess hafi komið, að stefndu tækju eignina til sölu sem fasteignasalar, hafi þeir lýst yfir áhuga á því að kaupa a. m. k. hluta fasteignarinnar. Stefndu hafi vitað, að í upphaflegum kaupsamningi Pólarhúss hf. og Svans hf. hafi verið ákveðið að skipta eigninni í nokkur veðandlög, svo að unnt væri að selja einstaka hluta eignarinnar sérstaklega, ef á reyndi. Við nánari athugun hafi komið í ljós, að gerð hafi verið sú breyting á samningnum, að veðið hafi verið gert að einu andlagi og því ógerlegt að selja eignina í hlutum. Stefndu hafi ekki fremur en öðrum fasteignasölum, sem lengri tíma hefðu haft, tekist að afla kaupenda, sem reiðubúnir voru að greiða það verð, sem Pólarhús hf. hafði talið sig þurfa að fá fyrir eignina. Hafi þá fyrir alvöru hafist viðræður um kaup stefndu á eigninni og Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri Pólarhúss hf., verið í fyrirsvari, en hann eins og aðrir forsvarsmenn Pólarhúss hf. hafi bæði haft menntun og reynslu á sviði viðskipta.

Stefndu kveða aðila hafa skipst á skoðunum og útreikningum, áður en gengið hafi verið frá kaupsamningi og afsali 15. nóvember 1982, en þá hafi verið ljóst, að stefndi í eindögun mestu veðskuldarinnar, sem hvíldi á eigninni. Grundvöllurinn að ákvörðun kaupverðsins hafi verið hugmyndir framkvæmdastjóra Pólarhúss hf. um viðskiptin, en þær hafi gert ráð fyrir, að kaupendur tækju að sér að láta Reykjavíkurborg í té án endurgjalds allar íbúðirnar í 27 mánuði gegn 37.900 kr. á mánuði, og hafi framkvæmdastjórinn talið þessa yfirtöku jafngilda 1.023.300 krónum.

Á grundvelli hugmynda framkvæmdastjórans hafi kaupsamningurinn verið gerður eftir margra klukkustunda fundahöld, en auk framkvæmdastjóra og stjórnarmanna Pólarhúss hf. hafi Andri Árnason hdl., lögmaður Pólarhúss hf., komið á fundinn.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ekkert hafi verið athugavert við efni samningsins við Pólarhús hf. Í matsgerð á dómskjali nr. 31 komi fram, að matsmenn telji staðgreiðsluverð hússins nema 5.382.000 krónum. Þá hafi matsmenn komist að þeirri niðurstöðu, að markaðsverð, staðgreiðsluverð eða núvirði yfirtekinna skuldabréfa að frátöldu handhafaskuldabréfi, að fjárhæð 400.000 kr. hafi verið 4.190.481 kr., 1.191.519 krónum lægra en staðgreiðsluverð hússins. Stefndu telja verðmæti yfirtekinna skulda, að fjárhæð 132.095 kr., fyrirframgreiddrar húsaleigu, 1.023.300 kr., og skuldabréfsins, að fjárhæð kr. (sic) vera verulega hærra en nemi þessum mun.

Stefndu telja, að þar sem stefnendur hafi sjálfir lagt fram matsgerð sem sönnunargagn í málinu og ekki hrundið henni með yfirmati eða á annan hátt, verði þeir að hlíta því, að dómurinn reisi ákvörðun sína á þessu skjali. Hafi stefndu því greitt fullt verð fyrir eignina á þeim tíma, sem hér skipti máli.

Stefndu kveða Pólarhús hf. hafa ráðstafað afnotum af íbúðunum í langan tíma og fengið fyrirframgreidda leigu í 34 mánuði, en ekki í 27 mánuði, eins og gert hafi verið ráð fyrir við samningsgerðina. Að auki hafi mánaðarleigan í nóvember 1982 ekki verið 37.900 kr., heldur hafi átt að miða við framreiknaða mánaðarleigu, að fjárhæð 58.314 kr., samkvæmt því, sem fram komi í greinargerð lögmanns stefnenda til matsbeiðenda á dómskjali nr. 30. Samkvæmt þessu hefði átt að reikna fyrirframgreidda leigu sem 1.982.676 kr. í stað 1.023.300 kr.

Vegna þess að Pólarhús hf. fullgerði ekki fjórar íbúðir, hafi stefndu orðið að annast það sjálfir. Samkvæmt bókhaldi stefndu hafi kostnaður við það numið 748.290,82 krónum. Með samkomulagi við Pólarhús hf. hafi stefndu fengið upp í þennan kostnað inneign félagsins hjá Reykjavíkurborg, að fjárhæð 550.000 kr.

Stefndu sundurliða greiðslur sínar með eftirfarandi hætti:

Matsverð á fasteign		kr.	5.382.000
– Yfirteknar veðskuldir		–	4.190.481
	Mismunur	kr.	1.191.519
– Yfirteknar smáskuldir		–	–132.095
	Mismunur	kr.	1.059.424

– Fyrirframgreidd leiga 15. 11. 1982–20. 9. 1985 = 34 mán. × 58.314 (nývirt)		kr.	1.982.676
	Mismunur	–	–923.252
– Vaxtamunur kaupendum í hag		–	–125.018
	Mismunur	–	–1.048.270
– Kostnaður við að fullgera 4 íbúðir (kr. 748.290 – kr. 550.000)		–	–198.290
	Mismunur	kr.	–1.346.560 (?)

Með þessum útreikningum telja stefndu sig hafa sýnt fram á, að þeir hafi greitt verulega meira en nemi matsverði fasteignarinnar á söludegi.

Stefndu telja stefnendur engin rök eða sönnunargögn hafa fært fyrir staðhæfingum sínum um reikningslegar blekkingar, stórfelld mistök, ólögmæta framgöngu, miklar vanefndir, rangar forsendur af hálfu Pólarhúss hf., vanþekkingu forsvarsmanna Pólarhúss hf., veðsetningarhæfi fasteignarinnar og ólögmæta háttsemi yfirleitt. Stefnendur verði að sanna, að um brot á lagareglum hafi verið að ræða af hálfu stefndu og í hverju óheiðarleiki þeirra hafi verið fólginn. Stefndu hafna því, að á þá verði lögð sönnunarbyrði um, að þeir hafi komið heiðarlega fram.

Stefndu telja, að um vanskil hafi ekki verið að ræða af sinni hálfu á greiðslu kaupverðs, en aðilum hafi borið að koma saman og gera upp vexti svo og skatta og skyldur af eigninni til afhendingardags. Stefndu hafi skorað á forsvarsmenn Pólarhúss hf. að ganga til slíks uppgjörs. Stefndu hafi ætíð verið reiðubúnir að greiða, gefa út og afhenda veðskuldabréf, að fjárhæð 400.000 kr., gegn uppgjöri, og hafi þeir lagt fram tillögu að uppgjöri, en þar hafi komið fram, að vaxtamunur eða áfallnir vextir til 15. 11. 1982, sem kaupendur greiddu, nemi 125.018,60 kr. Þá hafi stefndu neyðst til að leysa til sín víxla Pólarhúss hf., að fjárhæð 52.430 kr., en aðeins þessar tvær fjárhæðir nemi samanlagt hærri fjárhæð en verðmæti veðskuldabréfs, að fjárhæð 400.000 kr., samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

Sýknukrafa stefndu er einnig studd því, að þeir eigi samkvæmt ákvæðum 116. gr. l. nr. 85/1936 rétt á að koma að gagnkröfum á hendur búinu. Stefndu telja sig eiga gagnkröfu á hendur stefnendum vegna ofgreiðslu til Pólarhúss hf., sem nemi 1.346.560 krónum miðað við 15. nóvember 1982, samkvæmt framangreindri sundurliðun, og gera þá kröfu, að gagnkröfunni verði skuldajafnað við fjárhæðir, sem dómurinn kunni að dæma stefndu til að greiða. Þá er þess einnig krafist, að til skuldajafnaðar komi 100.000 kr. auk vaxta frá 1. september 1983, en sú fjárhæð sé fjárhæð víxils á gjalddaga 1.

september 1983, sem stefndu hafi afhent Svani hf. til greiðslu á fyrrnefndum víxilskuldum Pólarhúss hf.

Þá er sýknukrafa stefndu á því reist, að stefnendum hafi aðeins verið heimilt að taka við rekstri þess máls, sem höfðað hafi verið, áður en Pólarhús hf. var tekið til gjaldþrotaskipta, og að samþykki skiptafundar nái ekki lengra. Endanlegur dómur hafi gengið í Hæstarétti og nýtt mál verið höfðað, án þess að sú málshöfðun væri borin undir skiptarétt. Stefndu telja, að þar sem skiptafundur hafi ekki tekið afstöðu til þess, hvort höfða ætti mál að nýju eða ekki, eigi stefnendur ekki aðild þessa máls, hvorki persónulega né vegna Pólarhúss hf.

Stefndu mótmæla kröfufjárhæðum bæði í heild og í einstökum atriðum og telja, að erfitt sé að henda reiður á þeim. Stefndu telja, að stefnendur styðji kröfugerð sína á æskilegu verði eða ímynduðum tölum.

Stefndu telja, að Pólarhús hf. hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna viðskipta við þá.

Forsendur og niðurstaða.

Í málinu hefur verið lagt fram endurrit af skýrslum aðila og vitna í bæjarþingsmálinu nr. 7914/1983, Pólarhús hf. gegn Ragnari Tómassyni og Þorsteini Steingrímssyni, og voru aðilar sammála um að fara eftir þeim. Engar munnlegar skýrslur voru gefnar í þessu máli, enda langt liðið frá atburðum.

Svo sem fyrr er rakið, gerðu stefndu kröfu um, að málinu yrði vísað frá dómi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði Sigríðar Ólafsdóttur borgardómara 27. mars 1990. Sá úrskurður var án forsendna.

Kröfur stefnanda í máli þessu eru studdar sömu rökum og í fyrrnefndu bæjarþingsmáli, sem Hæstiréttur vísaði frá héraðsdómi. Þá eru kröfur að mestum hluta hinar sömu, en fjárhæðir annarrar varakröfu og þrautavarakröfu hafa þó verið lækkaðar. Dómkröfur stefnenda hafa ekki tekið breytingum frá því í stefnu, og stefnendur hafa haldið sig við sömu málsástæður og þar koma fram. Málatilbúnaður stefnanda er þó enn ekki skýr og hnitmiðaður og töluleg uppbygging kröfugerðar annmörkum háð.

Mál út af ágreiningi Pólarhúss hf. og stefndu var höfðað um mitt ár 1983 og hefur sætt frávísun frá héraðsdómi. Þegar höfð er hliðsjón af því, hve lengi málareksturinn hefur staðið, þykir þó ekki rétt að vísa málinu ex officio frá dómi.

Allar kröfur stefnenda í málinu eru í raun studdar því, að Pólarhús hf. hafi fengið of lágt verð fyrir fasteignina Vatnsstíg 11. Allar kröfur sínar miða stefnendur við, að stefndu hafi ranglega reiknað fyrirframgreidda húsaleigu, að fjárhæð 1.023.300 kr., sem hluta af kaupverðinu.

Reykjavíkurborg greiddi Pólarhúsi hf. 945.900 kr. í leigu og skuldbatt sig til að greiða 550.000 kr., eftir því sem íbúðir yrðu afhentar á árinu 1983. Að mati Gunnars Þorlákssonar, húsnæðisfulltrúa Reykjavíkurborgar, samanber dómskjal nr. 57, dugði hin fyrirframgreidda leiga til 20. september 1985, í rúmlega 34 mánuði frá 15. nóvember 1982 að telja.

Skilja verður kaupsamning aðila svo, að Pólarhús hf. skyldi halda hinni fyrirframgreiddu leigu, að fjárhæð 945.900 kr., sem að hluta til var vegna tímabilsins fyrir 15. nóvember 1982, en einnig fá í sinn hlut 550.000 kr., sem Reykjavíkurborg hafði skuldbundið sig til að greiða á árinu 1983.

Sýnt þykir, að útreikningur í liðnum fyrirframgreidd húsaleiga hafi komið frá Jóni Arngrímssyni, samanber dómskjal nr. 17, og var sá útreikningur byggður á því, að Pólarhús hf. myndi fá í sinn hlut fjárhæð, sem svaraði til 27 mánaða leigu eftir afhendingardag, 1.023.300 kr.

Af þeirri niðurstöðu matsmanna undir matslið 4, að töluleg afsláttaráhrif leigukvaðar séu nánast engin, draga stefnendur þá ályktun, að fyrirframgreidda húsaleigu eigi ekki að meta sem greiðslu til seljanda og að raunverulegt kaupverð hafi verið lægra sem nemi þessum greiðslulið.

Niðurstaða matsmanna verður ekki skilin á annan veg en þann, að leigusamningurinn við Reykjavíkurborg rýri ekki markaðsverð eignarinnar.

Aðilum samdist svo, að Pólarhús hf. héldi hinni fyrirframgreiddu leigu. Sú fjárhæð kom því Pólarhúsi hf. að notum, hvort sem fjárhæðin var tekin inn í samninginn sem greiðsluliður, eins og gert var, eða haldið fyrir utan hann og kaupverð eignarinnar lækkað að sama skapi.

Með hliðsjón af framansögðu verður ekki talið óeðlilegt, að fyrirframgreidd húsaleiga væri færð inn í kaupsamninginn sem greiðsluliður.

Skilja verður ákvæði kaupsamningsins um afhendingu og ákvæði leigusamningsins þannig, að Pólarhúsi hf. hafi borið að skila húsinu öllu í leigufæru ástandi. Samkvæmt viðaukasamningnum 15. nóvember 1982 skyldu kaupendur þó greiða seljendum 47.000 kr. fyrir að ljúka tréverki og 75.000 kr. fyrir málningu og vinnu. Þar sem kostnaður af frágangi íbúðanna lenti á stefndu, afsalaði Pólarhús hf. stefndu þeim 550.000 kr., sem eftir stóðu af fyrirframgreiðslu Reykjavíkurborgar, þó þannig, að 73.213 krónum af þeirri greiðslu var varið til að greiða skuldir eigenda Pólarhúss hf. við Gjaldheimtuna í Reykjavík.

Telja verður eðlilegt að miða fjárhæðir yfirtekinna veðskulda í kaupsamningnum við stöðu þeirra á kaupsamningsdegi.

Pólarhús hf. var hlutafélag, sem hafði með höndum atvinnustarfsemi í byggingariðnaði. Þáverandi framkvæmdastjóri félagsins, Jón Arngrímsson, hafði viðskiptamenntun og mikla reynslu á sviði viðskipta. Útreikningar,

sem frá honum komu, benda til, að hann hafi kunnað skil á vísitöluútreikningum. Upplýst er í málinu, að Andri Árnason hdl. kom að beiðni forsvarsmanna Pólarhúss hf. á fund málsaðila 15. nóvember 1982, en staldraði stutt við. Pólarhús hf. átti því kost á lögmannsaðstoð annarra en stefnda Ragnars Tómassonar hdl. við samningsgerðina. Samkvæmt framansögðu verður því ekki talið, að verulegt ójafnræði hafi verið með aðilum við samningsgerðina.

Aðilar eru sammála um, að fjárhagserfiðleikar Pólarhúss hf., þar á meðal yfirvofandi gjaldfelling á skuldabréfum í eigu Svans hf., hafi komið félaginu til þess að selja stefndu fasteignina Vatnsstíg 11.

Þegar kaupverð eignarinnar er borið saman við mat dómkvaddra matsmanna og aðstaða aðila og framkoma stefndu við samningsgerðina er virt, verður ekki talið, að um misneytingu hafi verið að ræða af hálfu stefndu, og verður því ekki fallist á það með stefnendum, að kaupsamninginn beri að ógilda á grundvelli 7. gr. l. nr. 58/1960 (nú 31. gr. l. nr. 7/1936).

Forsvarsmenn Pólarhúss hf. vissu stöðu áhvílandi veðskulda og höfðu þær hugmyndir, að eignin væri að minnsta kosti 8.400.000 króna virði. Stefnendum var í lófa lagið að kanna af eigin raun veðsetningarhæfni fasteignarinnar, og hefur þeim ekki tekist að sanna, að Ragnar Tómasson hafi tjáð þeim, að eignin væri yfirveðsett. Þar sem stefnendum hefur ekki tekist að sýna fram á, að stefndu hafi með röngum upplýsingum eða launung beitt forsvarsmenn Pólarhúss hf. svikum, verður ekki talið, að ógilda beri kaupsamninginn á grundvelli 30. gr. l. nr. 7/1936.

Stefnendur halda því fram, að ógilda beri samninginn á grundvelli 31. gr. (nú 32. gr.) l. nr. 7/1936, vegna þess að forsvarsmenn Pólarhúss hf. hafi undirritað samninginn á grundvelli bersýnilega rangra forsendna, og að stefndu hafi verið ljós viljaskortur seljenda. Þessar röngu forsendur hafi einkum falist í ranghugmyndum um, að Pólarhús hf. væri að missa eignina á nauðungaruppboði, og vanmati á möguleikum til að veðsetja eignina. Einnig hafi raunverð það, sem þeir fengu fyrir eignina, verið mun lægra en forsvarsmenn stefnda höfðu talið, og það hafi stefndu verið ljóst.

Pólarhús hf. hafði lengi reynt að selja fasteignina Vatnsstíg 11, en án árangurs. Forsvarsmenn Pólarhúss hf. lögðu á það mikið kapp að selja eignina fyrir 15. nóvember 1982, áður en veðskuldabréf í eigu Svans hf. yrðu eindöguð. Ekki er dregið í efa, að forsvarsmenn Pólarhúss hafi talið sig þurfa að fá 8.400.000 kr. fyrir eignina, og því hefur í sjálfu sér ekki verið mótmælt af hálfu stefndu, að þeir hafi vitað um þær verðhugmyndir. Þó verður að hafa það í huga, að tölulegur grundvöllur samningsins var að nokkru leyti kominn frá framkvæmdastjóra Pólarhúss hf.

Með hliðsjón af ofangreindu verður ekki talið, að efni samningsins, þar á meðal kaupverðið, hafi verið annað en það, sem forsvarsmenn Pólarhúss hf. máttu ætla, þegar þeir undirrituðu hann. Stefnendum hefur því ekki tekist að sýna fram á, að rangar forsendur eða mistök við ákvörðun kaupverðsins eigi að leiða til þess, að ógilda beri samninginn á grundvelli 31. gr. (nú 32. gr.) l. nr. 7/1936.

Stefndi Þorsteinn Steingrímsson rak fasteignasöluna Fasteignaþjónustuna, er kaupin voru gerð, en stefndi Ragnar Tómasson hdl., sem áður hafði átt fasteignasöluna, starfaði að ýmsum verkefnum í hennar þágu. Þar sem eignin hafði verið til sölu hjá Fasteignaþjónustunni og Þorsteinn Steingrímsson var annar kaupenda, tók 5. gr. þágildandi laga um fasteignasölu nr. 47/1938 til kaupsamnings Pólarhúss hf. og stefndu. Samkvæmt 12. gr. vörðuðu brot gegn lögunum sektum, nema þyngri hegning lægi við að lögum.

Pólarhús hf. hafði haft eignina til sölu á tveimur öðrum fasteignasölum um nokkurt skeið, en án árangurs. Við samningsgerðina áttu forsvarsmenn Pólarhúss hf. kost á utanaðkomandi lögmannsaðstoð, sem þeir virðast þó ekki hafa nýtt sér nema að litlu leyti.

Viðauki við 14. gr. kaupsamningsins tekur af tvímæli um það, að stefndu höfðu, áður en þeir tóku að sér að selja eignina, lýst yfir áhuga á að kaupa a. m. k. hluta hennar. Þótt ekki verði talið, að stefndu hafi sýnt góð vinnubrögð við samningsgerðina, hafa þeir ekki brotið gegn ákvæði 5. gr. l. nr. 47/1938. Þegar af þeirri ástæðu verður ógilding samningsins ekki byggð á þessari málsástæðu stefnenda.

Af sömu ástæðum þykja ekki efni til að ógilda samninginn á grundvelli 32. gr. (nú 33. gr.) l. nr. 7/1936.

Þar sem ástæður til ógildingar kaupsamningsins þykja ekki koma til greina, verður ekki fallist á aðalkröfu stefnenda.

Stefnendur reisa fyrstu varakröfu sína um riftun á því, að vanskil stefndu á greiðslu kaupverðsins séu stórfelld og langvarandi.

Svo sem að framan greinir, verður að telja, að kaupverð eignarinnar hafi verið 6.256.915 kr. Þar af hafa stefndu greitt 4.701.520 kr. með yfirtöku veðskulda og 132.095 kr. með yfirtöku smáskulda samkvæmt kaupsamningnum. Einnig verður talið, að 1.023.300 kr. hafi verið greiddar með því, að seljendur fengu að halda fyrirframgreiddri húsaleigu frá Reykjavíkurborg, þótt hluti hennar væri framseldur stefndu. Stefndu hafa hins vegar ekki enn gefið út veðskuldabréf til fimm ára, að fjárhæð 400.000 kr. Sú fjárhæð þykir þó svo lítill hluti af heildarkaupverði eignarinnar, að sýkna ber stefndu af kröfu stefnenda um riftun.

Stefnendur kveða aðra varakröfu og þrautavarakröfu reistar á sams konar lagarökum og aðalkröfu. Stefnendur telja, að tjón sitt nemi mismuninum á, að greiðsluliðir samkvæmt kaupsamningi nái markaðsverði samkvæmt mati.

Með vísan til þess, sem áður hefur verið sagt um aðalkröfu stefnenda, þykja stefnendur ekki hafa sýnt fram á, að stefndu hafi orðið á mistök við samningsgerðina eða að þeir hafi af ásetningi gerst sekir um bótaskyldan eða saknæman verknað. Matsmenn mátu staðgreiðsluverð eignarinnar 5.382.000 kr. Jafnframt var það niðurstaða þeirra, að markaðsverð skuldabréfa í B- og C-lið kaupsamningsins væri samtals 4.334.789 kr. Ef miðað er við það markaðsverð skuldabréfanna, lækkar raunverulegt staðgreiðsluverð eignarinnar um 766.731 kr., niður í 5.490.184 kr., sem er nokkru hærra en staðgreiðsluverð samkvæmt matsgerð. Með hliðsjón af því og þar sem ekki hefur verið fallist á röksemdir stefnenda um liðinn fyrirframgreidd húsaleiga, verður ekki talið, að stefndu hafi tekist að sýna fram á, að kaupverð fasteignarinnar hafi verið óeðlilega lágt. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki talið, að stefndu hafi haft óréttmætan fjárhagslegan ávinning af kaupunum, sem þeim beri að endurgreiða þrotabúi Pólarhúss hf. Með sömu rökum þykja stefnendur ekki hafa sýnt fram á, að þrotabú Pólarhúss hf. eigi rétt á endurskoðun kaupverðsins.

Hluti af annarri varakröfu stefnenda er ætluð vanskil stefndu á greiðslu kaupverðsins, sem stefnendur hafa sundurliðað þannig:

Liðurinn tréverk samkvæmt viðaukasamningi	kr.	47.000
Ógreidd opinber gjöld starfsmanna samkvæmt viðaukasamningi	–	73.213
Óútgefið ógreitt skuldabréf með gjalddaga 1. 2. 1984	–	400.000
20% vextir af skuldabréfi, 400.000 kr., frá 1. 2. 1983 til 1. 2. 1984	–	80.000
Samtals	kr.	600.213

Af hálfu stefndu hefur því verið haldið fram, að útgáfa og greiðsla skuldabréfsins tengdist uppgjöri vaxta, skatta og skyldna. Þar sem uppgjöri hafi verið hafnað af hálfu Pólarhúss hf. og ekki hafi verið gerð sérstök krafa af hálfu félagsins um uppgjör viðskipta aðila og greiðslu skuldabréfsins, beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnenda.

Þar sem framangreindar kröfur stefnenda vegna ætlaðra vanskila stefndu eru hluti af annarri varakröfu þeirra og stefndu hafa auk þess sjálfir haft uppi skuldajafnaðarkröfur, sem lúta að uppgjöri vaxta, verða stefndu ekki

sýknaðir af kröfum stefnenda af þessum ástæðum, enda þykja rök hníga til þess, að rétt sé að leiða allan ágreining aðila vegna þessara lögskipta til lykta í málinu.

Skýrt er kveðið á um í viðaukasamningi aðila frá 15. nóvember 1982, að seljendur skuldbindi sig til að ljúka tréverki við íbúðirnar fjórar fyrir 47.000 kr. Stefndu hafa ekki mótmælt því, að þetta verk hafi verið unnið, og hefur ekki tekist að sýna fram á, að Pólarhús hf. hafi fengið greitt fyrir það. Verður krafa stefnenda samkvæmt þessum lið því tekin til greina.

Í sama viðaukasamningi tóku stefndu að sér að greiða persónulegar skuldir forsvarsmanna Pólarhúss hf. við Gjaldheimtuna í Reykjavík, að fjárhæð 73.213 kr. Stefnendur telja, að stefndu hafi ekki efnt þessa samningsskyldu. Af borgarsjóðsávísun, dagsettri 25. janúar 1983, að fjárhæð 73.213 kr., á dómskjali nr. 56 má ráða, að hluti af greiðslu Reykjavíkurborgar fyrir framleiguíbúðir hafi runnið til Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Verður talið, að stefndu hafi þar með efnt þennan hluta viðaukasamningsins.

Stefndu hafa ekki enn gefið út skuldabréf til fimm ára, að fjárhæð 400.000 kr., sem þeir áttu að gefa út 1. febrúar 1983 og skyldi bera 20% ársvexti frá þeim degi. Með bréfi 20. apríl 1983 skoruðu stefndu á stefnendur að ganga til uppgjörs, og var útgáfa skuldabréfsins boðuð við lokauppgjör. Með bréfi Steingríms Steingrímssonar 26. apríl 1983 kom fram, að Pólarhús hf. teldi ekki tímabært að ganga til uppgjörs. Síðasti gjalddagi af skuldabréfi þessu hefði verið 1. febrúar 1988, og var því fjárhæð þess öll gjaldfallin, er mál þetta var höfðað.

Stefndu telja, að miða eigi skuld sína samkvæmt hinu óútgefna veðskuldabréfi við markaðsverð þess á kaupsamningsdegi, 144.308 kr., samkvæmt niðurstöðu dómkvaddra matsmanna.

Telja verður, að stefndu beri að efna samninginn við Pólarhús hf. að þessu leyti, og verður því ekki fallist á þessa málsástæðu stefndu. Með hliðsjón af framangreindu þykir rétt að miða við, að fjárhæð hins óútgefna skuldabréfs hafi gjaldfallið eftir efni kaupsamningsins á fyrirhuguðum afborgunardögum.

Alls verða því kröfur stefnenda, að fjárhæð 447.000 kr., teknar til greina.

Stefndu hafa, sem fyrr segir, haft uppi í málinu skuldajafnaðarkröfu, að fjárhæð samtals 1.346.560 kr. Með vísan til 116. gr. l. nr. 6/1978 má fallast á með stefndu, að þeir fái komið að skuldajafnaðarkröfu á hendur þrotabúi Pólarhúss hf.

Með vísan til fyrri rökstuðnings verður að telja, að stefndu séu á sama hátt og stefnendur bundnir af kaupsamningi, sem þeir gerðu 15. nóvember 1982, og viðaukasamningi, dagsettum sama dag.

Stefndu telja, að greiðsluliðurinn fyrirframgreidd húsaleiga hafi verið vanáætlaður. Þótt lauslegir útreikningar Jóns Arngrímssonar hafi verið lagðir til grundvallar ákvörðun þessa greiðsluliðar, verður að líta svo á, að fjárhæð hans hafi verið samkomulagsatriði fremur en hún hafi byggst á nákvæmum útreikningum aðila. Þar sem stefndu voru aðalhöfundar samningsins, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefndu, sem byggð er á endurskoðun á þessum greiðslulið.

Varðandi kostnað stefndu við að fullgera fjórar íbúðir verður að líta til þess, að stefndu voru aðalhöfundar viðbótarsamningsins. Telja verður, að í afsali Pólarhúss hf. á fyrirframgreiðslu frá Reykjavíkurborg, að fjárhæð 550.000 kr., hafi falist fullnaðargreiðsla til stefndu á kostnaði við frágang íbúðanna.

Stefnendur hafa ekki mótmælt tölulega skuldajafnaðarkröfu stefndu vegna áfallinna vaxta af veðskuldum fyrir 15. nóvember 1982, og þykir rétt, að sú krafa stefndu, að fjárhæð 125.018 kr., komi til skuldajafnaðar kröfum stefnenda.

Stefndu þykja hafa sýnt fram á með bréfi Svans hf. á dómskjali nr. 50 og yfirlýsingu Jóns Arngrímssonar á dómskjali nr. 63, að þeir hafi greitt Svani hf. andvirði tveggja víxla, sem Pólarhús hf. skuldaði Svani hf. Víxla þessa, sem voru samtals að fjárhæð 52.430 kr., greiddu stefndu með víxli, að fjárhæð 100.000 kr., á gjalddaga 1. september 1983. Þykir rétt, að sú fjárhæð komi til skuldajafnaðar kröfum stefnenda.

Stefndu hafa krafist vaxta af skuldajafnaðarkröfu sinni, annars vegar af 125.018 kr. frá 15. nóvember 1982 og hins vegar af 100.000 kr. frá 1. september 1983. Nánari grein hafa þeir ekki gert fyrir þessari vaxtakröfu og vaxtafótar ekki getið.

Rétt þykir eftir atvikum, að skuldajafnaðarkrafa stefndu, að fjárhæð 125.018 kr., vegna uppgjörs vaxta komi til frádráttar kröfum stefnenda miðað við 1. febrúar 1983, þannig, að höfuðstóll kröfu stefnenda lækki úr 447.000 kr. í 321.982 kr. Rétt þykir, að stefndu greiði 20% ársvexti af þeirri fjárhæð frá 1. febrúar 1983 til 1. september 1983. Frá þeim degi lækki höfuðstóllinn um 100.000 kr., í 221.982 kr. Þá fjárhæð greiði stefndu stefnendum ásamt 20% ársvöxtum, þannig, að fimmti hluti höfuðstólsins ásamt áföllnum samningsvöxtum gjaldfalli 1. febrúar 1984 og síðan fimmti hluti höfuðstólsins árlega til 1988. Af hinum gjaldföllnu fjárhæðum greiðist síðan dráttarvextir, eins og í dómsorði greinir. Rétt þykir, að áfallnir dráttarvextir frá 1. febrúar 1985 bætist við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986.

Með hliðsjón af frávísunarþætti málsins og úrslitum þess þykir rétt, að hvorir aðila beri sinn kostnað af málinu.

Sigurður T. Magnússon, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnar Tómasson og Þorsteinn Steingrímsson, greiði in solidum stefnendum, Steingrími Steingrímssyni, Haraldi Steingrímssyni og Gilbert Sigurðssyni vegna þrotabús Pólarhúss hf., 221.981,40 kr. ásamt 19% dráttarvöxtum á ári af 100.459,46 kr. frá 1. febrúar 1983 til 1. febrúar 1984, en 3,75% mánaðarvöxtum af 180.373,02 kr. frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1986, en af 251.407,26 kr. frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1987, af 313.562,22 kr. frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en frá þeim degi dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 af sömu fjárhæð til 1. febrúar 1988, en af kr. 366.837,90 frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir frá 1. febrúar 1985 bætist við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986.

Þá greiði stefndu stefnendum 20% ársvexti af 321.981,40 kr. frá 1. febrúar 1983 til 1. september 1983, af 221.981,40 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1984, af 177.585,12 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1985, af 133.188,84 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1986, af 88.792,56 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1987, en af 44.396,28 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1988.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 375/1994. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Halldóri Jóhannssyni
(Jóhann Þórðarson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi til endurskoðunar samkvæmt a-, b- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, og til að fá bótakröfu vísað frá héraðsdómi. Af hálfu ákæruvalds var þá einnig áfrýjað með stefnu 27. júlí 1994 til þyngingar á refsingu, en staðfestingar á greiðslu skaðabóta.

Fyrir héraðsdómi lágu gögn um ýtarlega lögreglurannsókn, sem fram fór í beinu framhaldi af atburði þeim, sem málið er risið af. Þrír þeirra, er gáfu skýrslu fyrir lögreglu, komu fyrir dóminn sem vitni og báru þar, að þeir hefðu séð ákærða sparka í höfuð og efri hluta líkama manns þess, er lá á gangstéttinni. Tvö vitnanna báru afdráttarlaust, að þau hefðu séð, að lögreglumenn handtóku árásarmanninn. Héraðsdómari hefur sakfellt ákærða fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Skipuðum verjanda ákærða hefur ekki tekist að leiða að því líkur, að mat héraðsdómara á sönnunargildi framburðar þessara vitna kunni að vera rangt. Ber því með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta niðurstöðu hans um sakfellingu ákærða.

Árás ákærða var hrottafengin og hefði hæglega getað leitt til stórkostlegra líkamsmeiðsla og örkumla. Telst refsing ákærða því hæfilega metin fangelsi í sex mánuði, en rétt er, að fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni verði frestað skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta til tjónþola og um greiðslu sakarkostnaðar. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að í hinum áfrýjaða dómi er ekki greint svo nákvæmlega sem skyldi frá atvikum málsins, sönnunargögnum og rökstuðningi fyrir niðurstöðu héraðsdómara um sönnunaratriði. Er þetta aðfinnsluvert, en ekki þykir næg ástæða til að ómerkja dóminn af þessum sökum.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Halldór Jóhannsson, sæti fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður eftir þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júní 1994.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir dóminum á hendur Guðmundi Halldóri Jóhannssyni, Huldubraut 13, Kópavogi, f. 8. 8. 1970 (fnr. 485), með ákæruskjali, út gefnu 19. apríl 1994 og birtu 13. maí sl., fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardags 16. október 1993 við Lækjargötu 2 í Reykjavík ráðist á Pál Lúther Ingimarsson, fæddan 15. ágúst 1974, slegið hann í höfuðið, svo að hann féll í götuna, og sparkað margsinnis í hann liggjandi með þeim afleiðingum, að hann tvíkjálkabrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Páll Lúther Ingimarsson, kt. 150874-4839, Grundarlandi 6, Reykjavík, krefst 305.920 kr. skaðabóta úr hendi ákærða.

Ákærði hefur hvorki gengist við sakargiftum né fallist á bótakröfu. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 128. og 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ráðist var á Pál Lúther nefnda nótt laust eftir kl. 4.00. Lögregla var

tafarlaust kvödd á vettvang og handtók ákærða eftir ábendingu vitna um 15 til 20 metra frá árásarstað. Guðmundur viðurkenndi strax að hafa lent í áflogum, en neitaði að vera valdur að áverkum Páls. Eftir á kvaðst ákærði ekki muna eftir að hafa sagst hafa lent í átökum, en hér fyrir dómi kveður hann sig minna að hafa orðið vitni að einhverjum átökum, annaðhvort á Lækjartorgi eða í Lækjargötu. Lögreglan hafði tal af sjónarvottum á vettvangi, og hafa þrír þeirra komið fyrir dóminn og borið vitni. Öll vitnin bera, að árásarmaðurinn hafi sparkað oftar en einu sinni í hinn fallna. Tveir sáu hann sparka í höfuð mannsins og hinn þriðji í efri hluta líkamans. Tvö vitnanna fylgdust með árásarmanninum og bentu lögreglunni á hann. Þau telja vafalaust, að ákærði sé árásarmaðurinn. Þessi tvö vitni kannast við að hafa verið nokkuð undir áhrifum áfengis. Þriðja vitnið, sem fyrst gerði lögreglunni viðvart, segist hafa verið allsgáð. Ekkert vitnanna er tengt aðilum. Framburður þeirra styrkist af framburði annarra, sem voru yfirheyrðir við rannsókn. Minni háttar misræmi þykir ekki spilla sönnunargildi þessara skýrslna um ákæruatriði. Sjálfur segist Páll muna það eitt að hafa fengið högg á hnakkann. Samkvæmt framburði vitnanna er það hafið yfir allan skynsamlegan efa, að ákærði hefur aðhafst það, sem hann er sakaður um.

Samkvæmt læknisvottorði, dags. 3. janúar 1994, eru bæði brotin misgengin, en höfðust vel við og greru eðlilega. Dofi er í neðri vör vinstra megin, en fer batnandi. Tennur kunna að hafa skaddast.

Skaðabótakrafa sundurliðast í lækniskostnað, þar með tannlæknakostnað, alls 42.920 kr., tekjutap 31.000 kr., fataskemmdir 20.000 kr., útlagðan kostnað 12.000 kr. og miska 200.000 kr.

Ákærði hefur ekki, svo að vitað sé, gerst sekur um brot, sem hafa ítrekunaráhrif á refsingu í þessu máli. Honum var gerð 20.000 króna sekt í dómi fyrir ölvun við akstur bifreiðar 29. 6. 1988 og 25.000 króna sekt fyrir hið sama 23. 8. 1989. Árásin var fólskuleg. Ákærði var í skóm með stáli í tá og afleiðingarnar alvarlegar og að nokkru varanlegar. Ákærða verður þó dæmd væg refsing í samræmi við dómiðkun, eins og greinir í dómsorði.

Reikningsgerð bótakrefjanda er að vísu ekki studd frumgögnum, en allir fjártjónsliðir eru sennilegir og í eðlilegu samræmi við það, sem vitað er um afleiðingar árásarinnar. Í vörn ákærða hefur ekki komið fram rökstudd gagnrýni á einstaka liði. Miski þykir hæfilega metinn 100.000 kr. og heildarbætur 200.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Halldór Jóhannsson, sæti þriggja mánaða fangelsi, en þar af skal tveggja mánaða fangelsisrefsingu frestað í 3 ár frá deginum í dag að telja, enda haldi hann almennt skilorð 57. gr.

laga nr. 19/1940. Þá greiði hann allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl., 40.000 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 kr., og Páli Lúther Ingimarssyni 200.000 kr. í bætur.

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 39/1992. **Vestmannaeyjahöfn**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Hf. Eimskipafélagi Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabætur. Siglingar. Frávísun frá héraðsdómi að hluta. Skuldajöfnuður. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1992. Krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða sér 3.758.354 krónur með 3,2% mánaðarvöxtum frá 31. október 1989 til 1. desember sama ár, með 3,4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1990, með 3,1% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars sama ár, með 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, með 2,2% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. maí sama ár, með 1,9% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, en síðan með hæstu dráttarvöxtum hverju sinni samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands og í samræmi við vaxtalög nr. 25/1987 til greiðsludags, og verði höfuðstólsfærsla heimiluð í fyrsta sinn 31. október 1990. Einnig krefst hann þess, að viðurkenndur verði sjóveðsréttur sinn í ms. Bakkafossi til tryggingar dæmdum kröfum. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er svarbréf Vita- og hafnamálaskrifstofunnar við bréfi lögmanns stefnda, þar sem fram kemur, að svonefndur Norðurgarður í Vestmannaeyjahöfn var styttur á árinu 1992 um 60 metra.

Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, komst að þeirri niðurstöðu, að sök vegna ásiglingar ms. Bakkafoss á skip og pramma áfrýjanda við Nausthamarsbryggju í Vestmanna-

eyjahöfn 31. október 1989 væri tvíþætt. Annars vegar hafi verið óvarlegt að sigla skipinu á 5 til 6 sjómílna hraða miðað við klukkustund og einnig að varpa ekki stjórnborðsakkeri, um leið og gefin var fyrirskipun um að sigla aftur á bak. Hins vegar hafi verið rangt að láta skip liggja við Nausthamarsbryggju og hafa það ekki tryggt, að dráttarbáturinn Lóðsinn sigldi á undan ms. Bakkafossi með dráttartaug á milli skipanna. Þessu mati héraðsdóms verður ekki haggað.

Ábyrgð á mistökum við stjórn skipsins hvílir á stefnda samkvæmt 171. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Af hálfu áfrýjanda er því enn fremur haldið fram, að ábyrgð vegna síðarnefndu atriðanna eigi að leggja á stefnda á grundvelli sama lagaákvæðis, þar sem hér hafi verið um sök hafnsögumanns að ræða. Vísar áfrýjandi og til 17. gr. laga nr. 48/1933 um leiðsögu skipa, sem í gildi voru á þessum tíma, en í því ákvæði sagði, að leiðsögumaður bæri ábyrgð á leiðsögu sinni. Einnig vísar hann til 8. gr. hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 377/1985, þar sem segir, að höfnin veiti dráttarbátaaðstoð og hafnsögumaður ákveði notkun báta og mannafla hverju sinni.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, var áfrýjanda fullkunnugt um hættu, sem fyrir hendi var við innsiglingu skipa á borð við ms. Bakkafoss í Vestmannaeyjahöfn, en tvívegis áður höfðu orðið sambærileg óhöpp við Nausthamarsbryggju, er valdið höfðu tjóni. Verður ekki á það fallist með áfrýjanda, að hann geti firrt sig ábyrgð á legu skipa á þessum stað. Að því er varðar ákvörðun um fylgdareða dráttarbát, verður að horfa til þess, að áfrýjandi átti að leggja til bátinn, og var hafnsögumaðurinn starfsmaður hans. Samkvæmt því verður niðurstaða héraðsdóms um ábyrgð áfrýjanda staðfest svo og sakarskipting dómsins.

Staðfest er og með vísan til forsendna héraðsdóms niðurstaða hans um fjárhæð skaðabóta.

Áfrýjandi hefur mótmælt meðferð héraðsdóms á skuldajafnaðarkröfu stefnda í héraði og telur skuldajöfnuð ekki eiga sér neina stoð. Skilja verður bókun eftir lögmanni hans við munnlegan málflutning í héraði svo, að hann hafi einungis samþykkt, að krafan kæmist að í málinu, en í því hafi ekki falist efnislegt samþykki við henni. Reifun og meðferð kröfunnar fyrir héraðsdómi þykir hins

vegar hafa verið svo áfátt, að ekki verði um hana dæmt. Verður meðferð og niðurstaða héraðsdóms um hana því ómerkt og kröfunni vísað frá héraðsdómi.

Stefnda verður samkvæmt framansögðu dæmt að greiða áfrýjanda 521.170 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sjóveðsrétt áfrýjanda í ms. Bakkafossi fyrir dæmdri kröfu.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er einnig staðfest, og rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Ómerkt er niðurstaða hins áfrýjaða dóms um skuldajafnaðarkröfu stefnda, Hf. Eimskipafélags Íslands, og er henni vísað frá héraðsdómi.

Stefndi greiði áfrýjanda, Vestmannaeyjahöfn, 521.170 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 31. október 1989 til greiðsludags.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um sjóveðsrétt áfrýjanda í ms. Bakkafossi og um málskostnað.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 15. nóvember 1991.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. f. m., hefur Vestmannaeyjahöfn, kt. 690269-0159, Vestmannaeyjum, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 10. ágúst 1990 og birtri 21. ágúst 1990, á hendur Hf. Eimskipafélagi Íslands, kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda, Vestmannaeyjahafnar, eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.758.354 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, krefst þess aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Vestmannaeyjahafnar, en til vara, að sök verði skipt og í því tilfelli viðurkennt, að stefnda sé heimilt að skuldajafna 2.143.162 króna kröfu sinni við kröfu stefnanda, en til þrautavara, að hvor aðili beri tjón sitt sjálfur. Við munnlegan málflutning krafðist lögmaður stefnda, að auk framangreindrar fjárhæðar kæmi til skuldajafnaðar jafn-

virði 12.935 DM í íslenskum krónum, sbr. dskj. nr. 31, en hér væri um að ræða viðgerðarkostnað á ms. Bakkafossi vegna tjónsins. Af hálfu stefnanda var kröfu þessari mótmælt sem allt of seint fram kominni.

Sættir hafa verið reyndar, en reynst jafnan árangurslausar.

II.

Málsatvik.

Í verulegum atriðum eru málsaðilar sammála um málsatvik, og þykir mega lýsa þeim þannig:

Að morgni þriðjudags 31. október 1989 hugðist flutningaskipið ms. Bakkafoss, sem er 106,58 metrar að lengd, taka höfn í Vestmannaeyjum, en skip þetta hefur stefndi á leigu. Hvasst var af suðaustri og stórsjór. Skipstjórinn á ms. Bakkafossi bað um hafnsögumann frá Eyjum, og sigldi innanhafnarbáturinn Léttir með hann að skipinu, og var hann kominn um borð í ms. Bakkafoss um hálfníuleytið þá um morguninn. Hófst þá sigling inn í höfnina, og segir svo um það í leiðabók ms. Bakkafoss:

„Um kl. 09.00 er skipið á siglingu inn í Vestmannaeyjahöfn. Siglt er með hægri ferð, ca. 5–6 sml. í innsiglingarmerkjum.“ Í leiðabókinni er þess jafnframt getið, að þegar framhluti skipsins hafi verið kominn á milli garðanna (nyrðri og syðri hafnargarðs), hafi það tekið að drífa allhratt að norðurgarðinum. Hafi þá hraði skipsins verið aukinn upp í hálfa ferð, og þegar framhluti skipsins hafi verið kominn inn fyrir norðurgarðinn, hafi stýrið verið sett hart í stjórnborða, jafnframt því sem bógskrúfa hafi verið keyrð á fullu í stjórnborða. Skipið hafi hins vegar ekki svarað eðlilega, heldur haldið því sem næst beint áfram. Upplýst er, að þá hafi skipstjóri, er afturendi skipsins var kominn inn fyrir norðurgarðinn, fyrirskipað að setja á fulla ferð aftur á bak, enda taldi hann augljóst, að skipið næði ekki beygjunni til norðurs. Það skipti hins vegar engum togum, að skipið hélt því sem næst beint áfram. Var þá tæp skipslengd í Nausthamarsbryggju, sem er austasta bryggjan í höfninni, en þar lá grafskip hafnarinnar utan á dýpkunarprammanum og þar fyrir aftan ms. Gígja utan á ms. Álsey. Þótt, eins og að framan greinir, sett hafi verið á fulla ferð aftur á bak, þegar skipið átti tæpa skipslengd ófarna að Nausthamarsbryggju, skipti það ekki neinum togum, að skipið lenti með bakborðsbóg á grafskipinu Vestmannaey, eign stefnanda, Vestmannaeyjahafnar, svo og dýpkunarpramma því skipi tengdum og staðnæmdist með stefnið á milli ms. Gígju og Álseyjar. Við áreksturinn urðu þó nokkrar skemmdir á öllum skipunum. Hinn 14. mars 1990 náðist samkomulag á milli eiganda Gígju og Álseyjar, Hraðfrystistöðvarinnar hf., og stefnda um tjónsuppgjör, og greiddi stefndi Hraðfrystistöðinni hf. tæpar tvær milljónir króna í bætur vegna tjóns á Gígju og Álsey.

Aðalmeðferð í málinu fór fram 22. og 23. október sl., og komu þá fyrir dóminn til vitnaleiðslu skipstjórinn á ms. Bakkafossi, Guðmundur Kristinsson, og Björgvin Magnússon hafnsögumaður, og einnig komu fyrir dóminn til skýrslutöku fyrrverandi og núverandi hafnarstjóri, Sigurgeir Ólafsson og Ólafur Kristinsson, og höfðu þeir allir að undanskildum Ólafi Kristinssyni gefið skýrslu við sjópróf, er fram fóru hjá bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum 17. nóvember 1989. Við aðalmeðferð komu matsmenn einnig fyrir dóminn.

Málið var munnlega flutt hinn 23. október sl.

Vitnið Guðmundur Kristinsson, skipstjóri á Bakkafossi, gaf skýrslu fyrir dómi er málið sætti dómsrannsókn við sjóferðapróf hinn 17. nóvember 1989. Sjóprófið, dskj. 3, er meðal málsgagna, og er þar einnig að finna framburð vitnisins 31. október 1989, sama dag og umræddur atburður varð. Tilgreinir vitnið þar einnig, að hraði skipsins, er það sigldi inn í höfnina, hafi verið 5 til 6 sjómílur, suðaustan 6–8 vindstig hafi verið og gengið hafi á með hryðjum. Þennan ganghraða staðfesti vitnið við sjóprófið. Hér fyrir dómi hefur vitnið sagt, að hraði skipsins hafi verið 2–3 sjómílur, er siglt hafi verið inn höfnina, en utan garða, en eftir að inn fyrir garða hafi verið komið, hafi skipið verið á 4–5 sjómílna ferð. Vitnið kvað skipið þurfa a. m. k. að sigla með 1–2 sjómílna hraða, til að stýrishæfni þess yrði fullnægjandi. Vitnið sagði, að um leið og bætt væri við ferð, tæki skipið strax við sér. Vitnið kvaðst hafa tekið ákvörðun um ganghraðann í samráði við hafnsögumann. Vitnið kvaðst vera alveg visst um, að stjórntæki skipsins hefðu verið í lagi og starfað eðlilega.

Vitnið Björgvin Magnússon hafnsögumaður sagði, er það 31. október 1989 gaf í þágu sjóprófsins skýrslu hjá lögreglu, að þegar inn fyrir rauðu baujuna hefði verið komið, hefði ferð skipsins vera 5–6 sjómílur, en eftir að skipið hefði tekið að drífa við norðurgarðinn, hefði verið bætt við vélaraflið. Hér fyrir dóminum sagði vitnið, að hraði skipsins að hafnarmynninu (þ. e. frá Klettsnefi að rauðu bauju, innskot dómara) hefði verið 5 til 6 sjómílur. Síðan hefði verið hægt á ferðinni og hraði inn hafnarmynnið (frá rauðu bauju að hafnargörðum, innskot dómara), hefði verið 4 sjómílur. Þegar skipið hefði tekið að drífa að norðurgarðinum, hefði verið sett hálfa ferð, 6–7 sjómílur, og þegar séð hefði verið, að auka þyrfti vélarkraftinn til að ná beygjunni, hefði verið sett upp undir fulla ferð áfram, þ. e. 7 til 8 sjómílur, en eftir að séð hefði verið, að beygjan næðist ekki, hefði verið sett á fulla ferð aftur á bak. Vitnið sagði, að það hefði metið aðstæður svo, að óhætt væri að taka skipið inn. Vitnið sagði, að sog myndaðist einkum, þegar vindur gengi til suðvesturs, en ekki hefði verið þannig háttað um vindátt

umrætt sinn. Vitnið sagði, að stefna innsogs væri frá norðurhaus í átt að þrónum hjá FES, en stefna útsogs væri með norðurhaus í átt að suðurhafnargarði og með honum í norður. Vitnið taldi augljóst mál, að um sog hefði verið að ræða umrætt sinn, en hins vegar væri alls ekki unnt að mati vitnisins að segja til um, hvort hér hefði gætt innsogs eða útsogs, því að um hvort tveggja gæti verið að ræða, og hefði það sömu afleiðingar að þess mati. Vitnið tók einnig fram, að þegar svo stórt skip, sem hér um ræðir, væri tekið inn, og það nálgist þröngt sund, eins og hér væri um að ræða, þ. e. garðar á bæði borð, gætu myndast sogkraftar á siglingu skipa. Vitnið sagði, að þegar skipið hefði verið tekið inn á höfnina, klukkan níu um morguninn, hefði vindur verið að ganga úr suðaustri í suðsuðaustur og verið 8 vindstig, þ. e. 6 til 7 vindstig á sjónum á því svæði, sem farið var um. Ekki vildi vitnið telja, að vont hefði verið í sjóinn, og benti á í því sambandi, að þegar komið sé inn fyrir rauðu baujuna, þ. e. áður en komið sé að görðunum, sé hætta á sviptivindum, en ekki hefði verið um það að ræða í þetta sinn, og nýja hraunið hefði skýlt fyrir vindi og veitt verulegt skjól. Vitnið vakti athygli á því, að útsýni úr brú Bakkafoss hefði verið takmarkað vegna mikillar hæðar gáma á þilfari og brúin sé auk þess aftast á skipinu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ástæðu til að færa skipin frá Nausthamarsbryggju. Vitnið sagði, að fyrst það hefði notað innanhafnarbátinn Létti, en ekki dráttarbátinn Lóðsinn, hefði það sennilega helgast af því, að síðarnefndi báturinn hefði ekki verið tiltækur. Það sagði, að togkraftur Lóðsins væri 5 tonn, en aftur á móti væri báturinn Léttir með öllu ónothæfur til aðstoðar við skip í þessu sambandi. Vitnið sagði, að leiðsögn hefði gengið vel, enda hefðu það og umræddur skipstjóri verið vanir að vinna saman við sams konar verk. Á sama hátt hefði undirbúningur innsiglingar gengið eðlilega og nánast sjálfkrafa. Það sagðist þó hafa gefið fyrirmæli um, að akkeri væru klár, og það hefði fylgst vel með hraðanum, vitandi um þá hættu, sem skapast gæti við það, að skipið tæki á sig vind eða lenti í drift (straumkasti), en skipið væri að mati vitnisins viðkvæmt fyrir hvoru tveggja. Vitnið sagði, að þótt það væri venjuleg vinnuregla hjá því að hafa alltaf bæði akkeri klár, þegar það leiðbeinir skipum inn í höfnina, hefði aldrei komið til þess, að það þyrfti að grípa til þeirra við leiðsögu skipa.

Vitnið Guðmundur Kristinsson sagðist margoft hafa siglt Bakkafossi inn til Vestmannaeyja fyrir þennan umrædda atburð. Það sagði, að aðstæður, áður en komið hefði verið að norðurgarðinum, hefðu alls ekki verið öðruvísi en vitnið átti að venjast, en þegar þangað var komið, hefði skipið dregist að garðinum og virtist ekki láta að stjórn. Skýringuna á því, að skipið svaraði ekki stjórntökum, þegar stýrisskipunin „hart í stjór“ hefði verið gef-

in, taldi vitnið vera þá, að mikið sog hefði dregið skipið að garðinum. Lýsti vitnið því nánar þannig, að skipið hefði eins og dregist með bylgju að garðinum og inn, en einmitt þá hefði skipið verið nákvæmlega í innsiglingarmerkjum.

Sigurgeir Ólafsson, fyrrverandi hafnarstjóri, gaf skýrslu við sjóprófið. Hann gaf einnig aðilaskýrslu hér fyrir dóminum, og kom fram í framburði hans, að mikil þrengsli væru í höfninni og reynt sé því að nýta hvert bryggjulægi. Hann taldi það ekki myndu hafa komið að gagni, þótt dráttarbáturinn hefði aðstoðað við innsiglinguna og taug verið tengd á milli skipanna. Þótt breyttar aðstæður kynnu að knýja á um, að taka þyrfti af norðurgarðinum, taldi vitnið, að það ætti ekkert skylt við hönnunargalla, höfnin sé alls ekki með slíka galla.

Ólafur Kristinsson, núverandi hafnarstjóri, sagði, að verið væri að vinna í útboðsgögnum með það í huga að fara í framkvæmdir við styttingu norðurgarðs, en lagðar hefðu verið til grundvallar, áður en ákvörðun um útboð hefði verið tekin, athuganir danskrar straumfræðistofnunar á möguleikum til breytinga á innsiglingunni og hafnarmannvirkjum.

Með beiðni, dags. 17. nóv 1989, fór stefndi fram á það við bæjarfógetaembættið í Vestmannaeyjum, að dómkvaddir yrðu hæfir og óvilhallir menn til að meta skemmdir á grafskipinu Vestmannaey. Samkvæmt matsbeiðni og dómkvaðningu skyldu matsmennirnir, þeir Frímann Sturluson skipatæknifræðingur og Magni Guðmundsson tæknifræðingur, láta í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

1. hver eðlilegur kostnaður væri við að lagfæra þær skemmdir, sem urðu á grafskipinu Vestmannaey við áreksturinn,

2. hvert mætti ætla, að verðmæti þess, sem skemmdist um borð í grafskipinu Vestmannaey, hefði verið fyrir áreksturinn með tilliti til aldurs skipsins og þeirra hluta, er skemmdust.

Í matsgerð, dagsettri 20. desember 1989 (dskj. 4), komust matsmennirnir að þeirri niðurstöðu, að efnis- og vinnukostnaður vegna viðgerðar á tjóni grafskipsins Vestmannaeyjar næmi 1.870.000 krónum. Þegar tekið væri tillit til aldurs þeirra hluta, sem skemmdust, næmi tjónið 645.000 krónum, sem matsmennirnir síðar leiðréttu vegna reikningsskekkja í 631.000 krónur. Matsmenn komu hér fyrir dóminn og staðfestu matið.

Stefnandi gat ekki fallist á, að mat þetta yrði lagt til grundvallar tjónsuppgjöri, og gerði stefnda það kunnugt með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda, dagsettu 9. febrúar 1990. Þar segir m. a.: „Hafnarsjóður Vestmannaeyja getur ekki fallist á, að mat þetta feli í sér neinar raunverulegar bætur fyrir það tjón, sem Bakkafoss olli við ásiglinguna 31. 10. 1989. Er hvort tveggja, að matið er í flestum greinum of lágt í þeim liðum, sem það

nær til, auk þess sem matsmenn meta ekki annað, svo sem endurnýjun á rafkerfi, skemmdir á pramma og tjón hafnarsjóðs vegna þess tíma, sem viðgerð tekur, en dráttur á matinu hefur haft í för með sér, að starfsmenn grafskips eru enn á launum hjá höfninni, þótt ekki hafi verið hægt vegna tjónsins að starfrækja grafskipið."

Með matsbeiðni, dagsettri 2. apríl 1990, dskj. 22, fór lögmaður stefnanda fram á það við bæjarfógetann í Vestmannaeyjum, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir sérfróðir menn til að framkvæma yfirmat á tjóni, sem ms. Bakkafoss var valdur að við ásiglingu á grafskipið Vestmannaey 31. 10. 1989. Enn fremur skyldu matsmenn meta tjón, sem orðið hefði á pramma umrætt sinn af völdum sama skips, og skyldu þeir einnig meta kostnað við endurnýjun á rafkerfi í grafskipið Vestmannaey vegna umrædds atburðar og loks tjón Vestmannaeyjahafnar vegna viðgerðartíma.

Með matsgerð, dagsettri 30. apríl 1990, komust dómkvaddir matsmenn, þeir Steinar Viggósson tæknifræðingur og Sigurður Sólbergsson skipaverkfræðingur, að þeirri niðurstöðu í mati sínu, að viðgerð á skipinu og pramma næmi 2.483.300 krónum, laun áhafnar í þrjár vikur töldu þeir vera 293.374 krónur, og tap vegna rekstrarstöðvunar í þrjár vikur bæri að meta á 397.500 krónur. Væri samkvæmt því heildartjón stefnanda 3.174.174 krónur. Einnig þessir matsmenn komu fyrir dóminn og staðfestu mat sitt.

Í greinargerð sundurliðar stefnandi stefnukröfuna með þessum hætti:

1. Bótakrafa skv. niðurstöðu yfirmats	kr.	3.174.174
2. Virðisaukaskattur, 24,5%, reiknaður á vinnuliði í mati yfirmatsmanna, 1.526.200 kr., sem ekki var tekinn með í yfirmatsgerð	–	373.919
3. Matskostnaður yfirmatsmanna, sem er höfuðstóll stefnukröfu	–	210.261
Samtals	kr.	3.758.354

Stefndi sundurliðar aftur á móti skuldajafnaðarkröfu sína, dskj. 19 og 20, þannig:

1. Bætur vegna Gígju og Álseyjar	kr.	1.932.600
2. Matsgerð Frímanns Sturlusonar	–	68.883
3. Matsgerð Magna Guðmundssonar	–	70.386
4. Skoðunarkostnaður/Könnun hf.	–	17.817
5. Þýðingarkostnaður/Hilmar Foss	–	34.026
6. Lögfræðikostnaður/Málflutningsskrifstofan	–	6.382
7. Flugmiði Reykjavík/Vestm-eyjar/Reykjavík	–	13.068
Samtals	kr.	2.143.162

III.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi eigi einn sök á því, að ms. Bakkafoss rakst á skip stefnanda. Ms. Bakkafoss sé eign stefnda (sic) og skipstjóri hafi unnið á ábyrgð stefnda sem og einnig hafnsögumaðurinn, eftir að hann var kallaður til starfa á skipinu. Þótt bæði skipstjóri og hafnsögumaður telji, að ekkert hafi verið athugavert, sé það álit stefnanda, að um handvömm hafi verið að ræða við siglingu skipsins inn í höfnina og stefnda verði gefin sök á því, enda borið húsbóndaábyrgð, ekki einungis á skipstjóra, heldur einnig hafnsögumanni. En sé horft sérstaklega til þeirrar handvammar, sem hér komi til greina, sé það vissulega áleitin spurning, hvort rétt hafi verið að auka ferðina upp í hálfa ferð og ekki látið þar við sitja, heldur ferðin aukin í upp undir fulla ferð, þ. e. um það bil 8 sjómílur. Hér hafi verið um allt of mikla ferð að ræða, og skipti þá ekki máli, þótt hraðaaukningin hafi verið gerð til að ná beygjunni. Það hafi einfaldlega ekki tekist, og tjón hafi orðið, enda skipið komið því sem næst á fullri ferð á hin kyrrstæðu skip. Þegar skipið hafi ekki látið að stjórn, hafi átt að láta akkeri falla, en ekki auka ferðina, eins og gert hafi verið. Skipið hafi komið inn í höfnina á fullri ferð, straumar og annað hafi hér engin áhrif, og skipið hafi valdið tjóni með siglingu sinni. Hafnaryfirvöld eigi ekki sök á þessu tjóni. Það sé úr lausu lofti gripið hjá stefnda, að höfnin sé ranglega hönnuð og hún sé slysagildra. Ekki sé unnt að bera fyrir sig skort á tilkynningum um sog í höfninni. Iðulega hafi komið til tals, að sérstaka aðgæslu þurfi við að taka inn skip af þessari stærð, það sé á allra vitorði. Hins vegar sé hafnaryfirvöldum og hafnsögumanni fullljóst, að höfnin er ekki nógu trygg til að taka inn svo stórt skip sem ms. Bakkafoss er. Hafnaryfirvöld höfðu engin tök á að draga úr tjóninu. Röng hafi sú ákvörðun verið að taka skipið inn, fyrst tjón varð, og það alls ekki verið forsvaranlegt með þeim hætti, sem gert hafi verið. Skipti þá ekki máli, þótt hafnsögumaður hafi ályktað sem svo, að engin hætta væri því samfara, það hafi einfaldlega verið rangt mat. Kröfugerðin sé að sjálfsögðu miðuð við yfirmatið, dskj. 13, enda verði gamlir hlutir ekki hér endurbættir nema nýir hlutir komi í staðinn. Við munnlegan málflutning gaf lögmaður stefnanda þá málflutningsyfirlýsingu, að skuldajafnaðarkröfu stefnda, að fjárhæð 2.143.162 kr., sbr. dskj. 19 og 20, væri ekki mótmælt, en hins vegar allri hækkun á þeirri kröfu. Um lagarök vísar stefnandi til þess, að stefndi beri ábyrgð á því tjóni, sem menn, er stefndi ber ábyrgð á, sbr. 1. mgr. 171. gr. siglingalaga, sbr. 162. gr. sömu laga, valda með saknæmum hætti. Af hálfu stefnanda er því einnig haldið fram, að 162. gr. taki til þess tilviks, sem hér um ræðir. Þá var vitnað

til Hrd. 1971, 1034, þ. e. þess hluta dómsins, er fjallar um mistök af hendi skipstjórnarmanna, sbr. einnig Hrd. 1946, 442, Hrd. 1947, 245, Hrd. 1938, 144, og dóm Eystra landsréttar frá 29. júní 1922. Um rétt til sjóveðsréttar vísar stefnandi til 197. gr. laga nr. 34/1985.

Til stuðnings aðalkröfu um sýknu er af hálfu stefnda bent á, að það sé samdóma álit þeirra, sem geta gleggst um það vitnað, að engin mistök hafi verið við siglingu skipsins inn í höfnina, er í því sambandi vísað til framburðar vitnanna Guðmundar skipstjóra og Björgvins hafnsögumanns. Ljóst sé hins vegar, að vilji hafnaryfirvöld gera stefnda ábyrgan fyrir tjóninu, verði þau að sýna fram á, að einhver mistök hafi orðið við siglingu skipsins. Í þessu sambandi verði að telja, að ósannað sé, að átt hafi að varpa akkeri, og hugsanlega hefði það getað valdið hættu. Einnig verði hér á það að líta, hversu skamman tíma skipstjórnarmenn höfðu til umráða, en það sé einmitt eitt þeirra atriða, sem hafa beri í huga, þegar sök sé metin, sbr. 159. gr. laga nr. 34/1985. Á hitt sé einnig að líta, að fulltrúar hafnaryfirvalda hafi átt að vita, að varasamt var að sigla skipinu inn, eins og hér stóð á. Hafnsögumanni hafi þannig borið að vara skipstjóra við hugsanlegu sogi við hafnargarð, og honum og hafnarstjóra hafi borið að flytja grafskipið og prammann frá bryggjunni, áður en siglt væri inn. Ljóst sé, að vanræksla hafnaryfirvalda um þessi atriði felli ábyrgð á stefnanda, og megi vísa til dómaframkvæmdar í því sambandi í sambærilegum málum, sbr. Hrd. 1971, 1034, Hrd. 1966, 608, og Hrd. 1982, 1860. Grundvallaratriði sé, að hafnaryfirvöldum beri að vara við, ef varasamt sé að taka inn skip. Þá verði einnig að telja, að höfnin sé slysagildra og með hönnunargöllum, enda segi hafnaryfirvöld beinlínis, að rýmka þurfi innsiglinguna og taka af garðinum, sbr. framburð Sigurgeirs Ólafssonar á dskj. 3. Norræn dómaframkvæmd sýni enn fremur ábyrgð hafnaryfirvalda að þessu leyti, sbr. Nordis domsamling 1945, 147, 1949, 81, og 1967, 110. Ef aðalkrafa næði fram að ganga, ætti 1. mgr. 158. gr. laga nr. 34/1985 við. Komist dómurinn hins vegar að þeirri niðurstöðu, að skipta beri sök, beri að horfa vel til þess atriðis, að rík ábyrgð hvíli á hafnaryfirvöldum til upplýsingamiðlunar og ónógar og villandi upplýsingar geti leitt til skaðabótaábyrgðar. Í þessu sambandi var af hálfu stefnda vitnað til „Hríseyjardómsins“, Hrd. 1971, 1034, og „Akranessdómsins“, Hrd. 1966, 608. Ekki komi til greina að líta á matsgerðina á dskj. 13 sem eitthvert yfirmat, enda fullnægi hún ekki slíkum skilyrðum. Að sjálfsögðu eigi að leggja til grundvallar hina upprunalegu matsgerð á dskj. 4. Að því er lagarök varðar, bendir stefndi á, að verði aðalkrafa tekin til greina, verði væntanlega lögð til grundvallar 1. mgr. 158. gr. laga nr. 34/1985, en ef varakrafa ætti við, væri væntanlega vísað til 2. mgr. 158. gr. laganna og 160. gr. sömu laga, ef einungis þrautavarakrafan kæmist að.

IV.

Niðurstaða.

Í framburði vitnisins Guðmundar Kristinssonar, skipstjóra á ms. Bakkafossi, kemur fram, að skipið svari stýri fullnægjandi við eins til tveggja sjómílna hraða á klukkustund. Með hliðsjón af því var það óvarlegt af skipstjóra að sigla skipi sínu með allt að 5–6 sjómílna hraða á klukkustund. Þessi hraði skipsins hafði aukin áhrif á sogkrafta, sem verka á skipið vegna nálægðar þess við hafnargarðinn og brattan sjávarbakka á stjórnborða. Þeir sogkraftar, sem myndast við þennan hraða vegna nálægðar skipsins við hafnargarðinn og Hörgaeyri, bætast við þá sogkrafta, sem talið er, að hafi verið í höfninni í þetta sinn. Þessi atriði höfðu þau áhrif, að skipið lét ekki að stjórn. Þá verður einnig að telja, að það hefði átt að vera sjálfsögð varúðarráðstöfun af hálfu skipstjóra að láta stjórnborðsakkeri falla, um leið og hann gaf fyrirskipun um fulla ferð aftur á bak. Stefndi ber ábyrgð á þessum yfirsjónum skipstjóra, sbr. 171. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Hafnaryfirvöld verða einnig talin eiga sök á því tjóni, sem ms. Bakkafoss olli með ásiglingu sinni. Þannig áttu hafnaryfirvöld skilyrðislaust að hafa norðurhluta Nausthamarsbryggju frían, til þess að sigling skipsins þar fram hjá yrði hættulaus, enda var þeim fullkunnugt um, að erfitt gæti reynst að taka skipið inn vegna stærðar þess og þeirrar staðreyndar, að einungis tæpar tvær skipslengdir eru frá norðurhafnargarði að bryggjunni. Þannig hátt-aði einnig til um veður og sjólag, að hafnsögumanni bar, áður en hann fór út í skipið, að hafa það tryggt, að dráttarbáturinn Lóðsinn sigldi á undan skipinu með dráttartaug á milli skipanna, en taka ekki skipið inn að öðrum kosti. Ábyrgð á báðum þessum atriðum verður lögð á stefnanda, enda var það hlutverk hafnaryfirvalda og starfsmanna þeirra að sjá til þess, að við hafnsöguna væru notuð þau tæki, sem tryggðu örugga hafnsögu.

Með hliðsjón af framansögðu þykir eðlilegt, sbr. 2. mgr. 158. gr. siglingalaga nr. 34/1985, að stefndi bæti tjónið að hálfum hluta á móti stefnanda, sem sjálfur beri tjón sitt að hálfu leyti. Sök verði þannig skipt til helminga.

Með því að matsbeiðnirnar á dskj. 26 og 22 eru ekki sambærilegar að því leyti, að matsmönnum var fyrirlagt að framkvæma matið út frá ólíkum forsendum, verður ekki litið á aðra matsgerðina sem yfirmat hinnar. Í matsgerð Steinars Viggóssonar og Sigurðar Sólbergssonar, dskj. 13, kemur eftirfarandi fram: „Þar sem endurnýja þarf sumt af því, sem skemmst hefur, verður ekki hjá því komist, að nýir hlutir komi í stað gamalla og væntanlega betri en þeir, sem voru fyrir. Ekki er þó tekið tillit til þessa í kostnaðaráætlun, enda ekki farið fram á það í áðurnefndu bréfi frá bæjarfógeta, dags. 10. 4. 1990."

Með því að virða verður þá grundvallarreglu, að auðgunarsjónarmið komi ekki til álita við ákvörðun skaðabóta, verður aðeins að óverulegu leyti stuðst við matsgerð Steinars Viggóssonar og Sigurðar Sólbergssonar, dskj. 13. Unnt er þó að leggja hana til grundvallar við ákvörðun bóta vegna skemmda á pramma og tjóns vegna rekstrarstöðvunar, en laun áhafnar koma hins vegar ekki til álita, enda hefur stefnanda ekki tekist að sýna fram á bótaskylt tjón í því sambandi. Við ákvörðun á bótafjárhæð verður hins vegar í öllum verulegum atriðum stuðst við matsgerð þeirra Frímanns Sturlusonar og Magna Guðmundssonar, dskj. 4, þó með þeirri athugasemd, að heildartjón vegna grafskipsins Vestmannaeyjar ásamt pramma og rekstrartaps verður talið nema:

Vegna grafskipsins Vestmannaeyjar	kr.	631.000
Vegna pramma 34.600, 40%	–	13.840
Vegna rekstrartaps	–	397.500
Samtals	kr.	1.042.340

Stefnda, Hf. Eimskipafélag Íslands, verður þannig dæmt að greiða stefnanda, Vestmannaeyjahöfn, helming þessarar fjárhæðar, þ. e. 521.170 kr., ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989 um breytingu á þeim lögum, frá 31. október 1989 til greiðsludags.

Eins og að framan greinir, gaf lögmaður stefnanda þá málflutningsyfirlýsingu við munnlegan málflutning, að hann hefði ekki uppi nein andmæli við skuldajafnaðarkröfu stefnda, dskj. 20. Þessi málflutningsyfirlýsing verður ekki skilin á annan veg en þann, að með því viðurkenni stefnandi rétt stefnda til að hafa uppi kröfu þessa í málinu án tillits til þess, að krafan stofnast við greiðslu stefnda á tjónsbótum til Hraðfrystistöðvarinnar hf. vegna skipanna Álseyjar og Gígju. Samkomulag sé þannig með aðilum um, að gagnkvæmisskilyrðum sé fullnægt. Að því athuguðu þykir mega láta fjóra fyrstu liði kröfu þessarar, dskj. 20, ganga upp á móti kröfu þeirri, sem stefnandi hefur fengið dæmda á hendur stefnda, þó aðeins að því marki, að helmingur þeirrar kröfu, 2.089.686: 2, þ. e. 1.044.843 kr., komi hér til skuldajafnaðar, enda ber stefndi í samræmi við það, sem að framan greinir, einungis ábyrgð á helmingi þess tjóns, sem varð vegna ásiglingar ms. Bakkafoss. Stefndi á hins vegar engan rétt til sjálfstæðs dóms um afganginn, enda þess eigi krafist.

Viðurkenndur er sjóveðsréttur stefnanda í ms. Bakkafossi fyrir dæmdri kröfu, sbr. 197. gr. laga nr. 34/1985.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni skólameistara og Jóni B. Hafsteinssyni skipaverkfræðingi dæma mál þetta.

Dómsorð:

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, kt. 510169-1829, greiði stefnanda, Vestmannaeyjahöfn, kt. 690269-0159, 521.170 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989 um breytingu á þeim lögum, frá 31. október 1989 til greiðsludags.

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands hf., má skuldajafna 1.044.843 króna kröfu sinni við dæmda kröfu stefnanda á hendur því.

Viðurkenndur er sjóveðsréttur stefnanda, Vestmannaeyjahafnar, í ms. Bakkafossi fyrir dæmdri kröfu.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 158/1992. **Rósa Dröfn Sigurðardóttir**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
dómsmálaráðherra og
fjármálaráðherra vegna
ríkissjóðs og
ríkissaksóknara
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Frelsisskerðing. Skaðabætur. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. apríl 1992 og krefst þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 1.000.000 krónur, með 21% ársvöxtum frá 2. nóvember 1990 til 1. mars 1991, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar á bótakröfunni og að málskostnaður falli niður.

Ríkissaksóknara var stefnt til sjálfstæðrar aðildar í málinu. Rétt var að stefna honum til fyrirsvars vegna ríkissjóðs, sbr. 3. tölulið 154. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Ekki þykir þó ástæða til frávísunar málsins frá héraðsdómi fyrir þá sök.

Í greinargerð lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti er tímabil það, sem bótakrafa í málinu miðast við, reiknað frá 23. ágúst 1990 í stað 6. september sama ár, eins og gert var fyrir héraðsdómi. Af hálfu stefndu er þessari breytingu á grundvelli kröfugerðar mótmælt. Með vísan til 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sbr. nú 2. mgr. 17. gr. laga nr. 38/1994, eru ekki skilyrði til, að hún fái komist að í málinu, og ber að hafna henni.

Hinn 6. september 1990 var ákveðið í sakadómi Reykjavíkur, að áfrýjandi skyldi vegna þungunar látin laus úr gæsluvarðhaldi, en með úrskurði daginn eftir var henni að kröfu ákæruvalds gert að sæta „geymslu í fangelsinu að Kópavogsbraut 17, Kópavogi, eða öðrum viðeigandi stað samkvæmt mati fangelsislækna, . . .“ Samkvæmt vottorði sérfræðings á kvennadeild Landspítalans 12. sama mánaðar hafði áfrýjandi þá verið þunguð í 12 vikur og 6 daga og mátti vænta fæðingar um 22. mars 1991.

Í réttarhaldi í sakadómi Reykjavíkur 7. september, áður en nefndur úrskurður var kveðinn upp, var tekin vitnaskýrsla af Sigurði Árnasyni fangelsislækni, er veitt hafði áfrýjanda læknisþjónustu og vissi, að hún var þunguð, en hafði þó ekki skoðað hana sérstaklega af því tilefni. Hann kvaðst vegna starfs síns þekkja vel til aðstæðna í fangelsinu að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi og meta það besta fangelsi hérlendis. Kvaðst hann telja, að heilsu vanfærrar konu myndi undir venjulegum kringumstæðum ekki hætta búin með vistun þar.

Samkvæmt bréfi forstjóra Fangelsismálastofnunar ríkisins 12. september 1990 var umrætt fangelsi tekið í notkun í apríl 1989 í nýjum húsakynnum. Í bréfinu segir, að aðbúnaður í fangelsinu sé allur mjög góður. Hver fangi hafi sérherbergi með hreinlætisaðstöðu. Þar sé sérstök læknastofa til afnota fyrir lækna fangelsisins, þar sem þeir komi reglulega í vitjanir og séu auk þess ávallt tiltækir, ef á þurfi að halda.

Í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist er ráð fyrir því gert, að vanfærar konur verði vistaðar í fangelsi, en lagaákvæði þetta er svohljóðandi:

„Eigi kona ungbarn við upphaf afplánunar eða fæði barn í afplánun má heimila henni að hafa það hjá sér í fangelsinu.“

Þegar áfrýjandi var látin laus úr gæsluvist þeirri, er henni var gert að sæta samkvæmt nefndum úrskurði, að gengnum dómi Hæstaréttar 17. september 1990 í kærumáli vegna hans, hafði hún verið í gæsluvarðhaldi samfellt frá því í ágúst 1989. Vistun hennar samkvæmt úrskurðinum átti að standa fram að uppkvaðningu fullnaðardóms í máli ákæruvaldsins gegn henni, þó eigi lengur en til 1. nóvember 1990. Dómur Hæstaréttar í því máli var kveðinn upp 16. október sama ár.

Í dómi Hæstaréttar í kærumálinu er ráð fyrir því gert, að ákæruvaldið hefði átt rétt á fresti til að afla gagna um heilsufar áfrýjanda í framhaldi af kröfu um gæsluvist hennar samkvæmt 4. tölulið 69. gr. laga nr. 74/1974. Sú gagnaöflun fórst að vísu fyrir, svo sem rakið er í dóminum, en ljóst er, að áfrýjandi hefði orðið að sæta áfram gæsluvarðhaldi, meðan á fresti til þeirrar gagnaöflunar stóð, ef til hennar hefði verið stofnað.

Þegar litið er til þess, hvernig háttað var aðstæðum og aðbúnaði í umræddu fangelsi, og þess, að ekkert í gögnum málsins bendir til annars en áfrýjandi hafi búið við góða heilsu, það sem liðið var meðgöngutímans, verður að telja verulegar líkur á því, að gæsluvist hennar eftir 4. tölulið 69. gr. laga nr. 74/1974 hefði orðið áfram í fangelsinu að Kópavogsbraut 17. Er þá einnig höfð hliðsjón af áðurnefndu ákvæði í 8. gr. laga nr. 48/1988.

Með skírskotun til alls þessa verður ekki talið, að næg skilyrði séu til þess samkvæmt 152. gr. laga nr. 74/1974 að dæma áfrýjanda bætur í máli þessu. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Áfrýjandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. janúar sl., hefur Rósa Dröfn Sigurðardóttir, kt. 240867-5409, Unufelli 44, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 21. mars 1991, á hendur dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og ríkissaksóknara til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 1.000.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu eru aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilfelli látinn niður falla.

Sáttaumleitanir fyrir dómi reyndust árangurslausar.

I.

Sumarið 1989 sætti stefnandi máls þessa opinberri rannsókn vegna ætlaðra brota á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Stefnandi var meðal annars grunuð um manndrápstilraun, og sætti hún gæsluvarðhaldi af þessum sökum frá því í ágúst 1989 til 6. september 1990. Dómur í máli stefnanda gekk 26. janúar 1990, og var stefnandi sakfelld fyrir manndrápstilraun og dæmd til 6 ára óskilorðsbundinnar fangelsisvistar. Dómur þessi sætti lögskyldri áfrýjun. Stefnandi sætti áfram gæsluvarðhaldi samkvæmt úrskurðum sakadóms Reykjavíkur, og átti það að vara allt til þess tíma, er hæstaréttardómur gengi í máli stefnanda. Úrskurðir þessir voru studdir 4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974. Stefnandi var, meðan á gæsluvarðhaldi hennar stóð, vistuð í fangelsinu að Kópavogsbraut 17, Kópavogi, sem er afplánunarfangelsi, og að sögn stefndu naut hún þar „afplánunarkjara", þar sem einangrun hennar taldist ekki nauðsynleg. Stefndu kveða þá tilhögun hafa staðið allt frá 15. janúar 1990.

Í júlí 1990 kveðst stefnandi hafa fengið grun um, að hún væri vanfær. Hinn 24. ágúst 1990 var gerð þvagrannsókn á stefnanda, er benti til þungunar, og 12. september 1990 er staðfest af sérfræðingi í kvensjúkdómalækningum, að stefnandi sé vanfær og vænta mætti fæðingar um miðjan mars 1991. Stefnandi kveður fangelsisyfirvöldum hafa verið ljós þessi vitneskja, án þess að það leiddi til breytingar á högum stefnanda. Hinn 5. september 1990 gerði stefnandi kröfu fyrir sakadómi Reykjavíkur um, að henni yrði tafarlaust sleppt úr gæsluvarðhaldi, og var krafan reist á 4. tl. 69. gr. l. um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Krafa þessi sætti ekki andmælum ríkissaksóknara, og var stefnandi leyst úr gæsluvarðhaldi 6. september 1990. Sama dag gerði ríkissaksóknari kröfu um það, að stefnandi yrði vistuð í sérstakri geymslu samkvæmt 4. tl. 69. gr. l. nr. 74/1974. Stefnandi mótmælti þessari kröfu á þeim forsendum, að hún væri vanreifuð og öll gögn skorti henni til grundvallar. Hinn 7. september 1990 var stefnandi í Sakadómi Reykjavíkur úrskurðuð til að sæta geymslu í fangelsinu að Kópavogsbraut 17, Kópavogi, allt til 1. nóvember 1990.

Úrskurður þessi var kærður til Hæstaréttar Íslands. Hinn 17. september 1990 var kveðinn upp dómur í hæstaréttarmálinu nr. 328/1990 og úrskurður

sakadóms Reykjavíkur frá 7. sama mánaðar felldur úr gildi með þeim rökum, að ákæruvaldið hefði ekki enn aflað gagna sérfræðings um heilsufar og vistun stefnanda, og yrði því ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi. Stefnandi var þá leyst úr haldi.

Hinn 16. október 1990 var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Rósu Dröfn Sigurðardóttur. Með dómi Hæstaréttar var stefnandi dæmd til að sæta tveggja ára fangelsi óskilorðsbundið fyrir ýmis auðgunarbrot, en sýknuð af ákæru um manndrápstilraun. Til frádráttar refsingu kom gæsluvarðhaldsvist, samtals 381 dagur, sem svaraði því gæsluvarðhaldi, er stefnandi hafði setið í undir rannsókn málsins og allt fram til 6. september 1990. Sá tími, er stefnandi var í vistun samkvæmt 4. tl. 69. gr. l. nr. 74/1974, kom þannig ekki til frádráttar í dómi Hæstaréttar.

Stefnandi virðist einkum styðja málsókn sína því, að hún hafi setið í „geymslu" í fangelsi við afplánunarkjör í 11 daga, án þess að til þess stæði heimild að lögum. Af þessum sökum krefur stefnandi stefndu um greiðslu bóta, að fjárhæð 1.000.000 kr. Stefndu hafi hafnað kröfu hennar, og telji þeir, að vistun stefndu hafi ekki stofnað til bótaskyldu af þeirra hálfu. Með vísan til viðbragða stefndu sé málsókn þessi óhjákvæmileg.

Þessu til stuðnings vísar stefnandi til XVIII. kafla l. nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, einkum 151. og 152. gr.

Stefndu reisa kröfur sínar á því, að með hliðsjón af sökum þeim, er bornar voru á stefnanda, hafi hún ótvírætt átt að sæta gæsluvarðhaldi samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974, uns fullnaðardómur gengi í máli hennar. Það sé og fullkomlega heimilt í þágu rannsóknar opinbers máls og meðan á málsmeðferð fyrir dómi stendur, að svipta þá menn, sem svo stendur á um, frelsi sínu með gæsluvist í formi geymslu. Í ákvæðum þar um felist fyrst og fremst krafa um, að sá staður, sem frelsissviptingin fer fram, tryggi viðkomandi meðferð við hæfi. Ákvæðið útiloki á engan hátt, að slík geymsla geti farið fram í afplánunarfangelsi, verði geymslu við komið þar með þeim hætti, að heilsu viðkomandi sé borgið.

Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 17. september 1990 komi fram sú fordæmisúrlausn, að í ákvæði laganna um meðferð opinberra mála um geymslu felist krafa um, að geymsla skuli ákveðin sérstaklega í hverju tilviki fyrir sig að fengnu læknisráði um heilsufar og vistun viðkomandi. Jafnframt sé ljóst af dóminum, að ekki sé skylt að aflétta tafarlaust frelsissviptingu samkvæmt gæsluvarðhaldsúrskurði og láta viðkomandi lausan, þótt krafa komi fram um slíkt á grundvelli 4. tl. 69. gr. Ákæruvaldinu sé rétt að krefjast þess strax, að gæsluvist fari eftir 4. tl. 69. gr., og fá frest til öflunar gagna, þ. á m. læknisfræðilegra gagna, og viðhalda þannig frelsisskerðingu

þeirri, sem stefnandi hafði sætt samkvæmt gæsluvarðhaldsúrskurði. Verði því ekki séð, að stefnandi hafi að lögum átt óskoraðan rétt til að fá og halda frelsi dagana 7. september til 17. september 1990.

Sá annmarki, er var á málsmeðferð ákæruvalds við gagnaöflun og leiddi til þess, að kröfur þess náðu ekki fram að ganga og úrskurður sakadóms var felldur úr gildi, geti ekki, án þess að neitt annað komi til, leitt til þess, að undangengin frelsissvipting stefnanda samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur verði við það ólögmæt gagnvart 4. tl. 1. mgr. 67. gr., samanber 4. tl. 69. gr. l. nr. 74/1974. Ekki sé því unnt að fallast á það, að umrædd frelsissvipting stefnanda hafi verið ólögmæt og bótaskyld, hvorki á grundvelli almennra reglna né sem frelsisskerðing, er lögmæt skilyrði bresti fyrir samkvæmt 1. tl. 151. gr., eða sem óleyfilegt gæsluvarðhald í skilningi 152. gr. l. nr. 74/1974.

Loks halda stefndu því fram, að kröfur stefnanda séu allt of háar. Komist dómurinn að því, að stefnandi eigi einhvern bótarétt, sé þess krafist, að þær bætur verði stórlega lækkaðar. Vaxtakröfum og upphafstíma þeirra er einnig mótmælt. Jafnframt, ef niðurstaða yrði sú, að stefnanda bæru bætur, er þess krafist til stuðnings sýknukröfum og eftir atvikum til stuðnings varakröfu, að ógreidd skuld stefnanda vegna sakarkostnaðar samkvæmt dómi Hæstaréttar 16. október 1990 komi til skuldajafnaðar á móti þeim bótum, sem kynnu að verða dæmdar. Skuld stefnanda vegna þessa nemi 439.979 krónum, og ekkert hafi enn verið greitt upp í þá kröfu.

II.

Með hliðsjón af atvikum máls þessa verður fallist á það með stefndu, að gæsluvarðhald stefnanda, meðan á rannsókn máls hennar stóð og eftir að dómur hafði verið kveðinn upp í máli hennar í sakadómi Reykjavíkur 26. janúar 1990, hafi verið lögmætt.

Frelsisskerðing stefnanda í kjölfar staðfestrar þungunar hennar var reist á 4. tl. 69. gr. l. nr. 74/1974. Hæstiréttur nam ákvörðun um þá frelsisskerðingu úr gildi, þar sem ákæruvaldið hafði á þeim tíma, er málið kom til úrlausnar Hæstaréttar, ekki enn lagt fram gögn, þar á meðal álit sérfræðings í kvenlækningum um heilsufar og vistun varnaraðila.

Í dómi Hæstaréttar 16. október 1990 var ekki tekið tillit til þess tíma, er stefnandi var vistuð samkvæmt 4. tl. 69. gr. l. nr. 74/1974, við ákvörðun refsingar hennar.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi sérstaklega til 151. og 152. gr. l. nr. 74/1974. Eins og sakargögnum er háttað, þykja þau atriði, er nefnd eru í 151. gr., ekki eiga við í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs og með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar 16. október 1990, er varðar þann tíma, er dreginn var frá refsivist stefnanda, verður að telja, að það eitt, að tiltekin gögn lágu ekki fyrir, geti ekki leitt til þess, að stofnast hafi bótaréttur stefnanda til handa í skilningi 152. gr. l. nr. 747/1974.

Krafa stefndu um sýknu er því tekin til greina. Rétt þykir, að hvor aðili um sig beri sinn málskostnað. Allur gjafsóknarkostnaður máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun lögmanns stefnanda, 70.000 kr.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og ríkissaksóknari, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Rósu Drafnar Sigurðardóttur. Málskostnaður fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun lögmanns stefnanda, 70.000 kr.

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 363/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Hafdísi Guðrúnu Hafsteinsdóttur
(Kristján Stefánsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Játningarmál. Refsiákvörðun. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærða hefur áfrýjað málinu til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga, og var því skotið af hálfu ákæruvalds til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1994. Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Við meðferð málsins var þess krafist af hálfu ákærðu, að refsing hennar yrði lækkuð og hún sýknuð af kröfu ákæruvalds um upptöku.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Hafdís Guðrún Hafsteinsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. júlí 1994.

Ár 1994, mánudaginn 25. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr 490/1994: Ákæruvaldið gegn Hafdísi Guðrúnu Hafsteinsdóttur, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. júlí sl., á hendur ákærðu, Hafdísi Guðrúnu Hafsteinsdóttur, Stórholti 21, Reykjavík, kt. 121159-2369, fyrir eftirgreint brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni:

Í síðari hluta desember 1993 hafi hún staðið að því með Valgeiri Víðissyni, kt. 110764-5109, að flytja samtals 267 g af amfetamíni, þar af 34 g í töfluformi (134 stk.), hingað til lands í ágóðaskyni með þeim hætti, að Valgeir aflaði efnisins í ferð þeirra beggja til Amsterdam og Lúxemborgar, og 22. desember fluttu þau efnið frá Lúxemborg hingað til lands, falið í líkama ákærðu Hafdísar Guðrúnar. Voru þau bæði handtekin við komu til Keflavíkurflugvallar og hald lagt á efnið.

Er þetta talið varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar. Enn fremur er þess krafist á grundvelli 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, að upptækt verði gert framangreint fíkniefni, sem lagt var hald á.

Með ákærðu var saksóttur fyrrnefndur Valgeir, en hann hefur ekki fundist. Hefur málið því verið skilið í sundur.

Málavextir.

Ákærða hefur skýlaust játað það atferli, sem hún er saksótt fyrir. Hefur hún orðið sek um brot það, sem greinir í ákæru og réttilega er þar fært til refsiákvæðis.

Refsing ákærðu, sem hefur greiðlega játað brot sitt og aðeins verið refsað einu sinni til þessa, þykir vera hæfilega ákveðin fangelsi í 20 mánuði. Er þá einnig höfð hliðsjón af högum ákærðu.

Dæma ber ákærðu til þess að þola upptöku á 267 g af amfetamíni samkvæmt þeim lagaheimildum, sem í ákæru greinir.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða helming kostnaðar, sem hlaust af lögreglurannsókn málsins, og þóknun til verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Hafdís Guðrún Hafsteinsdóttir, sæti fangelsi í 20 mánuði.

Ákærða sæti upptöku á 267 g af amfetamíni.

Ákærða greiði helming kostnaðar, sem leiddi af rannsókn málsins.

Þá greiði ákærða verjanda sínum, Sveini Andra Sveinssyni héraðsdómslögmanni, 25.000 krónur í þóknun.

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 472/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Steinari Braga Lemacks Jósefssyni
(Brynjólfur Eyvindsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. nóvember sl., sem barst réttinum 29. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að þeim brotum, er um getur í hinum kærða úrskurði. Að því athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hans verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. nóvember 1994.

Ár 1994, mánudaginn 28. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Steinari Braga Lemacks Jósefssyni, kt. 230378-5259, Esjugrund 10, Kjalarnesi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. desember nk. kl. 16.00 vegna grunar um þjófnað, tilraun til þjófnaðar og nytjastuld.

Í gærmorgun milli kl. 5.30 og 6.00 handtók lögreglan í Reykjavík kærða í námunda við Gnoðarvog 56 hér í borg vegna grunar um tilraun til þjófnaðar í versluninni Vogaveri, Gnoðarvogi 44. Á kærða fundust tæpar 9.000

krónur í reiðufé, spennujárn, armbandsúr og 14 merkimiðar frá fyrirtækinu Íslenskum hagfiski.

Við rannsókn málsins vaknaði grunur hjá lögreglu um, að kærði kynni að vera viðriðinn fleiri mál þessa sömu nótt og nóttina áður. Er þar í fyrsta lagi um að ræða innbrotsþjófnað í bakarí Sveins bakara að Gnoðarvogi 46 þessa sömu nótt, en þar var stolið u. þ. b. 10.000 krónum í reiðufé. Í annan stað er kærði grunaður um nytjastuld sendibifreiðarinnar FS-886, einnig þessa sömu nótt, sem tekin var í heimildarleysi úr bílskýli að Engjaseli 13 hér í borg, en bifreið þessa fann lögregla við Gnoðarvog 48 um kl. 8 í gærmorgun. Í þriðja lagi er kærði grunaður um að hafa aðfaranótt sl. laugardags brotist inn í fyrirtækið Íslenskan hagfisk, Smiðjuvegi 4A, Kópavogi, og stolið þar 10.000 krónum í reiðufé auk 12–15 tékka, að andvirði u. þ. b. 40.000 krónur. Sem fyrr segir, fundust á kærða við handtöku 14 merkimiðar frá þessu fyrirtæki. Loks beinist grunur að kærða um að hafa aðfaranótt sl. laugardags brotist inn í hárgreiðslu- og rakarastofuna Bistý, Smiðjuvegi 4C í Kópavogi og stolið þar rúmum 3.000 krónum í reiðufé auk varnings tengdum starfsemi stofunnar.

Kærði hefur staðfastlega neitað að vera viðriðinn nokkurt þeirra mála, sem vikið er að hér að framan, og gefið skýringar um hvert einstakt tilvik.

Rannsókn framangreindra mála er á frumstigi. Við athugun rannsóknargagna er ljóst, að grunur er uppi um aðild kærða að brotum þessum. Einkum þykir sterkur grunur vera uppi um aðild kærða að innbrotstilrauninni í verslunina Vogaver og fyrirtækið Íslenskan hagfisk. Þá þykir einnig vegna nálægðar kærða við brotavettvang vera grunur um aðild kærða að innbrotsþjófnuðunum að Gnoðarvogi 46 og Smiðjuvegi 4C og einnig að nytjastuldi bifreiðarinnar FS-886, en fram er komið hjá kærða, að hann hafi verið í samkvæmi í Breiðholtshverfi ekki fjarri brotastað aðfaranótt sl. sunnudags.

Með vísan til alls framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr 103. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Steinar Bragi Lemacks Jósefsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. desember nk. kl. 16.00.

Föstudaginn 2. desember 1994.

Nr. 471/1994. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Hallgrími Sigurðssyni
(Sigurður Jónsson hdl.)

Kærumál. Ákæruvald. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. nóvember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 28. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 24. nóvember sl. um frávísun á sakarefni því, sem fjallað er um í I. kafla ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 15. september sl., á hendur varnaraðila. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm um öll sakarefni málsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Með ákæru ríkissaksóknara var varnaraðili meðal annars ákærður fyrir brot gegn 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds, sbr. 25. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt 27. gr. laganna getur hann kveðið á um rannsókn máls og mælt fyrir um framkvæmd hennar eða tekið rannsókn eða ákvörðun um rannsókn í sínar hendur. Í lögum nr. 45/1987 eru engin þau ákvæði, er skerða þetta fortakslausa vald ríkissaksóknara. Brast héraðsdómara því heimild til að vísa þessum þætti ákærunnar frá dómi.

Ber samkvæmt þessu að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka til efnismeðferðar og dómsálagningar þann þátt málsins, sem kærður hefur verið til Hæstaréttar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 24. nóvember 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 15. september 1994, á hendur Hallgrími Sigurðssyni, Setbergi 7, Þorlákshöfn, fæddum 23. júní 1949, „fyrir brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og fjárdrátt.

– – –“

Við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi var því haldið fram af hálfu verjanda ákærða, að saksókn ákæruvalds vegna ætlaðs brots ákærða gegn 30. gr. laga nr. 45/1987 bryti í bága við ákvæði 1. og 2. mgr. 31. gr. sömu laga. Af þessu tilefni tjáðu málflytjendur sig um það álitaefni, hvort slíkir annmarkar væru á saksókn samkvæmt framansögðu, að dómur yrði að svo komnu ekki lagður á sakarefni samkvæmt I. tölulið ákæru, sbr. 3. mgr. 122. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1992, skulu sektir samkvæmt 30. gr. laganna úrskurðaðar af yfirskattanefnd (áður sektarnefnd), nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar samkvæmt 2. mgr. Sú málsgrein hljóðar nú svo: „Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sakbornings, ef hann vill ekki hlíta því, að mál hans verði afgreitt af yfirskattanefnd skv. 1. mgr.“ Breyting sú, er gerð var á 31. gr. laga nr. 45/1987 með 1. gr. laga nr. 46/1992, fól það eitt í sér, að yfirskattanefnd kom í stað sektarnefndar og sá þáttur í afgreiðslu mála, sem fram að gildistöku breytingarlaganna var í höndum ríkisskattstjóra, var falinn skattrannsóknarstjóra.

Það sakarefni, sem hér er til umfjöllunar, var tekið til opinberrar rannsóknar af lögreglu á grundvelli bréfs, sem Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður ritaði sýslumanninum á Selfossi 15. júní 1992 f. h. Kjartans Halldórssonar. Styðst ákæra málsins við gögn, sem fylgdu bréfi lögmannsins, og framburðarskýrslu, sem skráð var eftir ákærða hjá lögreglunni í Árnessýslu 26. ágúst 1994.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 45/1987 fellir yfirskattanefnd úrskurð um sekt samkvæmt 30. gr. sömu laga, vísi skattrannsóknarstjóri máli þangað til sektarákvörðunar. Honum er enn fremur, svo sem að framan er rakið, til-

tækur sá kostur að vísa máli til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar. Að mati dómsins verður að skýra 1. og 2. mgr. 31. gr. hinna tilvitnuðu laga á þann veg, að brot gegn 30. gr. þeirra sæti því aðeins dómsmeðferð, að skattrannsóknarstjóri kjósi af sjálfsdáðum eða eftir ósk sakbornings að hafa þann hátt á afgreiðslu máls. Til saksóknar komi því ekki, nema fyrir liggi ákvörðun skattyfirvalda samkvæmt framangreindu. Er þessi skýringarkostur nærtækur í ljósi þess, að samræmis verði með þessu móti gætt í afgreiðslu mála og sakborningur þurfi ekki að sæta því, að mál hans gangi til dómsmeðferðar, ef skilyrði eru að mati skattyfirvalda til að ljúka því með öðrum og viðurhlutaminni hætti. Er sérstaklega til þess að líta, hvað þetta varðar, að það brot ákærða, sem hér um ræðir, verður að teljast smávægilegt.

Með því, sem nú hefur verið rakið, telst forræði þess sakarefnis, sem hér er til úrlausnar, enn í höndum skattyfirvalda. Brast því skilyrði til útgáfu ákæru að þessu leyti. Verður af þeim sökum eigi hjá því komist að vísa I. tölulið ákæru frá dómi.

Sakarkostnaðarákvörðun bíður dóms í málinu.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Ákæru ríkissaksóknara á hendur ákærða, Hallgrími Sigurðssyni, að því er varðar ætlað brot gegn 1. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, er vísað frá dómi.

Föstudaginn 2. desember 1994.

Nr. 473/1994. **Hjálmur hf.**
(Hlöðver Kjartansson hdl.)
gegn
Vélsmiðjunni Mjölni hf.
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kærumál. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 17. nóvember 1994, sem barst réttinum með kærumálsgögnum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða, upp kveðinn 8. nóvember sl., og er kæruheimild í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Fyrir Hæstarétti gerir sóknaraðili þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og dómkvöddu matsmönnunum Þórði Theodórssyni og Bjarna Sigurðssyni verði gert að ljúka mati samkvæmt dómkvaðningu 14. febrúar 1994, sem fór fram á grundvelli matsbeiðni sóknaraðila, með því að láta uppi rökstutt álit á tvennu, annars vegar, hvort efnisverð í reikningum varnaraðila á hendur sóknaraðila sé eðlilegt og sanngjarnt, en ef svo er ekki, þá, hvert teljist eðlilegt og sanngjarnt efnisverð, hins vegar, hvort efnis- og vinnumagn og verð vegna framkvæmda varnaraðila í vélskipinu Æsu, ÍS-87, sé í eðlilegu samræmi við umfang framkvæmdanna, en ef svo er ekki, þá, hvert sé hæfilegt efnis- og vinnumagn og sanngjarnt endurgjald fyrir það. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með vísan til röksemda í hinum kærða úrskurði þykir mega fallast á, að dómkvöddu matsmennirnir hafi þegar látið nægilega uppi álit á þeim atriðum, sem fyrri athugasemd sóknaraðila við matsgerð þeirra beinist að, enda gefst honum kostur á að leggja eftir þörfum fyrir þá spurningar við skýrslugjöf fyrir dómi. Þá felur síðari athuga-

semd sóknaraðila í raun í sér kröfu um, að lagt verði fyrir matsmennina að svara spurningum, sem var ekki beint til þeirra í samsvarandi horfi í dómkvaðningu. Samkvæmt þessu eru því ekki efni til að verða við kröfum sóknaraðila.

Dæma verður sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Kröfu sóknaraðila, Hjálms hf., um, að lagt verði fyrir dómkvöddu matsmennina Þórð Theodórsson og Bjarna Sigurðsson að taka upp matsgerð sína, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Vélsmiðjunni Mjölni hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 8. nóvember 1994.

Lögmaður stefnda hefur með bréfi á dómskjali nr. 40 krafist þess, að lagt verði fyrir dómkvadda matsmenn að endurskoða eða endurmeta ákveðna þætti í fram lagðri matsgerð á dómskjali nr. 34. Hafa sömu matsmenn þó áður svarað skriflegri beiðni lögmannsins á dómskjali nr. 37 um viðbótarmat með nokkurs konar framhaldsmatsgerð, sem lögð var fram á dómþingi í dag og þingmerkt nr. 41. Kemur þar fram frekari rökstuðningur matsmanna fyrir þeim þáttum í matsbeiðni, sem óskað var nánari skýringa á. Með kröfu sinni á dómskjali nr. 40 þykir lögmaður stefnda vera að leita svara við atriðum, sem ýmist er búið að svara af hálfu hinna dómkvöddu matsmanna, eins og þeir telja frekast mögulegt, að því er ætla verður, eða eru þess eðlis, að falli undir fleiri þætti en einn í upphaflegri matsbeiðni stefnda á dómskjali nr. 25. Er þar um að tefla atriði, sem ætla verður, að leita megi nánari skýringar og staðfestingar á fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Þykir því mega taka undir þau sjónarmið lögmanns stefnanda, sem bókuð voru í réttinum í dag. Er því hrundið þeirri kröfu lögmanns stefnda, að viðkomandi matsmenn verði með úrskurði skyldaðir til að endurmeta eða endurskoða fyrri matsgerð sína í málinu.

Úrskurðarorð:

Kröfu lögmanns stefnda um, að lagt verði fyrir dómkvadda matsmenn með úrskurði að endurskoða eða endurmeta fram lagða matsgerð sína í málinu, er hrundið.

Föstudaginn 2. desember 1994.

Nr. 338/1994. **Skipabrautin hf.**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Gunnar Sólnes hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Haldsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. júlí 1994, sem barst réttinum 3. ágúst sama ár. Kæruheimild er í 85. gr., sbr. 79. gr., laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og ógilt verði nauðungarsala, sem fram fór 14. mars 1994 á nýsmíði nr. 7, stálbát í smíðum hjá sóknaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar. Til vara krefst hann þess, „að ákvörðun sýslumanns að hafna boði sóknaraðila, að fjárhæð 16.000.000 kr., verði breytt á þá leið, að boðið verði samþykkt".

Varnaraðili hefur ekki gert kröfur í málinu fyrir Hæstarétti.

Meðferð málsins hér fyrir dómi hefur verið frestað fram til þessa að beiðni sóknaraðila.

Atvikum málsins er lýst í úrskurði héraðsdóms. Staðfesta ber þá niðurstöðu hans, að uppboðsheimild varnaraðila hafi verið lögmæt og um nauðungarsöluna gildi ákvæði XI. kafla laga nr. 90/1991. Þá verður nauðungarsalan eigi ógilt vegna rangrar tilgreiningar á gerðarþola í beiðninni, enda var hún leiðrétt við fyrirtöku málsins hjá sýslumanni.

Uppboðsandlagið var í vörslu sóknaraðila á uppboðsdegi. Við nauðungarsöluna lagði sóknaraðili, sem ekki var gerðarbeiðandi, fram haldsréttarkröfu sína, að fjárhæð 22.944.319 krónur, auk innheimtuþóknunar og virðisaukaskatts. Í kröfulýsingunni var vísað til 5. gr. smíðasamnings milli sóknaraðila og Gylfa Baldvinssonar frá 4. desember 1990, þar sem segir, að sóknaraðili hafi haldsrétt í bátnum og keyptu efni til hans, þar til lokauppgjör hafi farið fram í samræmi við ákvæði samningsins.

Við nauðungarsölu lausafjármuna ber sýslumanni að taka afstöðu til þess samkvæmt 5. mgr. 67. gr. laga nr. 90/1991, hvort boð nægi til þess, að einhver gerðarbeiðenda fái eitthvað í sinn hlut af söluverði. Það ræðst af fyrirliggjandi kröfum í uppboðsandlagið. Ekki verður til þess ætlast, að sýslumaður sé í færum til að meta umsvifalaust réttmæti kröfulýsinga, sem þá eru fram bornar. Séu þær studdar gögnum og ekki augljóslega rangar eða vafasamar, ber að leggja þær til grundvallar að svo búnu. Frekari meðferð þeirra bíður þá úthlutunar söluandvirðis.

Haldsréttarkröfu sóknaraðila var eigi þann veg farið, að hún yrði vefengd án frekari umfjöllunar. Bar sýslumanni því að taka mið af henni við mat á fram komnu boði varnaraðila. Það nægði þá ekki til þess, að varnaraðili fengi eitthvað í sinn hlut af söluverði. Var nauðungarsalan því árangurslaus, þar sem önnur boð komu ekki fram eða voru ekki tekin gild. Ber þannig að fallast á kröfu sóknaraðila um ógildingu nauðungarsölunnar.

Varnaraðili skal greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Nauðungarsala á nýsmíði nr. 7, stálbát í smíðum hjá sóknaraðila, Skipabrautinni hf., sem fram fór hjá sýslumanninum í Keflavík 14. mars 1994, er ógild.

Varnaraðili, Landsbanki Íslands, greiði sóknaraðila 150.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 28. júní 1994.

I.

Dómkröfur aðila.

Mál þetta, sem varðar ágreining um gildi nauðungarsölu og rekið er samkvæmt XIV. kafla laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, var þingfest 22. apríl 1994 og tekið til úrskurðar 3. júní 1994 að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili, Skipabrautin hf., kt. 691289-3979, gerir þá kröfu aðallega, að ógilt verði nauðungaruppboð sýslumannsins í Keflavík, sem fram fór 14. mars 1994 á starfsstöð sóknaraðila að Fitjabraut 3, Njarðvík, á nýsmíði nr. 7, stálbát í smíðum.

Sæti uppboðið ekki ógildingu, er til vara gerð sú krafa, að ákvörðun sýslumanns að hafna boði sóknaraðila, að fjárhæð 16.000.000 kr., verði breytt á þá leið, að boðið verði samþykkt. Jafnframt er þess krafist, að staðfest verði með úrskurði, að sóknaraðili eigi haldsrétt í nýsmíðinni, þar til fullnaðaruppgjör hefur farið fram á verksamningi við Gylfa Baldvinsson, dags. 4. desember 1990, samkvæmt kröfulýsingu sóknaraðila, dags. 18. febrúar 1994, að fjárhæð samtals 23.878.069 kr.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að skaðlausu.

Varnaraðili, Landsbanki Íslands, 710169-1449, gerir þá kröfu, að framangreind nauðungarsala sýslumannsins í Keflavík verði staðfest. Þá krefst varnaraðili þess, að hafnað verði kröfum sóknaraðila um, að samþykkt verði boð hans í uppboðsandlagið eða að haldsréttarkrafa verði viðurkennd.

Af hálfu varnaraðila er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að skaðlausu.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II.

Málsatvik.

Atvik málsins eru þau, að með bréfum varnaraðila, dags. 31. ágúst 1993, var þess krafist, að nýsmíði nr. 7, stálbátur í smíðum hjá sóknaraðila, yrði seld nauðungarsölu. Gerðarþoli við nauðungarsöluna var tilgreindur sóknaraðili. Varnaraðili studdi kröfu sína við þrjú fjárnám frá 27. júlí 1993 í umræddri nýsmíði, sem fram fóru hjá Gylfa Baldvinssyni til tryggingar kröfum varnaraðila, að fjárhæð samtals 9.383.874,20 kr.

Samkvæmt vottorði Siglingamálastofnunar ríkisins, dags. 14. mars 1994, er staðfest, að nýsmíði nr. 7 hafi verið úthlutað skipaskrárnúmerinu 2101 í júní 1990, en skipið hafi hins vegar ekki verið skráð á aðalskipaskrá.

Með bréfum, dags. 18. febrúar og 11. mars 1993, var nauðungarsölu á smíðinni mótmælt af hálfu sóknaraðila. Voru mótmælin m. a. studd því, að sóknaraðili væri eigandi smíðinnar og að með nauðungarsöluandlagið væri ranglega farið sem lausafé. Þá var nauðungarsölunni einnig andmælt með bréfum, dags. 14. mars 1994, af hálfu Iðnþróunarsjóðs og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, sem ekki eru aðilar að máli þessu. Samkvæmt þinglýsingarvottorði sýslumannsins í Keflavík, dags. 1. febrúar 1994, vegna nýsmíði nr. 7 var samningi, dags. 4. desember 1990, þinglýst á eignina 9. mars 1992, en samkvæmt þeim samningi skuldbindur sóknaraðili sig til að smíða fiskibát úr stáli á kostnað áðurnefnds Gylfa Baldvinssonar. Á eigninni hvíla einnig samningsveð varnaraðila og þau aðfararveð, sem lágu til grundvallar

kröfu um nauðungarsölu. Hins vegar hafa verið afmáð samningsveð Iðnþróunarsjóðs og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

Samkvæmt áðurgreindum samningi, dags. 4. desember 1990, tók sóknaraðili að sér á kostnað Gylfa Baldvinssonar að smíða fiskibát úr stáli, sem fékk smíðanúmer 7 hjá sóknaraðila. Kaupverð bátsins var 24.770.000 kr., sem greiða skyldi með misháum afborgunum allt frá undirritun samnings og eftir því, sem smíðinni miðaði áfram. Lokagreiðslu skyldi inna af hendi við afhendingu bátsins, sem átti að fara fram 16. mars 1991, auk þess sem þá skyldi jafnframt fara fram uppgjör á öllum reikningum, sem til hefðu fallið á smíðatíma. Í samningnum er mælt fyrir um, að sóknaraðili hafi haldsrétt í bátnum og keyptu efni, þar til lokauppgjör hafi farið fram.

Með bréfi, dags. 18. febrúar 1994, lýsti sóknaraðili kröfu, að fjárhæð samtals 23.878.069 kr., í uppboðsandvirði nýsmíðinnar, og var kröfunni lýst sem haldsréttarkröfu, er gengi framar öllum veðböndum, hvort sem væri samnings- eða aðfararveðum. Var krafan reist á áðurgreindum samningi um smíðina, en hann hefði verið vanefndur og framkvæmdir því legið niðri frá seinni hluta árs 1991.

Krafa varnaraðila um nauðungarsölu á nýsmíði nr. 7 var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Keflavík 28. febrúar 1993. Við fyrirtökuna tók sýslumaður þá ákvörðun, að nauðungarsala á smíðinni færi fram 14. mars 1994, þrátt fyrir fram komin andmæli sóknaraðila. Við fyrirtöku málsins 14. mars 1994 höfðu sýslumanni einnig borist áðurgreind mótmæli Iðnþróunarsjóðs og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Þá mótmælti sóknaraðili einnig sérstaklega, að hann væri gerðarþoli samkvæmt kröfu varnaraðila um nauðungarsölu, en samkvæmt endurritum sýslumanns frá umræddum fyrirtektum var gerðarþoli tilgreindur Gylfi Baldvinsson. Að fengnum þessum andmælum fór nauðungarsalan allt að einu fram, og var varnaraðila slegin eignin á 15.000.000 kr. Af hálfu sóknaraðila var boðið 16.000.000 kr., en því boði ekki tekið, þar sem greiða átti með inneign samkvæmt haldsréttarkröfu. Þessu var mótmælt af hálfu sóknaraðila, sem geymdi sér rétt til að bera uppboðsaðgerðir sýslumanns undir héraðsdóm.

Með bréfi, sem barst dóminum 22. mars 1993, leitaði sóknaraðili úrlausnar dómsins um gildi nauðungarsölunnar. Málið var þingfest 22. apríl 1994 að undangenginni lögmætri boðun til allra aðila nauðungarsölunnar. Aðrir aðilar nauðungarsölunnar en aðilar máls þessa hafa ekki tekið þátt í rekstri málsins.

III.

Málsástæður aðila.

Sóknaraðili reisir aðalkröfu sína á því, að nauðungarsalan á nýsmíði nr. 7 hefði átt að fara fram samkvæmt ákvæðum 2. þáttar laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, en ekki XI. kafla laganna. Um sé að ræða 9,9 tn. skip, sem hafi fengið úthlutað skipaskrárnúmeri og falli því undir ákvæði 2. mgr. 17. gr. laganna.

Við munnlegan flutning málsins hélt sóknaraðili því einnig fram, að fjárnámsgerðir þær, sem legið hefðu til grundvallar nauðungarsölu, fullnægðu ekki skilyrðum laga nr. 90/1989 um aðför og 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991, þar sem ekki yrði ráðið af endurritum gerðanna, að þær stöfuðu frá til þess bæru yfirvaldi. Þá hefði 16. gr. laga 90/1989 ekki verið gætt. Enn fremur hélt sóknaraðili því fram, að nauðungarsöluna bæri að ógilda, þar sem varnaraðili kæmi ekki til með að fá neinu úthlutað upp í kröfu sína, sbr. 5. mgr. 67. gr. laga nr. 90/1991. Af hálfu varnaraðila var þessum málsástæðum mótmælt sem of seint fram komnum.

Hvorki í greinargerð né við munnlegan flutning málsins hefur sóknaraðili fært fram lagarök fyrir varakröfu sinni um, að breytt verði þeirri ákvörðun sýslumanns að hafna boði sóknaraðila, að fjárhæð 16.000.000 kr.

Sóknaraðili heldur því fram, að þar sem fjárkrafa sú, er hann lýsti í nauðungarsöluandvirðið, hafi ekki sætt andmælum, verði hún lögð til grundvallar í máli þessu. Til tryggingar kröfunni sé haldsréttur í smíðinni, þar til fullnaðaruppgjör hefur farið fram, og gerð sé krafa um, að þessi réttur verði viðurkenndur.

Varnaraðili vísar til þess, að nauðungarsala sýslumannsins í Keflavík á nýsmíði nr. 7 hafi farið fram með lögmætum hætti og varnaraðili því orðið eigandi hins selda hlutar með því að greiða nauðungarsöluandvirðið, 15.000.000 kr. Þá hafi þær fjárnámsgerðir, sem voru grundvöllur sölunnar, farið fram lögum samkvæmt. Nauðungarsalan hafi réttilega farið fram samkvæmt ákvæðum XI. kafla laga nr. 90/1991, enda sé smíðinni ekki lokið og báturinn ekki færður inn á aðalskipaskrá.

Af hálfu varnaraðila er mótmælt sem röngu, að kröfu sóknaraðila í nauðungarsöluandvirðið hafi ekki verið andmælt. Sú afstaða sýslumanns að taka ekki boði sóknaraðila, að fjárhæð 16.000.000 kr., og að greitt yrði með inneign samkvæmt haldsréttarkröfu, feli í sér andmæli gegn kröfunni. Þá hafi varnaraðili ekki mótmælt kröfunni við nauðungarsöluna, enda hafi ætlunin verið að gera slíkt við úthlutun nauðungarsöluandvirðis.

IV.

Niðurstaða.

Í beiðnum varnaraðila, dags. 31. ágúst 1993, um, að sýslumaðurinn í Keflavík selji nauðungarsölu stálbát í smíðum hjá sóknaraðila, er sóknaraðili tilgreindur gerðarþoli við söluna. Samkvæmt samningi sóknaraðila og Gylfa Baldvinssonar, dags. 4. desember 1990 og þinglýstum 9. mars 1992, tekur sóknaraðili að sér að smíða bát á kostnað nefnds Gylfa. Þykir verða að túlka þann samning svo, að Gylfi Baldvinsson sé eigandi smíðinnar, eftir því sem henni vindur fram, enda hefði að öðrum kosti verið ástæðulaust fyrir sóknaraðila að áskilja sér haldsrétt í smíðinni, svo sem hann gerði í samningnum um smíðina. Varnaraðili krafðist fjárnáms í smíðinni til tryggingar á skuldum Gylfa Baldvinssonar, og því bar varnaraðila að tiltaka hann sem gerðarþola í beiðni um nauðungarsölu, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Þessa var ekki gætt við upphafsathugun málsins hjá sýslumanni, svo sem skylt var, sbr. 13. gr. laganna. Þegar hins vegar er virt, að í rekstri máls þessa hefur sóknaraðili ekki haft uppi andmæli af þessum sökum og að gerðarþoli hefur ekki tekið þátt í rekstri málsins þrátt fyrir lögmæta boðun, verður nauðungarsalan ekki ógilt á þessum grundvelli.

Sóknaraðili heldur því fram, að nauðungarsölu á smíðinni beri að ógilda, þar sem nauðungaruppboðið hafi ranglega farið fram sem um lausafé væri að ræða samkvæmt XI. kafla laga nr. 90/1991. Í málinu liggur fyrir, að smíðin hefur ekki verið færð á aðalskipaskrá, sbr. lög nr. 115/1985 um skráningu skipa. Því verður ekki fallist á það með sóknaraðila, að fara hefði átt með nauðungarsöluna samkvæmt reglum 2. þáttar laganna um nauðungarsölu á fasteignum o. fl., sbr. 2. mgr. 17. gr.

Þær fjárnámsgerðir, sem varnaraðili studdi kröfu sína um nauðungarsölu við, voru framkvæmdar af Birni Rögnvaldssyni, löglærðum fulltrúa sýslumannsins á Akureyri. Gerðirnar fóru því fram af til þess bæru yfirvaldi í því umdæmi, sem gerðarþoli átti heimilisvarnarþing.

Í samræmi við 1. mgr. 68. gr. laga nr. 90/1991 hefur sýslumaðurinn í Keflavík ekki úthlutað nauðungarsöluandvirði, þar sem dómsmál er rekið um gildi sölunnar. Að svo komnu máli verður því ekki fullyrt, að varnaraðili komi ekki til með að fá úthlutað upp í kröfur sínar og að salan sé árangurslaus, sbr. 5. mgr. 67. gr. laganna, svo sem sóknaraðili heldur fram.

Samkvæmt framansögðu verður ekki fallist á kröfu sóknaraðila um, að ógilt verði nauðungarsala sýslumannsins í Keflavík á bát í smíðum hjá sóknaraðila, sem fram fór 14. mars 1993.

Samkvæmt 2. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1991 verða ekki hafðar uppi í máli,

sem rekið er samkvæmt XIV. kafla laganna, aðrar kröfur en varða ógildingu nauðungarsölu eða viðurkenningu á gildi hennar svo og kröfur um greiðslu málskostnaðar. Þegar af þessari ástæðu ber að hafna varakröfu sóknaraðila varðandi afstöðu sýslumanns til boðs hans í smíðina og kröfu hans um, að viðurkenndur verði haldsréttur í eigninni, en slík krafa getur komið til álita við úthlutun nauðungarsöluandvirðis.

Í bréfi því, sem sóknaraðili leitar úrlausnar dómsins um gildi umræddrar nauðungarsölu, gerir hann þá kröfu, að uppboðsandlagið verði tilgreint, réttindi uppboðsþola, Gylfa Baldvinssonar, til nýsmíðinnar, samkvæmt samningi hans og sóknaraðila, dags. 4. desember 1990, og að viðurkenndur verði réttur sóknaraðila til að ljúka smíðinni samkvæmt samningnum á kostnað hæstbjóðanda. Hvorki í greinargerð né við munnlegan flutning málsins var þessi krafa höfð uppi, en þá voru kröfur sóknaraðila ýtarlega færðar til bókar. Þykir því verða að líta svo á, að fallið hafi verið frá þessari kröfu.

Það athugast, að allur málatilbúnaður sóknaraðila hefur verið óglöggur og á reiki, en það þykir þó ekki hafa staðið í vegi þess, að málið yrði úrskurðað að efni til.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 200.000 kr. í málskostnað.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Skipabrautarinnar hf., um, að ógilt verði nauðungarsala sýslumannsins í Keflavík frá 14. mars 1994 á nýsmíði nr. 7, stálbát í smíðum hjá sóknaraðila, er hafnað.

Hafnað er kröfum sóknaraðila um, að breytt verði þeirri ákvörðun sýslumannsins í Keflavík frá 14. mars 1994 að taka ekki boði sóknaraðila, að fjárhæð 16.000.000 kr., í nýsmíði nr. 7 og að viðurkenndur verði haldsréttur í smíðinni.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 200.000 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 5. desember 1994.

Nr. 470/1994. **Ingvar Þorgilsson o. fl.**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna
(Atli Gíslason hrl.)

Kærumál. Gerðardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu þessu máli til Hæstaréttar með kæru 21. nóvember 1994, sem barst réttinum 25. sama mánaðar ásamt kærumálsgögnum. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 18. nóvember 1994, og er kæruheimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og dæmt, að varnaraðila sé skylt innan frests, sem Hæstiréttur ákveði, að skipa gerðarmann af sinni hálfu í gerðardóm til að fjalla um ágreining sóknaraðila og varnaraðila „varðandi meinta skerðingu á lífeyrisrétti sóknaraðila umfram aðra sjóðfélaga". Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Fyrir Hæstarétti hefur verið lögð fram yfirlýsing, dagsett 9. nóvember 1994, frá Þóri Óskarssyni, sem var meðal sóknaraðila málsins í héraði, um, að hann hætti þátttöku sinni í því.

I.

Sóknaraðilar gera þá kröfu í málinu, að varnaraðila verði gert skylt innan frests, sem ákveðinn verði af dóminum, að tilnefna gerðarmann af sinni hálfu í gerðardóm samkvæmt 22. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð FÍA frá 1. janúar 1993. Heimild sína til að leita til dómstóla með þessa kröfu virðast sóknaraðilar reisa á 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1989.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1989 getur aðili snúið sér til héraðsdómara, ef gagnaðili hans fullnægir ekki skyldu sinni til að skipa mann fyrir sitt leyti í gerðardóm, og getur dómari þá samkvæmt kröfu skipað gerðarmann í hans stað. Í ákvæðinu er ekki gert ráð fyrir, að dómari mæli fyrir um skyldu málsaðila til að tilnefna gerðarmann, svo sem sóknaraðilar krefjast eftir orðanna hljóðan. Kröfugerð þeirra þykir hins vegar mega skýra til samræmis við þetta lagaákvæði og skilja hana á þann veg, að krafist sé, að héraðsdómari tilnefni gerðarmann í umræddan gerðardóm af hálfu varnaraðila.

II.

Sóknaraðilar hafa gefið þá skýringu á ágreiningnum við varnaraðila, sem þeir vilji leggja fyrir gerðardóm, að Eftirlaunasjóður FÍA hafi verið stofnaður árið 1974 og tekið við hlutverki Lífeyrissjóðs atvinnuflugmanna. Þeir, sem hafi átt réttindi í þeim lífeyrissjóði, hafi fengið innstæður sínar þar færðar í eftirlaunasjóðinn, þar sem þeim hafi verið reiknuð stig vegna innstæðnanna með tvennum hætti. Annars vegar hafi innstæðurnar verið reiknaðar til stiga í samræmi við kaupgjald árið 1974, og hafi eftirlaunasjóðurinn ábyrgst réttindi, sem fundin voru þannig. Sóknaraðilar kveða þau réttindi yfirleitt hafa verið miklum mun lægri en réttindin hefðu orðið, ef iðgjöld sjóðfélaga hefðu verið umreiknuð til stiga í samræmi við laun á þeim tíma, sem iðgjöldin voru greidd. Því hafi verið ráðgert í 20. gr. reglugerðar fyrir eftirlaunasjóðinn, að unnt yrði að bæta mismuninn á þessu með fé, sem mætti meðal annars afla með sérstöku iðgjaldi, ef um það yrði samið milli Félags íslenskra atvinnuflugmanna og vinnuveitenda, en með þeim fjármunum myndu viðkomandi sjóðfélagar fá svokölluð skilorðsbundin stig hjá sjóðnum. Sóknaraðilar kveða fé, sem hafi verið aflað á þennan hátt í eftirlaunasjóðinn, hafa verið geymt í sérstökum verðtryggingarsjóði, sem hafi í framkvæmd nægt til þess, að skilorðsbundnu stigin hafi gefið sömu réttindi og önnur áunnin stig hjá eftirlaunasjóðnum. Við þetta hafi verið búið, allt þar til stjórn Félags íslenskra atvinnuflugmanna hafi ákveðið, að greiðslur úr eftirlaunasjóðnum á grundvelli skilorðsbundinna stiga yrðu skertar um 60% frá 1. júní 1991. Með nýrri reglugerð fyrir eftirlaunasjóðinn, sem hafi tekið gildi 1. janúar 1993,

hafi síðan verið ákveðið, að aðeins 10% af skilorðsbundnu stigunum yrðu talin sjóðfélögum til eignar í sjóðnum og fyrrnefndur verðtryggingarsjóður rynni inn í hann.

Með þessu telja sóknaraðilar, að rétti þeirra hafi verið raskað langt umfram þá félaga í eftirlaunasjóðnum, sem hafi aðeins átt þar óskilorðsbundin stig, og hafi þeir þannig sætt ólögmætri mismunun. Vilja sóknaraðilar fá leyst úr ágreiningi um þetta við varnaraðila fyrir gerðardómi, sem mælt er fyrir um í 22. gr. reglugerðar fyrir eftirlaunasjóðinn. Varnaraðili hefur neitað að tilnefna gerðarmann fyrir sitt leyti til að taka sæti í gerðardómi með þeim rökum, að ágreiningsefnið geti ekki sætt þeirri meðferð.

III.

Í bréfi lögmanns sóknaraðila 14. júní 1994 til varnaraðila gerði hann grein fyrir þeim kröfum, sem umbjóðendur hans ætli að hafa uppi fyrir gerðardómi. Auk kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðila og greiðslu kostnaðar af gerðardómsmeðferð segir í bréfinu, að kröfur sóknaraðila verði þessar:

„Að dæmt verði, að áunninn lífeyrisréttur þeirra í Eftirlaunasjóði FÍA hafi við gildistöku núgildandi reglugerðar sjóðsins verið skertur umfram lífeyrisrétt þeirra sjóðfélaga, sem ekki áttu svonefnd skilorðsbundin stig.

Að dæmt verði, að sú umframskerðing hafi falið í sér brot á jafnræðisreglu og því verið ólögmæt gagnvart þeim.

Að kveðið verði á um, hve mörgum stigum umframskerðing þessi hafi numið hjá hverjum þeirra.“

Í 22. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð FÍA frá 1. janúar 1993 er mælt fyrir um rétt sjóðfélaga til að bera undir gerðardóm ágreining við stjórn sjóðsins „út af reglugerð þessari“. Með fyrrgreindum kröfum, sem sóknaraðilar hafa lýst yfir, að þeir vilji leita úrlausnar um fyrir gerðardómi, er í raun leitað viðurkenningar á því, að reglugerðin sem slík hafi skert réttindi þeirra, sem þeir nutu fyrir setningu hennar, meira en annarra sjóðfélaga og að mismunun, sem kunni að felast í þessu, sé ólögmæt gagnvart sóknaraðilum. Virðast sóknaraðilar þannig ætla aðallega að leitast við að hnekkja gildi ákvæða reglugerðarinnar gagnvart sér, en ekki að fá leyst úr efni eftirlaunaréttinda sinna hjá varnaraðila. Er ekki unnt að fallast á,

að ágreiningur um þetta sé þess eðlis, að hann geti fallið undir tilvitnað orðalag í 22. gr. reglugerðarinnar og átt þannig undir þargreindan gerðardóm. Er varnaraðila því óskylt að tilnefna mann í gerðardóm fyrir sitt leyti, og verður þá ekki beitt því réttarfarsúrræði, sem er kveðið á um í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1989.

Samkvæmt þessu verður að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar. Verða sóknaraðilar dæmdir sameiginlega til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Ingvar Þorgilsson, Olaf Olsen, Snorri Snorrason, Hilmar Leósson, Smári Karlsson, Jóhannes Markússon, Einar Gíslason, Dagfinnur Stefánsson, Jóhannes R. Snorrason, Reynir Guðmundsson, Skúli Magnússon, Viktor Aðalsteinsson, Geir Gíslason, Ólafur Indriðason, Ríkharður Jónatansson, Henning A. Bjarnason, Ámundi H. Ólafsson, Rúnar Guðbjartsson, Sigurður Haukdal, Magnús Guðmundsson, Björn Guðmundsson, Björn Thoroddsen, Frantz Håkansson, Garðar Steinarsson, Stefán Gunnarsson, Magnús Jónsson, Reynir Eiríksson, Hilmar Bergsteinsson, Jóhann G. Sigfússon, Björn Brekkan, Óskar Jóhannsson, Anton G. Axelsson, Jón Ragnar Steindórsson, Guðlaugur Helgason, Ámundi G. Ólafsson, Pálmi Sigurðsson, Ingimar K. Sveinbjörnsson, Karl Schiöth, Óskar Sigurðsson, Þórir Óskarsson, Skúli Br. Steinþórsson, Árni F. Ólafsson, Styrkár Sigurðsson, Harald Snæhólm, Brynjúlfur Thorvaldsson, Ingimundur Þorsteinsson, Hallgrímur Jónasson, Halldór Ingólfsson, Bragi Norðdahl, Fróði Björnsson, Stefán Gíslason, Magnús Norðdahl, E. Kristinn Olsen, Gunndór Sigurðsson og Gylfi Jónsson, greiði sameiginlega varnaraðila, Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna, 60.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 31. október sl., var þingfest 3. ágúst 1994.

Sóknaraðilar málsins eru:

Ingvar Þorgilsson, kt. 070828-6189, Vogatungu 19, Kópavogi [og 54 aðrir].

Varnaraðili málsins er sjóðstjórn Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna, kt. 650376-0809, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að úrskurðað verði, að varnaraðila, stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA, sé skylt innan tiltekins frests, sem héraðsdómur ákveði, að skipa gerðarmann af sinni hálfu í gerðardóm til að fjalla um ágreining sóknaraðila og sjóðstjórnarinnar um ætlaða skerðingu á lífeyrisrétti þeirra umfram aðra sjóðfélaga. Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að synjað verði kröfu sóknaraðila um, að varnaraðili skipi mann af sinni hálfu í gerðardóm til að fjalla um ágreining aðila um ætlaða skerðingu á lífeyrisréttindum sóknaraðila umfram aðra sjóðfélaga. Jafnframt er gerð krafa um, að sóknaraðilar greiði varnaraðila málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Málið var þingfest 3. ágúst 1994, og í því þinghaldi kom fram, að ekki yrði um sættir að ræða milli aðila málsins, og því ákveðinn rekstur þessa sérstaka ágreiningsmáls og aðild ákveðin. Í greinargerð varnaraðila kom fram sú krafa, að málinu yrði vísað frá dómi, og var þeirri kröfu hafnað með úrskurði, upp kveðnum 11. október sl., og ákveðið, að ákvörðun um málskostnað biði efnisúrlausnar málsins.

II.

Rétt þykir að rekja nokkuð forsögu málsins. Árið 1953 var Lífeyrissjóður atvinnuflugmanna stofnaður af atvinnuflugmönnum. Starfaði sá sjóður til ársloka 1973, en var þá lagður niður og Eftirlaunasjóður FÍA stofnaður. Við stofnun hins nýja sjóðs runnu eignir eldri sjóðsins til hans, og nýi sjóðurinn tók á sig skuldbindingar hins eldri.

Þeir, sem áttu áunnin réttindi í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna, fluttu innstæður sínar þar í hinn nýja sjóð, og voru þeim reiknuð stig þar með tvennum hætti. Annars vegar voru innstæðurnar metnar til stiga í samræmi við kauplag árið 1974, og ábyrgðist sjóðurinn þau réttindi, sem þannig fengust. Þessi réttindi kveða sóknaraðilar hafa yfirleitt verið miklum mun minni en þau, sem fengist hefðu með því að umreikna iðgjöld til lífeyrissjóðsins í

stig í samræmi við laun á þeim tíma, sem iðgjöldin höfðu verið greidd. Kveða sóknaraðilar, að í 20. grein reglugerðar eftirlaunasjóðsins hafi þess vegna verið gert ráð fyrir þeim möguleika, að mismunurinn, svonefnd skilorðsbundin stig, yrði bættur með fé, sem aflað væri með sérstöku iðgjaldi, er um kynni að semjast milli FÍA og flugfélaganna, og að jafnframt yrði varið til þessa tekjuafgangi, sem myndast kynni af iðgjaldagreiðslum flugfélaganna til hóptrygginga. Framlög þau, sem þannig var aflað, voru ávöxtuð og geymd í sérstökum sjóði, er nefndist Verðtryggingarsjóður. Samdi stjórn FÍA síðar við viðsemjendur sína um greiðslu 2% iðgjalds af föstum launum flugmanna til Verðtryggingarsjóðs.

Af hálfu varnaraðila hefur því verið haldið fram, að þegar fram í sótti, hafi 2% ekki dugað til að standa undir skuldbindingum samkvæmt skilorðsbundnu stigunum og að á árinu 1991 hafi framlagið aðeins staðið undir 53,4% af greiðslum og því aðeins tímaspurning, hvenær sjóðurinn tæmdist. Jafnframt kveður varnaraðili flugmenn, sem hafi hafið starf eftir 1973, hafa verið óánægða, þar sem þeir hafi í engu notið réttinda samkvæmt nefndu 2% iðgjaldi.

Í framkvæmd stóð Verðtryggingarsjóður undir greiðslu umrædds mismunar, þannig, að skilorðsbundnu stigin gáfu sömu réttindi og óskilorðsbundnu stigin allt til þess, að greiðslur vegna skilorðsbundinna stiga voru skertar um 60% frá 1. júní 1991. Mun þessi ákvörðun ekki hafa leyst fjárhagsvanda Verðtryggingarsjóðs.

Á félagsfundi 5. desember 1991 var ákveðið að skipa nefnd til að fara í saumana á lífeyrismálum flugmanna og gera tillögur að nýrri reglugerð. Tillögur nefndarinnar lágu fyrir haustið 1992 og voru kynntar og ræddar á tveimur fundum og síðan samþykktar í skriflegri atkvæðagreiðslu með 91% greiddra atkvæða. Með nýrri reglugerð fyrir sjóðinn, sem tók gildi 1. janúar 1993, var eldri reglugerð breytt töluvert og þar á meðal 20. gr. hennar. Var Verðtryggingarsjóður lagður niður og ákveðið, að 10% af upphaflegum skilorðsbundnum stigum skyldu veita réttindi í Eftirlaunasjóðnum, og ákveðið að tryggja eldri sjóðfélögum 65% lágmarkslífeyri auk 12 mánaða aðlögunar að skerðingu. Var sameiginlegum fjármunum félagsmanna FÍA í sjúkrasjóði varið til að bæta upp skerðingu vegna skilorðsbundinna stiga. Varnaraðili kveður, að með breytingu reglugerðarinnar hafi verið um að ræða málamiðlun milli ólíkra hagsmuna sjóðfélaga, auk þess sem ekki hafi verið meiri hluti fyrir því innan FÍA að semja um áframhaldandi 2% iðgjald til Verðtryggingarsjóðs.

Sóknaraðilar telja, að á þeim hafi verið brotinn réttur og rétti þeirra raskað langt umfram aðra sjóðfélaga með umræddri breytingu á 20. gr.

reglugerðarinnar, og verður af gögnum málsins ekki ráðið annað en þeir vilji ekki sætta sig við þá breytingu og vilji færa ákvæði reglugerðarinnar í fyrra horf.

Varnaraðili telur, að breytingar á reglugerð verði ekki framkvæmdar af gerðardómi og því sé ekki tilefni fyrir sig að skipa mann í gerðardóm.

Fyrir dóminn komu og gáfu aðilaskýrslur Ingvar Þorgilsson, kt. 070828-6189, og Jóhannes R. Snorrason, kt. 121117-4019.

III.

Sóknaraðilar reisa kröfur sínar í máli þessu á því, að 22. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð FÍA frá 1. janúar 1993 geymi skýra og ótvíræða heimild til handa sjóðfélögum í Eftirlaunasjóði FÍA og tilteknum vandamönnum þeirra, einum eða fleiri saman, að leggja fyrir gerðardóm ágreining, sem rísi út af reglugerðinni milli þeirra og sjóðstjórnar, og jafnframt um skyldu sjóðstjórnar til að skipa gerðarmann af sinni hálfu í slíkan dóm. Undan þeirri skyldu hafi sjóðstjórnin vikist, og sé því sóknaraðilum nauðsyn að fá úrskurð um þessa skyldu sína.

Með þeim aðgerðum, sem teknar voru með nýrri reglugerð 1. janúar 1993, þar sem ákveðið var, að 10% hinna skilorðsbundnu stiga skyldu talin eigendum þeirra til eignar og að Verðtryggingarsjóður rynni til Eftirlaunasjóðs í árslok 1992, telja sóknaraðilar, að rétti sínum hafi verið raskað langt umfram þá sjóðfélaga, sem aðeins hafi átt óskilorðsbundin stig, og aðgerðir þær, sem gerðar hafi verið til að draga úr áhrifum skerðingarinnar, bæti hana aðeins að hluta. Með þessu hafi verið brotið á sóknaraðilum gegn jafnræðis- og jafnréttissjónarmiðum, sem íslenskur réttur byggist á og komi m. a. fram í mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 62/1994, sem lögfestur Mannréttindasáttmála Evrópu hér á landi, og aðild Íslands að alþjóðasamningum um mannréttindi frá 19. desember 1966 svo og reglum félagaréttar um minnihlutavernd í félögum og sjóðum um skylduaðild. Hafi sóknaraðilar leitað réttar síns án árangurs. Varnaraðili hafi ekki orðið við tilmælum sóknaraðila um að tilnefna gerðarmann af sinni hálfu í gerðardóm til að fjalla um ágreininginn, en bent sóknaraðilum á þá leið að setja niður afmarkaðar tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, sem síðan fengju meðferð skv. 23. gr. núgildandi reglugerðar. Það telja sóknaraðilar ekki leysa neinn vanda, og yrðu slíkar tillögur einfaldlega felldar af þeim meiri hluta sjóðfélaga, sem hefðu hag af þeirri röskun, er gerð hafi verið á lífeyrisrétti sóknaraðila. Telja sóknaraðilar, að sér beri nauðsyn að fá úrlausn um réttmæti þeirrar kenningar sinnar, að þeir hafi sætt ólögmætri mismunun, og þá í gerðardómsmáli.

Sóknaraðilar vísa til gerðardómsákvæðis 22. gr. reglugerðarinnar, 1. gr.,

3. gr., 4. gr. og 5. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Um málskostnaðarkröfu sína vísa þeir til 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun vísa þeir til 3. gr. og 11. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 50/1988.

IV.

Varnaraðili reisir kröfu sína á því aðallega, að ágreiningur aðila verði ekki lagður fyrir gerðardóm samkvæmt ákvæðum 22. gr. reglugerðar Eftirlaunasjóðs FÍA. Samkvæmt þeirri grein og einnig 1. gr. laga nr. 53/1989 sé aðeins unnt að leggja réttarágreining í gerð. Varði ágreiningur aðila hagsmunaárekstra sjóðfélaga, eins og glöggt komi fram. Lúti kröfur sóknaraðila að því að endurvekja 20. gr. eldri reglugerðar og að öðrum óskilgreindum breytingum á núgildandi reglugerð, en ekki um túlkun á ákvæðum reglugerðarinnar. Sé rauði þráðurinn í málatilbúnaði sóknaraðila, að hagsmunum þeirra hafi verið raskað umfram aðra sjóðfélaga, en því mótmæli varnaraðilar eindregið, enda sé enginn réttarágreiningur milli aðila um skilning á reglugerðinni. Beri því að fara með kröfur sóknaraðila samkvæmt 23. gr. reglugerðarinnar, þ. e. að breyta reglugerðinni í kjölfar allsherjaratkvæðagreiðslu sjóðfélaga. Verði að túlka vafa varnaraðila í hag, sbr. ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 53/1989, sem geri kröfur til þess, að ákvæði gerðarsamnings séu skýr, um hvaða réttarágreining gerðardómur skuli fjalla.

Varnaraðili kveður sóknaraðila ekki hafa sett fram svo skýrar og afmarkaðar kröfur í anda ákvæða 1. mgr. 5., 7. og 8. gr. laga nr. 53/1989, að dómur verði lagður á sakarefnið, og verði að gera kröfur til þess, að sóknaraðilar skilgreini nákvæmlega í kröfugerð sinni, hvaða reglugerðarbreytingar það séu, sem valdi réttarágreiningi, og hverra aðgerða sé óskað. Lúti málatilbúnaður sóknaraðila allur að því, að réttur þeirra til lífeyris hafi verið skertur umfram aðra sjóðfélaga, án nánari skilgreiningar eða afmörkunar. Komi fram í gögnum málsins, að réttur allra sjóðfélaga hafi verið skertur, og sé útilokað fyrir gerðardóm að ákvarða skerðingu hvers og eins út frá málatilbúnaði sóknaraðila. Sýni málatilbúnaður sóknaraðila að þessu leyti, að um hagsmunaágreining sé að ræða, en ekki réttarágreining. Sóknaraðilar vilji ekki una lýðræðislegum ákvörðunum mikils meiri hluta sjóðfélaga í almennri skriflegri atkvæðagreiðslu, ákvörðunum, sem teknar séu út frá heildarhagsmunum allra sjóðfélaga.

Varnaraðili kveður, að ekki sé á sínu færi að leiðrétta ætlaða skerðingu á lífeyrisréttindum sóknaraðila. Til þess þurfi einnig atbeina Félags íslenskra atvinnuflugmanna, sem ekki sé aðili að þessu máli. Verði greiðslur vegna skilorðsbundinna stiga ekki tryggðar, nema vilji meiri hluta félagsmanna

FÍA standi til þess. Enn fremur minnir varnaraðili á það, að ef ekki hefði komið til breytinga á reglugerð, hefðu lífeyrisgreiðslur á grundvelli skilorðsbundinna stiga fljótlega fallið niður, þar sem 2% iðgjaldið hefði engan veginn hrokkið til. Telur varnaraðili, að sóknaraðilar standi almennt betur að vígi eftir reglugerðarbreytinguna en áður, vegna þess að hún tryggi 65% lágmarkslífeyri.

Varnaraðili áréttar einnig, að gerðardómur geti ekki tekið ákvarðanir, sem varði breytingu reglugerðar, til þess þurfi allsherjaratkvæðagreiðslu auk atbeina stéttarfélags flugmanna. Úrskurður hefði ekki haft í för með sér lyktir í deilu aðila. Sé það andstætt grunnreglum réttarfars, og leiði af því, að ákvæði reglugerðarinnar um gerðardóm geti ekki skuldbundið varnaraðila.

Varnaraðili bendir jafnframt á það, að athugasemdir hafi ekki komið fram um það frá lögskipuðum skoðunarmönnum sjóðsins, að brotinn hafi verið réttur á sóknaraðilum. Sé ágreiningur aðila þess eðlis, að sóknaraðilum hafi borið að snúa sér til skoðunarmanna sjóðsins og/eða bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, allt í samræmi við ákvæði laga nr. 27/1991. Þá bendir hann á, að eðlilegri vettvangur málsins sé hjá fjármálaráðuneytinu, sem hafi staðfest hina nýju reglugerð sjóðsins án athugasemda, sbr. einnig lög nr. 55/1980, og megi vera ljóst, að til staðfestingar hefði hvorki komið né áritunar skoðunarmanna á ársreikninga sjóðsins, ef sjónarmið sóknaraðila ættu við rök að styðjast.

Varnaraðili styður málskostnaðarkröfu sína við XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr., og um virðisaukaskatt á málskostnað vísar hann til 3., 11. og 14. gr. laga nr. 50/1988.

V.

Eins og að framan greinir, er ágreiningsefni það, sem til úrlausnar er í máli þessu, hvort ákvæði 22. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð FÍA frá 1. janúar 1993 um gerðardóm eigi við um það álitaefni, sem sóknaraðilar hyggjast leggja fyrir þann gerðardóm, en í ákvæðinu segir:

„Rísi ágreiningur út af reglugerð þessari milli sjóðstjórnar annars vegar og sjóðfélaga, eftirlifandi maka hans, barns eða fjárhaldsmanna ólögráða barns, kjörbarns, fósturbarns eða stjúpbarns hins vegar, getur hinn síðarnefndi lagt málið fyrir gerðardóm. Skal hvor aðili skipa einn gerðardómsmann af sinni hálfu, en síðan koma gerðardómsmenn sér saman um oddamann. Verði ekki samkomulag um oddamann, skal hann tilnefndur af dómstjóranum í Reykjavík.

Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila og verður ekki

lagður fyrir dómstóla. Kostnaður við gerðardóminn skiptist milli aðila eftir mati dómsins.“

Í 4. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma segir:

„Rísi ágreiningur um skipun í gerðardóminn, getur aðili leitað til þess héraðsdómara, sem hefði dómsvald um sakarefnið, ef gerðarsamningur lægi ekki fyrir, og leysir hann úr ágreiningnum með úrskurði.

Aðili getur með sama hætti snúið sér til héraðsdómara, ef gagnaðili fullnægir ekki skyldum sínum samkvæmt gerðarsamningi um skipun gerðarmanns eða ef aðilar ná ekki samkomulagi um skipun gerðarmanns . . .“

Það liggur fyrir í máli þessu, að sóknaraðilar eru ósáttir við þá breytingu, sem gerð var á eldri reglugerð og snertir 20. gr. núgildandi reglugerðar, og vilja, að því ákvæði verði breytt, þar sem með breytingunni hafi verið á þá hallað. Ekki verður í þessu máli lagt mat á það, hvort með þeim aðgerðum, sem beitt var við breytingu á umræddri reglugerð, hafi verið brotið á sóknaraðilum eða hvort réttur þeirra hafi verið skertur langt umfram aðra sjóðfélaga, heldur aðeins, hvort tilefni er til þess að skipa gerðardóm í samræmi við 22. gr. umræddrar reglugerðar.

Í 23. gr. reglugerðarinnar segir:

„Ekki má breyta reglugerð þessari nema í allsherjaratkvæðagreiðslu með skriflegu samþykki meiri hluta sjóðfélaga. Enn fremur þarf samþykki félagsfundar FÍA, enda sé breytinganna getið í skriflegu fundarboði, svo og flugfélaga, er hafa í þjónustu sinni a. m. k. 3/4 starfandi sjóðfélaga. Reglugerð þessi skal staðfest af fjármálaráðuneyti.“

Orðin: „rísi ágreiningur út af reglugerð þessari“ í 22. gr. reglugerðarinnar verða ekki skilin á annan veg en þann, að gerðardómur leysi úr ágreiningi, sem upp kann að koma um túlkun ákvæða reglugerðarinnar. Ekki verða þau skilin svo, að gerðardómi sé ætlað að leysa úr því, hvort ákvæði reglugerðarinnar séu ósanngjörn og að með samþykki þeirra hafi verið á einhverja hallað með ólögmætum hætti eða hvort ranglega hafi verið staðið að samþykkt reglugerðarinnar. Verða þau því ekki skilin á þann veg, að ef breyta á reglugerðinni, eigi það við, að skipa skuli í gerðardóm. Þegar sú staða er uppi, er ákvæði í reglugerðinni, sem segir fyrir um, hvernig standa skuli að því. Tekur það ákvæði af öll tvímæli um, hvernig skuli með breytingar á reglugerð fara. Eins og mál þetta liggur fyrir, verður ekki fallist á það með sóknaraðilum, að álitaefni það, sem þeir hyggjast leggja fyrir gerðardóm, sé þannig vaxið, að gerðardómur í skilningi 22. gr. reglugerðarinnar eigi um það að fjalla og því sé varnaraðila ekki skylt að tilnefna mann í gerðardóm.

Ber því samkvæmt framansögðu að hafna kröfum sóknaraðila.

Eftir atvikum þykir hæfilegt, að sóknaraðilar greiði varnaraðila 70.000 kr. í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Greta Baldursdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila um, að varnaraðili skipi gerðarmann af sinni hálfu í gerðardóm til að fjalla um ágreining aðila varðandi meinta skerðingu á lífeyrisrétti sóknaraðila umfram aðra sjóðfélaga, er hafnað.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila 70.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 378/1994. **Kristinn Guðjónsson**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Húsfélaginu Suðurhvammi 5, 7 og 9
(Othar Örn Petersen hrl.)
og gagnsök

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Við þingfestingu máls þessa í Hæstarétti 16. nóvember 1994 var þess krafist af hálfu gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu.

Aðaláfrýjandi krefst þess, að kröfu gagnáfrýjanda verði hafnað.

Rök gagnáfrýjanda eru þau, að 19. október 1994 hafi hann gert árangurslausa löggeymslu hjá aðaláfrýjanda til tryggingar kröfu sinni samkvæmt hinum áfrýjaða dómi. Í framhaldi af því hafi hann með bréfi 22. nóvember 1994 til Héraðsdóms Reykjavíkur krafist þess, að bú aðaláfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Séu því allar líkur á, að aðaláfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Byggir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu aðaláfrýjanda er kröfu gagnáfrýjanda mótmælt með þeim rökum, að veruleg vafaatriði séu í málinu og að það fari í bága við 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, að dómþola samkvæmt héraðsdómi sé vegna efnaleysis meinað að fá endurskoðun á íþyngjandi dómsathöfn. Mál þetta sé ótvírætt þannig vaxið, að málskostnaður yrði felldur niður, enda þótt héraðsdómur yrði staðfestur. Þá bendir hann á, að verði aðaláfrýjanda gert að leggja fram málskostnaðartryggingu, geti farið svo, að honum verði meinað að halda uppi vörnum í gagnsökinni.

Samkvæmt fram lögðu endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík 19. október 1994 kveðst aðaláfrýjandi vera eignalaus. Í

málinu liggja ekki fyrir aðrar upplýsingar um hag aðaláfrýjanda. Í greinargerð fyrir Hæstarétti er því ekki mótmælt, að aðaláfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ber því að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um, að aðaláfrýjanda verði gert að leggja fram tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli þessu fyrir Hæstarétti. Fjárhæð tryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin 150.000 krónur. Skal hún sett með peningum eða bankaábyrgð og hæstaréttarritara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Á l y k t a r o r ð:

Aðaláfrýjanda, Kristni Guðjónssyni, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 150.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í hæstaréttarmálinu nr. 378/1994. Ber að setja trygginguna með peningum eða bankaábyrgð innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 58/1993. **Húsasmiðjan hf.**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Þinglýsing. Veðbókarvottorð. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1993 og gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 746.023 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1988 til greiðsludags „auk innheimtuþóknunar og kostnaðar við nauðungaruppboð, samtals kr. 93.167,-, allt að frádreginni innborgun 10. júlí 1989, að fjárhæð kr. 457.261,-". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara, að kröfufjárhæð verði lækkuð verulega og málskostnaður felldur niður.

Meðal gagna málsins fyrir héraðsdómi var veðbókarvottorð vegna fasteignarinnar Fannafoldar 135, dagsett 16. júní 1988. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lýsti lögmaður áfrýjanda því yfir, að veðbókarvottorð þetta hefði legið frammi, þegar skuldabréf áfrýjanda með veði í nefndri fasteign var samið 26. júlí. Veðbókarvottorðið var þá orðið tæplega sex vikna gamalt. Í héraðsdómi er fullyrt, að lögfræðingur sá, er veðskuldabréfið samdi, hafi þá verið starfsmaður áfrýjanda. Það er ekki vefengt. Honum átti að vera ljóst, að svo gamalt veðbókarvottorð var ónothæft til að byggja á viðhlítandi upplýsingar um áhvílandi veðbönd á fasteigninni. Samning veðskuldabréfsins á grundvelli svo ótraustrar heimildar um veðbönd var mistök og jafnframt frumorsök að því tjóni, sem áfrýjandi telur sig hafa orðið fyrir vegna lakari veðtryggingar en til stóð, að hann nyti. Að svo vöxnu máli brestur skilyrði fyrir því, að áfrýjandi

geti átt rétt til fébóta úr hendi stefnda samkvæmt 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, er í gildi voru á umræddum tíma.

Samkvæmt þessu og forsendum héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Húsasmiðjan hf., greiði stefnda, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. desember sl., er höfðað með stefnu, birtri 5. mars 1992.

Stefnandi er Húsasmiðjan hf., kt. 520171-0299, Súðarvogi 3–5, Reykjavík.

Stefndi er Friðrik Sophusson, kt. 181043-4669, Bjarkargötu 10, Reykjavík, f. h. ríkissjóðs.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi, ríkissjóður, verði dæmdur til að greiða stefnanda 746.023 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af 746.023 kr. frá 1. september 1988 til greiðsludags auk innheimtuþóknunar, 73.803 kr., móta við uppboð, 15.388 kr., ritunar uppboðsbeiðni, 2.400 kr., og bifreiðakostnaðar vegna uppboðs, 1.576 kr., allt að frádreginni innborgun 10. júlí 1989, 457.261 kr.

Þess er krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar [...].

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður [...].

Til vara er gerð krafa um stórfellda lækkun á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði í því tilviki látinn falla niður.

II.

Samkvæmt sóknargögnum eru málavextir þessir helstir:

Hinn 26. júlí 1988 gaf Hákon Magnússon, Fannafold 135, Reykjavík, út veðskuldabréf til stefnanda, að fjárhæð 672.798 kr. Veðskuldabréf þetta var tryggt með 4. veðrétti í fasteigninni nr. 135 við Fannafold. Bréfið var verð-

tryggt, bar 9,8% ársvexti og skyldi greitt á tveggja mánaða fresti næstu tvö ár, í fyrsta sinn 1. september 1988. Tilefni útgáfu veðskuldabréfs þessa var greiðsla Hákonar á reikningsskuld við stefnanda vegna byggingar fasteignarinnar að Fannafold 135.

Veðskuldabréfið var móttekið til þinglýsingar samdægurs og innfært í fasteignabók daginn eftir.

Skuldari stóð ekki í skilum með afborganir af bréfinu, og var það gjaldfellt. Hinn 10. júlí 1989 greiddi skuldari 457.261 kr. inn á skuldina.

Fasteignin nr. 135 við Fannafold var seld á nauðungaruppboði 3. október 1990. Á uppboðsþinginu var upplýst, að veðskuldabréf í eigu verðbréfamarkaðar Fjárfestingarfélagsins hf., tryggt með 4. veðrétti í fasteigninni, að höfuðstól 900.000 kr., út gefið 29. júní 1988 af Sigurlín E. Vilhjálmsdóttur til Steypustöðvarinnar hf., hefði verið móttekið til þinglýsingar 29. júní 1988 og innfært í veðmálabók 1. júlí 1988.

Talsmaður stefnanda lét bóka á uppboðsþinginu, að hann áskildi sér allan rétt vegna þess misræmis, sem lá fyrir á veðréttindum skuldabréfanna tveggja.

Hæstbjóðandi í eignina var verðbréfamarkaður Fjárfestingarfélagsins hf. með 10.450.000 kr. og fékk eignina lagða sér út.

Fyrir uppboðið hafði lögmaður stefnanda látið löggiltan fasteignasala meta fasteignina miðað við uppboðsskilmála, og hljóðaði matið á 10.500.000 kr. Liggur sú matsgerð fyrir í málinu. Honum hafi ekki þótt ráðlegt að bjóða hærra í fasteignina, ekki síst vegna þess, að vonlaust hafi verið fyrir stefnanda að fá eignina útlagða sér sem ófullnægðum veðhafa, en á undan kröfum á 4. veðrétti hvíldu kröfur að fjárhæð 9.877.788 kr. Krafa verðbréfamarkaðar Fjárfestingarfélagsins hf. nam 1.648.183 kr. auk innheimtukostnaðar. Stefnandi hefði því þurft að bjóða í eignina 11.525.968 kr. hið minnsta til þess að bjóða inn á veðrétt sinn og fá eignina útlagða. Hins vegar hefði stefnandi getað boðið í eignina 10.500.000 kr. og fengið hana útlagða sér sem ófullnægðum veðhafa, ef áðurnefnt veðskuldabréf hefði ekki hvílt á henni.

Eignin hafi síðan verið seld á frjálsum markaði á 12.000.000 kr. Því sé augljóst, að stefnandi hafi beðið tjón af mistökum þinglýsingardómarans í Reykjavík.

Bú Hákonar Magnússonar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 20. desember 1990 og skiptum lokið 24. september 1991, án þess að nokkuð greiddist upp í lýstar kröfur.

Stefnandi hafi gert tilraunir til að fá kröfu sína greidda án málaferla, m. a. með bréfum til ríkislögmanns, en án árangurs.

Af hálfu stefnanda er á það bent, að forsendur þess, að umrætt veðskuldabréf hafi verið tekið sem greiðsla, hafi verið, að ekki hvíldi meira á fasteigninni en bréfið sjálft bæri með sér. Veðskuldabréfi þessu hafi verið þinglýst án athugasemda. Stefnandi hafi því verið grandalaus um áðurgreind mistök þar til við þriðja og síðasta nauðungaruppboð fasteignarinnar. Ótvírætt sé, að um mistök embættis þinglýsingardómarans í Reykjavík hafi verið að ræða og stefnandi þess vegna orðið fyrir tjóni, sem ríkissjóður ber ábyrgð á með vísan til a-liðar 49. gr. laga nr. 39/1978, enda ljóst, að orsakasamband sé á milli mistakanna og tjóns stefnanda.

Af hálfu stefndu er vitnað til þess, að samkvæmt 49. gr. þinglýsingalaga sé það skilyrði bótaábyrgðar af hálfu ríkissjóðs, að um endanlegt tjón sé að ræða. Tjónið verði að vera sennileg afleiðing af mistökum þinglýsingardómara, og bótakrefjandi verði að vera grandalaus og megi ekki sjálfur eiga sök á tjóninu. Sama eigi við um þann, sem hann leiði rétt sinn frá. Þessum skilyrðum verði öllum að vera fullnægt. Jafnframt verði tjónið að stafa frá einhverju þeirra atriðia, sem upp séu talin í a-e lið greinarinnar. Í málinu vísi stefnandi til a-liðar 49. gr. laganna. Af hálfu stefndu sé því haldið fram, að skilyrði greinarinnar sé ekki fullnægt, og því hafnað, að um bótaábyrgð sé að ræða af hálfu stefndu.

Í fyrsta lagi sé á því byggt, að stefnandi hafi sjálfur samið veðskuldabréf það, sem gefið var út til stefnanda. Við samningu þess hafi ekki legið fyrir veðbókarvottorð. Forsenda bótaréttar skv. a-lið 49. gr. þinglýsingalaga sé sú, að rangt veðbókarvottorð hafi verið gefið út, sem legið hafi til grundvallar við samningu skuldabréfs. Sé slíku ekki til að dreifa, komi ekki til bótaábyrgðar ríkissjóðs. Áritun þinglýsingardómara um þinglýsingu skv. 9. gr. þinglýsingalaga gildi ekki gagnvart þeim, sem hafi samið bréfið. Því beri að sýkna stefndu.

Ef talið yrði, að um mistök hafi verið að ræða hjá þinglýsingardómara, sé á það bent, að ætlað tjón stefnanda sé ekki sennileg afleiðing þeirra mistaka. Eins og fram komi í sóknarskjölum, hafi bréfið verið gefið út til greiðslu á reikningsskuld hjá stefnanda. Stefnandi hafði þegar látið af hendi vörur þær, sem Hákon hafi tekið út. Stefnanda beri að sýna fram á, að það hefði breytt einhverju fyrir hann að fá athugasemd um veðskuld þá, sem þegar hafði verið þinglýst á 4. veðrétt eignarinnar. Því sé haldið fram í ljósi málavaxta, að stefnandi hafi ekki getað annað en tekið við skuldabréfinu sem greiðslu. Ljóst sé, að hið ætlaða tjón stefnanda sé því ekki sennileg afleiðing af mistökum þinglýsingardómara.

Þá er á því byggt, að stefnandi, bótakrefjandi eða sá aðili, sem hann leiðir rétt sinn frá, megi ekki hafa átt sök á tjóni og verði að vera grandalaus.

Skuldabréf, sem áhvílandi var fyrir á 4. veðrétt eignarinnar, var gefið út af eiginkonu Hákonar Magnússonar. Telja verði, að hann hafi vitað um skuldabréf þetta. Þau hjón hafi því aldrei getað verið í góðri trú um veðrétt samkvæmt því veðskuldabréfi, sem hér er um deilt. Þau geti aldrei átt kröfu á ríkissjóð, vegna þess að athugasemd hafi ekki verið gerð við þinglýsingu um betri rétt annars veðhafa. Stefnandi leiði rétt sinn frá Hákoni Magnússyni. Stefnandi geti aldrei átt meiri rétt en Hákon hafi átt og geti því aldrei átt kröfu á ríkissjóð.

Til vara er gerð krafa um stórfellda lækkun á stefnukröfum. Lækka beri dómkröfur vegna eigin sakar stefnanda, sem telja verði verulegar. Þá sé vöxtum og upphafstíma vaxta mótmælt. Að svo stöddu sé útreikningi kröfunnar mótmælt. Innheimtuþóknun, ritun uppboðsbeiðni, móti við uppboð og bifreiðakostnaði sé eindregið mótmælt. Slíkir kostnaðarliðir falli utan bótaákvæða 49. gr. þinglýsingalaga. Þá er mótmælt virðisaukaskattskröfu á málflutningsþóknun.

III.

Niðurstaða.

Hinn 26. júlí 1988 gaf Hákon Magnússon út veðskuldabréf til handa stefnanda, að fjárhæð 672.798 kr. Til tryggingar skilvísri greiðslu skuldar samkvæmt veðskuldabréfinu var stefnanda veðsett með 4. veðrétti fasteignin Fannafold 135, Reykjavík. Veðskuldabréf þetta var samið af Jóhanni R. Benediktssyni lögfræðingi, eftir því sem fram kemur á bréfinu sjálfu. Lögfræðingurinn var þá starfsmaður stefnanda.

Veðskuldabréfið var móttekið til þinglýsingar 26. júlí 1988 og innfært á eignina næsta dag án athugasemdar, en á 4. veðrétti eignarinnar hvíldi þá þegar veðskuldabréf, út gefið 29. júní 1988 og þinglýst 1. júlí s. á. Áritun þinglýsingardómara á skjalið um þinglýsingu þess var því röng að því leyti, að hann skráði ekki athugasemd þessa á það, svo sem honum bar að gera skv. 4. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1987. Málsástæðu stefnanda, sem byggist á þessu atriði, er ekki mótmælt af hálfu stefnda.

Stefnandi beinir nú kröfu um bætur vegna þessara mistaka að ríkissjóði á grundvelli a-liðar 49. gr. þinglýsingalaga. Af hálfu stefndu er ekki fallist á bótaábyrgð.

Stefnandi hefur ekki lagt fram veðbókarvottorð yfir eignina Fannafold 135 frá þeim tíma, er atvik þetta gerðist, enda reisir hann ekki bótakröfu sína á því, að hann hafi stuðst við slíkt vottorð við samningu veðskuldabréfsins.

Því verður að leggja til grundvallar í máli þessu, að við samningu veð-

skuldabréfsins hafi ekki legið fyrir vottorð um eignina, svo sem eðlilegt hefði verið að gera í slíku tilviki.

Veðskuldabréfið veitti ekki samkvæmt efni sínu réttar upplýsingar um veðskuldir þær, sem hvíldu á eigninni á undan kröfu þeirri, sem það átti að tryggja. Svo sem áður greinir, var það starfsmaður stefnanda, sem samdi skjalið með þessum hætti. Eigin sök stefnanda í þessu tilviki girðir því fyrir bótarétt hans, sbr. 49. gr. þinglýsingalaga. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 95.000 kr.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari, sem farið hefur með málið frá 17. júlí 1992, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, ríkissjóður, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Stefnandi, Húsasmiðjan hf., greiði stefnda 95.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 184/1991. **Örnólfur Árnason**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Íslenska útvarpsfélaginu hf.
(Gestur Jónsson hrl.)

Höfundaréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1991. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi greiði sér 1.296.284 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1989 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að dómkröfur áfrýjanda verði verulega lækkaðar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Bú áfrýjanda var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 6. mars 1990 og aftur með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 20. apríl 1994. Samkvæmt vottorði skipaðs skiptastjóra í búinu var skiptum lokið 28. júlí 1994 eftir 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Áfrýjandi hafði heimild skiptaréttar til áfrýjunar málsins samkvæmt 115. gr. laga nr. 6/1978, sem þá giltu um gjaldþrotaskipti. Hann hefur því tekið við aðildinni. Samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnda var nafni Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. breytt í Íslenska útvarpsfélagið hf. Heiti málsins er þannig breytt bæði sóknar og varnar megin.

Kröfur stefnda í málinu eru frá tímabilinu 1. nóvember 1987 til 31. desember 1988. Samkvæmt upplýsingum áfrýjanda sjálfs var það aðalstarf hans á þessu tímabili að þýða sjónvarpsefni fyrir stefnda. Starfið vann hann sem verktaki og gerði stefnda reikning fyrir. Verður að meta það svo, að fast viðskiptasamband hafi verið milli

aðila. Áfrýjandi sótti stofnfund og varð einn stofnenda félags þýðenda á Stöð 2, en þá sjónvarpsstöð rak stefndi. Áfrýjandi var þátttakandi í félaginu, allt þar til viðskiptasambandi hans við stefnda var slitið 1. janúar 1989. Af bréfi, sem Björn Baldursson, formaður félagsins, ritaði 28. maí 1987 eftir stofnfundinn, má ráða, að stofnendum þess var kunnugt um, að kvikmyndir voru endursýndar á Stöð 2, án þess að þýðendum væri greitt sérstaklega fyrir það. Áfrýjandi var áskrifandi að sjónvarpsefni stöðvarinnar frá 19. júní 1987, en allir áskrifendur fengu blaðið Sjónvarpsvísi, sem stöðin gaf út. Það er því nægjanlega fram komið, að áfrýjanda mátti vera kunnugt um þessar endursýningar. Hann gerði enga reikninga þeirra vegna, meðan hann var í föstu viðskiptasambandi við stefnda. Mátti honum vera ljóst, að stefndi taldi reikningana vera vegna fullnaðargreiðslna fyrir venjuleg not stöðvarinnar á þýðingum hans.

Þá verður að telja, að það hafi verið almennt kunnugt, að Stöð 2 náði á þessum tíma ekki til alls landsins og hafði samning við önnur sjónvarpsfélög um að endurvarpa sjónvarpsefni stöðvarinnar, um leið og það var sýnt þar. Áfrýjanda mátti vera þetta kunnugt sem öðrum.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður að telja sannað, að greiðslur stefnda til áfrýjanda hafi verið miðaðar við alla þá dreifingu Stöðvar 2 á sjónvarpsefni, sem venjuleg var og almenningi kunnug. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Það athugast, að stefndi hefur ekki gagnáfrýjað máli þessu, og kemur því krafa hans um málskostnað í héraði ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar er kveðið á í dómsorði.

Hjörtur Torfason hæstaréttardómari tekur fram, að hann sé sammála um annað en málskostnað, sem hann telur eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Örnólfur Árnason, greiði stefnda, Íslenska út-

varpsfélaginu hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. janúar 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 22. janúar 1991, höfðaði Örnólfur Árnason, kt. 150241-2519, Bræðraborgarstíg 8, Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 22. júní 1989, á hendur Íslenska sjónvarpsfélaginu hf., kt. 500685-0269, Krókhálsi 6, Reykjavík.

Bú stefnanda var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 6. mars 1990, og hefur skiptaráðandi heimilað þrotamanni að halda áfram rekstri málsins á sína ábyrgð og sinn kostnað. Hinn 18. september 1990, þegar fyrst var þingað í málinu eftir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar, gekk þrotamaður inn í málið vegna þrotabúsins í samræmi við 115. gr. l. nr. 6/1978, og breyttist þá heiti málsins í samræmi við breytta aðild sóknar megin.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þrotabúinu skaðabætur og miskabætur, samtals að fjárhæð 1.487.627 kr., með dráttarvöxtum, þ. m. t. vaxtavöxtum, samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, samanber 5. gr. l. nr. 67/1989, af 1.296.284 kr. frá 1. apríl 1989 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að stefndi verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og til vara, að dómkrafa stefnanda verði lækkuð verulega að mati dómsins. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnda verði dæmdur málskostnaður [...].

Af hálfu stefnda var fallið frá kröfu um frávísun málsins í þinghaldi 15. febrúar 1990.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefndi er hlutafélag, sem hét áður Kapalsjónvarp hf. – Íslenska sjónvarpsfélagið, en nafni félagsins var breytt árið 1989 í Íslenska sjónvarpsfélagið hf. Eftir stofnun félagsins í janúar 1985 gekk það til samstarfs við Íslenska myndverið hf. um rekstur sjónvarpsstöðvarinnar Stöðvar 2.

Hafði Íslenska myndverið hf. í upphafi umsjón með þýðingu og textun á erlendu efni á myndböndum, sem sýnt var á Stöð 2. Stefndi kveður textun myndbanda í víðasta skilningi felast í íslenskun hins talaða orðs eftir prentuðum erlendum texta, sem yfirleitt fylgi myndbandinu, en hinum íslenska texta sé síðan komið þannig fyrir með sérstökum búnaði, að hann sjáist á skjánum á réttum stöðum við sýningu myndbandsins.

Haft var samband við nokkra menn, þ. á m. stefnanda, um að taka að sér íslenskun á erlendu efni. Stofnuðu þýðendur með sér hagsmunafélag 18. maí

1987, Félag þýðenda við Stöð 2, og tók stefnandi nokkurn þátt í störfum þess frá stofnun og þar til hann hætti að starfa fyrir Stöð 2.

Íslenska myndverið hf. sendi þýðendum við Stöð 2, þ. á m. stefnanda, bréf 29. október 1987 þess efnis, að reikningar skyldu stílaðir á Stöð 2. Eru aðilar málsins sammála um, að 1. nóvember 1987 hafi stofnast samningssamband milli þeirra, og miðar stefnandi við þá dagsetningu í kröfugerð sinni.

Ekki var gerður skriflegur samningur við stefnanda um endurgjald fyrir verk hans. Stefnandi sendi stefnda reikning fyrir þau verkefni, sem hann vann, og var þóknunin ákveðin í samræmi við gjaldskrá stefnda um sjónvarpsþýðingar. Gjaldskráin var þannig upp byggð, að fyrir hvern texta, sem birtist á skjánum, var greidd ákveðin fjárhæð og ofan á hana álag, ef handrit fylgdi ekki myndinni eða ef efni hennar þótti flókið. Voru reikningarnir jafnan yfirfarnir af hálfu stefnda, áður en þeir voru greiddir.

Stefnandi þýddi sjónvarpsefni í þágu stefnda allar götur til áramóta 1988/1989, en 30. desember 1988 sendi deildarstjóri þýðingadeildar stefnda honum bréf og tjáði honum þar, að stefndi þyrfti ekki á þjónustu hans að halda.

Stefnandi kveðst hafa þýtt um 120 myndir fyrir stefnda og að um mánaðamótin janúar/febrúar (sic, á að vera mars/apríl) 1989 hafi stefndi verið búinn að endursýna samtals 22 af þessum myndum án nokkurrar heimildar.

Stefnandi telur, að þóknun sú, er sér hafi verið greidd fyrir þýðingar sínar, hafi aðeins tekið til einnar birtingar á myndunum, og því skuldi stefndi honum höfundarlaun vegna endursýninga.

Stefnandi reisir skaðabótakröfu sína vegna endurflutningsins á því, að hann sem höfundur textaþýðinga hafi eignarrétt þeirra og eigi því ákvörðunarvald um það, hvort, hvenær og hvernig verk sín koma út fyrir almenningssjónir, og til þess að fá ágóða af verkinu. Sem höfundur eigi hann ákvörðunarvald um birtingu á verkum sínum, bæði að því er varðar fyrstu birtingu og aðrar síðari. Endurbirtingar stefnda á verkum hans hafi verið heimildarlausar og með öllu ólögmætar. Sem höfundur eigi hann rétt á þóknun fyrir endurbirtingar stefnda á hugverkum sínum, og þar sem ekki hafi verið leitað heimildar sinnar fyrir birtingu, eigi hann í raun sjálfur ákvörðunarvald um fjárhæð þóknunarinnar. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að í framkvæmd sé það sjónarmið ríkjandi, að fyrir endurútgáfu á verki beri höfundi þóknun, sem nemi 50% af framreiknaðri þóknun fyrir frumbirtingu. Er skaðabótakrafa stefnanda vegna endursýninga stefnda í samræmi við það miðuð við 50% af þóknun fyrir þýðingar samkvæmt gjaldskrá stefnda á sýningardegi á öllum myndum, sem stefnandi hafði þýtt og

endursýndar voru á tímabilinu 1. nóvember 1987 til marsloka 1989. Er höfuðstóll þessa liðar skaðabótakröfunnar 184.512 kr., og vísar stefnandi um útreikninga til dómskjals nr. 10.

Stefnandi krefst auk þess dráttarvaxta af kröfu vegna hverrar endursýningar frá 1. degi næsta mánaðar eftir sýningardag og kveður dráttarvexti þannig reiknaða til 1. febrúar 1989 nema 27.720 kr. Krafa stefnanda tekur, sem fyrr segir, til endursýninga fram í mars 1989, og er dráttarvaxta fyrst krafist af höfuðstól kröfunnar í heild frá 1. apríl 1989.

Stefnandi kveður það hafa komið í ljós, að stefndi hafi framselt öðrum sjónvarpsstöðvum, bæði endurvarpsstöðvum og kapalstöðvum, efni, sem hann hafi þýtt, án þess að heimild sín fyrir birtingu texta hafi legið fyrir og án þess að sér væri greitt fyrir notin.

Stefnandi heldur því fram, að stefnda hafi verið óheimilt að framselja höfundaréttinn án síns samþykkis. Stefndi hafi því brotið gróflega þá reglu höfundaréttar, að höfundur eigi ákvörðunarvald um það, hverjir fari með rétt hans, en sem höfundur eigi hann einkarétt til birtingar á verkum sínum. Þá sé framsal höfundaréttar helsta leið höfundar til þess að gera sér tekjur af hugverki sínu. Stefnandi telur ljóst af framansögðu, að stefnda hafi borið að greiða sér þóknun vegna hins heimildarlausa framsals á réttindum sínum.

Krafa stefnanda er sú, að vegna framsals stefnda á verkum sínum til annarra sjónvarpsstöðva og vegna birtingar þeirra greiði stefndi sér skaðabætur. Fjárhæð skaðabótanna nemi 50% af þóknun fyrir þýðingar, eins og hún var á sýningardegi, samkvæmt gjaldskrá stefnda, á öllum myndum, sem þýddar höfðu verið af stefnanda og sýndar voru á vegum annarra sjónvarpsstöðva á tímabilinu 1. nóvember 1987 til marsloka 1989, hvort sem um var að ræða frumbirtingu eða aðrar síðari. Er höfuðstóll þessa liðar skaðabótakröfunnar 911.722 kr., og vísar stefnandi um útreikninga til dómskjals nr. 9.

Stefnandi krefst auk þess dráttarvaxta af kröfu vegna hverrar sýningar frá 1. degi næsta mánaðar eftir sýningardag og kveður dráttarvexti, þannig reiknaða, til 1. febrúar 1989 nema 163.623 kr. Dráttarvaxta er ekki krafist af öllum höfuðstólnum fyrr en frá 1. apríl 1989.

Kröfur sínar reisir stefnandi aðallega á l. nr. 73/1972 um höfundarétt, einkum 1. gr., 3. gr. og 2. mgr. 28. gr., en kröfu um miskabætur á 2. mgr. 56. gr., samanber 7. gr. l. nr. 78/1984. Stefnandi kveður, að samkvæmt því lagaákvæði skuli dæma höfundi miskabætur úr hendi þess, sem raskað hefur rétti hans með ólögmætum hætti. Einnig vísar stefnandi til ákvæða Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum, sem staðfestur var með l. nr. 80/1972, en auk þess til almennra reglna samninga- og kröfuréttar.

Stefndi reisir sýknukröfu aðallega á því, að samningar hafi tekist við stefnanda um textun myndbanda. Þeir samningar hafi veitt stefnda rétt til að endursýna myndböndin og dreifa þeim með hinum íslenska texta til hverra þeirra dreifingaraðila, sem hann var í samstarfi við. Samningar Íslenska myndversins hf. og stefnanda hafi falið í sér sama rétt.

Stefndi vísar til bréfs, sem Björn Baldursson, þáverandi formaður Félags þýðenda við Stöð 2, ritaði fyrir hönd félagsins 28. maí 1987 og sendi Íslenska myndverinu hf. Í bréfinu sé það notað sem rökstuðningur fyrir hækkun á launum þýðenda, að þeir fái ekkert greitt fyrir endursýningar.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þær greiðslur, sem inntar séu af hendi til þeirra, sem vinni við textun á sjónvarpsstöðvum hérlendis, feli ætíð í sér ótakmarkaðan rétt til endursýninga. Sama eigi við um textun kvikmynda fyrir kvikmyndahús og myndbandaútgáfur. Þannig geri gjaldskrá Ríkisútvarpsins nú ekki ráð fyrir sérstökum greiðslum fyrir endursýningar til þeirra, sem annist textun. Dagskrá Stöðvar 2 hafi alla tíð verið þannig upp byggð, að flest myndbönd séu endursýnd einu sinni eða oftar, og hafi það verið yfirlýst stefna fyrirtækisins frá stofnun þess. Það sé þannig aðalregla, en ekki undantekning, að efni sé endursýnt. Þá hafi stefnanda sem áskrifanda að efni Stöðvar 2 frá því í júní 1987 og þar af leiðandi áskrifanda að Sjónvarpsvísi, þar sem upplýsingar um endursýningar hafi margoft birst, mátt vera kunnugt um stefnu stefnda varðandi endursýningar. Því er haldið fram, að efni með þýðingum stefnanda hafi ekki verið framselt til endurvarpsstöðva og kapalstöðva. Aðeins sé um minni rekstrareiningar að ræða, sem dreifi efni Stöðvar 2, en ekki hafi verið um raunverulegt framsal að ræða.

Þá hafi stefnandi framselt stefnda rétt til endursýninga og dreifingar á efninu gegn greiðslu, sem hann hafi fyrir löngu móttekið, og er vísað til 1. mgr. 41. gr. l. nr. 73/1972 í því sambandi.

Auk þess er því haldið fram af hálfu stefnda, að hver sem réttur stefnanda til aukinnar greiðslu hafi verið, hafi hann augljóslega fyrirgert þeim rétti með aðgerðaleysi.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að endurskoðun af sinni hálfu hafi leitt í ljós, að stefnandi hafi í mörgum tilvikum áskilið sér mun hærri greiðslur fyrir vinnu sína en umsaminn texti gerði ráð fyrir. Jafnvel þótt stefndi kynni að hafa átt einhvern rétt til frekari greiðslna, hafi hann þegar gert reikninga fyrir störf sín og fengið þá greidda, og kröfugerð hans nú sé bersýnilega ósanngjörn og algjörlega órökstudd. Þá er kröfugerð stefnanda mótmælt sem tölulega rangri.

Um lagarök vísar stefndi m. a. til almennra reglna samninga- og kaupa-

laga, einnig til höfundalaga nr. 73/1972, útvarpslaga nr. 68/1985 og reglugerða nr. 511 og 512 frá 1986.

Í þinghaldi 12. nóvember 1990 lét lögmaður stefnda bóka eftirfarandi: „Stefnandi tekur fram, að hann byggir á því, að málshöfðunarfrestur í 36. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 leiði til þess, að kröfur vegna sýninga, sem fram fóru meira en 6 mánuðum fyrir málshöfðunina, komi ekki til álita í málinu. Þá skýri stefndi sýknukröfu sína nánar þannig, að hann geti ekki verið skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda vegna dreifingar á þýddu efni hjá öðrum lögpersónum, ef slíku sé til að dreifa, kröfunni beri þá að beina gegn þeim lögpersónum."

Lögmaður stefnanda lét í sama þinghaldi bóka, „að hann telji, að í fram komnum yfirlýsingum stefnda felist nýjar málsástæður, sem ekki hafi áður verið byggt á í málinu, og er því mótmælt, að þær fái komist að, enda of seint fram bornar".

Stefnandi telur 3. mgr. 36. gr. l. nr. 68/1985 aðeins eiga við um málshöfðanir, vegna þess að farið hefði verið út fyrir mörk tjáningarfrelsis. Ákvæðið væri samhljóða 3. mgr. 23. gr. eldri útvarpslaga nr. 19/1971, en í athugasemdum við lagafrumvarpið komi fram, að um fyrningarákvæði 23. gr. hefði m. a. verið höfð hliðsjón af 29. gr. alm. hgl.

Forsendur og niðurstaða.

Í máli þessu eru hafðar uppi kröfur um skaðabætur og miskabætur vegna ætlaðra brota gegn höfundarétti. Fallast má á með stefnanda, að ákvæði 3. mgr. 36. gr. l. nr. 68/1985 taki ekki til þessarar málshöfðunar.

Ágreiningur er með aðilum um, hvernig eigi að túlka réttarsamband það, sem þeir eru sammála um, að hafi komist á í byrjun nóvember 1987. Viðskiptin voru með þeim hætti, að stefnandi fékk afhent myndbönd með erlendu efni og íslenskaði texta þeirra. Stefnandi gaf síðan út reikninga fyrir verk sín í samræmi við gjaldskrá stefnda. Viðskipti aðila voru beint framhald af viðskiptum stefnanda og Íslenska myndversins hf. Ekki hefur verið sýnt fram á, að munnlegir eða skriflegir samningar hafi verið gerðir milli málsaðila um þessi viðskipti. Þau samningsdrög, sem lögð hafa verið fram á dómskjali nr. 26 og stafa frá Íslenska myndverinu hf., verða ekki lögð til grundvallar um réttarsamband málsaðila, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að byggt hafi verið á þeim í viðskiptum aðila þessa máls.

Í munnlegum málflutningi féll talsmaður stefnda frá þeirri málsástæðu, að verk stefnanda nyti ekki verndar höfundalaga.

Í máli þessu þarf að skera úr um, hversu víðtækar heimildir stefndi hafði til að nota þýðingar stefnanda og ráðstafa þeim.

Fram er komið í málinu, að stefndi hefur ekki greitt höfundum þýðinga viðbótargreiðslur vegna endursýninga. Stefndi þykir hins vegar ekki hafa sannað, að greiðslur til þeirra, sem vinna við þýðingar fyrir sjónvarpsstöðvar, kvikmyndahús og myndbandaútgáfur hérlendis, feli ætíð í sér ótakmarkaðan rétt til endursýninga.

Af hálfu stefnda hafa verið lögð fram í málinu ljósrit af úrklippum úr fjölmörgum tölublöðum mánaðarritsins Sjónvarpsvísis, sem birtir dagskrá Stöðvar 2, frá því í september 1987 og fram í nóvember 1988 og einnig ljósrit af úrklippum úr dagblöðum frá því í júní 1986 og fram í júní 1988. Þessi dómskjöl þykja sýna, að það var yfirlýst stefna stefnda að endursýna sjónvarpsefni a. m. k. einu sinni til tvisvar.

Í aðilaskýrslu fyrir dómi bar stefnandi, að um mitt ár 1988 hefði sér fyrst verið kunnugt um, að Stöð 2 endursýndi myndir. Þá bar stefnandi, að hann hefði ekki verið áskrifandi að Stöð 2 fyrr en á árinu 1988 og ekki haft undir höndum Sjónvarpsvísi.

Eftir að stefnandi gaf skýrslu sína, var af hálfu stefnda lagt fram í málinu ljósrit af samningi stefnanda við stefnda um áskrift að áskriftarsjónvarpi ÍSF/Stöðvar 2 frá 19. júní 1987 að telja. Með því að stefnandi hefur ekki haldið því fram, að áskriftin hafi fallið niður, verður lagt til grundvallar í málinu, að stefnandi hafi verið áskrifandi að Stöð 2 og fengið sent fyrrnefnt blað á tímabilinu nóvember 1987 til desember 1988.

Með því að stefndi hefur sýnt fram á, hver var yfirlýst stefna sjónvarpsstöðvarinnar um endursýningar á sjónvarpsefni allt frá því í september 1987 og stefnanda var sú stefna kunn frá því á miðju ári 1988, en mátti sem áskrifanda að Stöð 2 vera hún kunn, allt frá því er viðskipti málsaðila hófust, þykir stefnandi eiga að bera hallann af því, að hann tók við greiðslum fyrir verk sín án þess að gera þann fyrirvara í reikningum sínum, að hin áskilda þóknun tæki aðeins til einnar birtingar.

Björn Baldursson, er ritaði fyrrnefnt bréf á dómskjali nr. 12, bar fyrir dómi, að bréfið hefði verið samið á stofnfundi Félags þýðenda við Stöð 2 og að stefnandi hefði sótt þann fund. Þau ummæli í bréfinu, að þýðendur á Stöð 2 fengju ekkert fyrir endursýningar, þykja benda til þess, að það hafi verið skilningur félagsmanna, að greiðslur frá Stöð 2 tækju einnig til endursýninga. Ekki hefur verið sýnt fram á, að nein breyting hafi orðið á skipan mála að þessu leyti við það, að stefndi gerðist viðsemjandi stefnanda í stað Íslenska myndversins hf., og þykja ummælin í bréfinu því styðja framangreinda niðurstöðu.

Óumdeilt er í málinu, að sjónvarpsefni með þýðingum stefnanda var sent út frá sjónvarpsstöð stefnda í Reykjavík til sjónvarpsáhorfenda á þjónustu-

svæðum stefnda, Eyfirska sjónvarpsfélagsins hf., Austfirska sjónvarpsfélagsins hf., Sjónvarpsfélags Neshrepps, Sjónvarps Ólafsfjarðar og Villa Árna sjónvarps, Ólafsvík. Allir fyrrgreindir aðilar höfðu á því tímabili, sem hér um ræðir, leyfi útvarpsréttarnefndar til sjónvarpsútsendinga á afmörkuðum þjónustusvæðum. Samkvæmt samningum stefnda við Eyfirska sjónvarpsfélagið hf. og Austfirska sjónvarpsfélagið hf., sem lagðir hafa verið fram í málinu, skuldbundu þessir aðilar sig til að taka á móti allri dagskrá stefnda og dreifa henni á sínum þjónustusvæðum. Hvor þessara aðila sá um að selja áskrift á sínu þjónustusvæði, en greiddi stefnda mánaðarlega ákveðið hlutfall áskriftargjalda. Samningar stefnda og annarra fyrrnefndra sjónvarpsréttarhafa hafa ekki verið lagðir fram, en lagt verður til grundvallar, að samningssamband þeirra og stefnda hafi verið með sama hætti og að ofan greinir.

Gegn mótmælum stefnanda verður ekki fullyrt, að hann hafi vitað um samstarf stefnda og sjálfstæðra sjónvarpsréttarhafa um dreifingu á sjónvarpssendingum Stöðvar 2. Stefnandi bar hins vegar í aðilaskýrslu fyrir dómi, að í árslok 1988 hefði hann talið, að Stöð 2 væri nánast eins og Ríkisútvarpið, að hún næðist eða næðist ekki úti um landsbyggðina. Þá hefur af hálfu stefnanda verið haldið fram, að Stöð 2 hafi verið auglýst sem ein sjónvarpsstöð og hann talið, að dreifing sjónvarpsefnisins um landið væri eingöngu á vegum stefnda.

Úrklippur úr tímaritinu Sjónvarpsvísi og dagblöðum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, um starfsemi Stöðvar 2 á því tímabili, sem hér um ræðir, þykja sýna, að töluverð umfjöllun var í fjölmiðlum um fyrirkomulag á dreifingu efnis Stöðvar 2. Mátti stefndi gera ráð fyrir, að stefnandi vissi um fyrirkomulag á dreifingu þess sjónvarpsefnis, sem hann hafði þýtt.

Af framburði stefnanda fyrir dómi má ráða, að hann hafi dregið að gera frekari fjárkröfur á hendur stefnda, vegna þess að honum hafi verið ljóst, að þá fengi hann ekki frekari verkefni hjá stefnda. Stefnanda var þannig ljóst, að stefndi var ekki reiðubúinn til að greiða hærri þóknun fyrir þýðingar stefnanda en gjaldskrá stefnda mælti fyrir um.

Ekki er um það deilt, að stefnda hafi verið heimilt að fénýta verk stefnanda með því að senda hið þýdda sjónvarpsefni út til áskrifenda Stöðvar 2. Stefnandi hefur ekki borið fyrir sig, að fleiri sjónvarpsáhorfendur hafi átt þess kost að sjá það efni, sem hann þýddi, en hann hafði gert ráð fyrir. Með hliðsjón af því og þrátt fyrir það að stefnandi hafi ekki vitað annað en dreifikerfi Stöðvar 2 væri allt í eigu stefnda, þykir stefndi ekki hafa farið út fyrir heimild sína til að fénýta verk stefnanda með því að semja við staðbundnar sjónvarpsstöðvar um að dreifa efninu um þjónustusvæði sín samtímis því, sem það var sent út í Reykjavík.

Með hliðsjón af öllu framansögðu þykir eðlilegast að skýra réttarsamband aðila þannig, að greiðslur þær, sem stefndi innti af hendi til stefnanda fyrir þýðingar á sjónvarpsefni, hafi veitt stefnda heimild til notkunar á þeim í venjulegri starfsemi sinni, þar á meðal til endursýninga á sjónvarpsefninu og til að dreifa sjónvarpsútsendingum innan lands, þ. m. t. í samvinnu við sjálfstæða dreifingaraðila.

Samkvæmt framansögðu skortir grundvöll undir skaðabóta- og miskabótakröfu stefnanda, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Með vísan til 178. gr. l. nr. 85/1936 þykir þó rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Sigurður T. Magnússon, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenska sjónvarpsfélagið hf., skal sýkn af kröfum stefnanda, Örnólfs Árnasonar, vegna þrotabús Örnólfs Árnasonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 376/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Haraldi Haraldssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Ölvun við akstur. Akstur sviptur réttindum. Reynslulausn. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun málsins í heild. Krefst ákærði sýknu af kröfum ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, stóð rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þannig að öflun skýrslna af tveimur vitnum við frumrannsókn málsins, að rætt var við vitnin gegnum síma og farið síðar til þeirra með ritaða skýrslu til undirskriftar. Í skýrslunum er allt að einu hermt, að vitnin hafi mætt til rannsóknardeildarinnar samkvæmt boðun, og er greint frá þeim tíma, sem skýrslugjöf hófst og henni lauk. Í annarri skýrslunni er tekið fram, að vitnaskylda og vitnaábyrgð hafi verið brýnd fyrir vitninu og það hafi verið áminnt um sannsögli. Þá hafa lögreglumenn léð nöfn sín við þessar skýrslur sem vottar að undirritun þeirra. Verður að átelja þessa annmarka á rannsókn lögreglunnar á málinu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Haraldur Haraldsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. apríl 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 19. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 176/1994: Ákæruvaldið gegn Haraldi Haraldssyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 14. mars sl., á hendur ákærða, Haraldi Haraldssyni, Bjargarstíg 6, Reykjavík, kt. 111058-7769.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða fyrir að aka bifreiðinni G-10239 að kvöldi miðvikudagsins (sic) 25. janúar 1994 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti frá veitingahúsinu Keisaranum við Hlemm í Reykjavík að Þönglabakka 8.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993".

Málavextir.

Þriðjudagskvöldið 25. janúar sl. klukkan 23.42 barst tilkynning til lögreglunnar í Reykjavík þess efnis, að hugsanlega væri bifreiðinni G-10239 ekið af ölvuðum ökumanni, og sást henni ekið austur Langholtsveg frá Álfheimum. Framangreindar upplýsingar eru úr skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af málinu, og segir þar, að skráður eigandi bifreiðarinnar búi að Þönglabakka 8, og héldu tveir lögreglumenn þangað. Verður nú rakið áfram úr skýrslu annars þeirra.

Þegar lögreglumennirnir komu á bifreiðastæðið við Þönglabakka, sáu þeir tvo menn vera að ræða saman við bifreiðina G-10239. Var annar þeirra ákærði, Haraldur Haraldsson, en hinn Ingvar Guðmundsson, Réttarbakka 9. Tóku lögreglumennirnir þá tali hvorn í sínu lagi. Segir í lögregluskýrslunni, að Ingvar hafi sagt, að hann hafi verið þarna á stæðinu, þegar ákærði kom akandi á bifreiðinni og lagði henni. Þá segir í skýrslunni, að Ingvar hafi verið villtur og farið til ákærða til þess að spyrja hann til vegar, og hafi ákærði verið að leiðbeina Ingvari, er lögreglumennirnir komu á vettvang.

Lögreglumennirnir spurðu ákærða, hvort hann hefði verið á bifreiðinni G-10239, en hann kvað svo ekki vera, og þegar hann var spurður, hvort hann vissi eitthvað um bifreiðina, kvað hann hana sér alls óviðkomandi.

Lögreglumennirnir handtóku ákærða síðan vegna grunar um ölvun við akstur, og í jakkavasa ákærða fundu þeir lykla að bifreiðinni, bæði að dyrum og kveikjulás. Þegar lögreglumennirnir athuguðu bifreiðina, var vél hennar sjóðheit og bifreiðin nokkuð hlý að innan. Ákærði var færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu og þar fyrir varðstjóra, sem tók af honum framburðarskýrslu. Hélt ákærði við framburð sinn um að hafa ekki ekið, enda hefði hann verið sviptur ökuleyfi ævilangt og verið að koma úr Eyjabakka gangandi.

Að skýrslutöku lokinni var ákærði fluttur á slysadeild Borgarspítalans og honum tekið blóð til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 2,15 ‰. Ákærði var að blóðtöku lokinni fluttur í fangageymslu lögreglunnar og sætti vist þar fram á næsta dag.

Í rannsóknargögnum málsins liggur frammi óundirritað upplýsingablað, sem enginn hefur kannast við að hafa gert. Á þessu blaði er þess getið, að tilkynnendur að ölvunarakstrinum séu starfsfólk í Ísbúðinni að Álfheimum 2. Kemur fram á þessu blaði, að fólkið hafi verið farið úr búðinni, þegar reynt hafi verið að hafa samband við það, eftir að „maðurinn“ hefði verið handtekinn. Kemur fram á blaði þessu, að „maðurinn“ hafi komið inn í búðina og starfsfólkið fundið af honum áfengisþef og séð hann fara upp í bifreiðina G-10239 og aka austur Langholtsveg.

Þá kemur fram á framangreindu óundirrituðu blaði, að Ingvar Guðmundsson, ljósmyndari hjá Morgunblaðinu, hafi heyrt tilkynninguna í „skanner“, sem hann hafi verið með í bifreið sinni. Hafi hann heyrt, að engin bifreið væri í austurbæ eða Breiðholti og hann því farið í nágrenni við Þönglabakka og mætt bifreiðinni og elt hana þangað, sem ákærði hafði lagt henni. Síðan hafi hann hringt í stjórnstöð lögreglu og sagt, að hann ætlaði að tefja fyrir ákærða, og hefði hann gert það, þar til lögreglumennirnir komu.

Í skýrslu varðstjóra kemur fram, að ákærði hafi verið mjög áberandi ölvaður og öll frásögn hans ruglingsleg og samhengislaus.

Ákærði var yfirheyrður næsta dag af rannsóknardeild lögreglunnar, og hófst yfirheyrslan klukkan 15.05. Bar ákærði þá, að hann hefði verið að skemmta sér á veitingastaðnum Keisaranum, þar sem hann hefði drukkið áfengi. Hann hefði farið þaðan með manni eftir klukkan 23. Hann hefði sagt manni þessum, hvar bifreiðin G-10239 væri, og hefði ákærði lagst í aftursæti hennar og verið þar með litla rænu, en hann myndi þó, að maðurinn hefði sest undir stýri bifreiðarinnar. Næst mundi ákærði, að maður þessi lét hann hafa lyklana við Þangbakka og stökk út úr bifreiðinni. Ákærði staðfesti, að hann væri sviptur ökuleyfi ævilangt.

Í gögnum málsins eru skýrslur, sem sagðar eru teknar af vitnunum Hildi Björnsdóttur og Jónu Lindu Hilmisdóttur, starfsstúlkum í áðurgreindri ísbúð, í rannsóknardeild lögreglunnar 26. janúar sl., af hinni fyrrnefndu klukkan 11 og hinni síðarnefndu klukkan 13. Ekki þykir ástæða til þess að rekja þessar skýrslur sérstaklega efnislega, þar sem síðar verður rakinn framburður þessara vitna fyrir dóminum, en þá upplýstu bæði vitnin, að þau hefðu ekki verið yfirheyrð í rannsóknardeildinni, heldur í gegnum síma og undirritað skýrslur sínar síðar. Um þetta vísast til þess, sem síðar segir í framburði þessara vitna.

Í gögnum málsins liggur einnig fyrir skýrsla Friðriks Gunnars Gunnarssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns. Kemur þar fram, að áðurgreindur Ingvar hafi verið yfirheyrður 26. janúar sl. sem vitni af Þórði Eric Hilmarssyni, en næsta dag hafi vitnið komið og krafist þess, að vitnisburður þess yrði fjarlægður úr málinu, þar sem vitnið taldi sér stafa hættu af ákærða, ef hann kæmist að hlutdeild þess í málinu. Segir í skýrslu aðstoðaryfirlögregluþjónsins, að Ingvar hafi krafist þess, að öll tengsl sín við málið yrðu afmáð. Er ekki að finna í rannsóknargögnum umrædda skýrslu vitnisins Ingvars, og hefur hún verið fjarlægð úr málinu.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins.

Ákærði kannast ekki við að hafa ekið bifreiðinni G-10239 að kvöldi miðvikudagsins 25. janúar sl. undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti frá veitingahúsinu Keisaranum við Hlemm í Reykjavík. Hann kveðst hafa verið við áfengisdrykkju í veitingahúsinu Keisaranum að kvöldi áðurgreinds dags, og um kl. 23 yfirgaf hann veitingahúsið ásamt manni, sem hann veit ekki, hver er, en ákærði fór með manni þessum að bifreið sinni, G-10239, sem var í nágrenni við Keisarann, og lagðist í aftursæti hennar. Var ákærði þá mjög ölvaður og rænulítill. Hann man þó, að ókunni maðurinn settist undir stýri og ók á bifreiðastæði við Þangbakka 8, þar sem hann afhenti ákærða kveikjulásslykilinn, en hvarf síðan á brott. Segir ákærði, að það sé rangt í ákæru, að akstrinum hafi lokið við Þönglabakka 8. Það eigi að vera Þangbakki.

Ákærði hefur ekki getað haft uppi á manninum, sem ók bifreiðinni, en hefur ákveðnar grunsemdir um, hver það hafi verið. Ákærði man ekki eftir því, að bifreiðin hafi stansað á leiðinni frá Keisaranum upp í Þangbakka. Maðurinn vakti ákærða, áður en hann fékk honum lykilinn. Hann hvarf síðan á brott, en ákærði steig út úr bifreiðinni, og innan skamms tíma bar lögregluna að og handtók ákærða.

Ákærði segir það rétt, að hann hafi í upphafi ekki viljað kannast við bif-

reiðina, og hafi ástæðan verið sú, að hann átti von á því, að hann yrði sakaður um að hafa ekið bifreiðinni, þar sem ökumaðurinn var farinn af vettvangi.

Ákærði man eftir því, þegar hann var kominn út úr bifreiðinni og búinn að læsa henni, að aðra bifreið bar að, og hafði ökumaður hennar tal af ákærða, en ekki man ákærði, hvað þeim fór á milli.

Ákærði kveðst hafa verið í svörtum leðurjakka umrætt sinn, og í bifreiðinni var derhúfa, svört að lit, sem ákærði setti upp, þegar hann fór frá bifreiðinni.

Vitnið Jón Sigurður Ólason aðstoðarvarðstjóri, Álftröð 5 í Kópavogi, kveðst hafa verið í lögreglubifreið ásamt Ásgeiri Þór Ásgeirssyni þriðjudagskvöldið 25. janúar sl., og einhvern tíma seint um kvöldið, þegar þeir voru staddir á Sæbraut, fengu þeir tilkynningu um að reyna að stöðva bifreið, sem ekið væri af manni, er grunaður væri um að vera ölvaður. Kom tilkynningin frá manni um fjarskipti lögreglu úr bílasíma, og var viðkomandi að elta umrædda bifreið. Lýsti maður þessi akstrinum, sem lauk við Þangbakka. Þeir lögreglumennirnir komu að umræddri bifreið skömmu síðar og handtóku ákærða, en hann var sýnilega ölvaður og kannaðist hvorki við bifreiðina né að hafa ekið henni. Sá, sem hafði vísað þeim lögreglumönnunum leiðina, ljósmyndari að atvinnu, benti þeim á ákærða í upphafi og sagði hann hafa ekið bifreiðinni. Við leit á ákærða eftir handtökuna fundu þeir lögreglumennirnir lykil að kveikjulás bifreiðarinnar í vösum hans. Vél bifreiðarinnar reyndist heit við athugun.

Vitnið segir, að það hafi verið staðfest á vettvangi, að umræddur ljósmyndari hafi veitt bifreiðinni eftirför upp í Þangbakka, en vitnið getur ekki borið um, hvort félagi þess hafi talað við ljósmyndarann. Vitnið segist hafa sagt félaga sínum eftir ljósmyndaranum, að hann hafi séð ákærða leggja bifreiðinni og stíga út úr henni.

Vitnið segir, að stuttu áður en þeir fengu tilkynninguna um bifreiðina, þegar þeir voru staddir á Sæbraut, hafi verið búin að koma tilkynning, að ölvaður ökumaður hefði ekið frá ísbúð í Álfheimum.

Vitnið Ásgeir Þór Ásgeirsson lögreglumaður, Mánagötu 1 í Reykjavík, segir, að það og félagi þess, Jón, hafi verið staddir í lögreglubifreið skammt frá lögreglustöðinni við Hlemm, þegar þeim barst tilkynning um ölvaðan ökumann á bifreið á ferð á Langholtsvegi, og fylgdi með skrásetningarnúmer bifreiðarinnar. Flett var upp í bifreiðaskrá og fundið heimilisfang skráðs eiganda bifreiðarinnar, sem reyndist vera í Þangbakka eða Þönglabakka, og var haldið í átt þangað. Vitnið man ekki, hvort áður var búið að tilkynna um umrædda bifreið. Vitnið segir, að engin önnur lögreglubifreið

hafi verið tiltæk til að sinna þessu máli á þessari stundu. Vitnið man ekki eftir öðru en heimilisfangi eigandans, sem vísaði þeim leiðina að bifreiðinni, og þegar þeir komu þangað, sáu þeir bifreiðina á bifreiðastæði. Fyrir utan bifreiðina stóðu tveir menn, og var ákærði annar þeirra. Vitnið segir, að þeir hafi rætt við mennina tvo sinn í hvoru lagi, og ræddi vitnið við ákærða, sem ekki kannaðist við að hafa ekið bifreiðinni. Vitnið segir, að hinn maðurinn hafi sagt starfsbróður sínum, að ákærði hefði komið akandi á bifreiðinni, en ákærði hefði svarað sér því, að hann kannaðist ekkert við umrædda bifreið né að hafa ekið henni. Í framhaldi af framburði mannsins um akstur ákærða tilkynntu lögreglumennirnir honum, að hann væri handtekinn vegna grunar um ölvun við akstur, en ákærði var sjáanlega undir áhrifum áfengis. Í framhaldi af þessu fannst kveikjulásslykill, sem gekk að kveikjulás bifreiðarinnar, í vasa ákærða. Þrátt fyrir þetta viðurkenndi ákærði ekki að hafa ekið bifreiðinni.

Vitnið var ökumaður lögreglubifreiðarinnar og minnir, að einhver vegfarandi hafi upphaflega tilkynnt um akstur bifreiðarinnar.

Vitninu er kynntur framburður starfsbróður þess fyrir dóminum um upphaf afskipta lögreglunnar af ákærða umrætt sinn og bent á misræmið í framburði þeirra, en það man ekki eftir að hafa fengið ábendingu um akstur bifreiðar ákærða frá öðrum ökumanni.

Vitnið tekur fram, að það hafi aldrei rætt við vitnið, sem var á vettvangi, og hafi upplýsingarnar frá því frá starfsbróður sínum.

Vitnið gerði skýrsluna um fyrstu afskipti lögreglunnar af málinu og hefur staðfest hana við meðferð þess fyrir dóminum.

Vitnið Ingvar Guðmundsson, Réttarbakka 9 í Reykjavík, sér ákærða í dóminum og kveðst hafa séð hann fyrir nokkru á bifreiðastæði við Þangbakka í Breiðholti og rætt við hann þar. Vitnið kveðst hafa séð bifreið koma inn á bifreiðastæðið og í framhaldi af því séð ákærða ganga eftir bifreiðastæðinu. Það kveðst hins vegar ekki hafa séð ákærða stíga út úr bifreiðinni. Vitnið kveðst hafa spurt ákærða til vegar og gerði það í því skyni að tefja um fyrir honum að beiðni lögreglu, og kom þessi beiðni í bílasíma hjá vitninu frá fjarskiptum lögreglu. Vitnið er ljósmyndari hjá Morgunblaðinu, og kveðst það hafa hringt til lögreglunnar, þar sem það heyrði í „skanner“, að umrædd bifreið væri eftirlýst. Vitnið kveðst hafa séð bifreiðina fyrst, þegar hún var að aka inn á planið. Það ók hring um planið og sá því ekki, þegar ökumaðurinn steig út. Vitnið sá fleira fólk á planinu, en það var það langt frá bifreiðinni, að vitnið telur útilokað, að neitt af því hafi komið út úr bifreiðinni. Vitnið kveðst aðeins hafa séð eitt höfuð koma upp fyrir sætisbökin í bifreiðinni, þegar henni var ekið inn á bifreiðastæðið,

og var það sá, sem sat í ökumannssætinu, sem það átti. Vitnið kveðst hafa ekið aðeins á undan bifreiðinni inn á planið frá Stekkjarbakkanum, og hafi það misst örstutta stund sjónar á bifreið ákærða, á meðan það var að aka hringinn um stæðið, hugsanlega 40 metra. Vitnið var í Arnarbakka, þegar það heyrði fyrst um akstur umræddrar bifreiðar. Kom þá fram, að bifreiðin myndi vera á leiðinni í Þangbakka. Vitnið giskar á, að ákærði hafi verið kominn 6–8 metra frá bifreiðinni á bifreiðastæðinu, þegar það sá hann þar.

Vitnið kannast ekki við að hafa rætt við lögreglumennina á bifreiðastæðinu, og hafi það eingöngu rætt við einhvern á fjarskiptum lögreglunnar um þetta mál. Vitnið ræddi síðar við Pétur Sveinsson og Friðrik G. Gunnarsson um þetta mál.

Vitnið segist hafa fengið Friðrik G. Gunnarsson til að láta rífa lögregluskýrslu, sem vitnið var búið að gefa vegna málsins, þar sem hún hafi verið röng.

Vitnið fullyrðir, að það hafi skýrt satt og rétt frá fyrir dóminum, en man ekki, hvað það sagði rannsóknardeild lögreglunnar á sínum tíma, þegar Pétur Sveinsson yfirheyrði vitnið.

Vitnið Jóna Linda Hilmisdóttir, Tunguseli 9 í Reykjavík, segir, að þriðjudagskvöldið 25. janúar sl. hafi maður komið inn í ísbúðina við Álfheima, þar sem vitnið vinnur, og bað um að fá að hringja og auk þess um símaskrá. Ekki varð vitnið þess vart, að maðurinn hringdi, en hann hvarf á brott inn í bifreið, sem stóð fyrir utan, og fór inn um vinstri framdyr og ók á brott, en ekki sá vitnið neinn annan í bifreiðinni. Vitnið hringdi til lögreglunnar og lét hana vita um bifreiðina, en vitnið hafði fundið mikla áfengislykt af manninum, þegar það ræddi við hann.

Vitnið sér ákærða í dóminum og segir honum svipa til mannsins, sem ók á brott, en þó er vitnið ekki öruggt í þessu. Vitninu fannst maðurinn vera í grárri úlpu, en ekki man vitnið eftir, hvort hann bar höfuðfat. Vitnið er þess fullvisst, að það tilkynnti lögreglunni rétt skráningarnúmer bifreiðarinnar, og hafi bifreiðin verið grá að lit, en ekki er það öruggt um tegundarheiti hennar.

Vitnið segir um skýrslu sína hjá rannsóknardeild lögreglunnar, að hún hafi verið tekin um síma og það síðan látið skrifa undir hana heima hjá sér, en þangað kom sá, sem tók skýrsluna. Enginn vottur var viðstaddur. Vitnið segir, að tegundarheiti bifreiðarinnar sé ekki frá því komið í skýrsluna, en það hafi verið spurt að því, þegar það hringdi upphaflega til lögreglunnar, hvort um gæti verið að ræða gráa Nissan-fólksbifreið.

Vitnið Hildur Björnsdóttir, Þingási 33 í Reykjavík, segir, að það hafi verið að loka ísbúðinni við Álfheima síðla þriðjudagskvöldið 25. janúar sl.,

þegar þangað kom maður, sem bað um að fá að hringja og um afnot af símaskrá. Maður þessi hvarf þó á brott án þess að hringja og fór út í bifreið, sem stóð fyrir utan, og ók henni á brott, og sá vitnið engan annan í bifreiðinni. Segir vitnið, að maður þessi hafi verið mikið ölvaður eða a. m. k. hafi verið mikill áfengisþefur af honum. Vitnið telur sig geta þekkt mann þennan aftur og er nær öruggt um, að hann er ákærði, sem vitnið sér í dóminum. Vitnið segir, að maðurinn hafi verið í bláum buxum og svörtum jakka. Þá var hann með svarta derhúfu, en ekki man vitnið eftir einkennum á henni. Vitnið segist hafa gefið manninum leyfi til að hringja.

Vitnið segist hafa gefið skýrslu sína hjá rannsóknardeild lögreglunnar um síma, en síðan kom skýrslutakinn og vottur með honum á vinnustað vitnisins í ísbúðinni, og þar ritaði vitnið undir skýrsluna, eftir að það hafði lesið hana yfir.

Vitnið sá númerið á bifreiðinni, sem maðurinn ók á brott, og að hún var grá og blá að lit, en vitnið man ekki eftir tegundarheiti bifreiðarinnar; sé tegundarheiti bifreiðarinnar í skýrslu þess komið frá vitninu Jónu Lindu.

Vitnið tekur fram, að það hafi ekki séð manninn koma akandi, og sé framburður þess um það rangur, en vitnið hafi ályktað, að hann hafi komið akandi, þar sem hann ók á brott. Vitnið segir, að þessi framburður muni vera kominn frá skýrslutakanum, og hafi vitnið skrifað undir hann í hugsunarleysi.

Vitnið Pétur Sveinsson rannsóknarlögreglumaður, Heiðnabergi 11 í Reykjavík, segir um framburð vitnanna Jónu Lindu og Hildar um að, hvernig vitnið stóð að töku skýrslnanna af þeim, að þær lýsi þessu rétt og það hafi verið mistök þess að bóka ekki neðan við skýrslurnar, hvernig að þeim hafi verið staðið, en þetta gerði vitnið vegna þess, að það var eitt á kæruvakt, þegar málið kom til rannsóknar, og hafði það í huga að flýta málinu, svo að maðurinn gæti losnað úr fangageymslunni. Segir vitnið, að það, sem stendur efst í skýrslunni, að viðkomandi sé mættur í rannsóknardeild, sé venjubókun, sem þarna hafi ekki átt við, en verið sett í upphafi skýrslunnar sem „rútínuvinna".

Vitnið staðfestir, að það hafi yfirheyrt Ingvar Guðmundsson, sem hafi óskað nafnleyndar í yfirheyrslunni, og hafi það verið sett neðst í skýrsluna. Það er hins vegar rangt í skýrslu Friðriks G. Gunnarssonar, að Ingvar hafi gefið skýrslu hjá Þórði Eric Hilmarssyni.

Vitnið segir, að enginn vottur hafi verið staddur heima hjá vitninu Jónu Lindu, og því hafi vitnið fengið lögreglumann til að skrifa á skýrsluna sem vott. Vitnið kveðst hafa sagt Jónu Lindu, að það myndi fá vott á skýrsluna, og hafi hún ekkert haft við það að athuga.

Vitnið Friðrik Gunnar Gunnarsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, Maríubakka 8 í Reykjavík, hefur staðfest að hafa ritað áðurgreinda skýrslu og framkvæmt það, sem í henni stendur. Segir vitnið, að forsendurnar fyrir þessu komi fram í skýrslunni, en vitnið kveðst hafa eyðilagt skýrslu Ingvars Guðmundssonar.

Vitnið segir, að það muni það úr lögregluskýrslu Ingvars, að hann hafi borið, að hann hafi séð ákærða aka inn á bifreiðastæðið við Þangbakka og stíga út úr bifreiðinni þar.

Vitnið sér skýrslu áðurgreinds Ingvars fyrir dóminum og segir, að skýrsla Ingvars hjá lögreglu hafi verið mun styttri og ekki eins nákvæm, en vitnið getur ekki borið nákvæmlega um það, sem í skýrslunni stóð.

Vitnið Sigurgeir Ómar Sigmundsson rannsóknarlögreglumaður, Suðurmýri 50 á Seltjarnarnesi, kannast við nafnritun sína sem votts á skýrslunni, sem tekin var af vitninu Hildi, og segir, að undirritun þess hafi farið fram í ísbúðinni við Álfheima. Vitnið kveðst hafa verið að votta undirskrift vitnisins, sem gaf skýrsluna, en ekki skýrslutökustað hennar.

Vitnið Egill Þór Ragnarsson lögreglumaður, Hlaðhömrum 20 í Reykjavík, kannast við nafnritun sína sem votts á skýrslunni, sem tekin var af vitninu Jónu Lindu, og hafi undirritun þess farið fram á lögreglustöðinni í Reykjavík. Vitnið man ekki eftir að hafa horft á vitnið Jónu Lindu rita nafn sitt undir skýrsluna og man ekkert meira um málið.

Niðurstöður.

Svo sem fram er komið, hefur ákærði staðfastlega neitað sakargiftum frá upphafi og borið, að annar maður hafi ekið bifreiðinni, en ekki getað bent á hann.

Sannað er með játningu ákærða sjálfs og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, að ákærði var ölvaður umrætt sinn, og samkvæmt játningu hans sjálfs, sem er í samræmi við sakavottorð hans, er hann sviptur ökurétti ævilangt.

Þegar virtur er í heild framburður vitnisins Ingvars, sem ber, að það hafi séð bifreiðina koma inn á bifreiðastæðið og aðeins einn mann í bifreiðinni og ákærða á göngu 6–8 metra frá bifreiðinni örstuttu síðar, fundur kveikjulásslykilsins í vasa ákærða, ótrúverðug saga ákærða um annan ökumann, sem fær enga stoð í öðru, sem fram er komið í málinu, framburður Jónu Lindu, að ákærða svipi til mannsins, sem ók á brott frá ísbúðinni, og framburður vitnisins Hildar, að það sé nær öruggt um, að ákærði sé maðurinn, sem ók frá ísbúðinni, er að mati dómsins komin fram sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið ökumaður bifreiðarinnar og sé því sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru og þar er rétt fært til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1978 og fram á árið 1992 hlotið níu refsidóma og gengist tíu sinnum með dómsátt undir að greiða sektir fyrir ýmis brot.

Ákærði var fyrst dæmdur í mars 1979 í 30 daga skilorðsbundið fangelsi og 100.000 króna sekt fyrir þjófnað. Næst var ákærði dæmdur í febrúar 1981 í sekt og sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir ölvunarakstur. Í þriðja sinn var ákærði dæmdur í september 1983 fyrir sömu sakir og auk þess brot á 27. gr. og 50. gr. umferðarlaga og sviptur ökuleyfi ævilangt. Þá var ákærði dæmdur í desember 1986 í 32 daga varðhald fyrir ölvun við akstur og að aka sviptur ökuleyfi svo og fyrir fleiri umferðarlagabrot og brot á 219. gr. almennra hegningarlaga. Í þetta skipti var ákærði sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt. Í ágúst 1989 var ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir að aka ölvaður og sviptur ökuleyfi og fyrir brot á 4. gr. umferðarlaga og jafnframt sviptur ökuleyfi ævilangt einu sinni enn. Í desember 1989 var ákærði enn dæmdur fyrir ölvunar- og sviptingarakstur og nú í fjögurra mánaða fangelsi og sviptur ökuleyfi ævilangt. Í mars 1990 var ákærði dæmdur í eins mánaðar fangelsi, hegningarauka, fyrir sömu sakir, og enn var í dóminum ákvæði um ævilanga ökuleyfissviptingu. Ákærði var dæmdur í áttunda sinn í nóvember 1990 og enn fyrir sömu sakir. Hlaut hann nú fimm mánaða fangelsi og ítrekað, að hann skyldi vera sviptur ökuleyfi ævilangt. Síðast var ákærði dæmdur 24. júní 1992 og nú í níu mánaða fangelsi fyrir sömu sakir og áður og auk þess brot á 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga. Enn var í dóminum ákvæði um ævilanga sviptingu ökuleyfis. Inn í refsinguna í þessum síðasta dómi var felld 195 daga reynslulausn, sem ákærði hafði hlotið í tvö ár frá 17. mars 1991.

Fyrstu tvær dómsáttirnar við ákærða eru frá árinu 1978, hin fyrri vegna brots á 47. gr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga og hin síðari vegna ölvunaraksturs, og gekkst ákærði þá undir sviptingu ökuleyfis í fjóra mánuði. Þá gekkst ákærði undir að greiða sektir á árunum 1979, 1980, 1982 og 1983, einu sinni hvert ár, í öll skiptin fyrir umferðarlagabrot, og sætti auk þess á árinu 1980 sviptingu ökuleyfis í einn mánuð fyrir of hraðan og ógætilegan akstur. Á árunum 1986, 1987, 1989 og 1990 gekkst ákærði undir að greiða sektir fyrir brot á lögum og reglum um ávana- og fíkniefni, í eitt skipti hvert ár.

Ákærði hlaut reynslulausn í tvö ár á 90 daga eftirstöðvum refsingar 20. júlí 1993, og hefur hann með háttsemi þeirri, sem hann nú er sakfelldur fyrir, rofið skilorð hennar. Verða umræddar eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sem ákærði hefur ekki afplánað, felldar inn í þá refsingu, sem ákærða verður nú ákvörðuð, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr.

laga nr. 22/1955 og 77. gr. hegningarlaga. Með hliðsjón af þessu og sakaferli ákærða þykir refsing hans nú hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Þá hefur ákærði unnið sér til þess að verða sviptur ökurétti, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, en ákærði er þegar, eins og fram er komið, sviptur ökuleyfi ævilangt. Þykir rétt að árétta, að ákærði skuli vera sviptur ökurétti ævilangt.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 30.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 45.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Sturla Þórðarson, yfirlögfræðingur hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærði, Haraldur Haraldsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 30.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 45.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 68/1992. **Samúel J. Samúelsson og heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Erla S. Árnadóttir hdl.)
(Guðrún M. Árnadóttir hrl.)
gegn
Sigurjóni Samúelssyni
(Sveinn Sveinsson hdl.)
(Þórólfur Kr. Beck hrl.)
og gagnsök

Frelsissvipting. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Skaðabætur. Lögræðislög. Læknaráð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1992. Þeir krefjast þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en honum gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara verði bætur til gagnáfrýjanda lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. mars 1992. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendur verði óskipt dæmdir til að greiða sér 263.192 krónur eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. apríl 1988 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefst gagnáfrýjandi bóta fyrir útlagðan kostnað og miska vegna þeirrar ráðstöfunar aðaláfrýjandans Samúels J. Samúelssonar læknis, er þá gegndi læknavakt á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, að láta flytja hann af heimili hans að Hrafnabjörgum í Ögurhreppi og á Fjórðungssjúkrahúsið og leggja hann síðan inn á sjúkrahús í Reykjavík til rannsóknar og meðferðar gegn vilja hans

og með valdi. Var þetta gert að morgni mánudagsins 25. apríl 1988 að ákvörðun læknisins, eftir að hann var kominn í sjúkravitjun á heimilið að beiðni annarra, en áður hafði hann reynt að fá gagnáfrýjanda til farar með því að senda til hans sjúkrabifreið frá Ísafirði. Helstu atvikum málsins er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og eru þau óumdeild. Við lýsinguna er því að bæta, að gagnáfrýjandi var ekki skoðaður á Fjórðungssjúkrahúsinu og átti þar aðeins viðdvöl, meðan læknirinn undirbjó móttöku hans á Landspítalanum í Reykjavík, en þangað var hann fluttur með flugvél í fylgd lögreglumanns. Á Landspítalanum kom ekki til þess, að hann yrði lagður inn á geðdeild, eins og læknirinn hafði í huga, heldur var hann vistaður og rannsakaður á bráðamóttöku spítalans. Var hann útskrifaður þaðan næsta dag, án þess að nokkuð fyndist að heilsu hans, er ástæðu gæfi til meðhöndlunar að svo komnu.

Læknisþjónustu fyrir Ögurhrepp var sinnt frá Ísafirði. Í málinu liggja frammi færslur úr dagbókum heilsugæslustöðvarinnar á Ísafirði, þar sem getið er um aðstoð og meðhöndlun, er gagnáfrýjanda var veitt á tímabilinu frá apríl 1986 til desember 1988. Má þar sjá meðal annars, að honum hafi nokkrum sinnum verið veitt liðsinni vegna höfuðverkjakasta, áður en mál þetta kom til, og þá með lyfjagjöf. Aðaláfrýjandinn Samúel hafði ekki áður sinnt gagnáfrýjanda vegna kvartana af þessu tagi, en hafði nýlega gert á honum minni háttar aðgerð vegna bólgu um olnboga.

Áfrýjandi bjó einn búi sínu að Hrafnabjörgum, en ung kona dvaldist á heimilinu og sinnti inniverkum. Hafði hún verið þar nokkra mánuði og ekki áður orðið þess vör, að gagnáfrýjandi fengi höfuðverki. Skammt var til næsta bæjar og góður samgangur þar á milli, og fól gagnáfrýjandi þeim nágrönnum sínum að sjá um búfé sitt, er hann fór að heiman í þetta sinn. Héraðshjúkrunarfræðingur hafði aðsetur á Nauteyri í um 80 km fjarlægð, og hafði gagnáfrýjandi leitað til hennar nokkrum sinnum. Fyrir liggur, að þetta fólk átti símtöl við lækninn, áður en hann fór að Hrafnabjörgum. Hins vegar getur þess ekki, að hann hafi ráðfært sig við það, eftir að hann kom á vettvang.

Í héraði var leitað svara Læknaráðs við tilteknum spurningum um málið, og eru þau rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Í 1. mgr. 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 er staðfest sú meginregla,

að sjálfráða maður verði ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum. Í 2. mgr. er svo á kveðið, að þó megi hefta frelsi manns, ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelsisskerðing megi ekki standa lengur en tvo sólarhringa, nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins. Í 3. mgr. er því síðan lýst, að með samþykki þess ráðuneytis megi vista mann gegn vilja hans til meðferðar á sjúkrahúsi, ef fyrir hendi séu ástæður þær, er um ræðir í 2. mgr., og vistun þyki óhjákvæmileg að mati læknis. Um slíka vistun fari þá eftir 14.–17. gr. laganna, þar sem meðal annars er við það miðað, að beiðni um vistun komi fram frá nánustu skyldmennum mannsins eða fulltrúa sveitarstjórnar á dvalarstað hans. Þessar reglur 13. gr. ber að skoða í ljósi ákvæða 65. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 um sviptingu frelsis við handtöku og annarra almennra reglna um mannréttindi, þar á meðal ákvæða í 5. gr. Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem fullgiltur var fyrir Ísland árið 1953 og hefur nú öðlast lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Af hálfu aðaláfrýjenda er litið svo á, að flutningur gagnáfrýjanda á sjúkrahús hafi byggst á bráðanauðsyn af því tagi, er falli undir ákvæði 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga. Hafi málið ekki komist á það stig, að 3. mgr. 13. gr. ætti við, enda hafi gagnáfrýjandi verið útskrifaður af Landspítalanum innan tveggja sólarhringa, frá því að hann hvarf að heiman. Jafnframt hafi ráðstöfunin átt sér stoð í almennum reglum um læknisverk í neyð, þar sem gagnáfrýjandi hafi verið í hættu staddur og ekki fær um að gera sér grein fyrir henni eða sjá fyrir því, sem við þyrfti til bjargar.

Í málinu er það nægilega leitt í ljós með þeim rannsóknum, er fram fóru á Landspítalanum, að gagnáfrýjandi var ekki haldinn geðsjúkdómi, er kallaði á vistun á sjúkrahúsi, þegar læknirinn vitjaði hans. Skorti þannig efnislegt skilyrði þess, að ákvæði 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga ættu við. Jafnframt liggur fyrir, að gagnáfrýjandi lýsti sig eindregið mótfallinn því að verða fluttur af heimili sínu. Verður ekki á það fallist, eftir því sem fram er komið, að hann hafi verið of rænulítill til þess, að mark mætti taka á þeim mótmælum. Var vistun hans á sjúkrahúsinu því ekki lögmæt. Á hinn bóginn er það staðfest með áliti Læknaráðs, að ótti læknisins um blæðingu í heila gagn-

áfrýjanda eða aðra vefræna geðtruflun gat átt rétt á sér. Jafnframt varð læknirinn við mat sitt á ástandinu að líta til þess, að örðugt var að fylgjast með heilsu gagnáfrýjanda. Þrátt fyrir þann vanda, sem þannig knúði á, er óhjákvæmilegt að ályktа, að læknirinn hafi ekki gætt alls, sem við átti, áður en hann tók ákvörðun sína um valdbeitingu við gagnáfrýjanda og flutning á honum til Reykjavíkur. Er þá einkum til þess að líta, að hann virðist ekki hafa kannað sjúkrasögu gagnáfrýjanda eða leitað samráðs við aðra lækna á Ísafirði, er þekktu til hans, og ekki ítrekað ráðfærslu sína við nágranna hans og hjúkrunarfræðing héraðsins. Samkvæmt því verður að fallast á það með héraðsdómara, að aðaláfrýjendur beri skaðabótaskyldu vegna þeirrar frelsisskerðingar, sem gagnáfrýjandi var beittur.

Greiðsla úr sjúkratryggingum fyrir sjúkraflugið með gagnáfrýjanda til Reykjavíkur var ekki talin heimil, og greiddi hann kostnaðinn, 23.222 krónur, í júlí 1989. Krafa hans um þennan og annan kostnað vegna ferðarinnar og fjarvistar af heimili, samtals 63.192 krónur, er að hluta studd beinum reikningum, og öðrum liðum hennar er í hóf stillt. Ber að taka hana til greina að öllu leyti. Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er þá var í gildi, á gagnáfrýjandi einnig rétt til miskabóta. Þykja þær eftir atvikum hæfilega ákveðnar 200.000 krónur, svo sem hann hefur krafist. Verður aðaláfrýjendum þannig gert að greiða honum óskipt samtals 263.192 krónur með vöxtum, eins og á var kveðið í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Samúel J. Samúelsson og heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Sigurjóni Samúelssyni, 263.192 krónur óskipt ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1989 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. desember 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 31. janúar og 1. febrúar 1990.

Stefnandi er Sigurjón Samúelsson, Hrafnabjörgum, Ögurhreppi, Ísafjarðarsýslu.

Stefndu eru Samúel J. Samúelsson læknir, Kambaseli 42, Reykjavík, og heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu greiði honum in solidum 294.024 kr. eða lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt dráttarvöxtum frá 25. apríl 1988 auk málskostnaðar skv. fram lögðum reikningi.

Stefndu hafa krafist sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem býr að Hrafnabjörgum í Ögurhreppi, kenndi sér lasleika að loknum störfum síðla sunnudagsins 24. apríl 1988. Ung kona, Hallfríður Friðriksdóttir, var þarna ráðskona, en aðrir voru ekki á heimilinu. Stefnandi fann höfuðverk, fékk sjóntruflanir og svima, varð órólegur og máttlaus og talaði drafandi. Hringdi Hallfríður þá í Oddnýju Bergþóru Helgadóttur, sem bjó með manni sínum, Jóni H. Karlssyni, á Birnustöðum, næsta bæ, og bað þau koma til hjálpar. Komu þau þegar, og hringdi Oddný í Önnu Maríu, hjúkrunarkonu í Ísafjarðardjúpi, sem hringdi á læknavaktina á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. Stefndi Samúel var vakthafandi læknir. Hann hringdi og talaði við Oddnýju og fékk lýsingu á einkennum stefnanda, og bað Oddný um aðstoð hans. Mun það hafa verið eftir miðnætti. Ákvað hann strax að senda sjúkrabíl eftir stefnanda, sem fór um kl. 2 og var kominn að Hrafnabjörgum tveimur klst. síðar. En þá neitaði stefnandi algerlega að fara með sjúkrabílnum til Ísafjarðar, og var hringt til læknisins og honum sagt það. Ákvað stefndi Samúel þá að fara ásamt lögreglumönnum til þess að geta fylgt stefnanda á sjúkrahús, ef með þyrfti. Hafði hann samband við sýslumann og fékk tvo lögregluþjóna með sér. Fékk hann hraðbát til þess að flytja þá að Hrafnabjörgum og fór ásamt mági stefnanda, Jósep Vernharðssyni. Komu þeir að Hrafnabjörgum kl. 7.10 um morguninn. Þá svaf stefnandi, en hann hafði loks sofnað um kl. 5.00. Var hann þá vakinn eftir þennan tveggja tíma svefn. Reynt var að fá stefnanda með góðu til Ísafjarðar, en hann harðneitaði. Eftir þriggja klukkustunda fortölur ákvað læknirinn, að hann yrði tekinn með valdi. Bað hann lögregluþjónana halda honum, meðan hann gaf chlorpromasin með sprautu. Við það róaðist stefnandi og kom mótþróalaust með þeim í bátinn og til Ísafjarðar. Þar var farið á sjúkrahúsið og síð-

an með flugvél suður og rakleitt á Landspítalann, þar sem læknirinn ákvað, að hann yrði lagður inn á geðdeild.

Ýtarleg læknisskoðun var gerð á stefnanda á Landspítalanum, og skoðuðu hann bæði geðlæknir og neurolog. Fannst ekkert athugavert og engin skýring á einkennum þeim, sem hann hafði haft, og var hann útskrifaður daginn eftir.

Málið var sent Læknaráði með úrskurði, upp kveðnum 11. febrúar 1991, þar sem spurt var eftirfarandi spurninga:

Frá lögmanni stefnanda:

„1. Hvaða sjúkdómsgreining(ar) telur Læknaráð, að komi til álita miðað við þá lýsingu stefnda Samúels J. Samúelssonar læknis, sem fram kemur á stefnanda á meðfylgjandi dómskjali nr. 5? Ef fleiri en einn sjúkdómur kemur til greina, óskast allir sjúkdómarnir nefndir.

2. Eru umtalsverðar líkur á, að þessir hugsanlegu sjúkdómar geti leitt sjúkling til dauða eða leitt til varanlegrar örorku, ef ekki er gripið tafarlaust til meðhöndlunar? Hverjar má ætla, að slíkar líkur séu tölulega metið?

3. Er hægt að gera bráðabirgðaráðstafanir gagnvart meintum sjúkdómi, t. d. með lyfjagjöf eða vörslu á heimili, án þess að til tafarlausrar vistunar á sjúkrahúsi þurfi að koma? Er hægt að meðhöndla sjúkling með slíkri bráðabirgðameðferð, þar til unnt er að vista sjúkling á sjúkrahúsi gegn vilja hans með lögformlegum hætti, án þess að sjúklingnum stafi veruleg hætta af?

4. Telur Læknaráð, að sú lýsing á stefnanda, sem fram kemur í bréfi Sigurðar Ólafssonar aðstoðarlæknis, dags. 20. maí 1988, á dskj. nr. 6, meðfylgjandi, beri með sér, að stefnandi hafi verið haldinn alvarlegum sjúkdómi, og ef svo er, hvaða sjúkdómur komi þar til álita?“

Frá lögmanni stefnda Samúels:

„1. Telur Læknaráð, að læknir geti framkvæmt sjúkdómsgreiningu með viðunandi hætti fjarri læknastofu eða sjúkrahúsi, ef hann óttast, að það sé að blæða inn á heila sjúklings eða hann hafi fengið skyndilega alvarlegan geðsjúkdóm?

2. Hvaða afleiðingar hefur það fyrir sjúkling, sem er með heilablæðingu eða hefur skyndilega fengið alvarlegan geðsjúkdóm, að vera skilinn eftir einn síns liðs langt frá öðrum byggðum bólum?

3. Er Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði þannig búið, að það geti sinnt á viðunandi hátt sjúklingum með heilablæðingu eða sem hafa fengið skyndilegan alvarlegan geðsjúkdóm?“

Svör Læknaráðs voru eftirfarandi:

A. Frá lögmanni stefnanda:

1. Bráðageðveiki af vefrænum toga (psychoses acuta organica), sem krefst ýtarlegrar rannsóknar á sjúkrahúsi, en mjög margar orsakir geta legið til grundvallar þessu ástandi.
2. Já, það eru umtalsverðar líkur til þess. Mjög margir sjúkdómar, sem valda geðveiki af vefrænum toga, geta leitt til dauða eða varanlegrar örorku, en líkurnar til þess eru mismiklar eftir því, hver frumorsökin er.
3. Slíkt orkar ætíð tvímælis, en miðað við aðstæður stefnanda hefði það verið rangt, og telur Læknaráð, að nauðsyn hafi borið til að vista hann á sjúkrahúsi hið bráðasta.
4. Í bréfi Sigurðar Ólafssonar aðstoðarlæknis kemur fram, að stefnandi hafi fengið slæman höfuðverk, en muni ekki atburðarásina glöggt að öðru leyti. Þó að rannsóknir hafi ekki leitt annað í ljós en lítils háttar lækkun á kalsíum í blóði, þarf það ekki að segja neitt til um, hvernig ástand stefnanda hafi verið, þegar læknir var til kallaður og sá hann fyrst.

B. Frá lögmanni stefnda:

1. Nei.
2. Afleiðingar eru ófyrirsjáanlegar, en gætu verið mjög hættulegar lífi sjúklings.
3. Nei. Við sjúkrahúsið á Ísafirði starfar hvorki sérfræðingur í geðsjúkdómum, taugalækningum né taugaskurðlækningum.

– – –

Niðurstaða.

Af gögnum málsins og skýrslum aðila og vitnis er í ljós leitt, að stefnandi var með rænu og talaði við lækninn og þá, sem komu til að sækja hann, í allt að þrjár klukkustundir, áður en hann var beittur valdi. Allan þann tíma mótmælti hann því að fara til læknisskoðunar.

Enda þótt í ljós sé leitt með áliti Læknaráðs, að stefnandi hafi á þessum tíma getað verið haldinn alvarlegum geðsjúkdómi, sem hefði getað reynst honum hættulegur, þá réð hann því sjálfur, hvort hann þægi þá læknismeðferð og rannsóknir, sem boðið var upp á, svo framarlega sem hann var með ráði og rænu og gat tekið slíka ákvörðun.

Ekkert er komið fram um, að stefndi Samúel hafi athugað, hvort stefnandi væri reiðubúinn að lýsa því yfir skriflega, að hann hafnaði því algerlega að fara undir læknishendur, og að hann gerði það með fullu ráði. Þegar á þetta er litið svo og til þess, sem í ljós er leitt um hátterni stefnanda þarna um morguninn, og þá sérstaklega til þess, að hann hringdi að Birnustöðum um kl. 9.30 og bað húsráðendur fyrir fénað sinn, meðan hann yrði fjarverandi, og sagði fyrir um fóðurgjöf, verður ekki talið nægilega leitt í ljós

af stefndu hálfu, að stefnandi hafi ekki vitað, hvað hann var að gera, og að hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir því, hverju hann var að neita, en sönnun um þetta hvílir á stefndu.

Verður því að fallast á með stefnanda, að valdbeiting þessi hafi verið andstæð ákvæðum 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 og því heimildarlaus, enda var ekki um neyðarrétt við þessar aðstæður að ræða.

Ber því að taka til greina kröfu hans um skaðabætur og miskabætur úr hendi stefndu. Eftir atvikum þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar 200.000 kr., og ber stefndu að greiða þær in solidum með vöxtum frá 1. desember 1989 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 80.000 kr., ásamt dráttarvöxtum, eins og krafist er.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Samúel J. Samúelsson og heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Sigurjóni Samúelssyni, 200.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. desember 1989 til greiðsludags og 80.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 425/1994. **Félagsmálaráðherra**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
samstarfsnefnd um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar
hreppsnefnd Helgafellssveitar og bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Hólmfríði Júlíönnu Hauksdóttur
(Haraldur Blöndal hrl.)

Kosningar. Sveitarstjórn. Valdmörk. Stjórnarskrá. Stjórnsýsla. Tómlæti. Áfrýjun. Lögvarðir hagsmunir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. október 1994. Málið sætir flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dómkröfur áfrýjenda eru þær aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefndu. Í báðum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnda fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 28. nóvember 1994.

Skilja verður úrlausn héraðsdóms og kröfugerð stefndu svo, að krafist sé ógildingar þeirrar atkvæðagreiðslu, sem fram fór í Helgafellssveit á Snæfellsnesi 16. apríl 1994 um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar, og úrskurðar félagsmálaráðuneytisins um þessa kosningu 13. maí sama ár.

Úrskurði héraðsdóms um frávísunarkröfur áfrýjenda, sem upp var kveðinn 23. september 1994, var ekki áfrýjað sérstaklega með

hinum áfrýjaða dómi samkvæmt 1. mgr. 151. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 5. gr. laga nr. 38/1994. Var ekki nægilegt að taka fram í áfrýjunarstefnu, að óskað væri endurskoðunar á úrskurðinum. Frávísunarástæður áfrýjenda koma eigi að síður til skoðunar hér fyrir dómi, þar sem þær sæta eftir efni sínu úrlausn dómsins án kröfu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Atvik málsins eru lítillega rakin í hinum áfrýjaða dómi. Sveitarstjórnir Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar fólu samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna, sem kosin var 28. mars 1994 samkvæmt 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, ýmis verkefni við undirbúning atkvæðagreiðslu um sameininguna í báðum sveitarfélögum samtímis. Á hreppsnefndarfundi í Helgafellssveit 13. apríl 1994 var kosin sérstök kjörstjórn til þess að annast atkvæðagreiðsluna í sveitarfélaginu, er fram skyldi fara 16. sama mánaðar. Stefnda var ein þriggja kjörstjórnarmanna.

Í upphafi kjörfundar skráði kjörstjórn í gjörðabók sína athugasemd um kjörseðla þá, sem bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar hafði afhent henni á fundi tveimur dögum áður að viðstaddri samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna. Athugasemdin laut að orðalagi á kjörseðlunum, og taldi kjörstjórn „málsgrein á seðlunum óhæfa með öllu og jafnvel ólöglega". Kjörstjórn kvaðst myndu „leita álits og úrskurðar í þessu máli strax og verða má". Athugasemd um pappírsgerð kjörseðlanna var ekki skráð í gjörðabókina fyrr en að lokinni atkvæðagreiðslu, þegar grein var gerð fyrir framvindu og úrslitum kosningarinnar. Er sú athugasemd skráð orðrétt í hinum áfrýjaða dómi.

Hinn 18. apríl 1994 kærðu kjörstjórnarmenn í Helgafellssveit kosninguna til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Kæruefni var það, að orðalag á kjörseðlum hefði ekki verið við hæfi og jafnvel lögbrot, og hefði það haft áhrif á úrslit kosningarinnar. Þá var sagt, að atkvæðaseðlarnir hefðu verið úr svo þunnum pappír, að sjá hefði mátt mjög auðveldlega í gegnum þá. Sýslumaður skipaði 20. apríl þriggja manna nefnd samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laga nr. 8/1986 til að úrskurða um kæruefnið. Með úrskurði 5. maí ógilti meiri hluti nefndarinnar kosninguna. Samstarfsnefnd um samein-

ingu sveitarfélaganna skaut þeim úrskurði til félagsmálaráðuneytisins 9. sama mánaðar.

Með úrskurði 13. maí 1994 felldi félagsmálaráðuneytið úrskurð kærunefndarinnar úr gildi og komst að þeirri niðurstöðu, að atkvæðagreiðslan í Helgafellssveit hefði verið gild. Fallist var á þá niðurstöðu nefndarinnar, að orðalagið á atkvæðaseðlunum hefði verið lögmætt. Um gerð kjörseðlanna sagði svo í forsendum úrskurðar ráðuneytisins, að of þunnur pappír hefði verið í þeim, og væri það ámælisvert. Síðan sagði í úrskurðinum: „Að mati ráðuneytisins er sá galli þó eigi slíkur að ætla megi að hann hafi haft áhrif á úrslit atkvæðagreiðslunnar, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Af þeim sökum telst atkvæðagreiðslan vera gild þrátt fyrir ofangreinda annmarka."

Félagsmálaráðuneytið staðfesti sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar með auglýsingu 16. maí 1994, sem birt var 19. sama mánaðar, og skyldi sameiningin taka gildi 11. júní 1994. Kosið var til sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags 28. maí, en þær kosningar voru kærðar 3. júní, meðal annars af stefndu, hér fyrir dómi. Kærunefnd samkvæmt 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga úrskurðaði kosningarnar ógildar 28. júní, og staðfesti félagsmálaráðuneytið þá niðurstöðu með úrskurði 2. ágúst 1994, þar sem framboðsfrestur hafði verið of skammur. Kosningar fóru fram að nýju 1. október 1994.

II.

Áfrýjendur telja, að vísa beri málinu frá dómi af þeim sökum, að ágreiningur um gildi kosninga samkvæmt lögum nr. 8/1986 sæti fullnaðarúrskurði félagsmálaráðuneytisins, stefnda eigi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá dómsúrlausn í málinu, kröfugerð hennar feli ekki annað í sér en beiðni um lögfræðilegt álit og sé vanreifuð.

Það er meginregla íslenskra laga, að þau mál sæti úrlausn dómstóla, sem eigi eru skýrlega undan dómsögu þeirra tekin, sbr. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 60. gr. hennar um tengsl milli dómstóla og stjórnvalda. Með dómi Hæstaréttar 9. febrúar 1982 í máli nr. 96/1980 var skorið úr um valdmörk dómstóla og stjórnvalda við úrlausn um gildi sveitarstjórnarkosninga. Í mál-

inu reyndi á skýringu 14. gr. og 15. gr. þágildandi laga nr. 5/1962 um sveitarstjórnarkosningar, sem eru efnislega samhljóða 37. gr. og 38. gr. laga nr. 8/1986 um það, sem hér skiptir máli. Verður ekki talið, að sú breyting hafi orðið á löggjöf um sveitarstjórnarmálefni, er leiði til annarrar lögskýringar en þar kom fram.

Kjósandi, sem borið getur álitaefni um gildi kosninga undir dómstóla, hefur lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn þeirra um málið. Kröfugerð stefndu felur ekki í sér beiðni um lögfræðilegt álit utan marka þess ágreiningsefnis, sem leyst er úr, og fullnægir skilyrðum 80. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt framansögðu eru ekki efni til þess að vísa málinu frá dómi.

III.

Stefnda kærði hina umdeildu atkvæðagreiðslu í Helgafellssveit ásamt öðrum kjörstjórnarmönnum. Telja verður, að það hafi kjörstjórnarmönnum sem opinberum sýslunarmönnum verið skylt, hafi þeir talið sig verða þess áskynja, að framkvæmd kosninganna væri ekki að lögum. Kæra samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 8/1986 er heimil einstaklingum, sbr. 126. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis. Stefndu, sem var kjósandi í sveitarfélaginu, var rétt að halda kæru sinni til laga fyrir dómstólum, þótt aðrir kjörstjórnarmenn hafi kosið að gera það ekki. Skiptir þá ekki máli, hvort hin upphaflega kæra verður metin svo, að hún hafi komið frá kjörstjórn sem stjórnvaldi eða kjörstjórnarmönnum sjálfum.

IV.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 8/1986 skulu sveitarstjórnir, sem hafa ákveðið að kanna kosti til sameiningar, kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins. Geri nefndin tillögu um sameiningu, hlýtur málið umfjöllun í viðkomandi sveitarstjórnum, sem láta síðan fara fram atkvæðagreiðslu innan sveitarfélaga sinna. Sveitarstjórn lætur í samráði við félagsmálaráðuneytið gera atkvæðaseðil til nota við atkvæðagreiðsluna, en um hana fer eftir ákvæðum III. kafla laganna, eftir því sem við getur átt, sbr. 6. mgr. 108. gr.

Í yfirlýsingu fyrrum forsvarsmanna Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar 21. nóvember 1994, sem lögð hefur verið fyrir Hæsta-

rétt, kemur fram, að samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna, einn áfrýjenda í þessu máli, hafði fullt umboð sveitarstjórnanna til þess að annast ýmis atriði varðandi framkvæmd atkvæðagreiðslunnar 16. apríl 1994. Telja verður, að sveitarstjórnunum hafi verið heimilt að fela samstarfsnefndinni þau verkefni við undirbúning kosninganna, sem hún vann að, en hefðu að öðrum kosti hvílt á sveitarstjórnunum sjálfum eða kjörstjórnum.

V.

Það er óumdeilt, að stefnda höfðaði fyrst mál á hendur áfrýjendum með stefnu, sem gefin var út 22. júlí 1994 og var samhljóða stefnu í þessu máli. Hún var birt áfrýjendum 2. og 3. ágúst, og skyldi málið þingfest 14. september, fyrsta þingdag Héraðsdóms Vesturlands í Stykkishólmi eftir réttarhlé. Þar sem ákveðið var að óska eftir flýtimeðferð málsins samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991, var stefna endurútgefin sem réttarstefna og málið þingfest 9. september. Eins og að framan greinir, voru sveitarstjórnarkosningar í hinu nýja sveitarfélagi, sem fram fóru 28. maí, kærðar 3. júní og ógiltar af félagsmálaráðuneytinu 2. ágúst sl. Stefnda hófst handa um málsókn sína tíu vikum eftir úrskurð félagsmálaráðuneytisins um gildi atkvæðagreiðslunnar í Helgafellssveit 16. apríl 1994. Mikið óvissuástand var ríkjandi á þeim tíma um framkvæmd sameiningar sveitarfélaganna, og sveitarstjórn hafði ekki verið réttilega kjörin. Með hliðsjón af því og þeim brýnu hagsmunum, sem um er að ræða og varða grundvallaratriði um lýðræðislegar kosningar, verður stefnda ekki talin hafa glatað málsóknarrétti sínum með tómlæti.

VI.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir orðalagi á kjörseðli við umrædda atkvæðagreiðslu, sem fram fór samkvæmt 108. gr. laga nr. 8/1986. Verður ekki talið, að orðalag á kjörseðli hafi verið til þess fallið að hafa áhrif á úrslit kosningar eða verið á annan hátt andstætt lögum.

Eins og greinir í héraðsdómi, var kjörseðillinn þannig úr garði gerður, að skrift sést í gegnum hann, þótt hann sé brotinn saman. Hann fullnægir ekki áskilnaði 2. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1986, sbr. 50. gr. laga nr. 80/1987. Kjörseðillinn tryggir því ekki, að kosningin hafi

verið leynileg samkvæmt 14. gr. laga nr. 8/1986, sem er meðal grundvallarákvæða í íslenskum lögum um opinberar kosningar, sbr. og 87. gr. og 91. gr. laga nr. 80/1987 og 31. gr. stjórnarskrárinnar. Brestur í þessu efni er í eðli sínu til þess fallinn að hafa áhrif á úrslit kosninga, og getur 36. gr. sveitarstjórnarlaga ekki leitt til annarrar niðurstöðu. Ber því að telja atkvæðagreiðslu þá, sem fram fór í Helgafellssveit 16. apríl 1994, ógilda.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms verður staðfest. Málskostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns hennar, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur.

Dómsorð:

Atkvæðagreiðsla í Helgafellssveit á Snæfellsnesi 16. apríl 1994 um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar er ógild.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu, Hólmfríðar Júlíönnu Hauksdóttur, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns hennar, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 6. október 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. október sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Vesturlands með stefnu, út gefinni 5. september sl. og þingfestri 9. september sl., af Hólmfríði Júlíönnu Hauksdóttur, kt. 040238-3449, Arnarstöðum, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu, á hendur samstarfsnefnd um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar, hreppsnefnd Helgafellssveitar, bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar og félagsmálaráðherra.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að úrskurður félagsmálaráðuneytisins, dagsettur 13. maí 1994, um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar, sem fram fór 16. apríl 1994, verði úr gildi felldur og dæmt, að kosningar um sameiningu séu ógildar. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati héraðsdóms óskipt úr hendi stefndu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu samstarfsnefnd um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafells-

sveitar, hreppsnefnd Helgafellssveitar og bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar gera þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefndu dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Stefndi félagsmálaráðherra krefst aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

Mál þetta sætir meðferð samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991.

Frávísunarkröfu stefndu var hafnað með úrskurði 23. september sl.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 24. september sl., fékk stefnandi gjafsóknarleyfi í máli þessu.

II.

Málavextir eru þeir, að 16. apríl 1994 fóru fram kosningar um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar. Stefnandi heldur því fram, að samstarfsnefndin hafi séð um allan kosningaundirbúning, m. a. um prentun kjörseðla og fjölda þeirra. Stefndu halda því hins vegar fram, að kosningin hafi verið haldin að frumkvæði sveitarstjórnanna. Kjörstjórn Helgafellssveitar var falið að annast um kosninguna. Í gerðabók kjörstjórnar er bókað um undirbúning: „Bæjarstjóri Stykkishólms afhenti kjörstjórn atkvæðaseðla og þrjú eintök af skýrslum til að skrá kosningaúrslit á fundi á Skildi fimmtudaginn 14. apríl, sem samstarfsnefndin um sameiningu sveitarfélaganna sótti. Bæjarstjóri sagði, að atkvæðaseðlarnir væru 70, en þeir reyndust vera 80 við talningu kjörstjórnar, engar kosningaleiðbeiningar til að hengja upp voru látnar í té, og engin umslög voru, hvorki um afgangsseðla né ónýtta seðla."

Kveður stefnandi, að þegar kosningin hófst, hafi komið í ljós, að kjörseðlar voru of þunnir, og hafi kjörstjórnin bókað um það þannig: „Hjá einum kjósanda ónýttist atkvæðaseðill; óskaði hann eftir að fá nýjan seðil til að kjósa á, og tók kjörstjóri við ónýta seðlinum og sneri sér undan um leið, því að atkvæðaseðlar voru úr svo þunnum pappír, að sjá mátti í gegnum hann, og vafði kjörstjóri ónýta seðlinum inn í brúnan, þykkan pappír því að engin umslög voru til þess að setja ónýta seðla í, og límdi kjörstjórn með límbandi utan um seðil og pappír, síðan var kjósanda fenginn nýr seðill til að kjósa á. Tveir kjósendur neituðu að setja atkvæðaseðil sinn í kjörkassann, nema hann væri hulinn, og aðrir tveir hikuðu við; kjörstjórn varð góðfúslega við því að skýla hjá við op kassans með kjörskrám sínum."

Kjörstjórn gerði og athugasemd við orðalag kjörseðils og taldi eftirfar-

andi málsgrein óhæfa með öllu og jafnvel ólöglega: „Tillaga samstarfsnefndar sveitarfélaganna er, að eftirtalin sveitarfélög verði sameinuð:

Stykkishólmur og Helgafellssveit.

Þeir, sem samþykkja tillöguna, setji kross
fyrir framan reitinn merktan „Já".

Þeir, sem eru andvígir tillögunni, setji kross
fyrir framan reitinn merktan „Nei".

Hinn 18. apríl 1994 kærðu kjörstjórnarmenn kosninguna til sýslumannsins í Stykkishólmi. Hinn 20. apríl 1994 var samkvæmt 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 skipuð úrskurðarnefnd til þess að fjalla um kæruna. Hinn 5. maí 1994 kvað nefndin upp úrskurð og felldi kosninguna úr gildi. Með bréfi, dags. 9. maí 1994, kærði samstarfsnefnd um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar úrskurðinn til félagsmálaráðuneytisins. Hinn 13. maí 1994 felldi félagsmálaráðherra úrskurð úrskurðarnefndarinnar úr gildi og úrskurðaði, að kosningin 16. apríl 1994 væri gild.

III.

Stefnandi styður málsókn sína því, að allur undirbúningur og framkvæmd hinna umdeildu kosninga hafi verið ólöglegur, í fyrsta lagi, þar sem kjörstjórnir þær, sem sáu um framkvæmd kosninganna, hafi ekki haft til þess umboð, í öðru lagi, að kjörseðill hafi verið ólöglegur, bæði að orðalagi og gerð. Þá heldur stefnandi því fram, að kjörstjórnirnar hafi átt að sjá um gerð seðilsins og samþykkja hann.

Kröfu sína um sýknu reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að stefnandi geti ekki átt aðild að máli þessu, þar sem aðrir en þeir, sem stóðu að kæru málsins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, þ. e. kjörstjórn í þessu tilviki, geti ekki borið málið undir dómstóla. Það sé andstætt sveitarstjórnarlögum, sérstaklega ákvæðum um skjóta meðferð kosningakærna, ef sveitarstjórnir þurfi að búa við það allt kjörtímabilið, að einhver kjósandi geti með dómi fyrir lok kjörtímabilsins fengið síðustu kosningar ógiltar með dómi. Þá er og á því byggt, að úrskurður félagsmálaráðuneytisins sé lögum samkvæmur.

Í öðru lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að undirbúningur og framkvæmd kosninganna hafi í öllu verið lögum samkvæm. Samkvæmt 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 fer um slíkar kosningar samkvæmt III. kafla laga nr. 8/1986. Í Stykkishólmsbæ hafi kjörstjórn verið kosin á fundi bæjarstjórnar 12. júní 1990 og í Helgafellssveit 13. apríl 1994. Þessar kjörstjórnir hafi haft fullt umboð til þess að sjá um framkvæmd kosninga um sameiningu sveitarfélaga.

Í þriðja lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á þeirri málsástæðu, að ekkert það sé fram komið í máli þessu, að slíkir gallar eða misfellur hafi verið á kosningunni eða undirbúningi hennar og framkvæmd, að það hafi haft áhrif á úrslit kosninganna, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Stefndu halda því fram, að orðalag á atkvæðaseðlinum hafi verið skýrt og greinilegt og ekki til þess fallið að vera leiðandi, sbr. úrskurð nefndar og félagsmálaráðuneytisins.

Stefndu kveða, að hugsanlega hafi mátt sjá í gegnum kjörseðilinn. Hins vegar hafi ekkert komið fram um, að kosningarnar hafi ekki verið leynilegar þrátt fyrir þunnan pappír, og því síður, að pappírsþykktin hafi á einhvern hátt haft áhrif á úrslit kosninganna, sbr. úrskurð ráðuneytisins og minnihlutaálit kjörnefndar. Auk þess hafi kjörstjórn strax bókað athugasemdir við orðalag atkvæðaseðilsins, en um pappírsþykkt kjörseðilsins sé ekkert bókað fyrr en að loknum kjörfundi og þá í því tilviki, að ónýta hafi þurft einn kjörseðil og tveir kjósendur óskað eftir því, að kjörstjórn skýldi við op kassans, þegar þeir greiddu atkvæði. Þannig hafi kjörstjórn lagt sitt af mörkum til þess að tryggja, að kosningin væri leynileg þrátt fyrir annmarka á kjörseðli.

Stefndu halda því og fram, að sú fullyrðing stefnanda, að kjörstjórnir hafi átt að sjá um gerð kjörseðilsins og samþykkja hann, stangist á við skýrt orðalag 6. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga, þar sem segi, að sveitarstjórnir láti gera atkvæðaseðil í samráði við ráðuneytið. Það sé því ekki hlutverk kjörstjórnar að sjá um gerð kjörseðils.

Í fjórða lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á tómlæti stefnanda. Úrskurður ráðuneytisins hafi verið kveðinn upp 13. maí sl., en stefna í máli þessu sé ekki gefin út fyrr en 5. september sl.

Skv. 37. gr. sveitarstjórnarlaga sé gert ráð fyrir mjög skjótri málsmeðferð kærumála um gildi kosninga.

Stuttir frestir séu veittir til að koma fram kæru og til afgreiðslu hennar.

Tilgangur löggjafans hafi bersýnilega verið sá að fá sem fyrst niðurstöðu í slíkum ágreiningsmálum, enda miklir hagsmunir í húfi fyrir viðkomandi sveitarfélag, að óvissu sé af létt að þessu leyti með sérstakri vísan til ákvæða 6., 7. og 8. tl. 37. gr. Það hljóti því að vera andstætt sveitarstjórnarlögum og tilgangi löggjafans, ef sveitarstjórnir þurfi að búa við þá óvissu allt kjörtímabilið, að einhver kjósandi geti með dómi fengið síðustu kosningar ógiltar með dómi. Af því leiði, að mál verði að höfða, strax og tilefni gefst. Í þessu máli hafi úrskurður félagsmálaráðuneytisins legið fyrir 13. maí sl., eins og áður segir.

Stefnandi átti þess því kost að hefja aðgerðir þá þegar. Stefna í málinu

hafi fyrst verið gefin út 5. september sl. Stefndu líta því svo á, að stefnandi hafi með aðgerðaleysi sínu sýnt af sér slíkt tómlæti, að hljóti að leiða til sýknu. Þetta sé þeim mun ljósara, þegar það sé virt, að alltaf hafi legið fyrir, að öll skilyrði voru til þess, að málið fengi flýtimeðferð skv. XIX. kafla eml., eins og komið hafi á daginn.

Kröfu sína um málskostnað styðja stefndu við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV.

Ýmsar hlutlægar reglur um framkvæmd kosninga eru settar til þess að tryggja lýðræði.

Núgildandi lög um sveitarstjórnir eru nr. 8/1986, og fjallar III. kafli þeirra um kosningu til sveitarstjórna, en 6. mgr. 108. gr. laganna vísar um atkvæðagreiðslu vegna sameiningar sveitarfélaga til III. kafla þeirra.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum hefur verið lögbundin stjórnsýsluleið til að fá skorið úr um gildi sveitarstjórnarkosninga. Í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 8/1986 segir m. a.: „Sá sem kæra vill sveitarstjórnarkosningu skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga. . .“ Í 2. mgr. sömu greinar kemur fram, að viðkomandi yfirvald skal skipa þriggja manna nefnd til að úrskurða um kæruefnið, þegar er því hefur borist kæra, og í 3. mgr. er veitt heimild til þess að skjóta úrskurði nefndarinnar til ráðuneytisins innan viku.

Af þessum greinum má ráða, að fara verður stjórnsýsluleiðina og fá úrskurð lögbundins úrskurðaraðila, áður en álits dómstóla er leitað.

Kæra sú, sem afhent var sýslumanninum í Stykkishólmi 18. apríl 1994, þar sem kærðar voru kosningar um sameiningu sveitarfélaganna Stykkishólms og Helgafellssveitar, er undirrituð með eftirfarandi hætti: „Kjörstjórnin í Helgafellssveit 18. apríl 1994. Hólmfríður J. Hauksdóttir hreppstjóri, Gísli Magnússon, Bjarni Guðmundsson.“

Af fram lögðu endurriti úr gjörðabók kjörstjórnar Helgafellssveitar frá 23. apríl 1994 er ljóst, að kjörstjórnin, sem stjórnvald, kærði kosninguna til sýslumannsins í Stykkishólmi.

Hlutverk kjörstjórna sem stjórnvalds er m. a. að koma fram fyrir hönd kjósenda. Hins vegar hefur kjörstjórn ekki nýtt sér dómstólaleiðina, en stefnandi tekið upp málið fyrir dómstólunum. Verður að telja með hliðsjón af framangreindu hlutverki kjörstjórnar, að stefnanda sé það heimilt, eins og á stendur, enda þótt hann hafi ekki staðið að kærunni til stjórnvalds sem einstaklingur. Telst stefnandi því réttur aðili málsins.

Eins og fram hefur komið, lá úrskurður ráðuneytisins fyrir 13. maí sl., en

stefna í máli þessu var gefin út 5. september sl., rúmum þremur mánuðum eftir að fullnaðarúrskurður lá fyrir. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 8/1986 um hraða málsmeðferð kosningamála fyrir stjórnvaldi setja lög stefnanda ekki tímamörk um málshöfðun hér fyrir dómi. Með hliðsjón af því, að kjörstjórn hélt málinu ekki til laga, en stefnandi, sem kjósandi, hefur tekið við málshöfðuninni, verður ekki fallist á það með stefndu, að krafa stefnanda sé niður fallin fyrir tómlæti.

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1986 skal kjörseðill vera úr haldgóðum pappír, sem skrift sést ekki í gegnum. Kjörseðill sá, sem notaður var við umdeilda kosningu, var sýndur í dóminum. Atkvæðaseðillinn er þannig úr garði gerður, að skrift sést í gegn, þótt hann sé brotinn saman. Gerð hans tryggði því ekki, að kosningarnar væru leynilegar, svo sem lögfest er í 14. gr. laga nr. 8/1986. Þykja því slíkir annmarkar á framkvæmd þessara kosninga, að ætla má, að þeir hafi getað haft áhrif á úrslit kosninganna, sbr. 36. gr. laga nr. 8/1986. Ekki verður talið, að skyldur kjósanda til að tryggja leynilegar kosningar, sbr. 87. gr. og 91. gr. laga nr. 8/1986, breyti hér nokkru um, að eitt af grundvallarákvæðum um leynilegar kosningar hefur verið brotið. Ber því þegar af þessari ástæðu, að ógilda kosninguna.

Samkvæmt þessari niðurstöðu eru kosningar um sameiningu sveitarfélaganna Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar, sem fram fóru 16. apríl 1994, ógiltar og úrskurður félagsmálaráðuneytisins frá 13. maí 1994 felldur úr gildi.

Rétt þykir, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 134.000 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar af ákvarðast málsóknarlaun lögmanns stefnanda 130.000 kr.

Málskostnaður ákveðst án virðisaukaskatts.

Dóminn kváðu upp Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari, Skúli J. Pálmason héraðsdómari og Halldór Halldórsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Kosningar um sameiningu sveitarfélaganna Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar, sem fram fóru 16. apríl 1994, skulu vera ógildar.

Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður stefnanda af málinu, 134.000 kr., greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. málflutningslaun lögmanns stefnanda, 130.000 kr.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 5/1994. **B. M. Vallá hf.**
(Jón Finnsson hrl.)
gegn
Haraldi Bjargmundssyni
(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Sjálfskuldarábyrgð. Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1994. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og hann greiði sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála var mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, gerðu Eðvarð Björgvinsson og stefndi samkomulag 1. nóvember 1991 um vinnu stefnda við uppslátt húss að Bæjarholti 5 í Hafnarfirði. Eðvarð Björgvinsson skyldi greiða stefnda fyrir verkið og inna greiðslur af hendi eftir því, sem verkinu miðaði áfram, en þær voru samtals að fjárhæð 1.500.000 krónur. Áfrýjandi tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslum samkvæmt samkomulaginu með áritun á það. Eðvarð Björgvinsson stóð ekki við sinn hluta samkomulagsins, og greiddi áfrýjandi stefnda fyrir alla verkþættina nema 8. og síðasta áfanga, sem var að setja þakjárn á húsið, en greiðsla fyrir hann skyldi nema 250.000 krónum. Er stefndi krafði áfrýjanda um greiðsluna á grundvelli sjálfskuldarábyrgðarinnar, neitaði áfrýjandi greiðsluskyldu með vísan til þess, að verkkaupi, Eðvarð Björgvinsson, hefði sjálfur unnið þennan verkþátt, og væri ábyrgðarskuldbinding áfrýjanda því fallin niður.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi hafi neitað að ljúka verkinu,

nema áfrýjandi greiddi eldri skuldir Eðvarðs Björgvinssonar við hann. Áfrýjandi hafi ekki fallist á það og komið því til leiðar, að Eðvarð Björgvinsson vann verkið.

Stefndi hefur ekki andmælt því, að Eðvarð Björgvinsson hafi unnið verkið, en haldið því fram, að stefndi hafi ráðið hann til verksins og greitt honum fyrir það með því að færa greiðslu fyrir verkið til lækkunar á skuld hans við sig.

Ágreiningslaust er, að Eðvarð Björgvinsson vann 8. og síðasta áfanga við uppslátt hússins að Bæjarholti 5, Hafnarfirði. Telja verður því, að sjálfskuldarábyrgð áfrýjanda samkvæmt samkomulagi Eðvarðs og stefnda frá 1. nóvember 1991 nái ekki til þessa verkþáttar. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, B. M. Vallá hf., skal vera sýkn af kröfum stefnda, Haralds Bjargmundssonar.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 29. nóvember sl., er höfðað af Haraldi Bjargmundssyni, Kjarrhólma 30, Kópavogi, gegn B. M. Vallá hf., Bíldshöfða 7, Reykjavík, með stefnu, birtri 23. apríl 1993.

Af hálfu stefnanda eru gerðar þær kröfur í málinu, að stefndi greiði 250.000 kr. auk vanskilaársvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. september 1992 til greiðsludags og að vextir verði lagðir við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 29. september 1993, og vanskilaársvextir síðan reiknaðir af þannig uppfærðum höfuðstól. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær kröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Yfirlit um málavexti og ágreiningsefni.

Stefnandi gerði samkomulag við Eðvarð Björgvinsson, dags. 1. nóvember 1991, um greiðslur til stefnanda fyrir vinnu hans við uppslátt hússins að

Bæjarholti 5 í Hafnarfirði. Greiðslur skyldi inna af hendi eftir því, sem verkinu miðaði áfram, og voru þær samtals að fjárhæð 1.500.000 kr. Með samkomulaginu var einnig gengið frá sjálfskuldarábyrgð hins stefnda hlutafélags fyrir umræddum greiðslum, þannig, að hlutafélagið tryggði greiðslur til stefnanda að loknum hverjum verkþætti samkvæmt samkomulaginu. Stefnandi hefur fengið allar greiðslur nema hina síðustu, að fjárhæð 250.000 kr., og er málið því höfðað gegn hinu stefnda hlutafélagi með vísan til sjálfskuldarábyrgðar þess samkvæmt samkomulaginu frá 1. nóvember 1991.

Hið stefnda hlutafélag hefur neitað greiðsluskyldu, þar sem stefnandi hafi aldrei unnið þann verkþátt, sem hann krefur um greiðslu fyrir í málinu. Af hálfu stefnanda hefur því verið andmælt, enda hafi verkið verið unnið af mönnum á hans vegum.

Helstu málsástæður og réttarheimildir, sem aðilar vísa til.

Stefnandi byggir á því, að stefndi hafi tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á verksamningi um vinnu við uppslátt við húseignina Bæjarholt 5 í Hafnarfirði, og er reikningur stefnanda vegna þessa að fjárhæð 250.000 kr., dags. 29. ágúst 1992. Verksamningurinn hafi verið gerður við Eðvarð Björgvinsson, en þar sem hann hafi ekki greitt stefnanda síðasta lið verksamningsins og innheimtutilraunir ekki borið árangur, hafi kröfum verið beint að sjálfskuldarábyrgðaraðila. Vegna þeirrar málsástæðu stefnda, að verkið hafi ekki verið unnið af stefnanda, hefur stefnandi haldið því fram, að hér sé um verksamning að ræða og verkið verið unnið af mönnum, sem hann hafi ráðið í vinnu. Greiðslan, sem stefnandi krefur stefnda um í málinu, sé því greiðsla samkvæmt verksamningi, en ekki vinnulaun fyrir vinnu stefnanda, eins og haldið sé fram af hálfu stefnda. Verktaki ráði því, hvern hann fái til að vinna verkið. Af hálfu stefnanda er því ekki andmælt, að Eðvarð hafi unnið þennan síðasta verkþátt, sem hér er um að ræða, en það hafi hann gert með samkomulagi við stefnanda, og hafi stefnandi greitt honum fyrir það.

Lagarök stefnanda eru þau, að málið sé rekið til innheimtu skuldar á grundvelli laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála. Krafan um greiðslu vanskilavaxta styðjist við III. kafla laga nr. 25/1987 og málskostnaðarkrafan við 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sýknukrafa stefnda er reist á því, að stefnandi hafi aldrei unnið þann verkþátt, sem hann krefur um greiðslu fyrir í máli þessu, heldur hafi hann verið unninn af Eðvarð Björgvinssyni fyrir tilstuðlan stefnda. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi neitað að ljúka verkinu, nema stefndi greiddi eldri skuldir Eðvarðs við stefnanda. Á þá skilmála hafi ekki verið fallist af hálfu stefnda, og því hafi stefndi komið því til leiðar, að Eð-

varð vann síðasta verkþáttinn. Stefnandi hafi því fengið greitt fyrir alla þá vinnu, sem hann hafi innt af hendi við umrætt verk, og eigi því engar frekari kröfur á hendur stefnda. Enn fremur er því haldið fram af hálfu stefnda, að Eðvarð hafi reynt að ávísa verðmæti þessa síðasta verkþáttar til stefnanda til greiðslu á skuld sinni við hann. Þessu hafi verið hafnað af hálfu hins stefnda hlutafélags, enda hafi Eðvarð skuldað stefnanda mun hærri fjárhæð, og er því haldið fram af hálfu stefnda, að verðmæti þessa verkþáttar, sem hér um ræði, muni ganga upp í þá skuld.

Niðurstöður.

Telja verður ósannað gegn andmælum stefnanda, að stefnandi hafi ekki efnt samkomulagið um síðasta verklið, eins og hér er deilt um, enda eru fullyrðingar stefnda um vanefndir stefnanda að þessu leyti eða að stefnandi hafi neitað að vinna verkið, ekki studdar neinum gögnum. Þá hafa af hálfu stefnda ekki verið lögð fram gögn, sem sýni fram á, að verkið hafi verið unnið af Eðvarð Björgvinssyni fyrir tilstuðlan stefnda, og því hefur ekki heldur verið hnekkt af hálfu stefnda, að verkið hafi verið unnið af mönnum á vegum stefnanda, eins og stefnandi heldur fram í málinu. Þykir því rétt að taka kröfu stefnanda til greina.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 60.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, B. M. Vallá hf., greiði stefnanda, Haraldi Bjargmundssyni, 250.000 kr. auk dráttarvaxta frá 29. september 1992 til greiðsludags, sem leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 29. september 1993, og 60.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 199/1993. **Þrotabú Pólstjörnunnar hf.**
(Gunnar Sólnes hrl.)
gegn
Sölusamtökum lagmetis
(Othar Örn Petersen hrl.)

Gjaldþrotalög. Greiðslustöðvun. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1993. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 600.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 400.000 krónum frá 17. september 1991 til 4. október sama ár, en af 600.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var Pólstjörnunni hf. veitt greiðslustöðvun 9. september 1991. Stefndi tók til sín greiðslur, samtals 600.000 krónur, af söluandvirði vörusendinga frá Pólstjörnunni hf. upp í eldri skuldir fyrirtækisins 17. september 1991 og 4. október sama ár. Var þessu strax mótmælt af hálfu Pólstjörnunnar hf. og krafist endurgreiðslu. Höfðaði fyrirtækið mál þetta í kjölfarið, og var það þingfest 23. janúar 1992. Úrskurður um, að bú Pólstjörnunnar hf. væri tekið til gjaldþrotaskipta, var kveðinn upp 27. janúar 1992. Tók þrotabúið þá við aðild málsins.

II.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ósannað sé, að komist hafi á samningur milli stefnda og Pólstjörnunnar hf. þess efnis, að stefndi teldist eigandi hluta af söluandvirði þeirra vörusendinga,

sem um ræðir í málinu. Verður réttur stefnda til að taka til sín hluta af greiðslum til Pólstjörnunnar hf. ekki reistur á slíkum grundvelli.

III.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 er skuldara óskylt og óheimilt að greiða gjaldfallnar skuldir, eftir að greiðslustöðvun er gengin í gildi. Frá þessari meginreglu eru þröngar undantekningar, sem eiga þó ekki við í máli þessu. Í 2. mgr. sömu greinar eru ákvæði, sem fela í sér stöðvun réttargerða, meðan á greiðslustöðvun stendur. Meginmarkmið þessara lagaákvæða er að stöðva hvers kyns innheimtuaðgerðir á hendur skuldara og koma í veg fyrir greiðslu eldri skulda.

Gera verður ráð fyrir, að samningur hafi verið milli málsaðila um heimild stefnda til að fá greiðslu á skuldum áfrýjanda af söluandvirði vörusendinga, sem greiddar yrðu á bankareikning. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 6/1978 var áfrýjanda óheimilt að greiða gjaldfallnar skuldir sínar, eftir að honum var veitt heimild til greiðslustöðvunar. Féll því sjálfkrafa niður heimild stefnda til að taka til sín hluta af söluandvirði vörusendinga frá Pólstjörnunni hf. upp í eldri skuldir, þegar félagið fékk heimild til greiðslustöðvunar. Skiptir í því sambandi ekki máli, þótt greiðslunum hafi verið ávísað til stefnda frá þeirri lánastofnun, sem hafði Pólstjörnuna hf. í viðskiptum. Þær greiðslur, sem að framan er lýst, voru því andstæðar nefndu lagaákvæði, og ber stefnda að endurgreiða áfrýjanda fjárhæðina, sbr. 59. gr. sömu laga.

Eftir þessum úrslitum ber að taka kröfu áfrýjanda til greina og dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, Sölusamtök lagmetis, greiði áfrýjanda, þrotabúi Pólstjörnunnar hf., 600.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 400.000 krónum frá 17. september 1991 til 4. október sama ár, en af 600.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 130.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 16. apríl 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. mars sl., hefur Pólstjarnan hf., kt. 660386-1229, Sandskeiði 26 B, Dalvík, höfðað fyrir bæjarþingi Dalvíkur á hendur Sölusamtökum lagmetis, kt. 450189-1469, Höfðabakka 9, Reykjavík.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi verið úrskurðaður gjaldþrota, og hefur þrotabúið tekið við rekstri málsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði stefnanda 600.000 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af 400.000 kr. frá 17. 9. 1991 til 4. 10. s. á., en af 600.000 kr. frá þ. d. til greiðsludags. [...] Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda [...].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað [...].

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera skv. þremur skilagreinum fyrir sölu á tamara, tveimur dagsettum 17. 9. 1991 og einni dagsettri 4. 10. 1991. Í öllum tilvikum hafi verið dregið frá af andvirði hverrar sendingar 200.000 kr., samtals 600.000 kr., til greiðslu á viðskiptaskuld stefnanda við stefnda, en slíkt sé óheimilt, því að stefnandi hafi fengið heimild til greiðslustöðvunar 9. september 1991, og sé lögum samkvæmt óheimilt að greiða skuldir, meðan greiðslustöðvun varir.

Stefndi kveðst hafa annast sölu á lagmeti fyrir ýmsa framleiðendur. Hann hafi getað selt framleiðslu frá stefnanda, sem nefnd var tamara. Ljóst hafi verið, að stefnandi hafi ekki getað framleitt vöruna nema með aðstoð stefnda. Hafi því orðið að samkomulagi, að stefndi eignaðist 200.000 kr. hlut í hverri sendingu fyrir utan hefðbundinn kostnað eins og flutningsgjöld og tryggingar. Telur stefndi það staðreynd, að stefnandi hafi ekki getað flutt út vöruna nema með aðstoð sinni.

Kveðst stefndi halda því fram, að það hafi verið forsenda viðskipta sinna við stefnanda, að hann eignaðist hlutdeild í endurgjaldi því, sem stefnandi átti að fá fyrir vöruna. Reglur laga um greiðslustöðvun breyti þar engu, enda sé ekki verið að greiða skuld í skilningi 8. gr. laga nr. 6/1978. Samkomulag um eignarhlutdeild hafi verið forsenda fyrir viðskiptum af hálfu stefnda. Stefndi hafi lagt til talsverðar fjárhæðir, svo að af viðskiptunum gæti orðið.

Verði ekki fallist á framangreinda röksemd, sé á því byggt, að stefndi hafi haft heimild til að skuldajafna skv. 32. gr. laga nr. 6/1978, en stefnandi sé nú gjaldþrota. Telja verði, að ekki skipti máli, hvort skuldajöfnun sé talin hafa farið fram, þegar greiðslur voru inntar af hendi, eða nú, þegar stefnandi sé

orðinn gjaldþrota. Það hljóti að vera ljóst, að stefndi eigi ekki að standa verr að vígi, þó að aðgerðir þær, sem framkvæmdar hafi verið á greiðslustöðvunartímanum, hafi verið framkvæmdar þá frekar en eftir, að gjaldþrotið varð í raun. Það sé í sjálfu sér ekkert, sem mæli gegn því að skuldajafna nú, jafnvel þótt greiðslur til stefnda hafi verið taldar ólögmætar á sínum tíma. Bann við greiðsluskyldu á greiðslustöðvunartíma sé ætlað til að koma í veg fyrir mismunun kröfuhafa. Skuldajafnaðarheimild skv. 32. gr. nái í sjálfu sér miklu lengra og sé allt annars eðlis, og sú heimild falli ekki niður vegna undanfarandi greiðslustöðvunar. Ef stefnda hafi ekki verið heimilt að halda greiðslum þeim, sem um sé deilt, sé allt að einu ljóst, að skuldajafnaðarheimildin verði virk við gjaldþrot. Heimild stefnda til skuldajafnaðar í þessu máli raski ekki jafnvægi milli kröfuhafa frekar en lögin heimila skv. 32. gr. laga nr. 6/1978.

Stefnandi mótmælir því, að gerður hafi verið um það samningur við stefnda, að hann ætti hluta í andvirði vörusendinganna, svo sem stefndi heldur fram. Stefnandi hafi að vísu átt í fjárhagslegum erfiðleikum á þessum tíma, og stefndi hafi fjármagnað kaup á umbúðum og m. a. að hluta umbúðum fyrir þær vörusendingar, sem deilt sé um. Sú fjárhagslega fyrirgreiðsla, sem stefnandi hafi fengið, hafi alls ekki verið bundin við þessar ákveðnu vörusendingar, enda allar greiðslur stefnda í þágu stefnanda færðar á viðskiptareikning hans. Eftir að stefnandi hafi fengið heimild til greiðslustöðvunar, hafi honum verið óskylt og óheimilt að greiða gjaldfallnar skuldir, sbr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Skuldajöfnuður, eins og stefndi hafi framkvæmt hann, hafi verið óheimill skv. framangreindu lagaákvæði og virðist hafa verið gerður til að lagfæra viðskiptastöðu stefnda á kostnað annarra kröfuhafa.

Garðar Sverrisson, sem var framkvæmdastjóri stefnda á þeim tíma, er hér um ræðir, hefur gefið skýrslu fyrir dóminum.

Ósannað er, að komist hafi á samningur milli aðila um, að hin umdeilda fjárhæð yrði hlutaeign stefnda í andvirði þeirra vörusendinga, sem um er að ræða, svo sem stefndi heldur fram, og verður sýknukrafa hans því eigi á því reist.

Samkvæmt gögnum málsins notaði stefndi hina umdeildu fjárhæð sem greiðslu inn á skuld stefnanda við stefnda skv. viðskiptareikningi stefnanda hjá stefnda, þrátt fyrir það að yfir stæði greiðslustöðvun hjá stefnanda. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. laga nr. 6/1978 verður að telja, að stefnda hafi verið þetta heimilt með vísan til 32. gr. sömu laga, svo sem stefndi heldur fram.

Með vísan til þessa verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sölusamtök lagmetis, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, þb. Pólstjörnunnar hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 377/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Aðalsteini Guðlaugi Aðalsteinssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Nytjastuldur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi til endurskoðunar samkvæmt b- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, og var þá af hálfu ákæruvalds einnig áfrýjað, að því er hann varðar, til þyngingar á refsingu, með stefnu 22. ágúst 1994, en meðákærði undi dóminum.

Ákæruvaldið krefst nú staðfestingar héraðsdóms.

Héraðsdómur var kveðinn upp 7. júlí 1994. Þá höfðu tekið gildi lög nr. 37/1994 um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Er í 5. gr. þeirra kveðið nánar um efni dóma en áður var, þar á meðal um lýsingu málavaxta í aðalatriðum, röksemdir dómara fyrir niðurstöðu og viðurlög, og tekið fram, að í röksemdum dómara skuli koma skýrlega fram, hvað hann telji sannað í máli og með hverjum hætti. Nokkuð vantar á, að í héraðsdómi hafi verið gætt þessa ákvæðis; meðal annars er allýtarlegrar lögreglurannsóknar þar að engu getið.

Í lögregluskýrslum kemur fram, að þeir þrír menn, sem handteknir voru sunnudaginn 23. janúar 1994 um kl. 12.30, eftir að þeir reyndu að hlaupa frá bifreiðinni, sem þeir höfðu verið í og ekið á ljósastaur, voru mjög drukknir, en þeir höfðu verið að drykkju frá því kvöldið áður.

Hjá lögreglu bar ákærði, að þeir hefðu verið að skemmta sér uppi í Breiðholti. Þeir hefðu síðan, nokkrir félagar, tekið saman leigubifreið niður í miðborg, en þaðan gengið niður á Ægisgarð og farið þar um borð í rússneskan togara. Félagar sínir hafi boðið Rússunum ýmsa muni, er þeir sögðu vera þýfi, en þeir hefðu ekki verið með

neitt. Þeir hefðu gengið frá borði og inn á ölstofuna Skipperinn, en verið vísað þar á dyr. Síðan hefðu þeir gengið eftir Tryggvagötu og komið að bifreið, sem var í gangi, baka til við Naustkrána. Einn þeirra hefði sest undir stýri, ákærði og einn annar sest inn í bílinn, en aðrir ekki. Ákærði reyndist við mælingu hafa 2,37‰ alkóhóls í blóði sínu.

Fyrir héraðsdómi skýrði ákærði frá á annan veg. Þar sagði hann, að sér hefði skilist, að meðákærðu hefðu ætlað að aka sér heim og að einhver myndi sækja meðákærðu niður í bæ, og hann hefði haldið, að bifreið sú, er hann settist upp í, væri komin til að sækja þá, og meðákærðu boðið honum far.

Telja verður ljóst, að allir ákærðu hafi skynjað, að þarna var bifreið, sem þeir gætu haft not af. Ákærða mátti vera fullljóst, að enginn þeirra réð yfir bifreiðinni. Þeir settust upp í bifreiðina og óku af stað. Héraðsdómari hefur því réttilega sakfellt ákærða fyrir nytjastuld samkvæmt 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 7. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-81/1994: Ákæruvaldið gegn Aðalsteini Guðlaugi Aðalsteinssyni og X, sem dómtekið var 16. júní sl.

– – –

B.

Með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 14. febrúar sl., var höfðað opinbert mál á hendur Y [...], X [...] og Aðalsteini Guðlaugi Að-

alsteinssyni, Engihlíð 10, Reykjavík, kt. 170561-4309, „fyrir að taka bifreiðina IX-159 í heimildarleysi sunnudaginn 23. janúar 1994, þar sem hún var á bifreiðastæði við Naustkrána, Vesturgötu 6—8 í Reykjavík, og á hendur ákærða Y fyrir að aka frá nefndu bifreiðastæði undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti svo óvarlega, að hann ók á hliðstólpa og síðan á ljósastaur við mót Geirsgötu og Tryggvagötu.

Þetta telst varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, og brot ákærða Y að auki við 1. mgr. 4. gr., 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og ákærði Y að auki til sviptingar ökuréttinda skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993“.

– – –

B.

Í þinghaldi 6. júní sl. var þáttur ákærða Y klofinn frá málinu og tekinn til dóms.

Y viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni IX-159 í heimildarleysi umrætt sinn. Hann sagði, að ákærði Aðalsteinn hefði setið frammi í bifreiðinni og ákærði X aftur í, en fleiri hefðu ekki verið í bílnum. Ekki mundi Y, hvers vegna þeir fóru upp í bílinn.

Ákærði X skýrði svo frá, að hann myndi óljóst eftir atvikum, en hann hefði komið ásamt nafna sínum og ákærða Aðalsteini að bifreiðinni, þar sem hún stóð í námunda við Naustkrána. Settist ákærði í aftursæti og sagði, að bifreiðin hefði þá verið í gangi. Þeir þremenningar hefðu ekki rætt um það sín á milli að taka bifreiðina og aka henni.

Ákærði Aðalsteinn G. Aðalsteinsson sagðist hafa orðið samferða meðákærðu ofan úr Breiðholti í leigubíl niður í miðbæ. Hann sagði, að sér hefði skilist, að meðákærðu hefðu ætlað að aka sér heim, en ákærði sagðist muna atburði illa. Hann hefði haldið, að bifreið sú, er hann settist upp í, væri komin til að sækja þá. Ákærði mundi ekki, hvort ökumaður var í bílnum; hann hefði sest upp í bílinn, sem síðan hefði verið ekið með miklum hávaða og endað með því, að bíllinn rakst á eitthvað.

Ákærðu Aðalsteinn Guðlaugur og X komu að bifreiðinni IX-159, þar sem hún stóð í námunda við Naustkrána 23. janúar sl., og settust inn í hana. Bendir allt til þess, að þeir hafi haft í hyggju að hafa þau not hennar, að láta Y aka sér frá þeim stað, er hún var á. Gerðust ákærðu báðir með þessu brotlegir gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, svo sem haldið er fram í ákæru.

Niðurstaða.

– – –

Ákærði Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson hefur frá því á árinu 1979 hlotið fjóra dóma fyrir brot á almennum hegningarlögum og umferðarlögum, síðast 29. október 1992 fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða var veitt reynslulausn 27. apríl 1993 í eitt ár á eftirstöðvum refsingar, 60 dögum. Með broti sínu rauf ákærði skilorð reynslulausnar, og samkvæmt 42. gr. almennra hegningarlaga verður reynslulausn ákærða nú tekin upp, og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða Aðalsteins Guðlaugs Aðalsteinssonar hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði X sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 35.000 krónur.

Skaðabótakröfu Tækjamiðlunar Íslands hf. er vísað frá dómi.

Ákærði Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl. 35.000 krónur.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 318/1991. **Hörður Jónsson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
þrotabúi Vogalax hf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Hlutafjárhækkun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1991. Hann gerir þær dómkröfur, „að krafa nr. 87 á skrá um lýstar kröfur í þrotabú Vogalax hf., að fjárhæð kr. 7.500.000,00, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá 22. júní 1988 til greiðsludags verði viðurkennd sem almenn krafa". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Eins og þar kemur fram, fjallar ágreiningur aðila um gildi hlutafjárhækkunar hjá Vogalaxi hf. Heldur áfrýjandi því fram, að ekki hafi verið tekin gild ákvörðun um hlutafjárhækkun 15. maí 1987. Þá hafi aðferð sú, sem höfð var við áskrift hluta, ekki verið í samræmi við V. kafla laga nr. 32/1978 um hlutafélög, auk þess sem áskrift hafi ekki náðst að því lágmarki, sem ákveðið var. Loks hafi reglum hlutafélagalaga um skráningu ekki verið fylgt sem skyldi.

I.

Á aðalfundi Vogalax hf. 15. maí 1987 var stjórn félagsins heimilað að hækka hlutafé um allt að 50.000.000 krónur. Á fundi þessum voru hluthafar eða umboðsmenn þeirra, sem fóru með að minnsta kosti 99,8% þess hlutafjár, er fara mátti með atkvæði fyrir á fundinum. Samkvæmt 27. gr. hlutafélagalaga var fundurinn bær um að taka ákvörðun um hækkun hlutafjár. Er fallist á það með skipta-

rétti, að löglega hafi verið tekin ákvörðun um hlutafjárhækkun, og breyti því eigi, þótt þar hafi skort á nánari útfærslu hlutafjárhækkunarinnar.

II.

Fallast ber á þá úrlausn skiptaréttar, að áskrift nýrra hluta hafi ekki farið fram að öllu leyti samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 32/1978, en eins og í úrskurðinum greinir, getur áfrýjandi ekki borið það fyrir sig, að áskriftin sé óskuldbindandi af þeim sökum.

Hinn 27. ágúst 1987 tilkynnti stjórn Vogalax hf. til Hlutafélagaskrár þá ákvörðun sína að auka hlutafé félagsins um 50.000.000 krónur. Verður við það að miða, að frestur til áskriftar hafi runnið út 27. ágúst 1988. Í hinum áfrýjaða úrskurði er lýst samningum þeim, sem áfrýjandi og Gísli V. Einarsson gerðu 16. júní 1988 við stjórn Vogalax hf. um kaup á eftirstöðvum hlutafjárútboðsins. Fjallaði annar um kaup þeirra á hlutabréfum fyrir 15.000.000 krónur að nafnvirði. Hinn fjallaði um skilyrtan kauprétt áfrýjanda og Gísla á hlutabréfum að nafnverði 26.580.000 krónur. Samkvæmt 3. gr. þess samnings áttu kaupendur rétt á að ganga út úr kaupunum fyrir 1. október 1988, teldu þeir forsendur kaupanna vera brostnar. Það gerðu þeir ekki, og verður að telja, að áskrift að allri hlutafjárhækkuninni hafi tekist innan frestsins.

III.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, var hlutafjárhækkunin ekki tilkynnt til Hlutafélagaskrár, eins og gera skal samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978. Áfrýjandi var kosinn í stjórn Vogalax hf. 13. maí 1988. Framkvæmdastjóri félagsins bar fyrir dómi, að áfrýjandi hefði fylgst mjög náið með öllum rekstri félagsins, frá því að hann kom í stjórn þess. Áfrýjandi var einnig varamaður í stjórn Fjárfestingarfélags Íslands hf. frá 21. maí 1985 til 19. apríl 1989, er hann var kosinn í aðalstjórn. Fjárfestingarfélagið átti meiri hluta hlutafjár í Vogalaxi hf., þar til áfrýjandi og Gísli V. Einarsson keyptu hlutabréf í félaginu, en 23. maí 1990 keyptu þeir að auki hlutabréf Fjárfestingarfélagsins í félaginu. Áfrýjandi gerði engar athugasemdir við framangreinda hlutafjárhækkun fyrr en 9. ágúst 1990, þegar hann krafðist endurgreiðslu á hlutafé því, sem hann hafði greitt.

Hinn 17. sama mánaðar var bú Vogalax hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Sú skylda hvíldi á áfrýjanda sem stjórnarmanni í Vogalaxi hf. frá 13. maí 1988 sem og öðrum stjórnarmönnum samkvæmt 52. gr. laga nr. 32/1978 að tilkynna til Hlutafélagaskrár, að hlutafjárhækkuninni væri lokið. Samkvæmt framansögðu er niðurstaða skiptaréttar staðfest og kröfu áfrýjanda hafnað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Það athugast, að óþarft var að kveðja til samdómendur í héraði, þar sem ágreiningur máls þessa er eingöngu um lagaatriði.

Dómsorð:

Lýstri kröfu áfrýjanda, Harðar Jónssonar, að fjárhæð 7.500.000 krónur, á hendur stefnda, þrotabúi Vogalax hf., er hafnað.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Gullbringusýslu 21. júní 1991.

I. Inngangur.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 21. júní 1991. Málið, sem rekið er fyrir skiptarétti Gullbringusýslu, snýst um ágreining Sundagarða hf. og bústjóra og síðar skiptastjóra þrotabús Vogalax hf. um lýsta kröfu í búið. Krafan er að fjárhæð 15.010.385 kr., móttekin 26. 10. 1990, og hefur fengið númerið 87 í kröfuskrá.

Bústjórar búsins höfnuðu kröfu þessari og áréttuðu síðan afstöðu sína sem skiptastjórar á skiptafundi 5. 3. 1991. Var þá ákveðið, að sérstakt skiptaréttarmál yrði rekið um ágreininginn. Sóknaraðili er Hörður Jónsson, kt. 130546-3589. Varnaraðili er þrotabú Vogalax hf., og er skiptastjóri í fyrirsvari fyrir það.

II. Dómkröfur.

Sóknaraðili mótmælir afstöðu skiptastjóra til kröfu nr. 87 á skrá um lýstar kröfur í þrotabú Vogalax hf. Krefst hann þess, að viðurkennd verði sem almenn krafa skv. 85. gr. l. nr. 3/1878 með síðari breytingum krafa sín að fjárhæð 7.500.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. l. nr. 25/1987 frá 22. 6. 1988 til greiðsludags. Er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól og dráttarvextir reiknist þannig af fjárhæðinni á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 22. 6. 1989. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar [...].

Varnaraðili krefst í fyrsta lagi sýknu af kröfum sóknaraðila. Til vara krefst hann þess, að vextir af kröfufjárhæðinni verði einungis reiknaðir frá 9. 9. 1990. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila [...].

III. Málavextir.

Aðdragandi máls þessa er sá, að með úrskurði, upp kveðnum 17. 8. 1990 af skiptaráðandanum í Gullbringusýslu, var bú Vogalax hf., kt. 621085-0509, tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til skuldheimtumanna var birt í Lögbirtingablaði 29. 8. 1990, og lauk kröfulýsingarfresti 29. 10. s. á.

Aðila greinir ekki á um málavexti, en málið er til komið vegna ágreinings um gildi hlutafjáraukningar, og verða málsatvik því rakin að því leyti, sem máli skiptir fyrir þetta ágreiningsefni.

Vogalax hf. var stofnað 22. 8. 1985. Í stofnsamningi er kveðið á um, að hlutafé skuli verða 37.000.000 kr. Tilgangur félagsins var sagður: „...að stunda atvinnurekstur á sviði fiskiræktar og annan skyldan atvinnurekstur, þar á meðal ræktun á laxaseiðum, ... hafbeit á laxi, ... framleiðslu og útvegun á fóðri og aðföngum og störf að tæknilegri þjónustu og ... vinnslu og sölu á fiskiræktarafurðum". Í samþykktum félagsins, gerðum sama dag, er stjórn félagsins heimilað að auka hlutaféð um allt að 20.000.000 kr.

Hinn 11. 12. 1986 var haldinn hluthafafundur í Vogalaxi hf. Á þeim fundi var samþykkt að auka hlutafé félagsins um 50.000.000 kr., og var sú ákvörðun tilkynnt Hlutafélagaskrá og birt í Lögbirtingablaðinu 21. 1. 1987.

Á aðalfundi í Vogalaxi hf. 15. 5. 1987 var samþykkt heimild til stjórnar félagsins að hækka hlutafé félagsins um allt að 50.000.000 kr. með áskrift nýrra hluta. Skyldu hinir nýju hlutir boðnir á nafnverði að viðbættu endurmati vegna verðlagsbreytinga, ef aðstæður leyfðu. Samþykkti fundurinn að fela stjórn félagsins að ganga frá áskriftarskrá. Í fundargerð er tekið fram, að með þessu félli niður framangreind samþykkt hluthafafundar frá 11. 12. 1986 um hlutafjáraukningu. Á þessum fundi var jafnframt samþykkt með ákveðnum fyrirvörum að gefa út jöfnunarhlutabréf, samtals fyrir 10.000.000 kr. Eins og fram kemur hér á eftir, var Hlutafélagaskrá hins vegar tilkynnt, að jöfnunarhlutabréf hefðu verið gefin út fyrir 5.669.880 kr., og eru aðilar sammála um, að síðari talan sé rétt, og styðst það bæði við ársreikning Vogalax hf. fyrir árið 1988 og hluthafalista félagsins.

Með bréfi, dagsettu 27. 8. 1987, tilkynnti framkvæmdastjóri Vogalax hf. til Hlutafélagaskrár, að stjórn félagsins hefði ákveðið að auka hlutafé í nýju útboði um samtals 50.000.000 kr. Í bréfinu kemur einnig fram, að um áramótin 1986–1987 hafi nafnvirði hlutabréfa í Vogalaxi hf. verið 37.000.000 kr. og á aðalfundinum í maí hafi verið ákveðið að gefa út jöfnunarhlutabréf, samtals fyrir 5.669.880 kr. Muni heildarhlutafé félagsins þannig nema

92.669.880 krónum. Þessi tilkynning birtist svo í Lögbirtingablaðinu 4. 11. 1987.

Á aðalfundi í Vogalaxi hf. 13. 5. 1988 var samþykkt útgáfa jöfnunarhlutabréfa, að fjárhæð 12.015.100 kr., 23,61% af innborguðu hlutafé í félaginu, sem þá var 50.889.880 kr. Á þessum fundi voru Gísli V. Einarsson, Hörður Jónsson, Gunnar J. Friðriksson, Ólafur B. Ólafsson og Guðmundur Garðarsson kosnir í aðalstjórn félagsins.

Hinn 31. 5. 1988 var haldinn stjórnarfundur í Vogalaxi hf. Fyrir fundinum lá tilboð frá Gísla V. Einarssyni og Herði Jónssyni í öll óseld hlutabréf úr 50.000.000 króna útboðinu, samtals að nafnvirði 41.780.000 kr., en ekki mun hafa orðið af samningum í þetta skipti, vegna þess að aðilar urðu ekki sammála um, hvort jöfnun ársins ætti að fylgja bréfunum.

Það ber næst við, að 16. 6. 1988 gerir framkvæmdastjóri Vogalax hf. fyrir hönd félagsins og með fyrirvara um samþykki stjórnar tvo samninga við Gísla V. Einarsson og Hörð Jónsson um kaup á eftirstöðvum útboðsins. Í fyrsta lagi er um að ræða kaupsamning, þar sem Gísli og Hörður kaupa hlutabréf fyrir 15.000.000 kr. að nafnvirði. Í kaupsamningnum er einnig kveðið á um, að þeir Gísli og Hörður eigi kauprétt á óseldum hlutabréfum úr sama útboði, að nafnverði 26.580.000 kr., til 1. 10. 1988. Jafnframt er kveðið á um, að stjórn Vogalax hf. muni leggja fyrir löglegan hluthafafund í félaginu, að samþykkt aðalfundar frá 13. 5. um útgáfu jöfnunarhlutabréfa verði afturkölluð, en reynist það ekki framkvæmanlegt, skuli jöfnunin einnig taka til þeirra hluta, sem Gísli og Hörður keyptu, auk hlutanna, sem kauprétturinn var bundinn við. Kaupverðið samkvæmt þessum kaupsamningi var staðgreitt.

Þennan sama dag er gerður annar samningur milli sömu aðila, svonefndur viðbótarkaupsamningur, en með honum kaupa Gísli og Hörður með tilteknum fyrirvörum þau hlutabréf, sem þeim var áskilinn kaupréttur að. Ágreiningur er með aðilum um, hvaða réttaráhrif samningur þessi hafi haft, og þykir rétt að taka umdeildar greinar hans upp í málavaxtalýsingu:

„2. gr.

Verði af kaupum skv. 1. gr. viðbótarkaupsamnings þessa, skal kaupverðið vera nafnverð, sem greiðist þannig:

1. 1. október 1988	kr.	5.000.000
2. Með verðtryggðu og fasteignatryggðu skuldabréfi í auðseljanlegri fasteign til 4ra ára og 5% föstum vöxtum. Vísitala og vextir reiknist frá 1. október 1988	kr.	21.580.000
Samtals kaupverð	kr.	26.580.000

3. gr.

Kaupendur hafa rétt á að ganga út úr kaupunum fyrir 1. október 1988, telji þeir forsendur kaupanna vera brostnar. Með brostnum forsendum er átt við:

a. Að veruleg frávik verði frá endurheimtum árið 1988 frá því, sem verið hefur. Endurheimtur skulu á árinu 1988 vera að lágmarki sem nemur 41.500 löxum (ca 10% endurheimtur).

b. Að sjókvíar verði ekki settar svo nálægt starfsstöð Vogalax, að þær spilli möguleikum Vogalax til hafbeitar. Með lágmarksfjarlægð er átt við innan við 2000 m radíus frá sleppiaðstöðu Vogalax hf.

c. Að verð á laxi á erlendum mörkuðum lækki ekki verulega frá því, sem nú er, þ. e., verð fari ekki niður fyrir kr. 350/kg (cif-verð), sem samsvarar skilaverði kr. 279/kg að meðaltali fyrir seldar afurðir Vogalax á tímabilinu júlí/september 1988.

d. Að yfirlýsing fáist frá stjórn Fjárfestingarfélagsins um, að félagið hyggist stuðla að því, að kaupendur eigi forgangsrétt að hlutabréfum Weyerhauser.

4. gr.

Hlutabréfin, sem viðbótarkaupsamningur þessi tekur til, skal afhenda í samræmi við greiðslur, um leið og þær eru inntar af hendi. Afhendingu hlutabréfanna lýkur með síðustu greiðslunni 1. 10. 1988. Kaupendur öðlast atkvæðisrétt við afhendingu hlutabréfanna."

4. 7. 1988 var haldinn sérstakur hluthafafundur í Vogalaxi hf. Í fundargerð kemur m. a. fram, að seldar hafi verið rúmar 8.000.000 kr. af 50.000.000 kr. útboði. Þá kemur fram, að kauptilboð hafi borist í eftirstöðvar útboðsins. Miðist það við nafnverð hlutabréfanna, og væri hlutafjárútboðinu í raun lokið. Rétt þykir að taka fram, að orðrétt segir í fundargerð: „Vilhjálmur Guðmundsson (framkvæmdastjóri Vogalax hf.) spurði, hvort ekki væri þörf á formlegri framlengingu útboðsins, þar sem ekki væri búið að greiða öll bréfin. Hjörtur Torfason taldi ekki nauðsyn á því, þar sem áskrift hefði fengist." Þessi hluthafafundur felldi úr gildi ákvörðun aðalfundar um útgáfu jöfnunarhlutabréfa í samræmi við fyrrgreinda kaupsamninga.

Aðilar eru sammála um, og ráða má af gögnum málsins, að innborgað hlutafé í Vogalaxi hf. hafi verið, þegar hér er komið sögu, 65.889.880 kr., þ. e. 37.000.000 kr. í stofnhlutafé, 5.669.880 kr. hækkun við jöfnun, 15.000.000 kr. greiddar af Gísla og Herði og 8.220.000 kr., sem söfnuðust meðal nokkurs fjölda aðila við hlutafjárútboðið.

Á framhaldsaðalfundi í félaginu, höldnum 5. 8. 1989, var ákveðin hlutafjárhækkun, 30.000.000 kr., en sú hækkun var ekki tilkynnt til Hlutafélagaskrár og mun aldrei hafa komið til framkvæmda.

Hinn 9. 8. 1990 rituðu Gísli V. Einarsson og Hörður Jónsson stjórn Vogalax hf. bréf, þar sem þeir krefjast endurgreiðslu á 15.000.000 kr., er þeir höfðu borgað fyrir hluti í félaginu samkvæmt fyrrgreindum kaupsamningum. Ástæðuna sögðu þeir vera, að ákvörðunin um hlutafjárhækkunina hefði ekki verið í samræmi við lög, auk þess sem áskrift hefði ekki fengist fyrir hlutafjáraukanum, og væri skuldbinding þeirra þannig niður fallin skv. 1. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga. Segja þeir jafnframt í bréfinu tilefni þess, að þeir hafi farið að kanna réttarstöðu sína, vera það, að á stjórnarfundi, sem haldinn var í Vogalaxi hf. 31. 7. 1990, hafi stjórnarformaður félagsins sagt starfi sínu lausu og ekkert síðan orðið úr boðuðum aðalfundi félagsins. Á fundi stjórnar 10. sama mánaðar var samþykkt að hafna endurgreiðslubeiðninni.

Hinn 17. 8. 1990 var bú Vogalax hf. tekið til gjaldþrotaskipta. 16. 10. s. á. lýsti sóknaraðili fyrrgreindri kröfu í búið, og var þeirri kröfu hafnað af bú- og skiptastjórum, eins og áður hefur fram komið.

IV. Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili.

1. Sóknaraðili telur, að ekki hafi verið tekin gild ákvörðun um hækkun hlutafjár. Í fyrsta lagi bendir hann á, að aðalfundurinn 15. 5. 1987 hafi ekki verið réttur vettvangur til að taka ákvörðun um hækkun hlutafjár, sbr. 1. mgr. 27. gr. l. nr. 32/1978. Í öðru lagi hafi fundurinn ekki getað veitt stjórn félagsins heimild til hækkunar á hlutafé án þess að breyta samþykktum félagsins, eins og 1. mgr. 35., sbr. 30. gr. s. l. áskilji. Telur sóknaraðili, að samþykkt tillögunnar geti í engu falli talist breyting á samþykktum félagsins, enda skorti umrædda heimildarveitingu þau efnisatriði, sem tilskilin eru í 2. mgr. 35. gr. hlutafélagalaga til að geta talist „samþykkt" í skilningi laganna, auk þess sem hún sé ekki í samræmi við 1. og 2. mgr. 76. gr. s. l. Í þessu sambandi bendir sóknaraðili á orðalag í tilkynningu framkvæmdastjóra Vogalax hf. til Hlutafélagaskrár, dags. 27. 8. 1987, en þar sé tilkynnt, að stjórnin hafi ákveðið að hækka hlutafé um 50.000.000 kr., en ekki vikið að samþykktum framangreinds fundar.

Sóknaraðili heldur því fram, verði litið svo á, að aðalfundurinn hafi getað tekið umrædda ákvörðun, að henni sé svo efnislega áfátt, að varði ógildi. Ekki hafi verið tiltekin skipting milli hlutaflokka eða kveðið á um forgangsrétt hluthafa til áskriftar auk vöntunar annarra þeirra atriða, sem um ræðir í 1. og 2. mgr. 30. gr., sbr. 2. mgr. 35. gr. hlutafélagalaga. Bendir sóknaraðili hér sérstaklega á, að hluti hafi orðið að greiða í reiðufé, þar sem ákvörðunin tiltaki ekki form greiðslu, sbr. 1. mgr. 31. gr. hlfl., en næst-

stærsti áskrifandi að hlutafjáraukanum, Fjárfestingarfélag Íslands, hafi einungis lýst yfir skuldajöfnuði við sína skuldbindingu.

Varðandi þessa málsástæðu heldur sóknaraðili því að lokum fram, að ekki hafi verið gætt ákvæða 71. gr., sbr. 27. gr. hlfl. um boðun aðalfundarins, og hafi fundurinn því ekki verið ályktunarhæfur. Telur hann hvíla á varnaraðila að færa fram gögn um, að löglega hafi verið að málum staðið að þessu leyti. Það hafi varnaraðili ekki gert, og beri hann því halla af skorti á sönnun, enda séu líkur fyrir, að framkvæmd að þessu leyti hafi „verið eftir öðru".

2. Önnur meginmálsástæða sóknaraðila varðar áskrift að hlutafjáraukanum. Í fyrsta lagi hafi framkvæmdinni verið að mörgu leyti áfátt. Engin sérstök stjórnarsamþykkt hafi verið gerð um framkvæmd áskriftarinnar. Ekki hafi verið útbúin sérstök áskriftarskrá, sem þó var nauðsynlegt, þar sem áskrift lauk ekki með skráningu í gerðabók fundarins, sbr. ákvæði 32. gr. og 4. tl. 1. mgr. 30. gr. hlfl., og eigi því 7. gr. s. l. við um skuldbindingar aðila, sbr. ákvæði 33. gr. laganna. Telur sóknaraðili, að túlka verði þessar reglur þannig, að sá, sem skráir sig fyrir hlut, verði því aðeins skuldbundinn, að tilkynnt sé með réttum hætti um hækkunina til Hlutafélagaskrár og viðkomandi hafi ekki áður mótmælt áskriftinni. Aldrei hafi verið tilkynnt með réttum hætti til Hlutafélagaskrár, og verði ekki úr því bætt.

Í öðru lagi álítur sóknaraðili, að áskriftarfrestur hafi verið liðinn, þegar umræddir kaupsamningar voru gerðir. Þar sem ekki hafi verið tiltekinn sérstakur áskriftarfrestur, hafi honum lokið ári eftir, að ákvörðun um hlutafjáraukningu var tekin, þ. e. 14. 5. 1988, sbr. niðurlag 2. mgr. 34. gr. hlfl. Þessu til stuðnings bendir sóknaraðili á orðalag í svokölluðu hlutafjárloforðsformi, sem notað var við söfnun áskrifta, en í því segi, að aðalfundur, sem haldinn hafi verið í maí 1987, hafi tekið ákvörðun um hlutafjárhækkunina og að útboði lyki í maímánuði 1988.

Í þriðja lagi heldur sóknaraðili því fram, að áskrift hafi ekki náðst og skuldbindingar sínar séu þess vegna ekki bindandi. Þar sem ekki hafi verið tiltekið sérstakt lágmark hlutafjáraukans, hafi þurft að fást áskrift fyrir allri hækkuninni, 50.000.000 kr., áður en áskriftarfresturinn var liðinn, sbr. 1. mgr. 34. gr., en þegar kaupsamningarnir við Gísla og Hörð voru gerðir 16. 6. 1988, sé óumdeilt, að áskrift hafi einungis fengist fyrir 8.220.000 kr. Einnig megi ráða af fundargerðum stjórnarfunda, að ekki hafi verið litið svo á í verki, að áskrift hafi náðst.

Verði hins vegar litið svo á, að frestir hafi ekki verið liðnir, þegar kaupsamningarnir voru gerðir, megi ljóst vera, að skilyrði, sem sett voru í viðbótarkaupsamningnum, hafi aldrei komið fram, hann því aldrei orðið

skuldbindandi og áskriftin aldrei náðst. Tímafrestina sé í öllu falli ekki hægt að teygja lengra en aftur í lok ágúst, og sé þá miðað við tilkynninguna til Hlutafélagaskrár. Reyndar sé skýringaratriði, hvort viðbótarkaupsamningurinn hafi verið skilyrtur kaupsamningur eða einungis hafi verið um að ræða nánari útfærslu á kaupréttinum, sem áskilinn var í fyrri kaupsamningnum. Og jafnvel þótt litið verði svo á, að um áskrift með tilteknum skilyrðum hafi verið að ræða, hafi verið ljóst þegar í ágúst 1988, að skilyrði varðandi endurheimtur hafbeitarfisks kæmi ekki fram, enda hafi sóknaraðili aldrei verið krafinn um umrædda áskriftarfjárhæð, hvorki af stjórn Vogalax hf. né bústjórum þrotabús þess.

Sóknaraðili mótmælir því, að áhrif hafi, hvenær hann krefjist endurgreiðslu. Það breyti engu um rétt hans, því að krafan hafi ótvírætt verið fyrir hendi; lagareglur séu alveg skýrar. Einnig mótmælir sóknaraðili því, að um tómlætisverkanir hafi verið að ræða á þeim grunni, að tiltölulega skammur tími hafi liðið, frá því að sóknaraðili gerði sér grein fyrir rétti sínum og til þess að hann ákvað að standa á honum.

Afleiðingu þess, að áskrift náðist ekki, telur sóknaraðili vera með vísan til 1. mgr. 34. gr. hlfl., að ákvörðun um hlutafjárhækkun sé fallin niður sem og skuldbinding þeirra, sem skráð höfðu sig fyrir hlutum. Þessu til stuðnings bendir sóknaraðili á athugasemdir í frumvarpi um téða lagagrein og hæstaréttardóma frá árinu 1988, bls. 1624, 1646, 1652 og 1660 í dómasafni þess árs, þó að ekki hafi Hæstiréttur tekið beinlínis á ofangreindu atriði.

3. Verði ekki fallist á framangreint, telur sóknaraðili annmarka á skráningu hlutafjárhækkunarinnar leiða í öllu falli til þess, að skuldbindingar sínar séu niður fallnar. Ekki hafi verið gætt skýrra ákvæða 2. mgr. 34. gr. hlfl. að þessu leyti. Tilkynningin, sem send var Hlutafélagaskrá 27. 8. 1987, geti engan veginn talist fullnægja nefndum skilyrðum. Hún sé í fyrsta lagi markleysa, þar sem með henni sé verið að tilkynna um ákvörðun, sem aldrei hafi verið tekin. Stjórn Vogalax hf. hafi aldrei ákveðið að hækka hlutafé um 50.000.000 kr., enda hafði hún ekki heimild til þess. Í öðru lagi hafi enginn verið skráður fyrir hlut og ekkert verið greitt, þegar tilkynningin var send.

Sökum þess að tilkynningarskyldunni var ekki fullnægt, álítur sóknaraðili ótvírætt, að hlutafjárhækkunin sé ógild. Skýrt komi fram í niðurlagi 2. mgr. 34. gr. og athugasemdum með greininni, að regla 1. mgr. sömu greinar gildi skilyrðislaust í þessari aðstöðu.

Sóknaraðili mótmælir því, að staða Harðar Jónssonar hjá fyrirtækinu eigi að breyta einhverju um niðurstöðuna. Eftir að hann kom inn í stjórn, hafi engin skylda hvílt á honum að fullnægja tilkynningarskyldunni. Það komi til af því, að ljóst hafi verið, að áskriftin hafi mistekist og engin skylda sé að tilkynna áskrift, sem ekki hafi tekist.

Loks tekur sóknaraðili fram, að skráning á hækkun hlutafjár, sem samkvæmt fram lögðu vottorði Hlutafélagaskrár virðist hafa verið gerð, geti ekki haft nein réttaráhrif í málinu, þar sem um augljóst brot á 2. mgr. 34. gr., sbr. 147. gr. hlfl., sé að ræða. Virðist sem skráningin byggist að hluta til á tilkynningunni frá 21. 1. 1987 um samþykkt hluthafafundarins 11. 12. 1986.

4. Kröfu sína um endurgreiðslu á innborguðu hlutafé styður sóknaraðili því, að svo verulega skorti á, að farið væri að fyrirmælum hlutafélagalaga við hækkun hlutafjárins í Vogalaxi, að ótvírætt sé, að ákvörðunin hafi frá upphafi verið marklaus. Leiði hver einstök framangreindra málsástæðna til þeirrar niðurstöðu og því fremur, þegar þær eru lagðar saman. Þegar svona standi á, leiði það af 1. mgr. 34. gr. hlfl., að félagi beri að endurgreiða það, sem greitt hefur verið. Komi þetta skýrt fram í athugasemdum með 34. gr., þar sem segir, að endurgreiða beri inngreitt hlutafé með sama hætti og segir í 10. gr. um það tilvik, ef stofnhlutafé safnast ekki.

5. Um dráttarvaxtakröfu sína vísar sóknaraðili til 1. mgr. 9. gr. l. nr. 25/1987 með síðari breytingum. Í greinargerð með 9. gr. vaxtalaga sé að finna skýrgreiningu á gjalddaga, sem miðað sé við í samræmi við efnisatriði hlutafélagalaga, og er sérstaklega vísað til 10. gr. hlfl. um það, hvenær krefjast megi endurgreiðslu. Endurgreiðsla eigi þannig að fara fram, um leið og ljóst sé, að hlutafjárhækkun hafi mistekist. Sá, sem greitt hafi fyrir hluti, eigi ekki að þurfa að þola vaxtatap, og eigi endurgreiðslukrafan að miðast við dráttarvexti frá þeim degi, er greitt var, og til þess dags, sem endurgreitt er.

Málskostnaðarkrafa er studd XII. kafla l. nr. 85/1936. Krafa um vexti á málskostnað styðjist við 2. mgr. 175. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988.

Varnaraðili styður aðalkröfu sína með eftirfarandi:

1. Tillagan um heimild stjórnar til að hækka hlutafé hafi verið sett fram skv. heimild í 35. gr. l. nr. 32/1978. Í raun hafi verið um breytingu á samþykktum félagsins að ræða, þótt það hafi ekki verið skýrt tekið fram, enda sé hækkun hlutafjár í raun alltaf breyting á samþykktum félags. Nánar tiltekið hafi hér verið breytt grein 3.6. í stofnsamþykkt félagsins. Mótmælir varnaraðili algjörlega fullyrðingum sóknaraðila um, að hluthafafundurinn hafi ekki tekið formlega rétta ákvörðun.

Um efnisatriði tillögunnar tekur varnaraðili fram, að ákvæði um skiptingu í hlutaflokka og forgangsrétt hluthafa eða annarra til áskriftar hafi ekki þurft að taka upp, vegna þess að um þetta allt séu skýr ákvæði í samþykktum félagsins, og því hafi fundurinn ekki þurft að taka nýja afstöðu til

þessara atriða. Vöntun á ákvæði um frest til áskriftar og greiðslu hluta valdi ekki heldur ógildi tillögunnar. Telur sóknaraðili, að tilkynning framkvæmdastjóra Vogalax hf. til Hlutafélagaskrár um ákvörðun stjórnar um hækkun hlutafjár, dags. 27. 8. 1987, veiti örugga vitneskju um, að ákvörðun hafi verið tekin og þá í síðasta lagi síðastgreindan dag. Beri því að miða upphaf áskriftarfrestsins við þann dag, en ekki 15. 5. s. á. Þá tekur varnaraðili fram, að ákvæða 147. gr. hlfl. hafi verið gætt að þessu leyti.

Varnaraðili segir tilgang lagareglna V. kafla hlfl. um framkvæmd hlutafjárhækkunar miða að því, að félag fái í reynd þau verðmæti, sem greind eru í ákvörðun um hlutafjáraukningu, og að væntanlegir áskrifendur að nýjum hlutum eigi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um hag félagsins, áður en þeir taki ákvörðun um áskrift. Hörður Jónsson hafi haft alla aðstöðu til að kynna sér hag félagsins og framkvæmd útboðsins sem stjórnarmaður í félaginu, og hafi hann í raun borið ábyrgð á því sem stjórnarmaður, að leikreglur væru í heiðri hafðar. Hann hafi engar athugasemdir gert fyrr en viku fyrir gjaldþrot. Því sé ljóst, að frestir skv. 79. gr. hlfl. séu liðnir, bæði þriggja mánaða fresturinn skv. 2. mgr. og tveggja ára fresturinn í d-lið 3. mgr. Varnaraðili telur því, að jafnvel þótt litið verði svo á, að ákvörðunin hafi ekki verið lögmæt, sé ekki hægt að bera það fyrir sig nú vegna fyrrgreindra tímafresta og tómlætis.

Varnaraðili mótmælir því, að undantekningarákvæði a--c-liðar 3. mgr. 79. gr. hlfl. um fresti geti átt hér við. Hluthafar, sem fóru með yfir 99% hlutafjár, sóttu fundinn, auk þess sem ekkert hafi komið fram í málinu, sem styðji það, að boðun fundarins hafi verið ólögmæt, og er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu. Sönnunarbyrði um þetta hvíli á sóknaraðila, og er því mótmælt, að varnaraðila beri skylda til að leggja fram gögn um þetta atriði.

Að lokum ítrekar varnaraðili, að áskrifendur að hlutum, sem boðnir voru út á grundvelli framangreindrar ákvörðunar, geti ekki sakir aðgerðaleysis borið ólögmæti ákvörðunar fyrir sig, verði hún á annað borð talin ólögmæt.

2. Varnaraðili mótmælir því, að áskriftin hafi verið með þeim hætti, að valdi ógildi hlutafjáraukans. Þótt ekki hafi verið útbúin sérstök áskriftarskrá, komi hin sérstöku formblöð, sem útbúin voru, í sama stað. Þótt litlar upplýsingar sé reyndar að finna um útboðið í kaupsamningunum, geti það aldrei komið að sök, þar sem Herði Jónssyni mátti stöðu sinni samkvæmt vera gjörkunnugt um öll þau atriði, sem máli skiptu.

Varnaraðili heldur því fram, að með samningum, dags. 16. 6. 1988, hafi fengist full áskrift að öllum aukningarhlutum innan lögmælts frests. Mótmælir hann því, að það skipti máli, að kaupunum var ekki skipt í hlutaflokka. Þá sé ljóst, að fyrirvarar eða skilyrði, sem sett voru í viðbótar-

kaupsamningunum, standist ekki samkvæmt hlutafélagalögum, og er í því sambandi vísað til 7. gr. laganna. Varnaraðili bendir einnig á í þessu sambandi, að með nefndum samningum sé öðrum meinað að gerast áskrifendur að hlutafjáraukanum. Þá hafi sóknaraðili aldrei mótmælt framkvæmd áskriftarinnar sem rangri við ráðherra, eins og kveðið er á um í 33. gr. hlfl., og geti hann þess vegna ekki borið þetta fyrir sig nú.

3. Um skráningu hlutafjárhækkunarinnar tekur varnaraðili fram, að tilgangurinn með 2. mgr. 34. gr. hlfl. sé sá, að hluthafar og viðskiptamenn félags fái upplýsingar um, hvort hlutafjárhækkun hafi náð fram að ganga, og geti treyst því, að verðmæti hlutafjáraukans hafi skilað sér. Hér sé verið að vernda hina almennu hluthafa og viðskiptamenn, þ. e. þá, sem enga möguleika hafi á að kynna sér hag félags með öðrum hætti. Álítur varnaraðili, að staða Harðar Jónssonar sé ekki með þeim hætti, að hann falli undir framangreindan hóp aðila. Hann hafi setið báðum megin borðs við samningagerðina og allan tímann haft vitneskju um, hvað hlutafjárútboði liði. Hörður hafi því tekið ákveðna áhættu, vitandi vits um allar aðstæður, en aldrei gert neinar athugasemdir við framkvæmdina, fyrr en ljóst var, að fyrirtækið yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Leggur varnaraðili hér ríka áherslu á tveggja ára tómlæti og að ekki sé hægt að segja, að sóknaraðili hafi orðið fyrir nokkru fjárhagstjóni beinlínis vegna þess, að ekki hafi verið tilkynnt til Hlutafélagaskrár. Þá tekur varnaraðili fram, að á Herði Jónssyni hafi sem stjórnarmanni hvílt sú embættisskylda að fullnægja lögboðinni tilkynningarskyldu. Einnig bendir varnaraðili hér á ákvæði í 16. kafla l. nr. 38/1978 um bótaábyrgð stjórnarmanna vegna tjóns, sem þeir valdi félagi af ásetningi eða gáleysi. Ef talið verði, að sóknaraðili eigi endurgreiðslurétt, verði hann bótaskyldur um sömu fjárhæð. Varnaraðili telur, að ef um ágalla hafi verið að ræða á nefndri tilkynningu, sé ljóst, að sá ágalli sem slíkur hafi ekki valdið sóknaraðila neinu fjárhagstjóni.

Varnaraðili vekur sérstaka athygli á vottorði Hlutafélagaskrár, dags. 23. 7. 1990, um heildarhlutafé í Vogalaxi hf. Þar komi fram, að heildarhlutafé í félaginu nemi 92.669.880 kr., og byggist sú tala á tilkynningu félagsins frá 27. 8. 1987. Hlutafélagaskrá hafi þannig fyrirvaralaust álitið skráninguna fullnægjandi, og hljóti það að skipta máli.

Að lokum bendir varnaraðili á, að ef talið verði, að hlutafjáraukningin hafi verið ógild, hafi Hörður Jónsson haft völd og áhrif í Vogalaxi hf., en ekki átt í fyrirtækinu. Sérstaklega vísar varnaraðili til skýrslu, sem Vilhjálmur Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri, gaf fyrir skiptarétti 18. 10. 1990 um mjög gildan þátt Gísla V. Einarssonar og Harðar Jónssonar í daglegri stjórnun fyrirtækisins.

Varakrafa varnaraðila.

Verði fallist á kröfu sóknaraðila um, að hlutafjáraukningin hafi verið ólögmæt eða fallið úr gildi á síðari stigum, mótmælir varnaraðili því, að dráttarvextir verði reiknaðir frá 22. 6. 1988. Ekki sé um fyrir fram ákveðinn gjalddaga að ræða, og beri krafa sóknaraðila því einungis vexti frá 9. 9. 1990, þ. e. einum mánuði eftir að krafan er fyrst höfð uppi, í samræmi við 9. gr. l. nr. 25/1987. Að öðru leyti vísar varnaraðili til 78. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978 og 8. kafla skiptalaga nr. 3/1887, sbr. l. nr. 32/1974.

Þrautavarakrafa varnaraðila.

Hér vísar varnaraðili til 14. gr. hlfl. og álítur, að eðlilegt sé að beita sömu vaxtareglu í þessu tilviki og þegar um vangreitt hlutafé er að ræða, ef miðað verði við fyrri upphafsdag vaxta en 9. 9. 1990.

V. Niðurstaða.

Ákvörðun um hlutafjárhækkun. Eins og að framan greinir, var tekin ákvörðun um hlutafjárhækkun í Vogalaxi hf. 15. 5. 1987. Var það gert á aðalfundi, og er ekki annað komið fram en til hans hafi verið boðað á lögmætan hátt. Upprunalegt hlutafé var 37.000.000 kr., og samkvæmt samþykktum var heimilt að hækka það um 20.000.000 kr. Fundurinn samþykkti að heimila stjórninni að hækka hlutaféð um 50.000.000 kr. Er eitt af þrætueplum málsins, hvort löglega hafi verið staðið að þessari ákvörðun. Fyrir liggur, að fundurinn heimilaði stjórninni að hækka hlutaféð, en samþykktum félagsins var ekki formlega breytt, eins og tilskilið er í 35. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978. Framkvæmdastjóri Vogalax hf. sendi tilkynningu til Hlutafélagaskrár um þessa hækkun. Aðalfundurinn, sem jafnframt var hluthafafundur, var til þess bær að ákveða hækkun hlutafjár og fela stjórn félagsins framkvæmd hennar. Verður því að telja, að löglega hafi verið stofnað til aukningar hlutafjár. Þótt skort hafi á nánari útfærslu hlutafjárhækkunarinnar, s. s. skiptingu í hlutaflokka og forgangsrétt hluthafa, verður það ekki talið skipta máli. Í samþykktum félagsins var kveðið á um þessi atriði, svo að hlutaðeigandi mátti vera kunnugt um, hvernig hækkuninni skyldi vera farið.

Áskrift að hlutafé. Aðferð sú, sem höfð var við áskrift hluta í félaginu, var ekki í samræmi við V. kafla hlutafélagalaga nr. 32/1978. Í fyrsta lagi var ekki útbúin sérstök áskriftarskrá, undirrituð af félagsstjórn, svo sem boðið er í 1. mgr. 32. gr. s. l. Í öðru lagi virðist áskrift hafa farið fram með því, að gerðir voru samningar um hlutafjárkaup, eða með undirritunum á þar til gerð eyðublöð. Í 1. mgr. 32. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978 er gert ráð fyrir, að áskrift fari fram með sérstakri áskriftarskrá eða í fundargerðabók. Þrátt fyrir þessa annmarka þykir þessi ákvörðun um áskrift standast, enda var

henni ekki mótmælt við ráðherra, svo sem 33. gr., sbr. 7. gr., hlutafélagalaga nr. 32/1978 áskilur.

Auk framangreindra atvika reisir sóknaraðili ógildingarkröfu sína á því, að áskrift hafi ekki náðst að því lágmarki, sem ákveðið var. Eins og áður er rakið, telst hafa komist á bindandi kaupsamningur á milli sóknaraðila og hlutafélagsins auk skilyrts viðbótarkaupsamnings. Að vísu brugðust þær forsendur, sem viðbótarkaupsamningurinn var reistur á, en engu að síður voru aðrir útilokaðir frá hlutafjárútboðinu, og gat áskriftin því ekki tekist á annan hátt. Þar af leiðir, að áskrift tókst og enginn mótmælti. Mótmæli sóknaraðila síðar þykja of seint fram komin.

Skráning. Fallast má á það með sóknaraðila, að reglum um skráningu hafi ekki verið fylgt sem skyldi. Á hitt ber hins vegar að líta, að sóknaraðili sat í stjórn Vogalax hf. frá 13. 5. 1988 og bar því að fylgjast með, að formreglum hlutafélagalaga nr. 32/1978 væri fylgt, sbr. 52. gr. s. l. Þá skyldu sína vanrækti sóknaraðili, hvað tilkynningu til Hlutafélagaskrár snerti, skv. 2. mgr. 34. gr. l. nr. 32/1978, þ. e. að tilkynna Hlutafélagaskrá innan árs.

Stjórnarmenn í hlutafélögum geta almennt ekki borið fyrir sig misbrest á formreglum þeim, sem kveðið er á um í hlutafélagalögum nr. 32/1978. Bæði er, að þeim á að vera ljóst, hvaða ákvarðanir hafa verið teknar, og hitt, að formreglur laganna eru settar með það fyrir augum að vernda almenna hluthafa og viðskiptamenn, þ. e. a. s. þá, sem verða að treysta á upplýsingar frá Hlutafélagaskrá. Þær eiga ekki að vera skjól fyrir fyrirsvarsmenn félaga, sem jafnframt eru hluthafar. Ella væri þeim í lófa lagið að ná völdum í hlutafélögum, en beita lögunum sér í hag, eftir að í óefni er komið, og nýta sér þessar reglur til að verða lausir allra mála.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að kröfu sóknaraðila, nr. 87 á kröfulýsingarskrá, er algerlega hafnað. Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðili úrskurðaður til að greiða 170.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Úrskurð þennan kváðu upp Þorsteinn Pétursson, aðalfulltrúi skiptaráðanda, auk meðdómsmannanna Gunnars Aðalsteinssonar héraðsdómara og Magnúsar K. Hannessonar lektors.

Úrskurðarorð:

Kröfu nr. 87 á kröfulýsingarskrá í þrotabú Vogalax hf. er algerlega hafnað. Sóknaraðili, Hörður Jónsson, greiði varnaraðila, þrotabúi Vogalax hf., 170.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 319/1991. **Sundagarðar hf.**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
þrotabúi Vogalax hf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Hlutafjárhækkun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1991. Hann gerir þær dómkröfur, „að krafa nr. 88 á skrá um lýstar kröfur í Þrotabú Vogalax hf. að fjárhæð kr. 7.500.000,00, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá 22. júní 1988 til greiðsludags verði viðurkennd sem almenn krafa". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Gísli V. Einarsson, sem keypti hinn 16. júní 1988 ásamt Herði Jónssyni hlutabréf að nafnverði 15.000.000 krónur úr hlutafjárútboði Vogalax hf., framseldi sinn hluta, 7.500.000 krónur, til áfrýjanda máls þessa 30. júní 1990. Hefur áfrýjandi staðið að rekstri málsins eins og hann hefði sjálfur verið kaupandi að hlutafénu frá upphafi í stað Gísla og hafi í hvívetna haft sömu réttarstöðu. Hefur það ekki sætt andmælum af hálfu stefnda.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Eins og þar kemur fram, fjallar ágreiningur aðila um gildi hlutafjárhækkunar hjá Vogalaxi hf. Heldur áfrýjandi því fram, að ekki hafi verið tekin gild ákvörðun um hlutafjárhækkun 15. maí 1987. Þá hafi aðferð sú, sem höfð var við áskrift hluta, ekki verið í samræmi við V. kafla laga nr. 32/1978 um hlutafélög, auk þess sem áskrift hafi ekki náðst að því lágmarki, sem ákveðið var. Loks hafi reglum hlutafélagalaga um skráningu ekki verið fylgt sem skyldi.

I.

Á aðalfundi Vogalax hf. 15. maí 1987 var stjórn félagsins heimilað að hækka hlutaféð um allt að 50.000.000 króna. Á fundi þessum voru hluthafar eða umboðsmenn þeirra, sem fóru með að minnsta kosti 99,8% þess hlutafjár, er fara mátti með atkvæði fyrir á fundinum. Samkvæmt 27. gr. hlutafélagalaga var fundurinn bær um að taka ákvörðun um hækkun hlutafjár. Er fallist á það með skiptarétti, að löglega hafi verið tekin ákvörðun um hlutafjárhækkun, og breyti því eigi, þótt þar hafi skort á nánari útfærslu hlutafjárhækkunarinnar.

II.

Fallast ber á þá úrlausn skiptaréttar, að áskrift nýrra hluta hafi ekki farið fram að öllu leyti samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 32/1978, en eins og í úrskurðinum greinir, getur áfrýjandi ekki borið það fyrir sig, að áskriftin sé óskuldbindandi af þeim sökum.

Hinn 27. ágúst 1987 tilkynnti stjórn Vogalax hf. til Hlutafélagaskrár þá ákvörðun sína að auka hlutafé félagsins um 50.000.000 króna. Verður við það að miða, að frestur til áskriftar hafi runnið út 27. ágúst 1988. Í hinum áfrýjaða úrskurði er lýst samningum þeim, sem Gísli V. Einarsson og Hörður Jónsson gerðu 16. júní 1988 við stjórn Vogalax hf. um kaup á eftirstöðvum hlutafjárútboðsins. Fjallaði annar um kaup þeirra á hlutabréfum fyrir 15.000.000 krónur að nafnvirði. Hinn var um skilyrtan kauprétt Gísla og Harðar á hlutabréfum að nafnverði 26.580.000 krónur. Samkvæmt 3. gr. þess samnings áttu kaupendur rétt á að ganga út úr kaupunum fyrir 1. október 1988, teldu þeir forsendur kaupanna vera brostnar. Það gerðu þeir ekki, og verður að telja, að áskrift að allri hlutafjárhækkuninni hafi tekist innan frestsins.

III.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, var hlutafjárhækkunin ekki tilkynnt til Hlutafélagaskrár, eins og gera skal samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 32/1978. Gísli V. Einarsson var kosinn í stjórn Vogalax hf. 13. maí 1988. Framkvæmdastjóri félagsins bar fyrir dómi, að Gísli hefði fylgst mjög náið með öllum rekstri félagsins, frá því að hann kom í stjórn þess. Þá var hann einnig í aðalstjórn Fjárfestingarfélags Íslands hf. frá 14. maí 1987 til 1. júní 1990. Fjár-

festingarfélagið átti meiri hluta hlutafjár í Vogalaxi hf., þar til Gísli og Hörður Jónsson keyptu hlutabréf í félaginu, en 23. maí 1990 keyptu þeir að auki hlutabréf Fjárfestingarfélagsins í félaginu. Gísli V. Einarsson gerði engar athugasemdir við framangreinda hlutafjárhækkun fyrr en 9. ágúst 1990, þegar hann krafðist endurgreiðslu á hlutafé því, sem hann hafði greitt. Hinn 17. sama mánaðar var bú Vogalax hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Sú skylda hvíldi á Gísla V. Einarssyni sem stjórnarmanni í Vogalaxi hf. frá 13. maí 1988 sem og öðrum stjórnarmönnum samkvæmt 52. gr. laga nr. 32/1978 að tilkynna til Hlutafélagaskrár, að hlutafjárhækkuninni væri lokið. Samkvæmt framansögðu er niðurstaða skiptaréttar staðfest og kröfu áfrýjanda hafnað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Það athugast, að óþarft var að kveðja til samdómendur í héraði, þar sem ágreiningur máls þessa er eingöngu um lagaatriði.

Dómsorð:

Lýstri kröfu áfrýjanda, Sundagarða hf., að fjárhæð 7.500.000 krónur, á hendur stefnda, þrotabúi Vogalax hf., er hafnað.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Gullbringusýslu 21. júní 1991.

I.

Inngangur.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 21. júní 1991. Málið, sem rekið er fyrir skiptarétti Gullbringusýslu, snýst um ágreining Sundagarða hf. og bústjóra og síðar skiptastjóra þrotabús Vogalax hf. um lýsta kröfu í búið. Krafan er að fjárhæð 15.010.385 kr., móttekin 26. 10. 1990, og hefur fengið númerið 88 í kröfuskrá.

Bústjórar búsins höfnuðu kröfu þessari og áréttuðu síðan afstöðu sína sem skiptastjórar á skiptafundi 5. 3. 1991. Var þá ákveðið, að sérstakt skiptaréttarmál yrði rekið um ágreininginn. Sóknaraðili eru Sundagarðar hf., en fyrirtækið leiðir rétt sinn frá Gísla V. Einarssyni. Varnaraðili er þrotabú Vogalax hf., og er skiptastjóri í fyrirsvari fyrir það.

II.

Dómkröfur.

Sóknaraðili mótmælir afstöðu skiptastjóra til kröfu nr. 88 á skrá um lýstar kröfur í þrotabú Vogalax hf. Krefst hann þess, að viðurkennd verði sem almenn krafa skv. 85. gr. l. nr. 3/1978 með síðari breytingum krafa sín að fjárhæð 7.500.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. l. nr. 25/1987 frá 22. 6. 1988 til greiðsludags. Er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól og dráttarvextir reiknist þannig af fjárhæðinni á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 22. 6. 1989. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar [...].

Varnaraðili krefst í fyrsta lagi sýknu af kröfum sóknaraðila. Til vara krefst hann þess, að vextir af kröfufjárhæð verði einungis reiknaðir frá 9. 9. 1990. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila [...].

– – –

[Sbr. úrskurð skiptaréttar Gullbringusýslu í málinu: Hörður Jónsson gegn þrotabúi Vogalax, bls. 2666 hér að framan.]

III.

Niðurstaða.

Ákvörðun um hlutafjárhækkun. Eins og að framan greinir, var tekin ákvörðun um hlutafjárhækkun í Vogalaxi hf. 15. 5. 1987. Það var gert á aðalfundi og ekki annað komið fram en til hans hafi verið boðað á lögmætan hátt. Upprunalegt hlutafé var 37.000.000 kr., og samkvæmt samþykktum var heimilt að hækka það um 20.000.000 kr. Fundurinn samþykkti að heimila stjórninni að hækka hlutaféð um 50.000.000 kr. Eitt af þrætueplum málsins er, hvort löglega hafi verið staðið að þessari ákvörðun.

Fyrir liggur, að fundurinn heimilaði stjórninni að hækka hlutaféð, en samþykktum félagsins var ekki formlega breytt, eins og tilskilið er í 35. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978. Framkvæmdastjóri Vogalax hf. sendi tilkynningu til Hlutafélagaskrár um þessa hækkun. Aðalfundurinn, sem jafnframt var hluthafafundur, var til þess bær að ákveða hækkun hlutafjár og fela stjórn félagsins framkvæmd hennar. Verður því að telja, að löglega hafi verið stofnað til aukningar hlutafjár.

Þótt skort hafi á nánari útfærslu hlutafjárhækkunarinnar, s. s. skiptingu í hlutaflokka og forgangsrétt hluthafa, verður það ekki talið skipta máli. Í samþykktum félagsins var kveðið á um þessi atriði, svo að hlutaðeigandi mátti vera kunnugt um, hvernig hækkuninni skyldi vera farið.

Áskrift að hlutafé. Aðferð sú, sem höfð var við áskrift hluta í félaginu, var ekki í samræmi við V. kafla hlutafélagalaga nr. 32/1978. Í fyrsta lagi var ekki útbúin sérstök áskriftarskrá, undirrituð af félagsstjórn, svo sem boðið er í 1. mgr. 32. gr. s. l. Í öðru lagi virðist áskrift hafa farið fram með því, að

gerðir voru samningar um hlutafjárkaup, eða með undirritunum á þar til gerð eyðublöð. Í 1. mgr. 32. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978 er gert ráð fyrir, að áskrift fari fram með sérstakri áskriftarskrá eða í fundargerðabók. Þrátt fyrir þessa annmarka þykir þessi ákvörðun um áskrift standast, enda var ekki mótmælt við ráðherra, svo sem 33. gr., sbr. 7. gr., hlutafélagalaga nr. 32/1978 áskilur.

Auk framangreindra atvika byggir sóknaraðili ógildingarkröfu sína á, að áskrift hafi ekki náðst að því lágmarki, sem ákveðið var. Eins og áður er rakið, telst hafa komist á bindandi kaupsamningur á milli sóknaraðila og hlutafélagsins auk skilyrts viðbótarkaupsamnings. Að vísu brugðust þær forsendur, sem viðbótarkaupsamningurinn var reistur á, en engu að síður voru aðrir útilokaðir frá hlutafjárútboðinu, og áskriftin gat því ekki tekist á annan hátt. Þar af leiðir, að áskrift tókst og enginn mótmælti. Mótmæli sóknaraðila síðar þykja of seint fram komin.

Skráning. Fallast má á það með sóknaraðila, að reglum um skráningu hafi ekki verið fylgt sem skyldi. Á hitt ber hins vegar að líta, að sóknaraðili var í stjórn Vogalax hf. frá 13. 5. 1988 og bar því að fylgjast með, að formreglum hlutafélagalaga nr. 32/1978 væri fylgt, sbr. 52. gr. s. l. Þá skyldu sína vanrækti sóknaraðili, hvað tilkynningu til Hlutafélagaskrár snerti skv. 2. mgr. 34. gr. l. nr. 32/1978, þ. e. að tilkynna Hlutafélagaskrá innan árs.

Stjórnarmenn í hlutafélögum geta almennt ekki borið fyrir sig misbrest á formreglum þeim, sem kveðið er á um í hlutafélagalögum nr. 32/1978. Bæði er, að þeim á að vera ljóst, hvaða ákvarðanir hafa verið teknar, og hitt, að formreglur laganna eru settar með það fyrir augum að vernda almenna hluthafa og viðskiptamenn, þ. e. a. s. þá, sem verða að treysta á upplýsingar frá Hlutafélagaskrá. Þær eiga ekki að vera skjól fyrir forsvarsmenn félaga sem jafnframt eru hluthafar. Ella væri þeim í lófa lagið að ná völdum í hlutafélögum, en beita lögunum sér í hag, eftir að í óefni er komið, og nýta sér þessar reglur til að verða lausir allra mála.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að kröfu sóknaraðila, nr. 88 á kröfulýsingarskrá, er algerlega hafnað. Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðili úrskurðaður til að greiða 170.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Úrskurð þennan kváðu upp Þorsteinn Pétursson, aðalfulltrúi skiptaráðanda, auk meðdómsmannanna Gunnars Aðalsteinssonar héraðsdómara og Magnúsar K. Hannessonar lektors.

Úrskurðarorð:

Kröfu nr. 88 á kröfulýsingarskrá í þrotabú Vogalax er algerlega hafnað. Sóknaraðili, Sundagarðar hf., greiði varnaraðila, þrotabúi

Vogalax hf., 170.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisauka-skattur.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 459/1993. **Birgir Snær Valsson**
(Jóhann Þórðarson hrl.)
gegn
dómsmálaráðherra f. h.
Landhelgisgæslu Íslands og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Skriflega flutt mál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1993. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndu verði dæmdir til að greiða sér 166.501,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1992 til greiðsludags, og verði dráttarvextir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júlí 1993. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast stefndu þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, var mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994.

Mál þetta var tekið til dóms í héraði að loknum munnlegum málflutningi 8. júní 1993. Dómur í því var kveðinn upp 20. október 1993, er fjórir mánuðir og tólf dagar voru liðnir frá munnlegum málflutningi. Í dóminum er ekki gefin önnur skýring á þessum óhæfilega langa drætti á uppkvaðningu hans en embættisannir dómara, og ekki kemur þar fram, að dómari og lögmenn aðila hafi verið á einu máli um, að ekki væri þörf á að endurflytja málið. Þessi dráttur á dómsuppsögu var brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, enda getur munnlegur málflutningur ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 364/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Steingrími Njálssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Þjófnaður. Bifreiðar. Umferðarlög. Svipting ökuréttar. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákæruvalds verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. maí 1994. Ákæruvaldið krefst þyngingar á refsingu ákærða svo og, að honum verði gerð enn frekari svipting ökuréttar.

Í hinum áfrýjaða dómi er ekki getið vínandamagns, sem mældist í blóði ákærða miðvikudaginn 23. desember 1992. Það mældist 1,52‰.

Fallist er á sakarmat í hinum áfrýjaða dómi með vísan til ofangreindrar niðurstöðu alkóhólrannsóknar og skírskotun til forsendna hans.

Frá árinu 1963 og fram að þeim tíma, er héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp, hefur ákærði hlotið 27 refsidóma, þar af 8 fyrir auðgunarbrot, síðast 6. nóvember 1986. Hann hefur 16 sinnum hlotið refsingu fyrir ölvun við akstur og auk þess verið sakfelldur fyrir fjölmörg brot gegn almennum hegningarlögum, áfengislögum, lögum um ávana- og fíkniefni og lögum um vernd barna og ungmenna. Síðast var ákærði dæmdur með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október sl. fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og var gæsluvarðhaldstími hans í tengslum við það mál í 34 daga látinn koma í stað refsingar. Var sá dómur hegningarauki við dóm þann, sem hér er til endurskoðunar. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og hinum langa sakaferli hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 2. og 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. nú lög nr.

44/1993. Þykir hún hæfilega ákveðin 4 ár og 6 mánuðir og telst frá birtingu héraðsdóms 23. mars 1994.

Með hliðsjón af 1. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykja ekki efni til að gera mun á málsvarnarlaunum og saksóknarlaunum í héraði. Ber því að dæma ákærða til greiðslu 60.000 króna í saksóknarlaun í héraði, en að öðru leyti er málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, eins og greinir í dómsorði.

Ákærði var fyrst yfirheyrður hjá lögreglu 20. apríl 1993 vegna ölvunarakstursins 23. desember 1992, og lögreglumenn þeir, sem höfðu afskipti af ákærða, voru yfirheyrðir 30. ágúst 1993. Er þessi dráttur á rannsókn málsins aðfinnsluverður.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur ökurétti í 4 ár og 6 mánuði frá 23. mars 1994.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest að öðru leyti en því, að ákærði skal greiða 60.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. desember sl., á hendur Steingrími Njálssyni, kt. 210442-3679, Laugarásvegi 24, Reykjavík, „fyrir eftirgreind brot:

1. Umferðarlagabrot með því að hafa undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R-39406, sem hér segir:

a) miðvikudaginn 23. desember 1992 frá olíustöðinni í Hvalfirði áleiðis norður þjóðveg nr. 1, þar til lögregla stöðvaði akstur hans við bæinn Beitistaði í Leirár- og Melahreppi í Borgarfirði,

b) laugardaginn 5. júní 1993 í Esbjerg í Danmörku Adgangsvej í norð-

vesturátt og áfram eftir H. E. Bluhmesvej, þar sem lögregla stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er brot ákærða samkvæmt ákærulið I, 2 varðar.

2. Þjófnað með því að hafa aðfaranótt fimmtudags 15. apríl 1993 brotist inn í söluskála Shell að Sleitustöðum í Skagafirði og stolið þaðan 15–20 pökkum af vindlingum, 5 súkkulaðipáskaeggjum, 1 kassa og 1 dós af konfekti og um 1.000 krónum í peningum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993".

II.

Málsatvik.

Ákæruliður I, 1.

Að morgni miðvikudagsins 23. desember 1992 var ákærði á leið úr Reykjavík vestur í Dali. Nálægt bæjunum Læk og Beitistöðum skammt norðan Akranessvegamóta höfðu lögreglumenn úr Borgarnesi afskipti af ákærða og færðu hann til skýrslutöku á lögreglustöðina í Borgarnesi. Þar var tekið blóðsýni af ákærða vegna grunar um, að ákærði hefði ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis.

Fyrir dómi bar ákærði, að hann hefði tekið bensín í Hvalfirði um morguninn í kolbrjáluðu veðri. Hann hefði síðan ekið af stað og ætlað vestur í Dali. Veðrið hefði versnað, þegar norðar dró, leiðslur að rúðuþurrkumótor og miðstöð hefðu brunnið og miðstöð og rúðuþurrkur orðið óvirkar. Hefði hann reynt að gera við þetta, en ekki tekist. Hann hefði hugsað sér að komast á næsta bæ, en það verið ógerlegt, þar sem veðrið hefði verið slæmt. Ákærði mundi ekki eftir að hafa mætt lögreglubifreið í akstri sínum. Hann kvað bifreið sína hafa verið stöðvaða, þegar lögreglubifreið renndi upp að hlið hennar. Ákærði kvaðst hafa byrjað að drekka áfengi til að halda á sér hita og ekki fyrr en hann sá, að sér tækist hvorki að gera við bílinn né komast í húsaskjól. Ákærði kvaðst ekki muna, hve mikið hann drakk, en taldi sig ekki hafa drukkið, eftir að lögreglan kom á staðinn. Ákærði kvaðst telja, að um klukkustund hefði liðið, frá því að bifreið sín stöðvaðist endanlega og þar til lögregla kom. Hann hefði þó þurft að stöðva bifreið sína oftsinnis á leiðinni, vegna þess að öryggin í bifreiðinni slógu út. Hann bar, að lögreglumaður sá, sem ekið hefði bifreiðinni til Reykjavíkur, hefði kvartað

um, að rúðuþurrkur verkuðu ekki, og svo mikið ólag hefði verið á rafkerfinu, að lögreglumanninum hefði reynst erfitt að drepa á bifreiðinni í ferðarlok, þrátt fyrir það að kveikjulásslykli væri snúið.

Lögreglumennirnir Þórður Sigurðsson og Kristvin Ómar Jónsson gáfu skýrslu fyrir dómi. Þeir báru báðir, að hringt hefði verið úr olíustöðinni í Hvalfirði í lögregluna í Borgarnesi og tilkynnt, að ölvaður ökumaður væri á norðurleið frá olíustöðinni á grænni Skóda-bifreið. Hefðu þeir þá ekið í suðurátt frá Borgarnesi og mætt grænni Skóda-bifreið skammt norðan Akranessvegamóta. Hefðu þeir þá snúið lögreglubifreiðinni við og stöðvað akstur Skóda-bifreiðarinnar skammt frá bæjunum Læk, Vogatungu og Beitistöðum, um einum km norðan Akranessvegamóta. Báðir lögreglumennirnir fullyrtu, að Skóda-bifreiðin hefði verið á ferð, þegar þeir mættu henni, og verið á ferð, allt þar til er þeir stöðvuðu akstur hennar. Þeir hefðu báðir haft ökumann bifreiðarinnar í sjónmáli, frá því að þeir stöðvuðu akturinn og þar til hann hefði verið kominn yfir í lögreglubifreiðina. Annar lögreglumannanna kvað fráleitt, að ökumaður hefði neytt áfengis, eftir að akstri lauk, en hinn kvaðst ekki hafa orðið var við það. Báðir báru, að áfengislykt hefði verið af ákærða.

Ákærði var færður til skýrslutöku á lögreglustöðina í Borgarnesi. Í skýrslu Kristvins Ómars Jónssonar lögreglumanns, sem dagsett er þennan sama dag og tímasett kl. 9.00, kemur fram, að aðspurður hafi ökumaður ekki kannast við að hafa verið að neyta áfengis. Einnig kemur þar fram, að í bifreið ákærða hafi fundist hálf flaska af íslensku brennivíni og um hálf 0,5 l kók-flaska. Í skýrslu um ölvun við akstur kemur fram, að ökumaður hafi óskað eftir, að Ragnar Aðalsteinsson hrl. yrði skipaður réttargæslumaður sinn. Ákærði fékkst ekki til að rita undir skýrsluna.

Ákærði neitaði, að sér yrði tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og varð að beita hann valdi til þess, að læknir gæti tekið honum blóð. Í skýrslu sinni fyrir dómi gaf ákærði þær skýringar á því, að hann hefði brugðist illa við, að hann hefði verið færður í fangaklefa. Þórður Sigurðsson yfirlögregluþjónn hefði komið til sín með skjal og beðið sig að undirrita það. Ákærði kveðst hafa viljað lesa það, en lögregluþjónninn sagt sér, að hann ætti ekki að lesa það, heldur bara að skrifa undir. Sér hefði því verið orðið þungt í skapi, þegar kom að því, að taka átti sér blóð. Ákærði kveður lögregluþjóna hafa verið með svívirðingar og hótanir í sinn garð.

Þar sem réttargæslumaður fékkst ekki í Borgarnesi, var ákveðið að flytja ákærða til Reykjavíkur. Var bifreið ákærða ekið áleiðis til Reykjavíkur, en lögreglumenn úr Reykjavík komu á móti, og ók Ágúst Svansson, lögreglumaður úr Reykjavík, bifreið ákærða þangað.

Um ákærulið I, 2.

Hinn 5. júní 1993 kom ákærði til Esbjerg í Danmörku með skipinu Norrænu og hafði bifreið sína, R-39406, Skóda, árgerð 1977, meðferðis og einnig kerru. Frá Esbjerg ók ákærði bifreið sinni um kvöldið eftir Adgangsvej í norðvesturátt og síðan eftir H. E. Bluhmesvej, þar til lögregla stöðvaði aksturinn og færði ákærða á lögreglustöð. Blóðsýni var tekið af ákærða og það rannsakað á réttarefnafræðistofu Kaupmannahafnarháskóla með gasgreiningaraðferð á súlu. Samkvæmt vottorði rannsóknastofunnar, dagsettu 12. júní 1993, mældist meðalgildi alkóhóls vera 1,665‰, en minnsta gildi, sem leggja má til grundvallar við matið, 1,57‰.

Fyrir dómi kannaðist ákærði við, að danskir lögregluþjónar hefðu stöðvað akstur sinn, þar sem hann var að koma frá borði ferjunnar Norrænu í akstri á Adgangsvej í norðvesturátt og áfram til H. E. Bluhmesvej, eins og í ákæru greinir, en kvaðst ekki hafa fundið fyrir neinum áfengisáhrifum. Ákærði kvað lögreglu hafa ekið á eftir sér þó nokkra stund, en síðan stöðvað aksturinn og sett út á búnað kerru, sem ákærði hafði aftan í bifreið sinni. Hefði lögreglan bent sér á að aka á eftir sér á lögreglustöð. Ákærði kvað blóðsýni hafa síðan verið tekið af sér á lögreglustöðinni. Hann kvaðst hafa óskað eftir túlki og verjanda, en ekki fengið.

Ákærði kvaðst hafa neytt áfengis nóttina áður en hann var tekinn; eingöngu hefði verið um að ræða bjór, en hann vildi ekki fullyrða, hversu mikið það hefði verið. Ákærði kvaðst ekki muna eftir, hvenær hann hefði hætt áfengisneyslu, en það hefði verið löngu áður en hann kom í land. Hann kvað það vera rangt í skýrslu danskra lögreglumanna, að hann hefði neytt áfengis að morgni 5. júní 1993.

Ákærði kvað bifreið sinni hafa verið ekið frá borði af starfsmanni skipsins og því ósatt það, sem fram komi í framburði tollvarðar í lögregluskýrslu, að hann hefði ekið bifreið sinni frá borði.

Ákærði kveður poka sínum með rúmfatnaði og tolli hafa verið stolið, og hefði hann beðið starfsmenn skipsins að hringja á lögreglu. Hann hefði beðið eftir, að lögregla kæmi, en hún ekki komið. Ákærði kvaðst hafa hafið akstur, löngu eftir að hann kom frá borði, en man ekki, hve langur tími leið. Hann kvaðst hafa ekið bifreið sinni á lögreglustöðina.

Ákærði var spurður, hvort hann vefengdi niðurstöður danskrar alkóhólmælingar, sem lægi frammi í málinu. Hann kvaðst ekki vita, hvað hann ætti um það að segja, en talið sig fullfæran um að aka bifreiðinni og ekki fundið til áfengisáhrifa. Ákærði kvað mjög hæpið, að niðurstaða blóðrannsóknarinnar gæti verið rétt.

Um ákærulið II.

Aðfaranótt fimmtudags 15. apríl sl. var ákærði á ferð á bifreið sinni í Skagafirði og ætlaði að heimsækja systur sína, sem býr að Skúfsstöðum í Hjaltadal. Er hann átti um 10 km ófarna að Skúfsstöðum, varð bifreið hans bensínlaus, nálægt bænum Sleitustöðum í Hólahreppi. Gekk ákærði að söluskála Shell við bæinn Sleitustaði, spennti upp opnanlegt gluggafag á suðurhlið og komst inn. Tók ákærði á brott með sér 15–20 pakka af vindlingum, 5 súkkulaðipáskaegg, 1 kassa og 1 dós af konfekti og um 1.000 krónur í peningum.

Ákærði bar fyrir dómi, að hann hefði spennt upp glugga og farið inn í söluskálann í þeim tilgangi að komast í síma, en ekki fundið neinn síma til að hringja í. Ákærði kvaðst hafa bætt eiganda söluskálans tjón hans og þar með talið, að málið væri úr sögunni.

III.

Niðurstaða.

Ákæruliður I, 1.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis umrætt sinn og hefur borið því við, að hann hafi lent í vandræðum með rúðuþurrkur og miðstöð í vonskuveðri og af þeim sökum orðið að nema staðar. Hann hafi haldið kyrru fyrir í bifreið sinni í um klukkustund, áður en lögregla hafði afskipti af sér, og á þeim tíma neytt áfengis.

Samkvæmt lögregluskýrslu, dagsettri 23. desember 1992, hafði lögreglan í Borgarnesi afskipti af ákærða um kl. 9.00 um morguninn, blóðsýni verið tekið af ákærða kl. 10.54 og skýrslutöku af ákærða lokið kl. 11.05.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður þannig í Reykjavík og á Grundartanga fyrrnefndan dag:

Dags.	Tími	Vindátt og veðurhæð	Mest veðurhæð milli athugana	Veður	Skyggni km	Hiti C°	Hviða, hnútar
Reykjavík							
23. 12.	09	S 5	7	Hagl	3	–1,8	45
	12	S 6	7	Snjó- eða slydduél á síðustu klst.	12	–2,7	47
Grundartangi							
23. 12.	09	SV 4		Úrkomulaust á ath-tíma	4–10	–19 (sic).	

Lýsingu ákærða á veðri umræddan dag ber ekki saman við vottorð

Veðurstofu Íslands um veður á tveimur athugunarstöðum í grennd við þann stað, sem lögregla hafði afskipti af ákærða um kl. 9.00. Grundartangi er í innan við 10 km fjarlægð frá þeim stað, sem lögregla hafði afskipti af ákærða. Eins og að ofan greinir, voru 4 vindstig á suðvestan á Grundartanga kl. 9.00 þennan dag, úrkomulaust á athugunartíma og skyggni 4–10 km. Vitnið Þórður Sigurðsson lögreglumaður bar fyrir dómi, að á umræddum tíma hefði verið hægur vindur, slydduhríð og ekki mikið frost. Ekki hefði verið kalt miðað við árstíma. Kristvin Ómar Jónsson lögreglumaður, sem ók bifreið ákærða að lögreglustöðinni í Borgarnesi, bar, að éljagangur hefði verið á vestan umrætt sinn, og því hlyti hann að hafa notað rúðuþurrkur bifreiðarinnar, þótt hann myndi það ekki sérstaklega. Hann hefði ekki fundið neitt athugavert við bifreiðina og hún verið vel ökuhæf.

Ágúst Svansson lögreglumaður bar fyrir dómi, að hann hefði farið á móti lögreglunni í Borgarnesi umræddan dag og síðan ekið bifreið ákærða til Reykjavíkur. Hann kvað sig ekki muna eftir neinu sérstöku við ferðina. Aksturinn til Reykjavíkur hefði gengið vel og bifreiðin verið mjög góð. Vitnið kvaðst ekki muna eftir, hvort rúðuþurrkur bifreiðarinnar hefðu verið í lagi. Vitnið kvað sig ráma í, að eitthvað hefði verið athugavert við miðstöð bifreiðarinnar, en langt væri um liðið, og því myndi hann það ekki vel. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því, hvernig veðrið var, og ekki eftir neinu sérstöku, þegar hann drap á bifreiðinni í Reykjavík.

Framburður ákærða um, að hann hafi þurft að stöðva bifreiðina vegna vonskuveðurs og erfiðleika við rafkerfi bifreiðarinnar, er í engu samræmi við framburð tveggja lögreglumanna, sem óku bifreiðinni vandræðalaust síðar um daginn. Með hliðsjón af vottorði Veðurstofu Íslands og framburði lögreglumanna um veður umrætt sinn og ástandi bifreiðar ákærða er framburður hans um klukkustundardvöl í kyrrstæðri bifreiðinni við áfengisdrykkju ótrúverðugur.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 20. apríl 1993 bar ákærði, að hann hefði komið við í Hvalfirði til að taka bensín og síðan haldið áfram. Ákærði hefur ekki breytt þessum framburði sínum. Samkvæmt framburði lögreglumanna fyrir dómi var lögreglunni í Borgarnesi tilkynnt um ölvaðan ökumann á grænni Skóda-bifreið, sem væri að aka í norðurátt frá olíustöðinni í Hvalfirði. Þar sem Akranessvegamót eru mjög nálægt því að vera miðja vega milli olíustöðvarinnar í Hvalfirði og Borgarness, er frásögn lögreglumanna um aðdraganda þess, að þeir höfðu afskipti af ákærða, mjög trúverðug.

Lögreglumennirnir Þórður Sigurðsson og Kristvin Ómar Jónsson hafa báðir borið, að bifreið ákærða hafi verið á hreyfingu, er þeir mættu henni

skammt norðan Akranessvegamóta, og að hún hafi verið á ferð, allt þar til þeir stöðvuðu aksturinn. Þá hafi þeir haft ákærða í sjónmáli, frá því er bifreið ákærða var stöðvuð og þar til hann var kominn í lögreglubifreiðina, og hafi ákærði ekki bragðað áfengi á þeim tíma. Ekkert þykir hafa komið í ljós, sem dragi úr trúverðugleika framburðar lögreglumannanna.

Með framburði fyrrnefndra lögreglumanna þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að ákærði hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis umrætt sinn og þar með gerst sekur um brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákæruliður I, 2.

Ákærði hefur borið fyrir dómi að hafa neytt áfengis um borð í Norrænu aðfaranótt laugardags 5. júní 1993 á leið skipsins frá Seyðisfirði til Esbjerg í Danmörku. Hann kvaðst eingöngu hafa drukkið bjór, en vildi ekki fullyrða, hversu mikið. Hann hefði hætt áfengisneyslu, löngu áður en kom í land, en mundi ekki, hvenær. Þá hefur hann viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni, svo sem lýst er í ákæru, í norðvesturátt eftir Adgangsvej og áfram eftir H. E. Bluhmesvej, þar sem lögreglumenn stöðvuðu aksturinn og bentu honum á að fylgja sér á lögreglustöð, þar sem blóðsýni var tekið af honum. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Esbjerg var akstur ákærða stöðvaður kl. 22.26.

Svo sem fyrr er nefnt, var blóðsýnið rannsakað á réttarefnafræðistofu Kaupmannahafnarháskóla með gasgreiningaraðferð á súlu. Samkvæmt vottorði rannsóknastofunnar, dagsettu 12. júní 1993, mældist meðalgildi alkóhóls vera 1,665‰, en minnsta gildi, sem leggja má til grundvallar við matið, 1,57‰.

Lögreglumenn þeir, sem höfðu afskipti af ákærða og rituðu skýrslur þær, sem lagðar hafa verið fram í málinu, hafa ekki verið kvaddir fyrir dóm. Með vísan til meginreglu 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991 verður ekki byggt á þeim skýrslum, og þykir undantekningarákvæði 3. mgr. ekki eiga við í þessu máli. Verður því að miða við framburð ákærða sjálfs fyrir dómi.

Ákærði hefur ekki þrætt fyrir, að blóðsýni það, sem tekið var af honum, hafi verið það, sem rannsakað var af réttarefnafræðistofu Kaupmannahafnarháskóla og í reyndust 1,57‰ (sic) alkóhóls. Númeri á vottorðinu ber saman við númer lögregluskýrslu. Rannsóknarmaður sá, sem vottorð þetta stafar frá, hefur ekki komið fyrir dóminn. Vottorð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í efnafræði um niðurstöður alkóhólrannsókna hafa lengi verið lögð til grundvallar í ölvunarakstursmálum hér á landi, án þess að viðkomandi rannsóknarmenn séu kallaðir fyrir dóm til að staðfesta vottorð sín.

Með hliðsjón af ákvæði 52. gr. laga nr. 19/1991 þykir mega leggja umrætt vottorð hinnar dönsku rannsóknastofu til grundvallar, og þykir meginregla 1. mgr. 48. gr. sömu laga ekki standa því í vegi. Ákærði hefur viðurkennt áfengisneyslu á sama sólarhring og blóðsýnið var tekið, og ekkert er fram komið, sem dregið geti úr trúverðugleika rannsóknarniðurstöðunnar.

Með framburði ákærða sjálfs fyrir dómi um aðdraganda þess, að hann var stöðvaður af lögreglunni í Esbjerg í Danmörku að kvöldi 5. júní 1993, og niðurstöðu alkóhólrannsóknar á blóðsýni, sem tekið var af ákærða, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis umrætt sinn og þar með brotið gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæruliður II.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í fyllsta samræmi við fram lagðar lögregluskýrslur og önnur gögn, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, sem honum er gefið að sök í ákæru og er þar réttilega heimfært undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Viðurlög.

Brotaferill ákærða nær aftur til ársins 1959. Samkvæmt sakavottorði hefur hann hlotið 8 refsidóma fyrir auðgunarbrot, síðast 6. nóvember 1986, en auk þess gerst sekur um fjölmörg brot gegn 155., 157., 194., 1. mgr. 200., 202., 1. mgr. 103., 209. og 226. gr. almennra hegningarlaga, lögum um vernd barna og ungmenna, áfengislögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Þá hefur ákærða 12 sinnum verið refsað fyrir ölvunarakstur. Ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi 23. mars 1974, en veitt heimild til ökuleyfis að nýju 31. október 1988. Ákærði gekkst undir sátt 30. október 1991 um sviptingu ökuréttar í 12 mánuði vegna brots á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Brotum ákærða hefur fækkað mjög á allra síðustu árum.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa til hliðsjónar, að þjófnaðarbrot ákærða var ekki stórfellt og ákærði mun hafa náð samkomulagi við eiganda söluskálans að Sleitustöðum um bætur vegna þess tjóns, sem hann varð fyrir. Á hinn bóginn verður að líta til sakaferils ákærða. Með hliðsjón af þessu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Með hliðsjón af 2. mgr. 101. gr. og 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993, ber að svipta ákærða ökurétti í 3 ár og 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Loks greiði ákærði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Kristjánssonar hdl., 60.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur.

Dóm þennan kveður upp Sigurður T. Magnússon, settur héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákærði er sviptur ökurétti í 3 ár og 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Kristjánssonar hdl., 60.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 kr.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 384/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Karli Magnúsi Karlssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og var því af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. júlí 1994. Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að ákærði verði dæmdur til greiðslu saksóknarkostnaðar til jafns við málsvarnarlaun. Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvalds.

Ákærði var handtekinn á heimili sínu, skömmu eftir að ætlaður akstur hans var tilkynntur lögreglu. Í hinum áfrýjaða dómi er sakfelling ákærða byggð á framburði tveggja manna, en aðeins annar þeirra var yfirheyrður fyrir dómi. Ekki var til að dreifa öðrum, sem borið gátu um akstur ákærða. Ákærði hefur staðfastlega neitað sök. Samkvæmt þessu er ekki komin fram lögfull sönnun þess, að ákærði hafi gerst sekur um það brot, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu. Með vísan til þess og 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er hann því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærða, eins og greinir í dómsorði.

Við meðferð málsins var ákærða ekki kynntur framburður þeirra, sem komu fyrir dóm, en hann vék frá eftir skýrslutöku sína, áður en aðrar yfirheyrslur hófust. Er þessi meðferð andstæð grundvallarreglum laga nr. 19/1991, sbr. 2. mgr. 122. gr. og 4. mgr. 129. gr. laganna.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Magnús Karlsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur, og skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 16. maí 1994.

Ár 1994, mánudaginn 16. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-132/1994: Ákæruvaldið gegn Karli Magnúsi Karlssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. maí sl., er höfðað með ákæru sýslumannsins í Keflavík 21. mars 1994 á hendur Karli Magnúsi Karlssyni, kt. 200470-5679, Hafnargötu 47, Keflavík, „fyrir ölvunarakstur með því að hafa aðfaranótt miðvikudags 19. janúar 1994 ekið bifreiðinni R-40434 undir áhrifum áfengis, en ákærði Þórir ók frá Heiðarholti 14 í Keflavík að heimili ákærða Karls, þaðan að veitingastaðnum Strikinu, Hafnargötu 37, og aftur að Heiðarholti 14. Ákærði Karl ók bifreiðinni frá Heiðarholti 14 að Aðalstöðinni hf. við Hafnargötu 86 og aftur að Heiðarholti 14 og síðan í morgunsárið enn á ný að Aðalstöðinni hf. (mál nr. 94.0144A-C).

Brot ákærða Þóris telst varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en ákærða Karls við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, sbr. 100. gr. umferðarlaga, og sviptingar ökuréttar, sbr. 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga".

Málavextir.

Miðvikudaginn 19. janúar 1994 kl. 06.20 barst lögreglunni í Keflavík tilkynning um, að ökumaður bifreiðarinnar R-40434 væri ölvaður á Hafnargötu í Keflavík. Lögreglan fór á staðinn og kom að bifreiðinni kyrrstæðri við hús nr. 45 við Hafnargötu. Í ökumannssæti sat Þórir Örn Þórisson, kt. 051076-5249, Kambaseli 43, Reykjavík, og í farþegasæti Jón Þórhallsson, kt. 091169-3989, Heiðarholti 14, Keflavík. Viðurkenndi Þórir strax akstur undir áhrifum áfengis, en báðir sögðu þeir, að félagi þeirra, Karl Magnús Karlsson, ákærði í máli þessu, hefði ekið bifreiðinni fyrr um kvöldið. Væri hann nýfarinn úr bifreiðinni og heim til sín að Hafnargötu 47. Var ákærði sóttur,

og var þeim öllum tekið blóð til alkóhólákvörðunar, en að því búnu færðir í fangaklefa.

Ákæra var gefin út á hendur Karli Magnúsi og Þóri, og lauk máli Þóris með viðurlagaákvörðun. Ákærði Karl Magnús hefur hins vegar staðfastlega neitað sök og tók til varnar í máli þessu.

Aðdragandi að málinu var sá, að Jón og Þórir Örn sátu að drykkju heima hjá Jóni. Kom þá ákærði í heimsókn ásamt konu og barni, og ákváðu þeir félagar að fara saman á veitingastað. Fóru ákærði og fjölskylda hans heim til sín, en þeir Jón og Þórir ætluðu að sækja ákærða síðar um kvöldið á bifreið Jóns. Segja þeir Jón og Þórir, að Þórir hafi ekið bifreiðinni í þetta skipti, en ákærði segir, að Jón hafi setið undir stýri, þegar hann kom út í bifreiðina, og Jón hafi ekið á veitingastaðinn. Kona ákærða kom fyrir dóm og sagði, að hún hefði litið út um gluggann og séð, að Jón sat undir stýri.

Eftir „pöbbarölt" í bænum héldu þeir heim til Jóns, og ber þeim öllum saman um, að Þórir hafi ekið í það skipti. Þegar þangað var komið, ákváðu þeir að kaupa áfengi hjá leigubifreiðarstjóra á Aðalstöðinni í Keflavík. Jón og Þórir segja, að ákærði hafi ekið á Aðalstöðina og heim til Jóns aftur. Ákærði segir, að Þórir hafi ekið þessa leið.

Undir morgun, er flaskan var tóm, vildi ákærði fara heim til sín. Fóru þeir enn á bifreiðinni, og segja Jón og Þórir, að ákærði hafi ekið þessa leið með viðkomu á Aðalstöðinni, þar sem keyptar voru samlokur og sígarettur. Aftur á móti segir ákærði, að Þórir hafi ekið alla leiðina. Þeir Jón og Þórir segja, að Þórir hafi ætlað að taka við akstrinum, er heim til ákærða var komið, og þess vegna hafi hann setið undir stýri, þegar lögreglan kom.

Hjá lögreglu voru þeir allir samprófaðir, og bar Jóni og Þóri saman í öllum atriðum.

Starfsstúlka á Aðalstöðinni, sem afgreiddi þá, var fengin til að skoða myndir úr safni lögreglunnar, ef vera kynni, að hún þekkti manninn aftur, sem ók í síðustu ökuferðinni. Hún treysti sér þó ekki til þess, og voru verjandi og ákærandi sammála um, að tilgangslaust væri að taka skýrslu af henni fyrir dómi.

Tengslum þeirra félaga var þannig háttað, að Þórir og Jón voru kunningjar til þriggja ára. Jón og ákærði unnu saman og höfðu þekkst í um fjóra mánuði. Þórir og ákærði hittust í fyrsta sinn þetta kvöld.

Niðurstaða.

Framburður Jóns og Þóris er samhljóða í öllum atriðum. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem geri framburð þeirra ótrúverðugan. Að vísu ber ákærði og kona hans, að Jón hafi ekið í fyrstu ökuferðinni, er ákærði var sóttur heim til sín, en það misræmi í framburði þykir ekki það mikið, að til

sýknu leiði. Ekki hefur heldur komið fram í málinu, að Jón og Þórir hafi haft ástæðu eða ávinning af því að koma sök á ákærða. Þykir framburður þeirra hafa verið stöðugur og trúverðugur, og ber því að leggja hann til grundvallar. Þykir því sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru og þar eru rétt færð til refsiákvæða.

Ákærði hefur einu sinni áður sætt refsingu og þá fyrir ölvunarakstur. Var hann sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 8. maí 1993 með sátt 13. júlí 1993. Sátt þessi hefur ítrekunaráhrif í máli þessu. Verður ákærði því dæmdur til greiðslu sektar, að fjárhæð 45.000 kr., og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu. Samkvæmt 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber að svipta ákærða ökuleyfi í 2 ár frá dómsbirtingu að telja.

Ákærði greiði sinn hluta af kostnaði sektarinnar, 5.843 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Vilhjálms Þórhallssonar hrl., 40.000 kr., og saksóknarlaun, sem renna í ríkissjóð, 20.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Magnús Karlsson, greiði 45.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 2 ár frá dómsbirtingu að telja.

Ákærði greiði sinn kostnað sakarinnar, 5.843 kr., 40.000 kr. í málskostnað til Vilhjálms Þórhallssonar hrl. og 20.000 kr. í saksóknarlaun.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 2/1993. **Davíð Hermannsson og**
Ólafía Guðmundsdóttir
(Guðmundur Kristjánsson hrl.)
gegn
Jónu Karólínu Karlsdóttur
(Agnar Gústafsson hrl.)
og gagnsök

Fasteignakaup. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason, Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1993. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1993. Kröfur hans eru þessar:

Aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða 676.900 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. október 1991 til greiðsludags. Til skuldajafnaðar við þá kröfu komi 250.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá 15. júlí 1991 til greiðsludags. Enn fremur verði aðaláfrýjendur dæmdir til að gefa út afsal til gagnáfrýjanda fyrir þriggja herbergja risíbúð fasteignarinnar nr. 7 við Vitastíg í Hafnarfirði. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða 538.900 krónur, en að öðru leyti eru sömu kröfur gerðar í varakröfu sem í aðalkröfu.

Til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Í gögnum málsins kemur fram, að aðaláfrýjendur áttu risíbúð að Vitastíg 7 í Hafnarfirði í nokkur ár, áður en samningur komst á við gagnáfrýjanda um kaup hans á íbúðinni. Fyrir dómi hefur aðaláfrýjandinn Davíð upplýst, að hann hafi sjálfur skoðað húsið mjög vel, áður en þau hjónin eignuðust íbúðina á sínum tíma. Hafi hann þá fengið tvo byggingarfróða menn, smið og múrara, til að skoða húsið með sér. Hafi þeir meðal annars skoðað geymsluloft, sem tilheyrir íbúðinni, en í matsgerð dómkvaddra matsmanna 9. október 1991 kemur fram, að á loftinu sjáist hleðslusteinar úr vikri í göflum hússins, og séu þeir ómúraðir og óeinangraðir. Samkvæmt þessu verður lagt til grundvallar, að er aðaláfrýjendur seldu íbúðina í október 1990, hafi þeir mátt vita, að útveggir hússins voru úr vikursteini.

II.

Hulda Haraldsdóttir, eigandi neðri hæðar hússins, hefur borið fyrir dómi, að henni hafi frá upphafi verið ljóst, hvert byggingarefni hússins væri. Hún hefur enn fremur skýrt frá því, að ráðagerðir hafi verið uppi milli hennar og aðaláfrýjenda um að setja klæðningu á suðausturgafl hússins vegna mikils vatnsleka inn um vegginn. Af þessu hafi ekki orðið þá vegna mikils kostnaðar, sem hún treysti sér ekki til að axla að sínum hluta. Þess í stað hafi sumarið 1988 verið farið út í að gera við sprungur á húsgaflinum með þéttiefnum. Ekki hafi fagmenn þó gert þetta, heldur hafi aðaláfrýjandinn Davíð framkvæmt viðgerðina að mestu. Hefur hún jafnframt borið, að öllum eigendum hússins hafi verið ljóst, að þessi viðgerð væri einungis til bráðabirgða.

Gagnáfrýjandi hefur skýrt svo frá, að við skoðun sína á húsinu fyrir kaupin hafi mátt sjá, að sprunguviðgerðir höfðu farið fram á suðausturgaflinum. Kveður hann aðaláfrýjendur hafa fullyrt, að ekki hafi borið á leka eftir viðgerðirnar, og staðfesta aðaláfrýjendur að hafa viðhaft þau ummæli. Segist gagnáfrýjandi hafa treyst þeim upplýsingum. Hafi honum ekki verið ljóst fyrr en eftir, að leki kom fram í íbúðinni um það bil tveimur vikum eftir afhendingu hennar, að byggingarefni hússins væri vikursteinn. Fram að því hafi gagnáfrýjandi talið húsið vera steinsteypt, en við kaupin lá fyrir lýsing á eigninni á svokölluðu söluyfirliti fasteignar hjá hlutaðeigandi fast-

eignasala, þar sem skráð var „steinhús“ við reit, er tilgreindi byggingarefni hússins.

III.

Í niðurstöðum hinna dómkvöddu matsmanna kemur fram, að orsök lekans á húsgaflinum sé sú, að múrhúðun sé þar ónýt og lek. Þar sem veggir séu hlaðnir, sé mun hættara við, að vatn gangi í gegnum þá, heldur en ef veggur er steinsteyptur. Hleðslusteinn drekki í sig vatn og haldi í sér raka. Við skoðun hafi komið í ljós, að sprunguviðgerð hafi verið framkvæmd á gaflvegg, en hún hafi ekki tekist sem skyldi. Múrhúðun sé víða laus, en fyrir dómi hefur annar matsmannanna jafnframt sagt, að múrhúðun á húsum sem þessu vilji gjarnan losna af hleðslusteininum.

IV.

Í ljósi þess, sem að framan greinir, var rík ástæða til þess, að aðaláfrýjendur gæfu gagnáfrýjanda fullnægjandi upplýsingar fyrir kaupin um byggingarefni hússins, svo að unnt væri að leggja mat á líkur fyrir varanleik viðgerðanna á réttum forsendum. Gagnáfrýjandi hafði réttmæta ástæðu til að ætla, að húsið væri steinsteypt, er kaupin fóru fram. Með því að veita ekki þessar upplýsingar hafa aðaláfrýjendur því ekki rækt skyldur sínar við fasteignakaupin með þeim hætti, sem ætlast mátti til af þeim. Ber að fallast á það með gagnáfrýjanda, að eignin hafi ekki haft þá eiginleika, sem gagnáfrýjandi mátti við kaupin telja, að hún hefði, og að bótaskylda aðaláfrýjenda sé því fyrir hendi, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, með lögjöfnun, enda hefur gagnáfrýjandi frá upphafi haldið fram rétti til skaðabóta. Þykir mega fallast á þær bótafjárhæðir, sem lagðar eru til grundvallar í héraðsdómi, og er þá jafnframt fallist á forsendur héraðsdóms um ætlaðan verðmun á hlöðnu húsi og steinsteyptu.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur og aðaláfrýjendum gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Davíð Hermannsson og Ólafía Guðmunds-

dóttir, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Jónu Karólínu Karlsdóttur, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 14. október 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. október 1992, hefur Jóna Karólína Karlsdóttir, kt. 010658-3229, Vitastíg 7, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnum, birtum 20. mars 1992, á hendur hjónunum Davíð Hermannssyni, kt. 191261-2249, og Ólafíu Guðmundsdóttur, kt. 080962-5259, Klukkubergi 8, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að „stefndu verði in solidum dæmd til þess að greiða henni 676.900 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9/10 1991 til greiðsludags. Þess er krafist, að áföllnum dráttarvöxtum verði bætt við þann höfuðstól, sem vextirnir reiknast af, á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 9/10 1992.

Til skuldajafnaðar ofangreindri kröfu stefnanda komi 250.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15/7 1991 til greiðsludags, og bætist dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 15/7 1992.

Þá er þess krafist, að stefndu verði dæmd til þess að gefa út afsal til stefnanda fyrir þriggja herbergja risíbúð hússins nr. 7 við Vitastíg, Hafnarfirði, í samræmi við kaupsamning aðila, dags. 8/10 1990.

Krafist er málskostnaðar [...].

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur, að þau „verði alsýknuð af öllum fjárkröfum stefnanda og að hún verði dæmd til að greiða þeim allan málskostnað [...]. Af þessari kröfugerð leiðir að sjálfsögðu, að stefndu verði sýknuð af skuldajafnaðarkröfu stefnanda, og er þess reyndar krafist, að hún greiði þeim nú þegar 250.000 kr. auk dráttarvaxta frá 15. 7. 1991 ... Af þessari kröfugerð stefndu leiðir, að skuldajöfnuður sá, er greinir í stefnu, kemur ekki til álita. Hins vegar fallast þau á útgáfu þar greinds afsals til stefnanda, en eðlilega þó aðeins gegn greiðslu hennar á 250.000 kr. auk ársdráttarvaxta skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. 7. 1991 til greiðsludags og þá með höfuðstólsfærslu vaxtanna, fyrst 15. 7. 1992 og síðan árlega".

II.

Húsið að Vitastíg 7 í Hafnarfirði, sem reist var á árunum 1945 til 1947 eða þar um bil, er hlaðið úr vikursteinum á steyptan kjallara og múrhúðað. Þrjár íbúðir eru í húsinu, í risi, á hæð og í kjallara, en þar er einnig sameiginleg þvottaaðstaða og geymsla.

Með kaupsamningi, dagsettum 8. október 1990, keypti stefnandi af stefndu íbúðina á rishæðinni og fékk hana afhenta í samræmi við ákvæði

kaupsamnings 1. desember sama ár. Samkvæmt vottorði Fasteignamats ríkisins er íbúðin 63,6 fermetrar.

Það er tilefni máls þessa, að um einum og hálfum mánuði eftir kaupin, þ. e. um miðjan janúar 1991, segir stefnandi raka og síðar verulegs vatnsinngangs eða leka hafa farið að gæta um suðausturgafl á húsinu. Kveðst hún hafa kvartað við seljendur og hélt eftir 250 þúsund krónum af síðustu greiðslu kaupverðs 15. 7. 1991, en kaupverðið var 4.340.000 kr., þar af 3.403.973 kr. útborgun á 7½ mánuði, en 936.027 kr. yfirtekin lán Byggingasjóðs ríkisins.

Ekki tókust samningar með aðilum, og 15. ágúst 1991 ritaði lögmaður stefnanda matsbeiðni, þar sem óskað er skoðunar og mats á:

„1. Af hverju raki og leki í íbúðinni stafar, hvernig best sé að koma í veg fyrir raka og leka framvegis og hversu mikið nauðsynlegar breytingar muni kosta.

2. Meta til fjár kostnað við að gera við þær skemmdir, sem orðið hafa innan húss vegna rakans og lekans. Er óskað sundurliðunar á kostnaðinum.

3. Meta til fjár verðrýrnun íbúðarinnar vegna þess, að húsið er byggt úr vikursteini, en er ekki steypt."

Matsmenn voru dómkvaddir 26. ágúst, og fór matsfundur fram 9. september 1991 að viðstöddum aðilum og lögmanni stefnanda. Í matsgerð segir:

„Skoðun og ástandslýsing. Vitastígur 7 er kjallari, hæð og ris, og er teikning gerð af Sigurði Guðmundssyni og dagsett 1945. Útveggir hússins eru úr vikurhleðslusteini, en gólf milli hæða eru steinsteypt.

Húsið er múrhúðað að utan. Á suðurgafli hafa verið framkvæmdar sprunguviðgerðir. Búið var að brjóta múrhúðun af hluta á suðvesturhorni hússins. Þar kemur greinilega í ljós, að húsið er hlaðið (ljósmynd 4). Á þaki hússins eru asbestskífur, sem greinilega þarfnast endurnýjunar og viðhalds. Á nokkrum stöðum vantar skífur.

Skoðun íbúðar í risi. Við skoðun í eldhúsi (ljósmynd 1) er málning mikið bólgnuð upp á suðurvegg niðri við gólf, en að sögn Jónu hafði hún málað vegginn, eftir að hún keypti íbúðina. Enn fremur er skemmd í málningu á hluta milliveggjar niðri við gólf. Á gólfi er dúkur.

Við skoðun í stofu er ljóst, að parket er ónýtt vegna leka, en að sögn Jónu var parket heilt, þegar kaup voru gerð. Suðurveggur er klæddur með panilklæðningu og málaður. Ekki eru sjáanlegar skemmdir á panilklæðningu né málningu, en panilklæðning er fest á lista á útvegg og því ekki hægt að sjá verksummerki þar á bak við, nema klæðning yrði rifin frá. Matsmenn telja ekki ástæðu til, að það verði gert.

Við skoðun uppi á hanabjálka eru hleðslusteinar úr vikri í göflum og þeir

ómúraðir og óeinangraðir. Ekki sáust merki um leka við skoðun á matsfundi.

Skoðun íbúðar á jarðhæð. Í eldhúsi eru miklar raka- og lekaskemmdir á suðurvegg (ljósmynd 2). Að sögn íbúðareiganda var íbúðin keypt í því ástandi, það er, að vitað var um lekann, og tekið tillit til þess í söluverði.

Í stofu eru merki um leka í lofti við suðurvegg (ljósmynd 3). Á gólfi er spónaparket, en það er ónýtt vegna vatnsskemmda.

Íbúð í kjallara var ekki skoðuð.

20. september 1991 fór annar matsmanna (Sveinn) á staðinn og kannaði aðstæður í risi. Leki var í gegnum þak við vesturhlið yfir stofu.

Niðurstöður matsmanna eru teknar í sömu töluröð og tilgreint er í matsbeiðni og tekið er fram hér að framan.

1. Að mati matsmanna er orsök lekans sú, að múrhúðun á suðurgafli er ónýt og lek. Þar sem veggir eru hlaðnir, eykur það til muna, að vatn gangi gegnum vegginn, heldur en ef hann væri steinsteyptur. Hleðslusteinn drekkur í sig vatn og heldur í sér raka. Við skoðun kom í ljós, að sprunguviðgerð hefur verið framkvæmd á gaflvegg, en hún hefur ekki tekist sem skyldi. Múrhúðun er víða laus, og greinilega sést marka fyrir steyptri milliplötu (ljósmyndir 5 og 6).

Lagt er til, að suðurveggur verði klæddur með litaðri stálklæðningu, festri á lista. Í kostnaðaráætlun er ekki gert ráð fyrir aukinni einangrun. Matsmenn benda þó á, að ef endurbætur verða framkvæmdar, skuli veggurinn einangraður undir stálklæðningu.

Klæðning á vegg er 2" × 2" listar, veggpappi og lituð stálklæðning. Magntölur miðast við, að allur suðurveggurinn væri tekinn fyrir og kostnaður skiptist á íbúðir miðað við eignarhluta þeirra. Eignarhluti risíbúðar er 35%.

Stálklæðning, pappi, listar, áfellur, vinnupallar:		
55,0 fm. × 3.100:	kr.	170.500
Vinna:		
55,0 fm × 4.100:	kr.	225.500
Samtals efni og vinna:	kr.	396.000
35% af 396.000	kr.	138.000(?)

2. Lagt er til, að gaflveggur og milliveggur í eldhúsi verði lagfærðir og málaðir, en aðrir veggir og loft málað með tveim umferðum til þess að fá samræmi. Skipt verði um dúk á gólfi.

Málning, veggir og loft, efni:	kr.	6.400
vinna:	–	15.000

Gólfdúkur, efni:	–	8.300
vinna:	–	10.000
Samtals efni og vinna, eldhús:	kr.	39.700

Lagt er til, að skipt verði um parket á stofugólfi.

Parket, efni:	kr.	82.000
vinna:	–	20.000
Samtals efni og vinna, stofa:	–	102.000
Samtals efni og vinna innan húss:	–	141.700

3. Munur verðs á íbúðum, sem eru hlaðnar annars vegar og steinsteyptar hins vegar, er breytilegur eftir aldri, tegund og stærð hvers húsnæðis fyrir sig. Undirritaðir tóku þá ákvörðun, að til þess að svara þessari spurningu væri best að leita til fasteignasala og Fasteignamats ríkisins, þ. e., að ekki væri ætlunin að gera ýtarlegri úttekt en slíka. Eftir viðræður við fasteignasala og Fasteignamat ríkisins er niðurstaða okkar þessi: Að mismunur verðs eignarinnar sé metin 8,0% verðminni hlaðin, en ef hún hefði verið steinsteypt.

Söluverð íbúðarinnar á söludegi, 8. október 1990, var sjá kaupsamning.	kr.	4.340.000
0,8% af söluverði eru því:	kr.	347.200

Heildarkostnaðaráætlun á viðgerðum og mati á verðrýrnun íbúðarinnar er því sem hér segir og í þeirri röð, sem tekið er fram í matsbeiðni:

1. Viðgerðir og endurbætur utan húss:	kr.	138.000
2. Viðgerðir og endurbætur innan húss:	kr.	141.700
3. Mat á verðmun steinsteypts og hlaðins húss:	kr.	347.200
Samtals heildarkostnaðaráætlun:	kr.	626.900“

Stefnufjárhæð er ofangreindar 626.900 kr. að viðbættum 50.000 kr. vegna afnotamissis.

III.

Málsástæðum stefnanda og lagarökum er svo lýst í stefnu:

„Stefnandi telur, að umrædd íbúð hafi haft leynda galla við kaupin. Raki hafi verið í íbúðinni og beinlínis leki, þegar rigndi. Þá hafi stefnanda verið tjáð við kaupin, að húsið væri steinhús, en í ljós hafi komið, að húsið var hlaðið úr vikursteini. Slík hús eru miklu verðminni en steypt hús. Hér sé um leynda galla að ræða, sem stefndu beri ábyrgð á. Sérstaklega er ábyrgð

stefndu rík, þar sem ljóst sé af framburði meðeiganda stefndu í kjallara hússins, að stefndu var vel kunnugt um rakann.

Stefnandi vísar til grunnraka 1. mgr. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922 um afslátt af kaupverði, ef söluhlut er áfátt, en samkvæmt dómvenju er talið, að rök þau, sem liggja að baki þeirrar greinar, eigi einnig við um fasteignakaup. Er því krafist afsláttar og/eða bóta sem nemi fjárhæð stefnukröfunnar.

Um dráttarvaxtakröfu vísast til III. kafla laga nr. 25/1987. Um dráttarvexti af málskostnaði vísast til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936".

Af hálfu stefndu er sýknukrafa rökstudd svo í greinargerð:

„Stefnandi keypti þriggja herbergja risíbúð að Vitastíg 7, Hafnarfirði, af stefndu, sem hana höfðu átt í um 5 ár, með kaupsamningi, dags. 8. 10. 1990. Fékk hún íbúðina afhenta 1. 12. sama ár og mun hafa flutt inn um sama leyti. Nokkru síðar verður hún vör leka þess og raka, sem er tilefni málshöfðunar hennar, og komst jafnframt að því að eigin sögn, að útveggir hússins Vitastígs 7 eru ekki steinsteyptir, heldur úr vikurhleðslusteini. Húsið mun vera reist árið 1946. Meðan íbúðin var eign stefndu, fór fram sprunguviðgerð á útvegg (suðurgafli) hússins, þar sem vart hafði orðið leka, og bar ekki á honum eftir það í íbúðinni.

Stefndu kannast ekki við og mótmæla reyndar algerlega þeirri málsástæðu stefnanda, að íbúðin hafi verið með leynda galla við sölu hennar og afhendingu til stefnanda. Jafnframt mótmæla þau harðlega þeirri staðhæfingu hennar, að þeim hafi verið vel kunnugt um þessa galla, en samt látið hjá líða að segja frá þeim. Staðreyndin er sem sé sú, að eftir fyrrnefnda viðgerð bar ekki á neinum leka. Viðgerðin var því fullnægjandi. Þess vegna var hvorki um leka og því síður raka að ræða, er íbúðarkaupin og afhendingin fóru fram. Hins vegar greindu stefndu stefnanda frá umræddri viðgerð og hvers vegna hún hefði farið fram. Fullnægðu þau og að öðru leyti upplýsingaskyldu sinni í hvívetna og drógu ekkert undan.

Stefnandi keypti íbúð í um það bil 45 ára gömlu húsi. Engum blöðum er um það að fletta, að svo gamlar eignir muna sinn fífil fegri og að eitt og annað í þeim kann að vera farið að ganga úr sér, ekki síst þegar haft er í huga, að gæði hvers kyns húsbyggingarefna fyrir tæpri hálfri öld voru almennt miklum mun lakari en nú gerist. Sama gildir um kröfur um frágang. Þetta gat stefnandi sagt sér og þar með, að húsinu kynni í ýmsu að vera ábótavant. Margs ber almennt að gæta við kaup á slíkum húsum eða hluta þeirra, en hér blasti það jafnframt við hverjum og einum, sem sjá vildi, að þörf var viðhalds á mörgum sviðum. Nægir að nefna, að skífum á þaki hússins var farið að fækka, en slíkt gefur tilefni til viðgerðar eða endurnýjunar þess. Einnig sáust á suðurvegg merki fyrrgreindrar lekaviðgerðar. Ákveðin

áhætta fylgir því kaupum sem þessum. Stefnandi kaus að taka slíka áhættu. Ætla mætti, að kaup hennar hefðu verið ákveðin að undangenginni nákvæmri skoðun kunnáttu- eða fagmanns á hennar vegum, en ekki var því að heilsa. Stefnandi skoðaði einungis ein íbúðina í þrígang, áður en hún gerði tilboð í hana. Henni var þá í lófa lagið, sem reyndar verður að ætlast til af henni, að spyrjast fyrir og afla upplýsinga um hvaðeina varðandi íbúðina. Vanræksla hennar í þessum efnum er á hennar eigin ábyrgð. Hér er og þess að geta, að í kaupsamningnum segir beinlínis, að eignin sé seld í því ástandi, sem kaupandi hafi kynnt sér við skoðun og sætt sig við að öllu leyti. Ekki er því við stefndu að sakast, þó að stefnandi hafi ekki fullnægt skoðunarskyldu sinni, sbr. meginreglu þá, er fram kemur í 47. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Tilvísun stefnenda til grunnreglu 42. gr. áðurgreindra kaupalaga á skv. framansögðu því ekki við í máli þessu.

Stefndu kveða, að þau stefnandi hafi aldrei rætt eða fjallað um byggingarefni hússins, meðan á sölumeðferðinni stóð. Byggingarefnið eða byggingaraðferðin hefði þó ekki leynst stefnanda við skoðun hennar. Það er því ekki frá stefndu komið, að húsið hafi verið steypt, heldur frá einhverjum óviðkomandi, sem þau með engu móti geta borið ábyrgð á. Verði svo talið engu að síður, áskilja þau sér allan rétt gagnvart þeim, sem hér kann að eiga hlut að máli."

IV.

Það er fram komið í málinu, að stefndi Davíð aflaði verðtilboðs í klæðningu á húsið frá BYKO, áður en hann réðst í sprunguviðgerðina, og að það var eingöngu þröng fjárhagsstaða eigenda neðri hæðar, sem olli því, að sú leið var ekki valin, og það enda þótt eigandi neðri hæðar hefði við kaup sín fengið afslátt af kaupverði til þess að standa straum af kostnaði við klæðningu.

Lagt var fram í málinu vottorð eiganda neðri hæðar, Huldu Haraldsdóttur, dagsett 12. 2. 1991, sem hún staðfesti fyrir dóminum, svohljóðandi:

„Við undirrituð, íbúar á neðri hæð hússins Vitastígs 7, Hafnarfirði, vottum, að Davíð Hermannssyni, kt. 191261-2249, og Ólafíu Guðmundsdóttur, kt. 080962-5259, fyrrum eigendum risíbúðar að Vitastíg 7, Hafnarfirði, var kunnugt, er þau seldu íbúðina, að sprunguviðgerðir þær, sem gerðar voru á austurgafli hússins fyrir u. þ. b. tveimur árum, voru og eru ekki fullnægjandi. Þau vissu af leka inn á neðri hæð í sumar og haust, og var Ólafíu jafnframt sýnd sprunga á austurgafli, sem hún sýndi lítinn áhuga á.

Enn fremur er rétt, að það komi fram, að er undirrituð, Hulda Haraldsdóttir, keypti íbúðina á neðri hæð hússins Vitastígs 7, var henni gefinn afsláttur á kaupverði, sem nam hennar kostnaði við klæðningu á austurgafli."

Stefndu, Davíð og Ólafía, mótmæltu því bæði við aðilayfirheyrslu, að þeim hefði verið kunnugt um umræddan leka á neðri hæð. Bentu þau á, að samskipti milli þeirra og íbúa á neðri hæð hefðu verið í lágmarki og samgangur milli íbúðanna enginn.

Stefnandi byggir ekki á því sem málsástæðu, að stefndu hafi beitt svikum við söluna. Hún heldur því hins vegar fram, að stefndu hafi verið í vondri trú um, að viðgerðin reyndist varanleg. Þótt tekið væri trúanlegt, að enginn raki eða leki hefði verið fram kominn á gaflvegg risíbúðarinnar við söluna, þá hefðu stefndu vitað eða mátt vita um áframhaldandi leka um gaflvegg á neðri hæð og að hann væri fyrirboði um, að sams konar viðgerð ofar á veggnum myndi einnig fljótlega gefa sig.

Þá sé á það að líta, að viðgerðir á útveggjum fjölbýlishúsa teljast samkvæmt fjölbýlishúsalögum viðgerðir á sameign, sem allir íbúðaeigendur séu skyldir til að kosta í eignarhlutföllum réttum. Matsliðurinn viðgerðir utan húss hafi því þegar verið á fallinn við kaupin. Því hafi seljendur leynt og það enda þótt þau hafi vitað eða mátt vita um ástand gaflveggjarins.

V.

Við aðilayfirheyrslu hélt stefndi Davíð því staðfastlega fram, að hann hefði alla tíð, meðan hann átti húsið, og því einnig við söluna staðið í þeirri trú, að veggir hússins væru steinsteyptir.

Lagt hefur verið fram í málinu svokallað söluyfirlit fasteignarinnar. Þar hefur fasteignasalinn skráð lýsingu á margnefndri eign, er hann fékk hana til sölumeðferðar, á staðlað eyðublað frá Félagi fasteignasala, hannað samkvæmt fyrirmælum 10. gr. l. nr. 34/1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 34/1986. Þar er skráð í reitinn „byggingarefni" orðið „ steinhús".

Stefnandi kvað fasteignasalann hafa sýnt sér þessa fasteignarlýsingu. Ástæðulaust er að vefengja þá frásögn. Með því hefði fasteignasalinn aðeins verið að fullnægja þeirri starfskyldu sinni að veita sem gleggstar upplýsingar um eignina. En hvað sem því líður, er öldungis ljóst, að fasteignasalinn hefur talið húsið steinsteypt og væntanlega veitt stefnanda upplýsingar í samræmi við það.

Samkvæmt þessu verður að telja fram komið, að stefnandi hafi við kaupin verið í góðri trú um, að húsið væri steinsteypt.

Við aðilayfirheyrslur skýrði stefndi Davíð svo frá, að tveimur árum fyrir söluna hefði farið fram sprunguviðgerð á umræddum húsgafli vegna fram komins raka. Þótt hann hafi hvorki fagmenntun né starfsreynslu á sviði byggingariðnar, vann hann verkið að mestu leyti sjálfur með þeim hætti, að hann sagaði upp sprungur með slípirokk, u. þ. b. tveggja sentímetra djúpt, fyllti með þéttiefni og málaði yfir. Kvað hann þessa viðgerð hafa borið full-

an árangur og nefndi til sannindamerkis, að hann hafði að henni lokinni lagt parket á stofugólf og málað íbúðina. Engar raka- eða lekaskemmdir hafi verið fram komnar við söluna, enda ekki um neinn raka eða leka að ræða. Hann kvaðst hafa skýrt kaupanda, stefnanda, frá þessum viðgerðum.

Þess má geta, að stefndi hafði auk þess að leggja parket á stofu skipt um eldhússinnréttingar og gert upp baðherbergi.

Það liggur þannig fyrir, að þegar stefnandi skoðaði íbúðina fyrir kaupin, leit hún vel og snyrtilega út, eldhús, bað og stofa nýuppgert og henni veittar upplýsingar um, að sprunguviðgerð hefði nýlega farið fram.

Samkvæmt þessu mátti stefnandi treysta því, að eign sú, er hún var að kaupa, væri í góðu ástandi. Algengustu viðhaldsviðgerðir á gömlu húsi hefðu nýlega farið fram, þakklæðning þó undanskilin, en stefnandi kveðst hafa veitt því athygli, að hún var farin að láta á sjá, og hefur ekki uppi neinar kröfur vegna þaksins í máli þessu.

Því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda, og á það stoð í framburði annars matsmannsins, sem er fasteignasali, að söluverð íbúðarinnar, að teknu tilliti til greiðslukjara, hafi verið í „hærri kantinum".

Að öllu þessu athuguðu og með því að sannað er, að verulegur vatnsinngangur kom fram fljótlega eftir kaupin, verður að fallast á með stefnanda, að umrædd fasteign hafi við kaupin verið með leynda galla og að stefnandi eigi því bótarétt.

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, sem ekki hefur verið hnekkt, telst kostnaður við að koma með tryggilegum hætti í veg fyrir raka eða leka um margnefndan húsgafl 138.000 kr. og við viðgerðir á skemmdum innan húss 141.700 kr., eða samtals 279.700 kr., og verða þessir kröfuliðir teknir til greina.

Í máli þessu verða eigi dæmdar til viðbótar bætur eða afsláttur vegna þess, að um hlaðið steinhús var að tefla, en ekki steinsteypt, þegar af þeirri ástæðu, að matsgerð segir ekki til um, hvort eða hversu miklu eignin verður verðminni en steinsteypt hús, eftir að gaflinn hefur verið klæddur.

Hafna ber því, eins og á stendur, að stefnandi eigi rétt á viðbótargreiðslu vegna afnotamissis, og er þá m. a. haft í huga, að stefnandi fær nýtt í stað gamals, þ. e. bætur miðaðar við að leggja nýtt gólfefni í stofu og eldhús og nýja málningu í eldhús.

Svo sem gert er ráð fyrir í stefnukröfum og stefndu hafa ítrekað, koma eftirstöðvar kaupverðs, 250.00 kr., til skuldajafnaðar við bótafjárhæðir.

Því verður tildæmdur höfuðstóll dómskuldar, 29.700 kr., með vöxtum eins og stefnandi krefst.

Fallist er á kröfur stefnanda um útgáfu afsals.

Málskostnaður ákveðst 165.000 kr., sem skiptist í matskostnað, 81.025 kr., annan útlagðan kostnað, 4.975 kr., og málflutningsþóknun, 80.000 kr., sem ber 24,5% virðisaukaskatt.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Birni Árnasyni verkfræðingi og Herði Þórarinssyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Davíð Hermannsson, kt. 191261-2249, og Ólafía Guðmundsdóttir, kt. 080962-5259, greiði stefnanda, Jónu Karólínu Karlsdóttur, kt. 010658-3229, 29.700 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. október 1991 til greiðsludags að frádregnum sömu vöxtum af 250.000 kr. frá 15. júlí 1991 til 9. október sama ár og 165.000 kr. í málskostnað, er ber sömu vexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Virðisaukaskattur, 24.5%, leggst á þann hluta málskostnaðar, 80.000 kr., sem er málflutningsþóknun.

Stefndu ber að gefa út afsal til stefnanda fyrir þriggja herbergja risíbúð í húsinu nr. 7 við Vitastíg í Hafnarfirði í samræmi við kaupsamning aðila, dags. 8. 10. 1990.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 451/1993. **Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði**
(Jóhann Salberg Guðmundsson hrl.)
gegn
Vélsmiðju Steindórs hf.
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Skriflega flutt mál. Félagsgjöld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. nóvember 1993. Krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða sér 160.450 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ákveðinn var skriflegur flutningur málsins fyrir Hæstarétti með heimild í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð staðfesting frá 16. mars 1994 um sameiningu Félags málmiðnaðarfyrirtækja og Félags dráttarbrauta og skipasmiðja í Málm, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, 1. júlí 1992. Hið nýja félag hefur tekið við aðild málsins af Félagi málmiðnaðarfyrirtækja.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Af málatilbúnaði aðila verður ráðið, að ágreiningur sé ekki uppi um stefnufjárhæð málsins, heldur sé eingöngu deilt um, hvort stefndi hafi verið í samtökum Félags málmiðnaðarfyrirtækja árin 1989 og 1990, en stefnufjárhæð nemur félagsgjöldum þeirra ára.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, gerðu aðilar málsins með sér dómsátt í bæjarþingi Akureyrar 8. mars 1990. Varðaði hún ógreidd félagsgjöld stefnda til Félags málmiðnaðarfyrirtækja til loka ársins 1988. Með bréfum, dagsettum 30. mars og 3. júlí 1990, til

áfrýjanda og lögmanns hans gerir stefndi grein fyrir því, að ekki sé óskað eftir aðild að Félagi málmiðnaðarfyrirtækja.

Félag málmiðnaðarfyrirtækja starfaði á grundvelli laga félagsins frá 17. desember 1985. Samkvæmt 6. gr. var heimild til úrsagnar úr félaginu bundin við áramót að undangenginni tilkynningu, er berast átti með minnst sex mánaða fyrirvara formanni félagsstjórnar. Úrsögnin skyldi vera skrifleg. Hinn 11. júlí 1990, eftir fram komið bréf stefnda frá 3. júlí 1990, tilkynnti stjórn Félags málmiðnaðarfyrirtækja stefnda, að samþykkt væri úrsögn félagsins úr samtökunum miðað við lok ársins 1990. Var þá vitnað til áðurnefndrar 6. gr. laga félagsins. Gögn málsins bera ekki með sér, að stefndi hafi mótmælt bréfi stjórnar Félags málmiðnaðarfyrirtækja um, að úrsögn félagsins úr samtökunum skyldi miðast við árslok 1990, fyrr en eftir að meðferð máls þessa hófst fyrir héraðsdómi.

Framangreind ákvæði laga Félags málmiðnaðarfyrirtækja voru bindandi gagnvart stefnda sem aðila að samtökunum. Fullyrðingar stefnda um munnlega úrsögn úr þeim ganga gegn skýrum ákvæðum 6. gr. um, hver háttur skuli hafður á við úrsögn úr félaginu. Gegn mótmælum áfrýjanda hefur stefnda því ekki tekist að hnekkja því, að miða beri úrsögn hans við lok árs 1990.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kröfu hans með vöxtum, eins og hann hefur krafist.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn hluta af kostnaði málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðja Steindórs hf., greiði áfrýjanda, Málmi, samtökum fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, 160.450 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1991 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 24. september 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þessa mánaðar að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, hefur Jóhann Salberg Guðmundsson hrl. höfðað með stefnu, út gefinni í Reykjavík 14. september 1991 og þingfestri 3. október sama ár, fyrir hönd Félags málmiðnaðarfyrirtækja, Hall-

veigarstíg 1, Reykjavík, en nú Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, gegn Vélsmiðju Steindórs hf., Frostagötu 6 A, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði sér 160.450 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 1. 1. 1991 til greiðsludags skv. III. kafla vaxtalaga og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1992. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og dráttarvaxta af honum skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda, svo og krefst hann þess, að sér verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Upphafleg krafa stefnda var sú, að málinu yrði frá vísað vegna vanreifunar á stefnufjárhæð, en fallið var frá þeirri kröfu við forflutning málsins, og er því ekki tölulegur ágreiningur um stefnufjárhæð, en stefnandi segir, að skuld stefnda í máli þessu sé til komin vegna gjalda, sem hann hafi lagt á stefnda sem félaga í Félagi málmiðnaðarfyrirtækja. Sé árgjald þetta krafið í fernu lagi ársfjórðungslega, og sé gjaldfallin skuld stefnda félagsgjöld árin 1989 og 1990, en í árslok 1990 hafi stefndi hætt þátttöku í félagi stefnanda. Stefnandi segir, að árgjald þetta sé lagt á aðila á aðalfundi ár hvert, og sé gert ráð fyrir, að iðgjaldið taki mið af iðnaðarveltu viðkomandi aðildarfyrirtækis, og ákveði aðalfundurinn það hundraðshlutfall, sem gildi fyrir starfsárið. Við framkvæmd álagningar sé tekið mið af upplýsingum skattyfirvalda um iðnaðarveltu viðkomandi fyrirtækis.

Sýknukröfur sínar reisir stefndi á því, að hann telur sig ekki vera félaga í Félagi málmiðnaðarfyrirtækja, og sé hann því ekki gjaldskyldur. Heldur hann því fram, að hann hafi hvað eftir annað sagt sig úr þessum samtökum. Hafi hann að vísu gert það munnlega, en ekki hafi verið gerðar neinar athugasemdir við það, svo sem, að uppsögn skyldi vera skrifleg. Telur stefndi því, að hann sé ekki lengur bundinn stefnanda, og jafnframt, að er hann og stefnandi gerðu dómsátt á bæjarþingi Akureyrar 8. mars 1990, hafi verið gengið frá því, að er hún væri að fullu greidd, væri skiptum aðila lokið. Komi þetta að vísu ekki fram í sáttinni, en engu að síður hafi það verið liður í samkomulaginu, sem á bak við sáttina hafi legið, og þar með væru staðfest lok stefnda að félagsaðild og hann skuldlaus við stefnanda.

Vitnið Sigurgeir Steindórsson, framkvæmdastjóri stefnda, bar hér fyrir dómi, að stefnandi hefði í nóvember 1989 stefnt stefnda vegna alls konar félagsgjalda, og hefði því máli lokið með dómsátt 8. mars 1990. Hefði hann skilið þá sátt á þann veg, að öllum afskiptum við stefnanda væri lokið og

þar með öllum deilum um félagsaðild stefnda að stefnanda og öllum samskiptum þeirra lokið, en hann hefði margítrekað við Ingólf Sverrisson, framkvæmdastjóra stefnanda, úrsögn úr félaginu og ekki vitað betur en frá því máli væri gengið. Hann gat þess, að nokkrum árum fyrr, þ. e. a. s., áður en fyrra málið var höfðað, hefði Ingólfi verið greidd fjárhæð, sem deila hefði staðið um, m. a. um félagsaðild stefnda að stefnanda, og með fyrri málshöfðuninni og dómsáttinni endanlega frá málum gengið með greiðslu hennar. Stefnda hefði verið það mikið hagsmuna- og réttlætismál að slíta öllum viðskiptum við stefnanda, þar sem honum hefði fundist stefnandi koma þannig fram, að óheiðarleiki væri þar í fyrirrúmi, og m. a., er sáttin vegna fyrra málsins var greidd, hefði hann slegið varnagla við ítrekun um úrsögn. Sé mál þetta hið þriðja, sem stefndi lendi í deilum við stefnanda um gjöld, og hafi öll samskipti stefnda við stefnanda gengið í óskaplegum brösum. Hafi samskipti stefnda öll verið við Ingólf Sverrisson, framkvæmdastjóra stefnanda. Kvaðst hann líta á þetta atferli stefnanda sem hreina fjárplógsstarfsemi. Hann kvaðst ekki hafa fundið nein gögn um inngöngu stefnda í félagsskap stefnanda og beðið um þau hjá stefnanda, en ekki fengið, en þar sem hann hafi tekið við rekstri fyrirtækisins að föður sínum látnum, hafi hann ekki viljað sverta minningu látins manns, enda þótt eigendur hafi dregið aðildina í efa, en þó greitt félagsgjöldin nauðugir. En aðildin sé upphaflega í sjálfu sér aukaatriði, heldur sú þrautaganga að komast út úr þessum félagsskap, og telur hann, að öll vinnubrögð stefnanda hafi verið óeðlileg.

Lögmaður stefnda, Björn Jósef Arnviðarson hdl., lýsti yfir því við flutning málsins, að samkomulag hefði orðið með framkvæmdastjóra stefnanda og sér, er sáttin var gerð við stefnanda 8. mars 1990, að viðskiptum aðila væri lokið og stefndi laus úr félaginu. Hefði sér láðst að taka þetta fram í sáttinni, en þetta verið undanskilið og hann treyst orðum framkvæmdastjóra stefnanda, en hann síðan gengið á bak orða sinna og höfðað mál þetta. Lagði hann áherslu á það, að stefndi væri stöndugt fyrirtæki, og því væri þetta ekki venjulegt vanskilamál, heldur spurning um meginreglur að mati stefnda.

Stefnandi mótmælir þessum málsástæðum stefnda og vísar til 6. gr. félagslaga stefnanda, sem segja, að heimilt sé að segja sig úr félaginu frá og með áramótum með minnst 6 mánaða fyrirvara, og skuli úrsögn vera skrifleg og afhent formanni félagsstjórnar, sem sé skyldur að gefa skriflega viðurkenningu fyrir móttöku úrsagnar, þegar þess er krafist. Þetta hafi stefndi ekki gert, en þó svo að stefnandi hafi fallist á með bréfi, dagsettu 11. 7. 1990, að stefndi væri laus úr félaginu í árslok 1990, og beri að miða úr-

sögn stefnanda við það tímamark, og sé því krafan á hendur stefnda í fullu gildi samkvæmt lögum félagsins. Í skriflegri aðilaskýrslu Ingólfs Sverrissonar segir, að stefnandi hafi ekki orðið þess var, að stefndi hafi vefengt rétta álagningu gjaldanna né hreyft athugasemdum út af henni, þ. e. a. s. álagningunni, og að stefndi hafi verið gjaldskyldur félagi alveg tvímælalaust til ársloka 1990.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að löglíkur séu að því leiddar með framburði vitnisins Sigurgeirs Steindórssonar og yfirlýsingu Björns Jósefs Arnviðarsonar, lögmanns stefnda hér fyrir dóminum, að lögskiptum aðila hafi verið lokið með sáttinni, sem gerð var á bæjarþingi Akureyrar 8. mars 1990, og skiptum aðila lokið, er fyrra máli þeirra lauk. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðja Steindórs hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, áður Félags málmiðnaðarfyrirtækja.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 75/1992. **Jón Laxdal**
vegna þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Sambandi íslenskra samvinnufélaga
(Kristinn Hallgrímsson hdl.)

Samvinnufélög. Gjaldþrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1992. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur: „. . . að viðurkennd verði formlega og efnislega með dómi eignarréttur, eignarréttindi, eignaraðild og eignarhlutdeild þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar í Sambandi íslenskra samvinnufélaga, þar með talið í hreinni eign og eigin fé þess, í óskiptri sameign með öðrum eigendum Sambands ísl. samvinnufélaga, í eignarhlutdeild og með eignaraðild í hlutfalli af bókfærðri eign Kaupfélags Svalbarðseyrar í stofnsjóði Sambands ísl. samvinnufélaga í samræmi við stöðu þeirrar inneignar og hlutfalli af heildarinnstæðu í umræddum stofnsjóði 28. ágúst 1986, er bú Kaupfélags Svalbarðseyrar var úrskurðað gjaldþrota og þrotabú Kaupfélags Svalbarðseyrar tók við skyldum, eignum og réttindum Kaupfélags Svalbarðseyrar. Jafnframt verði á sama hátt viðurkenndur réttur þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar og stefnda gert að þola, að ofangreindar eignir og eignarréttindi ásamt eignarhlutdeild og eignaraðild, verði dregin undir skiptin á þrotabúi Kaupfélags Svalbarðseyrar sem 1,10% af heildareign allra sameigenda í Sambandi íslenskra samvinnufélaga“. Þá gerir hann kröfu til málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti.

Skilja verður dómkröfu og málflutning áfrýjanda svo, að krafist sé viðurkenningar á 1,10% eignarhlutdeild til handa þrotabúi Kaup-

félags Svalbarðseyrar í hreinni eign stefnda, Sambands íslenskra samvinnufélaga, eins og hún var við gjaldþrot kaupfélagsins 28. ágúst 1986, og að þessi eignarhlutdeild verði dregin undir gjaldþrotaskiptin. Eignarhlutdeildina miðar hann við hlutfall bókfærðrar eignar kaupfélagsins af heildarinnstæðu í stofnsjóði stefnda.

Í bréfi Endurskoðunarþjónustunnar 23. mars 1990, sem ritað er vegna fyrirspurnar lögmanns áfrýjanda, segir m.a.: „Á árinu 1986 voru reiknaðir 12,76% vextir á stofnfé félagsaðila. Óverulegar breytingar áttu sér stað á stofnfé SÍS að öðru leyti. Stofnfé Kaupfélags Svalbarðseyrar nam því í árslok 1986 kr. 828.661 og heildarstofnfé SÍS kr. 74.624.000. Hlutur Kaupfélags Svalbarðseyrar var því 828.661/74.624.000 = 1,10% í árslok 1986." Stefndi hefur við kröfulýsingu í gjaldþrotabúið skuldajafnað stofnfjáreign kaupfélagsins gegn mun hærri skuld þess hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga í samræmi við 4. mgr. 25. gr. þágildandi laga um samvinnufélög nr. 46/1937. Sætir þetta ekki andmælum. Hins vegar telur áfrýjandi, að auk þessa eigi að draga undir skiptin það, er hann telur vera hlutdeild kaupfélagsins í hreinni eign Sambandsins. Telur hann Samband íslenskra samvinnufélaga vera í óskiptri sameign aðildarfélaganna, sem beri samkvæmt upphaflegum samþykktum Sambandsins ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess. Við gjaldþrot aðildarfélags eigi að greiða út hlut þess af hreinni eign Sambandsins. Áfrýjandi hefur bent á, að í efnahagsreikningi Sambandsins sjái þess engan stað síðari árin, að reiknað sé með óskiptilegum sameignarsjóðum, sbr. 9. tl. 3. gr. laga nr. 46/1937. Sýni það meðal annars, að Samband íslenskra samvinnufélaga sé ekki rekið sem samvinnufélag í skilningi laganna og að áfrýjandi eigi rétt til hlutdeildar í allri hreinni eign Sambandsins. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þótt óskiptilegu sameignarsjóðirnir sjáist ekki af efnahagsreikningi, sé þeim við haldið, og megi fá þá sundurgreinda. Á þetta reyni hins vegar ekki í máli þessu, því að áfrýjandi hafi þegar fengið það úr sjóðum Sambandsins, sem hann eigi rétt á samkvæmt 25. gr. laga nr. 46/1937. Þá hefur af hans hálfu verið lagt fram ljósrit úr Lögbirtingablaði, þar sem fram kemur tilkynning til samvinnufélagaskrárinnar 13. desember 1939 um breytingu á samþykktum Sambandsins þess efnis, að samábyrgð sambandsfélaganna sé niður fallin, sbr. og 8. tl. 5. gr. laga nr. 46/1937, sem heimilar þessa tilhögun.

Réttarstaða áfrýjanda byggist á réttarstöðu þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar, en hann höfðar málið með heimild í 114. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem giltu, er mál þetta var höfðað.

Kaupfélag Svalbarðseyrar var eitt af stofnfélögum Sambands íslenskra samvinnufélaga og var aðili að Sambandinu allt til gjaldþrots kaupfélagsins 28. ágúst 1986, en samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 46/1937 var um frjálsa aðild að ræða. Verður við það að miða, að um þá aðild hafi farið að þeim reglum, sem giltu á hverjum tíma um félagsskapinn, en ósannað er, að hann hafi verið rekinn andstætt lögum um samvinnufélög. Fallast ber því á það með héraðsdómara, að niðurstaða málsins ráðist af samþykktum stefnda og lögum nr. 46/1937 með síðari breytingum, en um samvinnufélög og samvinnusambönd fór eftir samþykktum þeirra og þessum lögum, þegar kaupfélagið varð gjaldþrota. Í niðurstöðu héraðsdóms eru rakin þau ákvæði samþykktanna og laganna, sem hér reynir á. Samkvæmt þeim á kaupfélag ekki rétt á annarri greiðslu við úrgöngu úr félaginu, þar á meðal við gjaldþrot, en stofnsjóðseign sinni, sbr. 12. gr. samþykktanna, sbr. 25. gr. laganna og einnig með hliðsjón af 8. gr. þeirra. Hefði Sambandinu hins vegar verið slitið, mátti krefjast hlutdeildar í þeirri hreinni eign þess, sem ekki var bundin í óskiptilegum sameignarsjóðum, sbr. 29. gr. samþykktanna, sbr. 9. tl. 3. gr. laganna. Slitum Sambandsins verður ekki ráðið til lykta nema samkvæmt ákvæðum samþykktanna, sbr. og VII. kafla laganna um samvinnufélög. Engin heimild er til að krefjast slita Sambandsins, þótt eitt af aðildarfélögum þess verði gjaldþrota. Með þessum athugasemdum og annars með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar er kveðið á í dómsorði.

Það athugast, að dómkrafa áfrýjanda hefði þurft að vera skýrar fram sett og vera miðuð við ákveðna fjárhæð. Dómur er þó lagður á mál þetta, þar sem það er ósk beggja málsaðila og með hliðsjón af 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem rýmkuðu heimild til að leita viðurkenningardóms frá því, er gilti, er mál þetta var höfðað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Laxdal vegna þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar, greiði stefnda, Sambandi íslenskra samvinnufélaga, 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar og
Hjartar Torfasonar

Kaupfélag Svalbarðseyrar, sem var meðal stofnenda að Sambandi íslenskra samvinnufélaga árið 1902 og átti þar síðan óslitna aðild, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 28. ágúst 1986 eftir langvarandi rekstrarörðugleika. Af hálfu Sambandsins er því lýst, að bókfærð inneign eða hlutdeild kaupfélagsins í stofnsjóði hjá Sambandinu hafi þá numið 734.899 krónum miðað við ársbyrjun 1986, þegar stofnsjóðsinneign allra aðildarkaupfélaga hafi verið 58.074.068 krónur. Jafnframt hafi kaupfélagið átt 10.459 króna inneign í verksmiðjustofnsjóði, er myndast hafi vegna viðskipta við verksmiðjur Sambandsins, og 189.098 króna inneign í séreignarsjóði verslunardeildar. Á hinn bóginn hafi kaupfélagið einnig staðið í hárri skuld við Sambandið vegna afurðalána, vöruúttekta o. fl. Við kröfulýsingu í þrotabú kaupfélagsins taldi Sambandið skuldina nema samtals 23.564.424 krónum, eftir að fyrrgreindum inneignum ásamt vöxtum af þeim hefði verið jafnað við hana. Byggir Sambandið á því í máli þessu, að gjaldþrot kaupfélagsins hafi ekki leitt til þess, að það eigi rétt á frekari fégreiðslum vegna sambandsaðildar sinnar en svari þeim skuldajöfnuði.

Málið hefur áfrýjandi hins vegar höfðað til viðurkenningar þess, að við gjaldþrot Kaupfélags Svalbarðseyrar hafi það átt tilkall til hlutdeildar í hreinni eign Sambandsins umfram stofnsjóði, eins og hún var þá, og beri að draga þá eign, er hlutdeildinni svari, undir gjaldþrotaskiptin í samræmi við 25. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hlutdeild kaupfélagsins miðar hann við hlutfall inneignar þess í stofnsjóði á móti heildarstofnfé Sambandsins og telur hana nema 1,10%. Sú tala er ekki fundin af fyllstu nákvæmni, en fram komin gögn gefa til kynna, að hún sé ekki of hátt reiknuð.

Áfrýjandi hefur ekki markað kröfu sinni skýran tölulegan grundvöll, og telur hann það naumast unnt að svo komnu vegna skorts á upplýsingum frá gagnaðila sínum. Vísar hann einkum til ársreiknings Sambandsins fyrir starfsárið 1986, sem fram er lagður í málinu og sýnir stöðu þess samandregið. Samkvæmt honum var eigið fé Sambandsins í ársbyrjun 2.372.546.000 krónur, en 2.609.311.000 krónur í árslok. Af síðarnefndu fjárhæðinni eru stofnsjóðir taldir 66.548.000 krónur og séreignarsjóðir 161.478.000 krónur, en annað eigið fé 2.381.285.000 krónur, og kemur það fram sem höfuðstóll án nánari tilgreiningar. Í yfirliti með ársreikningnum er sá höfuðstóll sundurliðaður þannig, að 2.195.303.000 krónur eru taldar yfirfærðar frá fyrra ári, en síðan eru sýndar samandregnar færslur innan ársins, er leiða til fyrrgreindrar lokatölu. Meðal þeirra eru hækkanir vegna endurmats fyrnanlegra eigna, móttekinna jöfnunarhlutabréfa og mats á hlutabréfum í samstarfsfélögum og lækkanir vegna greiðslu í séreignarsjóði og menningar- og listasjóði svo og vegna neikvæðrar verðbreytingarfærslu. Jafnframt er rekstrarhalli ársins (39.834.000 krónur) dreginn frá. Um stofnsjóði er það skýrt í ársreikningnum, að við þá hafi verið lagðir vextir á árinu. Séreignarsjóðir eru ekki sundurgreindir, en fram kemur, að við þá hafi verið lagðir vextir og hluti af tekjuafgangi.

Í ársreikningnum sér þess ekki stað, að Sambandið hafi haldið óskiptilegan varasjóð, svo sem við átti eftir samþykktum þess og samvinnufélagalögum. Í málinu hefur stefndi skýrt það með því, að varasjóðir og aðrir sameignarsjóðir hafi verið taldir með höfuðstól á efnahagsreikningi. Sé þeim haldið við, enda hafi höfuðstóll verið jákvæður, og unnt að fá þá sundurgreinda. Um þetta skortir nánari upplýsingar, en áfrýjandi bendir á, að í skýringum með efnahagsreikningi ársins 1982 komi fram færsla af varasjóðsreikningum á höfuðstól, að fjárhæð 959.000 krónur. Sé þess jafnframt getið, að færslan sé að mestu leyti frá skattalegum varasjóði, er nota skuli til að mæta skattalegum halla. Áfrýjandi mótmælir einnig skýringu stefnda og heldur því fram, að hinir óskiptilegu sjóðir séu horfnir frá og með umræddu ári.

Samkvæmt fyrrgreindum ársreikningi fyrir 1986 námu stofnsjóðir í árslok aðeins um 2,55% af öllu eigin fé Sambandsins. Hlutfall séreignarsjóða var um 6,19%, en skipan þeirra hefur ekki verið skýrð í

málinu. Allt annað eigið fé er sýnt sem ósundurgreindur höfuðstóll, 91,26% heildarinnar. Um samsetningu hans verða ekki dregnar öruggar ályktanir, þar sem stefndi hefur ekki reynt að útlista hana, svo að nokkru nemi, og þeir eldri ársreikningar, sem áfrýjandi hefur sýnt í ljósritum af prentaðri útgáfu, eru flestir án meðfylgjandi skýringa, sem auk þess voru að líkindum í mjög samandregnu formi. Hvað sem því líður, er ekki unnt að hafna þeirri skýringu stefnda, að innan höfuðstólsins sé að finna sérgreinda eiginfjárreikninga og sameignarsjóði, og séu óskiptilegir sjóðir þar á meðal. Á hinn bóginn hafa ekki verið leiddar líkur að því, að hinn lögmælti varasjóður nemi verulegum hluta þessarar heildar, enda væri þá ástæða til að sýna hann sérstaklega. Verður að álykta, eins og málið liggur fyrir, að líta beri á meginhluta þessa höfuðstóls sem óráðstafað eigið fé.

Í sögu Sambandsins virðist það nýbreytni, er tilheyri síðari áratugum, að eigin fé samtakanna sé haldið í höfuðstól, svo að árum skipti, án ráðstöfunar í venjulega sjóði þeirra. Virðist mega rekja hana til reikningsskila ársins 1963, þegar höfuðstóll hafi fyrst verið sýndur sem sérstakur liður í efnahagsreikningi. Fyrir þennan tíma virðist eigin fé yfirleitt hafa verið skipt nær að fullu milli stofnsjóða og varasjóðs og annarra sameignarsjóða, sem mælt var um í samþykktum, þannig, að rekstrarafgangi eftir hvert ár væri ráðstafað sem næst jafnóðum. Voru stofnsjóðir til muna hæsti eiginfjárliðurinn á árunum þar á undan. Meginástæða nýbreytninnar sýnist sú, að tekið hafi verið upp endurmat eigna í bókhaldi samtakanna og niðurstöður þess færðar í höfuðstól á einum eða fleiri endurmatsreikningum. Hafi þeir orðið langstærsti eiginfjárliðurinn á þeim verðbólguárum, sem á eftir fylgdu. Þessar endurmatsfærslur voru þó ekki einu færslurnar innan höfuðstólsins, heldur var þar einnig færður hagnaður vegna sölu eigna umfram bókfært verð og virði móttekinna jöfnunarhlutabréfa ásamt fleiri jákvæðum og neikvæðum eiginfjárbreytingum.

Þótt höfuðstóll Sambandsins, sem hér er svo nefndur einu nafni, virðist að miklu leyti til kominn vegna endurmats eða verðbreytinga á fjármunum í rekstri samtakanna, girðir það ekki fyrir, að virði þessara breytinga sé skipt niður á sjóði samtakanna og þar á meðal með þeim hætti, að það verði fært til stofnsjóðs eða annarra séreignarsjóða félagsmanna. Þvert á móti má halda því fram, að í sam-

felldri færslu endurmatsvirðis og verðbreytinga á eiginfjárreikninga þeirra vegna án frekari ráðstöfunar teljist eins konar uppgjöf gagnvart því verkefni að meta tilkall aðildarfélaganna til hlutdeildar í þeim verðmætum, sem breytingarnar sýna, að samtökin hafi milli handa. Má einnig líta á hana öðrum þræði sem eins konar frestun þess, að afstaða sé tekin til verðbóta eða verðtryggingar á framlögum og hlutdeild félagsmanna á hverjum tíma. Gera má ráð fyrir, að úrlausn þessa verkefnis sé ekki knýjandi að öðru jöfnu, meðan breytingar gerast ekki á aðild að samtökunum og viðskipti aðildarfélaga við þau haldast í horfi, og umrædd tilhögun styðst við efnahagsleg rök. Hins vegar er eðlilegt, að á reyni um gildi hennar, þegar aðildarfélag hverfur úr samtökunum, án þess að annað taki við.

Í máli þessu þarf ekki um það að fjalla, hvernig háttað sé rétti aðildarfélags, er gengur úr Sambandinu að frjálsri eigin ákvörðun. Hér stendur svo á, að félag hefur orðið gjaldþrota, þannig að því verði sjálfu slitið af nauðung. Hafa lánardrottnar í þrotabúi tekið við hagsmunum þess, og er krafa áfrýjanda höfð uppi fyrir þeirra hönd. Er ekki einsætt vegna þeirra meginreglna, sem við eiga um gjaldþrot, að réttarstaða þeirra sé hin sama og félagið hefði annars átt.

Af hálfu stefnda hefur kröfu áfrýjanda verið svarað með því, að Sambandið starfi á samvinnugrundvelli, eins og við hafi verið miðað í VI. kafla þágildandi laga nr. 46/1937 um samvinnufélög. Segi þar meðal annars í 1. mgr. 31. gr., að um stofnun og skipulag samvinnusambanda skuli gilda „sömu ákvæði sem um samvinnufélög yfirleitt, að því leyti sem þau eiga við“. Í samþykktum Sambandsins hafi og verið á því byggt frá árinu 1938 í samræmi við heimild í 8. tl. 5. gr. umræddra laga, að aðildarfélög þess beri aðeins takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess, og verði að meta hlutdeild þeirra í því ljósi. Samkvæmt samþykktum Sambandsins og ákvæðum 8. og 25. gr. laganna leiði gjaldþrot aðildarfélags ekki til annars en þess, að það öðlist rétt til útborgunar á eign sinni í stofnsjóði. Þeirri kvöð hafi þegar verið fullnægt, auk þess sem Sambandið hafi tekið á sig byrðar vegna gjaldþrotsins umfram skyldu að lögum.

Á það verður að fallast með áfrýjanda, að með þessu sé sneitt hjá meginatriðinu í málflutningi hans, sem beinist að því, hvort inneign hans eða hlutdeild í Sambandinu megi teljast rétt metin með þeim aðferðum, sem fylgt hafi verið í starfi og bókhaldi þess. Afstaða

stefnda hefur leitt til þess, að málið er mjög vanreifað að þessu leyti, auk þess sem málatilbúnaði áfrýjanda megin er ýmissa ábóta vant. Eigi að síður er svo komið, að leggja verður dóm á málið eins og það er statt. Er þá einkum til þess að líta, hvort farið hafi verið að viðeigandi reglum í því efni, sem hér var greint.

Um samvinnufélög á almennt að fara eftir lögmætum samþykktum þeirra og ákvæðum laga um þessi félög. Markast skipulag þeirra meðal annars af því, að þau eigi að vera opin, þannig að félagatala sé breytileg. Á þann þátt reynir þó síður varðandi samvinnusambönd, auk þess sem hagsmunum aðildarfélaga, er sjálf stunda atvinnurekstur, kann að vera á annan veg farið en vera myndi um félagsmenn í þeim, og þá meðal annars með tilliti til aðilaskipta að sambandi þeirra. Samvinnufélög eru ekki sjálfseignarstofnanir, heldur eru þau sameign félagsmanna með þeim sérstaka hætti, er samvinnunni tilheyrir. Aðild þeirra að félaginu er að jafnaði staðfest með framlagi og inneign í stofnsjóði, sem um gilda tilteknar reglur. Um hann er oft sagt, að hann sé í raun skuld félagsins við félagsmanninn. Sú einkunn er þó ekki tæmandi, þar sem sjóðurinn verður að jafnaði helsta vísbendingin um umfang aðildar hans auk þess að vera helsta séreign hans í félaginu. Í lögum nr. 46/1937 var ekki mælt fyrir um aðra sjóði samvinnufélaga en stofnsjóð og óskiptilegan varasjóð. Lögin voru þó talin gera ráð fyrir því, að stofna mætti fleiri sjóði, og var á því byggt í starfi Sambandsins. Í lögunum er hins vegar engin ráðagerð um þá meðferð eigin fjár samvinnusambands, sem hér var rædd, og ekki verður séð, að hún hafi átt gagngera stoð í samþykktum Sambandsins sjálfs. Verður ekki talið, að ákvæði laganna eða samþykktanna standi sérstaklega í vegi fyrir því tilkalli, sem áfrýjandi gerir til hlutdeildar í fyrrnefndum höfuðstól Sambandsins.

Sem fyrr segir, er samsetning þessa höfuðstóls ekki ljós. Þó virðist ótvírætt mega miða við, að hlutur óskiptilegra sjóða í honum sé ekki verulegur. Í samþykktum Sambandsins er gert ráð fyrir því, að hreinni eign við félagsslit verði skipt milli aðildarfélaga í hlutfalli við úthlutaðan tekjuafgang til þeirra á ferli þess. Er í því fólgin tiltekin skírskotun til stofnsjóðsinneignar félaganna, sem myndast á af tekjuafgangi að verulegu leyti, þótt hún sé ekki einhlít. Hér er ekki um félagsslit Sambandsins að ræða, heldur tilkall til hlutdeildar í

eigin fé þess, sem telja má óráðstafað. Á það má fallast, að unnt sé að byggja það tilkall á stofnsjóðsinneign, eins og málið er vaxið. Að því athuguðu er það niðurstaða okkar, að taka beri kröfu áfrýjanda til greina að meginstefnu til og viðurkenna rétt þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar til 1,10% hlutdeildar í bókfærðu eigin fé Sambands íslenskra samvinnufélaga við árslok 1986 umfram inneignir í stofnsjóðum og séreignarsjóðum, að því leyti sem það var þá ekki bundið í óskiptilegum sameignarsjóðum, er átt hafi skýran grundvöll í samþykktum Sambandsins. Jafnframt verði stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. janúar sl., höfðaði Jón Laxdal bóndi, kt. 220519-2289, Nesi, Grýtubakkahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. janúar 1990, gegn Sambandi íslenskra samvinnufélaga, kt. 550269-4309, Sambandshúsinu, Kirkjusandi, Laugateigi 2 A, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að viðurkennd verði formlega og efnislega eignarréttur og eignarhlutdeild þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar í Sambandi íslenskra samvinnufélaga, þar með talið í hreinni eign og eigin fé þess, í óskiptri sameign með öðrum eigendum Sambands íslenskra samvinnufélaga, í eignarhlutdeild og með eignaraðild í hlutfalli af bókfærðri eign Kaupfélags Svalbarðseyrar í stofnsjóði Sambands íslenskra samvinnufélaga í samræmi við stöðu þeirrar inneignar og hlutfalli af heildarinnstæðu í umræddum stofnsjóði 28. ágúst 1986, er bú Kaupfélags Svalbarðseyrar var úrskurðað gjaldþrota og þrotabú Kaupfélags Svalbarðseyrar tók við skyldum, eignum og réttindum Kaupfélags Svalbarðseyrar. Jafnframt verði á sama hátt viðurkenndur réttur þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar og stefnda gert að þola, að ofangreindar eignir og eignarréttindi ásamt eignarhlutdeild og eignaraðild verði dregin undir skiptin á þrotabúi Kaupfélags Svalbarðseyrar sem 1,10% af heildareign allra sameigenda í Sambandi íslenskra samvinnufélaga.

Jafnframt er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað [...].

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda [...].

Leitað var um sáttir í málinu án árangurs.

Málavextir.

Stefnandi var félagsmaður í Kaupfélagi Svalbarðseyrar, sem tekið var til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Þingeyjarsýslu, upp kveðnum 26. ágúst 1986. Kröfulýsingarfrestur var ákveðinn þrír mánuðir, og rann hann út 10. desember 1986. Stefnandi lýsti kröfu í þrotabúið vegna skuldar Kaupfélags Svalbarðseyrar við hann, auk þess sem verulegar fjárkröfur voru gerðar á stefnanda vegna sjálfskuldarábyrgðar hans á ýmsum skuldbindingum Kaupfélags Svalbarðseyrar.

Stefndi lýsti kröfu í þrotabú Kaupfélags Svalbarðseyrar 18. nóv. 1986, að fjárhæð 22.919.494 kr., og með bréfi, dags. 12. des. 1986, voru kröfur stefnda hækkaðar í 23.564.424 kr. Í báðum tilvikum höfðu kröfur stefnda verið lækkaðar um inneignir Kaupfélags Svalbarðseyrar í stofnsjóði og séreignasjóðum, samtals 1.023.743 kr.

Kaupfélag Svalbarðseyrar var stofnað 17. desember 1889. Ásamt tveim öðrum kaupfélögum var það stofnandi Sambands íslenskra samvinnufélaga 1902. Síðar gerðust kaupfélögin eitt af öðru aðilar að Sambandi íslenskra samvinnufélaga og skipa stjórn þess og annast rekstur þess.

Fyrri hluta árs 1988 setti stefnandi fram kröfur við forsvarsmenn Sambands íslenskra samvinnufélaga um, að eignarhlutdeild Kaupfélags Svalbarðseyrar yrði dregin undir skiptin, og í framhaldi af því við skiptaráðandann í Þingeyjarsýslu. Á skiptafundi í þrotabúi Kaupfélags Svalbarðseyrar 15. júní 1988 var skiptastjóra falið að rita Sambandi íslenskra samvinnufélaga bréf, þar sem erindi stefnanda yrði kynnt, og farið fram á, að Samband íslenskra samvinnufélaga upplýsti þrotabúið um eignarréttindi þrotabúsins í Sambandi íslenskra samvinnufélaga. Af hálfu stefnda var kröfum þb. Kaupfélags Svalbarðseyrar í hreina eign Sambands íslenskra samvinnufélaga hafnað. Að kröfu stefnanda var haldinn skiptafundur aftur í þrotabúinu 2. febrúar 1989. Þar var tillaga stefnanda um viðurkenningu og heimtu þeirrar eignarhlutdeildar í Sambandi íslenskra samvinnufélaga, sem mál þetta fjallar um, felld. Þá áskildi stefnandi sér rétt til að höfða mál þetta með stoð í 114. gr. l. nr. 6/1978. Með bréfi skiptaráðandans í Þingeyjarsýslu, dags. 13. apríl 1989, var því lýst yfir, að skiptaráðandi gerði ekki athugasemdir við, að stefnandi notfærði sér heimild í 114. gr. l. nr. 6/1978 til málsóknar á eigin ábyrgð og áhættu.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að gjaldþrot Kaupfélags Svalbarðseyrar hafi engu breytt um eignaraðild þess að Sambandi íslenskra samvinnufélaga. Þessi verðmikla eignarhlutdeild Kaupfélags Svalbarðseyr-

ar í Sambandi íslenskra samvinnufélaga eigi að renna til þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar sem aðrar eignir Kaupfélags Svalbarðseyrar, enda feli úrskurður um gjaldþrot ekki í sér neitt afsal eða framsal eignarréttinda þrotabús. Við uppskrift skiptaréttar Þingeyjarsýslu á eignum þrotabúsins hafi þessar eignir ekki komið fram, og þrátt fyrir ítrekaðar kröfur stefnanda síðan hafi umrædd eignarréttindi ekki fengist dregin undir skiptin.

Útreiknuð hlutdeild hins gjaldþrota kaupfélags í eigin fé Sambands íslenskra samvinnufélaga sé eign þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar og skuli dregin undir skiptin sem hver önnur eign og eignarréttindi Kaupfélags Svalbarðseyrar. Ekki hafi tekist að fá aðra ársreikninga SÍS en getið er um í fram lögðum dómskjölum, en skorað hafi verið á stefnda að leggja gögn fram það varðandi, enda séu ekki aðrir í aðstöðu til þess. Umræddu þrotabúi beri sama hlutfall af eigin fé Sambands íslenskra samvinnufélaga og hlutdeild Kaupfélags Svalbarðseyrar var í stofn- og séreignasjóðum Sambandsins. Samkvæmt fram lögðum útreikningi sé talið, að hið gjaldþrota félag eigi 1,10% í sjóðum þessum og sama hlutfall af eigin fé Sambands íslenskra samvinnufélaga.

SÍS sé skráð í Firmaskrá Reykjavíkur með ótakmarkaðri ábyrgð eigenda. SÍS hafi hvorki verið skráð við embætti sýslumanns Þingeyjarsýslu né bæjarfógetaembættið á Akureyri eða sýslumannsembætti Eyjafjarðarsýslu.

Af hálfu stefnanda er vísað til reglna á sviði sameignar og óskiptrar sameignar varðandi eignaraðild þrotabúsins í SÍS svo og samsvarandi reglna um slit á sameign, sbr. reglur um sameignarfélög og reglur á sviði félagaréttar. Jafnframt er vísað til grundvallarreglna á sviði eignarréttar, sbr. 67. gr. stjórnarskrár. Þá er og vísað til ákvæða gjaldþrotalaga nr. 6/1978, einkum að því er varðar heimtu þrotabús á eignum og eignarréttindum gjaldþrota aðila. Gjaldþrot feli hvorki í sér framsal né afsal á eignum og eignarréttindum.

Um málshöfðun er og vísað til 114. gr. l. nr. 6/1978. Einnig er vísað til 250., 254., 257. og 258. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Þá er og vísað til l. nr. 46/1937 um samvinnufélög og samvinnusambönd, þar sem m. a. komi skýrt fram, að aðilar og stofnendur samvinnusambanda eigi beinan eignarrétt í sameign sinni, stjórni henni og annist rekstur sameignarinnar og geti slitið þessari sameign sinni með uppgjöri á hreinni eign og eigin fé samvinnusambandsins milli eigenda og þá í hlutfalli við eign í stofnsjóði.

Hér eigi ekki við sömu reglur og varða sjálfseignarstofnanir, og ekki sé fullnægjandi að greiða til þrotabús eigenda í Sambandi íslenskra samvinnufélaga bókfærða peningalega inneign í stofnsjóði sem fullnaðaruppgjör. Eignarhlutfall aðila samvinnusambands í stofnsjóði sé um leið viðurkenn-

ing á eignarhlutfalli í hreinni eign og eigin fé viðkomandi sameigenda í heildareign viðkomandi samvinnusambands á svipaðan hátt og gildi um hlutafé í skrásettu hlutafélagi, sbr. l. nr. 32/1978. Meðferð forsvarsmanna Sambands íslenskra samvinnufélaga á eignarhlutdeild þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar í Sambandi íslenskra samvinnufélaga og afstaða þeirra gagnvart kröfum stefnanda í máli þessu geri málsókn þessa nauðsynlega og leggi á þá skyldu til, að umrædd eignarréttindi verði dregin undir skiptin sem aðrar eignir Kaupfélags Svalbarðseyrar. Áskilinn er allur réttur til skaðabóta á hendur gagnaðila varðandi tjón þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar á meðferð forsvarsmanna gagnaðila á umræddum eignarréttindum, rekstri og stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga, þannig án samþykkis og samráðs við forsvarsmenn þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar.

Af hálfu stefnanda er einnig vísað til félagssamninga og samþykkta samvinnuhreyfingarinnar og til hliðsjónar laga nr. 36/1921, l. nr. 46/1937, l. nr. 37/1958, l. nr. 73/1938, l. nr. 43/1945 og l. nr. 47/1977.

Um upplýsingar úr reikningum stefnda og efnahagsupplýsingar hafi verið skorað á stefnda að leggja fram gögn og upplýsingar, þar sem slíkt sé einvörðungu í vörslu stefnda og á hans valdi. Um uppgjör til slita á hlutdeild í óskiptri sameign megi og vísa til venju, eðlis máls, auk þess sem aðrar leiðir virðist ekki vera fyrir hendi, skv. grundvallarreglum laga og réttar. Vakin var athygli á auglýsingu og kynningu forsvarsmanna stefnda, sbr. auglýsingu á dskj. 38 um opinbera og margítrekaða yfirlýsingu um, hverjir eigi Samband íslenskra samvinnufélaga.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Um samvinnufélög og samvinnusambönd gildi l. nr. 46/1937 með áorðnum breytingum. Flestar greinar laganna fjalli um samvinnufélög, en um samvinnusambönd séu bein ákvæði í V. (sic.) kafla laganna. Samkvæmt 31. gr. l. nr. 46/1937 gildi sömu ákvæði um stofnun samvinnusambands, skrásetningu og skipulag sem um samvinnufélög almennt. Síðari hluti ákvæðisins vísi til þess mismunar, sem leiði af því, að samvinnufélög séu félög einstaklinga, en samvinnusamband félaga.

Samkvæmt lögum um samvinnufélög skuli vera ákvæði um sjóðsstofnanir og lántökuheimildir í samþykktum félaganna. Tilgangurinn með myndun sjóða sé bæði sá að afla félögunum veltufjár og að tryggja skuldbindingar þeirra. Inneign í stofnsjóði sé séreign hvers félagsmanns, en varasjóður sé óskiptilegur sameignarsjóður. Einnig sé gert ráð fyrir því, að stofna megi fleiri sjóði. Samkvæmt 5. tl. 3. gr. laganna skuli leggja í stofnsjóð sem séreign hvers félagsmanns nokkuð af tekjuafgangi þeim, sem komi í hans hlut

við reikningslok. Réttur félagsmanns til þess að fá stofnsjóðseign sína greidda sé mjög takmarkaður. Samkvæmt 25. gr. laganna falli hún til útborgunar, ef félagsmaður andast, flyst burt af félagssvæðinu, verður gjaldþrota eða fátækrastyrks þurfi. Aldrei megi greiða út stofnsjóðseign, fyrr en eigandi hafi innt af hendi allar fjárhagslegar skuldbindingar við félagið. Stofnsjóðseignin standi til tryggingar skuldum félagsins, því að samkvæmt 25. gr. geti félags- eða fulltrúafundur notað hana til greiðslu á halla, ef tryggingasjóðir nægja ekki til þess að greiða hann. Að öðru leyti sé stofnsjóðsfé óuppsegjanlegt og verði ekki selt eða látið af hendi nema með samþykki félagsstjórnar. Félagsmaður í kaupfélagi, sem hverfi úr félaginu, eigi því einungis kröfu á því að fá innstæðu sína í stofnsjóði greidda og eigi ekki neina lagalega kröfu á hendur félaginu um hlutdeild í hreinni eign þess. Dánarbú eða þrotabú félagsmanns eigi ekki meiri rétt en hann sjálfur.

Í samþykktum Sambands ísl. samvinnufélaga séu hliðstæð ákvæði um stofnsjóð, varasjóð og aðra óskiptilega sjóði og séu í samþykktum kaupfélaga og byggð á framangreindum ákvæðum svl. Ef sambandsfélag gangi úr Sambandinu gildi ákvæði 12. gr. samþykkta Sambandsins um endurgreiðslu á innborguðu stofnfé og stofnsjóðsinnstæðu. Það sé skilyrði endurgreiðslu, að félagið hafi greitt skuldir sínar og skuldbindingar við Sambandið að fullu.

Reglur svl. og samþykkta Sambandsins um stofnsjóð, sem settar séu samkvæmt heimild laganna, séu tæmandi, og eigi félag, sem gengur úr Sambandinu eða verður gjaldþrota (sbr. andlát félagsmanns í samvinnufélagi), ekki annan og meiri rétt en þær segja til um. Hér sé einungis um peningalega kröfu að ræða, en ekki ávísun á eignarhlutdeild í hreina eign Sambandsins. Hvorki lög né samþykktir Sambandsins veiti einstökum sambandsfélögum eða þrotabúum þeirra rétt til þess að krefjast skipta á eignum Sambandsins með þeim hætti, sem stefnandi geri. Um félagsslit gildi ákvæði 29. gr. samþykkta Sambandsins, en samkvæmt henni verði tillaga um félagsslit að hljóta samþykki 3/4 hluta allra fulltrúa á tveim lögmætum fulltrúafundum og málið verið borið undir fundi í öllum sambandsfélögum milli funda.

Kröfur stefnanda séu á því reistar, að hann yfirfæri réttarreglur um sameignarfélög og hlutafélög yfir á samvinnufélög og samvinnusamband og krefjist hlutdeildar í eignum Sambandsins miðað við hundraðshluta félags í stofnsjóði þess með líkum hætti og stofnsjóðurinn sé hlutafé stefnanda í Sambandinu, og að hinu leytinu geri hann ráð fyrir því, að hann geti krafist slita á sameign, eins og um sameignarfélag væri að ræða, og þá væntanlega með uppboði, ef svo beri undir. Þessi kröfugerð eigi sér ekki neina stoð í

lögum um samvinnufélög, enda fari hún í bága við ákvæði laganna og samþykkt Sambandsins og sambandsfélaganna.

Með stofnun Sambandsins hafi sambandsfélögin skuldbundið sig til þess að hlíta lögum og löglegum samþykktum og njóta jafnframt þeirrar lögverndar og réttinda, sem löggjöfin veiti þessu félagsformi. Samkvæmt núgildandi rétti séu samvinnufélög á margan hátt líkari sjálfseignarstofnun undir sérstakri stjórn en öðrum félögum. Hið sama eigi við um Sambandið.

Vegna kröfu stefnanda um virðisaukaskatt á málskostnað er tekið fram, að málshöfðun stefnanda sé gerð í nafni þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar samkvæmt 114. gr. l. nr. 6/1978. Þrotabúið sé ekki undanþegið virðisaukaskatti, eins og hér standi á, og því eigi virðisaukakrafa stefnanda sér ekki lagastoð.

Niðurstaða.

Stefnandi, sem var, eins og að framan segir, félagsmaður í Kaupfélagi Svalbarðseyrar, var jafnframt kröfuhafi í þrotabú kaupfélagsins og í ábyrgðum vegna skulda þess. Hann lýsti kröfu í þrotabúið og höfðar mál þetta sem kröfuhafi samkvæmt heimild í 114. gr. l. nr. 6/1978. Réttarstaða stefnanda byggist því á réttarstöðu þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar gagnvart stefnda.

Kaupfélag Svalbarðseyrar var samvinnufélag, sbr. 1. gr. l. nr. 46/1937. Stefndi er samvinnusamband margra samvinnufélaga, sbr. 31. gr. sömu laga. Niðurstaða málsins verður því byggð á lögum um samvinnufélög nr. 46/1937 með síðari breytingum svo og samþykktum stefnda.

Samkvæmt 31. gr. l. nr. 46/1937 gilda um stofnun, skrásetningu og skipulag samvinnusambands sömu ákvæði sem um samvinnufélög yfirleitt, að því leyti sem þau eiga við. Samkvæmt 3. gr. laganna skulu í samvinnufélögum vera a. m. k. stofnsjóður og varasjóður. Inneign félagsmanns í stofnsjóði er séreign hans. Samkvæmt 25. gr. laganna fellur stofnsjóðseign hvers félagsmanns til útborgunar að vissum skilyrðum fullnægðum við andlát hans, við burtflutning af félagssvæði, við gjaldþrot hans og ef hann verður fátækrastyrksþurfi.

Varasjóður er hins vegar óskiptilegur sameignarsjóður. Félagsmenn í samvinnufélagi fá aldrei útborgað fé úr óskiptilegum sameignarsjóðum. Við félagsslit skal innstæðufé í óskiptilegum sameignarsjóðum að loknum öllum skuldbindingum, sem á félagsheildinni hvíla, ávaxtað undir umsjón hlutaðeigandi sveitarstjórnar, uns samvinnufélag eða samvinnufélög með sama markmiði taka til starfa á félagssvæðinu. Fær það félag eða þau félög umráð sjóðseignarinnar.

Samkvæmt 12. gr. samþykkta Sambands íslenskra samvinnufélaga ber fé-

lag, sem farið hefur úr Sambandinu, ekki ábyrgð á öðrum skuldbindingum þess en þeim, sem myndaðar voru, þegar það gekk úr, og eigi lengur en 2 ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema mál hafi risið út af skuld, sem bíður úrslita dómstóla. Félag, sem fer úr Sambandinu, hefur rétt til að fá endurgreitt innborgað stofnfé og stofnsjóðsinnstæðu, þegar þessari ábyrgð er lokið, enda hafi það greitt að fullu skuldir sínar og skuldbindingar við Sambandið.

Eins og rakið var í málavaxtalýsingu hér að framan, lækkaði stefndi við kröfulýsingu í þrotabú Kaupfélags Svalbarðseyrar kröfur sínar sem nam inneignum kaupfélagsins í stofnsjóði og séreignarsjóðum.

Í 29. gr. samþykkta Sambands íslenskra samvinnufélaga er ákvæði um það, hvernig með skuli fara við slit á Sambandinu. Hafi sambandsslit verið ákveðin með tilteknum hætti, skal koma eignum Sambandsins í verð, og að greiddum öllum skuldum og skuldbindingum skal eignum Sambandsins að undanskildum óskiptanlegum sameignarsjóðum skipt á milli sambandsfélaga í hlutfalli við tekjuafgang, sem þau hafa frá byrjun fengið úthlutað frá Sambandinu.

Hvorki er í lögunum um samvinnufélög né í samþykktum Sambands íslenskra samvinnufélaga ákvæði um rétt félaga eða félagsmanna við úrgöngu til þess að krefjast hluta af eða hlutdeildar í eignum samvinnufélagsins eða samvinnusambandsins, eins og stefnandi gerir. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Samband íslenskra samvinnufélaga, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Laxdals, vegna þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 9. desember 1994.

Nr. 476/1994. **Björn Baldursson og**
Rut Skúladóttir
gegn
Íslandsbanka hf. og
Friðgeiri Björnssyni, dómstjóra í Reykjavík

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Málflutningsumboð. Kæruheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 25. nóvember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, sem var kveðinn upp 11. nóvember sl. í málinu Rut Skúladóttir gegn Íslandsbanka hf., en ályktarorð hins kærða úrskurðar voru á þann veg, að Birni Baldurssyni sé óheimilt að annast málflutningsstörf í því máli fyrir Rut Skúladóttur. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála svo og 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Sóknaraðili krefst, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér heimilað að annast málflutningsstörf í málinu fyrir Rut Skúladóttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar „úr hendi dómstjórans í Reykjavík, Friðgeirs Björnssonar, vegna Héraðsdóms Reykjavíkur, að fjárhæð 250.000 kr., enda var enginn ágreiningur um úrskurðarefnið við Íslandsbanka, sem er varnaraðili málsins".

Málsaðilarnir Rut Skúladóttir og Íslandsbanki hf. hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti. Þá hefur Friðgeir Björnsson dómstjóri engar kröfur gert.

Ákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973, sem sóknaraðili vitnar meðal annars til um kæruheimild, féllu úr gildi 1. júlí 1992, sbr. 1. tölulið 162. gr. laga nr. 91/1991. Í 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991, sem sóknaraðili byggir kæruheimild að öðru leyti á, er mælt fyrir um heimild þess, sem telur héraðsdómara hafa gert á hlut sinn í dómarastarfi, til að

kæra dómarann fyrir Hæstarétt og krefjast, að honum verði veitt áminning eða gerð sekt. Þetta lagaákvæði heimilar á engan hátt málskot með þeim kröfum, sem sóknaraðili gerir fyrir Hæstarétti í máli þessu. Þar sem kæruheimild verður þannig hvorki studd við þau lagaákvæði, sem sóknaraðili vísar til, né önnur ákvæði 143. gr. laga nr. 91/1991 verður að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist úr hendi sóknaraðila, og verður hann því ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. nóvember 1994.

Við þingfestingu máls þessa 22. september sl. lýsti Björn Baldursson lögfræðingur yfir, að hann mætti fyrir sóknaraðila sem maki hennar. Kom hann í allar fyrirtökur málsins utan eina, 26. október sl., er sóknaraðili mætti sjálf. Þá skrifar Björn undir beiðni, dagsetta 16. ágúst, um úrlausn dómsins varðandi gildi tiltekinnar aðfarargerðar sýslumanns, þar sem sóknaraðili er gerðarþoli. Þá hefur Björn skrifað undir greinargerð sóknaraðila í máli þessu. Dómara hafa nýlega borist upplýsingar um, að Björn og sóknaraðili séu ekki í hjúskap, og varð það tilefni til könnunar dómara á því, hvort Björn Baldursson hefði heimild samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 að annast málflutning fyrir sóknaraðila í máli þessu. Þar sem mætti, Björn Baldursson, hefur lýst því yfir, að hann og sóknaraðili séu ekki gift, verður að telja, að hann sé ekki maki í skilningi 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942, sem heimili honum að annast málflutning fyrir stefndu í máli þessu. Þá verður ekki séð, að hagsmunir í máli þessu, sem varðar fjárkröfu á hendur Rut Skúladóttur persónulega vegna atvinnurekstrar hennar, séu þess eðlis, að þau heimili, að Björn Baldursson annist málflutning fyrir sóknaraðila í máli þessu. Einnig er upplýst í málinu, að mætti hefur ekki málflutningsréttindi og þar af leiðandi ekki málflutningsumboð samkvæmt 4. gr. fyrrnefndra laga um málflytjendur.

Samkvæmt framansögðu verður ekki séð, að skilyrðum 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 sé fullnægt, og er Birni Baldurssyni því óheimilt að annast málflutningsstörf fyrir sóknaraðila, Rut Skúladóttur, í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Birni Baldurssyni er óheimilt að annast málflutningsstörf fyrir sóknaraðila, Rut Skúladóttur, í máli þessu.

Föstudaginn 9. desember 1994.

Nr. 479/1994. **Lind hf.**
(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)
gegn
Ólafi Á. Pálssyni

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. desember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 2. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Í grein 2.1. í almennum ákvæðum samnings aðila um fjármögnunarleigu, dagsetts 10. apríl 1992, er mælt fyrir um heimild til uppsagnar samningsins vegna vanefnda leigutaka á ákvæðum hans. Þar segir meðal annars, að leigutaki viðurkenni rétt leigusala til að taka til sín leigumuninn, hvar sem hann kunni að vera niður kominn. Í grein 2.2. er meðal annars að finna ákvæði um uppgjör í kjölfar uppsagnar samningsins vegna vanefnda leigutaka. Skal leigutaki þá greiða alla gjaldfallna og ógjaldfallna leigu til loka upphaflegs samningstíma svo og tjón vegna vanefndanna og kostnað leigusala. Frá skuldinni skal draga andvirði hins leigða, og skal þá miða við endursöluverð leigumunar við afhendingu. Í stað þess að sæta slíkum frádrætti getur leigusali einnig farið þá leið að falla frá eignarrétti sínum að leiguhlutnum og krefja leigutaka um fullar efndir samningsins.

Vegna vanefnda varnaraðila á samningnum beindi sóknaraðili að honum uppsögn með símskeyti 28. apríl 1994. Var þá jafnframt

skorað á leigutaka að skila hinni leigðu vörubifreið, enda yrði andvirði hennar dregið frá skuldinni. Í málatilbúnaði sóknaraðila kemur fram, að leigutaki hafi ekki orðið við þeirri áskorun. Hins vegar sér þess ekki stað í gögnum málsins, að sóknaraðili hafi gert reka að því að ná til sín umráðum bifreiðarinnar með aðför, sem óhjákvæmilegt hefði verið af þessum sökum, til að uppgjör gæti farið fram með þeim hætti, að andvirði hennar yrði dregið frá skuld varnaraðila. Hefði sóknaraðili viljað komast hjá slíkum frádrætti, átti hann þess einnig kost að falla frá eignarrétti sínum að bifreiðinni og krefja varnaraðila um fullar efndir. Enga yfirlýsingu er að finna um þetta í málatilbúnaði sóknaraðila í héraði, sem er þvert á móti á því reistur, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða skuld sína að fullu, en sóknaraðili haldi engu að síður áfram eignarráðum sínum á leiguhlutnum. Yfirlýsing í greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti um, að endursöluverð bifreiðarinnar verði dregið frá dómkröfu á síðari stigum, fái hann bifreiðina afhenta, breytir engu hér um.

Samkvæmt framansögðu eru þeir annmarkar á málatilbúnaði sóknaraðila, að dómur verður ekki lagður á kröfur hans í því horfi, sem þær eru, sbr. einnig 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 1994.

Mál þetta höfðaði Lind hf., kt. 610886-1679, Lágmúla 6, Reykjavík, með stefnu, birtri 20. júní sl., á hendur Ólafi Pálssyni, kt. 221267-4009, Sigtúni 27, Patreksfirði.

Málið var tekið til dóms eða úrskurðar fyrr í dag.

Stefnandi krefst greiðslu 4.298.703 kr. auk dráttarvaxta [...] og málskostnaðar.

Stefndi hefur eigi sótt þing í máli þessu og því ekki gert neinar kröfur.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að stefndi hafi tekið á leigu Mercedes Benz-vörubifreið með samningi, dagsettum 10. apríl 1992, en samningi þessum hafi verið breytt með svokallaðri skuldbreytingu 29. desember 1993. Leigutími hafi verið ákveðinn 60 mánuðir. Um leigufjárhæð og leigu-

greiðslu segi, að stefndi skuli greiða 50.451 kr. í desember til apríl og 100.902 kr. í maí til nóvember mánaðarlega, uppfært miðað við lánskjaravísitölu 3347, í 60 skipti, í fyrsta sinn 31. desember 1993.

Stefnandi segir stefnda vera í vanskilum með greiðslur samkvæmt samningi þessum frá og með gjalddaga 31. desember 1993. Stefnandi hafi ekki fengist til að greiða vanskilin, og leigumun hafi ekki verið skilað. Vegna vanskila þessara hafi samningnum verið sagt upp með símskeyti, sem sent hafi verið stefnda 27. apríl sl. Uppsögn þessa byggir stefnandi á gr. 2.1. í samningi aðila og kveðst innheimta skuldina á grundvelli gr. 2.2. í sama samningi.

Stefnufjárhæð sundurliðar stefnandi svo:

1. Gjaldfallnar leigugreiðslur á uppsagnardegi	kr.	258.084
2. Gjaldfelldar eftirstöðvar á uppsagnardegi, sbr. gr. 2.2.-b í samningnum	–	3.245.477
3. Virðisaukaskattur af gjaldfelldum eftirstöðvum	–	795.142
Samtals	kr.	4.298.703

Auk ákvæða þeirra í samningi aðila, er áður getur, styður stefnandi kröfur sínar við almennar reglur kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga. Þá vísar hann jafnframt til vaxtalaga og til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Í stefnu er því lýst af hálfu stefnanda, að leigumun hefði ekki verið skilað. Er þar ekkert að finna um verðmæti bifreiðarinnar eða hvernig því skyldi varið við uppgjör milli aðilanna. Í gr. 2.2.-d í samningi þeim, sem kröfur eru reistar á, segir þó, að frá skuld skuli draga „endursöluverð leigumunar við afhendingu". Krafa sú, sem stefnandi á skv. ákvæðum samningsins, er ekki hærri en samningurinn í heild mælir fyrir um, og því hefur stefnandi ekki lýst kröfu sinni nægilega, svo að leyst verði úr málinu efnislega og til fullnaðar.

Samkvæmt þessu er málið svo vanreifað, að því verður vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Jón Finnbjörnsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan. Meðferð máls þessa hefur dregist talsvert vegna mikilla anna við dómstólinn.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 9. desember 1994.

Nr. 474/1994. **Lind hf.**
(Guðni Haraldsson hrl.)
gegn
þrotabúi Ingibergs Hafsteinssonar
(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Vörslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. nóvember 1994, sem barst réttinum með kærumálsgögnum 29. sama mánaðar. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur í heild sinni, en til vara, að honum verði hrundið, að því er varðar eftirtalin tæki: Tvær DNG-handfærarúllur, verksmiðjunúmer 211048-F og 546078-F, dýptarmæli FCV-551 og 24 mílna ratsjá, hvort tveggja af gerðinni Furuno, talstöð Kelvin Hughes af gerðinni Husun, 55 VHF, Loran Plotter, LP-1000, Setrex-727-sjálfstýring með útistjórntækjum og gírókompás og Koden Loran af C gerð, L-790. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Bú Ingibergs Hafsteinssonar var tekið til gjaldþrotaskipta 19. nóvember 1993.

Í fjármögnunarleigusamningi sóknaraðila og Gunnars Kristinssonar 29. janúar 1992 um bátinn Krata Pál, VE-065, sem síðar bar heitið Abbý, HF-057, er þess getið, að siglingatæki séu leigð með bátnum. Er um tæki þessi vísað til sérstaks lista, er fylgi samningnum. Þessara tækja er hins vegar að engu getið í fjármögnunarleigusamningi sóknaraðila og Ingibergs 15. febrúar 1993 um bátinn Abbý, HF-057. Fimm þeirra muna, sem varnaraðili krefst afhendingar á úr

hendi Ingibergs Hafsteinssonar, eru á framangreindum lista, sem er vélritaður á bréfsefni sóknaraðila. Í málinu liggur hins vegar fyrir eintak þessa lista, þar sem hefur verið handritað nafn Ingibergs og heiti bátsins Abbýjar, HF-057, í stað nafns Gunnars Kristinssonar og bátsins Krata Páls, VE-065. Ekki er þar getið samnings sóknaraðila og Ingibergs.

Ákvæði 72. gr. laga nr. 21/1991 segir fyrir um, að þrotabú eignist öll fjárhagsleg réttindi þrotamanns, sem hann á við upphaf skipta, nema þau, sem honum er heimilað að halda samkvæmt 72. gr. og 73. gr. laganna. Munir þeir, sem varnaraðili hefur krafist afhendingar á, voru í vörslum þrotamannsins við upphaf skipta og falla ekki undir undanþágur þessar. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á eignarrétt sinn að munum með þeim hætti, að komið verði í veg fyrir afhendingu þeirra til varnaraðila. Samkvæmt þessu og þegar litið er til þess, að muna þeirra, sem hér er deilt um, er að engu getið í samningnum frá 15. febrúar 1993, ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar, að því er varðar þá muni, sem krafa sóknaraðila lýtur að.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur, að því er varðar skyldu Ingibergs Hafsteinssonar til að afhenda Garðari Briem, skiptastjóra í þrotabúi Ingibergs Hafsteinssonar, eftirtalda muni: Tvær DNG-handfærarúllur, verksmiðjunúmer 211048-F og 546078-F, dýptarmæli FCV-551 og 24 mílna ratsjá, hvort tveggja af gerðinni Furuno, talstöð Kelvin Hughes af gerðinni Husun 55 VHF, Loran-Plotter, LP-1000, Setrex-727-sjálfstýring með útistjórntækjum og gírókompás og Koden-Loran af C-gerð, L-790.

Sóknaraðili, Lind hf., greiði varnaraðila, þrotabúi Ingibergs Hafsteinssonar, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 2. nóvember 1994.

Mál þetta, sem varðar ágreining um skyldu þrotamanns til að láta eignir af hendi, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 27. október sl.

Sóknaraðili, þrotabú Ingibergs Hafsteinssonar, kt. 050556-3779, Sóleyjargötu 17, Reykjavík, krefst dómsúrskurðar um, að eftirtalin tæki verði tekin úr vörslum þrotamanns, Ingibergs Hafsteinssonar, Skúlaskeiði 14, Hafnarfirði, og fengin skipuðum skiptastjóra, Garðari Briem hdl., fyrir hönd þrotabúsins:

1) 2 stk. DNG-handfærarúllur, verksmnr. 211048-F og 546078-F,
2) 2 stk. Atlander-handfærarúllur verksmnr. 3090 og 3115,
3) 1 stk. farsími af Storno-gerð,
4) 1 stk. dýptarmælir, Furuno-gerð, FCV-551,
5) 1 stk. Koden-Loran, C-gerð, LR-790,
6) 1 stk. Koden-Gps-staðsetningartæki, gerð KGP-900,
7) 1 stk. talstöð, Kelvin-Hughes, gerð Husun 55, VHF,
8) 1 stk. talstöð, Norðland, lítil CB-stöð,
9) 1 stk. talstöð, Raytheon-gerð, Ray-98E,
10) 1 stk. 24 mílna ratsjá af Furuno-gerð,
11) 1 stk. Loran-Plotter, LP-1000,
12) 1 stk. SETREX 727 sjálfstýring með útistjórntækjum og gírókompás.

Varnaraðili, Ingibergur Hafsteinsson, kt. 050556-3779, Skúlaskeiði 14, Hafnarfirði, gerir þá dómkröfu, að synjað verði kröfu sóknaraðila um úrskurð um afhendingu muna þeirra, sem upp eru taldir í kröfu sóknaraðila, nema talstöðvar af Norðland-gerð.

Krafa sóknaraðila barst dóminum 22. september 1994. Við fyrirtöku kröfunnar á dómþingi 12. sama mánaðar sótti varnaraðili þing og hafði uppi mótmæli við kröfunni. Var þá mál þetta þingfest. Við fyrirtöku málsins á dómþingi 24. október var þing einnig sótt af hálfu Lindar hf.

Meðalgönguaðili, Lind hf., Lágmúla 6, Reykjavík, gerir þær dómkröfur, að meðalganga þess verði leyfð og að kröfum sóknaraðila verði hafnað, hvað varðar eftirtalin tæki:

1) 2 stk. DNG-handfærarúllur, verksmnr. 211048-F og 546078-F,
2) 1 stk. dýptarmælir, Furuno-gerð, FCV-551,
3) 1. stk. talstöð, Kelvin-Hughes-gerð, Husun-55, VHF,
4) 1 stk. 24 mílna ratsjá af Furuno-gerð,
5) 1 stk. Loran-Plotter, LP-1000,
6) 1 stk. SETREX-727, sjálfstýring með útistjórntækjum og gírókompás,
7) 1 stk. Koden-Loran af C-gerð, L-790.

Þá er gerð krafa um málskostnað að mati réttarins.

Atvik að baki máli þessu eru þau, að með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 19. nóvember 1993, var bú varnaraðila, Ingibergs Hafsteinssonar, tekið til gjaldþrotaskipta og Garðar Briem hdl. skipaður skiptastjóri.

Í kröfu sóknaraðila er greint svo frá, að í ljós hafi komið, að varnaraðili hafi í vörslum sínum um borð í bát, sem hann hafi haft til umráða á grundvelli kaupleigusamnings, lausafjármuni, sem falli undir eignir þrotabús hans. Varnaraðili hafi ekki fengist til að afhenda þessa muni, en gefið þá skýringu, að aðrir eigi þessa hluti, án þess að geta lagt fram haldbær gögn, sem sýni fram á það. Kröfu sína um umráð yfir umræddum munum byggir sóknaraðili á l. nr. 21/1991, sérstaklega 3. mgr. 82. gr.

Varnaraðili, Ingibergur Hafsteinsson, heldur því fram, að hann sé ekki eigandi þeirra tækja, sem krafist er afhendingar á, nema talstöðvar af Norðland-gerð. Tæki þau, sem tilgreind séu undir liðum nr. 1, 4, 5, 7, 10, 11 og 12 í kröfu sóknaraðila, séu eign Lindar hf. Atlander-handfærarúllur séu eign Viðars Sæmundssonar skipstjóra, og hefur varnaraðili lagt fram í dóminum yfirlýsingu hans, dagsetta 26. 10. 1994, að hann sé eigandi tveggja Atlander-handfærarúllna, sem séu í bátnum Abbý, HF-57, og beri verksmiðjunúmerið 3090 og 3115. STORNO-farsímann kveður hann vera eign sonar síns, Hauks Ingibergssonar. Kom hann fyrir dóminn sem vitni og bar, að hann ætti símann. Koden-Gps-staðsetningartæki, gerð KGP-900, kveður hann vera eign Eyjólfs Kristjánssonar, og hefur hann lagt fram í dóminum greiðslukvittun Radíómiðunar hf. til Eyjólfs Kristjánssonar, Stekkjarhvammi 58, Hafnarfirði, dags. 16. 2. 1993, fyrir KGB-gervitunglamóttakara, KGB900-103. Raytheon-talstöð kveður varnaraðili vera eign Guðjóns Arnar á Garpi.

Meðalgönguaðili, Lind hf., greinir svo frá atvikum, að 29. janúar 1992 hafi Lind hf. og Gunnar Kristinsson gert með sér samning um fjármögnunarleigu á bátnum Krata Páli, VE-065, skráningarnúmer 6792, og siglingatækjum skv. meðfylgjandi lista. Hinn 15. febrúar 1993 hafi Ingibergur Hafsteinsson sótt um eignaleigu á sama bát, sem þá hét Vala, VE-65 (skrárnr. 6792), en síðar hafi báturinn fengið nafnið Abbý, og hafi leigusamningur verið gerður sama dag. Listi yfir fylgihluti, sem fylgdu samningnum við Gunnar Kristinsson, hafi fylgt samningnum, og hafi verið krossað við þau tæki, sem fylgdu til Ingibergs.

Málsástæður og lagarök meðalgönguaðila.

Meðalgönguaðili styður meðalgöngu sína 20. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, en úrslit máls þessa skipti hann miklu, þar sem hann sé raunverulegur eigandi nokkurra af þeim tækjum, sem krafist sé afhendingar á.

Listi yfir fylgihluti þá, sem fylgt hafi samningnum við Gunnar Kristinsson, hafi einnig fylgt samningi Lindar hf. og Ingibergs, og hafi verið krossað við þau tæki, sem fylgdu með til Ingibergs. Skv. grein 2.9. í samningi aðila sé leigumunur eign leigusala. Báturinn og fylgihlutirnir séu því eign Lindar hf. Þá sé Lindarskip hf. auk þess þinglýstur eigandi bátsins skv. veðmálabók, en Lind hf. og það félag hafi verið sameinuð. Þeir hlutir, sem hér um ræði, teljist til fylgifjár skipsins, sbr. 26. gr. laga nr. 39/1978, en bátur sá, sem hér um ræði, sé 5,9 brúttórúmlestir.

Niðurstaða.

Úrslit máls þessa skipta Lind hf. máli að lögum, og er Lind hf. því heimil meðalgangan, sbr. 20. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991.

Í fjármögnunarleigusamningi Lindar hf. og Ingibergs Hafsteinssonar um bátinn ABBÝ, HF-57, er þess ekki getið, að bátnum fylgi fylgihlutir. Af hálfu Lindar hf. og varnaraðila er því haldið fram, að listi yfir fylgihluti, sem fylgdi samningi Lindar hf. og Gunnars Kristinssonar um sama bát, en í þeim samningi er vísað til meðfylgjandi lista yfir siglingatæki, hafi fylgt samningnum við varnaraðila og að krossað hafi verið við þau tæki á listanum, sem fylgdu með til Ingibergs. Á listanum, sem liggur frammi í ljósriti, hefur verið strikað yfir nafn Gunnars Kristinssonar og nafn Ingibergs Hafsteinssonar ritað í staðinn, og á eftir upphaflegu nafni bátsins er skráð: nú ABBÝ, HF-057. Á listanum er krossað við fleiri tæki en þau, sem Lind hf. gerir kröfur um í máli þessu. Þá eru ekki tilgreind á listanum tvö þeirra tækja, sem Lind hf. kveður vera sína eign, þ. e. 1 stk Koden-Loran af C-gerð, LR-790, og talstöðvar af Kelvin-Hughes-gerð, Husun 55, VHF. Listinn er ekki undirritaður af aðilum, og ekki kemur fram á honum, að hann sé fylgiskjal með samningi aðila.

Þegar framanrakið er virt og það sérstaklega, að í samningi aðila er listans ekki getið sem fylgiskjals, né kemur það fram á listanum, að hann sé fylgiskjal með samningnum, þykir umræddur listi ekki vera fullnægjandi sönnun fyrir eignarrétti Lindar hf. á þeim tækjum, sem félagið kveðst eiga og getið er á listanum. Þá þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að umræddir fylgihlutir teljist til fylgifjár bátsins.

Varnaraðili, Ingibergur, hefur lagt fram yfirlýsingu þess efnis, að Viðar Sæmundsson skipstjóri sé eigandi 2 stk. Atlander-handfærarúllna, verksmnr. 3090 og 3115. Þá hefur hann lagt fram kvittun til Eyjólfs Kristjánssonar frá Radíómiðun hf. fyrir greiðslu á KGP900-103 KGP-gervitunglamóttakara. Verður ekki fallist á, að fram lögð skjöl séu sönnun fyrir

því, að varnaraðili, Ingibergur, sé ekki eigandi tækjanna. Vitnisburður Hauks Ingibergssonar um, að hann sé eigandi STORNO-farsímans, veitir einn sér ekki næga sönnun fyrir eignarhaldi hans á símanum. Þá er á engum gögnum að byggja um Raytheon-talstöðina. Loks hefur varnaraðili viðurkennt, að hann eigi litla Norðland-talstöð.

Samkvæmt framangreindu verður varnaraðili, Ingibergur Hafsteinsson, úrskurðaður til að afhenda sóknaraðila öll hin umkröfðu tæki.

Eftir niðurstöðu málsins verður málskostnaður ekki úrskurðaður, en meðalgönguaðili gerði einn kröfu um málskostnað.

Úrskurð þennan kveður upp Þorgerður Erlendsdóttir dómarafulltrúi.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, Ingibergur Hafsteinsson, afhendi Garðari Briem hdl., skiptastjóra f. h. þrotabús Ingibergs Hafsteinssonar, eftirtalin tæki: 2 stk. DNG-handfærarúllur, verksmnr. 211048-F og 546078-F, 2 stk. Atlander-handfærarúllur, verksmnr. 3090 og 3115, farsíma af Stornogerð, dýptarmæli, Furuno-gerð, FCV-551, Koden-Loran, C-gerð, LR-790, Koden-Gps-staðsetningartæki, gerð KGP-900, talstöð Kelvin-Hughes-gerð, Husun 55, VHF-talstöð, Norðland, lítil CB-stöð, talstöð, Raytheon-gerð, Ray-98 E, 24 mílna ratsjá af Furuno-gerð, Loran-Plotter, LP-1000, SETREX-727-sjálfstýringu með útistjórntækjum og gírókompás.

Mánudaginn 12. desember 1994.

Nr. 480/1994. **Búnaðarbanki Íslands**
(Ólafur Birgir Árnason hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Árni Pálsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun söluverðs. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 18. nóvember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 2. desember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra, upp kveðinn 11. nóvember 1994, þar sem hafnað var kröfum sóknaraðila um breytingar á frumvarpi sýslumannsins á Akureyri til úthlutunar á söluverði fasteignarinnar Ásabyggðar 6 þar í bæ við nauðungarsölu. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þann veg, að hann fái úthlutað af söluandvirðinu greiðslu á kröfu samkvæmt skuldabréfi, sem verði talið hafa verið tryggt með 4. veðrétti í fyrrnefndri eign, aðallega 1.618.930 krónum, en til vara 1.515.554 krónum. Hann krefst jafnframt úthlutunar á 80.205,30 krónum til greiðslu á kröfu í skjóli tryggingarbréfs, sem hafi einnig hvílt á 4. veðrétti í eigninni. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en um málskostnað í héraði, sem hann krefst, að sóknaraðila verði gert að greiða sér ásamt kærumálskostnaði.

I.

Með bréfi 29. október 1992 til sýslumannsins á Akureyri lýsti sóknaraðili kröfum sínum um greiðslu af söluverði fasteignarinnar Ásabyggðar 6, sem var seld á uppboði 21. sama mánaðar, og studdi hann kröfurnar við þrjá samninga um veðréttindi í hinni seldu eign.

Var þar í fyrsta lagi um að ræða tryggingarbréf, sem hvíldi á 4. veðrétti í eigninni, út gefið 9. apríl 1987, upphaflega að fjárhæð 700.000 krónur, en í skjóli þess krafðist sóknaraðili greiðslu á 150.896 krónum, sem hann kvað vera lögmannsþóknun vegna innheimtu veðtryggðrar skuldar, sem væri að öðru leyti greidd. Í öðru lagi krafðist sóknaraðili greiðslu á 1.618.930 krónum samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 31. mars 1992, sem var upphaflega að fjárhæð 1.500.000 krónur, en á grundvelli veðleyfa frá öðrum veðhöfum taldi hann skuldabréfið hvíla á 4. veðrétti, samhliða áðurnefndu tryggingarbréfi. Í þriðja lagi krafðist sóknaraðili greiðslu á 159.578 krónum samkvæmt veðskuldabréfi, hvílandi á 5. veðrétti í eigninni, út gefnu 6. maí 1988 og upphaflega að fjárhæð 980.000 krónur, en þetta kvað hann vera lögmannsþóknun vegna innheimtu veðskuldarinnar, sem hafi verið greidd að öðru leyti.

Í frumvarpi sýslumanns til úthlutunar á söluverðinu, dagsettu 10. nóvember 1992, voru framangreindar kröfur sóknaraðila teknar til greina að undanskildu því, að upp í kröfu samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 31. mars 1992, átti að úthluta 1.515.554 krónum. Nam lækkunin frá lýstri kröfu sóknaraðila 103.376 krónum, sem var fjárhæð innheimtulauna af skuldinni. Sóknaraðili mótmælti frumvarpinu og krafðist, að upphafleg krafa sín samkvæmt skuldabréfinu yrði tekin að fullu til greina.

Varnaraðili hafði einnig uppi mótmæli gegn frumvarpinu, sem hann beindi að fyrirhugaðri úthlutun til sóknaraðila. Þar krafðist varnaraðili þess, að réttindi sóknaraðila samkvæmt skuldabréfinu frá 31. mars 1992 yrðu látin víkja fyrir kröfu sinni, að fjárhæð 353.755,90 krónur, sem hann studdi við skuldabréf á 8. veðrétti í eigninni, út gefið 31. október 1989. Þá krafðist varnaraðili þess einnig, að sóknaraðili fengi enga úthlutun til greiðslu á lögmannsþóknun, þar sem hann hefði ekki lýst kröfum sínum í söluverðið, áður en uppboði var lokið á eigninni. Til vara krafðist varnaraðili, að sóknaraðili fengi aðeins að koma að kröfum um lögmannsþóknun fyrir kröfum samkvæmt veðskjölunum frá 1987 og 1988 og þá með þeim fjárhæðum, sem hann hafði krafist í því sambandi í beiðnum um nauðungaruppboð til fullnustu á þeim kröfum, en beiðnirnar höfðu legið fyrir allt frá árinu 1990.

Á fundi, sem fulltrúi sýslumanns hélt 11. desember 1992 til að

taka afstöðu til fram kominna mótmæla gegn frumvarpinu, féllst hann á kröfu varnaraðila um, að réttindi sóknaraðila samkvæmt veðskuldabréfinu frá 31. mars 1992 yrðu látin víkja fyrir kröfu varnaraðila samkvæmt skuldabréfi á 8. veðrétti í eigninni og um leið fyrir kröfum Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt tveimur veðskuldabréfum, hvílandi á 6. og 7. veðrétti. Með þessari breytingu leiddi frumvarpið til þess, að sóknaraðili fengi ekki kröfu sína samkvæmt skuldabréfinu greidda að fullu, þar sem aðeins stóðu eftir 1.102.368 krónur til úthlutunar upp í hana. Þá féllst fulltrúi sýslumanns á varakröfu varnaraðila um úthlutun til sóknaraðila til greiðslu á lögmannsþóknun, og var því ráðgert, að hann fengi 64.422,30 krónur samkvæmt tryggingarbréfinu á 4. veðrétti og 84.703 krónur í skjóli veðskuldabréfsins á 5. veðrétti.

Af hálfu sóknaraðila var lýst þegar í stað yfir, að hann leitaði dómsúrlausnar um þessar breytingar á frumvarpinu.

Ágreiningur málsaðila stendur annars vegar um, hvar kröfu sóknaraðila samkvæmt veðskuldabréfinu frá 31. mars 1992, samtals 1.515.554 krónur, verði skipað í réttindaröð við úthlutun söluverðs og hvort úthluta eigi til viðbótar greiðslu innheimtulauna af þeirri kröfu, 103.376 krónum. Hins vegar deila aðilar um, hvort sóknaraðili eigi að fá úthlutað 80.205,30 krónum til greiðslu lögmannsþóknunar í skjóli tryggingarbréfsins frá 9. apríl 1987, sem hvíldi á 4. veðrétti í hinni seldu eign.

II.

Í veðskuldabréfi sóknaraðila, út gefnu 31. mars 1992, er mælt fyrir um, að fasteignin Ásabyggð 6 á Akureyri sé veðsett til að tryggja greiðslu skuldar samkvæmt bréfinu, að fjárhæð 1.500.000 krónur, með fimmta veðrétti og uppfærslurétti að baki fjórum tilteknum veðskuldum. Er óumdeilt, að ein þessara rétthærri veðskulda hafi síðar fallið niður og sóknaraðili njóti þannig uppfærsluréttar sem því nemur fyrir veðskuldabréfi sínu.

Við útgáfu veðskuldabréfsins hvíldu einnig veðréttindi á eigninni önnur en þau, sem áttu samkvæmt þessu að standa framar því í veðröð. Sóknaraðili átti sjálfur veðréttindi í eigninni samkvæmt fyrrnefndu tryggingarbréfi frá árinu 1987 og veðskuldabréfi frá árinu 1988, en tekið var fram í skuldabréfinu frá 31. mars 1992, að réttindi

samkvæmt því hefðu átt að standa samhliða réttindum samkvæmt tryggingarbréfinu í veðröð og að réttindi samkvæmt veðskuldabréfinu frá 1988 hefðu átt að þoka fyrir nýja bréfinu. Að öðru leyti nutu tveir aðrir veðhafar á þessum tíma veðréttinda í fasteigninni, svo að máli skipti nú, en það voru varnaraðili samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 31. október 1989, og Byggingarsjóður ríkisins samkvæmt tveimur veðskuldabréfum, sem voru gefin út 29. apríl og 10. júní 1991. Með yfirlýsingu varnaraðila frá 2. mars 1992 og ódagsettri yfirlýsingu Byggingarsjóðs ríkisins veittu þeir báðir heimild til, að umrædd fasteign yrði veðsett sóknaraðila með veðrétti, sem gengi fyrir réttindum þeirra, til tryggingar verðtryggðu skuldabréfi, að fjárhæð allt að 1.500.000 krónum. Í báðum yfirlýsingunum var tekið fram, að það skilyrði væri sett fyrir veðleyfinu, að sóknaraðili aflétti veðskuldabréfi, út gefnu 6. maí 1988 og upphaflega að fjárhæð 980.000 krónur, af eigninni innan tveggja mánaða frá þinglýsingu veðleyfis. Eins og málið liggur fyrir, virðist nýja veðsetningin samhliða aflýsingu þessarar eldri veðskuldar hafa átt að leiða til þess, að heildarfjárhæð veðskulda við sóknaraðila myndi lækka.

Sóknaraðili afhenti skuldabréfið frá 31. mars 1992 ásamt veðleyfum til þinglýsingar 15. apríl sama ár, og voru réttindi samkvæmt þessum skjölum innfærð í þinglýsingarbók samdægurs. Frestur sóknaraðila rann því út 15. júní 1992 til að hlíta skilyrðinu samkvæmt fyrrgreindum veðleyfum um að afmá veðréttindi samkvæmt veðskuldabréfinu frá 6. maí 1988. Fyrir liggur, að sóknaraðili lét ekki verða af því fyrr en 14. desember 1992, og varð þannig verulegur dráttur á, að veðréttindin yrðu afmáð, gagnstætt skilmálum veðleyfanna. Á hinn bóginn verður að líta til þess, að varnaraðili mátti ganga út frá, að veðleyfið frá sér yrði hagnýtt á þann hátt, að í skjóli þess yrði þinglýst nýjum réttindum handa sóknaraðila, sem yrði gengið út frá í þinglýsingarbók, að stæðu framar eldri veðréttindum varnaraðila. Var því full ástæða fyrir varnaraðila til að gæta að því, hvort orðið yrði við því skilyrði, sem hann setti í veðleyfi sitt, og krefjast þá breytinga á færslu í þinglýsingarbók, ef hann yrði þess áskynja, að skilyrðinu hefði ekki verið fullnægt í tæka tíð. Þetta gerði varnaraðili ekki, svo að séð verði, enda virðist hann ekki hafa gert athugasemdir um stöðu veðskuldabréfs sóknaraðila frá 31. mars 1992 í réttindaröð, fyrr en komið var fram frumvarp til úthlut-

unar á söluverði veðsins. Þegar tekið er tillit til þess svo og, að varnaraðili hefur ekki sýnt, að dráttur af hálfu sóknaraðila um að afmá réttindi sín samkvæmt veðskuldabréfinu frá 6. maí 1988 hafi valdið honum tjóni, verður að fallast á þá kröfu sóknaraðila, að krafa hans samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 31. mars 1992, verði talin hvíla á 4. veðrétti í fasteigninni Ásabyggð 6 við úthlutun á söluverði hennar.

Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi lagt fyrir sýslumann kröfulýsingu vegna skuldabréfsins frá 31. mars 1992, þess efnis og í því formi, sem áskilið er í 2. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1991, áður en uppboði var lokið á fyrrnefndri fasteign. Nýtur sóknaraðili því ekki réttar til að fá greiddan innheimtukostnað af veðskuldinni við úthlutun söluverðs eignarinnar, sbr. 4. mgr. 50. gr. sömu laga. Samkvæmt því og þar sem aðila greinir ekki á um fjárhæðir, verður sóknaraðili talinn eiga rétt á að fá úthlutað 1.515.554 krónum til greiðslu kröfu á grundvelli skuldabréfsins frá 31. mars 1992.

III.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta niðurstöðuna þar um að hafna kröfu sóknaraðila um úthlutun á 80.205,30 krónum til greiðslu á lögmannsþóknun í skjóli tryggingarbréfs frá 9. apríl 1987, sem hvíldi á 4. veðrétti í fasteigninni Ásabyggð 6.

IV.

Samkvæmt framansögðu er fallist á kröfu sóknaraðila um að breyta ákvörðun sýslumannsins á Akureyri frá 11. desember 1992 um úthlutun á söluverði fasteignarinnar Ásabyggðar 6 á þann hátt, að sóknaraðili fái úthlutun á 1.515.554 krónum sem veðhafi á 4. veðrétti í eigninni, en að öðru leyti verður ekki hreyft við ákvörðun sýslumanns.

Eins og atvikum er háttað, er rétt, að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili sendi Héraðsdómi Norðurlands eystra gögn málsins með bréfi 18. desember 1992, og var það þá fullbúið til þeirrar meðferðar, sem mælt er fyrir um í 74.-77. gr. laga nr. 90/1991. Málið var þó ekki þingfest í héraði fyrr en 3. mars 1994. Í þinghaldi 19. maí

sama ár lýstu lögmenn aðila gagnaöflun lokið, og var málinu frestað um óákveðinn tíma til munnlegs flutnings. Málflutningur fór ekki fram fyrr en 20. október sl. Engar skýringar er að finna í gögnum málsins á þessum verulega og ástæðulausa drætti, sem er í brýnni andstöðu við grunnreglur 4. þáttar laga nr. 90/1991 um hraða meðferð mála. Verður að átelja þessa meðferð héraðsdómara á málinu.

Dómsorð:

Við úthlutun á söluverði fasteignarinnar Ásabyggðar 6 á Akureyri nýtur sóknaraðili, Búnaðarbanki Íslands, réttar til úthlutunar á 1.515.554 krónum sem veðhafi á 4. veðrétti.

Ákvæði í hinum kærða úrskurði um að hafna kröfu sóknaraðila um úthlutun á 80.205,30 krónum sem veðhafa á 4. veðrétti er staðfest.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falla niður.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 11. nóvember 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 20. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi og þingfest hér fyrir dóminum 3. mars sl., er til komið vegna kröfu Ólafs Birgis Árnasonar hrl., dagsettrar á Akureyri 18. desember 1992, f. h. Búnaðarbanka Íslands, Akureyri, þar sem undir dóminn er borinn ágreiningur um úthlutun söluverðs húseignarinnar nr. 6 við Ásabyggð á Akureyri, sem seld var nauðungarsölu 21. október það ár. Á fundi 11. desember s. á. tókst ekki að jafna ágreining um úthlutun söluverðs, og var því þá lýst yfir, að krafist yrði úrlausnar dómsins um ákvörðun sýslumanns, sbr. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991.

Sóknaraðili máls þessa er Búnaðarbanki Íslands, Akureyri, og varnaraðili Íslandsbanki hf., Akureyri.

Kröfur sóknaraðila eru þær aðallega, að sóknaraðili fái í fyrsta lagi úthlutað af uppboðsandvirði Ásabyggðar 6, Akureyri, samkvæmt veðskuldabréfi á 4. veðrétti 1.618.930 kr., í öðru lagi, að sóknaraðila verði úthlutað samkvæmt tryggingarbréfi á 4. veðrétti 80.205,30 kr., og í þriðja lagi, að staðfest verði ákvörðun fulltrúa sýslumanns um úthlutun til sóknaraðila samkvæmt veðskuldabréfi á 5. veðrétti 84.703 kr., samtals kröfur að fjárhæð 1.783.838,30 kr. verði viðurkenndar, – til vara, að honum verði úthlutað samkvæmt veðskuldabréfi á 4. veðrétti 1.515.554 kr. og að sóknaraðila verði

úthlutað sömu upphæðum og greinir í aðalkröfu í kröfulið 2 og 3. Krafist er áfallinna vaxta af úthlutunarfjárhæð frá 21. 10. 1992 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að kröfur hans hjá sýslumanni verði teknar til greina, en þær voru: í fyrsta lagi, að úthlutað verði upp í veðskuldabréf sóknaraðila, út gefið 6. 5. 1988, upphaflega 980.000 kr., 84.703 kr. samkvæmt 7. lið í frumvarpi til úthlutunar á söluverði, í öðru lagi, að krafa varnaraðila varðandi 6. lið í frumvarpi til úthlutunar á söluverði verði tekin til greina þannig, að ekkert greiðist til sóknaraðila samkvæmt þessum lið. Í þriðja lagi er þess krafist, að ákvörðun sýslumanns varðandi 11. lið í frumvarpi til úthlutunar á söluandvirði verði staðfest. Í fjórða lagi er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Málavextir samkvæmt lýsingu sóknaraðila eru þeir, að með tryggingarbréfi, að fjárhæð 700.000 kr., út gefnu 9. 4. 1987, og með veðskuldabréfi, 980.000 kr., út gefnu 6. 5. 1989, var sóknaraðila sett að veði með 9. og 11. veðrétti húseignin Ásabyggð 6 hér í bæ. Er húseignin var seld á nauðungaruppboði 21. 10. 1992, höfðu veðbréf þessi þokast upp á 4. og 5. veðrétt. Hinn 19. 7. 1990 bað sóknaraðili um nauðungaruppboð á húseigninni. Samtals nam þá skuldin á 4. og 5. veðrétti 2.128.154,20 kr., en skuldin samkvæmt fyrra veðtryggingarbréfinu nam þá alls 1.025.695,30 kr. og samkvæmt seinna veðskuldabréfinu 1.102.458,90 kr. Þáverandi eigandi húseignarinnar átti þá í miklum fjárhagslegum og persónulegum vandræðum, og þvældust uppboðskröfur sóknaraðila ásamt fleiri uppboðsbeiðnum mánuðum og árum saman á frestum í uppboðsréttinum. Árið 1992 varð það að ráði til bjargar eiganda Ásabyggðar 6, sem þá var að reyna að selja húsið, að sóknaraðili skuldbreytti lánunum á 4. og 5. veðrétti með nýju láni til væntanlegs kaupanda, Uppans hf. Var skuldbreytingin m. a. gerð með nýju veðskuldabréfi, að fjárhæð 1.500.000 kr., út gefnu 31. 3. 1992, tryggðu með 4. veðrétti í húseigninni. Þessar tilraunir til björgunar af hálfu sóknaraðila hafi þó ekki nægt, og hafi eignin verið seld á nauðungaruppboði 21. 10. 1992.

Sóknaraðili kveðst hafa lýst kröfum í uppboðsandvirði eignarinnar á uppboðsdegi, sbr. dskj. nr. 17, að fjárhæð samtals 1.929.404 kr. Sundurliðast krafan þannig, að 150.896 kr. er innheimtuþóknun lögmanns samkvæmt skuldabréfinu, að fjárhæð 700.000 kr., út gefnu 9. 4. 1987, og sama þóknun, 159.578 kr., vegna skuldabréfsins á 5. veðrétti, kr. 980.000, út gefins 6. 5. 1988, en 1.618.930 kr. eru vegna fyrrnefnds skuldabréfs, er Uppinn hf. gaf út til sóknaraðila 31. mars 1992, og þinglýsts 15. apríl s. á. á 5. veðrétti; en krafan samkvæmt bréfinu sundurliðast þannig: höfuðstóll 1.441.486,90 kr., bankakostnaður 825 kr., samningsvextir 36.037,20 kr., vextir af höfuðstól

37.204,90 kr., áfallinn kostnaður 103.376 kr. og skuld þá samtals 1.618.930 kr. Kemur fram, að þetta er staða skuldarinnar 29. 10. 1992.

Með kröfulýsingunni á dskj. nr. 17 fylgdu uppboðsbeiðnir, dagsettar 19. 7. 1990, vegna skuldabréfsins 980.000 kr., út gefins 6. 5. 1988, og veðtryggingarbréfsins, út gefins 9. 4. 1987, 700.000 kr. Í kröfulýsingunni er þess getið, að með fylgi þinglýst veðleyfi, og fylgir veðheimild Ábyrgðarsjóðs fasteignasala, dagsett í Reykjavík 5. mars 1992 og þinglýst 15. 4. s. á., þar sem ábyrgðarsjóðurinn heimilar Uppanum hf. að veðsetja margnefnda fasteign með 7. veðrétti til tryggingar vísitölutryggðu veðbréfi til sóknaraðila, allt að fjárhæð 1.500.000 kr., en ábyrgðarsjóðurinn átti veðtryggingarbréf, út gefið 9. 5. 1988, upphaflega að fjárhæð 250.000 kr., á 9. veðrétti í eigninni, og þokar sjóðurinn með veð sitt um einn veðrétt. Í veðheimildinni segir svo: „Skilyrði fyrir veðleyfinu er, að núverandi 6. veðréttur skv. veðskuldabréfi, út gefnu 6. 5. 1988 til Búnaðarbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð 980.000 kr., nú að fjárhæð 1.600.000 kr., verði létt af eigninni innan tveggja mánaða frá þinglýsingu veðleyfis þessa." Samhljóða ákvæði er í veðheimild Byggingarsjóðs ríkisins, ódagsettri, Reykjavík, en þinglýstri 15. 4. 1992, þar sem byggingarsjóðurinn veitti Uppanum hf. veðleyfi til að veðsetja sóknaraðila fasteignina með 7. veðrétti til tryggingar veðbréfi, vísitölutryggðu, allt að fjárhæð 1.500.000 kr., en með tveimur veðskuldabréfum, öðru dagsettu 29. 4. 1991, upphaflega að fjárhæð 1.281.000 kr., og hinu dagsettu 10. 6. 1991, upphaflega að fjárhæð 1.345.000 kr., var byggingarsjóðnum veðsett eignin með 7. og 8. veðrétti og uppfærslurétti. Er skjal þetta á dskj. nr. 18.

Með sömu skilmálum veitir varnaraðili Uppanum hf. veðheimild með skjali, út gefnu á Akureyri 2. 3. 1992 og þinglýstu 15. 4. 1992, til að veðsetja sóknaraðila með sama veðrétti, er gangi fyrir hans veðrétti samkvæmt fjárnámi, dagsettu 31. 1. 1989, upphaflega að fjárhæð 505.000 kr., og skuldabréfi, dagsettu 31. 10. 1989, upphaflega að fjárhæð 550.000 kr., tryggðu með 10. og 11. veðrétti í eigninni. Er þetta dskj. nr. 24.

Samkvæmt veðbókarvottorði á dskj. nr. 16, út gefnu af sýslumanninum á Akureyri 21. 10. 1992, er veðleyfum þessum þinglýst samhliða veðskuldabréfi Uppans hf. til sóknaraðila, 1.500.000 kr., út gefnu 31. 3. 1992 og þinglesnu og mótteknu 15. 4. s. á. Samkvæmt veðbókarvottorðinu verður ekki annað séð en á þinglýsingardegi sé veðröð áhvílandi veða á Ásabyggð 6 rétt. Á veðbókarvottorðinu hefur veðskuldabréfi, út gefnu 6. 5. 1988, 980.000 kr., ekki verið aflétt. Á margnefndu veðskuldabréfi, út gefnu 31. mars 1992, er ritað: „samþ." og síðan stimplað Ásgrímur Hilmisson útibússtjóri og rituð skammstöfunin Á. H. Í vélrituðum texta skuldabréfsins segir svo: „Skuldabréf þetta er samhliða tryggingarbréfi, út gefnu 9. 4. 1987,

þinglýsingarnúmer 1987-1809, að fjárhæð 700.000 kr. Veðhafi er Búnaðarbanki Íslands, Akureyri. Búnaðarbanki Íslands, Akureyri, sem veðhafi á 6. veðrétti heimilar hér með, að veðréttur sá þoki fyrir skuldabréfi þessu. Á 6. veðrétti er skuldabréf upphaflega að fjárhæð 980.000 kr., þinglýsingarnúmer 1988-2042." Stimplað: Búnaðarbanki Íslands, útibúið á Akureyri, undirritað: Gestur Jónsson, Erling Einarsson.

Á dskj. nr. 20 er svohljóðandi kvittun, undirrituð af Ásgrími Hilmarssyni, útibússtjóra Búnaðarbanka Íslands, dags. 21. ágúst 1992: „Í dag hefir Þorst. Hjaltason lögm. greitt v/Uppans með skuldabrgr. Uppinn upphaflega kr. 1,5 millj. og ávís. 434.000 kr., til greiðslu skbr. nr. 9422 og trbréfs, upphaflega 700.000 kr." En samkvæmt dskj. nr. 8 er skuldabréfið að fjárhæð 980.000 kr., út gefið 6. 5. 1988, nr. 9422, og þar sem vísað er til tryggingarbréfs í kvittuninni, virðist vera átt við skuldabréf, út gefið 10. apríl 1987, að fjárhæð 700.000 kr., upphaflega út gefið til Sparisjóðs Akureyrar, en sóknaraðili tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á.

Svo sem áður greinir, var húseignin Ásabyggð 6 seld á nauðungaruppboði 21. október 1992. Hæstbjóðandi var varnaraðili með boð að fjárhæð 9.500.000 kr.

Á dskj. nr. 5 liggur fyrir svohljóðandi frumvarp að úthlutunargerð sýslumannsins á Akureyri, dagsett á Akureyri 10. nóvember 1992:

„Söluverð eignarinnar er	kr.	9.500.000
Af því greiðast sölulaun í ríkissjóð	–	(95.000)
Til greiðslu handa rétthöfum eru því	–	9.405.000
sem verður varið til greiðslu sem hér segir:		
1. Til Vátryggingafélags Íslands hf. til greiðslu lögveðskröfu v/iðgjalds brunatryggingar	kr.	18.045
2. Til Akureyrarbæjar til greiðslu lögveðskröfu vegna fasteignagjalda	–	239.887
3. Til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna samkvæmt veðskuldabréfi á 1. veðrétti	–	1.364.980
4. Til Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt veðskuldabréfi á 2. veðrétti	–	763.040
5. Til Íslandsbanka hf. samkvæmt veðskuldabréfi á 3. veðrétti	–	2.425.421
6. Til Búnaðarbanka Íslands samkvæmt veðskuldabréfi á 4. veðrétti	–	1.515.554

7. Til Búnaðarbanka Íslands samkvæmt tryggingarbréfi á 4. veðrétti	kr.	150.896	
8. Til Búnaðarbanka Íslands samkvæmt veðskuldabréfi á 5. veðrétti	–	159.578	
9. Til Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt veðskuldabréfi á 6. veðrétti	–	1.477.224	
10. Til Byggingarsjóðs ríkisins upp í kröfu samkvæmt veðskuldabréfi á 7. veðrétti renna eftirstöðvar söluverðsins	–	1.290.375	kr. (9.405.000) 0,00

Komi ekki fram athugasemdir eða mótmæli gegn þessu frumvarpi í síðasta lagi fyrir kl. 15.00 mánudaginn 30. nóvember 1992, mega hlutaðeigendur vænta þess, að endanleg úthlutun söluverðs eignarinnar verði eins og að ofan greinir."

Hinn 16. nóvember sama ár gerði lögmaður varnaraðila eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið að úthlutunargerðinni, sbr. dskj. nr. 2:

„1. Krafa Búnaðarbanka Íslands samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 13. 3. 1992 (sic), upphaflega 1.500.000 kr.
Því er mótmælt, að af söluverðinu verði úthlutað til greiðslu á veðskuldabréfinu 1.515.554 kr., svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpi sýslumanns.
Hinn 2. mars sl. veitti umbjóðandi minn skilyrt veðleyfi vegna þessa veðskuldabréfs. Skilyrðið í veðleyfinu var um, að veðskuldabréfi í Búnaðarbanka Íslands, út gefnu 6. maí 1988, upphaflega 900.000 kr. (sic), yrði aflýst innan tveggja mánaða frá þinglýsingu veðleyfisins.
Var veðleyfi þetta veitt vegna veðskuldabréfs bankans, sem nú hvílir á 8. veðrétti eignarinnar. Þar sem Búnaðarbanki Íslands hefur ekki aflýst veðskuldabréfinu, er þess krafist, að við úthlutun söluverðs njóti framangreint veðskuldabréf umbjóðanda míns forgangs.
Rétt er einnig að benda á, að veðleyfi Byggingarsjóðs ríkisins var háð sömu skilyrðum og veðleyfi umbjóðanda míns.
2. Krafa Búnaðarbanka Íslands samkvæmt tryggingarbréfi, út gefnu 9. apríl 1987.
Krafa Búnaðarbanka Íslands er 150.896 kr., sem er lögmannsþóknun.
Kröfulýsing bankans er dagsett 29. október. Því er ljóst, að kröfu er ekki lýst í samræmi við 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1991.
Samkvæmt 4. mgr. 50. gr. i. f. laga nr. 90/1991 er fortakslaust ákvæði um, að innheimtukostnaði verður ekki úthlutað af söluverði eignar, þegar

kröfu er ekki lýst fyrir lok þess frests, sem settur er í 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1991. Þessi skilningur er áréttaður í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 90/1991.

Fyrri málsliður 4. mgr. 50. gr. laga nr. 90/1991 á ekki við um innheimtukostnað, heldur er þar fjallað um mat sýslumanns á kröfum að öðru leyti.

Að lokum, ef ekki verður fallist á framangreind rök umbjóðanda míns, skal á það bent, að sýslumaður fer langt út fyrir kröfugerð Búnaðarbankans. Í uppboðsbeiðni er krafist 64.422,30 kr. í innheimtukostnað auk söluskatts. Kröfur um aukinn innheimtukostnað frá því, sem greinir í uppboðsbeiðni, yrðu ekki hækkaðar nema þá með kröfulýsingu fyrir þann frest, sem settur er í 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1991.

Að lokum skal á það bent, að sýslumanni bar að synja um nauðungaruppboð á grundvelli beiðni bankans. Með beiðninni fylgdi tryggingarbréf, sem ekki verður talið grundvöllur nauðungarsölu, hvorki samkvæmt 6. gr. laga nr. 90/1991 né í gildistíð eldri laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949.

Af framangreindum ástæðum ber að hafna kröfum bankans um innheimtukostnað.

3. Krafa Búnaðarbanka Íslands samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 6. maí 1988.

Krafa Búnaðarbanka Íslands er um greiðslu lögmannsþóknunar, að fjárhæð 159.576 kr.

Vísað er til raka, sem fram eru sett undir 2. tl. hér að framan, að undanskildu því, sem sérstaklega á við um tryggingarbréfið."

17. sama mánaðar hafði lögmaður sóknaraðila eftirfarandi andmæli gegn frumvarpinu að úthlutunargerðinni, sbr. dskj. nr. 3:

„Í frumvarpi til úthlutunargerðar, dags. 10. 11. 1992, á uppboðsandvirði Ásabyggðar 6, Akureyri, sem seld var nauðungarsölu 21. október sl., eru Búnaðarbanka Íslands, Akureyri, ætlaðar 1.515.444,00 kr. skv. 6. lið frumvarpsins vegna veðkröfu á 4. veðrétti skv. veðskuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 1.500.000 kr.

Ég mætti f. h. Búnaðarbankans á Akureyri við lokasölu á Ásabyggð 6 21. október sl. Þá lýsti ég – ásamt fleiri kröfum – kröfu Búnaðarbankans vegna veðskuldabréfs á 4. veðrétti (upphaflega 1.500.000 kr.) 1.631.884 kr. Höfuðstóll, vextir og dráttarvextir námu skv. þeirri kröfulýsingu 1.515.554,00 kr., lögmannsþóknun 116.330 kr., eða samtals 1.631.884 kr. Mismunurinn á lýstri kröfu og frumvarpinu til úthlutunargerðar er 116.330,00 kr., eða það, sem nemur lögmannsþóknuninni.

Með bréfi, dags. 29. 10. 1992, sbr. meðfylgjandi ljósrit, lækkaði ég kröfu

Búnaðarbankans skv. þessum lið í 1.618.930 kr. að teknu tilliti til gjaldskrár LMFÍ, er tók gildi 1. júlí 1992.

Kröfulýsing mín kom fram á réttum tíma, sbr. 4. mgr. 50. gr., sbr. og 1. mgr. 49. gr. l. nr. 90/1991, – og sú upphæð, sem fram kemur í frumvarpi til úthlutunargerðar, því mér gjörsamlega óskiljanleg.

Með vísan til 52. gr. l. nr. 90/1991, sbr. 51. gr. sömu laga, er þess krafist, að mér verði f. h. Búnaðarbanka Íslands, Akureyri, greiddar 1.618.920 kr. af uppboðsandvirði Ásabyggðar 6 vegna áðurnefndrar veðkröfu á 4. veðrétti."

Hinn 11. desember 1992 var ágreiningur aðila samkvæmt mótmælum þeirra tekinn fyrir hjá sýslumanninum á Akureyri af Erlingi Sigtryggssyni sýslumannsfulltrúa, og var afstaða hans til ágreiningsefnis aðila þannig bókað, sbr. dskj. nr. 6:

– – –

Frumvarpið breytist því þannig:

Liðir 1–5 eru óbreyttir.		
Liður 6 er svohljóðandi:		
Til Búnaðarbanka Íslands samkvæmt tryggingarbréfi á 4. veðrétti, en þó með áður bókuðum fyrirvara,	kr.	64.422,30
Liður 7 er svohljóðandi:		
Til Búnaðarbanka Íslands samkvæmt veðskuldabréfi á 5. veðrétti	kr.	84.703,00
Liður 8 er svohljóðandi:		
Til Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt veðskuldabr. á 6. veðrétti	–	1.477.224,00
Liður 9 er svohljóðandi:		
Til Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt veðskuldabréfi á 7. veðrétti	–	1.511.154,00
Liður 10 er svohljóðandi:		
Til Íslandsbanka hf. samkvæmt veðskuldabréfi á 8. veðrétti	–	353.756,00
Við bætist liður nr. 11:		
Til Búnaðarbanka Íslands skv. veðskuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 1.500.000 kr., útg. 31. 3. 1992, renna eftirstöðvar söluverðsins	–	1.102.368,00

Þar sem ákvörðun fulltrúa sýslumanns er á þennan veg, telur hann ekki ástæðu til að fjalla um mótmæli á skjali nr. 113.

Ólafur B. Árnason hrl. lýsir yfir, að hann leiti úrlausnar héraðsdóms um þessa ákvörðun fulltrúa sýslumanns, sbr. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991.“

Sóknaraðili getur þess í greinargerð sinni, að fallist sé á ákvörðun fulltrúa sýslumanns varðandi mótmæli nr. 2 og 3 með þeirri breytingu, að um misritun muni vera að ræða í síðari úthlutunargerðinni, þar sem úthlutun samkvæmt tryggingarbréfi á 4. veðrétti er 64.422,30 kr., þ.e. innheimtulaun. Við þá fjárhæð hafi fulltrúinn gleymt að bæta kröfu um virðisaukaskatt, 15.783 kr., og er fallist á þá kröfu með 80.205,30 kr. Að öðru leyti er ekki krafist úrskurðar héraðsdóms um þessa niðurstöðu.

Varnaraðili mótmælir ekki þeirri kröfu sóknaraðila í 3. lið aðalkröfu, að staðfest verði ákvörðun um, að sóknaraðila verði úthlutað 84.703 kr.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila eru þau, að margnefnt skuldabréf, að fjárhæð 1.500.000 kr., á 4. veðrétti eignarinnar hafi verið í fullu gildi, er lokasala fór fram, hvað svo sem líði skilyrðum í veðleyfum síðari veðhafa. Skilyrtu veðleyfin geta á engan hátt leitt til sjálfstæðrar ógildingar veðskuldabréfsins né breytt sæti þess í veðröðinni. Veðskuldabréfið hafi öðlast forgangsáhrif frá þinglýsingardegi, sbr. 15. gr. laga nr. 39/1978, og veðleyfi síðari veðhafa gátu engu um það breytt. Þá megi ljóst vera, að staða síðari veðhafa batnaði mjög við skuldbreytinguna, þar sem skuldabréfið á 4. veðrétti var umtalsvert lægra en skuldin samkvæmt veðbréfum, er áður hvíldu á 4. og 5. veðrétti og síðar var aflýst. Héldi sóknaraðili ekki sæti sínu í veðröðinni, myndi það baka honum óverðskuldað tjón, og á sama hátt myndi varnaraðili hagnast óverðskuldað á kostnað sóknaraðila. Vísar hann í þessu sambandi til 18. gr. laga nr. 39/1978. Kröfuna um innheimtuþóknunina, 103.376 kr., skýrir sóknaraðili á dskj. nr. 3 ásamt fylgiskjali með því dskj., sem er kröfulýsing frá uppboðsdegi. Jafnframt vekur hann athygli á ljósriti úr uppboðsbók sýslumannsembættisins á Akureyri á dskj. nr. 22, en í þeirri bókun komi fram, að krafan samkvæmt veðskuldabréfinu á 4. veðrétti sé 1.631.000 kr. Mótmælir hann því sérstaklega, að kröfulýsing, „fylgiskjal með dómskjali nr. 3“, hafi ekki legið frammi við uppboðssöluna. Vísar hann í því sambandi til yfirlýsingar Baldurs Dýrfjörð bæjarlögmanns, dags. 20. þ. m., þar sem hann vottar að hafa séð kröfulýsingu, er lögmaður sóknaraðila lagði fram á uppboðsandvirði Ásabyggðar 6 á uppboðsþingi 21. október 1992, er lokasala fór fram. Kröfulýsing þessi hafi verið vegna veðskuldabréfs Búnaðarbanka Íslands á Akureyri, upphaflega að fjárhæð 1.500.000 kr. Þetta kveðst bæjarlögmaður geta staðfest, þar sem hann skrifaði niðurstöðu kröfulýsingarinnar, þar sem sterklega hafi komið til greina, að Akureyrarbær byði í eignina vegna fjárnámskröfu sinnar. Þannig sé ljóst, að kröfulýsing sín hafi fullnægt að öllu leyti skilyrðum 49. og 4. mgr.

50. gr. laga nr. 90/1991. Það, að uppboðshaldari hafi ekki fundið kröfulýsinguna í skjölum sínum eftir uppboðið, verði á engan hátt lagt lögmanni sóknaraðila til lasts. Eins og þarna stóð á, var ekki nokkur kostur fyrir hann að fylgjast með því, hvað fulltrúi sýslumanns gerði við þau skjöl, sem fyrir hann voru lögð. Varakröfu sína skv. 1. lið reisir hann á því, að verði krafan um innheimtuþóknun samkvæmt þessum lið ekki tekin til greina, sé gerð krafa um höfuðstól skuldarinnar ásamt áföllnum vöxtum á uppboðsdegi með vísan til sömu raka og fram komu í aðalkröfu.

Við munnlegan málflutning hnykkti lögmaður sóknaraðila á þeirri málsástæðu, að margnefnd veðleyfi væru þriðja manns loforð milli varnaraðila til handa Uppanum hf. og hefðu ekki á nokkurn hátt getað bundið sóknaraðila, enda sóknaraðili algjörlega grandlaus um hið skilyrta veðleyfi. Hafi uppboðsbeiðnin verið sama og kröfulýsing í þessu tilviki og kvittunin, dagsett 21. 8. 1992, á dskj. nr. 20, verið kvittun fyrir skuldbreytingu, þar sem krafan hafi verið hærri. Einnig bendir sóknaraðili á 36. gr. samningalaga um allan málatilbúnað varnaraðila.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Til mótmæla vísar hann til þess, sem fram kemur á dskj. nr. 2, 6 og 20, og reisir mótmæli sín einkum á því, að sóknaraðili lýsti ekki kröfum í uppboðsandvirði fasteignarinnar Ásabyggðar 6, Akureyri, í samræmi við 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1991. Í þessu sambandi bendir hann á, að sóknaraðili hafi fallist á ákvörðun sýslumannsins á Akureyri um, að krafa samkvæmt veðskuldabréfi, sem tryggt var með 5. veðrétti í eigninni, upphaflega 980.000 kr., út gefið 6. 5. 1988, greiðist með 84.790 kr., svo að um þetta þurfi ekki að deila. Varðandi kröfur um innheimtukostnað vegna tryggingarbréfs, 700.000 kr., út gefins 9. 4. 1987, sbr. 6. lið í frumvarpi til úthlutunar, tekur hann fram, að tryggingarbréf þetta hafi ekki verið í uppboðsheimild, hvorki í tíð laga nr. 57/1949 né núgildandi laga um nauðungarsölu. Hafi uppboðshaldara því borið að endursenda beiðni þessa án þess að taka hana til frekari meðferðar. Geti því aldrei komið til álita, að varnaraðili eigi að greiða innheimtukostnað vegna innheimtutilrauna sóknaraðila. Svo virðist sem sýslumaður hafi úthlutað sóknaraðila innheimtukostnaði, þar sem krafa er gerð um það í nauðungarsölubeiðni. Hann vekur athygli á því, að þessi úthlutun er skilyrt, þ. e. a. s., að gögn vantaði um kröfuna, sem tryggingarbréfið átti að tryggja. Engin gögn hafi enn verið lögð fram, og því sé þessari úthlutun enn og aftur mótmælt og vísað til dskj. nr. 20.

Svo sem áður er komið fram, sbr. dskj. nr. 4, hafi varnaraðili veitt skilyrt veðleyfi vegna veðskuldabréfs sóknaraðila, að fjárhæð 1.500.000 kr., út gefins 31. 3. 1992. Skilyrði fyrir veðleyfinu hafi verið, að veðskuldabréfi

sóknaraðila á 5. veðrétti yrði aflýst innan tveggja mánaða. Veðleyfið hafi verið notað, en skilyrðið ekki gengið eftir. Því sé eðlilega gerð sú krafa, að veðréttindi varnaraðila gangi fyrir þessu veðskuldabréfi sóknaraðila. Svo virðist sem sóknaraðili hafi þó fallist á sjónarmið varnaraðila, því að hann hefur aflýst veðskuldabréfinu. Krafan er reist á ótvíræðu skilyrði í veðleyfinu. Skilyrðið hafi ekki gengið eftir, því að sóknaraðili geri enn kröfu á grundvelli veðskuldabréfsins. Varnaraðili mótmælir í öllum tilvikum innheimtukostnaði á kröfur sóknaraðila, vegna þess að hann lagði ekki fram skriflegar kröfulýsingar, áður en uppboði lauk, sbr. 1. mgr. 49. gr., sbr. 4. mgr. 50. gr. laga nr. 90/1991. Samkvæmt 2. mgr. 49. gr. sé afdráttarlaust fram tekið, að kröfulýsing skuli vera skrifleg. Tölulegar upplýsingar um fjárhæð krafna, þó svo að þær séu færðar til bókar af sýslumanni, komi aldrei í stað kröfulýsingar samkvæmt 1. og 2. mgr. 49. gr. laga nr. 90/1991. Að því er varðar vottorð bæjarlögmanns, sem hér að framan er rakið, telur varnaraðili það ekki fullnægja lagaskilyrðum um kröfulýsingu og sé því sóknaraðila notalaust. Telur varnaraðili þá málsástæðu sóknaraðila ekki á borð berandi sem lánastofnun, er hefur atvinnu af því að lána peninga, að hafa ekki vitað um skilyrði veðleyfisins, og telur, að 18. gr. þinglýsingalaga eigi ekki við um þetta skilyrta veðleyfi. Sú réttarverkan, gangi skilyrði ekki eftir, sé sú ein, að veðröðin breytist, og að því er varðar efni veðleyfanna, telur hann ákaflega ótrúverðugt, að sóknaraðila hafi ekki verið kunnugt um það. Hann ítrekar, að uppboðsbeiðni sóknaraðila geti á engan hátt verið skoðuð sem kröfulýsing hans. Máli sínu til stuðnings bendir hann einnig á skilyrðislausa kvittun sóknaraðila á dskj. nr. 20.

Álit dómsins.

Sóknaraðili heldur því fram, að margnefnt veðskuldabréf til sín, út gefið 31. mars 1992, að fjárhæð 1.500.000 kr., og þinglýst 15. apríl s. á., tryggt með 5. veðrétti í fasteigninni Ásabyggð 6, Akureyri, hafi öðlast forgangsáhrif samkvæmt 15. gr. laga nr. 39/1978 þegar við þinglýsinguna og sér hafi verið alls ókunnugt um skilyrði í veðleyfum, sem þinglýst var sama dag. Veðleyfi þessi hafi verið þriðja manns loforð sér óviðkomandi og sér bakað óverðskuldað tjón samkvæmt 18. gr. sömu laga, verði ekki fallist á þetta sjónarmið hans. Þessa málsástæðu telur varnaraðili ekki á borð berandi af sóknaraðila, sem hafi atvinnu sína af bankaviðskiptum.

Dómurinn álítur með skírskotun til lýsinga veðleyfanna hér að framan, að sóknaraðila hljóti að hafa verið ljóst efni þeirra, þar sem honum var ljóst, að veðleyfi þurfti til þess, að margnefnt skuldabréf fengi þann veðrétt á eigninni, sem raun varð. Hafi honum láðst að kynna sér efni veðleyfanna, verður hann sjálfur að bera skaðann af því, auk heldur sem efni veðleyf-

anna fullnægja skilyrðum 1. mgr. 23. gr. laga nr. 39/1978. Veðleyfum þessum var öllum þinglýst sama dag og skuldabréfinu og því jafnstæð því samkvæmt 15. gr. sömu laga. Upplýst er í málinu, að sóknaraðili fullnægi ekki skilyrðum veðleyfanna, og fellst því dómurinn á þá málsástæðu varnaraðila, að réttaráhrifin af vanefnd sóknaraðila séu þau, að veðréttur hans samkvæmt skuldabréfinu þoki. Telur dómurinn, að skýra verði löggerninga þessa eftir orðanna hljóðan, en tekur ekki efnislega afstöðu til kvittunarinnar á dskj. nr. 20, þar eð hún er um margt nokkuð óljós.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er fyrstu aðalkröfu og varakröfu sóknaraðila hafnað.

Að því er varðar aðra aðalkröfu sóknaraðila, að honum verði úthlutað 80.205,30 kr. skv. tryggingarbréfi á 4. veðrétti, sbr. 6. lið úthlutunargerðar sýslumannsins á Akureyri, dagsettri 11. desember 1992, fellst dómurinn á þá málsástæðu varnaraðila, að forsendur fyrir þeirri kröfu séu ekki fyrir hendi, þar sem skilyrði nauðungarsölu hafi skort. Er þessari kröfu sóknaraðila einnig hafnað.

Dómurinn fellst á þau lagarök varnaraðila, sem að framan eru rakin um kröfulýsingar sóknaraðila. Samkvæmt þessari niðurstöðu hafnar dómurinn öllum kröfum sóknaraðila, en fellst á kröfur varnaraðila. Vegna þess, hve mörg álitaefni eru í máli þessu, þykir rétt, að hvor málsaðila beri kostnað sinn af því.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Búnaðarbanka Íslands, Akureyri, er hafnað.

Kröfur varnaraðila, Íslandsbanka hf., Akureyri, eru teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 212/1992. **Hólmgrímur Svanur Elísson**
(Gylfi Thorlacius hrl.)
gegn
Hákoni Árnasyni
(Magnús Norðdahl hrl.)

Skaðabótamál. Líkamsmeiðingar. Lögreglumenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Hinn áfrýjaða dóm kváðu upp Þórdís Bjarnadóttir fulltrúi sem dómsformaður og meðdómendurnir Hjördís Hulda Jónsdóttir, sérfræðingur í orku- og endurhæfingarlækningum, og Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. maí 1992. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða sér 4.828.100 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 7. júní 1986 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Telja má ljóst, að áfrýjandi og stefndi hafi lent í átökum við Laugaveg 77 í Reykjavík aðfaranótt laugardagsins 7. júní 1986 og áfrýjandi tekið stefnda tökum í því skyni að færa hann að lögreglubifreið. Engir sjónarvottar hafa borið um það, hvernig átökum þeirra var nákvæmlega háttað. Meiðsla áfrýjanda er ekki getið í frumskýrslum lögreglu og ekkert skráð um þau fyrr en ellefu dögum eftir atburði. Frásagnir áfrýjanda af áverkum sínum hafa ekki verið fyllilega samhljóða, og nokkuð er óljóst, hvenær og hvernig vinnufélagar hans fengu vitneskju um þá. Sýnileg sönnunargögn eru haldlaus af þeim ástæðum, sem lýst er í héraðsdómi. Að þessu athuguðu verður að telja ósannað, að stefndi hafi valdið áfrýjanda meiðslum með þeim hætti, sem

byggt er á í málinu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en þó með þeirri breytingu, að málskostnaður úr hendi áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti verður ákveðinn í einu lagi, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Hólmgrímur Svanur Elísson, greiði stefnda, Hákoni Árnasyni, 300.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 18. febrúar 1992.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 16. f. m., höfðaði Hólmgrímur Svanur Elísson lögreglumaður, kt. 180155-2449, Lundarbrekku 2, Kópavogi, með birtingu stefnu 7. desember 1989 gegn Hákoni Árnasyni verkamanni, kt. 260568-4699, Birkiteigi 26, Keflavík, til heimtu skaðabóta vegna tjóns, sem stefndi hafði valdið stefnanda 7. júní 1986 með því að ráðast á hann, er hann hafi verið við löggæslustörf og þurft að hafa afskipti af stefnda.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.828.100 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta auk málskostnaðar]. Auk þess greiði stefndi útlagðan kostnað vegna læknisvottorðs Páls Helgasonar, 5.360 kr., reikning Björns Önundarsonar, 8.980 kr., reikning Jóns Erlings Þorlákssonar, 10.800 kr., reikning Páls Helgasonar, 10.050 kr., reikning Jóns Erlings Þorlákssonar, 11.205 kr., reikning frá sama, 12.450 kr. Til vara er gerð krafa um lægri bætur og aðra vexti að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, til vara, að sök verði skipt og dómkröfur stefnanda verulega lækkaðar. Í varakröfu er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda og til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Samkvæmt skýrslu Bjarna Magnússonar lögreglumanns var beðið um aðstoð lögreglu laugardaginn 7. júní 1986 kl. 0.28 vegna handalögmála. Er hann kom á staðinn ásamt þremur lögreglumönnum öðrum, var þar fyrir mikill mannfjöldi og tveir menn í áflogum, og voru þeir skildir að. Þegar þeir voru að fara af stað, kom bifreiðin G-11411 akandi vestur Laugaveg.

Kom þá maður úr þvögu og sparkaði í bifreiðina og var færður í lögreglubifreið til lögreglustöðvar og reyndist vera stefndi í máli þessu. Tók flokkstjóri ákvörðun um geymslu hans í fangaklefa.

Hinn 18. júní 1986 mætti stefnandi hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík til skýrslugjafar. Kvaðst hann hafa verið við löggæslustörf aðfaranótt laugardags 7. júní í lögreglubifreiðinni (Volvo) R-20013 og sinnt beiðni um fjarskipti um aðstoð að Laugavegi 77. Þar hafi hópur fólks, u. þ. b. 10 manns, komið að bifreiðinni og látið ófriðlega. Kvaðst hann hafa kallað til frekari aðstoð, beðið um stóra lögreglubifreið, en farið síðan út úr lögreglubifreiðinni til viðræðu við fólkið. Fljótlega hafi komið í ljós, að stefndi í máli þessu var sakaður um að hafa skemmt bifreið með því að sparka í hana. Stefndi hafi neitað að koma inn í lögreglubifreiðina. Hann kvaðst þá hafa tekið um hönd hans og ætlað að leiða hann að lögreglubifreiðinni, en stefndi snúist til varnar og ætlað að slíta sig lausan. Þá kvaðst hann hafa tekið stefnda fastari tökum og tekið handlegg yfir um höfuð hans með þeirri ætlan að taka yfir um höku hans til þess að taka hann ekki hálstaki. Stefndi hafi hins vegar neytt bragðs og bitið hann í hægri upphandlegg í gegnum leðurjakkann. Hann hafi marist illa og verið með dofa í handleggnum síðan, sem leggi frá bitstað og niður í þumalfingur. Hann kvað smá-skinnsprettu hafa komið og örlítið hafa blætt. Strax um nóttina kvaðst hann hafa farið á slysadeild og læknir þar skoðað áverkann, en ekki talið þörf aðgerða, þar sem ekki hafi verið um bit að ræða beint í húð, heldur hafi leðurjakki verið þar á milli.

Í framhaldi af skýrslu stefnanda gáfu skýrslu hjá lögreglu lögreglumennirnir Bjarni Magnússon og Guðbrandur Hansson svo og stefndi.

Bjarni Magnússon kvaðst ekki hafa verið vitni að átökum aðila máls þessa. Hann hafi tekið að sér að rita skýrslu um handtöku stefnda, sem hafi verið hinn versti viðureignar. Kvaðst hann ekki hafa minnst á meiðsl stefnanda, þar sem hann hefði ekki vitað neitt um þau.

Guðbrandur Hansson kvaðst hafa farið með stefnanda í umrætt sinn vegna útkalla að Laugavegi 77. Þeir hafi fyrst farið að mönnum nokkrum, sem voru í átökum, tekið einn inn í lögreglubifreiðina og haft afskipti af mönnum, sem veist höfðu að þeim manni. Bent hefði verið á stefnda sem upphafsmann átakanna, og hefði hann séð, er stefnandi fór til hans og bað hann að koma inn í lögreglubifreiðina. Stefndi hafi verið æstur og illur viðureignar, og hafi stefnandi og Jón Magnússon lögreglumaður tekið hann tökum og handjárnað og fært hann síðan í lögreglubifreið. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með átökum stefnda og ekki séð, er stefnandi tók hann haustaki því, er um ræðir.

Stefndi kvað upphaf málsins vera það, að í umrætt sinn hefði hann verið að tala við ókunnugan mann, sem var í bifreiðinni G-11411 við Landsbankann, Laugavegi 77. Sem þeir ræddust við, hefði maðurinn slegið út um opna bílrúðu beint í andlit hans. Kvaðst hann hafa reiðst og sparkað í bifreiðina, er henni var ekið brott. Bifreiðin hefði þá numið staðar og út úr henni komið tveir menn, sem hefðu verið í átökum við sig, er lögreglan kom. Hann kvaðst hafa verið mjög drukkinn og ekki muna neitt um atburði eftir þetta annað en það að hafa verið handjárnaður og settur inn í lögreglubifreið. Nánar spurður kvaðst hann ekki muna neitt eftir að hafa verið tekinn haustaki eða að hafa bitið í handlegg lögreglumanns.

Meðal málsskjala eru tvær ljósmyndir ásamt yfirlýsingu tæknideildar lögreglunnar í Reykjavík, dags. 9. 11. 1986, að mynd sé tekin 16. 6. 1986 af sári á hægri handlegg Svans Elíssonar lögreglumanns, „sem hann mun hafa fengið 7. 6. 1986, er hann var bitinn af Hákoni Árnasyni. Einnig er ljósmynd af leðurjakka, er Svanur var í, – hvernig flibbast hefur upp úr leðurjakkanum".

Við aðalmeðferð málsins 9. október 1990 gáfu skýrslur fyrir dóminum stefnandi og lögreglumennirnir Guðbrandur Hansson, Jónas Sigurður Magnússon og Herbert Hauksson. Við aðalmeðferð 16. janúar 1992 gaf stefndi skýrslu. Verður framburður þeirra rakinn eftir því, sem ástæða þykir til og, – að því er tekur til skýrslna þeirra, sem einnig gáfu skýrslu hjá lögreglu, – einungis um breytingar og viðauka við það, sem áður var frá greint.

Stefnandi kvaðst hafa orðið að skella stefnda í götuna, en ekki ráðið við hann. Jónas Magnússon hafi komið sér til aðstoðar og þeir saman komið handjárnum á hann. Þá hafi hann orðið var við, að stefndi hafði bitið sig í hægri handlegg. Þetta hafi gerst, er þeir lágu í götunni. Takið hafi verið þannig, að hann sveigði vinstri handlegg stefnda aftur fyrir bak og greip hægri handlegg sínum fyrir munn hans. Stefndi hafi snúið sér og læst tönnum í handlegginn. Hann kvað þessa aðferð, að grípa yfir munn, ekki vera kennda í lögregluskólanum, en „oft, ef maður tekur svona taki, þá slaknar í mönnum aðeins". Stefnandi greindi frá meiðslum sínum á mismunandi hátt. Hjá lögreglu kvað hann örlítið hafa blætt og að smá-skinnspretta hefði komið. Fyrir dómi kvaðst hann fyrst hafa farið að líta á meiðslin niðri á lögreglustöð, og þá hafi seytlað svolítið blóð. Litlu síðar lýsti hann sárinu þannig: „Þetta var svona smámar, smátægjur, eins og það hafi verið nartað í, og rautt og blæddi mikið úr, ekki mikið bólginn." Er stefnandi kom fyrir dóminn öðru sinni í þinghaldinu, kvaðst hann hafa farið að athuga sárið, þegar er stefndi hafði verið handjárnaður og færður inn í lögreglubifreiðina, og hefði aðeins seytlað blóð. Rétt á eftir sagði hann, að sig minnti, að

hann hefði farið úr jakkanum á staðnum, síðan farið að tala um þetta eftir á, látið vita, að hann hefði verið bitinn, skoðað sárið á lögreglustöðinni, og hefði mikið blætt úr því. Jakki sá, sem stefnandi kvaðst hafa verið í, var lagður fram í málinu, með númerinu 136. Lögreglumönnum er skylt að bera númer, og kvaðst stefnandi hafa verið númer 66 í umrætt sinn, og hefði hann síðar breytt númerinu, sett það saman úr gömlum númerstölum „bara til þess að geyma þau". Kvað hann jakkann ekki hafa verið notaðan eftir umrætt atvik.

Guðbrandur Hansson skýrði svo frá, að stefnandi hefði verið bitinn af manni þeim, stefnda, sem hann hefði handtekið umrætt sinn með aðstoð Jónasar Magnússonar. Kvaðst hann þó raunar aðeins hafa séð aðdragandann að handtökunni, þ. e., þegar stefnandi ætlaði að fara að tala við stefnda. Hann kvað stefnanda hafa strax kvartað undan meiðslum í handlegg og sýnt sér jakkann. Guðbrandur kvað fram lagðan lögreglumannsjakka vera þann, sem um ræðir í málinu. Hann kvað þá stefnanda hafa síðar um nóttina átt erindi á slysadeild og stefnandi þá látið lækni líta á meiðslin. Kvaðst hann hafa gleymt að geta þessa við skýrslugjöf hjá lögreglu. Aðspurður kvað hann það ekki venjuleg handtökubrögð að taka yfir munn hins handtekna, en sé við mjög æstan mann að eiga, sé reynt að taka hann hálstaki, handleggur lagður undir hökuna og manninum haldið þétt að lögreglumanninum.

Jónas Sigurður Magnússon kvaðst hafa aðstoðað stefnanda við handtöku umrætt sinn á manni (stefnda), sem hefði barist stíft á móti, en þeir fengið hann niður í götuna. Í þeim átökum, í götunni, hefði stefnandi kveinkað sér við, að „hann sé að bíta". Hann kvaðst hafa fylgst með því síðar sem vaktfélagi stefnanda og þátttakandi í félagsmálum (lögreglumanna), að stefnandi hélt áfram að bera sig illa undan þessum meiðslum og að hann var í rannsóknum og æfingum vegna þeirra. Um handtökuaðferð, sem stefnandi lýsti yfir að hafa beitt, kvað hann hana ekki vera kennda í lögregluskólanum sem hefðbundna aðferð, en sjálfur hefði hann þar kennt þetta tak sem viðbótaraðferð, þegar aðrar þryti. Jónas Sigurður kvað fram lagðan leðurjakka vera þann hinn sama og stefnandi var í við handtökuna.

Herbert Hauksson kvaðst hafa verið á vettvangi og séð, að stefnandi reyndi að fá með sér mann, sem hefði verið æstur og erfiður viðureignar. Síðan hefði hann séð, að stefnandi lagði handlegg yfir höfuð mannsins og reyndi að teyma hann frá. Þegar á lögreglustöðina hafi verið komið, hafi stefnandi sýnt sér jakkann með gati og sár, greinilega nýtt, á handleggnum. Þetta hafi verið inni í skýrsluherbergi, en Bjarni Magnússon, sem gekk frá skýrslunni um handtökuna, hefði þá ekki verið inni. Herbert kvað fram

lagðan jakka vera þann hinn sama og stefnandi var í umrætt sinn og gatið hið sama. Hann kvaðst á þessum tíma hafa verið lögreglumaður nr. 154.

Fyrir dóminum skýrði stefndi frá atvikum á sama hátt í öllum meginatriðum og við lögreglurannsókn. Sem fyrr kvaðst hann ekki minnast þess að hafa bitið stefnanda. Hann kvaðst ekki vita til þess, að við handtökuna hefði neitt verið rætt um það við sig, að hann hefði valdið lögreglumanni skaða. Hann kvað sér hafa verið stungið inn og sleppt um morguninn, eftir að hann hafði greitt sekt fyrir ölvun á almannafæri, en engin skýrsla verið tekin.

Í málinu hafa verið lögð fram læknisvottorð Björns Guðmundssonar, heimilislæknis stefnanda, dags. 20. 6. 1986, Sverris Bergmanns taugasjúkdómafræðings, dags. 22. 8. 1986 og 12. 6. 1990, og Páls B. Helgasonar yfirlæknis, sérfræðings í orku- og endurhæfingarlækningum, dags. 10. 7. 1987 og 16. 3. 1990.

– – –

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að ljóst sé, að stefndi hafi með ásetningi og/eða gáleysi valdið sér tjóni, og beri honum að bæta það að fullu á grundvelli almennu skaðabótareglunnar og annarra reglna íslensks skaðabótaréttar. Einnig er vísað til 5. gr. laga nr. 56/1972. Vaxtakröfur eru reistar á lögum nr. 25/1987 og 175. gr. laga nr. 851/1936, sbr. lög nr. 54/1988.

Sundurliðun dómkröfu stefnanda er þannig:

Varanleg örorka	kr.	4.502.700
(Til frádráttar greiðslur:		
a) frá Tryggingastofnun ríkisins	–	286.787
b) samkvæmt launþegatryggingu	–	180.520)
Miskabætur	–	793.707
Samtals	kr.	4.828.100 (?)

Af hálfu stefnda var því haldið fram og rökstutt með tilvísunum, að lýsing stefnanda á málavöxtum væri í verulegu ósamræmi við gögn þau, sem af hans hálfu væru lögð fram. Hann féll þó við aðalmeðferð málsins frá kröfu um frávísun, sem hann hafði sett fram í greinargerð.

Sýknukrafa stefnda er aðallega á því reist, að ósannað sé, að stefnandi hafi verið bitinn í átökum aðfaranótt 7. júní 1986. Teljist á hinn bóginn sannað, að stefnandi hafi slasast í umrætt sinn, er byggt á því, að ósannað sé, að stefndi hafi átt þar hlut að máli. Teljist sannað, að stefnandi hafi slasast í átökum við stefnda, er byggt á því, að stefnandi geti sjálfum sér um

kennt, hvernig fór. Þá er því haldið fram, að ósannað sé, að orsakasamband sé á milli ætlaðs bits og metinnar örorku.

Verði sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina, er þess krafist, að sök verði skipt og dómkröfur lækkaðar verulega, vegna þess að stefnandi hafi sjálfur átt verulegan þátt í því að meiðast með því að beita ónauðsynlegum og harkalegum tökum. Krafa um lækkun er einnig studd röksemdum, er varða útreikning örorkubóta, og um miskabótakröfu er vísað til þess, að hún sé langt umfram áratuga-dómvenjur Hæstaréttar Íslands. Vaxtakröfum er mótmælt sem allt of háum.

IV.

Dómurinn gerir eftirfarandi athugasemdir við sönnunargögn málsins:

1. Í lögregluskýrslu, sem gerð var um handtöku stefnda, kemur ekkert fram um, að stefnandi hafi verið bitinn af stefnda eða að öðru leyti orðið fyrir meiðslum. Stefnandi gerir ekki uppskátt við yfirvöld um það fyrr en ellefu dögum síðar. Í lögregluskýrslu, sem tekin var af Guðbrandi Hanssyni, minnist hann ekki á bit, hvorki hann né stefnandi gátu þess við lögreglurannsókn, að þeir hefðu farið á slysadeild umrædda nótt.

2. Vottorð slysadeildar um skoðun læknis á áverka stefnanda var ekki lagt fram.

3. Stefnandi varð margsaga í lýsingum á sári því, sem hann kvaðst hafa hlotið við bit stefnda.

4. Fram lagðar ljósmyndir gefa enga vísbendingu um það, hver myndefnin voru, ekki, hvort eða hvaða maður á í hlut, hvort um handlegg er að ræða eða jakka og þá hvaða jakka.

5. Fram lagður lögreglujakki ber númerið 136, en stefnandi var á þeim tíma, er ætlaður atburður varð, lögreglumaður nr. 66. Jakkinn er án allra auðkenna að númeri undanskildu. Engu að síður staðhæfðu vitnin Jónas Sigurður Magnússon og Herbert Hauksson, að jakkinn væri sá hinn sami og stefnandi var í við handtökuna. Jakkinn, bæði leðurbyrði og fóður, er úr þykku og vönduðu efni. Rifan á honum er þannig, að trauðla verður ályktað, að hún sé eftir bit manns, og staðsetning hennar kemur ekki vel saman við lýsingu á staðsetningu sárs. Á fóðrinu, sem er gegnheilt, er ekki að sjá nein ummerki blóðs.

6. Um læknisfræðileg gögn málsins: Nákvæm tauga- og vöðvaskoðun leiddi ekki í ljós skemmd á taug. Þá niðurstöðu staðfestir vöðva- og taugarit.

Fjórar miðtaugar sjá um taugastjórnun handar og handleggs. Nervus musculocutaneus sér um beygju í olnboga og húðskyn framan- og utanvert á framhandlegg. Nervus medianus, sem liggur framanvert niður handlegg,

sér um beygjustarfsemi í úlnlið og fingrum auk þess að færa þumal inn í lófa. Það skynsvæði, sem hún sér um, er inni í lófa, frá þumalfingri og að hálfum baugfingri. Hún sér einnig um ranghverfingu (pronation), það að snúa lófa niður. Hún gefur ekki frá sér neina grein á upphandlegg. Nervus ulnaris sér um að beygja úlnlið litlafingurs megin og litlafingur. Hún sér auk þess um að draga þumalinn inn að hendi og draga fingur saman út frá miðlínu. Það skynsvæði, sem hún sér um, er handarbak og lófi litlafingurs megin, litlifingur og mestur hluti baugfingurs. Nervus radialis réttir úr olnboga, úlnlið og fingrum. Hún sér auk þess um rétthverfingu handar, þannig, að þumalfingur vísi út og lófi upp. Hún sér einnig um að rétta þumalfingur út frá hendi. Skynsvæðið, sem hún sér um, er handarbakið frá I. til III. eða IV. fingurs, nema svæðið í kringum neglur fær oftast sína skynjun frá nervus medianus. Lítil taug, medial cutaneus nerve, sér um skyn á upphandlegg framanverðum. Hún er aðeins skyntaug.

Aðspurður í réttarhaldinu sagði stefnandi, að sársaukinn, sem hann fann fyrir við bitið, hefði verið í sárinu og að hann með tímanum hefði leitt alveg niður í handlegg, þumalfingur og allt handarbakið. Því hafi fylgt dofi, hiti og sviði. Einkenni hafi alltaf komið annað slagið og ekki háð neinu sérstöku. Hann segist eiga erfitt með að snúa skrúfjárni t. d. svo og opna ölflösku, og það sé verkur, sem stoppi hann, sem leiði í handarbakið.

Skoðun á húð stefnanda hefur leitt í ljós smáör yfir medianus taug. Sár, sem heimilislæknir fann á upphandlegg viku eftir ætlaðan áverka, var á svipuðu svæði. Vöðva- og taugarit af taugum handar sýndi ekki fram á neina skemmd á taug. Þau einkenni, sem stefnandi lýsir, er erfitt að færa upp á nervus medianus.

Aftur á móti við skoðun Sverris Bergmanns og við fyrstu skoðun Páls Helgasonar virtist hann vera með eymsli í vöðvafestum í kringum olnboga. Sársauka frá slíkum vöðvafestum getur leitt fram í framhandlegg og handarbak, þegar átak er sett á réttivöðva handarinnar.

Af framangreindu leiðir, að ekki hefur verið sýnt fram á neina skemmda taug, en aftur á móti verður því ekki neitað, að stefnandi hafi orðið fyrir áverka af einhverjum orsökum, sem hafi valdið ertingu í vöðvafestum og geislandi sársauka fram í hönd, þegar verið er að nota hana. Slík einkenni geta verið langvinn. Þau geta bæði stafað af bólgu í vöðva, en einnig af miklu vöðvaátaki. Sársauka er ekki hægt að mæla, og ekki verður heldur sýnt fram á ertingu í vöðvafestum með neinni áreiðanlegri rannsóknartækni, sem til er í dag.

Um svör læknaráðs við spurningum réttarins, eins og að framan greinir, athugast eftirfarandi: Fyrstu spurningu er ekki svarað um það, hvort sárið

gæti litið þannig út níu dögum eftir áverka. Ekki kemur fram í svari við annarri spurningu, um hvaða miðtaug sé að ræða (sjá nánar lýsingu á taugum og útbreiðslu þeirra hér að framan). Í svari við þriðju spurningu kemur fram, að ósennilegt sé, að skemmd í taug hafi stafað af þrýstingi á hana við skyndilegt vöðvaátak eða um hafi verið að ræða tog á taug. Þetta svar tekur ekki afstöðu til þess, hvort einkenni geti verið frá vöðvafestum.

Með vísan til framanritaðs kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að ekki sé sannað, að stefndi hafi bitið stefnanda. Samkvæmt því verður niðurstaða dómsins sú, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda og dæma beri stefnanda að greiða stefnda 300.000 kr. í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Hákon Árnason, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hólmgríms Svans Elíssonar.

Stefnandi greiði stefnda 300.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 202/1993. **Dvalarheimilið Lundur**
(Baldur Guðlaugsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur
(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1993. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu, til vara, að hann verði dæmdur til að greiða stefndu 133.130 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. september 1992 til greiðsludags, en til þrautavara, að hann verði dæmdur til að greiða aðra hærri fjárhæð eftir mati réttarins með dráttarvöxtum á sama hátt og áður segir. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, verði aðalkrafa eða varakrafa hans tekin til greina, en að málskostnaður falli niður á báðum dómstigum, ef þrautavarakrafa verður tekin til greina.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Ekki eru efni til að taka til greina þá málsástæðu áfrýjanda, að stefnda hafi með tómlæti glatað rétti til að krefja hann um bætur vegna slita á vinnusamningi þeirra, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að áfrýjandi hafi haft réttmæta ástæðu til að treysta, að slík krafa yrði ekki gerð, hvorki vegna aðgerðaleysis stefndu né annarra atvika.

Byggja verður á, að uppsögn stefndu hafi ekki átt rætur að rekja til þess, að hún var trúnaðarmaður á vinnustað hjá áfrýjanda. Braut áfrýjandi því ekki gegn ákvæði fyrri málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með uppsögninni. Fallast má hins vegar á það með héraðsdómara, að vegna þessarar stöðu stefndu hafi áfrýjanda borið að beina til hennar áminningu, áður en upp-

sögn mátti fara fram á þeim grundvelli, sem áfrýjandi bar fyrir sig. Eins og uppsögnina bar að, verður því að telja hana ólögmæta og að stefndu beri bætur af þeim sökum. Samkvæmt venju þykir hæfilegt að miða bæturnar við laun í þrjá mánuði frá þeim tíma, sem stefnda lét af störfum, og komi þá til frádráttar tekjur og aðrar greiðslur, sem hún aflaði sér á því tímabili. Er óumdeilt í málinu, að bætur þannig ákveðnar nemi þeirri fjárhæð, sem greinir í varakröfu áfrýjanda, og verður hann því dæmdur til að greiða stefndu 133.130 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Áður en mál þetta var höfðað, hafði áfrýjandi í bréfi 23. desember 1991 boðið stefndu að ljúka ágreiningi þeirra með því, að hún fengi greidd þriggja mánaða laun án frádráttar vegna annarra tekna hennar, en tekið var fram, að áfrýjandi teldi sig ekki skuldbundinn af þessu boði, ef til málshöfðunar kæmi. Fjárhæðin, sem stefndu er dæmd í málinu, er að mun lægri en sú, sem áfrýjandi bauð henni á þennan hátt. Þykir því rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Dvalarheimilið Lundur, greiði stefndu, Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur, 133.130 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. desember 1991 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 22. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. f. m., er höfðað hér fyrir héraðsdóminum af Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur, kt. 240145-7669, Heiðvangi 7, Hellu, með stefnu, út gefinni 4. september 1992, en birtri 9. september s. á., á hendur Dvalarheimilinu Lundi, kt. 440375-0149, Hellu.

Við munnlegan málflutning 19. f. m. voru af hálfu stefnanda gerðar eftirfarandi dómkröfur:

„Að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda 866.553.00 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefnda voru gerðar eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega, að stefnda verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Til vara var þess krafist, að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda 133.130.00 kr. með dráttarvöxtum skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. september 1992 til greiðsludags, en stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Til þrautavara var þess loks krafist, að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda aðra hærri fjárhæð skv. mati dómsins með dráttarvöxtum skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. september 1992 til greiðsludags, en málskostnaður falli hins vegar niður.

Sáttatilraunir dómara reyndust árangurslausar.

II.

Tölulegur ágreiningur er ekki í málinu, og leggur stefnandi til grundvallar stefnukröfum útreikning hagfræðings ASÍ á tekjutapi stefnanda, dskj. 4, þar sem eftirfarandi kemur m. a. fram:

1989.		
Laun Guðrúnar á Lundi jan. – maí samkv. skattseðli kr. 476.433		
Laun Guðrúnar á Lundi júní – des. hefðu orðið		
(hlutf. 52,2%)	kr.	725.131
Mismunur á des-uppbót 1989 25.024 kr. – 9.000	–	16.024
Samtals	kr.	741.155
(Meðallaun júní – des. kr. 103.590)		
Frádregin laun Landsvirkjun	kr.	95.147
„ „ Atvinnuleysisbætur	–	247.478
Skerðing	kr.	398.530
1990.		
Mismunur á desemberuppb. 1990 26.509 – 10.000	kr.	16.509
Laun Guðrúnar á Lundi jan. – maí (5 mán. × 103.590		
+ 1,8%) hefðu o.	kr.	527.723
Laun Guðrúnar á Lundi júní – des. (7 mán × 103.590		
+ 6,96%) hefðu o.	kr.	775.599
Samtals	kr.	1.319.831
Frádregin laun Atvinnuleysisbætur	kr.	–166.243
„ „ „ Skattstofa Suðurlands	–	–226.725
„ „ „ Reykjagarður hf.	–	–40.978
„ „ „ Árvélar hf.	–	–497.563
Skerðing	kr.	388.322

1991.

Laun Guðrúnar á Lundi í jan. (1 mán. × 103.590 + 6.56%) hefðu o.	kr.	110.386
Frádregin laun Skattstofa Suðurlands	–	–30.685
Skerðing	kr.	79.701

Á framangreindum tíma er skerðing launa samtals 866.533 kr. (krónutala án vaxta).

Meðalskerðing á mán. 1989	kr.	56.933
1990	–	32.360
1991	–	79.701“

Málsatvik, málsástæður og lagarök, sem fram hafa verið færð í málinu, eru hin helstu þessi:

Með bréfi, dagsettu 27. febrúar 1989 (dskj. 19), var stefnanda sagt upp störfum hjá stefnda með þriggja mánaða fyrirvara. Áður en til uppsagnar kom, hafði stefnandi um árabil starfað hjá stefnda við umhirðu aldraðra borgara, en Lundur er dvalarheimili aldraðra. Er stefnanda var sagt upp störfum, var hún trúnaðarmaður stéttarfélags síns í starfsstöð stefnda og hafði gegnt slíkum starfa frá 4. október 1985. Af hálfu stéttarfélagsins var uppsögnin talin brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Formaður Verkalýðsfélagsins Rangæings, sem var stéttarfélag stefnanda, mun hafa reynt að fá uppsögnina dregna til baka, en ekki náðust sættir á þeim grundvelli né öðrum, og kom uppsögnin til framkvæmda. Lét stefnandi af störfum í maílok 1989.

Stéttarfélag stefnanda höfðaði með stefnu, birtri 15. september 1989, mál fyrir Félagsdómi vegna starfsloka stefnanda hjá stefnda. Hinn 5. desember 1989 kvað Félagsdómur upp dóm í málinu, dskj. 3., með svohljóðandi dómsorði:

„Uppsögn stefnda, Dvalarheimilisins Lundar, á trúnaðarmanni Verkalýðsfélagsins Rangæings, Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur, sem gerð var með bréfi, dags. 27. febrúar 1989, var brot á meginreglu 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmæt af þeim sökum.

Stefndi skal vera sýkn af refsikröfu stefnanda í máli þessu.

Hvor aðila greiði sinn kostnað af málinu.“

Hin tilvitnaða lagagrein hljóðar þannig:

„Nú þarf atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, og skal þá trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.“

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þegar stefnanda hafi verið sagt upp starfi, hafi atvinnuástand í Rangárvallasýslu verið bágborið. Stefnandi,

sem gefið hefur munnlega aðilaskýrslu hér fyrir dóminum, kveðst strax hafa reynt að hafa allar klær úti með að útvega sér nýtt starf. Af málsgögnum sést, að stefnandi var frá starfslokum og það, sem eftir var ársins 1989, atvinnulaus, ef frá er talið mánaðarstarf við ræstingar við Hrauneyjafossvirkjun. Um þetta tímabil hefur stefnandi eftirfarandi að segja: „Já, mér bauðst starf um haustið og taldi það vera til árs, sem ég var ráðin, en það komu upp raddir um, að aðrar konur hefðu meiri rétt, svo að þetta voru ekki nema fáar vikur." Stefnandi sagði, að þetta hefði verið eina starfið, sem hún hefði fengið frá starfslokum og fram til áramóta 1989/1990. Stefnandi sagðist aðallega hafa leitað fyrir sér í Rangárvallasýslu, en þó ekki einskorðað tilraunir sýnar við vinnusvæði Verkalýðsfélagsins Rangæings og bendir í því sambandi á, að hún hafi um tíma á árinu 1990 sótt vinnu í Hrunamannahreppi, Árnessýslu, hjá Árvélum hf. Sóknargögn greina frá því, að stefnandi hafi verið í tímabundnu starfi hjá Skattstofu Suðurlands, Hellu, frá 19. mars 1990 til 31. maí s. á., eftir það við kjúklingaslátrun á Hellu í 3 vikur í júnímánuði 1990 hjá fyrirtækinu Reykjagarði hf. og síðan hjá Árvélum hf. til októberloka 1990. Frá 1. nóvember 1990 til 1. febrúar 1991 vinnur stefnandi sem lausráðinn starfsmaður í hálfsdagsvinnu hjá Skattstofu Suðurlands, Hellu, en fær fastráðningu þar frá og með 1. febrúar 1991. Stefnandi er nú fastráðinn starfsmaður í fullu starfi á Skattstofu Suðurlands, Hellu.

Starfið á Dvalarheimilinu Lundi, sagði stefnandi, að hefði verið fólgið í vinnu í eldhúsi, böðun, þvotti og þess háttar störfum. Stefnandi sagðist hafa verið 44 ára gömul, er henni hefði verið sagt upp störfum. Hún hefði enga fagmenntun haft, að vísu verið byrjuð í öldungadeild Fjölbrautaskóla Suðurlands með það í huga að komast síðar meir í sjúkraliðanám. Uppsögnin hefði kippt fótum undan þeim fyrirætlunum. Stefnandi upplýsti, að hún væri gift kona með þrjú uppkomin börn heima, og þar væri einnig barnabarn, er þau hjónin fóstruðu og sæju um uppeldi á. Um störf sín og tilraunir sínar til að fá vinnu á árinu 1990 og fram að fastráðningu 1. febrúar 1991 sagði stefnandi, að þegar hinni tímabundnu vinnu hjá skattstofunni lauk 31. maí 1990, hefði hún hafið störf hjá hænsnasláturhúsinu á Hellu. Kvaðst hún hafa þolað þessa vinnu mjög illa, verið slæm í axlarliðum. Sér hefði þá boðist starfið hjá Árvélum sem ráðskona uppi í Hrunamannahreppi, en hætt þar í októberlok, er hún hefði fengið hálfsdagsstarfið hjá skattstofunni. Stefnandi taldi, að hún hefði gert allt, sem í hennar valdi stóð, til að útvega sér vinnu á umræddu tímabili. Í leit sinni kvaðst hún alls ekki hafa takmarkað sig við sambærilegt starf, heldur leitað eftir einhverju starfi. Hún kvaðst t. d. hafa sótt um starf á Kirkjuhvoli á Hvolsvelli, en sér hefði verið annars sama, hvert starfið var, bara ef hún fengi vinnu.

Vitnið Sigurður Óskarsson, formaður og starfsmaður Verkalýðsfélagsins Rangæings, sagðist hafa tekið saman tölur um fjölda þeirra, sem fengu atvinnuleysisbætur í Rangárvallasýslu á tímabilinu júní 1990 til og með janúar 1991. Sýndu þær tölur fjölda bótaþega á þessu tímabili um og yfir 100, mest í janúar og febrúar 1990, 169 og 164, en minnst í september og október 1990, 71 og 76 bótaþega. Vitnið sagði, að félagsmenn hjá Verkalýðsfélaginu Rangæingi hefðu verið 258 á árinu 1990, 196 karlar og 62 konur, en 315 á árinu 1991, 175 karlar og 140 konur. Vitnið taldi, að það hefði verið almennt álit, að á þessum tíma hefði atvinnuástand í Rangárvallasýslu verið mjög slæmt. Benti vitnið á, að prjóna- og spunaiðnaður hefði á þessum tíma hrunið. Vitnið sagði, að ástandið hefði eftir þetta farið mjög batnandi, og hefðu þannig einungis 60 bótaþegar verið í júlí 1991 og 16 mánuðinn þar á eftir og 83 í nóvember 1992. Vitnið sagði, að vinnumarkaður í þessu sambandi væri alls ekki bundinn við Rangárvallasýslu, og væri vinnumarkaður Rangæinga mjög mikið í Reykjavík. Það sagði, að á þessum árum hefði atvinnuleysi ekki verið síst vegna verkafólks, sem sent hefði verið heim frá þessum stöðum. Í þessu sambandi nefndi vitnið, að á haustin kæmu verktakamenn, sem hefðu verið að vinna á öðrum svæðum, en fengju ekkert að gera heima. Þó að þetta væri hluti af vandanum, sagði vitnið, að aðalvandamálið hefði þó verið vegna kvenna á miðjum aldri, sem hvergi hefði verið hægt að útvega vinnu. Sagði vitnið, að reynslan sýndi, að hin gömlu hefðbundnu vertíðarstörf væru úr sögunni. Vitnið skýrði, hvernig skráningu bótaþega væri háttað, og sagði langflesta bótaþegana koma frá kauptúnunum Hellu og Hvolsvelli, en litið væri á Rangárvallasýslu sem eitt atvinnusvæði, skipting í hreppamörk ætti ekki lengur við. Vitnið sagði sér kunnugt um, að stefnandi hefði mjög oft þurft að beita sér á vinnustað sem trúnaðarmaður starfsfólks. Vitnið lýsti þeirri skoðun sinni, að langmest vandræði hefðu stafað af röngum útreikningi og rangri vinnu í launameðferð vegna kunnáttuleysis. Af þessu hefðu sprottið deilur um laun, samninga og annað viðvíkjandi launaþættinum. Mest hefði þetta bitnað á stefnanda sem trúnaðarmanni starfsfólks, og hefði stefnandi að mati vitnisins fundið fyrir báðum aðilum í þessu sambandi. Vitnið sagði, að nú væri ástandið allt annað og hefði strax batnað með nýjum gjaldkera.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnandi hafi gert allt, sem í hennar valdi stóð, til að leita sér að vinnu. Hún hafi t. d. ekki vílað fyrir sér að leita að vinnu utan stéttarsvæðisins.

Af hálfu stefnda er þessu sjónarmiði mótmælt. Að mati stefnda sé alls ekki hægt að setja algilda mælistiku á það, hvenær tiltekinn aðili hafi gert

allt, sem í hans valdi standi, til að útvega sér vinnu. Reifuð sjónarmið stefnanda í þessu sambandi veki ýmsar spurningar. Hvenær er t. d. staða aðilans þannig, að hann sé kominn í starf? Geti það einnig hugsast, að það geti verið á ábyrgð vinnuveitandans, að atvinnuástand á tilteknu landsvæði er erfiðara en á öðru? Það fái ekki staðist að mati stefnda.

Rétt sinn til skaðabóta kveðst stefnandi reisa á almennu skaðabótareglunni. Stefndi hafi slitið vinnusamningnum við stefnanda með ólögmætum hætti. Með því hafi hann valdið stefnanda fjártjóni, sem stefnda beri að bæta, enda hafi stefnandi gert sitt til að draga úr tjóninu.

Þessu mótmælir stefndi. Stefndi heldur því fram, að þótt líta megi svo á, að uppsögnin hafi verið ólögmæt í þeim skilningi, að á hafi skort að veita stefnanda, sem var trúnaðarmaður, áminningu, áður en til uppsagnar kom, þá hafi stefnanda alls ekki verið sagt fyrirvaralaust upp starfi. Við þetta sé aðalkrafa um sýknu einmitt miðuð, að stefnanda hafi verið sagt upp með samningsbundnum uppsagnarfresti, og eigi stefnandi því ekki rétt á neinum skaðabótum. Tómlæti stefnanda við að hafa uppi kröfur, eftir að dómur Félagsdóms hafði verið kveðinn upp, leiði einnig til sömu niðurstöðu. Þegar málið sé höfðað, séu þannig tæp þrjú ár, frá því að dómur Félagsdóms gekk í málinu, og rúm tvö ár liðu frá dómi Félagsdóms og þar til stefnandi lét stefnda vita, að hún ætlaði að hafa uppi kröfur á hendur stefnda vegna uppsagnarinnar.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að tómlætisáhrif komi til álita. Bendir stefnandi á, að kröfugerðin sé byggð á skaðleysissjónarmiðum. Stefnandi eigi rétt á því að krefja um bætur, sem geri hana eins setta og ekki hefði komið til uppsagnar. Tjón stefnanda hafi alls ekki verið komið fram, fyrr en hún fékk aftur fast starf. Þá og þá fyrst hafi verið hægt að vinna að kröfugerð hennar reistri á framangreindum forsendum. Unnið hafi verið að málinu með eðlilegum hraða, og hafi stéttarfélag stefnanda leitað til hagfræðings ASÍ varðandi tekjutap stefnanda. Þegar er sá útreikningur hafi legið fyrir, hafi stefnandi sent stefnda bréf, dskj. 14, og málshöfðun fylgt í kjölfarið. Í þessu sambandi beri einnig á það að líta, að auðvitað hafi stefnda gert sér það ljóst, að í kjölfar dóms Félagsdóms fylgdi málshöfðun stefnanda. Kröfugerð stefnanda hafi því á engan hátt átt að koma stefnda á óvart.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ef komi til skaðabótagreiðslu til stefnanda, eigi að miða bótafjárhæð við svonefnda meðalhófsreglu. Fjárhæð bótanna geti þannig aldrei miðast við lengri tíma en svarar þriggja mánaða samningsbundnum uppsagnarfresti, þ. e. miðað við laun stefnanda hjá stefnda mánuðina júní – ágúst 1989. Meðallaun fyrir hvern mánuð

hefðu samkvæmt útreikningum frá stefnanda, dskj. 4, numið 103.590 krónum, samtals 310.770 krónum fyrir tilgreinda þrjá mánuði, en að sjálfsögðu og þá í fullu samræmi við framangreinda meðalhófsreglu að frádregnum launum þeim, sem stefnandi hafi haft hjá Landsvirkjun fyrir mánaðarstarf á þessu tímabili, og fengnum atvinnuleysisbótum, samtals til frádráttar 177.640 kr., og því til greiðslu samkvæmt varakröfu 133.330 krónum. Tilgreind meðalhófsregla sé í raun sú regla, sem dómstólar hafi mótað með niðurstöðum sínum í ágreiningsmálum vegna uppsagna á vinnusamningum og þegar bótagrundvöllur sé fyrir hendi vegna uppsagnarinnar. Þótt stefnandi hafi valið að miða kröfugerð sína ekki við hina fastmótuðu meðalhófsreglu, heldur byggi á skaðleysissjónarmiðum, breyti það ekki því, að hugsanlegt tjón stefnanda verði ekki við annað eða meira miðað en laun í uppsagnarfresti, enda engin rök til að leggja ríkari ábyrgð á stefnda í þessu sambandi. Þrautavarakrafa sé hins vegar sett fram, þar sem hér reyni á vissan hátt á það, hvort dómstólar telji sig í reynd bæra um að víkja frá meðalhófsreglunni sem viðmiðun við bótauppsögn. Tilgreind tómlætisáhrif eigi hins vegar að hafa áhrif á upphafstíma dráttarvaxta.

III.

Niðurstaða.

Óumdeilt er, að þegar stefndi með bréfi, dagsettu 27. febrúar 1989, dskj. 19, sagði stefnanda upp starfi frá og með 1. mars 1989 með þriggja mánaða fyrirvara, hafði stefnandi áunnið sér þann uppsagnarrétt, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests o. fl.

Ákvæði 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur tryggir trúnaðarmönnum tilekna vinnuvernd. Með hliðsjón af því bar stefnda að gefa stefnanda viðvörun í formi áminningar, áður en hann sagði henni upp starfi. Ósannað er, að uppsögn stefnanda megi rekja til vanrækslu stefnanda í starfi eða að stefnandi hafi með öðrum hætti brotið gegn starfsskyldum sínum. Stefnandi, sem gegnt hafði starfi trúnaðarmanns frá 4. október 1985, átti því rétt á að krefja stefnda um bætur vegna ólögmætrar uppsagnar, en málsatvik og fram lögð gögn leiða til þeirrar niðurstöðu, að stefnandi hafi gagnvart stefnda haldið kröfu sinni nægjanlega til haga.

Þegar stefndi sagði stefnanda upp starfi, var hún á 44. aldursári. Atvinnuástand í Rangárþingi var þá bágborið, og svo var enn, er stefnandi hóf fyrst störf hjá Skattstofu Suðurlands, Hellu, í marsmánuði 1990. Stefndi mátti því gera sér ljóst, að það yrði erfiðleikum háð fyrir stefnanda að útvega sér vinnu á nýjan leik. Að því athuguðu og að teknu tilliti til þess, hversu erfitt er að meta, hvort stefnandi hafi gert sitt ýtrasta til að draga úr

tjóninu, sem og því, að orsakasambandið milli uppsagnar og tjóns stefnanda varð minna eftir því, sem lengra leið frá uppsögn, þykja bætur þær, sem stefnda ber að greiða stefnanda, hæfilega ákveðnar 470.904 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til launaútreiknings samkvæmt dómskjali 4 fyrir árið 1989 og frádráttarliða sem þar greinir, vegna launa stefnanda hjá Landsvirkjun og atvinnuleysisbóta á því ári sem og áætlaðra meðallauna fyrstu tvo mánuði ársins 1990 (105.455 × 2), en að frádregnum áætluðum tekjum (atvinnuleysisbótum) stefnanda (-138.535) fyrir sama tímabil. Ber stefnda að greiða stefnanda fjárhæð þessa með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1989 til 10. janúar 1992, en þá með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 15. gr. sömu laga, allt eins og í dómsorði nánar greinir, og að auki málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 130.000 krónur, er beri dráttarvexti samkvæmt 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Við ákvörðun málskostnaðar var ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem fékk mál þetta til meðferðar 10. nóvember s. l., dæmir mál þetta.

Dómsorð:

Stefnda, Dvalarheimilið Lundur, kt. 440375-0149, greiði stefnanda, Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur, kt. 240145-7669, 470.904 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, af 56.933 kr. frá 1. 7. 1989 til 1. 8. s. á., af 113.866 kr. frá þeim degi til 1. 9. s. á., af 170.799 kr. frá þeim degi til 1. 10. s. á., af 227.732 kr. frá þeim degi til 1. 11. s. á., af 284.665 kr. frá þeim degi til 1. 12. s. á., af 341.598 kr. frá þeim degi til 1. 1. 1990, af 398.531 kr. frá þeim degi til 1. 3. s. á., en af 470.904 kr. frá þeim degi til 10. janúar 1992, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og 130.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 408/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Gunnari Hinriki Árnasyni
(Örn Clausen hrl.)

Fjársvik. Skjalafals. Skilorðsrof. Viðurlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga samkvæmt a-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Var þá af hálfu ákæruvaldsins einnig áfrýjað með stefnu 15. september 1994 til þyngingar refsingu.

Ákæruvaldið krefst nú staðfestingar héraðsdóms.

Með skýlausri játningu ákærða er sannað, að hann hefur gerst sekur um þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru, og eru þau réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Við ákvörðun refsingar verður meðal annars litið til þess, að skuldabréf það, sem ákærði falsaði undirskrift veðeiganda á, nam verulegri fjárhæð. Ákærði reyndi að selja Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis bréfið, en fjártjóni varð afstýrt fyrir tilstilli annars manns, sem varaði sparisjóðinn við því, að um fölsun kynni að vera að ræða, svo sem fram kemur í lögregluskýrslu. Með brotum sínum hefur ákærði rofið skilorð samkvæmt dómi Sakadóms Reykjavíkur 28. apríl 1992, þar sem honum var gert að sæta fangelsi í sex mánuði, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir margvísleg fjármunabrot.

Með hliðsjón af þessu og atvikum málsins að öðru leyti telst refsing ákærða hæfilega metin fangelsi í tíu mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta til tjónþola. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Hinrik Árnason, sæti fangelsi í tíu mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. september 1994.

Ár 1994, mánudaginn 12. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 519/1994: Ákæruvaldið gegn Gunnari Hinriki Árnasyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 26. júlí sl., á hendur ákærða, Gunnari Hinriki Árnasyni, Eskihlíð 3, Reykjavík, fæddum 14. febrúar 1957, fæðingarnúmer 397, fyrir eftirtalin hegningarlagabrot:

„I. Fjársvik. Gefið út og notað í viðskiptum 1992 og 1993 með eftirgreindum hætti þrjá tékka á reikninga sína í Landsbanka Íslands, nr. 249 í Miklubrautarútibúi, 67667 og 4790 í Múlaútibúi, enda þótt innstæða væri ekki fyrir þeim á reikningunum og þeim öllum lokað á árinu 1988:

1. Nr. 0010084, 10.000 kr., dags. 21. 4. 1992. Greiddar veitingar á hóteli á Akranesi.

2. Nr. 4750388, 5.000 kr., dags. 22. 1. 1993, til Úðafoss, Vitastíg 13, Reykjavík. Greitt fyrir hreinsun á fötum.

3. Nr. 4750385, 5.000 kr., dags. 19. 1. 1993, til verslunarinnar Nóatúns, Furugrund 3, Kópavogi. Greiddar vörur.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Skjalafals. Í desember 1993 framvísað til sölu í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11, Reykjavík, fölsuðu skuldabréfi, að fjárhæð 1.500.000 kr., með veði í íbúð á 4. hæð F að Engihjalla 9, Kópavogi, út gefnu 27. desember 1993 af Pétri Sigurðssyni í nafni fyrirtækisins Horsks hf., Naustahlein 30, Garðabæ, en ákærði átti einnig hlut í því fyrirtæki og hafði falsað á bréfið nafn móður sinnar, Helgu Henrýsdóttur, sem þinglýsts eiganda veðsins.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Eftirgreindir aðilar í Reykjavík, nema annað sé nefnt, hafa í málinu krafist skaðabóta úr hendi ákærða:

1. Skagaveitingar hf., Akranesi, 10.000 kr. ásamt fullum dráttarvöxtum frá 27. 4. 1992 til greiðsludags.

2. Fatapressan Úðafoss sf., Vitastíg 13, 5.000 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 25. 1. 1993 til greiðsludags.

3. Nóatún hf., Nóatúni 17, 5.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 20. 1. 1993 til greiðsludags."

Málavextir.

Ákærði hefur skýlaust játað það atferli, sem hann er saksóttur fyrir. Fram hefur komið hjá honum, að hann hafi látið úti tékkana með þeim fyrirvara, að þeir yrðu geymdir og hann myndi svo leysa þá til sín. Hefur þessu ekki verið hnekkt og ákæruvaldið fallist á, að tékkabrot ákærða yrðu heimfærð undir 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977. Hefur ákærði orðið sekur um brot þau, sem greinir í ákærunni, og brotið gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og 73. gr. tékkalaga.

Ákærða var á árunum 1974 til 1989 refsað ellefu sinnum, aðallega fyrir umferðarlagabrot. Í apríl 1992 var hann dæmdur í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals, fjárdrátt og tékkalagabrot. Hann hefur nú rofið skilorðið, og ber nú að gera honum refsingu í einu lagi. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá kröfudegi til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, eins og rakið er:

Skagaveitingum hf., Akranesi, 10.000 krónur, frá 19. júní 1992, Fatapressunni Úðafossi sf., Vitastíg 13, Reykjavík, 5.000 krónur, frá 27. janúar 1993, Nóatúni hf., Nóatúni 17, Reykjavík, 5.000 krónur, frá 8. mars 1994.

Ákæruvaldið hefur krafist þess, að saksóknarlaun verði dæmd í málinu. Mál þetta var dæmt sem játningarmál samkvæmt 125. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og hlaut ekki aðalmeðferð með vitnaleiðslum og sókn og vörn samkvæmt 129. gr. laganna. Í 1. mgr. 168. gr. laganna segir, að „þegar mál" sé „sótt" af handhöfum ákæruvalds og ákærða jafnframt gert að greiða sakarkostnað í því, skuli honum gert að greiða málsóknarlaun að tiltekinni fjárhæð, sem renni í ríkissjóð. Þegar þess er gætt, að ákæruvaldinu ber ávallt að sækja þing í refsimáli, sbr. t. d. 1. mgr. 123. gr. laga um meðferð opinberra mála, verður þetta orðalag 1. mgr. 168. gr. oml. ekki skilið öðruvísi en svo, að málsóknarlaun beri aðeins að dæma í héraði, þegar mál sætir aðalmeðferð. Ber samkvæmt þessu að synja kröfu ákæruvaldsins um saksóknarlaun, en annan kostnað leiddi ekki af málinu.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Hinrik Árnason, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði skaðabætur ásamt dráttarvöxtum til greiðsludags, eins og rakið er:

Skagaveitingum hf., 10.000 krónur, frá 19. júní 1992, Fatapressunni

Úðafossi sf., Vitastíg 13, Reykjavík, 5.000 krónur, frá 27. janúar 1993,
Nóatúni hf., Nóatúni 17, Reykjavík, 5.000 krónur, frá 8. mars 1994.

Kostnað leiddi ekki af málinu.

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 374/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Magnúsi Kristni Sigurðssyni
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Fiskveiðibrot. Upptaka. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákæruvalds verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1994. Við meðferð málsins krafðist ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms svo og þess, að ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað. Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, en til vara, að refsing ákærða verði felld niður eða lækkuð og hann sýknaður af kröfu um upptöku afla og veiðarfæra.

I.

Gæsluflugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SYN, stóð ákærða, Magnús Kristin Sigurðsson, skipstjóra á m/b Gandí, VE 171, að dragnótaveiðum 27. maí 1994 á svæði innan fiskveiðilandhelginnar við Ingólfshöfða, en þar höfðu allar togveiðar og dragnótaveiðar verið bannaðar frá og með 21. sama mánaðar með reglugerð nr. 264/1994 um bann við togveiðum og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða og Hrollaugseyjar, sem sjávarútvegsráðuneytið gaf út daginn áður og birt var samdægurs í B-deild Stjórnartíðinda. Hefur ákærði játað að hafa verið að veiðunum, en kvað sér hins vegar hafa verið ókunnugt um reglugerðina fyrr en eftir, að hann var stöðvaður við veiðarnar. Er háttsemi hans rétt lýst í ákæru.

II.

Reglugerð nr. 264/1994 var sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, án þess að vísað væri í

tiltekin ákvæði laganna. Í ákæru er brot ákærða talið varða við 1. og 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 5. gr. þessara laga, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974.

Með 5. gr. laganna um veiðar í fiskveiðilandhelgi er ráðherra heimilað að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir með því að banna notkun ákveðinna gerða veiðarfæra á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma. Eftir orðanna hljóðan heimilar ákvæðið þó einvörðungu takmarkanir þeirra veiðiheimilda, sem veittar eru með lögunum sjálfum, en það eru nú heimildir til veiða með botnvörpu og flotvörpu á tilteknum svæðum innan fiskveiðilandhelginnar, sem kveðið er á um í 3. gr. laganna. Heimilda til veiða með öðrum veiðarfærum en botnvörpu og flotvörpu er ekki getið í 3. gr. eða öðrum ákvæðum laganna, eftir að þeim var breytt með 22. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Með þeirri lagabreytingu voru felld brott þau ákvæði um dragnótaveiðar, sem voru í 2. mgr. 2. gr. og 13. gr. laga nr. 81/1976, en þar áður voru samsvarandi ákvæði í lögum nr. 102/1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Í 4. gr. laga nr. 38/1990 er sett regla um, að allar veiðar í atvinnuskyni við Ísland séu háðar almennu veiðileyfi, sem gefið sé út árlega. Ráðherra er veitt allvíðtækt vald í 2. mgr. ákvæðisins til að ákveða, að vissar veiðiheimildir verði háðar sérstöku veiðileyfi, þar á meðal veiðar í tiltekin veiðarfæri. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur ráðherra sett reglugerð um dragnótaveiðar nr. 326/1992, sem enn er í gildi. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. hennar eru allar veiðar í dragnót óheimilar án sérstaks leyfis Fiskistofu, en slík leyfi er unnt að binda ýmsum skilyrðum, meðal annars því að takmarka veiðarnar við ákveðin svæði og taka mið af stærð skipa. Í 5. gr. reglugerðarinnar er vísað um viðurlög til 19. gr. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38/1990.

Fiskiskipið Gandí, VE 171, fékk leyfi Fiskistofu til dragnótaveiða innan fiskveiðilandhelginnar 6. apríl 1994, sem gilti til 31. ágúst sl. Um veiðiheimildir skipsins segir meðal annars í leyfisbréfinu, að því sé „heimilað að stunda dragnótaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands í samræmi við togveiðiheimildir skipsins skv. lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breyt-

ingum“. Þá er í leyfinu áskilinn réttur til fyrirvaralausrar breytingar á veiðisvæðum.

III.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að eftir setningu laga nr. 38/1990 og reglugerðar um dragnótaveiðar nr. 326/1992 byggjast heimildir til dragnótaveiða innan fiskveiðilandhelginnar ekki lengur á lögum nr. 81/1976, en samkvæmt 5. gr. þeirra laga er vald ráðherra til að kveða á um takmarkanir á veiðiheimildum, sem þar er fyrir mælt, háð því, að heimildirnar séu veittar með þeim lögum, svo sem fyrr er rakið. Ákærði hefur samkvæmt framansögðu ekki brotið gegn 5. gr. laga þessara, svo sem honum er gefið að sök í ákæru, og verður honum því ekki refsað fyrir brot gegn þessu ákvæði.

Í 6. gr. laga nr. 81/1976 eru hins vegar fyrirmæli þess efnis, að sjávarútvegsráðuneytið skuli gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að sporna við smáfiskadrápi á tilteknum veiðisvæðum, þar sem seiða- og smáfiskadráp á sér stað í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt geti talist. Í þessu skyni er ráðuneytinu heimilt að tilkynna bann við öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, á þessum veiðisvæðum.

Ákærði var að dragnótaveiðum á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem allar togveiðar og dragnótaveiðar höfðu verið bannaðar, svo sem lýst er í ákæru. Varðar sú háttsemi hans við 6. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 264/1994. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var málið reifað meðal annars með hliðsjón af 6. gr. laga nr. 81/1976, og hefur vörn ákærða því ekki verið áfátt, að því er það ákvæði varðar, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Verður ákærða gerð refsing samkvæmt 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300.000 króna sekt, og er þá litið til gengis gullkrónu við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Sektin skal renna til Landhelgissjóðs Íslands, sbr. 21. gr. laganna, og komi 45 daga varðhald í stað hennar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber með vísan til 3. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. laganna, að staðfesta ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Loks er ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

Hjörtur Torfason gerir þá athugasemd, að hann taki ekki afstöðu til efnis 5. gr. laga nr. 81/1976, en telji reglugerð nr. 264/1994 eiga stoð sína í 6. gr. laganna, þannig að brot ákærða varði við hana, svo sem fyrr er rakið.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Kristinn Sigurðsson, greiði 300.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 45 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri m/b Gandí, VE 171, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 30. maí 1994.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag í samræmi við 125. gr. laga nr. 19/1991 um játningardóm, er höfðað hér fyrir héraðsdóminum með svohljóðandi ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. maí 1994: „Á hendur Magnúsi Kristni Sigurðssyni, Bessahrauni 8, Vestmannaeyjum, skipstjóra á vélskipinu Ganda (sic), VE 171, skipaskrárnúmer 0084, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa laust eftir hádegi föstudaginn 25. maí 1994 (sic) verið á dragnótaveiðum á skipinu, sem er 204 brúttórúmlestir og 36,86 lengdarmetrar, við Ingólfshöfða, á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem allar togveiðar og dragnótaveiðar höfðu verið bannaðar frá og með 21. maí 1994.

Brot ákærða telst varða við 1., sbr. 2. gr. reglugerðar um bann við togveiðum og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða og Hrollaugseyjar nr. 264 20. maí 1994, sbr. 5. gr. laga um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974.

Þess er krafist, að ákærði verið dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tl. 1.

mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. og 21. gr. laga nr. 81/1976 og samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga, til þess að sæta upptöku á veiðarfærum, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs".

Við þingfestingu málsins leiðrétti ákærandi tvær ritvillur í ákæru, þar sem nafn skipsins hefði misritast, en það væri Gandí, en ekki Ganda. Þá var einnig leiðrétt misritun, er snerti dag þann, sem brot ákærða var framið, en það ætti að vera föstudaginn 27. maí 1994, en ekki föstudaginn 25. maí 1994, eins og stæði í ákæru, enda væri síðarnefndi dagurinn alls ekki til í dagatalinu. Leiðréttingar þessar sættu ekki andmælum af hálfu ákærða, og er unnt að taka þær til greina og dæma málið samkvæmt fyrirliggjandi ákæru með áorðnum leiðréttingum, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Með háttsemi þeirri, sem í ákæruskjali greinir og þar er rétt lýst og réttilega heimfærð undir 1. gr. reglugerðar nr. 264 frá 20. maí 1994, sem bannar dragnótaveiðar á þar tilgreindu svæði við Ingólfshöfða frá og með 21. maí 1994, sbr. 5. gr. laga nr. 81/1976 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. einnig lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, hefur ákærði unnið sér til refsingar. Ákærði, sem er sakhæfur, er fæddur 24. júlí 1957 og hefur samkvæmt vottorði frá Sakaskrá ríkisins að undanskildum tveimur smávægilegum sektarrefsingum frá árinu 1973 ekki áður sætt refsingu.

Í samræmi við 2. gr. reglugerðar nr. 264/1994, sbr. 1. tl. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. einnig 21. gr. sömu laga nr. 81/1976, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 455.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og hefur þá verið litið til þess, að samkvæmt vottorði frá Seðlabanka Íslands var gullgildi þannig 26. maí 1994, að 100 gullkrónur jafngiltu 4.542,40 seðlabankakrónum. Ef ákærði greiðir ekki dæmda sektarrefsingu innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, skal hann sæta varðhaldi í 3 mánuði.

Að kröfu ákæruvalds og með vísan til 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 81/1976, skal afli og veiðarfæri ms. Gandí, VE 171, gerð upptæk í Landhelgissjóð Íslands, en samkvæmt fyrirliggjandi mati dómkvaddra matsmanna nemur andvirði afla og veiðarfæra samtals 1.938.290 krónum.

Í samræmi við 165. gr. laga nr. 19/1991 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sem nemur 20.000 krónum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Kristinn Sigurðsson, greiði 455.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í þrjá mánuði.

Allur afli og veiðarfæri ms. Gandí, VE 171, í framangreindri veiðiferð skal gerður upptækur í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði sakarkostnað máls þessa, 20.000 krónur.

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 280/1992. **Elberg Þorvaldsson**
og Vátryggingafélag Íslands hf.
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Einari Jóhannssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)
og gagnsök

Bifreiðar. Skaðabótamál. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1992. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að sök verði skipt í málinu og stefnukröfur lækkaðar. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til réttarins að fengnu áfrýjunarleyfi með stefnu 12. mars 1993. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 204.229 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. maí 1990 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla lögreglunnar í Reykjavík 8. desember 1994. Þar kemur meðal annars fram, að fjarlægð frá árekstursstað á gatnamótum Austurbergs og Gerðubergs að hraðahindrun á Austurbergi, sem bifreiðarnar óku yfir skömmu fyrir áreksturinn, er 217 metrar og að breidd götunnar er 7 metrar. Enn fremur er fram komið í málinu, að þrenging á Austurbergi við nefnd gatnamót hafði ekki verið gerð, er áreksturinn varð.

II.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem ber yfirskriftina *Framúrakstur*, skal aka vinstra megin fram úr ökutæki. Þó

skal aka fram úr ökutæki hægra megin, ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laganna, sem ber yfirskriftina *Bann við framúrakstri*, gildir sú meginregla, að óheimilt er að aka fram úr öðru ökutæki, rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Frá þeirri meginreglu er í sömu málsgrein að finna sérstaklega tilgreindar undantekningarheimildir. Atvik þessa máls urðu, áður en lagagreininni var breytt með lögum nr. 44/1993, en engu að síður verður hún á grundvelli lögskýringargagna túlkuð svo, að einnig fyrir þá breytingu mætti ekki nýta undantekningarheimildirnar, nema skilyrði til framúraksturs hafi verið fyrir hendi að öðru leyti. Ökumaður skal hafa sérstaka aðgát við vegamót, sbr. 1. mgr. 25. gr. sömu laga.

Af þessu leiðir, að ríkar varúðarkröfur verða gerðar til þess, sem vill nýta sér undantekningarheimild frá hinni skýru meginreglu. Ber honum að fullvissa sig um, að skilyrði séu örugglega uppfyllt, svo að framúrakstur á eða við gatnamót megi eiga sér stað.

III.

Austurberg er fjölfarin gata, þar sem skólar, aðrar opinberar stofnanir og íbúðabyggð eru á báðar hendur. Einungis ein akrein er í hvora akstursstefnu. Samkvæmt lögregluskýrslu voru aðstæður, er umferðaróhapp það varð, sem mál þetta er sprottið af, að öðru leyti þannig, að snjór var yfir, ísing og hálka. Náttmyrkur var, en góð götulýsing. Þessar aðstæður voru með þeim hætti, að framúrakstur við gatnamót hlaut að teljast mjög varhugaverður.

Óumdeilt er, að gagnáfrýjandi ók mjög hægt og fullnægði að því leyti þeim varúðarkröfum, sem til hans verða gerðar miðað við aðstæður. Einnig er óumdeilt, að hann gaf stefnumerki til vinstri, svo sem boðið er, þótt aðaláfrýjandi telji samkvæmt lögregluskýrslu, að það hafi verið of seint gefið.

Þrátt fyrir þær aðstæður, sem áður er lýst, reyndi aðaláfrýjandinn Elberg framúrakstur við gatnamótin og ók á um 50 km hraða á klukkustund að eigin sögn, sem er lögleyfður hámarkshraði á þessum stað. Brýna nauðsyn bar til, að aðaláfrýjandi æki með fyllstu aðgæslu og fyrirhyggju, sbr. 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. og a-, c- og h-lið 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Verður að

telja, að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn. Í því ljósi þykja eigi efni til að skipta sök á árekstrinum vegna almennrar varúðarskyldu þess ökumanns, sem hyggst beygja á gatnamótum, sbr. 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga. Ber því að leggja á aðaláfrýjandann Elberg alla sök á árekstrinum.

Að þessu virtu verða kröfur gagnáfrýjanda teknar til greina, en ekki er ágreiningur í málinu um viðgerðarkostnað bifreiðar hans. Þykir jafnframt mega fallast á kröfu hans um bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar. Þá verður aðaláfrýjendum gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Elberg Þorvaldsson og Vátryggingafélag Íslands hf, greiði gagnáfrýjanda, Einari Jóhannssyni, óskipt 204.229 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 20. maí 1990 til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 150.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1991.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. apríl 1992 að loknum munnlegum málflutningi, hefur Einar Jóhannsson, kt. 040234-3579, Hjalla, Kjósarsýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu á hendur Elberg Þorvaldssyni, 120170-4309, Torfufelli 50, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði in solidum 204.299 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. maí 1990 til greiðsludags [...]. Einnig er krafist málskostnaðar [...].

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt í málinu og stefnukröfur lækkaðar. Jafnframt krefjast stefndu í báðum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

II.

Að kvöldi þriðjudagsins 27. mars 1990 ók stefndi Elberg Mazda-bifreið sinni, Y-2756, suður Austurberg, Reykjavík, á eftir bifreið stefnanda, Einars, Subaru 2WD Wagon, árg. 1988. Árekstur varð með bifreiðum aðila við gatnamót Gerðubergs á vinstra vegarhelmingi Austurbergs miðað við akstursstefnu bifreiðanna. Lenti hægra framhorn bifreiðar stefnda í vinstri hlið

bifreiðar stefnanda. Samkvæmt lögregluskýrslu var snjór og hálka á veginum, er árekturinn varð. Bifreið stefnanda er atvinnutæki hans.

Í lögregluskýrslu er haft eftir stefnda Elberg, að hann hafi ekið suður Austurberg á eftir stefnanda. Hann hafi ætlað að aka fram úr bifreið stefnanda og verið búinn að skipta um akrein, þegar stefnandi gaf stefnumerki til vinstri og beygði síðan áleiðis til austurs. Hann kveðst hafa hemlað, en ekki náð að koma í veg fyrir árekstur og taldi stefnanda hafa gefið stefnumerki of seint. Í sömu skýrslu er m. a. haft eftir stefnanda, Einari, að er hann nálgaðist gatnamótin hjá Gerðubergi, hafi hann gefið stefnumerki til vinstri og síðan verið að beygja til austurs, þegar stefndi Elberg lenti á bifreið hans.

Stefndi Elberg kveðst hafa ekið á 50 km/klst.

III.

Stefnandi reisir kröfugerð sína í málinu á því, að stefndi eigi alla sök á tjóni stefnanda. Stefndi viðurkenni í lögregluskýrslu, að stefnandi hafi sýnt stefnuljós til vinstri, áður en hann beygði inn Gerðuberg. Vísar stefnandi til 4. gr., sbr. 20. gr., 22. gr., 36. gr. og 89. gr., sbr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Aka skuli hægra megin fram úr ökutæki, ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbúi greinilega vinstri beygju. Ljóst sé, að stefndi Elberg hafi ekki hagað akstri sínum í samræmi við aðstæður greint sinn, en snjór og hálka hafi verið á veginum.

Málsókn á hendur meðstefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., reisir stefndi á 1. mgr. 97. gr. umfl., en bifreið stefnda hafi verið tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá félaginu.

Kröfu um dráttarvexti reisir stefnandi á lögum nr. 25/1987 og krefst dráttarvaxta að liðnum mánuði frá dagsetningu tjónskoðunarskýrslu. Krafa um virðisaukaskatt á tildæmdan málskostnað styður stefnandi lögum nr. 50/1988.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfur sínar þannig:

Beint fjártjón v/skemmda á R-80120	kr.	167.739
Tjón v/afnotamissis, 3.649 kr. × 10 dagar	–	36.490
	Kr.	204.229

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi alla sök á árekstrinum, en varakröfu sína styður stefndi því, að skipta beri sökinni og leggja meginsök á árekstrinum á stefnanda sjálfan.

Stefndi kveður ljóst vera af „dragförum“ á vettvangi og öðrum ummerkjum skv. vettvangsuppdrætti, að hann hafi verið kominn á vinstri vegarhelm-

ing og verið byrjaður framúrakstur, áður en stefnandi beygði til vinstri í veg fyrir sig. Hafi stefnanda borið að ganga úr skugga um, að það væri hættulaust, sbr. 2. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 17. gr. umfl. Það hafi stefnandi ekki gert, svo sem áreksturinn beri ljósast vitni. Stefnumerkjagjöf leysi stefnanda ekki undan varúðarskyldu sinni, sbr. 31. gr. umferðarlaga. Þá sé ósannað, að stefnandi hafi gefið stefnumerki fyrr en um leið og hann beygði, en um það beri stefnandi sönnunarbyrði, sbr. Hrd. 1976, 424. Stefndi kveður stefnanda hafa gefið stefnumerki of seint.

Stefndi kveður, að hann hafi réttilega hafið framúrakstur sinn vinstra megin samkvæmt meginreglu, er fram komi í 20. gr. umfl., og sé ekki við sig að sakast um áreksturinn. Samkvæmt d-lið 22. gr. umfl. sé almennt heimilt að aka fram úr á vegamótum, þar sem forgangur sé gagnvart umferð af hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr. umfl., svo sem gildi um Austurberg. Stefndi mótmælir því og að hafa ekið of hratt eða að áreksturinn hafi hlotist af því, hve hratt var ekið. Hann hafi ekið á löglegum hraða á Austurbergi. För eftir bifreiðarnar og skemmdir á þeim, sem séu tiltölulega litlar, bendi ekki til, að ökuhraði bifreiðar stefnda hafi skipt sköpum um áreksturinn. Stefndi kveður hina alvarlegu yfirsjón stefnanda, að beygja til vinstri án aðgæslu gagnvart umferð á eftir, hafa valdið árekstrinum.

Stefndi vefengir ekki umstefndan viðgerðarkostnað tölulega eða daggjaldafjárhæð á dag, en afnotamissi í 10 daga er mótmælt sem of löngum, enda teljist viðgerðartími samkvæmt dskj. 5 aðeins 43 klst., sem svari til 5 daga.

IV.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 50/1987 er aðalreglan sú, að aka skal fram úr ökutæki vinstra megin, en samkvæmt b-lið 1. mgr. 22. gr. sömu laga skal aka hægra megin fram úr ökutæki, sem beygt er til vinstri.

Í fram lagðri lögregluskýrslu kemur fram, að þegar áreksturinn varð, var hálka, ísing og snjór á vegi, myrkur, en lýsing góð. Við þessar aðstæður bar að sýna sérstaka varúð og miða ökuhraða við þær aðstæður, sbr. 36. gr. l. nr. 50/1987. Stefndi hefur borið, að ökuhraði sinn hafi verið 50 km/klst., sem er leyfilegur hámarksökuhraði á Austurbergi. Sá hámarkshraði miðast hins vegar við bestu ökuskilyrði, sem ekki var um að ræða, þegar árekstur varð. Verður því að telja ljóst, að stefndi ók of hratt í framúrakstri við þessi skilyrði, en ekki hefur komið fram ágreiningur um ökuhraða stefnanda, sem ber, að hann hafi verið á mjög lítilli ferð.

Óumdeilt er, að stefnandi gaf stefnumerki til vinstri, en aðilar eru ekki sammála um, hvenær sú merkjagjöf átti sér stað. Stefndi bar fyrir réttinum, að stefnandi hefði gefið stefnuljós, um leið og hann beygði til vinstri inn

Gerðuberg, en stefnandi heldur því fram, að stefnuljós hafi verið gefin í tæka tíð.

Það liggur fyrir, að stefndi hagaði akstri sínum ógætilega miðað við aðstæður, og er ósannað, að hann hafi ekki séð stefnumerkjagjöf stefnanda svo tímanlega, að hann hefði ekki mátt afstýra árekstri, hefði hann hagað akstri sínum í samræmi við umferðarlög og aðstæður á árekstursstað.

Hins vegar ber að líta til þess, að skv. 15. gr. l. nr. 50/1987 bar stefnanda jafnframt að gæta fyllstu varúðar, er hann beygði til vinstri, og huga að umferð, sem á eftir kom. Hann bar fyrir dómi, að hann hefði vitað af bifreið stefnda á eftir sér. Engu að síður virðist hann ekki hafa fylgst með bifreið hans, þegar hann beygði, og þykir hann því eiga nokkra sök á tjóni sínu sjálfur.

Með hliðsjón af framansögðu þykir rétt, að stefndi beri 2/3 hluta sakar, en stefnandi 1/3 hluta sakar sjálfur. Ber stefndu því að bæta stefnanda tjón hans að 2/3 hlutum, sbr. 89. gr., 90. gr. og 97. gr. l. nr. 50/1987.

Stefndi hefur mótmælt því, að stefnandi hafi misst afnot bifreiðar sinnar í 10 daga, þar sem viðgerð samkvæmt skoðunarskýrslu tók 43 klst., þ.e. 5 daga. Stefnandi hefur í málflutningi skýrt þennan mun á þann hátt, að bifreiðin hafi ekki strax komist að til viðgerðar, þ. e. a. s. tveimur dögum eftir, að tjón varð, og einnig sé hér um afnotamissi um helgi að ræða. Til sönnunar afnotamissi sínum af bifreiðinni hefur stefnandi einungis lagt fram ljósrit af tjónskýrslu, þar sem áætlaður er viðgerðartími 43 tíma. Verður því að teljast hæfilegt, að stefndi bæti stefnanda afnotamissi hans af bifreiðinni í 5 daga, enda hefur sá viðgerðartími ekki sætt andmælum af hálfu stefnda.

Samkvæmt þessu og þar sem kröfum stefnanda hefur að öðru leyti ekki verið mótmælt tölulega, ber stefndu að greiða honum in solidum 123.990 kr.

Eftir niðurstöðu málsins skulu stefndu greiða stefnanda in solidum 70.000 kr. í málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar var tekið tillit til þeirrar skyldu stefnanda að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Hervör Þorvaldsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Elberg Þorvaldsson og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði in solidum stefnanda, Einari Jóhannssyni, 123.990 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 20. maí 1990 til greiðsludags. Heimilt er að höfuðstólsfæra dráttarvexti á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. maí 1991. Stefndu greiði in solidum stefnanda 70.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 223/1993. **Björn Baldursson og**
Rut Skúladóttir
gegn
Glitni hf.

Skuldabréf. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1993. Þeir gera eftirfarandi dómkröfur:

„Aðallega. 1. Að skuldabréf, dags. 22. 9. 1989, út gefið af Rut Skúladóttur vegna firmans Hjá Rut verði fellt úr gildi sem forsenda skuldasambands málsaðilanna. 2. Að uppgjör aðila fari eftir upphaflegum fjármögnunarleigusamningi um deigsprautu, dags. 3. 12. 1987, að því er höfuðstól skuldarinnar varðar. 3. Að fallist verði á, að gjaldfelling skuldarinnar hafi ekki verið lögum samkvæm, þar eð hún var ekki fasteignaveðstryggð. 4. Að allar innborganir áfrýjenda verði taldar fyrst til lækkunar höfuðstóls. 5. Að vextir og verðbætur verði fyrst reiknaðar til greiðslu að höfuðstól greiddum. 6. Að dráttarvextir verði felldir niður frá 18. 5. 1990 vegna mistaka þeirra, sem átt hafa sér stað við meðferð innheimtumálsins. 7. Áfrýjendur krefjast málskostnaðar að mati Hæstaréttar fyrir báðum dómstigum. Til vara, að krafa Glitnis hf. verði reiknuð samkvæmt skuldabréfi, dags. 22. 9. 1989. Tillit verði tekið til hlutagreiðslna frá upphafi. Dráttarvextir verði felldir niður frá 18. 5. 1990 vegna mistaka við meðferð málsins. Til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað á ný til héraðsdóms.“

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða sér in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Einn áfrýjenda, Baldur Gíslason, lést, eftir að málinu var áfrýjað, og hefur dánarbú hans ekki tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Málið er skriflega flutt samkvæmt heimild í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994.

Mál þetta var rekið eftir XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú XVII. kafla laga nr. 91/1991. Héraðsdómari mat réttilega þær varnir, sem áfrýjendur gátu teflt fram í héraði. Hér fyrir dómi hafa áfrýjendur í 1., 2. og 6. lið kröfugerðar sinnar aukið við varnarástæðum, sem hvorki verða fram bornar í máli, sem rekið er samkvæmt framangreindum réttarfarsákvæðum, né er heimilt að hafa uppi í Hæstarétti samkvæmt 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans. Áfrýjendur skulu greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Björn Baldursson og Rut Skúladóttir, greiði in solidum stefnda, Glitni hf., 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. mars 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 4. og 5. október 1991 af Glitni hf., Ármúla 7, Reykjavík, gegn Rut Skúladóttur, Fiskislóð 94, Reykjavík, persónulega og f. h. einkafirma hennar, Hjá Rut, Snorrabraut 56, Reykjavík, Birni Baldurssyni, Grettisgötu 60, Reykjavík, og Baldri Gíslasyni, Hringbraut 111, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd in solidum til þess að greiða skuld, að fjárhæð 329.471 kr., með dráttarvöxtum [...] auk málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefndu eru eftirfarandi:

1. Að málinu verði að frumkvæði dómsins vísað frá dómi.

2. Vegna efnisatriða er þess krafist, að stefnukröfur verði lækkaðar og leiðréttar með hliðsjón af heildargreiðslum, sem inntar hafa verið af hendi til stefnanda vegna vélar þeirrar, sem viðskiptin stóðu um, þannig, að heildargreiðsla fyrir vélina verði ekki óhófleg miðað við upphaflegt verð hennar og heildarlánstíma.

3. Þess er krafist, að málskostnaður verði felldur niður, en til vara er þess krafist, að hann verði einungis reiknaður af mismun heildar greiddrar fjárhæðar og endanlegrar fjárhæðar samkvæmt dómsniðurstöðu.

Málsástæður.

Dómkröfur sínar í málinu reisir stefnandi á skuldabréfi með lánskjaravísitölu og sjálfskuldarábyrgð, upphaflega að fjárhæð 500.000 kr., út gefnu 22. september 1989 af stefnda Hjá Rut til stefnanda, en á bréfið rita sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar stefndu, Rut Skúladóttir, Björn Baldursson og Baldur Gíslason. Skuldabréfið skyldi greiða hjá stefnanda með fimm afborgunum á 6 mánaða fresti auk lánskjaravísitölu og 8,75% ársvaxta, í fyrsta sinn 15. febrúar 1990. Stefnandi kveður stefndu ekki hafa greitt afborgun og vexti 15. febrúar 1990, 127.463 kr., og hafi gjaldfelldar eftirstöðvar þann dag verið 434.366 kr. Stefnufjárhæð máls þessa nemi kr. (sic), samtölu gjaldfallinnar afborgunar og gjaldfelldra eftirstöðva 15. febrúar 1990 að frádregnum innborgunum 11. júní 1990:

40.000 kr. 11. júlí 1990, 35.415 kr. 11. desember 1990, 20.000 kr. 28. maí 1991, 14.374 kr. 10. júní 1991, 14.375 kr. 3. júlí 1991, 20.000 kr. 10. júlí 1991, 20.000 kr. 22. júlí 1991, 12.450 kr. 25. júlí 1991, 19.760 kr. 31. júlí 1991, 12.450 kr. 6. ágúst 1991, 12.450 kr. 22. nóvember 1991 11.083 kr. (sic).

Stefnandi rekur málið samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936 og mótmælir því, að kröfur vegna efnisatriða fái komist að í málinu. Hann mótmælir jafnframt kröfu stefndu um frávísun.

Stefnandi sundurliðar stefnufjárhæð með eftirfarandi hætti:

Höfuðstóll skuldabréfs	kr.	500.000
Grunnvísitala 2584		
Lánskjaravísitala í febrúar 1990 2806		
Hækkun á höfuðstól vegna verðbóta	–	42.957
Höfuðstóll 15. 2. 1990 með verðbótum	kr.	542.957
Samningsvextir frá útgáfudegi til 15. 2. 1990	–	18.872
Samtala höfuðstóls, vaxta og verðbóta	kr.	561.829

Í þinghaldi 23. febrúar sl. var að kröfu stefndu bókuð nánari útlistun á kröfugerð, sem er þannig:

„Þess er krafist, að innborganir, sem inntar hafa verið af hendi, fyrst í Iðnaðarbanka, síðar á skrifstofu Glitnis hf. og að lokum á skrifstofu Sveinbjörns Sveinbjörnssonar hdl., verði allar reiknaðar til lækkunar höfuðstóls skuldarinnar, eins og hún var í upphafi, þ. e. 405.594 kr. Þessi fjárhæð var andvirði kaupleigusamnings við Sætabrauðshúsið, dags. 3. desember 1987, sbr. dskj. nr. 21.

Þess er krafist, að reikningsaðferð dráttarvaxta miðist við eftirstöðvar

höfuðstólsins, eins og þær voru á hverjum tíma að lokinni innborgun á höfuðstól til næstu innborgunar á höfuðstól.

Þess er krafist, að dráttarvextir verði ekki lagðir við höfuðstól skuldarinnar og ekki lagðir á hana vaxtavęxtir eða beitt svokallaðri gjaldfellingarmeðferð, sem stefndu telja, að eigi sér ekki lagastoð í íslenskum rétti, nema að því er varðar fé ófjárráða. Samningsákvæði um gjaldfellingu er því merkingarlaust.

Þess er krafist, að höfuðstóll til útreiknings á málskostnaði verði munurinn á greiddri og ógreiddri fjárhæð samkvæmt niðurstöðu dómsins."

Niðurstaða.

Formgallar eru ekki á málinu. Er því ekki fallist á þá kröfu stefndu, að vísa beri málinu frá dómi ex officio.

Eins og áður greinir, reisir stefnandi kröfur sínar á skuldabréfi, að fjárhæð 500.000 kr. Nemur gjaldfallin fjárhæð 15. febrúar 1990 561.829 kr., eins og að framan er rakið. Telst útreikningur stefnanda í samræmi við ákvæði skuldabréfsins, enda hafa stefndu ekki sýnt fram á annað. Koma innborganir til frádráttar þessari fjárhæð, en ekki fjárhæðin 405.594 kr., andvirði kaupleigusamnings við Sætabrauðshúsið sf., enda er sá samningur ekki til umfjöllunar í þessu máli.

Áður eru raktar þær innborganir, sem stefnandi telur, að eigi að koma til frádráttar gjaldfallinni fjárhæð 15. febrúar 1990. Stefndu hafa lagt fram í málinu 20 kvittanir, sem þau telja, að sýni innborganir sínar á umstefnda skuld. Sjö þessara kvittana eru til komnar vegna greiðslu Sætabrauðshússins, og þykir ekki sýnt fram á gegn andmælum stefnanda, að um innborgun sé að ræða á umstefnda skuld. Tólf kvittanir stemma við þær innborganir, er stefnandi telur, að komi til frádráttar gjaldfallinni fjárhæð 15. febrúar 1990. Þá er ein kvittun, sem ekki kemur til frádráttar í kröfugerð stefnanda. Er þar um að ræða greiðslukvittun, dags. 20. ágúst 1990, að fjárhæð 60.000 kr. Greiðandi samkvæmt kvittun þessari er Hjá Rut, og er númer umstefnds skuldabréfs tilgreint á kvittuninni. Er hún sambærileg við fyrrgreindar greiðslukvittanir vegna innborgana. Telst stefnandi því hafa sönnunarbyrðina fyrir því, að umrædd greiðsla sé ekki innborgun á kröfu samkvæmt umstefndu skuldabréfi. Þar sem slík sönnun hefur ekki tekist, kemur umrædd greiðsla til frádráttar stefnukröfum í málinu.

Samkvæmt ákvæði í umstefndu skuldabréfi var stefnanda, er ekki var staðið í skilum með greiðslu afborgana 15. febrúar 1990, heimilt að gjaldfella alla skuldina.

Eins og kröfugerð stefnanda er háttað, koma innborganir til frádráttar höfuðstól skuldarinnar.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 25/1987 skulu dráttarvextir lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð, ef vanskil standa lengur en 12 mánuði.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða málsins sú, að stefndu ber að greiða stefnanda 269.471 kr. með dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 95.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Rut Skúladóttir persónulega vegna einkafirma síns, Hjá Rut, Björn Baldursson og Baldur Gíslason, greiði in solidum stefnanda, Glitni hf., 269.471 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af 561.829 kr. frá 15. febrúar 1990 til 11. júní 1990, af 521.829 kr. frá þeim degi til 11. júlí 1990, af 486.414 kr. frá þeim degi til 20. ágúst 1990, af 426.414 kr. frá þeim degi til 11. desember 1990, af 406.414 kr. frá þeim degi til 28. maí 1991, af 392.039 kr. frá þeim degi til 10. júní 1991, af 377.664 kr. frá þeim degi til 3. júlí 1991, af 357.664 kr. frá þeim degi til 10. júlí 1991, af 337.664 kr. frá þeim degi til 20. júlí 1991, af 325.214 kr. frá þeim degi til 25. júlí 1991, af 305.454 kr. frá þeim degi til 31. júlí 1991, af 293.004 kr. frá þeim degi til 6. ágúst 1991, af 280.554 kr. frá þeim degi til 22. nóvember 1991, en af 269.471 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 95.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 417/1991. **Ábyrgðadeild fiskeldislána**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Ábyrgð. Afurðalán. Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi fallið frá tveimur málsástæðum sínum í héraði, annars vegar, að stefndi hafi vitað um raunverulega birgðastöðu Faxalax hf. og borið að bíða með útborgun lána til 7. desember 1989, er nýjar birgðaskýrslur lágu fyrir, hins vegar, að sala Faxalax hf. á afurðum, án þess að andvirði þeirra hafi verið greitt inn á veðkröfur, eigi að leiða til sýknu af kröfum stefnda.

II.

Í héraðsdómi er skilmerkilega greint frá málavöxtum. Eins og þar kemur fram, sendi Reykvísk endurtrygging hf. stefnda 18. ágúst 1989 afrit af bréfi sínu til Faxalax hf. 28. júlí sama ár, þar sem fyrirvari var gerður um tryggingar á svokölluðum Bridgestone-kvíum vegna ófullnægjandi festinga þeirra. Björn Sveinsson, starfsmaður stefnda, sem einkum sá um málefni Faxalax hf. í bankanum, skýrði svo frá fyrir dómi, að bréf þetta hefði verið sent stefnda, þar sem

forsvarsmenn Faxalax hf. hefðu farið fram á lán hjá stefnda til að fjármagna endurbætur á festingum kvíanna, og hefði slíkt lán verið veitt. Hins vegar hefði ekki verið litið svo á, að fyrirvari í bréfinu næði til annars en tryggingar á kvíunum sjálfum, og vitneskja um fyrirvara á fiskeldistryggingunni hefði fyrst borist stefnda í janúarbyrjun 1990. Á þessum tíma var í gildi fiskeldistrygging, sem átti að renna út 31. október 1989, en var framlengd til áramóta.

Bjarni G. Bjarnason, sem var einn af forsvarsmönnum Reykvískrar endurtryggingar hf. á þessum tíma, sagði fyrir dómi, að í bréfinu hefði einnig átt að felast fyrirvari um fiskeldistrygginguna, en viðurkenndi, að orðalag hefði verið mjög ónákvæmt og eftir orðanna hljóðan mætti ætla, að einungis væri átt við tryggingu kvíanna sjálfra. Óumdeilt er, að ekkert bréf var sent stefnda þetta varðandi frá 18. ágúst 1989 til 8. janúar 1990, er honum barst afrit bréfs Reykvískrar endurtryggingar hf. til Faxalax hf. 27. desember 1989, þar sem gerð var grein fyrir takmörkun á fiskeldistryggingunni.

Að framangreindu virtu og með hliðsjón af öðru því, sem rakið er í héraðsdómi um þetta, er staðfest sú niðurstaða hans, að ósannað sé, að stefndi hafi 1. desember 1989, þegar sjálfskuldarábyrgð Framkvæmdasjóðs Íslands er veitt, mátt vita, að fiskeldistrygging Faxalax hf. væri ekki í fullu gildi. Þá verður ekki talið, að þögn stefnda um þau atriði, sem fólust í bréfinu frá 18. ágúst 1989 og hann mátti ætla, að eingöngu vörðuðu tryggingu Bridgestone-kvíanna, verði virt honum til sakar, sem leiða eigi til ógildingar sjálfskuldarábyrgðar Framkvæmdasjóðs Íslands. Þykir í því sambandi meðal annars verða að horfa til yfirlýsingar Reykvískrar endurtryggingar hf. 19. október 1989 til Tryggingasjóðs fiskeldislána um fiskeldistryggingu Faxalax hf., án þess að gerð væri þar nokkur grein fyrir takmörkunum eða fyrirvörum. Slík yfirlýsing var skilyrði þess, að sjóðurinn tækist á hendur einfalda ábyrgð gagnvart Framkvæmdasjóði Íslands. Í ljósi þeirrar vitneskju, sem stefndi sannanlega hafði á þessum tíma, verður ekki á öðru byggt en að hann hafi haft ástæðu til að treysta því, að enginn vafi léki á um fyrirvaralaust gildi fiskeldistryggingarinnar.

Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur um annað en málskostnað, en

rétt þykir að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Ábyrgðadeild fiskeldislána, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 1.000.000 króna samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar og
Hjartar Torfasonar

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Verslunarbanki Íslands hf. hafði veitt Laxalóni hf. lán með sjálfsvörsluveði í seiðum þeim, sem Faxalax hf. keypti. Lán bankans til Faxalax hf., sem Framkvæmdasjóður Íslands ábyrgðist með sjálfsvörsluveði að fenginni bakábyrgð frá Tryggingasjóði fiskeldislána, fór að miklum hluta til greiðslu á láni Laxalóns hf. við bankann. Sömu hluthafar voru að félögunum tveimur.

Lögskipti málsaðila fóru að samstarfssamningi Verslunarbankans og Framkvæmdasjóðs vegna sjálfskuldarábyrgða sjóðsins á viðbótarafurðalánum til fiskeldis. Í samningnum segir meðal annars um skyldur bankans: „Bankinn fylgir því eftir, í samræmi við afurðalánasamninga sína, að hinar veðsettu birgðir séu ávallt vátryggðar í samræmi við skilyrði hans, þ. e. með 50% umframskaðatryggingu eða annarri jafngóðri tryggingu.“ Samkvæmt þessu hefur bankinn tekið að sér að hafa eftirlit með því, að tryggingar væru í gildi og bættu það tjón, sem hugsanlega gæti orðið á birgðunum, og var það í eðlilegu samræmi við stöðu hans sem lánveitanda til fiskeldisfyrirtækisins.

Í vátryggingarskírteininu fyrir birgðirnar kemur fram, að þær áttu að vera tryggðar fyrir tjóni, sem er einkennandi fyrir fiskeldi, en einnig fyrir öðru tjóni, eins og því, er verða kynni vegna bilunar á kvíunum. Ómótmælt er, að starfsmenn bankans vissu um athugasemdir tryggingafélagsins vegna festinga kvíanna, þegar þeir veittu

lánið. Þeir máttu vita, að tryggingafélagið myndi takmarka ábyrgð sína, ef festingarnar yrðu ekki lagfærðar, svo sem það gerði með bréfi til Faxalax hf. 27. desember 1989 og tilkynnti bankanum með bréfi 8. janúar 1990. Bankinn mótmælti þessum fyrirvara tryggingafélagsins 18. janúar 1990, sem leiddi til þess, að félagið sagði upp tryggingunni með 15 daga fyrirvara 25. janúar sama ár. Þegar Framkvæmdasjóði barst afrit af uppsögn tryggingarinnar, voru það viðbrögð fyrirsvarsmanna hans að lýsa yfir, að sjóðurinn teldi ábyrgð sína ekki í gildi, og var vísað til ákvæða samstarfssamningsins þar um. Töldu fyrirsvarsmennirnir, að fram væri komið, að vátryggingamál Faxalax hf. hefðu verið í ólestri, þegar sjóðurinn tók á sig ábyrgð á láni Verslunarbankans til fiskeldisfyrirtækisins. Þegar litið er til samstarfssamnings sjóðsins og bankans, verður við það að miða, að bankanum hafi borið að skýra sjóðnum frá ástandi kvíanna og frá athugasemdum tryggingafélagsins. Þá bar bankanum vegna samningsins að halda við tryggingunni eða afla annarrar jafngóðrar, vildi hann halda ábyrgðinni á hendur sjóðnum. Af þessu leiðir, að sýkna ber áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1991.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 6. mars 1991.

Stefnandi málsins er Íslandsbanki hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík.

Stefndi er Ábyrgðadeild fiskeldislána, kt. 530269-1679, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.

Málið var upphaflega höfðað fyrir bæjarþinginu með þingfestingu stefnu á hendur Framkvæmdasjóði Íslands, kt. 560169-1839, Rauðarárstíg 25, Reykjavík, og með stefnu, birtri 11. apríl 1990, á hendur Tryggingasjóði fiskeldislána, kt. 010551-4719, Laugavegi 120, Reykjavík, til réttargæslu.

Einnig var Faxalaxi hf., kt. 620988-1709, Vogum, Vatnsleysuströnd, Gullbringusýslu, stefnt í málinu, en í greinargerð stefnanda, sem lögð var fram við þingfestingu málsins, var fallið frá kröfum á hendur félaginu, þar sem félagið hafði verið úrskurðað gjaldþrota 23. apríl 1990.

Aðild málsins hefur tekið þeim breytingum, að í þinghaldi 23. nóvember 1990 lýsti lögmaður réttargæslustefnda yfir, að Ábyrgðadeild fiskeldislána

tæki við aðild málsins af Tryggingasjóði fiskeldislána og hefði stöðu aðila í málinu. Varð að samkomulagi, að stefnandi beindi nú dómkröfum sínum að Framkvæmdasjóði Íslands og Ábyrgðadeild fiskeldislána in solidum.

Í þinghaldi 25. febrúar 1991 féll stefnandi síðan frá kröfum á hendur stefnda Framkvæmdasjóði Íslands.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að Ábyrgðadeild fiskeldislána verði gert að greiða stefnanda 32.209.092 kr. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 27. febrúar 1990 til greiðsludags [...]. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað [...]. Til vara gerir stefndi þær kröfur, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Hinn 29. júlí 1988 var Faxalax hf. stofnað. Félagið rak sjókvíaeldi á laxi og silungi í Stakksfirði við Voga á Vatnsleysuströnd. Seiðin keypti félagið af Laxalóni hf., en Verslunarbanki Íslands hf. hafði áður veitt Laxalóni hf. afurðalán með sjálfsvörsluveði í seiðunum.

Faxalax hf. keypti fiskeldistryggingu hjá Reykvískri endurtryggingu hf. vegna seiðanna, samanber tryggingarskírteini nr. 8830047 á dómskjali nr. 30, en gildistími hennar var frá 1. nóvember 1988 til 31. október 1989.

Tryggingasjóður fiskeldislána var stofnaður með l. nr. 3/1989 um breytingu á l. nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Samkvæmt 1. gr. laganna var hlutverk hans að tryggja greiðslur afurðalána, sem bankar og sparisjóðir veittu innlendum fiskeldisfyrirtækjum, og tryggja með því, að rekstrar- og afurðalán þessara fyrirtækja gætu numið allt að 75% af verðmæti birgða. Sjóðurinn skyldi hafa sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag, en vera í vörslu og umsjón Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þegar á reyndi, hafi viðskiptabankar og sparisjóðir ekki viljað veita fiskeldisfyrirtækjum frekari afurðalán gegn greiðslutryggingu sjóðsins, þar sem greiðslutryggingin jafngilti aðeins einfaldri ábyrgð og kæmi þessum aðilum ekki að neinu gagni, fyrr en viðkomandi fiskeldisfyrirtæki hefðu verið tekin til gjaldþrotaskipta. Niðurstaða úr viðræðum Framkvæmdasjóðs Íslands, Tryggingasjóðs fiskeldislána, viðskiptabanka og sparisjóða hafi orðið sú, að hinir síðastnefndu myndu veita fiskeldisfyrirtækjum viðbótarafurðalán gegn svokallaðri sjálfskuldarábyrgð Framkvæmdasjóðs Íslands, en Tryggingasjóður fiskeldislána tækist á hendur einfalda ábyrgð á skuldbindingum fiskeldisfyrirtækjanna gagnvart Framkvæmdasjóði Íslands.

Faxalax hf. óskaði eftir afurðaláni hjá Verslunarbanka Íslands hf., sem næmi 75% af verðmæti birgða. Jafnframt lagði félagið fram umsókn um greiðslutryggingu úr Tryggingasjóði fiskeldislána. Sótt var um tryggingu hjá sjóðnum á afurðaláni frá Verslunarbanka Íslands hf., sem næmi 37,5% af verðmæti birgða til viðbótar öðru jafnstóru afurðaláni.

Umsókn þessari fylgdi yfirlýsing Reykvískrar endurtryggingar hf., undirrituð af Hjördísi Hendriksdóttur 19. október 1989. Var þar staðfest, að Faxalax hf. væri með fiskeldistryggingu hjá tryggingafélaginu með svokallaðri 50% umframskaðatryggingu og að tryggingin gilti frá 1. nóvember 1988 til 31. október 1989. Þess var getið, að um trygginguna giltu skildagar 3, 4 og 8 og að yfirlýsingunni fylgdi ljósrit af tryggingarskírteini og skildögum. Þessir skildagar eru hluti af dómskjali nr. 31 og snerta ekki deiluefni aðila. Umsókn Faxalax hf. fylgdi einnig eldisáætlun fyrir nóvember og desember 1989.

Vegna umsóknarinnar skoðaði starfsmaður Tryggingasjóðs fiskeldislána fiskeldisstöð Faxalax hf. 5. nóvember 1989.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki hafi verið um ýtarlega skoðun að ræða og tilgangur hennar hafi í raun aðeins verið sá að átta sig á starfsemi félagsins, staðsetningu stöðvarinnar og koma á tengslum við starfsmenn hennar.

Hinn 22. nóvember 1989 samþykkti stjórn Tryggingasjóðs fiskeldislána greiðslutryggingu sjóðsins fyrir 25% afurðaláni til viðbótar 37,5% afurðaláni til Faxalax hf., báðum frá Verslunarbanka Íslands hf., þannig, að áhvílandi afurðalán næmu að jafnaði ekki nema 62,5% af verðmæti birgða á hverjum tíma samkvæmt mánaðarlegum birgðaskýrslum félagsins. Greiðslutryggingin var veitt með þeim fyrirvara, að Faxalax hf. fengi afurðalánaviðskipti, áður en greiðsluábyrgð sjóðsins yrði gefin út. Ábyrgðaryfirlýsinguna skyldi gefa út vegna nýs afurðalánasamnings með 2. veðrétti í birgðum, og skyldi fjárhæð hans vera allt að 35 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt 22. nóvember 1989.

Nokkur skilyrði voru sett fyrir greiðslutryggingunni, þ. á m., að Verslunarbanki Íslands hf. skyldi innheimta og greiða vegna Faxalax hf. 1,625% iðgjald til sjóðsins, um leið og lánið yrði greitt út, og að félagið afhenti skuldaviðurkenningu vegna áhættugjalds, sem næmi 1,625% af 42 milljónum króna.

Hinn 28. nóvember 1989 gerði Faxalax hf. tvo afurðalánasamninga við Verslunarbanka Íslands hf., annars vegar afurðalánasamning nr. 3970 vegna láns að andvirði allt að SDR (sérstök dráttarréttindi) 218.150, hins vegar afurðalánasamning nr. 3971 vegna láns að andvirði allt að DEM (v-þýsk

mörk) 505.788. Lánin voru í formi reikningslána og lánsfjárhæðin ákvörðuð af birgðum afurða, eldisfisks og rekstrarvöru á hverjum tíma.

Afurðalánin voru tryggð með sjálfsvörsluveði, 2. veðrétti, í fiski, afurðum, andvirði afurða, tryggingabótum, rekstrarvörum o. fl. næst á eftir afurðaláni á 1. veðrétti, að fjárhæð USD 850.000, frá 27. nóvember 1989.

Hinn 1. desember 1989 gaf Framkvæmdasjóður Íslands út svokallaða „yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð á viðbótarláni til fiskeldis" vegna framangreindra viðbótarafurðalána. Tekið var fram, að afurðalán samkvæmt ábyrgðinni skyldi nema 25% af verðmæti birgða samkvæmt mánaðarlegum birgðaskýrslum lántaka. Af hálfu Verslunarbanka Íslands hf. var ritað á yfirlýsinguna, að bankinn tæki að sér að veita Faxalaxi hf. viðbótarafurðalán gegn ábyrgð Framkvæmdasjóðs Íslands, samanber meðfylgjandi samstarfssamning. Samstarfssamningur þessi var undirritaður af hálfu bankans og sjóðsins og hafði að geyma ákvæði um skyldur beggja aðila og vinnureglur um samskipti aðila.

Sama dag tókst Tryggingasjóður fiskeldislána á hendur einfalda ábyrgð á greiðsluskuldbindingum Faxalax hf. gagnvart Framkvæmdasjóði Íslands vegna innlausnar á kröfum samkvæmt ofangreindum viðbótarafurðalánasamningum Faxalax hf. við Verslunarbanka Íslands hf.

Bankinn greiddi síðan Faxalaxi hf. 4. desember 1989 andvirði afurðalánsins á 1. veðrétti, 52.753.488 kr., og viðbótarafurðalánanna, 35.168.393 kr.

Á grundvelli skýrslna frá Reykvískri endurtryggingu hf. fyrir nóvember 1989, sem leiddu í ljós lækkun á vátryggingarverðmæti, krafði bankinn Framkvæmdasjóð Íslands 19. desember 1989 um 3.737.351 kr. til að koma viðbótarafurðalánunum í skil. Greiddi sjóðurinn kröfuna 22. desember 1989. Á grundvelli desemberskýrslna tryggingafélagsins um lækkun á vátryggingarverðmæti frá því í nóvember krafði stefnandi sjóðinn 9. janúar 1990 um 435.432 kr., sem sjóðurinn greiddi ekki.

Sem fyrr segir, tryggði Faxalax hf. eldisfiskinn hjá Reykvískri endurtryggingu hf. og einnig eldiskvíarnar. Tryggingafélagið hafði gagnrýnt festingar á svokölluðum Bridgestone-kvíum. Faxalaxi hf. var sent bréf 28. júlí 1989, undirritað af Bjarna Bjarnasyni, vegna þessa með yfirskriftinni „Bráðabirgðafestingar fyrir Bridgestone-kvíar". Í bréfinu var svohljóðandi athugasemd: „Ef festingar, sem viðurkenndar eru af framleiðanda Bridgestone-kvíanna, hafa ekki verið settar niður og tengdar kvíunum fyrir 1. sept. nk., fellur vátrygging þeirra niður." Tryggingafélagið sendi bankanum afrit af bréfinu 18. ágúst 1989.

Tryggingafélagið sendi Faxalaxi hf. annað bréf, dagsett 2. október 1989, og hjálagt skírteini fyrir vátryggingu á fjórum Bridgestone-kvíum fyrir

tímabilið 29. september 1989 til og með 15. október 1989. Jafnframt er vakin athygli á því, að tjón, sem kynni að verða á fiski í kvíunum eftir 15. október 1989 vegna rifu á nótum, skemmda á kvíum eða ófullnægjandi festinga, væru ekki bótaskyld úr núgildandi fiskeldistryggingu Faxalax hf.

Ekkert kom fram um þessa fyrirvara í yfirlýsingu Reykvískrar endurtryggingar hf. til Tryggingasjóðs fiskeldislána 19. október 1989, og var vátryggingartímabil fiskeldistryggingar Faxalax hf. framlengt frá 1. nóvember 1989 til 31. desember 1989, án þess að nokkuð kæmi þar fram um þessa fyrirvara.

Hinn 27. desember 1989 sendi tryggingafélagið Faxalaxi hf. enn bréf með yfirskriftinni „Fiskeldistrygging". Var þar bent á, að vátrygging á fjórum Bridgestone-kvíum hefði runnið út 5. desember 1989 og þar af leiðandi væri tjón á fiski, sem rekja mætti til rifu á nót, skemmda á kvíum eða ófullnægjandi festinga, ekki bótaskylt úr núgildandi fiskeldistryggingu Faxalax hf.

Verslunarbanki Íslands hf. framseldi Íslandsbanka hf. afurðalánasamningana 31. desember 1989.

Tryggingafélagið sendi stefnanda afrit af síðastnefndu bréfi 8. janúar 1990. Jafnframt sendi tryggingafélagið bankanum bréf, undirritað af Össuri Skarphéðinssyni, þar sem tilkynnt var, að fiskeldistryggingin hefði verið endurnýjuð og gilti frá 1. janúar 1990 til 31. desember 1990 með undanþágum vegna ófullnægjandi bólfæra eldiskvíanna.

Af hálfu stefnanda var fyrirvara tryggingafélagsins mótmælt með bréfi, dagsettu 18. janúar 1990, og í kjölfar þess ritaði það stefnanda tilkynningu 25. janúar 1990 um uppsögn á fiskeldistryggingu Faxalax hf. með 15 daga fyrirvara.

Framkvæmdasjóði barst ljósrit af tilkynningu þessari, og voru viðbrögð sjóðsins þau að rita stefnanda bréf, dagsett 2. febrúar, þar sem fram kom, að upplýst væri, að vátryggingamál Faxalax hf. væru í miklum ólestri og hefðu verið það, þegar sjóðurinn hefði tekist á hendur ábyrgð á viðbótarafurðaláni Faxalax hf. Var vísað til samstarfssamnings bankans og sjóðsins og því lýst yfir, að sjóðurinn liti svo á, að ábyrgð sín á viðbótarafurðaláni Faxalax hf. væri ekki í gildi.

Eftir bréfaskriftir bankans, sjóðsins og Faxalax hf. sagði stefnandi upp öllum viðskiptum við Faxalax hf. 27. febrúar 1990 og gjaldfelldi allar skuldir félagsins við bankann, þar á meðal afurðalánasamninga nr. 3970 og 3971. Staða láns nr. 3970 var þá 16.009.961 kr., en láns nr. 3971 16.199.131 kr., og staða viðbótarafurðalánanna samtals 32.209.092 kr., sem eru stefnufjárhæð málsins.

Málsástæður stefnanda eru þær, að Framkvæmdasjóður Íslands hafi tek-

ist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu viðbótarafurðalána Faxalax hf. hjá Verslunarbanka Íslands hf. Um hafi verið að ræða gildan samning, og þann samning beri stefnda að halda. Stefnandi telur sig á engan hátt hafa brotið gegn skyldum sínum við Framkvæmdasjóð Íslands, löglega hafi verið staðið að stofnun samninga þeirra og ekkert hátterni af hálfu Verslunarbanka Íslands hf. eða stefnanda gefi tilefni til ógildis ábyrgðarinnar.

Stefnandi telur, að Verslunarbanki Íslands hf. hafi ekki haft neina upplýsingaskyldu gagnvart Framkvæmdasjóði Íslands um tryggingarmál Faxalax hf. og að bankinn hafi ekki haft frumkvæði um að afla tryggingа. Áður en til veitingar viðbótarafurðalánanna kom, hafi stjórn Tryggingasjóðs fiskeldislána hins vegar aflað upplýsinga um, hvort Faxalax hf. fullnægði skilyrðum, sem lög og reglur um þann sjóð áskilji fyrir greiðslutryggingu sjóðsins. Samþykki sjóðsins hafi byggst á frjálsu mati hans, og hafi yfirlýsing frá Reykvískri endurtryggingu hf. verið meðal þeirra gagna, sem þá hafi verið aflað. Á grundvelli þeirra upplýsinga og á mati stjórnar Tryggingasjóðs fiskeldislána hafi greiðsluábyrgð Framkvæmdasjóðs Íslands byggst.

Stefnandi kveður Framkvæmdasjóð Íslands og Tryggingasjóð fiskeldislána hafa haft yfirburði gagnvart Verslunarbanka Íslands hf., að því er varðaði tryggingamál vegna faglegrar þekkingar á fiskeldi.

Stefnandi kveður ábyrgð stefnda sérstaklega ríka, þar sem sérstakt áhættugjald hafi verið greitt vegna greiðsluábyrgðarinnar, og að auki séu opinberar ábyrgðir almennt taldar bestu ábyrgðir, sem völ sé á.

Stefnandi byggir á því, að Verslunarbanki Íslands hf. hafi ekki brugðist skyldum sínum samkvæmt samstarfssamningi bankans og Framkvæmdasjóðs Íslands.

Að því er vátryggingar varði, hafi bankanum borið samkvæmt ákvæði B-2 að fylgja því eftir, að veðið væri vátryggt með nánar tilgreindum hætti. Bæði Tryggingasjóður fiskeldislána og bankinn hafi fengið afrit af tryggingaskírteinum vegna fiskeldistryggingar Faxalax hf. hjá Reykvískri endurtryggingu hf., og hafi skilmálar þeirra samrýmst ákvæðum samstarfssamningsins um vátryggingu. Tryggingafélagið hafi fyrst tilkynnt stefnanda um takmörkun á bótaskyldu 8. janúar 1990, og hafi þá af hálfu stefnanda verið komið á fundi með forsvarsmönnum tryggingafélagsins og Faxalax hf. og leitast við að koma á samkomulagi um úrbætur, þannig, að tryggingafélagið félli frá takmörkun á bótaskyldu. Þegar það hafi ekki tekist og fiskeldistryggingunni hafi verið sagt upp, hafi stefnandi sagt upp afurðalánaviðskiptum við Faxalax hf. og gjaldfellt afurðalánin.

Stefnandi kveður, að gert hafi verið ráð fyrir í ákvæði B-4, að í þeim tilvikum, sem skilmálar afurðalánasamninganna yrðu brotnir af hálfu lántaka,

yrði brugðist við slíkum brotum með gjaldfellingu lána, sjóðurinn myndi leysa til sín gjaldfallna kröfu og bankinn annast innheimtu hennar í nafni sjóðsins. Á grundvelli þessa samningsákvæðis m. a. hafi stefnandi tilkynnt sjóðnum skriflega um gjaldfellingu lánanna 27. febrúar 1990 og jafnframt krafist greiðslu úr hendi sjóðsins.

Stefnandi kveðst beina kröfum sínum nú að Ábyrgðadeild fiskeldislána á grundvelli l. nr. 17/1990, samanber l. nr. 120/1990 um breytingu á 2. mgr. 8. gr. laganna. Kröfur stefnanda beinast að stefnda eingöngu vegna yfirtöku á sjálfskuldarábyrgð Framkvæmdasjóðs Íslands.

Við munnlegan flutning var af hálfu stefnda jafnt byggt á málsástæðum, sem fram komu í greinargerðum Framkvæmdasjóðs Íslands, og réttargæslustefnda, Tryggingasjóðs fiskeldislána. Af hálfu stefnanda var því lýst yfir, að ekki væru gerðar athugasemdir við þann málatilbúning.

Stefndi telur, að Verslunarbanki Íslands hf. hafi, áður en viðbótarafurðalánin voru veitt, verið búinn að taka alla þá áhættu, sem bankinn virtist vera að taka, þar sem bankinn hafi þegar átt veð í eldisfiskinum og stór hluti af andvirði afurðalánanna hafi runnið til greiðslu á eldri afurðalánum og öðrum ótryggum kröfum. Stefndi telur, að bankinn hafi þannig verið að tryggja sér ábyrgð sjóðsins á eldri lánum sínum við Faxalax hf. þvert ofan í tilgang l. nr. 3/1989.

Stefndi telur, að yfirlýsing Framkvæmdasjóðs Íslands hafi ekki falið í sér fortakslausa og óskilyrta sjálfskuldarábyrgð, heldur ábyrgð, sem hafi verið háð ákveðnum forsendum og skilyrðum eins og þeim, að Verslunarbanki Íslands hf. brygðist ekki skyldum sínum samkvæmt samstarfssamningnum. Það hafi bankinn hins vegar gert, og sé stefndi laus undan ábyrgðinni þegar af þeirri ástæðu, að forsvarsmenn bankans upplýstu Framkvæmdasjóð Íslands ekki um þær takmarkanir á fiskeldistryggingu, sem bankinn fékk sannanlega vitneskju um með bréfi tryggingafélagsins 8. janúar 1991. Þá telur stefndi, að í raun hafi skilyrðum um vátryggingar í lið B-2 í samstarfssamningnum aldrei verið fullnægt og um það hafi forsvarsmönnum bankans verið eða mátt vera kunnugt. Stefndi telur, að ofangreindar forsendur hafi í raun verið ákvörðunarástæður fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgðarinnar, og þar sem þessar forsendur hafi brostið, sé stefndi ekki bundinn af yfirlýsingu Framkvæmdasjóðs Íslands.

Stefndi telur það sýknuástæðu, að bankanum hafi borið að bíða með að greiða Faxalaxi hf. andvirði viðbótarafurðalánanna þar til 7. desember, þegar nýjar birgðaskýrslur frá Faxalaxi hf. lágu fyrir. Einnig eigi það að leiða til sýknu, að stefnanda hafi átt að vera ljóst, að afurðir Faxalax hf. höfðu verið seldar innan lands og andvirði þeirra ekki skilað til bankans.

Stefndi ber fyrir sig ógildingarákvæði l. nr. 7/1936, sérstaklega 30. gr. Forsvarsmenn bankans hafi beitt Framkvæmdasjóð Íslands svikum, þar sem þeir hafi vitað, að laxar í eldiskvíum væru mun færri en birgðaskýrslur sögðu til um og að fyrirvarar væru á fiskeldistryggingu Faxalax hf., en sviksamlega þagað yfir þessari vitneskju. Einnig hafi Reykvísk endurtrygging hf. tekið þátt í þessum svikum.

Af sömu ástæðum sé óheiðarlegt af hálfu stefnanda að bera fyrir sig sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu Framkvæmdasjóðs Íslands, og því beri að ógilda hana á grundvelli 33. gr. l. nr. 7/1936.

Þá hafi atvik við samningsgerðina verið með þeim hætti, að ósanngjarnt sé, að stefnandi geti borið hana fyrir sig, og því eigi að víkja samningnum til hliðar í heild sinni á grundvelli 36. gr. l. nr. 7/1936.

Forsendur og niðurstaða.

Stofnun og tilgangi Tryggingasjóðs fiskeldislána hefur áður verið lýst. Með l. nr. 17/1990, sem tóku gildi 6. apríl 1990, var ákveðið, að við Ríkisábyrgðasjóð skyldi starfa sérstök deild, Ábyrgðadeild fiskeldislána, sem tæki til starfa ekki síðar en 1. júlí 1990 og tæki við skuldbindingum og eignum Tryggingasjóðs fiskeldislána, sem þar með var lagður niður. Í 5. gr. laganna er ákveði um, að deildinni skuli skipuð fimm manna stjórnarnefnd.

Í 3. gr. l. um Lánasýslu ríkisins nr. 43/1990, er tóku gildi 22. maí 1990, er kveðið á um, að starfsemi hennar skiptist í þrjú meginsvið, þ. á m. ábyrgða- og endurlánamál, en starfrækja skuli Ríkisábyrgðasjóð sem deild við Lánasýslu ríkisins. Í 4. gr. er ákveði um, að Lánasýsla ríkisins taki við öllum eignum og skuldum, kröfum og skuldbindingum Ríkisábyrgðasjóðs samkvæmt lögum nr. 49/1962, eins og þær standi, þegar lögin öðlist gildi.

Sú breyting var gerð á 2. mgr. 8. gr. l. nr. 17/1990 með l. nr. 120/1990, sem tóku gildi 31. desember 1990, að jafnframt því að yfirtaka þær einföldu ábyrgðir, sem Tryggingasjóður fiskeldislána hefði gefið út til handa Framkvæmdasjóði Íslands, skyldi Ábyrgðadeild fiskeldislána yfirtaka sjálfskuldarábyrgðir, sem Framkvæmdasjóður hefði undirgengist gagnvart lánastofnun á grundvelli þeirra.

Ábyrgðadeild fiskeldislána er því deild í Ríkisábyrgðasjóði, sem starfrækt er sem deild við Lánasýslu ríkisins. Af hálfu stefnda hefur verið samþykkt, að dómkröfum málsins sé beint eingöngu að Ábyrgðadeild fiskeldislána og engin mótmæli höfð uppi um fyrirsvar eða aðild.

Stefnandi reisir málsóknina á undirritaðri yfirlýsingu Framkvæmdasjóðs Íslands um sjálfskuldarábyrgð á viðbótarafurðalánum Faxalax hf. hjá Verslunarbanka Íslands hf., en bankinn framseldi stefnanda afurðalánasamning-

ana 31. desember 1989. Stefndi telur sig ekki bundinn af yfirlýsingunni vegna atvika fyrir og eftir undirritun hennar og krefst sýknu.

Árni M. Mathiesen, fyrrverandi framkvæmdastjóri Faxalax hf., bar fyrir dómi, að forráðamönnum bankans hefði ekki verið kunnugt um fyrr en í janúar eða febrúar 1990, að fiskar í eldiskvíum Faxalax hf. hefðu verið færri en fram kom í birgðaskýrslum. Framburður annarra vitna þykir ekki benda til annars.

Gegn mótmælum stefnanda þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að forsvarsmenn bankans hafi haft vitneskju um, að laxar í eldiskvíum Faxalax hf. væru færri en birgðaskýrslur bentu til fyrr en á árinu 1990. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnda, að forsvarsmenn bankans hafi sviksamlega þagað yfir þessu.

Fallast má á með stefnda, að bankinn hafi verið bundinn af samstarfssamningi aðila. Stefndi heldur því fram, að bankinn hafi brotið gegn lið B-2 í samstarfssamningnum.

Í framburði vitna, sem störfuðu hjá Reykvískri endurtryggingu hf. á árinu 1989, kom fram, að athugasemdir hefðu verið gerðar við frágang eldiskvía Faxalax hf. og að af hálfu tryggingafélagsins hefði verið litið svo á, að fyrirvarar væru á fiskeldistryggingunni, þar til úr hefði verið bætt. Björn Sveinsson, sem starfaði sem sérfræðingur á lánasviði í Verslunarbanka Íslands hf., kom fyrir dóm og kvað engan í bankanum hafa vitað um fyrirvara af þessu tagi fyrr en 8. janúar 1990. Efni bréfs frá 28. júlí 1989, sem bankanum var sent afrit af 18. ágúst s. á., má skilja samkvæmt orðum þess á þann hátt, að eingöngu sé átt við fyrirvara um tryggingar á kvíunum sjálfum. Því hefur ekki verið haldið fram í málinu, að tryggingafélagið hafi sent bankanum afrit af bréfi til Faxalax hf. frá 2. október 1989, þar sem fyrirvari um gildi fiskeldistryggingarinnar kom fram.

Tryggingafélagið sendi bankanum hins vegar 8. janúar 1990 afrit af bréfi til Faxalax hf. frá 27. desember 1989, þar sem takmörkun á fiskeldistryggingunni kom fram.

Reykvísk endurtrygging gaf út yfirlýsingu til Tryggingasjóðs fiskeldislána 19. október 1989 án þess að gera neina fyrirvara um takmörkun ábyrgðar og framlengdi síðan gildistíma vátryggingarinnar í tvo mánuði frá 1. nóvember 1989 að telja án slíkra fyrirvara.

Þrátt fyrir það að starfsfólk tryggingafélagsins hafi borið fyrir dómi, að starfsmenn bankans hafi vitað um takmarkanir tryggingafélagsins á bótaábyrgð, verður gegn mótmælum stefnanda og með hliðsjón af þeim bréfum og yfirlýsingum tryggingafélagsins, sem getið er hér að framan, að telja ósannað, að fyrir 1. desember 1989, þegar sjálfskuldarábyrgðin var veitt,

hafi vitneskja starfsmanna bankans um tryggingamál Faxalax hf. verið með þeim hætti, að þeir hafi mátt ætla, að fiskeldistryggingin væri ekki í fullu gildi.

Engin ákvæði eru í samstarfssamningi Framkvæmdasjóðs Íslands og Verslunarbanka Íslands hf. um, að brot bankans gegn samningnum skyldu leiða til þess, að ábyrgð bankans félli niður. Fallast má á með stefnanda, að heimild til niðurfellingar ábyrgðar, eftir að hún hafði verið veitt, hefði þurft að koma skýrt fram í ábyrgðaryfirlýsingunni eða samstarfssamningnum. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á þá málsástæðu stefnda, að hann sé laus undan ábyrgð sinni vegna vitneskju stefnanda um takmarkanir á fiskeldistryggingu Faxalax hf. eftir 1. desember 1989. Verður því hvorki talið, að bankinn hafi brotið gegn lið B-2 í samstarfssamningnum né forsvarsmenn hans leynt Framkvæmdasjóð upplýsingum um tryggingamál Faxalax hf.

Með framburði vitna þykir upplýst, að Framkvæmdasjóður Íslands byggði ákvarðanir um veitingu sjálfskuldarábyrgðarinnar á því, að Tryggingasjóður fiskeldislána hafði lagt blessun sína yfir lánveitinguna og tekist á hendur einfalda ábyrgð gagnvart Framkvæmdasjóði Íslands. Ljóst er, að sjálfstæð könnun á tryggingamálum Faxalax hf. og veðandlaginu var ekki gerð af hálfu Framkvæmdasjóðs Íslands og stjórn Tryggingasjóðs fiskeldislána fékk upplýsingar sínar frá öðrum aðilum en bankanum.

Telja verður, að það hafi verið forsenda bankans jafnt sem Framkvæmdasjóðs Íslands, að fiskeldistrygging Faxalax hf. væri í fullu gildi, og jafnframt, að sjálfskuldarábyrgð sjóðsins hafi verið forsenda fyrir veitingu viðbótarafurðalánanna. Af ofangreindum ástæðum þykir ekki rétt að sýkna stefnda á grundvelli brostinna forsendna.

Af framangreindum ástæðum verður ekki heldur talið óheiðarlegt af hálfu stefnanda að gera kröfur á hendur stefnda á grundvelli sjálfskuldarábyrgðarinnar. Verður því ekki fallist á, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda á grundvelli 33. gr. l. nr. 7/1936.

Þá þykir stefndi ekki hafa fært að því fullnægjandi rök, að grundvöllur sé fyrir að beita 36. gr. l. nr. 7/1936 í máli þessu.

Með framlagningu dómskjals nr. 62, sem ekki hefur verið vefengt af hálfu stefnda, þykir sannað, að af andvirði afurðaláns á 1. veðrétti og viðbótarafurðalána hafi 48.135.875 kr. verið ráðstafað til greiðslu á skuld Faxalax hf. við Laxalón hf. vegna seiðakaupa og að sú fjárhæð hafi runnið til bankans til greiðslu á eldra afurðaláni, einnig, að greiddir hafi verið af andvirði lánanna víxlar, að fjárhæð 6.957.962,50 kr., samþykktir af Faxalaxi hf., en framseldir af Mjólkurfélagi Reykjavíkur. Þá þykja dómskjöl nr. 62 og 70

sýna, að bankinn hafi ráðstafað 2.500.154 kr. af lánsfjárhæðinni vegna ábyrgðaryfirlýsingar bankans gagnvart Laxalóni hf.

Stefndi þykir ekki hafa sýnt fram á, að framangreindar víxilskuldir hafi ekki verið nægjanlega tryggðar. Þar sem andvirði afurðaláns bankans á 1. veðrétti var 52.753.488 kr., en samtala eldra afurðalánsins og greiðslu vegna ábyrgðaryfirlýsingar bankans fyrir Laxalón hf. var aðeins 50.636.029 kr., verður að telja, að áhætta bankans hafi aukist við veitingu viðbótarafurðalánanna til Faxalax hf. Þá kom fram í skýrslu Álfheiðar Ingadóttur, sem var formaður stjórnar Tryggingasjóðs fiskeldislána, að vitað hafi verið, að hluti af andvirði afurðalánsins myndi renna til greiðslu á skuld við Laxalón hf. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnda, að bankinn hafi þegar verið búinn að taka þá áhættu, sem ábyrgð Framkvæmdasjóðs Íslands átti að tryggja, og veiting sjálfskuldarábyrgðarinnar hafi þar með brotið gegn tilgangi l. nr. 3/1989.

Leitt hefur verið í ljós, að Faxalax hf. seldi afurðir, áður en félagið varð gjaldþrota, og án þess að andvirðinu væri skilað til Verslunarbanka Íslands hf. til greiðslu á afurðalánum. Með vísan til yfirlits yfir fisksölur Faxalax hf. í nóvember og desember 1989 á dómskjali nr. 72 þykir stefnda ekki hafa tekist að hnekkja þeirri fullyrðingu stefnanda, að andvirði seldra afurða innan lands hefði ekki hrokkið til að greiða þann hluta afurðalánsins á 1. veðrétti, sem þegar var gjaldfallinn vegna minnkandi birgða. Þar sem stefndi hefur ekki sýnt fram á, að ráðstöfun andvirðis þessara afurða hafi haft áhrif á skuldbindingar hans gagnvart bankanum, verður ekki á þessa málsástæðu fallist.

Þá þykir það ekki hafa áhrif á gildi sjálfskuldarábyrgðarinnar, að lánið var afgreitt til Faxalax hf. 4. desember 1989. Telja verður, að stefndi hefði getað beðið með útgáfu sjálfskuldarábyrgðarinnar, þar til ný eldisáætlun yrði lögð fram, ef það var ákvörðunarástæða sjóðsins, að fjárhæð lánsins byggðist á nýrri eldisáætlun. Stefndi þykir ekki hafa sýnt fram á, að bankanum hafi borið að bíða með lánveitinguna, enda engir fyrirvarar gerðir um slíkt í samstarfssamningi eða sjálfskuldarábyrgð, sem gefin var út 1. desember 1989.

Með vísan til ofanritaðs þykir stefnda ekki hafa tekist að sýna fram á neitt það, sem leyst geti hann undan sjálfskuldarábyrgð þeirri, sem Framkvæmdasjóður Íslands hf. tókst á hendur gagnvart Verslunarbanka Íslands, og þar sem stefndi hefur ekki mótmælt stefnukröfunum tölulega, ber að taka allar kröfur stefnanda til greina. Dráttarvextir reiknast eins og greinir í dómsorði, en stefndi hefur ekki mótmælt upphafstíma dráttarvaxtakröfu. Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 1.500.000 kr. í

málskostnað, og er þá tekið tillit til lagaákvæða um skyldu til að innheimta virðisaukaskatt af lögmannsþóknun, en stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur.

Sigurður T. Magnússon, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ábyrgðadeild fiskeldislána, greiði stefnanda, Íslandsbanka hf., 32.209.092 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 27. febrúar 1990 til greiðsludags og 1.500.000 kr. í málskostnað. Málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppkvaðningu og til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 324/1991. **Þrotabú Lindalax hf.**
(Ástráður Haraldsson hdl.)
gegn
Sæmundi Þórðarsyni
Anne May Sæmundsdóttur
Þórði John Sæmundssyni
Siv E. Sæmundsdóttur
Geirlaugu Þorvaldsdóttur
Katrínu Þorvaldsdóttur og
Skúla Þorvaldssyni
in solidum persónulega og
f. h. Vatnsleysu sf.
og Laxalind hf. til réttargæslu
(Helgi Jóhannesson hdl.)

Gjaldþrot. Riftun. Hlutafélag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1991. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að rift verði með dómi samningi, dagsettum 10. maí 1989, milli Vatnsleysu sf. og Lindalax hf. um kaup á hlutabréfum Vatnsleysu sf. í Lindalaxi hf. og breytingar á leigugjaldi um land vegna laxeldisstöðvar Lindalax hf., sbr. samning, dagsettan 23. október 1987.

2. Að rift verði með dómi greiðslu Lindalax hf. til stefndu á 4.348.176,00, kr., sem innt var af hendi 4. júlí 1989.

3. Að stefndu verði dæmd til að greiða áfrýjanda 4.348.176,00 kr. með dráttarvöxtum skv. vaxtalögum nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1989 til greiðsludags.“ Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Á hendur réttargæslustefnda, Laxalind hf., eru ekki gerðar kröfur.

Stefndu gera kröfur um, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim greiddur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Ágreiningur málsaðila, eins og þeir lýsa honum fyrir Hæstarétti, varðar það, hvort samningur 10. maí 1989 um kaup Lindalax hf. á hlutabréfum Vatnsleysu sf. í hlutafélaginu og breytingar á leigusamningi frá 23. október 1987 um lands- og veituréttindi vegna laxeldisstöðvar félagsins sé riftanlegur samkvæmt ákvæðum gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem í gildi voru á þessum tíma. Kröfur áfrýjanda eru því óbreyttar frá héraðsdómsstefnu, og hefur hann fallið frá þeirri rýmkun krafnanna, sem hann gerði við munnlegan flutning málsins í héraði.

Kröfu sína um riftun samningsins byggir áfrýjandi á því, að samningurinn frá 10. maí 1989 hafi aldrei komist til framkvæmda og ekki verið unnt að efna hann að svo miklum hluta, að hann sé bindandi fyrir þrotabúið. Verði talið, að bindandi samningur hafi komist á, heldur áfrýjandi því fram, að Lindalax hf. hafi afsalað stefndu svo verulegum fjárhagslegum hagsmunum, án þess að nokkur raunverulegt verðmæti hafi fyrir komið, að um dulbúinn gjafagerning hafi verið að ræða, sem sé riftanlegur samkvæmt 51. gr. laga nr. 6/1978. Loks heldur áfrýjandi því fram, að með sölu hlutabréfanna og breytingu leigugreiðslna samkvæmt samningnum hafi stefndu með ótilhlýðilegum hætti verið afhent verðmæti á kostnað annarra kröfuhafa. Megi því samkvæmt 61. gr. laga nr. 6/1978 rifta gerningnum, en stefndu hafi við gerð samningsins vitað eða mátt vita, að félagið átti ekki fyrir skuldum.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi hvorki byggt kröfur sínar á 54. gr. laga nr. 6/1978 né 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. lög nr. 11/1986, svo sem hann gerði í héraði.

II.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Svo sem þar greinir var Lindalax hf. stofnað 17. janúar 1986 og samningur gerður milli hluthafa 8. júlí 1987, þar sem kveðið var á um skipulag og starfsemi félagsins. Var þar við það miðað, að norska fyrirtækið Seafood Development A/S yrði eigandi að 49% hlutafjár og stefndu samanlagt að 48%, en 3% yrðu í höndum annars innlends aðila. Var hlutafjárframlag stefndu innt af hendi með framsali á lands- og veituréttindum fyrir laxeldisstöð félagsins, en norski hluthafinn tók á sig víðtækar skyldur um öflun fjármagns til félagsins, meðal annars með víkjandi lán-

um, sem myndu ekki raska atkvæðisrétti í félaginu. Áskilið var í samningnum, að aukinn meiri hluta atkvæða þyrfti til allra meiri háttar ákvarðana í félaginu, þar á meðal til kaupa á atvinnustarfsemi og til verulegra fjárfestinga og breytinga á eigin fé.

Því er lýst í héraðsdómi, að ósætti varð milli stefndu og hins norska hluthafa haustið 1988, meðal annars um yfirtöku félagsins á eignum Fjallalax hf. Ósætti þetta leiddi til þess, að norski hluthafinn gerði stefndu tilboð þá um haustið um yfirtöku á hlutafé þeirra og að samningssamband þeirra yrði eftirleiðis aðeins um leigu á landi og veituréttindum. Stefndu tóku strax þessu tilboði, en ekki varð af endanlegri samningsgerð fyrr en 10. maí 1989. Með henni var skýrt kveðið á um, hvernig afsali á hlutafé stefndu og réttindum félagsins í landi þeirra yrði háttað. Jafnframt var tekið fram, að fyrrnefndur hluthafasamningur væri úr gildi fallinn. Þótt Lindalax hf. hefði ekki efnt samninginn að fullu af sinni hálfu, þegar félagið varð gjaldþrota í desember 1989, voru samningsaðilar bundnir af ákvæðum hans.

Fram er komið, að Draupnir hf. gerðist hluthafi í Lindalaxi hf. haustið 1988 fyrir 15.298.322 krónur og Den norske Creditbank lagði til félagsins 51% af 75.000.000 króna, þ. e. rúmlega 38.000.000 krónur í júlí 1989, og fékk með því ráðstöfunarrétt yfir fyrrum hlutafjáreign stefndu. Hvorugt bendir til, að hlutafjáreign stefndu hafi verið talin verðlaus fyrri hluta árs 1989, og verður að telja, að áfrýjandi hafi ekki sýnt fram á, að jafna megi samningnum 10. maí 1989 við gjafagerning í skilningi 51. gr. laga nr. 6/1978.

Fyrrum stjórnarformaður Lindalax hf. bar fyrir dómi, að samningurinn hefði leitt til þess, að veittar voru til félagsins alls 75.000.000 krónur í hlutafé. Den norske Creditbank hafi lagt fram um 38.000.000 krónur, svo sem segir hér að framan, og afgangurinn hafi fengist frá Seafood Development A/S, norska hluthafanum. Samningurinn hafi verið forsenda þess, að fé þetta fékkst. Til að tryggja það hafi orðið að inna af hendi greiðsluna 4. júlí 1989, að fjárhæð 4.348.176 krónur, vegna gjaldfallinnar leigu samkvæmt samningnum. Hlutafé stefndu var aftur á móti talið að verðmæti rúmlega 47.000.000 króna, en félagið mátti dreifa greiðslum á eftirstöðvum á 22 ára tímabil. Af þessu leiðir, að ætla verður, að samningurinn hafi verið gerður með endurskipulagningu félagsins í huga og að ráðamönnum félagsins hafi þótt hann hagstæður á þeim tíma,

sem hann var gerður. Þá er þess að gæta, að hér var um að ræða fyrirtæki, sem verið var að koma á rekspöl. Í skýrslu fyrrum framkvæmdastjóra félagsins fyrir skiptarétti í desember 1989 skýrði hann svo frá, að það hefði ekki verið fyrr en eftir þetta, eða í júlí 1989, sem þeim hefði mátt vera ljóst, að líklega stefndi í gjaldþrot. Þá hefði komið í ljós, að ekkert yrði af kaupum þýskra og svissneskra aðila á hlutafé, aðallega á hlutabréfum stefndu, og svo hefði fiskurinn í stöðinni brugðist. Það áfall hefði kostað félagið nálægt 50 milljónum króna.

Þegar ofangreint er haft í huga, verður ekki talið, að ráðstöfun ráðamanna félagsins hafi verið ótilhlýðileg eða til þess fallin, að minna yrði til ráðstöfunar til kröfuhafa, ef til gjaldþrots kæmi. Þá er ekki í ljós leitt, að stefndu hafi í maí 1989 mátt sjá fyrir gjaldþrot félagsins síðari hluta ársins. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, þrotabú Lindalax hf., greiði stefndu, Sæmundi Þórðarsyni, Anne May Sæmundsdóttur, Þórði John Sæmundssyni, Siv E. Sæmundsdóttur, Geirlaugu Þorvaldsdóttur, Katrínu Þorvaldsdóttur og Skúla Þorvaldssyni, sameiginlega og fyrir hönd Vatnsleysu sf. 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 2. maí 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 2. maí, er á aukadómþingi Gullbringusýslu, sem háð er í dómsal embættis bæjarfógetans í Hafnarfirði að Strandgötu 31, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur þessi í málinu nr. 612/1990 af Margréti Heinreksdóttur, sem skipuð var 22. nóvember 1990 skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 til þess að fara með mál þetta og dæma.

Málið, sem dómtekið var 2. apríl sl., hafa höfðað fyrir hönd þrotabús Lindalax hf., kt. 630586-1279, við Vatnsleysuvík, Vatnsleysustrandarhreppi, skiptastjórar búsins, Ingi H. Sigurðsson hdl., kt. 310553-7199, Vatnsnesvegi 15, Keflavík, og Jón G. Briem, kt. 291048-3339, Hafnargötu 35, Keflavík, gegn Sæmundi Þórðarsyni, kt. 270927-5139, Anne May Sæmundsdóttur, kt.

121259-6939, og Þórði John Sæmundssyni, kt. 060565-5709, til heimilis að Stóru-Vatnsleysu, Vatnsleysustrandarhreppi, Siv E. Sæmundsdóttur, kt. 020760-6999, Rekagranda 10, Reykjavík, Geirlaugu Þorvaldsdóttur, kt. 131239-4679, Eskihlíð 21, Reykjavík, Katrínu Þorvaldsdóttur, kt. 010255-6199, Háuhlíð 12, Reykjavík, og Skúla Þorvaldssyni, kt. 070341-3799, Espigerði 12, Reykjavík, in solidum persónulega og fyrir hönd óskráðs sameignarfélags þeirra, Vatnsleysu sf., Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu.

Dómkröfur.

Stefnukröfur voru, að stefndu yrðu dæmd til að þola riftun á samningi, dagsettum 10. maí 1989, milli Vatnsleysu sf. og Lindalax hf. um kaup á hlutabréfum stefndu í Lindalaxi hf. og breytingu á leigugjaldi fyrir land undir laxeldisstöð stefnanda samkvæmt samningi aðila, dagsettum 23. október 1987. Þess var einnig krafist, að stefndu yrðu dæmd til að endurgreiða stefnanda 4.348.176 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1989 til greiðsludags.

Enn fremur var þess krafist, að stefndu greiddu stefnanda málskostnað [...].

Til réttargæslu var stefnt Laxalind hf., kt. 631089-1009, Háaleitisbraut 58, Reykjavík, sem með kaupsamningi, dagsettum 22. febrúar 1990, varð eigandi laxeldisstöðvar þrotabús Lindalax hf. „ásamt lóðarleiguréttindum og öðrum þeim réttindum, sem felast í samningi, dags. 23. 10. 1987“, að því er sagði í stefnu.

Engar kröfur voru gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Fljótlega eftir framlagningu greinargerða í málinu varð að samkomulagi milli skiptastjóra þrotabúsins og skiptaráðanda þess annars vegar og stjórnarformanns Laxalindar hf., Ásgeirs Thoroddsens hdl., hins vegar, að hann færi með og flytti málið fyrir hönd stefnanda, þar sem annar skiptastjóranna, Jón G. Briem hdl., sem hugðist flytja málið fyrir hönd þrotabúsins, hafði þá hafið störf á nýjum vettvangi og látið af skiptastjórn þess.

Við munnlegan málflutning var kröfugerð sett fram með nokkuð öðrum hætti en í stefnu. Þess var þá krafist í fyrsta lagi, að endurgreiddar yrðu 4.348.176 kr. auk dráttarvaxta, eins og segði í stefnu, í öðru lagi, að viðurkennt yrði, að búið væri ekki og hefði aldrei verið bundið af samningi, dags. 10. 5. 1989, og hið sama ætti við um viljayfirlýsingar, dags. 23. og 24. nóvember 1988 og 13. febrúar 1989, þannig, að viðurkennt yrði, að upphaflegur samningur aðila um afnot af landi í jörðum Minni- og Stóru-Vatnsleysu teldist í fullu gildi. Yrði hins vegar fallist á, að einhvers konar nýr samning-

ur hefði komist á 24. nóvember 1988 eða síðar, væri heimilt að rifta slíkum samningi.

Af hálfu stefndu var mótmælt þeirri útvíkkun kröfunnar, sem þau töldu þarna koma fram, og krafist frávísunar hennar með vísan til 113. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður [...].

Sáttatilraunir báru ekki árangur.

Málavextir.

1. Lífsferill Lindalax hf.

Hinn 17. janúar 1986 var undirritaður samningur um stofnun hlutafélagsins Lindalax, sem eiga skyldi heimili og varnarþing í Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu, og hafa þann tilgang að reka fiskeldi og fiskirækt, innflutning, útflutning og aðra skylda starfsemi, þ. m. t. lánastarfsemi og rekstur fasteigna. Stofnfé félagsins var ákveðið 300.000 kr., – þrjú hundruð þúsund krónur, – en heimilt skyldi að auka hlutafé í allt að 300.000.000 kr. – þrjú hundruð milljónir króna.

Hinn 8. júlí 1987 var undirritaður hluthafasamningur (aksjonæravtale), og voru hluthafar samkvæmt honum: Seafood Development A/S (49% hlutafjár), stefndu sem eigendur Minni- og Stóru-Vatnsleysu (48% hlutafjár) og Fisktækni hf. / Árni Gíslason og Eiríkur Tómasson (3% hlutafjár). Haustið 1988 gerðist Draupnissjóðurinn einnig hluthafi. Samkvæmt samningi þessum var gert ráð fyrir, að fiskeldisstöðin yrði reist í þremur áföngum. Aðeins hinn fyrsti hefur verið byggður.

Hinn 17. júní 1988 hófst rekstur með seiðasleppingum í stöðina.

Hinn 6. desember 1988 stofnuðu stefndu sameignarfélagið Vatnsleysu og óskuðu eftir því, að það yrði skráð eigandi að Lindalaxi hf. í þeirra stað.

Hinn 27. september 1989 var Lindalaxi hf. veitt heimild til greiðslustöðvunar.

Hinn 12. desember sama ár var kveðinn upp úrskurður um, að bú Lindalax hf. skyldi tekið til gjaldþrotaskipta.

2. Leigusamningar.

Hinn 23. maí 1986 var gert samkomulag milli eigenda Stóru- og Minni-Vatnsleysu og Lindalax hf. um leigu á landi í Vatnsleysuvík og fleira. Samkomulag þetta var undirritað f. h. eigenda Stóru-Vatnsleysu af Sæmundi Þórðarsyni og f. h. eigenda Minni-Vatnsleysu af Þorvaldi Guðmundssyni. F. h. Lindalax hf. undirritaði stjórnarformaðurinn, Eiríkur Tómasson hrl.

Kveðið var á um leigu á eftirfarandi:

1. Lóð undir fyrirhugaða fiskeldisstöð, þar sem ráðgert var, að framleidd yrðu árlega 4000, – fjögur þúsund, – tonn af laxi í eldiskerum á landi miðað við 25–30 kg/m^3 þéttleika í kerum og 3.000.000 – þrjár milljónir – laxaseiða.

2. Landi undir mannvirki tengd fiskeldisstöðinni, þ. á m. undir leiðslur, vegi og þ. h.

3. Aðstöðu til þess að afla og nýta jarðvarma á háhitasvæðinu við Tröllladyngju svo og að afla og nýta kalt vatn í Vatnsleysulandi.

Gert var ráð fyrir 25 ára leigutíma með forleigurétti að þeim tíma liðnum. Leiga skyldi nema jafnvirði NOK 28.000.000, – tuttugu og átta milljóna norskra króna, – og greiðast fyrir fram eftir nánara samkomulagi samningsaðila með útgáfu á hlutabréfum í Lindalaxi hf. til handa leigusölum. Tiltekið var, að ýtarlegan leigusamning skyldi gera eigi síðar en 1. júlí 1986, en það dróst til 23. október 1987, að gerðir voru tveir aðskildir leigusamningar, sem frammi liggja í málinu. Þar var, þegar til kom, kveðið á um, að leiga skyldi vera nokkru lægri, samtals 25.000.000 norskra króna, og skiptast svo: NOK 1.000.000 fyrir landið og fyrir vatns- , sjávar- og varmaréttindi sem hér segir: Fyrir 1. áfanga NOK 6.000.000, fyrir 2. áfanga NOK 9.000.000 og fyrir 3. áfanga NOK 9.000.000.

3. Samningar um útgöngu landeigenda úr Lindalaxi hf.

Hinn 23. nóvember 1988 undirrituðu fulltrúar Seafood Development A/S og Sæmundur Þórðarson samkomulag, sem nefnt var „Intensionsavtale", – „förelöbig avtale", – þar sem Seafood Development A/S skuldbatt sig til að kaupa helming hlutafjáreignar Sæmundar og fjölskyldu hans í Lindalaxi hf. Þau skilyrði voru þar sett, að Seafood Development A/S næði samningum um kaup á hlutafjáreign annarra hluthafa á Íslandi og að ákvæði íslenskra laga um meirihlutaeign hlutafjár yrðu ekki brotin. Var gert ráð fyrir, að Seafood Development A/S hefði tíu daga til að uppfylla þau skilyrði.

Hinn 24. nóvember 1988, þ. e. daginn eftir, undirrituðu fulltrúar stefndu og annarra eigenda Lindalax hf. svokallað „Tilbud om intensionsavtale", sem ástæða þykir til að taka hér orðrétt:

„Intensionsavtale mellem Sæmundur Þordarson med familie, Þorvaldur Guðmundsson med familie, Lindalax hf. og Seafood Development A/S.

1. Partene har besluttet at samarbeidet i Lindalax skal opphöre ved at grunneierne trekker seg som aksjonærer og begrenser sin deltakelse til et rent leieforhold.

2. Leieavtalen justeres paa följende punkter:

a. Det betales NOK 500.000 i leje pr. aar, basert paa modul 1, NOK 750.000 pr. aar, basert paa modul 1 og 2, NOK 1.000.000 pr. aar, basert paa modul 1, 2 og 3.

b. Forhaandsleje for 5 aar, NOK 2.500.000, betales naa.

3. Ved innförelse av punkt 2 b overleveres samtlige aksjer som eies av grunneierne til Lindalax hf. Grunneiernes rettigheter og plikter som aksjonær opphörer samtidig. Deres plasser i Lindalax hf. skal stilles til disposisjon ved skriftlig melding.

4. Grunneierne uttrer av aksjonæravtalen ved overlevering av aksjene.

5. Det forutsettes at intensionsavtale med Sæmundur Þordarson med familie, inngaatt 23. 11. 1988, opphörer ved gjennemföring av denne avtale.

6. Denne avtale er avhængig av godkjennelse av Seafood Development A/S styre og Lindalax Hf.s bankforbindelser.

7. Grunneierne faar frist til kl. 22.00 24. 11. 1988 til skriftlig aa godta dette tilbudet.

(Tilföjelse fra Grundejere). Dette tilbudet gjelder saafremmt det er eneforsaende med grundlejeavtalen fra 23/10 1987 mellem grundejere og Lindalax H/f.

Reykjavík 24. 11. 1988. ..sign."

Á stjórnarfundi sama dag var stjórnarformanni Lindalax falin framkvæmd samningsins, en hún dróst, þegar til kom, á langinn.

Hinn 13. febrúar 1989 var því undirrituð svokölluð „Viljayfirlýsing", þar sem segir: „Vatnsleysa sf., félag landeigenda Stóru- og Minni-Vatnsleysu, Vatnsleysustrandarhreppi, og Lindalax hf. lýsa yfir eftirfarandi:

1) Vatnsleysa sf. er reiðubúið að selja og Lindalax hf. að kaupa hlutafé landeigenda í Lindalaxi hf. samkvæmt kaupsamningi, sem gerður skal innan tveggja vikna frá deginum í dag að telja. Við undirskrift samningsins ganga fulltrúar landeigenda í stjórn Lindalax hf. úr stjórninni.

2) Leigusamningi á milli landeigenda og Lindalax hf. skal breytt í samræmi við breytingu á eignaraðild samkvæmt 1. lið svo og í samræmi við viðræður aðila um mögulegar breytingar á samningnum."

Hinn 10. maí 1989 var loks undirritaður endanlegur samningur milli Lindalax hf. og eigenda Vatnsleysu sf. um, að Lindalax hf. keypti hlutabréf Vatnsleysu sf. í hlutafélaginu.

Ástæða þykir til að skrá hann hér í heild.

„Vatnsleysa sf., félag landeigenda Stóru- og Minni-Vatnsleysu, Vatnsleysustrandarhreppi, og Lindalax hf., Vatnsleysustrandarhreppi, gera með sér svohljóðandi

samning:

1. grein.

Í samræmi við viljayfirlýsingu beggja aðila, sem undirrituð var 13. febrúar 1989, er Vatnsleysa sf. reiðubúið að selja og Lindalax hf. að kaupa hlutafé landeigenda í Lindalaxi hf.

Aðilar eru sammála um, að ákjósanlegast sé, að þetta gerist með þeim hætti, að landeigendur framselji Lindalaxi hf. hlutafé sitt í félaginu gegn því, að félagið greiði þeim leigu fyrir réttindi samkvæmt samningi aðila, sem undirritaður var 23. október 1987, frá upphafi, þ. e. frá og með 1. október 1987 að telja. Til þess að þetta sé unnt, verður Lindalax hf. helst að tryggja gagnvart viðskiptabönkum félagsins, að nýr hluthafi eða hluthafar í félaginu séu reiðubúnir til þess að greiða andvirði hlutafjár landeigenda, 47.099.845 kr., í reiðufé til félagsins til viðbótar nýju hlutafé, sem nauðsynlegt er til þess að halda rekstri félagsins gangandi.

Aðilar eru sammála um, að Lindalax hf. fái frest í allt að eitt ár, þ. e. til 10. maí 1990, til þess að útvega nýja hluthafa, einn eða fleiri, svo að unnt sé að fara þá leið, sem að ofan greinir.

2. grein.

Takist Lindalaxi hf. ekki að útvega nýja hluthafa með þeim hætti, sem greinir í 1. grein, eru aðilar engu að síður sammála um, að landeigendur framselji Lindalaxi hf. hlutafé sitt í félaginu í síðasta lagi 10. maí 1990. Skoðast greiðsla samkvæmt 5. grein, 4.348.176 kr., sem hluti af greiðslu fyrir hlutaféð, en eftirstöðvarnar, 42.751.669 kr., skulu greiddar með skuldabréfi, er greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á tuttugu og tveimur árum, í fyrsta sinn 10. maí 1990. Skuldabréf þetta verði verðtryggt miðað við verðlag eða gengi í maímánuði 1989 samkvæmt nánara samkomulagi aðila. Skuldabréfið verði gefið út af nýjum hluthafa eða hluthöfum í félaginu.

3. grein.

Aðilar eru sammála um það, hvor leiðin sem farin verður, sbr. 1. og 2. grein, að leigugreiðslur Lindalax hf. til landeigenda samkvæmt samningi þeim, sem undirritaður var 23. október 1987, ásamt endurgjaldi fyrir vatn, sjó og jarðvarma samkvæmt samkomulagi, sem undirritað var sama dag, skuli hækka í áföngum og verða sem hér segir:

1) Frá 1. október 1987 til 30. september 1989 samtals jafnvirði NOK 280.000 á ári.

2) Frá 1. október 1989 til 30. september 1991 samtals jafnvirði NOK 560.000 á ári.

3) Frá 1. október 1991 samtals jafnvirði NOK 1.000.000 á ári.

Hækkun þessi er óháð því, hvort og þá hvenær fiskeldisstöðin verður stækkuð frá því, sem nú er.

Verði sú leið farin, sem greind er í 1. grein, greiðist leiga fyrir fyrsta tveggja ára tímabilið við undirskrift samnings þessa, sbr. 5. grein, og skoðist þá engin frekari leiga greidd fyrir fram til landeigenda. Verði sú leið farin, sem greind er í 2. grein, telst jafnvirði NOK 7.000.000 greitt fyrir fram sem

leiga, þ. e. jafnvirði NOK 280.000 á ári, og skal sú fjárhæð dregin frá fjárhæðum samkvæmt 1.–3. tölulið. Að öðru leyti eru aðilar sammála um, að leigugjald skuli innt af hendi eftir á, 1. október ár hvert, í fyrsta sinn 1. október 1990.

4. grein.

Aðilar eru sammála um, að eftirgreindar breytingar skuli gerðar á samningnum, sem undirritaður var 23. október 1987:

1) Lóð sú, sem greind er í 1. grein samningsins, verði afmörkuð í samræmi við ákvæði samningsins.

2) 2. málsgrein 5. greinar samningsins falli niður.

3) 2. málsgrein 13. greinar samningsins falli niður.

5. grein.

Við undirskrift samnings þessa skal Lindalax hf. greiða Vatnsleysu sf. jafnvirði NOK 560.000, – eða 4.348.176 kr., sbr 2. og 5. grein. Jafnskjótt og Lindalax hf. tilkynnir Vatnsleysu sf., að félaginu hafi tekist að útvega hluthafa í samræmi við 1. grein, telst Lindalax hf. eigandi þess hlutafjár, sem landeigendur eiga nú í félaginu. Að öðrum kosti verður Lindalax hf. sjálfkrafa eigandi þessa hlutafjár með útgáfu skuldabréfs þess, sem greinir í 2. grein.

6. grein.

Samkomulag er um það á milli aðila, að frá og með undirskrift samnings þessa hverfi núverandi fulltrúar landeigenda úr stjórn Lindalax hf. og jafnframt falli niður öll ábyrgð og allar skuldbindingar þeirra sem stjórnarmanna í félaginu. Á meðan landeigendur eru enn eigendur hlutafjár í félaginu, eiga þeir rétt á að tilnefna einn fulltrúa sinn í stjórn félagsins með fullum réttindum, er gæti hagsmuna þeirra gagnvart félaginu.

7. grein.

Við undirskrift samnings þessa fellur niður hluthafasamkomulag það, sem hluthafar í Lindalaxi hf. undirrituðu 8. júlí 1987, ásamt viðaukum."

Reykjavík, 20. maí 1989.

.....sign".

Samkvæmt ljósriti kvittunar, sem liggur með gögnum málsins, var greiðsla skv. 5. grein innt af hendi hinn 04.07.1989 með ísl. kr. 4.348.176.–

4. Aðdragandinn.

Samkvæmt greinargerð lögmanns stefndu, framburði tveggja hinna stefndu, Sæmundar Þórðarsonar og Geirlaugar Þorvaldsdóttur, og vitnisburði Eiríks Tómassonar hrl., fv. stjórnarformanns Lindalax hf., og Sigurðar Pálssonar, lögg. endurskoðanda fyrirtækisins, er samkomulagið frá 24. nóv.

1988 og það, sem eftir fylgdi, að rekja til ágreinings milli landeigenda, þ. e. stefndu, og hinna norsku hluthafa Lindalax hf., þ. e. ftr. Seafood Development, um ýmis mál. Upplýst er, að harðast hafi verið deilt um það undir haust 1988, hvort kaupa skyldi seiði af seiðaframleiðslustöðinni Fjallalaxi hf. á Hallkelsstöðum í Grímsnesi og hvort kaupa skyldi það fyrirtæki, er það er komið „að fótum fram", svo að notað sé orðalag fv. stjórnarformanns Lindalax hf. Enn fremur höfðu fulltrúar landeigenda gagnrýnt kostnaðarreikninga frá Seafood Development A/S, en samkvæmt hluthafasamningnum skyldu þeir metnir sem framlag norska fyrirtækisins til greiðslu hlutafjár í Lindalaxi hf.

Þessum ágreiningi lyktaði með því, að fulltrúar norska fyrirtækisins buðust til að kaupa landeigendur út úr hlutafélaginu. Liggja fyrir í gögnum málsins þau tvö handskrifuðu skjöl þar um, – þ. e. „Intensionsavtale", dags. 23. nóv. 1988, og „Tilbud om intensionsavtale", dags. 24. nóv. 1988, sem getið er hér að framan, en hið síðara leysti af hið fyrra, svo sem fram kemur í 5. lið norska textans.

Þegar hið síðara var fram sett, var landeigendum gefinn frestur til kl. 22.00 sama dag til að samþykkja tilboðið. Þeir gerðu það, og er skjal þetta undirritað af fulltrúum þeirra, norska fyrirtækisins og þáverandi stjórnarformanni.

5. Framburður aðila og vitna.

Fyrir rétti gáfu skýrslur stefndu Guðlaug Þorvaldsdóttir og Sæmundur Þórðarson og vitnin Eiríkur Tómasson hrl., fyrrverandi stjórnarformaður Lindalax hf., Sigurður H. Pálsson, löggiltur endurskoðandi félagsins, og Guðjón Eyjólfsson viðskiptafræðingur.

Verða nú rakin helstu atriði úr framburði þeirra.

Vitnið Eiríkur Tómasson:

Samkvæmt vitnisburði fyrrverandi stjórnarformanns, Eiríks Tómassonar hrl., reis umræddur ágreiningur haustið 1988. Hann bar, að landeigendur hefðu verið þeirrar skoðunar, að ekki væri heilladrjúgt fyrir félagið að yfirtaka seiðastöð Fjallalax. Norsku hluthafarnir í Lindalaxi hf., sem einnig hafi verið stórir hluthafar í Fjallalaxi hf., hafi hins vegar – vegna skilyrða af hálfu viðskiptabanka þeirra – ákveðið að gera það. Þá þegar hafi landeigendur óskað eftir að ganga úr félaginu, og hafi ágreiningur orðið svo djúpstæður, að nánara samstarf hafi að sínu mati verið óhugsandi. Af þessu hafi leitt samningstilboðið frá 24. nóvember 1988, sem lagt hafi verið fyrir stjórnarfund í Lindalaxi hf. sama dag. Þá þegar hafi fulltrúar norsku hluthafanna og eigendur Stóru-Vatnsleysu verið búnir að skrifa undir, og vænst hafi verið svars eigenda Minni-Vatnsleysu samdægurs. Hafi sér sem

stjórnarformanni verið falið að sjá um framkvæmd samkomulagsins, ef jákvætt svar bærist frá þeim.

E. T. bar, að ástæðan til þess, að ekki var unnt að hrinda samkomulaginu í framkvæmd, hafi verið fjárskortur félagsins. Það hafi þurft á að halda allri þeirri fyrirgreiðslu, sem það fékk, til að halda áfram framkvæmdum við eldisstöðina og rekstur hennar. Því hafi orðið úr að staðfesta samkomulagið með viljayfirlýsingunni frá 13. febrúar 1989, en endanleg samningsgerð hafi dregist til 10. maí 1989.

Hann upplýsti, að samkomulagið um, að landeigendur gengju úr félaginu, hefði verið talið hagstætt, þar sem með því væri unnt að selja hlutabréf þeirra og afla fyrirtækinu þannig aukins fjár. Leigugreiðslurnar til þeirra myndu hins vegar dreifast á 25 ár. Rætt hafi verið um að auka hlutafé um 75 milljónir ísl. króna. Seafood Development A/S hafi lofað 49% af þeirri fjárhæð, ef einhverjir aðrir legðu fram 51%. Talið hafi verið, þegar frá samkomulaginu við landeigendur var gengið, að þetta hlutafé myndi fást, en það hefði dregist og ekki verið fyrr en 29. júní 1989, að Den norske Creditbank hafi boðist til að ábyrgjast það 51%, sem á vantaði, með því skilyrði, að Lindalax hf. framseldi bankanum hlutfallslega þann rétt, sem félagið hefði fengið með samningnum við landeigendur frá 10. maí 1989. Þannig hafi í júlímánuði 1989 verið greiddar til Lindalax hf. 75 milljónir ísl. króna.

E. T. bar, að greiðslan á rúmlega 4 millj. ísl. kr., sem innt var af hendi 4. 7. 1989 til landeigenda, hefði verið nauðsynleg forsenda þessarar fyrirgreiðslu norska bankans, nauðsynleg til að tryggja, að landeigendur yrðu við samninginn bundnir og félagið hefði þann rétt, sem það væri að framselja bankanum. Þá hafi bankinn viljað geta tryggt sér meiri hluta í félaginu, ef hann legði fram þetta fé. Í framhaldi af þessu hafi dómsmálaráðuneytið heimilað 31. júlí 1989, að meiri hluti hlutafjár yrði tímabundið í eigu erlendra aðila.

Stjórnarformaðurinn fyrrv. bar, að hann hefði litið svo á, að fengjust þessar 75 milljónir króna inn í félagið og tækist síðar að útvega félaginu enn frekara hlutafé í reiðufé, væri hagsmunum félagsins borgið. Það gæti síðan greitt landeigendum smátt og smátt fyrir réttindin. Sagði vitnið m. a.: „Það var alveg ljóst, að yrði félagið gjaldþrota, sem því miður varð raunin, var ekki verið að framselja eða afhenda landeigendum neitt nema hugsanlega þessar 4 milljónir króna fyrir að afsala sér hlutafé í félaginu. En fyrir þessar 4 milljónir fékk félagið a. m. k. 37 – líklega 75 milljónir króna, þ. e. a. s. nettóhagnaður félagsins í reiðufé á þessum tíma varð að mínu mati í kringum 70 milljónir. Ég tel, að þessi kostur hafi verið betri fyrir kröfuhafa, eins

og málið fór, en sá kostur að halda óbreyttum samningum við landeigendur og afþakka eða koma í veg fyrir, að þetta hlutafé yrði greitt til félagsins.“ Og síðar: „Ég tel, að með þessum samningi hafi verið gengið frá því með óafturkræfum hætti, að landeigendur gengju úr félaginu, en það var, eins og fram kemur í samningnum, ekki gert ráð fyrir, að það gerðist með formlegum hætti fyrr en eftir, að samningurinn var undirritaður.“ Þá bar vitnið, að ákveðið hefði verið, að landeigendur ættu fulltrúa í stjórn, meðan samningurinn væri óefndur, til málamynda, meðan þeir væru enn eigendur formlega.

Hann sagði, að á þessum tíma, þ. e. í júlí 1989, hefði það ekki aðeins verið álit stjórnar félagsins, heldur og Den norske Creditbank, að félagið myndi komast út úr þeim fjárhagsörðugleikum, sem það væri í. Hafi það verið byggt á skýrslum, sem félagið fékk frá aðallíffræðingi stöðvarinnar í júní 1989 um þann vöxt, sem væri í fiskinum í stöðinni. Kvaðst stjórnarformaðurinn fv. ekki telja, að neinn hafi rengt þær niðurstöður. Hins vegar hafi svo farið, að fiskur, sem kominn var í sláturstærð, hafi byrjað að verða kynþroska. Hafi það vandamál síðan orðið viðvarandi, bæði í þessari fiskeldisstöð og flestum öðrum íslenskum fiskeldisstöðvum, að því er hann viti best.

Hann bar og, að verulegir greiðsluerfiðleikar hefðu verið hjá fyrirtækinu þegar haustið 1988 og það verið í vanskilum, en fjárhagsstaða þess hefði batnað við að fá nýtt fé vorið 1989. Hann var inntur eftir mati sínu á því, hvort eignir félagsins, sem í ársreikningi 31. des. 1988 voru metnar á 460 milljónir, þar af eignfærðar kostnaðartölur upp á 140 milljónir króna, hefðu á markaðsverði staðið fyrir skuldum þess á einhverjum tíma, og svaraði hann því svo: „Ég á mjög erfitt með að svara þessari spurningu. Ég held, að það sé mjög erfitt að áætla markaðsverð á fiskeldisstöð á hverjum tíma. Það má alveg eins segja, að ýmis frystihús, sem eru í gangi í dag, hafi lítið markaðsverð, en þau geta hins vegar framleitt fisk, – verðmæti, – og þar með staðið undir rekstri fyrirtækis. Sem sagt, það voru gerðar áætlanir á vegum félagsins um rekstur þess, byggðar á ákveðnum eldisáætlunum, þ. e. a. s. vexti í fiskinum. Þessar áætlanir stóðust fram í júnímánuð 1989. Síðar brugðust þær hrapallega vegna þess, að sá fiskur, sem var að vaxa upp í sláturstærð, varð kynþroska og þess vegna ónýt vara. Ef þessar áætlanir hefðu staðist, geri ég ráð fyrir, – en að vísu er erfitt að segja til um það, – að félagið hefði komist fyrir vind; ég reikna með því. En það er mjög erfitt að segja um það. Það eru margir þættir, sem þar spila inn í, eins og markaðsverð o. fl.“ Nánar spurður kvaðst E. T. ekki treysta sér til þess að meta þetta, en sagði: „Ég legg áherslu á, að þetta er mjög erfitt mat, ekki bara

hjá þessu fyrirtæki, heldur hjá mjög mörgum atvinnufyrirtækjum almennt; það þekkjum við vel, sem t. d. við gjaldþrotamál höfum fengist. Það er eitt að selja eignir í rekstri og annað, að þær skili arði, heldur en að selja þær, þegar félag er orðið gjaldþrota."

Vitnið Sigurður H. Pálsson:

Sigurður H. Pálsson, sem var löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins, kom fyrir dóm og lýsti því, með hverjum hætti reikningar fyrirtækisins hefðu verið gerðir í upphafi, m. a. því, að það tíðkaðist í reikningsskilum fyrirtækja á uppbyggingarskeiði að eignfæra allan þann kostnað, sem lagt væri í, meðan á framkvæmdum stæði, áður en rekstur væri hafinn. Það hefði í för með sér, að með tímanum yrði til efnahagsreikningur, sem gæti orðið býsna viðamikill, því að hann væri í raun uppsöfnun á öllum þeim kostnaði, sem lagt væri í við framkvæmdirnar. Forsenda þessa hefði verið sú, að félagið hefði allan tímann gert ráð fyrir því að geta haldið starfsemi sinni áfram, talið, að það myndi geta „afviklað" þær eignir, sem væru eignfærðar, með þeim rekstri, sem menn hefðu haft væntingar um.

Spurður um stöðu fyrirtækisins á tímabilinu frá hausti 1988 til vors 1989 sagði hann m. a.: „Staðan ræðst í rauninni, í mínum huga, af þeim framtíðarvæntingum, sem menn gera sér hverju sinni um möguleika félags til að halda starfsemi sinni áfram. Það er almennt viðurkennt í reikningsskilum, að það, hvort fyrirtæki er talið líklegt til þess að geta haldið starfsemi sinni áfram, skipti sköpum um það, hvernig reikningsskilin eru gerð."

S. H. P. sagði, að á þeim tíma, sem farið var af stað með þessa laxeldisstöð, hefðu væntingar manna verið allt aðrar en reyndin síðar varð. Árið 1988 hefði verið aðalumsvifaár félagsins, og þá hefði það jafnframt byrjað rekstur sinn, í smáum stíl í fyrstu, en rekstur engu að síður. Kostnaður við að reisa stöðina hefði orðið meiri en menn hefðu gert ráð fyrir og rekstrarfé því ekki verið nægilegt. Hann taldi, að í árslok 1988 hefðu stjórnendur félagsins verið komnir í þá stöðu að telja, að umtalsverður vafi gæti leikið á því, hvernig þetta færi og hvernig til tækist með að ljúka því, sem menn hefðu áformað. Á þeim tíma hefði legið fyrir, að fjárfestingu væri ekki lokið, og erfitt verið orðið að sjá fyrir, með hvaða hætti fjármagns yrði aflað til þess að ljúka því að koma stöðinni í eðlilegt, starfhæft ástand, þ. e. ástand, sem hún þyrfti að vera í til lengri tíma. Þetta, taldi vitnið, að öllum hluthöfum hefði verið ljóst, því að málið hefði verið rætt á stjórnarfundum, þar sem þeir áttu sína fulltrúa.

Endurskoðandinn kvaðst ekki hafa fylgst með því ferli, sem leiddi til gerðar samningsins í maí 1989, kvaðst hafa komið að honum sem gerðum

hlut, en haft pata af ágreiningnum um Fjallalaxmálið. Aðspurður um, hvort samningurinn hefði verið til þess fallinn að skaða fyrirtækið, sagði hann, að sér hefði skilist, að tilgangurinn hefði verið tvíþættur, annars vegar að leysa úr ósætti milli hluthafa, losa landeigendur út úr hluthafahópnum, en um leið að ná ákveðinni lausn á peningamálum félagsins, útvega nýja hluthafa, sem myndu kaupa hlutabréf landeigenda fyrir reiðufé, en félagið myndi hins vegar greiða landeigendum bróðurpartinn af þessum fjármunum með skuldabréfi. „Þetta jafngilti lántöku ... að um leið og höfð eru skipti á hlut-höfum, sé um leið nýtt fé falt inn í félagið", sagði hann og kvað þarna hafa verið um að ræða gagnkvæma hagsmuni beggja aðila. Hann upplýsti, að árið 1988 hefðu tvö milliuppgjör farið fram, annað í lok júní, hitt í lok september. Hefði það verið gert til að fylgjast með því, hvernig eigna- og skuldastöðu yndi fram, þar sem menn hefðu haft áhyggjur af því, að ekki gengi allt eins og best yrði á kosið, svo og til að sýna hluthöfum og öðrum fram á, að félagið þyrfti á auknu fé að halda.

S. H. P. var spurður, hvort hann teldi, að félagið hefði nokkurn tíma átt fyrir skuldum, og svaraði svo: „Þetta er vond spurning, svo að ekki sé meira sagt, vegna þess að hún helgast af horfunum. Ef þú átt við, hvort félagið hafi einhvern tíma átt fyrir skuldum í þeim skilningi, að það gæti selt eignir sínar og borgað upp skuldir sínar, ... þá hygg ég, að það hafi ekki verið, eftir að framkvæmdir hófust að verulegu marki. Hvort félag er hins vegar fært um að stunda starfsemi áfram, helgast ekki af þeim lögmálum"... Og síðar: „.... ég tel, að í árslok 1988 og jafnvel í árslok 1987 hefði félagið ekki getað selt eignir sínar og borgað upp allar skuldir sínar með eignunum, þ. e. a. s., ef félagið hefði ákveðið, eins og spurningin er orðuð, ef félagið hefði ákveðið á einhverjum tímapunkti að hætta starfsemi, leggja hana niður, leysa sjálft sig upp, selja eigur sínar og borga skuldir sínar, þá hefði það ekki getað það, eftir að framkvæmdir hófust fyrir alvöru suður frá. Það er hins vegar ekkert óvenjulegt."

Spurður, hvort raunhæft hefði verið, að einhverjir nýir aðilar keyptu eða yfirtækju félagið og það, sem komið var, framkvæmdirnar með skuldum, með það í huga að halda áfram rekstri, sagði endurskoðandinn, að það hefði þá farið eftir spádómum væntanlegs kaupanda um það, hvers væri að vænta í rekstri sem þessum í framtíðinni og hvers konar heildarskuldastöðu rekstur af þessari stærð gæti borgað upp. Hann kvaðst ekki fullyrða, að þetta hefði mátt takast í árslok 1988, reyndar efast um það, en á þeim tíma hefði bæði hann, stjórnin og aðrir talið, að von félagsins væri í því fólgin að halda áfram á sömu slóð, ljúka við stöðina og freista þess að standa við reksturinn í eigin nafni, en ekki í því að selja stöðina.

Spurður, hvort staða félagsins hefði versnað verulega fram á vorið 1989, sagði hann m. a., að það hefði verið vaxandi vandamál að afla fjármagns til þess að standa undir framkvæmdum, félagið hefði verið komið í vanskil, bæði með framkvæmdakostnað og afborganir af lánum. Það hefði verið augljóst, að sú fjármögnun, sem áformuð hefði verið, hefði ekki verið nægjanleg. „Ég held, að ástæður manna til að hafa áhyggjur hafi fyrst og fremst verið af þeirri ástæðu, að það væri vaxandi vandamál að afla fjármagns til þess að standa undir þessum framkvæmdum...Þessi samningur við landeigendur hefði verið ágætt innlegg í það mál, framkvæmdir eins og ég var að lýsa áðan, með inngöngu nýrra hluthafa, umbreytingu þessara samninga í reiðufé fyrir félagið."

Vitnið Guðjón Eyjólfsson:

Guðjón Eyjólfsson kvaðst hafa verið kjörinn löggiltur endurskoðandi Lindalax hf. frá stofnfundi í jan. 1986 fram að aðalfundi 1989, en þá tekið sæti í stjórn að beiðni landeigenda og stjórnarformanns. Hann sagði, að búið hefði verið að gera samkomulag við landeigendur um, að þeir seldu sinn hluta, og hefði því ekki verið talið rétt, að þeir væru áfram í stjórn. Hefði verið óskað eftir því, að hann kæmi þar inn í millibilsástandi, þar til búið væri að finna kaupanda f. h. félagsins að hlut þeirra.

Aðilaskýrsla Geirlaugar Þorvaldsdóttur:

Stefnda Geirlaug Þorvaldsdóttir skýrði í skýrslu sinni ýtarlega frá ágreiningi þeirra landeigendanna við hina norsku hluthafa fyrirtækisins og sagði m. a., að þeir hefðu viljað ráðstafa félaginu án nokkurra afskipta og þolað illa gagnrýni, en upp úr hafi soðið um seiðakaup og yfirtöku Fjallalaxstöðvarinnar.

G. Þ. bar, að Norðmennirnir hefðu einir átt frumkvæði að því, að samningurinn var gerður í nóvember 1988, og lagt hart að þeim landeigendunum að ganga úr félaginu, sem þeim hafi þá sjálfum ekki hugkvæmst. Norðmennirnir hafi viljað geta boðið væntanlegum lánveitendum hlutabréfin til veðsetningar og fá jafnframt frjálsar hendur um að ráðstafa fyrirtækinu eins og þeir vildu. Orðalag samkomulagsins frá nóvember 1988 hafi verið samkvæmt ósk Norðmanna, og þau hafi ekki fengið nema nokkurra klukkustunda frest til að taka afstöðu til þess. Hafi það verið vegna tímaskorts Norðmanna, en ekki þeirra landeigendanna, að frá þessu var gengið eins og raun bar vitni. G.Þ. bar, að landeigendum hefði verið haldið áfram að nafninu til í félaginu að ósk stjórnarformanns til þess að fullnægja ákvæðum íslenskra laga um, að Íslendingar væru í meiri hluta í stjórn. Þeim landeigendunum hafi sjálfum ekki fundist ástæða til þess, en þá tilnefnt sem fulltrúa sinn Guðjón Eyjólfsson. Hún, Geirlaug, hafi síðan verið kjörin í

varastjórn á aðalfundi 1989 til að hlaupa í skarðið, ef Guðjón gæti ekki mætt.

Aðspurð um, hvenær hún hefði talið stefna í gjaldþrot hjá félaginu, svaraði G. Þ.: „Eiginlega ekki fyrr en gjaldþrot kom, vegna þess að þegar greiðslustöðvun var tilkynnt í fjölmiðlum, sögðu þeir, að þetta væri tími til að hagræða hlutunum, enda voru umtalsverðir peningar komnir inn í fyrirtækið, og ég endurtek, bæði frá Draupnissjóði og þessar 75 milljónir, þannig að það hefði mátt ætla, að fyrirtækið gæti rétt við."

Aðilaskýrsla Sæmundar Þórðarsonar:

Stefndi Sæmundur Þórðarson gaf einnig skýrslu fyrir rétti. Hann skýrði frá aðdragandanum að stofnun Lindalax hf. Hann kvaðst lengi hafa haft hug á að setja upp litla fiskeldisstöð, en aldrei neitt orðið úr, þar til svo bar við árið 1985, að hann fór á sjávarútvegssýningu í Laugardalshöll og hitti þar Norðmann að nafni Hans Dagsnes, sem hér hefði verið í þeim erindagerðum að leita að stað fyrir stóra laxeldisstöð. Hefði talast svo til með þeim, að hann skoðaði landið í Vatnsleysu, og hefði hann eftir þá athugun óskað eftir 30 daga fresti til að kanna málið frekar. Út úr þessu hefði komið boð Norðmanna um, að þarna yrði byggð seiða- og fiskeldisstöð, alhliða stöð, sem gæti framleitt 4–6000 tonn á ári og skyldi vera sjálfri sér nóg að öllu leyti. Virkja átti jarðvarmann í fjallinu, leiða hann niður að stöðinni, og stöðin átti að framleiða eigið rafmagn. Gert var ráð fyrir, að stöðin yrði algerlega fjármögnuð af Norðmönnum, ekkert íslenskt fjármagn þyrfti né ríkisábyrgðir; landeigendur áttu ekkert að gera nema leggja til landið. Hann sagði, að þetta hefði verið boð, sem ekki hefði verið hægt að slá frá sér; útreikningar hefðu sýnt, að þetta væri arðbært, og verð á laxi hefði verið hátt. Norðmennirnir hefðu verið á því, að rétt væri að flýta framkvæmdum, þar sem verð á laxi kynni síðar að lækka, og einnig kynnu að verða settar hömlur á byggingu eldisstöðva.

S. Þ. staðfesti, að sá ágreiningur, sem leitt hefði til samingsgerðarinnar haustið 1988, hefði hafist af fullum þunga með Fjallalaxdæminu. Landeigendur hefðu hvorki viljað seiðin frá Fjallalaxi, sem þeir hefðu talið of smá, né yfirtaka stöðina, sem hefði verið skuldum sett.

Hann skýrði frá tilboðinu, sem Norðmenn gerðu honum að kvöldi 23. nóvember, er þeir hefðu komið heim til sín, Norðmennirnir Christian Thommesen og Gunnar Bretvin. Þeir hefðu haft áhyggjur af Fjallalaxdæminu, sem þeir hefðu þurft að leysa, og því gert honum tilboð um að kaupa af honum helming hlutafjár hans og borga það í reiðufé.

Hann kvaðst aðspurður ekki hafa verið sáttur við það, hvernig mál þetta fór, því að hann hefði hugsað sér, að hann og börn sín gætu haft atvinnu í

stöðinni, kvaðst hafa verið búinn að verja miklu fé og vinnu í stöðina og fórna öðru fyrir hana, og hefði sér fundist hann standa uppi „eins og strípaður við að láta hlutabréfin“, eins og hann komst að orði. Hann kvaðst hafa haft trú á fyrirtækinu, þar til Fjallalax var tekinn inn í dæmið, en við það hefði verið ljóst, að hagur þeirra og stöðvarinnar versnaði til muna.

Spurður, hvort hann hefði þá alveg misst trúna á, að fyrirtækið myndi ganga, svaraði S. Þ.: „Það stóð alltaf til að fá inn hlutafé, og Draupnissjóðurinn kom þarna inn alveg á sömu dögum með sitt framlag upp á einar 23 milljónir, þeir og Seafood á þeim tíma, og úr því að þeir náðu svo þessum 75 milljónum inn þarna skömmu síðar, var ekki beðið um meira, bankarnir töluðu um 75 milljónir, sem vantaði, og þær komu, og þá hélt maður, að það væri það, sem þeir þyrftu.“ Spurður, hvenær hann hefði séð, að stefndi í gjaldþrot, sagði S. Þ., að hann hefði auðvitað farið að hugsa margt, þegar félagið var komið í greiðslustöðvun, en sagt hefði verið, að auka ætti hlutafé, og þess væru dæmi, að fyrirtæki lifðu greiðslustöðvun af. Hins vegar hefðu markaðirnir ekkert lagast, og síðan, er leið á árið 1989, hefði komið í ljós, að fiskurinn stóð ekki fyrir sínu, hann hefði ekki stækkað sem skyldi, komið í hann kýlapest og svo farið í kynþroska. Það hefði ekki verið hægt að sjá fyrir.

Fram kom, að hann hefði heldur lítið sett sig inn í fjármál fyrirtækisins, en þeim mun meira vitað um ástand fiskseiðanna. Hann hefði verið á næturvakt í stöðinni, eftir að fiskur kom þangað, gætt véla og annars. Þó kom fram, að honum hefði verið kunnugt um, að vanskil hefðu verið hjá félaginu, sagði m. a.: „Ég held þeir hafi nú til að byrja með staðið sæmilega í stykkinu við verktakana, en svo fór það að verða svona eftir á. Það var svona í gegnum tímann alltaf svolítið eftir á með greiðslurnar.“ Spurður, hvernig hann hefði metið stöðu fyrirtækisins veturinn 1988–1989, svaraði S. Þ., að erfitt hefði verið að gera sér nákvæmlega grein fyrir því, slátrun hefði seinkað 1988, fyrsta slátrun dregist fram undir áramót og álitamál verið, hvað fiskurinn myndi gefa af sér á markaði. Fram til þess að slátrun hófst, hefði ekkert verið nema peningaútlát, en dæmið hefði átt að fara að rúlla, þegar slátrun og sala hæfist. Hann kvað sig minna, að fyrst hefði verið slátrað um 60–70 tonnum, en að gert hefði verið ráð fyrir að slátra um 1200 tonnum á árinu 1989. Á þessu hefði afkoman átt að byggjast.

Málsástæður og lagarök.
Rök stefnenda.

Stefnandi reisir riftunarkröfu sína á 51. gr. og 61. gr. gþl. nr. 6/1978. Hann byggir á því, að við gerð samningsins í maí 1989 um breytingu á réttarstöðu stefndu í Lindalaxi hf. hafi félagið verið ógjaldfært og hlutabréf þeirra í

reynd verið orðin verðlaus. Við breytinguna á leigusamningnum hafi skuldir Lindalax hf. aukist, en í reynd hafi fyrirtækið aldrei átt fyrir skuldum. Megi því líkja samningnum við gjafagerning, þar sem það endurgjald, sem fram hefði átt að reiða samkvæmt honum fyrir hlutabréfin, hefði ekki verið í neinu samræmi við verðmæti þeirra. Með samningnum hefði á ótilhlýðilegan hátt farið fram ótilhlýðileg tilfærsla eigna og hagsmuna til stefndu á kostnað lánardrottna félagsins, sem hafi orðið til þess, að eignir þess urðu ekki til reiðu fyrir kröfuhafa, þegar félagið var tekið til gjaldþrotaskipta. Stefnandi byggir á sömu rökum, að því er varðar forsamninginn frá 1988.

Að því er greiðsluna varðar, sem innt var af hendi 4. júlí 1989, vísar stefnandi sérstaklega til 2. mgr. 54. gr. gþl. Lindalax hf. hafi verið ógjaldfært, þegar hún fór fram, og það hafi stefndu vitað eða mátt vita.

Byggt er á því, að frestdagur hafi verið 27. september 1989, þegar greiðslustöðvunarbeiðni kom fram, og á því, að stefndu hafi verið „nákomin" Lindalaxi hf. í skilningi b- og c-liðar 2. gr. gþl., þar sem þau hafi verið hluthafar og átt fulltrúa í stjórn félagsins og því getað fylgst með hag þess. Þau hafi því vitað eða mátt vita um ógjaldfærni fyrirtækisins, þegar samningsgerð fór fram.

Enn fremur vísar stefnandi á 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. breytingalög nr. 11/1986, með því, að í stað þess að hafa í höndum verðlaus hlutabréf hafi stefndu fengið greiddar rúmlega 4 milljónir íslenskra króna og eigi í vændum ríflega 200 milljónir króna ísl. miðað við gengisskráningu 22. mars 1991. Hafi þeir með maí-samningnum öðlast mikla hagsmuni umfram þá, sem þeir áttu von á samkvæmt upphaflega samningnum, þar sem þá hafi verið fallið frá því að miða leiguna við byggingaráfanga stöðvarinnar. Þá telur stefnandi, að leigugjaldið fyrir landið og réttindin sé of hátt, og því sé bæði ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að halda samningnum til streitu. Beri að breyta samningnum að þessu leyti, verði riftun ekki talin heimil, meta, hvað sé sanngjörn leiga, og miða eftir sem áður við byggingaráfanga.

Stefnandi telur, að í ljós hafi verið leitt með framburði löggilts endurskoðanda Lindalax hf., að félagið hafi ekki verið gjaldfært á þeim tíma, sem samningur var gerður um breytingu á réttarstöðu stefndu, hvort heldur talið verði, að það hafi gerst í nóvember 1988 eða maí 1989. Hann hafi borið, að fyrirtækið hafi aldrei átt eignir fyrir skuldum, eftir að framkvæmdir við byggingu eldisstöðvarinnar raunverulega hófust. Þá hafi allir aðilar málsins vitað um viðvarandi vanskil félagsins, það hafi ekki getað staðið í skilum eftir því, sem kröfur féllu á það, og stöðugar björgunaraðgerðir staðið yfir til þess að reyna að forða því frá stöðvun og gjaldþroti.

Stefnandi byggir og á því, að þar sem samningurinn frá 10. maí 1989 hafi ekki verið efndur af hálfu Lindalax hf., hafi eignarréttur að hlutabréfum stefndu ekki færst yfir til félagsins. Stefnandi vísar til bréfs fv. stjórnarformanns til lögmanns stefndu, dags. 21. febr. 1989, sem frammi liggi í málinu, þar sem fram komi, að ekki hafi verið unnt að láta landeigendur ganga út úr félaginu, án þess að inn í það kæmu nýir hluthafar, – sú leið, að þeir framseldu hluti sína til félagsins og gerður væri nýr leigusamningur, hafi ekki verið fær, þar sem þá hefði orðið rýrnun á hlutafé félagsins, sem bankar og aðrar lánastofnanir hefðu ekki samþykkt. Jafnframt hefðu þá hinir erlendu hluthafar komist í meiri hluta, sem væri andstætt lögum. Bankarnir hafi hins vegar samþykkt að taka gilda fyrirframgreiðslu á leigu sem útborgað hlutafé. Stefndu séu því enn eigendur hlutabréfa, að upphæð NOK 7.000.000, og eigi að endurgreiða stefnanda það, sem greitt var fyrir fram upp í verð þeirra.

Þá byggir stefnandi á því, að samkomulagið frá nóvember 1988 hafi aðeins verið yfirlýsing um vilja til að gera samning. Það hafi verið skilyrt og svo óákveðið og óútfyllt, að það hafi ekki getað verið grundvöllur samnings, enda hafi endanlegur samningur í maí 1989 verið allfrábrugðinn því. Þar hafi þó einnig verið mikilvæg skilyrði. Í samningnum hafi verið gefnir tveir möguleikar, annar, að nýir hluthafar greiddu inn reiðufé á þann hátt, að Lindalax hf. leysti til sín hlutabréfin, en framseldi síðan nýjum hluthöfum gegn greiðslu á reiðufé inn í félagið. Þetta hafi aldrei orðið, aldrei hafi komið inn nýir hluthafar, sem vildu leysa þetta á þennan hátt. Í annan stað hafi verið gert ráð fyrir útgáfu skuldabréfs til landeigenda. Það hafi nýir hluthafar átt að gefa út. Aldrei hafi verið gert ráð fyrir því, að félagið sjálft keypti hlutabréfin af landeigendum. Nýir hluthafar hafi þannig verið forsendur þess, að samkomulagið gæti orðið virkt og skapað þann rétt og þær skyldur, sem stefndu vilji byggja á. Vatnsleysa sf. og Lindalax hf. hafi sem sagt ætlað að gera samning, ef þessum skilyrðum yrði fullnægt, en það hafi aldrei orðið, samkomulagið því aldrei orðið virkt og aldrei skapað þann rétt eða þær skyldur, sem stefndu vilji byggja á í málinu. Þá hafi stefndu aldrei framselt hlutabréf sín eða skilríki fyrir þeim og áfram neytt þess réttar til áhrifa á stefnu og rekstur félagsins, sem hlutafjáreign fylgdi, þ. e. með því að hafa fulltrúa í stjórn þess; ein hinna stefndu hafi m. a. setið fund í ágúst 1989, þar sem tiltekið hafi verið í fundargerð, hver væri eignarhluti Vatnsleysu í félaginu.

Loks er á því byggt, að ekki hafi verið fyrir hendi formleg heimild til að gera maísamninginn, hann hafi aldrei verið kynntur í stjórn félagsins eða a. m. k. ekki verið bókað um hann. Á aðalfundi félagsins 16. júní 1989 hafi

ekki verið getið um hann í fundargerð, enda þótt þar sé fjallað um erfiðleika félagsins. Stjórnarformanni hafi að vísu verið falin framkvæmd samkomulagsins frá nóvember 1988, en það samkomulag sé svo frábrugðið maísamningnum, að hann hafi orðið að leggja fyrir hluthafafund, m. a. vegna þess, að með honum hafi greiðslubyrði félagsins verið aukin. Þá sé hann að öðru leyti þess efnis, að fari í bága við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 20. gr., 27. gr. og 36. gr. samþykkta Lindalax hf.

Um vexti af málskostnaði er vísað í 175. grein laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988.

Rök stefndu.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á meginreglum samningalaga um frelsi til samningsgerðar og um túlkun samninga. Þau telja sig þegar með samkomulaginu frá 24. nóvember 1988 hafa skuldbundið sig til að afsala sér réttarstöðu hluthafa og taka réttarstöðu leigusala gagnvart Lindalaxi hf. og vísa því til sönnunar til þeirra skjala, sem þá voru undirrituð. Þau sanni, að þá þegar hafi fulltrúar Lindalax hf., þ. e. Seafood Development A/S og stefndu, tekið ákvörðun um, að þau drægju sig út úr félaginu sem hluthafar og fengju þess í stað stöðu leigusala.

Stefndu telja, að þessi breytta réttarstaða hafi verið áréttuð með forsamningnum frá 13. febrúar 1989, og leggja áherslu á, að báðir þessir samningar hafi verið gerðir utan 6 mánaða frestsins, sem ræði um í riftunarreglum gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Stefndu halda því fram, að þetta hafi gerst í kjölfar ágreinings milli þeirra og hinna norsku hluthafa út af seiðakaupum og yfirtöku Fjallalax hf. síðsumars 1988, og benda á, að hinn skammvinni frestur, sem fulltrúar Seafood Development A/S veittu landeigendum 24. nóv. 1988, sýni, að þeim hafi verið mjög í mun að fá stefndu út úr félaginu sem fyrst. Þau hafi samþykkt það, og þar með hafi verið kominn bindandi forsamningur milli aðila. Eftir það hafi þau í raun aldrei verið í réttarstöðu hluthafa, ekki haft íhlutunarrétt um málefni félagsins eða rétt til að skipta sér af rekstri þess. Hafi allir aðilar hagað sér samkvæmt þeirri breytingu, sem þarna hafi orðið á eignarhaldi í félaginu.

Byggt er á því, að fulltrúar Lindalax hf. og Seafood Development A/S hafi ráðið ferðinni um framvindu málsins. Málið hafi að vísu verið flókið, því að þurft hafi að fullnægja ákvæðum íslenskra laga um, að meiri hluti hlutafjár væri í eigu íslenskra aðila, og tíma hafi tekið að reyna að fá nýja hluthafa, sem gætu komið í stað stefndu. Skýri það þann drátt, sem varð á því, að hinn endanlegi samningur var gerður, og vegna þessa hafi Lindalax

hf. viljað halda stefndu inni sem hluthöfum að nafninu til. Stefndu hafi viljað hag félagsins sem bestan og því fallist á að lána nöfn sín að þessu leyti, en bæði þeim og öðrum hafi verið réttarstaðan ljós.

Stefndu benda á, að unnið hafi verið að frekari fjármögnun framkvæmda, Draupnir hafi komið inn í félagið og 75 milljón króna framlag frá norsku hluthöfunum og Den norske Creditbank hafi verið háð því skilyrði, að þau færu út úr félaginu sem hluthafar. Norski bankinn og norsku hluthafarnir hafi talið nauðsynlegt að losna við landeigendur út úr félaginu vegna andstöðu þeirra við yfirtöku Fjallalaxstöðvarinnar, sem Lindalax hf. hafi nánast verið neytt til af Den norske Creditbank.

Stefndu staðhæfa, að hefðu þau ekki verið að hugsa um hag félagsins, hefðu þau getað rift öllum samningum, þegar misklíðin kom upp haustið 1988. Þau hefðu getað bent á fjölmörg atriði, sem ekki hefði verið staðið við gagnvart sér. Þau hafi hins vegar ekki viljað gera félaginu erfitt fyrir og því samþykkt þá lausn, sem fólst í forsamningnum í nóvember- og maísamningnum. Því sé út í hött að tala um örlætisgerning eða ótilhlýðilegan gerning þeim til handa. Þvert á móti hafi breytingin á réttarstöðu þeirra umfram allt verið gerð í þágu félagsins og annarra eigenda, sem eftir sátu, einkum norsku eigendanna, sem hafi ráðið lögum og lofum. Þeir hafi þurft meira fjármagn og talið sig geta fengið það, ef þeir gætu yfirtekið hlut landeigenda í félaginu og boðið hann fram í tengslum við lántökur. Það hafi verið skv. tilmælum annarra hluthafa, að þau gengu út úr félaginu í nóvember 1988, og að beiðni þessara sömu hluthafa, að þau léðu máls á því, að nöfn sín stæðu til málamynda, meðan útvegaðir væru nýir hluthafar, þótt báðum aðilum hafi verið ljóst, að stefndu væru komin úr félaginu.

Greiðslunni 4. 7. 1989, telja stefndu, að verði ekki rift. Hér hafi verið um að ræða greiðslu, sem hafi í alla staði verið eðlileg. Krafan hafi verið fallin í gjalddaga, greiðslan verið í eðlilegum greiðslueyri og ekki verið svo há, að hún hefði getað ráðið úrslitum um gjaldfærni þrotabúsins, enda hafi félagið í staðinn fengið um 70 milljónir króna. Því séu skilyrði riftunar skv. 54. gr. ekki fyrir hendi. Í annan stað hafi þar verið um að ræða greiðslu skv. gagnkvæmum samningi, sem eðlilegast hefði verið, að þrotabúið gengi inn í. Vísa stefndu þar um til VII. kafla laga nr. 6/1978, einkum 43. og 49. gr. Þá halda stefndu því fram, að Lindalax hf. hafi orðið að inna þá greiðslu af hendi til að tryggja veru fyrirtækisins áfram á landi stefndu. Greiðslan á leigunni hafi á engan hátt verið ótilhlýðileg, heldur bæði eðlileg og nauðsynleg til að koma í veg fyrir, að stefndu riftu samningnum um landsnytjarnar.

Stefndu líta svo á, að við samningsgerðina í nóvember 1988 hafi þeir getað talist „nákomnir“ í skilningi gjaldþrotalaga, en ekki eftir það, því að þá

hafi þeir afsalað sér stöðu og rétti hluthafa. Þá sé ekki hægt að meta huglæga afstöðu þeirra haustið 1988 á mælikvarða dagsins í dag samkvæmt þeirri vitneskju, sem menn hafi nú vegna þeirra upplýsinga, sem nú orðið liggi fyrir. Þá hafi menn verið afar bjartsýnir á framtíð fiskeldis á Íslandi, stjórnmálamenn hafi óspart hvatt menn til fjárfestinga í fiskeldi, því að það hafi þótt álitlegur kostur. Síðan hafi skipast veður í lofti. Staðhæfa stefndu þessu til stuðnings, að Draupnissjóðurinn hafi haustið 1988 keypt hlutabréf í Lindalaxi á yfirverði, og hafi þar þó verið í öndvegi menn, sem hafi átt að vita, hvað þeir væru að gera. Þá staðhæfa stefndu, að eðlilegt sé, að fyrirtæki í mikilli og hraðri uppbyggingu og fjárfestingum, eins og í þessu tilfelli, eigi ekki fyrir skuldum, meðan rekstur sé ekki kominn í gang.

Stefndu mótmæla með öllu skírskotun stefnanda til 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, að ósanngjarnt sé að halda maísamningnum til streitu, m. a. vegna þess, að leigan fyrir landið sé of há samkvæmt honum. Telja stefndu þvert á móti ósanngjarnt og andstætt góðu viðskiptasiðferði að freista þess að fá öðrum aðstöðu til að hagnýta sér land stefndu, án þess að nokkuð komi á móti. Þá staðhæfa stefndu, að leigan hafi ekki verið talin há miðað við þá möguleika, sem fyrir væru á landinu.

Varðandi vaxtakröfu í tengslum við málskostnaðinn er vísað til 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Niðurstaða.

A: Í stefnu var einungis krafist riftunar á samningnum frá 10. maí 1989 og endurgreiðslu á því fé, sem stefndu höfðu fengið greitt samkvæmt þeim samningi, þ. e. 4.348.176 kr., auk dráttarvaxta. Við málflutning setti lögmaður stefnanda fram kröfu um, að viðurkennt yrði, að búið hefði ekki einasta aldrei verið bundið af þeim samningi, heldur og, að sama ætti við um viljayfirlýsingarnar frá 13. febrúar 1989 og 23. og 24. nóvember 1988. Verði hins vegar fallist á, að einhvers konar samningur hafi komist á 24. nóvember 1988 eða síðar, verði einnig heimilað að rifta þeim samningi.

Stefndu mótmæltu þessari „útvíkkun" kröfugerðar með vísan til 113. gr. eml. nr. 85/1936.

Þar sem samningar þessir höfðu verið lagðir fram í réttinum, áður en núverandi lögmaður stefnanda tók við málinu af skiptastjóra, verður að telja, að hann hafi haft nægan tíma og tækifæri til að koma frekari kröfum að með framhaldsstefnu. Ekki verður fallist á þann skilning stefnanda, að stefnukrafan um riftun á samningnum frá 10. maí 1989 hafi sjálfkrafa falið í sér kröfu um riftun umræddra forsamninga. Það hlaut að fara eftir því, hvernig á samninga þessa yrði litið. Ólík sjónarmið gátu komið til álita

vegna mismunandi tímamarka frá frestdegi. Niðurstaða í því efni gat og verið undir því komin, hvort stefndu teldust til „nákominna“ í skilningi gjaldþrotalaga eða ekki. Samkvæmt skýru ákvæði 113. gr. ætti því einungis að fjalla um heimild til riftunar maísamningsins. Niðurstaða þar um þykir hins vegar, þegar á málið er litið í heild, svo háð því, hvort unnt væri að rifta nóvembersamkomulaginu, að ekki verði hjá því komist að fjalla um hvort tveggja.

Í málflutningi byggði lögmaður stefnanda á 51. gr. gþl., en hvorki í stefnu né greinargerð. Því var ekki mótmælt af hálfu lögmanns stefndu, og verður því tekin afstaða til riftunarmöguleika samkvæmt því ákvæði sem og 61. gr. gþl. og 54. gr., að því er varðar greiðsluna frá 4. 7. 1989.

B: Telja verður, að leitt hafi verið í ljós með fram lögðum gögnum og framburði aðila og vitna, að samningur sá milli Lindalax hf. og stefndu, dags. 10. maí 1989, sem krafist er riftunar á, hafi verið endanleg gerð samkomulags, sem undirritað var 24. nóvember 1988 að frumkvæði fulltrúa hins norska fyrirtækis, Seafood Development A/S, stærsta hluthafa í Lindalaxi hf., í kjölfar ágreinings um veigamikla þætti í rekstri fyrirtækisins.

Ekki verður annað séð af framburði vitna og fram lögðum gögnum en tilgangurinn hafi frá upphafi verið annars vegar að búa svo um hnútana, að stefndu gengju út úr og hættu afskiptum af Lindalaxi hf. sem hluthafar og yrðu einungis leigusalar, hins vegar að fá aukið fé inn í fyrirtækið.

Fv. stjórnarformaður hefur borið, að þessi ráðstöfun hafi leitt til þess, að veittar voru til félagsins 75 milljónir króna frá Seafood Development A/S og Den norske Creditbank í júlí 1989, og hafi umræddur samningur við stefndu verið forsenda þess, að þetta fé fengist. Den norske Creditbank hafi sett það skilyrði að fá ráðstöfunarrétt yfir hlutafé stefndu, og til að tryggja þann rétt hafi orðið að inna af hendi greiðsluna 4. júlí 1989, að fjárhæð rúmlega 4 millj. ísl. kr., til þess að binda stefndu við samninginn.

Stefnandi telur ósannað, að Den norske Creditbank hafi sett slíkt skilyrði, og mótmælir þeim skilningi á bréfi því frá bankanum, dags. 29. júní 1989, sem frammi liggur í málinu. Álitamál kann að vera, hvernig túlka skuli umrætt bréf, en ekki verður úr því skorið hér. Þykir því verða að leggja til grundvallar þann framburð fyrrv. stjórnarformanns, að hann hafi haft þann skilning, bæði á bréfinu og því, sem fram kom við hann í munnlegum samtölum, að þetta væri skilyrði af hálfu bankans.

Fv. stjórnarformaður bar, að framkvæmd samkomulagsins hefði dregist bæði vegna skorts á reiðufé og vegna þess, að það dróst að finna nýja íslenska hluthafa til að fullnægja skilyrðum íslenskra laga um, að meiri hluti hluthafa væri Íslendingar. Hafi verið sótt um undanþágu frá þessu lagaskil-

yrði til dómsmálaráðuneytisins og tímabundin undanþága verið veitt 31. júlí 1989.

Enda þótt samningurinn frá 10. maí 1989 sé bæði ýtarlegri og í ýmsu frábrugðinn samkomulaginu frá 24. nóvember 1988, verður ekki annað séð en meginefni þeirra sé hið sama, þ. e. að breyta réttarstöðu stefndu úr hluthöfum í leigusala.

Í nóvembersamkomulaginu er afdráttarlaust kveðið á um, að bundinn verði endi á samvinnu aðila með því, að landeigendur dragi sig út sem hluthafar og takmarki þátttöku sína við hreint leigusamband. Ákvæði er um leigugreiðslur og fyrirframgreiðslu fyrir 5 ár, sem greiðist þegar í stað, og tekið fram, að landeigendur láti hlutabréf sín af hendi við Lindalax hf., þegar hún verði innt af hendi. Samtímis falli niður réttindi þeirra og skyldur sem hluthafa.

Það skilyrði er sett í samkomulaginu, að stjórn Seafood Development A/S og viðskiptabankar Lindalax hf. samþykki samkomulagið. Ekkert liggur fyrir um afstöðu stjórnar Seafood Development A/S, en fram hefur komið, að viðskiptabankar fyrirtækisins hafi sett skilyrði um, að aukið fé kæmi þar inn.

Ljóst er, að efndir þessa samkomulags hafa verið nokkrum örðugleikum bundnar og dregist hefur að finna til þess leið, en enga vísbendingu er að finna í framburði eða skriflegum gögnum málsins, að aðilum samkomulagsins hafi nokkru sinni snúist hugur um umrædda breytingu á réttarstöðu landeigenda. Enda er fyrirætlun þeirra áréttuð með viljayfirlýsingunni frá 13. febrúar 1989 og þá gert ráð fyrir, að endanlegur samningur liggi fyrir innan tveggja vikna.

Í bréfi fv. stjórnarformanns til lögmanns stefndu, dags. 21. febr. 1989, sem fylgir gögnum málsins og sent var ásamt drögum að endanlegum samningi, segir m. a., að ekki hafi verið unnt að „láta hlutina einfaldlega ganga til baka, þannig, að landeigendur afsali sér hlutafé sínu gegn því, að félagið inni af hendi árlegar leigugreiðslur í framtíðinni". Ástæðurnar segir stjórnarform. tvær, annars vegar, að þá yrði rýrnun á hlutafé í félaginu, sem lánastofnanir myndu ekki samþykkja, hins vegar eignuðust þá erlendir hluthafar meiri hluta, sem væri andstætt lögum. Síðan segir: „Af þessum sökum hef ég valið þann kost að láta félagið kaupa hlutaféð með útgáfu skuldabréfs til langs tíma, en hugmyndin er, svo sem ráð er fyrir gert í kaupsamningnum, að fá nýja innlenda hluthafa til að ganga síðar inn í kaupin."

Niðurstaðan er svo samningurinn frá 10. maí 1989, þar sem gert er endanlega út um það, með hvaða greiðsluskilmálum Lindalax hf. kaupi hlutabréf

landeigenda. Þar er skýrt tekið fram, að landeigendur framselji Lindalaxi hf. hlutafé sitt í félaginu gegn greiðslu á leigu fyrir landsréttindin frá 1. október 1987. Til þess að það sé unnt, þurfi helst að finna nýja hluthafa til að greiða andvirði hlutafjáreignar landeigenda, 47.099.845 kr. í reiðufé til félagsins, til viðbótar nýju hlutafé, sem nauðsynlegt sé til að halda rekstri félagsins gangandi. Er samið um, að Lindalax hf. fái ársfrest til að útvega nýja hluthafa. Takist það ekki, skuli landeigendur engu að síður framselja Lindalaxi hlutaféð í síðasta lagi 10. maí 1990, og skuli þá jafnframt gefið út skuldabréf til 22 ára, reyndar af nýjum hluthöfum, en við undirskrift samnings skuli greiða leigu fyrir árin 1987–1989, að fjárhæð 4.348.176 kr.

Augljós mótsögn er í síðari efndakostinum, þ. e., að takist ekki að útvega nýja hluthafa, skuli samt nýir hluthafar gefa út skuldabréf, og verður ekkert um það sagt, með hverjum hætti samningurinn hefði að lokum verið efndur. Hins vegar verður ekki annað séð en í júlí hafi verið búið að ryðja úr vegi þeim hindrunum fyrir efndum, sem stjórnarformaður gat um í framangreindu bréfi sínu, annars vegar með aukningu hlutafjár og hins vegar með heimild stjórnvalda til þess, að meiri hluti félagsins væri tímabundið í eigu útlendinga.

Telja verður, að vilji og megintilgangur samningsaðila hafi verið hinn sami í nóvember 1988 og maí 1989. Aðilum var frjálst að gera með sér samning um eigendaskiptin og breytingu á réttarstöðu landeigenda, enda verður hvorki séð af gögnum málsins né framburði aðila og vitna, að samningsaðilar hafi nokkru sinni gert tilraun til að breyta þessu meginefni samningsins né að nokkur ágreiningur hafi verið með þeim um eðli hans og megininntak. Verður og ekki annað séð en samningurinn hafi verið til þess ætlaður að tryggja hagsmuni beggja samningsaðila.

Í öllum samningunum er tiltekið, að stefndu selji eða framselji hlutabréf sín Lindalaxi hf. Í 36. gr. samþykkta félagsins er ákvæði um takmörkun hlutafjáreignar félagsins sjálfs við 10%, sama efnis og 46. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978. Ótvírætt þykir fram komið í málinu, að ætlunin hafi verið og að því hafi verið unnið að sjá til þess, að hinu lögmælta marki yrði náð.

Að því er önnur formskilyrði samþykkta félagsins varðar, þykja þau ekki hafa verið brotin svo, að valdi ógildi samningsins.

Að öllu þessu athuguðu verður því að telja, að samningur um breytingu á réttarstöðu stefndu hafi komist á 24. nóvember 1988, enda þótt ekki hafi verið gengið frá endanlegum skilmálum fyrr en 10. maí 1989. Verður ekki séð, að það raski gildi samningsins sem slíks, þótt endanlegur gjalddagi hafi ekki verið kominn, þegar félagið var tekið til gjaldþrotaskipta, enda hafi það verið á ábyrgð kaupenda hlutabréfanna að fullnægja nauðsynlegum

skilyrðum efnda. Ekki þykir úrslitum ráða, þótt seljendur hlutabréfanna hafi ekki verið búnir að framselja hlutafjárskírteini sín formlega, kaupendur höfðu fengið þann ráðstöfunarrétt yfir hlutafjáreigninni, sem þeir töldu sig þurfa.

C: Stefnandi byggir á því, að samningurinn frá 10. maí 1989 jafngildi gjafagerningi, þar sem hlutabréf stefndu hafi verið verðlaus, og eigi hið sama við um samkomulagið frá nóv. 1988, þar sem fyrirtækið hafi í raun aldrei átt fyrir skuldum. Samkvæmt því megi rifta samningunum á grundvelli 51. gr. gþl., þar sem stefndu hafi verið nákomin Lindalaxi hf. samkvæmt b- og c-lið 2. gr. gþl. nr. 6/1978.

Það er mat dómsins, að fallast beri á það með stefnanda, að stefndu verði, eins og mál þetta er vaxið og með hliðsjón af því, sem að framan er sagt, að teljast hafa verið „nákomin" Lindalaxi hf., þegar þau undirrituðu samningana, sem hér um ræðir, bæði sem einstaklingar og sameignarfélag þeirra, Vatnsleysa.

Ekki liggur fyrir beint mat á verðmæti hlutabréfa í Lindalaxi hf., hvorki haustið 1988 né í maí 1989. Í málinu hefur hins vegar komið fram, að nýr hluthafi, Draupnir hf., síðar Draupnissjóðurinn hf., hafi komið inn í fyrirtækið haustið 1988, og hafa stefndu staðhæft, að hann hafi keypt hlutabréf á yfirverði. Í ljósriti af fundargerð frá stjórnarfundi 20. október 1988, sem frammi liggur í gögnum málsins, er frá því skýrt, að Draupnir hafi þegar greitt sinn hluta af hlutafé og áhættuláni til félagsins, og í fundargerð frá stjórnarfundi 23. ágúst 1989 kemur fram, að hlutafjáreign Draupnis sé 8,18%, að fjárhæð 15.299.322 kr. Þykir það ekki benda til þess, að hlutabréf í félaginu hafi verið talin verðlaus haustið 1988. Þá er komið fram, að Den norske Creditbank hafi lagt til félagsins 51% af 75 milljónum kr., þ. e. fjárhæð að jafnvirði 38 milljónum ísl. kr., í júlí 1989, u. þ. b. tveimur mánuðum eftir gerð maísamningsins 1989, gegn því skilyrði að fá ráðstöfunarrétt yfir sama hlutfalli af hlutafjáreign stefndu, og þykir það ekki benda til þess, að hlutabréf þeirra hafi verið talin verðlaus á þeim tíma.

Verður samkvæmt framansögðu að telja ósannað, að um gjafa- eða örlætisgerning hafi verið að ræða í þágu stefndu, og því þykir ekki fært að heimila riftun á grundvelli 51. gr. gþl.

Er þá að kanna skilyrði 61. gr. gþl.

Sem fyrr segir, er fallist á það með stefndu, að samningurinn frá 10. maí 1989 hafi verið endanleg gerð samkomulags, sem gert hafi verið þegar í nóvember 1988, og hafi réttarstöðu þeirra verið breytt félaginu í hag ekki síður en þeim sjálfum. Því verður ekki talið, að samningur þessi hafi með ótilhlýðilegum hætti orðið landeigendum til hagsbóta á kostnað lánar-

drottna. Telja verður, að sýnt hafi verið fram á, að samningurinn hafi verið – eða forráðamenn félagsins a. m. k. talið, að hann væri forsenda þess, að aukið fé kæmi inn í félagið. Og þegar þess er gætt, að inn í félagið komu 75 milljónir ísl. kr., eftir að samningurinn hafði verið gerður, – samningur, sem talinn var rúml. 47 milljóna ísl. kr. virði með kjörum, sem gerðu félaginu fært að dreifa greiðslum á 25 ára tímabil, – og eftir að fyrsta greiðsla samkvæmt honum var innt af hendi sumarið 1989, verður að telja, að meira hafi getað orðið eftir til fullnustu kröfuhöfum en ef samningurinn hefði ekki verið gerður. Verður því ekki séð, að samningurinn hafi leitt til þess, að eignir félagsins yrðu ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða að hann hafi leitt til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns.

Fram hefur komið í málinu, að væntanlega hefði félagið verið ógjaldfært, „insufficient", á þeim tíma, sem samningurinn var gerður, ef félagið hefði verið gert upp, hvort sem var í nóvember 1988 eða maí 1989, en ekki þykir sannað af hálfu stefnanda, að landeigendur hafi vitað eða mátt vita, að stefndi í gjaldþrot. Vísast þar um til ummæla stefndu og vitna, sem fyrir dóm komu, sem benda til þess, að ekki hafi þrátt fyrir erfiðleika verið séð fram á gjaldþrot, fyrr en eftir að fiskurinn brást sumarið 1989. Einnig má benda á bókun aðalfundar 16. júní 1989, sem frammi liggur í málinu, þar sem segir m. a.: „Fjármögnun hefur verið erfið og gengið á ýmsu. Náðst hefur samkomulag um rekstrarlánafyrirgreiðslu til tveggja ára. Skilyrði fyrir því er 75 milljón króna hlutafjáraukning. Seafood Development A/S hefur þegar skrifað sig fyrir 49% af þessari fjárhæð, en bindandi loforð hafa ekki fengist fyrir eftirstöðvum. Íslenskir aðilar, búsettir í Þýskalandi, eru þó að íhuga kaup." Einnig þykir rétt að vísa hér til ummæla fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins, í skýrslu, sem hann gaf skiptaráðanda þrotabúsins 16. desember 1989, sbr. endurrit af því þinghaldi í gögnum málsins. Þar segir hann aðspurður um það, hvenær honum hafi sýnst líklegt, að fyrirtækið lenti í gjaldþroti, að hann tímasetji það í júlímánuði. Hann skýrir svo frá m. a., að þá hafi komið í ljós, að ekki yrði af hlutabréfakaupum af hálfu svissneskra og þýskra aðila, sem áhuga hafi sýnt. Hafi þar fyrst og fremst verið um að ræða „hlutabréf landeigenda, sem félagið hafði leyst til sín", eins og þar segir, og síðar: – „menn voru mjög vongóðir um, að það myndi takast að selja þarna hlutabréf, að andvirði um 50 milljónir króna". Enn fremur tilgreinir hann, hvernig fiskurinn í stöðinni brást, og getur þess til, að áfallið með fiskinn hafi kostað nálægt 50 milljónum króna, – „40 kannski, þetta eru tugir milljóna", segir í skýrslu framkvæmdastjórans fyrrverandi.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að fyrir hendi séu þau skilyrði riftunar samningsins, sem kveðið er á um í 61. gr. gjaldþrotalaga.

Að því er varðar greiðsluna, sem innt var af hendi 4. júlí 1989, fellur hún, að skilyrðum uppfylltum, innan tímamarka 1. mgr. 54. gr. gþl., og skiptir þá ekki máli, hvort hún var til „nákominna“ eða annarra.

Ekki verður séð, að stefnandi hafi sýnt fram á það með sannfærandi rökum, að greiðsla þessi hafi ráðið úrslitum um gjaldfærni Lindalax hf. né að nokkur önnur riftunarskilyrði 54. gr. gþl. en tímasetning greiðslunnar hafi verið fyrir hendi. Verður að fallast á það með stefndu, að hún hafi verið fallin í gjalddaga, miðað við, að samningurinn frá 10. maí teljist gildur, og innt af hendi með venjulegum greiðslueyri.

Því hefur verið haldið fram af stefndu og staðfest í framburði fyrrverandi stjórnarformanns félagsins, að greiðsla þessi hafi verið nauðsynleg til að binda landeigendur við samninginn um hina nýju réttarstöðu þeirra, sem hafi verið skilyrði fyrir því, að hlutafjáraukning upp á 75 milljónir króna – eða a. m. k. 51% þeirrar upphæðar – fengist inn í félagið. Verður að fallast á það með stefndu, að skilyrði riftunar séu ekki fyrir hendi, hvorki samkvæmt 54. gr. né 61. gr. gþl.

D: Þá kemur til skoðunar vísan stefnanda til 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986.

Fallast ber á það með stefnanda, að staða landeigenda hafi breyst með umræddum samningum til hins betra, úr því að svo fór, að félagið varð gjaldþrota. Þó ber að hafa í huga, að landeigendur voru frá upphafi leigusalar jafnframt því að verða stórir hluthafar í félagi, sem allir töldu, að ætti mikla framtíð fyrir sér og væri arðvænlegt. Þau gátu því eins gert ráð fyrir því, að þau væru að afsala sér verulegri arðsvon í framtíðinni.

Stefnandi staðhæfir, að leigugjaldið hafi hækkað óeðlilega með samningnum 10. maí 1989, vegna þess að þar hafi verið fallið frá því að binda leiguna við byggingaráfanga stöðvarinnar og fyrirsjáanlegt, að stöðin yrði ekki stækkuð. Telur hann eðlilegt að víkja samningsákvæðunum um leigukjörin til hliðar og binda leiguna á ný við stækkunaráfanga.

Fyrst er þá þess að gæta, að því er varðar fyrirkomulag leigugreiðslna eftir byggingaráföngum, að samkvæmt upphaflega leigusamningnum frá 23. október 1987 voru í 13. gr. eins konar tryggingarákvæði fyrir leigusala, ef ekki kæmi til stækkunar stöðvarinnar. Þar segir í 1. mgr., hvernig við skuli bregðast með sérstökum samningi, ef starfsemi stöðvarinnar leggist niður, og í 2. mgr. er ákvæði þess efnis, að hafi leigutaki ekki fyrir árið 2002 reist þau mannvirki, sem gert sé ráð fyrir skv. samningnum, verði leigusalar óbundnir af öllum ákvæðum, sem bundin séu frekari stækkun stöðvarinnar.

Hafa verður í huga, að þótt ekki séu nú uppi fyrirætlanir um stækkun stöðvarinnar og illa horfi um fiskeldi á Íslandi, gæti það átt eftir að breytast

á þeim aldarfjórðungi, sem leigusamningurinn tekur til. Enn fremur þykir rétt að taka tillit til þess, að leigugjaldið hafði með nóvembersamkomulaginu 1988 verið lækkað talsvert frá upphaflegum fyrirætlunum og fram hefur komið, að öðrum eigendum Lindalax hf. hafi ekki þótt það hátt í upphafi. Vísast um það til vitnisburðar fv. stjórnarformanns og greinargerðar hans, dags. 12. nóv. 1990, sem birt var sem svar við frétt í vikuriti, en greinargerð þessi liggur frammi í málinu. Þar segir m. a.: „Útreikningar, sem gerðir voru á grundvelli umsaminnar leigu, að fjárhæð 2,7 milljónir króna á ári miðað við verðlag í dag, bentu til, að verð fyrir lítra af heitu vatni fyrir eldisstöðina yrði með því allra lægsta, sem þekkist á landinu. Með vían til þessa svo og staðsetningar hins leigða lands og annarra landkosta var endurgjaldið til landeigenda talið eðlilegt og sanngjarnt af hálfu okkar, sem sátum í stjórn Lindalax á þessum tíma."

Af hálfu stefnanda hefur hvorki með vitnaleiðslum né skriflegum gögnum verið sýnt fram á það, hversu mikið of hátt leigugjaldið sé né hvert vera myndi sanngjarnt leigugjald fyrir landsréttindin.

Þegar á þessi atriði öll er litið, verður ekki séð, að talist geti að þessu leyti ósanngjarnt af stefndu eða andstætt góðu viðskiptasiðferði að bera maísamninginn fyrir sig. Verður því ekki talin ástæða til að víkja samningnum frá 10. maí 1989 um leigukjörin til hliðar á grundvelli 36. gr. sml.

Samkvæmt framansögðu skulu stefndu sýknuð af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að hvor aðila um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Sæmundur Þórðarson, Anne May Sæmundsdóttir, Þórður John Sæmundsson, Siv E. Sæmundsdóttir, Geirlaug Þorvaldsdóttir, Katrín Þorvaldsdóttir og Skúli Þorvaldsson og óskráð sameignarfélag þeirra, Vatnsleysa sf., skulu vera sýkn af kröfum stefnanda.

Hvor aðila um sig beri sinn kostnað af málinu, stefnandi annars vegar og stefndu sameiginlega og in solidum hins vegar.

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 222/1992. **Kristján Stefánsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Hf. Eimskipafélagi Íslands
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Skuldabréf. Málskostnaður. Aðilaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1992. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara lækkunar á þeim auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti var lýst yfir því, að Hf. Eimskipafélag Íslands væri orðið eigandi þeirrar kröfu, sem Verðbréfamarkaður Fjárfestingarfélagsins hf. sótti í máli þessu í héraði. Hefur fyrrnefnda félagið því tekið við aðild að málinu með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, eins og henni var breytt með 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu áfrýjanda hefur þeirri nýju málsástæðu verið haldið fram fyrir Hæstarétti til stuðnings kröfu um sýknu, að fallið hafi verið frá kröfum á hendur honum í dómsmáli, sem er getið í hinum áfrýjaða dómi og Verðbréfamarkaður Fjárfestingarfélagsins hf. höfðaði á árinu 1989 gegn áfrýjanda og samskuldurum hans á grundvelli sömu skuldabréfa og kröfur eru byggðar á í þessu máli. Stefndi mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni. Hún er með öllu haldlaus til sýknu í máli þessu og kemur þegar af þeirri ástæðu ekki frekar til álita.

Eins og getið er í hinum áfrýjaða dómi, hefur áfrýjandi meðal annars borið því við, að hann hafi að fullu greitt Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf. skuld þá, sem mál þetta er höfðað um, með skuldabréfum að fjárhæð 2.000.000 króna, sem hann hafi af-

hent lögmanni félagsins 7. mars 1990. Af hálfu stefnda hefur þeirri staðhæfingu verið mótmælt og því haldið fram, að skuldabréf þessi hafi verið afhent að handveði til tryggingar fyrir kröfunum, sem eru sóttar í þessu máli, en í kröfugerð hafi verið tekið fullt tillit til greiðslna, sem hafi fengist af skuldabréfunum. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á með neinum þeim hætti, sem heimild er til í máli samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991, að skuldabréfin hafi verið afhent í öðru skyni en stefndi heldur fram, og verður því ekki fallist á þessa málsástæðu.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Dæma verður áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, svo sem greinir í dómsorði, en við ákvörðun hans er tekið tillit til þess, að áfrýjun málsins er með öllu að ófyrirsynju, sbr. 1. og 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristján Stefánsson, greiði stefnda, Hf. Eimskipafélagi Íslands, 300.000 krónur í málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. mars 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. mars sl., höfðaði Verðbréfamarkaður Fjárfestingarfélagsins hf., kt. 590789-2089, Hafnarstræti 7, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, þingfestri 13. nóvember 1990, á hendur Kristjáni Stefánssyni, kt. 010345-3169, Frostaskjóli 81, Reykjavík. Máli þessu var vikið til almennrar meðferðar 9. apríl 1991.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi greiði stefnanda skuld, að fjárhæð 2.063.141,96 kr., með dráttarvöxtum [...] auk málskostnaðar [...], allt að frádregnum innborgunum, að fjárhæð 100.000 kr. 11. okt. 1988, 114.573 kr. 21. sept. 1989, 100.000 kr. 5. okt. 1989, 50.000 kr. 16. okt. 1989, 130.000 kr. 11. júlí 1990, 133.553 kr. 20. júlí 1990 og 218.823 kr. 24. september 1990. [...]

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til vara er krafist lækkunar á stefnukröfum. Jafnframt er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar [...].

I.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt fjórum samhljóða nafnskuldabréfum, út gefnum í Reykjavík 26. nóv. 1987 af Blásteini

sf., hverju upphaflega að fjárhæð 470.000 kr., bundnum lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1841. Samkvæmt ákvæðum bréfanna skyldi endurgreiða lánin með átta afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 15. maí 1988, og skyldu bréfin ekki bera samningsvexti. Heimilt skyldi að gjaldfella eftirstöðvar skuldabréfanna, ef ekki væru staðin skil á greiðslum af bréfunum. Í bréfunum sé ákvæði um hæstu lögleyfðu dráttarvexti af vanskilum skuldarinnar. Skuldabréfin séu gefin út til Bryndísar Þráinsdóttur, sem hafi framselt skuldabréfin 1. des. 1987 Verðbréfasjóðnum hf. samkvæmt varðveittu umboði. Verðbréfasjóðurinn hf. hafi síðar framselt skuldabréfin stefnanda málsins samkvæmt varðveittu umboði.

Stefndi Kristján Stefánsson hafi ásamt Kjartani Daníelssyni og Jóni Þór Einarssyni tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldabréfanna, en Jóni og Kjartani sé ekki stefnt í máli þessu, þar sem dómur á hendur þeim til greiðslu skuldarinnar hafi þegar gengið í bæjarþingi Reykjavíkur. Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafi ekki verið staðin skil á greiðslum af bréfunum frá og með gjalddaga 15. maí 1988 að öðru leyti en að 100.000 kr. hafi verið greiddar 11. okt. 1988, 114.573 kr. 21. sept. 1989, 100.000 kr. 5. okt. 1989, 50.000 kr. 16. okt. 1989, 130.000 kr. 11. júlí 1990, 133.553 kr. 20. júlí 1990 og 218.823 kr. 24. september 1990.

Stefnandi sundurliðar stefnufjárhæðina svo:

Gjaldfallinn verðbættur höfuðstóll 15. maí 1988	kr.	2.062.791,96
Bankakostnaður	–	350,00
Samtals	kr.	2.063.141,96

Kveður stefnandi málið höfðað samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936. Dómkröfur séu studdar við reglur samninga- og kröfuréttar, en krafa um málskostnað við 12. kafla laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988. Krafa um dráttarvexti styðjist við lög nr. 25/1987. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðjist við lög nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili, og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefnda.

II.

Stefndi kveður málsatvikum ekki fyllilega rétt lýst. Hann kannast við að hafa ritað sem sjálfskuldarábyrgðarmaður á skuldabréfin 26. nóvember 1987. Hins vegar hafi kröfuhafinn, Bryndís Þráinsdóttir, lýst yfir því sama dag, að kæmi til framsals á þessum skuldabréfum, félli niður ábyrgð stefnda af bréfunum, sbr. yfirlýsingu Bryndísar, dags. 26. nóvember 1987.

Í málavaxtalýsingu stefnanda sé fullyrt, að Bryndís hafi framselt bréfin Verðbréfasjóðnum hf. 1. desember 1987 samkvæmt varðveittu umboði.

Þessu sé mótmælt af stefnda, þar sem slíkt framsal væri með öllu löglaust. Við munnlegan málflutning rökstuddi lögmaður stefnda þessa málsástæðu svo, að umboð Bryndísar Þráinsdóttur tæki samkvæmt orðalagi sínu aðeins til þeirra verðbréfa, sem hún hefði átt í vörslu sjóðsins við útgáfu þess 15. desember 1986, en þau bréf, sem hér sé deilt um, hafi verið gefin út 26. nóvember 1987.

Síðan segi, að Verðbréfasjóðurinn hf. hafi framselt skuldabréfin Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf. samkvæmt varðveittu umboði. Þessu sé einnig mótmælt. Hið rétta sé, að einhver (ólæsilegt) f. h. Fjárfestingarfélags Íslands framselji bréfin Verðbréfasjóðnum hf. Síðan sé það Marksjóðurinn hf., en ekki Verðbréfasjóðurinn hf., sem framselji skuldabréfin Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf. Af þessu sé ljóst, að framsöl skuldabréfanna séu ekki lögleg og um óslitna framsalsröð sé ekki að ræða.

Þá sé þess að engu getið, að stefndi hafi afhent lögmanni stefnanda, þ. e. Fjárheimtunni hf., fjögur skuldabréf 7. mars 1990, að fjárhæð samtals 2.000.000 kr., vegna þessara skuldabréfa, sem tvímælalaust eigi að koma til frádráttar stefnukröfum, ef til komi.

Sýknukröfu sína kveður stefndi reista á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili máls þessa. Hér sé um að ræða nafnbréf, sem ekki hafi verið breytt í handhafabréf. Framsal skuldabréfanna beri það með sér, að um óslitna framsalsröð sé ekki að ræða og sá aðili, sem framselji síðast bréfin til stefnanda, hafi ekki haft til þess formlega heimild, þar sem þau höfðu aldrei verið framseld honum. Þá liggi ekki fyrir í málinu, að hinn upprunalegi kröfuhafi, Bryndís Þráinsdóttir, hafi framselt bréfin Verðbréfasjóðnum hf.

Í núgildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði nr. 20/1989, 3. mgr. 5. gr., hafi aðeins verðbréfamiðlari heimild til framsals á verðbréfum í nafni viðskiptamanns samkvæmt skriflegu umboði. Þessi heimild nái því aðeins til verðbréfamiðlara samkvæmt 3. gr. laga nr. 20/1989, en ekki til annarra aðila, svo sem verðbréfasjóða. Hér sé um að ræða persónubundinn rétt, sem ekki taki til lögaðila. Í þessu efni sé einnig vísað til fyrri laga um þetta efni, þ. e. laga nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun, sem heimiluðu ekki slíkt framsal, en þau lög hafi verið í gildi, er ætlað framsal Bryndísar Þráinsdóttur sé sagt hafa farið fram.

Þá sé sýknukrafan einnig studd þeim rökum, að ábyrgð stefnda hafi fallið niður við ætlað framsal Bryndísar á bréfunum samkvæmt yfirlýsingu hennar frá 26. nóvember 1987. Formlega sé Bryndís enn kröfuhafi, og verði því stefnandi að sæta öllum þeim mótbárum, sem stefndi geti haft uppi gegn kröfum hennar.

Loks sé sýknukrafan studd þeim rökum, að stefnukrafan sé að fullu greidd, bæði með þeim innborgunum, sem tilgreindar séu í stefnu, svo og með þeim skuldabréfum, að fjárhæð 2.000.000 kr., sem afhent hafi verið lögmanni stefnanda 7. mars 1990.

Varakrafa stefnda beinist að því, að allar greiðslur eigi að draga frá höfuðstól stefnukröfunnar miðað við innborganir hverju sinni og vaxtakröfur stefnanda eigi því að miðast við höfuðstól hverju sinni að teknu tilliti til innborgana. Þá sé kröfu stefnanda um virðisaukaskatt á málskostnað mótmælt, þar sem lagaheimild til slíks sé ekki til að dreifa.

III.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál, en vikið til almennrar meðferðar, þegar tekið var til varna af hálfu stefnda.

Hinn 9. apríl 1991 lagði stefnandi fram greinargerð. Þar ítrekar hann, að málið sé höfðað og rekið samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936 og að stefndi fái aðeins komið að þeim vörnum í málinu, sem heimilaðar séu samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936.

Stefnandi kveðst mótmæla þeirri sýknuástæðu stefnda, að framsalsröð skuldabréfanna hafi rofnað og að stefnandi sé því ekki réttur aðili málsins. Kveður hann framsal Bryndísar Þráinsdóttur á skuldabréfum til Verðbréfasjóðsins hf. skv. varðveittu umboði til Fjárfestingarfélags Íslands hf. hvorki brjóta í bága við lög um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði nr. 20/1989 né eldri lög um verðbréfamiðlun nr. 27/1986.

Hinn 1. desember 1987, þegar starfsmaður Fjárfestingarfélags Íslands hf. hafi fyrir hönd félagsins framselt skuldabréfin Verðbréfasjóðnum hf. samkvæmt varðveittu umboði, hafi verið í gildi lög nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. þeirra laga sé „verðbréfamiðlara“ heimilað að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns samkvæmt varðveittu umboði. Í 2. mgr. 2. gr. laganna sé það skilgreint, hver geti verið „verðbréfamiðlari“ samkvæmt lögunum, og sé skilgreiningin þannig: „Með verðbréfamiðlara er í lögum þessum átt við þann sem fengið hefur leyfi skv. 4. gr. og þá sem starfa undir stjórn og á ábyrgð hans að verðbréfamiðlun.“ Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1986 sé félagi eða stofnun heimilað að reka verðbréfamiðlun að fullnægðu m. a. því skilyrði, að sá, sem veitir verðbréfamiðluninni forstöðu, hafi leyfi sem verðbréfamiðlari skv. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Forstöðumaður Fjárfestingarfélags Íslands hf. hafi haft leyfi sem verðbréfamiðlari, þegar skuldabréfin hafi verið framseld, og með vísan til 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1986 hafi Fjárfestingarfélagi Íslands hf. því verið heimilt að reka verðbréfamiðlun og jafnframt starfsmanni félagsins heimilt að framselja skuldabréfin fyrir hönd félagsins.

Stefnandi kveðst jafnframt fylgja reglum samningaréttar um umboð því til stuðnings, að framsalsröð skuldabréfanna sé órofin. Stefndi haldi því fram, að stefnandi sé ekki réttur aðili málsins, þar sem Marksjóðurinn hf. hafi framselt skuldabréfin stefnanda, en ekki Verðbréfasjóðurinn hf. Dómskjal nr. 13 sé umboð frá m. a. Verðbréfasjóðnum hf. og Marksjóðnum hf. til lögmanns stefnanda, Þorsteins Einarssonar hdl., til að framselja skuldabréf fyrir hönd hlutafélaganna til stefnanda máls þessa. Þegar lögmaðurinn hafi framselt skuldabréfin stefnanda málsins, Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf., hafi orðið sú ritvilla við áritun framsala, að framseljandi hafi ranglega verið greindur Marksjóðurinn hf., en ekki Verðbréfasjóðurinn hf. Í stefnu sé því hins vegar rétt lýst, að Verðbréfasjóðurinn hf. sé framseljandi skuldabréfanna. Stefnandi kveðst byggja á því, að um bersýnilega ritvillu sé að ræða við framsal skuldabréfanna, sem geti ekki leitt til þess, að framsalsröð teljist rofin, og að stefnanda sé því heimilt að leiðrétta fyrrgreinda ritvillu.

Stefnandi kveðst mótmæla þeirri sýknuástæðu stefnda, að sjálfskuldarábyrgð hans hafi fallið niður við framsal skuldabréfanna til Verðbréfasjóðsins hf. 1. desember 1987. Því sé mótmælt, að fram lögð yfirlýsing Bryndísar, dags. 26. nóvember 1987, geti haft áhrif í máli þessu. Mál þetta sé höfðað og rekið skv. 17. kafla laga nr. 85/1936, og um kröfu stefnanda gildi réttarreglur um viðskiptabréf. Samkvæmt þeim reglum glatist sú mótbára við framsal skuldabréfanna gagnvart stefnanda, sem sé grandlaus framsalshafi, sem lýtur að því, að ábyrgð stefnda á greiðslu skuldabréfsins sé niður fallin.

Stefnandi kveðst mótmæla þeirri fullyrðingu stefnda, að stefnukrafan sé að fullu greidd. Skuldabréfin beri það ekki með sér, að þau séu greidd að fullu. Það sé rétt, er segi í greinargerð stefnda, að vegna máls þessa hafi stefndi afhent stefnanda 7. mars 1990 fjögur skuldabréf, samtals að fjárhæð 2.000.000 kr. Það sé hins vegar ekki rétt, að stefnandi hafi móttekið skuldabréfin sem greiðslu stefnukröfunnar, heldur hafi skuldabréfin verið sett stefnanda að handveði til tryggingar greiðslu stefnukröfunnar. Skuldari þeirra skuldabréfa hafi greitt samtals 482.376 kr. inn á skuldabréfin, og hafi sú fjárhæð komið sem innborgun á mál þetta, 130.000 kr. 11. júlí 1990, 133.553 kr. 20. júlí 1990 og 218.823 kr. 24. september 1990.

Krafa um 24,5% virðisaukaskatt á málskostnað styðjist við lög nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og til að stefnandi komi skaðlaus út úr málshöfðuninni, sé nauðsynlegt að taka tillit til 24,5% virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar.

IV.

Í stefnu er framsölum veðskuldabréfanna þannig lýst: „Skuldabréfin eru gefin út til Bryndísar Þráinsdóttur, sem framseldi skuldabréfin 1. 12. 1987 til Verðbréfasjóðsins hf. skv. varðveittu umboði. Verðbréfasjóðurinn hf. framseldi síðar skuldabréfin til stefnanda þessa máls, Verðbréfamarkaðar Fjárfestingarfélagsins hf., skv. varðveittu umboði.“ Stefnandi hefur lagt fram skuldabréf þau, sem hann reisir á kröfur sínar, og eru þau í samræmi við lýsingu í stefnu að öðru leyti en því, að það er Fjárfestingarfélag Íslands hf., verðbréfamarkaður, sem áritar framsal bréfanna til Verðbréfasjóðsins hf. samkvæmt varðveittu umboði. Umboð þetta hefur verið lagt fram, og er það frá Bryndísi Þráinsdóttur, en bréfin voru gefin út henni til handa. Þykir því augljóst, að Fjárfestingarfélag Íslands framselji veðskuldabréfin fyrir hönd Bryndísar Þráinsdóttur samkvæmt varðveittu umboði. Þá er síðara framsal áritað svo sem framseljandi sé Marksjóðurinn hf., en stefnandi heldur því fram í greinargerð, að framseljandi sé í raun Verðbréfasjóðurinn hf., eins og lýst sé í stefnu, og það sé ritvilla, eins og framsalið sé skráð á bréfunum.

Af hálfu stefnda var við munnlegan málflutning sett fram sú málsástæða, að þar sem hér væri um mál að ræða, sem rekið væri samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, ætti stefnandi að bera halla af því, að bréfunum væri að þessu leyti ekki nákvæmlega lýst í stefnu, sem og, ef framsöl væru ekki hárrétt. Ekki var þó krafist frávísunar málsins frá dómi, en látið að því liggja, að ástæða væri til að vísa því frá dómi ex officio. Þar sem sótt hefur verið þing af hálfu stefnda og hann er upplýstur um alla málavexti, þykir ekki ástæða til að fallast á þá málsástæðu stefnda, að hér sé um slíka vanreifun málsins að ræða, að varða eigi stefnanda réttarspjöllum. Tilgangur XVII. kafla laga nr. 85/1936 er að auðvelda eigendum tiltekinna krafna málsókn, en ekki öfugt. Stefnandi hefur margkrafist þess, að farið sé með málið samkvæmt þeim ákvæðum.

Fyrra framsal veðskuldabréfanna er gert af starfsmanni Fjárfestingarfélags Íslands hf., verðbréfamarkaði, til Verðbréfasjóðsins hf., og er skráð, að það sé gert samkvæmt varðveittu umboði. Lagt hefur verið fram í málinu umboð Bryndísar Þráinsdóttur, sem er upphaflegur skráður eigandi skuldabréfanna, til Fjárfestingarfélags Íslands hf. Það er dagsett 15. desember 1986 og veitir Fjárfestingarfélagi Íslands hf. „fullt og ótakmarkað umboð til að framselja í mínu nafni til handhafa, eyðuframsali eða til tiltekins aðila, verðbréf, er ég á í þess vörslu“. Umboðið er veitt samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 27/1986, og fer framsalið fram í gildistíð þeirra laga. Ekki verður fallist á það með stefnda, að túlka skuli orðalagið „á í þess vörslu“ það

þröngt, að umboðið verði einungis talið taka til þeirra bréfa, er Bryndís átti í vörslu Fjárfestingarfélags Íslands hf. á útgáfudegi umboðsins. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að það hafi verið vilji hennar, að umboðið næði ekki til þessara bréfa. Því hefur ekki verið haldið fram, að hún hafi afturkallað umboðið. Veðskuldabréfin þykja því hafa verið framseld fyrir hönd og með vilja Bryndísar Þráinsdóttur til Verðbréfasjóðsins hf.

Sú athöfn, sem hér er deilt um, þykir falla undir verðbréfamiðlun, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1986. Í gildistíð sömu laga var félagi eða stofnun heimilt að reka verðbréfamiðlun samkvæmt 2. mgr. 4. gr. að því tilskildu, að sá maður, sem veitti verðbréfamiðluninni forstöðu og hefði daglega stjórn hennar með höndum, hefði leyfi til slíkrar starfsemi. Stefnandi fullyrðir, að forstöðumaður Fjárfestingarfélags Íslands hf. hafi haft leyfi sem verðbréfamiðlari. Þessari fullyrðingu er ómótmælt af hálfu stefnda, en hann heldur því hins vegar fram, að hér hafi verið um persónubundinn rétt að ræða, sem takmarkast hafi við leyfishafann sjálfan. Um þetta fjallar 2. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1986, en ákvæðið hljóðar svo: „Með verðbréfamiðlara er í lögum þessum átt við þann sem fengið hefur leyfi samkvæmt 4. gr. og þá sem starfa undir stjórn og á ábyrgð hans að verðbréfamiðlun.“ Af hálfu stefnanda hefur verið upplýst, að fyrra framsalið sé gert af Ingibjörgu Leifsdóttur, sem var starfsmaður Fjárfestingarfélags Íslands hf. á þeim tíma, sem framsalið fór fram. Verður að líta svo á, að hún hafi starfað undir stjórn og á ábyrgð forstöðumannsins og framsalið því einnig að þessu leyti verið gert af þar til bærum aðila lögum samkvæmt.

Að því er varðar hið síðara framsal, er um það deilt, hvort um óslitna framsalsröð sé að ræða eða ekki og hvort stefnandi sé réttur aðili málsins. Stefndi heldur því fram, að sá aðili, er framselur veðskuldabréfin stefnanda, hafi ekki haft til þess formlega heimild. Hinn 1. mars 1990 veitir Friðrik Jóhannsson, framkvæmdastjóri Verðbréfasjóðsins hf., Marksjóðsins hf., Frjálsa lífeyrissjóðsins hf. og Tekjusjóðsins hf., umboð til handa Sigurði G. Guðjónssyni hrl. og nafngreindum fulltrúum hans, þar með töldum Þorsteini Einarssyni, „til að framselja skuldabréf fyrir hönd ofangreindra hlutafélaga til Verðbréfamarkaðar Fjárfestingarfélagsins hf.“. Hið síðara framsal bréfanna er ritað af Þorsteini Einarssyni samkvæmt ofangreindu umboði til Verðbréfamarkaðar Fjárfestingarfélagsins hf. frá Marksjóðnum hf. Stefnandi fullyrðir í greinargerð sinni, að hér hafi orðið ritvilla, þar sem framseljandi sé Verðbréfasjóðurinn hf., en sé ranglega talinn Marksjóðurinn hf., og hafi mistök þessi orðið, þar sem sami aðili fór með umboð fyrir báða sjóðina. Þessu til staðfestu hefur hann lagt fram yfirlýsingu, sem er svohljóðandi:

„Því er hér með lýst yfir fyrir hönd Verðbréfasjóðsins hf., kt. 510185-1109, Hafnarstræti 7, Reykjavík, að Þorsteini Einarssyni hdl., Suðurlandsbraut 4 A, Reykjavík, var heimilt að framselja til Verðbréfamarkaðar Fjárfestingarfélagsins hf., kt. 590789-2989, Hafnarstræti 7, Reykjavík, fjögur samhljóða skuldabréf, útg. 26. 11. 1987, af Blásteini sf., hvert að fjárhæð 470.000 kr., verðtryggt með lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1841. Skuldabréfin voru upphaflega gefin út til Bryndísar Þráinsdóttur. Skuldabréfin voru framseld Verðbréfasjóðnum hf. með varðveittu umboði, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 27/1986. Ingibjörg Leifsdóttir, starfsmaður Fjárfestingarfélags Íslands hf., undirritaði framsölin á grundvelli hins varðveitta umboðs.

Verðbréfamarkaður Fjárfestingarfélagsins hf. er verðbréfafyrirtæki, sbr. III. kafla laga nr. 20/1989, sem sér bæði um rekstur Verðbréfasjóðsins og Marksjóðsins hf. og kemur fram fyrir þeirra hönd í dómsmálum vegna ákvæða 18. gr. laga nr. 20/1989.

Tekið skal fram, að Marksjóðurinn hf., kt. 680487-1629, Hafnarstræti 7, Reykjavík, var aldrei eigandi ofangreindra skuldabréfa.

Reykjavík, 6. 3. 1992.
F. h. Verðbréfasjóðsins hf. og Marksjóðsins hf.,
Einar Sigurjónsson hdl.,
deildarstjóri verðbréfamats- og innheimtudeildar.“

Þykir með þessari yfirlýsingu upplýst, að Marksjóðurinn hf. hafi aldrei verið eigandi veðskuldabréfanna og að þau hafi í hið síðara skipti verið framseld í samræmi við vilja eigenda þeirra, Verðbréfasjóðsins hf., og af þar til bærum aðila. Þykir stefnanda heimilt að sýna fram á, að mistök hafi orðið við framsal, og vera rétt að leiðrétta þau með þeim hætti, sem gert hefur verið. Framsalsröð þykir því ekki hafa verið rofin. Þykir stefnandi hafa sýnt fram á eignarrétt sinn að hinum umstefndu skuldabréfum, og telst hann því réttur og löglegur aðili að þessu máli. Krafa stefnda um sýknu vegna aðildarskorts er ekki tekin til greina.

Stefndi getur haft uppi vörn þá, sem reist er á yfirlýsingu Bryndísar Þráinsdóttur, dagsettri sama dag og veðskuldabréfin eru út gefin, 26. nóvember 1987, að stefndi losni undan ábyrgð, komi til framsals á bréfunum. Stefndi hefur lagt fram yfirlýsingu þessa, sem er á lausu blaði, sbr. 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Hennar er hins vegar að engu getið á bréfunum sjálfum, svo sem nauðsyn ber til, ef skerða á rétt framsalshafa. Stefndi hefur ekki sannað grandsemi Verðbréfasjóðsins hf., og þykir mótbára þessi því hafa tapast við framsal hans. Ekki hafa heldur komið fram rök af hálfu stefnda, er raski þeirri meginreglu, að mótbára rakni ekki við að nýju, hafi hún glatast. Málsástæðu þessari er því hafnað.

Þar sem mál þetta er rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, verður ekki gegn mótmælum stefnanda fjallað um þá varnarástæðu, að skuldin sé greidd, né heldur, að fara hafi átt með innborganir inn á skuldina á annan hátt en gert var. Sýknukrafa stefnda, sem reist er á þessari málsástæðu, og varakrafa hans eru því ekki teknar til greina.

Við ákvörðun málskostnaðar er litið til þess, að mál var áður höfðað vegna sömu veðskuldabréfa gegn samskuldurum stefnda og dómur kveðinn upp í því 5. október 1990. Stefnda var upphaflega stefnt í því máli, en fallið frá kröfum á hendur honum. Ekki hefur verið sýnt fram á, að ógerlegt hafi verið að fram halda málsókn á hendur honum þá. Þegar þetta er virt, þykir málskostnaður, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dómsins, hæfilega ákveðinn 50.000 kr.

Gegn mótmælum stefnda þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á það á fullnægjandi hátt, að hann sé ekki virðisaukaskattsskyldur vegna þeirrar starfsemi, er málsókn þessi felur í sér, og er virðisaukaskattur á málskostnað því ekki ákveðinn.

Hjördís Hákonardóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Stefánsson, greiði stefnanda, Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf., 2.063.141,96 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. maí 1988 til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum, að fjárhæð 100.000 kr. 11. október 1988, 114.573 kr. 21. september 1989, 100.000 kr. 5. október 1989, 50.000 kr. 16. október 1989, 130.000 kr. 11. júlí 1990, 133.553 kr. 20. júlí 1990 og 218.823 kr. 24. september 1990 og 50.000 kr. í málskostnað með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dómsins til greiðsludags.

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 48/1994. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jónasi Garðari Erlingssyni
(Sveinn Snorrason hrl.)

Þjófnaður. Hlutdeild. Birting dóms. Skilorðsrof. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi í heild sinni, og var málinu þá af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. janúar 1994 og krafist þyngingar á refsingu. Af hálfu annarra ákærðu hefur héraðsdómi ekki verið áfrýjað.

Krefst ákærði þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins og skaðabótakröfu Tryggingar hf. Til vara er þess krafist, að meðferð málsins í héraði verði ómerkt frá aðalmeðferð og því vísað heim í hérað að nýju, en til þrautavara, að dæmt verði, að hann hafi ekki rofið skilorð dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 21. desember 1992 og „að refsing verði metin með hliðsjón af 77. og/eða 78. gr. almennra hegningarlaga og ekki aukin frá því, sem í þeim dómi var til tekin, og skilorð látið haldast".

Ákæruvaldið krefst nú staðfestingar á sakfellingu ákærða og refsiákvörðun héraðsdóms.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa veitt meðákærðu liðsinni sitt við framkvæmd brots þeirra með því að hafa tjáð einum meðákærða, að umrætt hús væri hentugt til innbrots, og síðan ekið ásamt honum að húsinu og sýnt honum það, gefið upplýsingar um íbúa hússins og verðmæti þar innan dyra og þannig hvatt hann til að brjótast inn í húsið. Hefur ákærði viðurkennt þá verknaðarlýsingu, sem fram kemur í ákæru, og er málið því réttilega dæmt á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Er brotið réttilega heimfært til refsiákvæða.

Brot ákærða var framið, eftir að dómur var kveðinn upp í Hér-

aðsdómi Reykjavíkur 21. desember 1992 í öðru opinberu máli yfir honum og sex öðrum mönnum. Sá dómur var hins vegar ekki birtur ákærða fyrr en 16. janúar 1993 og þar með eftir að brot það, sem hér er til úrlausnar, var framið. Lýsti hann þá yfir, að hann myndi una dóminum, en samkvæmt honum var ákærða gert að sæta fangelsi í þrjá mánuði skilorðsbundið.

Með því að birting dómsins hafði ekki farið fram, verður ekki lagt til grundvallar, að háttsemi sú, sem ákærði hefur nú gerst sekur um, hafi falið í sér skilorðsrof. Verður refsing ákærða ákveðin með hliðsjón af meginreglu 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir hún samkvæmt þessu og með hliðsjón af atvikum málsins hæfilega metin fangelsi í tvo mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta til tjónþola. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að ekki verður ráðið af endurriti úr þinghaldi fyrir héraðsdómi, að ákærði hafi verið yfirheyrður sjálfstætt um málsatvik, áður en lögregluskýrsla var borin undir hann. Þá kemur ekki fram í bókun héraðsdómara, að athygli ákærða hafi verið vakin á rétti hans til að fá skipaðan verjanda. Ber að átelja þetta, en ekki þykir, eins og hér stendur á, alveg næg ástæða til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm af þessum sökum.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jónas Garðar Erlingsson, sæti fangelsi í tvo mánuði. Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnað er staðfest, hvað hann varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 18. nóvember 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 18. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Sveini Sigurkarlssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-228/1993: Ákæruvaldið gegn X, Y, Jónasi Garðari Erlingssyni og Z, sem tekið er til dóms í dag.

Þáttur ákærða X var skilinn frá málinu vegna veru hans erlendis.

Málið er höfðað með ákæru, út gefinni af ríkissaksóknara 26. október gegn X [...], Y [...], Jónasi Garðari Erlingssyni, Breiðvangi 1, Hafnarfirði, fæddum 13. apríl 1973, fæðingarnúmer 466, og Z [...], fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I.

Ákærðu X, Y og Z er gefið að sök að hafa að morgni föstudags 8. janúar 1993 farið inn í íbúðarhúsið að Sunnuflöt 33 í Garðabæ og stolið þaðan geislaspilara, segulbandstæki, útvarpsmagnara, sjónvarpstæki, myndbandstæki, myndlykli, nokkrum myndbandsspólum, 6 demantshringum, 3 gullhringum, 2 gullkeðjum, 2 gullarmböndum, perluarmbandi, perluhálsmeni, gullúri, tveimur símtækjum, klukku, þremur kaktusum, þremur gólfmottum, hvítvínsflösku, nokkru magni af vindlingum og bjór og nokkrum tékkheftum, alls að áætluðu verðmæti 981.100 kr. Ákærða Jónasi Garðari er gefið að sök að hafa veitt meðákærðu liðsinni sitt við framkvæmd brots þeirra með því að hafa fimmtudagskvöldið 7. janúar 1993 tjáð meðákærða X, að umrætt hús væri hentugt til innbrots, og síðan ekið ásamt meðákærða X að húsinu og sýnt honum það, gefið upplýsingar um íbúa hússins og verðmæti þar innan dyra og hvatt meðákærða X til að brjótast inn í húsið.

Telst háttsemi ákærðu X, Y og Z varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og ákærða Jónasar Garðars við 244. gr., sbr. 22. gr. sömu laga.

– – –

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu krefst Trygging hf. skaðabóta, 332.100 kr.

Er málið dæmt samkvæmt 125. gr. oml., en með skýlausri játningu ákærðu þykir sannað, að þeir hafi framið brot það, sem þeim er gefið að sök og réttilega er fært til refsiákvæða í ákæru.

Við ákvörðun refsingar ákærðu telur dómari, að 2. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga eigi við.

– – –

II.

Ákærði Jónas Garðar hefur áður sætt refsingu fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga, einu sinni 10/12 1992, auk þess sem hann var dæmdur í 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið til tveggja ára 21/12 1992 fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og rg. nr. 16/1986, 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 111. gr. alm. hgl. Hefur ákærði því með broti sínu nú rofið skilorð það, sem honum var sett í dóminum frá 21/12 1992, og það mál því dæmt með skv. 60. gr. alm. hgl. og refsing tiltekin eftir reglum 77. gr. s. l.

Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærða Jónasar Garðars hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Eftir kröfu Tryggingar hf., sem ákærði hefur mótmælt, að honum beri að greiða, þykir þó rétt að dæma hann óskipt ásamt meðákærðu til greiðslu skaðabótakröfunnar. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar óskipt ásamt meðákærðu.

– – –

Dómsorð:

Ákærði Y sæti fangelsi í 8 mánuði, en fresta skal fullnustu 6 mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Ákærði Jónas Garðar Erlingsson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Z sæti fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja og hálfs mánaðar af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Ákærðu greiði óskipt Tryggingu hf. skaðabætur, að fjárhæð 332.100 kr.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 221/1993. **Páll Davíðsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Steinþóri Hlöðverssyni og
Ragnheiði Steinsen
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
og gagnsök

Gatnagerðargjald. Kaupsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1993. Hann krefst þess, að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmd til að greiða 225.424 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af 90.000 krónum frá 20. mars 1991 til 15. júlí 1991, en af 225.424 krónum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 23. júlí 1993. Þau krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að þeim verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefjast þau málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti hélt aðaláfrýjandi því fram, að gagnáfrýjendum hefði borið að krefjast viðurkenningar á „meintri skaðabótakröfu sinni“ og „á rétti sínum til að halda eftir eigin greiðslu eða til að skuldajafna“. Gagnáfrýjendur mótmæltu þessum „málsástæðum“ sem of seint fram komnum.

Svo sem greint er í héraðsdómi, byggðu stefndu í héraði sýknukröfu sína á því, að þeim hefði verið heimilt að skuldajafna greiðslu sinni til Bessastaðahrepps á hinu umdeilda B-gatnagerðargjaldi við kröfur stefnanda, og er þar tekið fram, að ekki hafi verið tölulegur ágreiningur í málinu. Er ekki að sjá, að af hálfu stefnanda hafi í héraði verið bornar brigður á þessa framsetningu stefndu á kröfum sínum. Kemur hún því ekki til sérstakrar skoðunar fyrir Hæstarétti.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi. Svo sem þar kemur fram, var lagt fram bréf Bessastaðahrepps 11. mars 1992, þar sem fram kemur að við gerð fjárhagsáætlunar, sem hafi endanlega verið samþykkt 12. mars 1990, hafi verið ákveðið „að ráðast í framkvæmdir við götuna Smáratún og innheimta gatnagerðargjald, B-hluta, í samræmi við áður útgefna stefnumörkun hreppsnefndar". Eigi verður séð, að upplýsingar um þessa ákvörðun sveitarstjórnar hafi út af fyrir sig verið dregnar í efa af hálfu aðaláfrýjanda við málsmeðferð í héraði. Fyrir liggur og í skjölum málsins, að einn íbúi Smáratúns hefur greitt gatnagerðargjald þetta, 218.662 krónur, 20. maí 1990. Fallast ber því á með héraðsdómara, að nægilega sé í ljós leitt af gagnáfrýjenda hálfu, að álagning gjaldsins hafi í raun farið fram á árinu 1990, áður en kaupsamningur aðila var gerður 18. desember sama ár.

Í kaupsamninginn var sett svofellt ákvæði að beiðni gagnáfrýjenda: „Öll álögð gjöld vegna byggingarinnar eru á kostnað seljanda." Ákvæði þetta ber að skýra samkvæmt orðanna hljóðan, og samkvæmt því var greiðsla B-gatnagerðargjaldsins á ábyrgð aðaláfrýjanda, en ekki gagnáfrýjenda. Að þessu athuguðu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Páll Davíðsson, greiði gagnáfrýjendum, Steinþóri Hlöðverssyni og Ragnheiði Steinsen, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 14. apríl 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. mars 1993, hefur Páll Davíðsson, kt. 231043-2099, Stakkholti 3, Reykjavík, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness með stefnu, birtri 10. 12. 1992, á hendur Steinþóri Hlöðverssyni, kt. 121062-4299, og Ragnheiði Steinsen, kt. 130363-4319, báðum til heimilis að Smáratúni 13, Bessastaðahreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að

greiða stefnanda 225.424 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 90.000 kr. frá 20. mars 1991 til 15. júlí 1991, en af 225.424 kr. frá þeim degi til greiðsludags [...], og að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Stefnandi skuldbindur sig til að gefa stefndu afsal fyrir fasteigninni nr. 13 við Smáratún í Bessastaðahreppi, um leið og allar skuldir hafa að fullu verið upp gerðar.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði alsýknuð af öllum kröfum stefnanda og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað [...].

II.

Með kaupsamningi, dagsettum 18. 12. 1990, keyptu stefndu, Steinþór og Ragnheiður, fasteignina nr. 13 við Smáratún í Bessastaðahreppi af stefnanda, Páli.

Mál þetta snýst um það, hvort seljanda eða kaupanda eignarinnar beri að greiða svokallað B-gatnagerðargjald, sem Bessastaðahreppur krafði og stefndu greiddu 20. 9. 1991, en fyrir gjaldinu var lögveð í eigninni, og stefnandi synjaði um greiðslu þess.

Ekki er tölulegur ágreiningur í málinu. Stefnukrafan sundurliðast þannig:

Greiðsla samkvæmt kaupsamningi, er gjaldféll 15. júlí 1991	kr.	135.424
Húsaleiga, er stefndu áttu að greiða samkvæmt kaupsamningi 20. mars 1991	kr.	90.000
Samtals stefnukrafan	kr.	225.424
Stefndu vilja skuldajafna greiðslu til Bessastaðahrepps 6. ágúst 1992	kr.	233.010
Neikvæður mismunur, ekki er gagnstefnt	kr.	−7.586
	Kr.	225.424

Í greinargerð stefndu segir svo:

„Ef reynt er að einangra álitaefnið, snýst það eingöngu um það, hvor aðila málsins eigi að greiða B-gatnagerðargjaldið. Ef það eru stefndu, verður ekki annað séð en dæma verði þau til að greiða kröfur stefnanda, en ef það er stefnandi, verður ekki annað séð en sýkna verði stefndu af kröfum hans, og í framhaldi mun stefnandi væntanlega gefa út afsal fyrir eigninni, sbr. yfirlýsingu í stefnu."

III.

Stefnandi málsins, Páll Davíðsson, eignaðist Smáratún 13 í október 1988, en fékk eignina þó ekki afhenta fyrr en um ári síðar. Stefndu gerðu

stefnanda tilboð í eignina 9. desember 1990. Eignin var ekki fullgerð, og í tilboðinu segir m. a. eftirfarandi:

„Tilboð þetta miðast við, að bílskúrinn sé fokheldur með slípaðri plötu og lóð grófjöfnuð. Gluggar klárast að innan, hurðir fylgja með, loftlistar fylgja, og öll álögð gjöld verði á kostnað seljanda."

Finnbogi Kristjánsson, sölumaður í fasteignasölunni Húsvangi, aðstoðaði stefndu við tilboðsgerð. Þar eð ekki var fullljóst, hvaða gjöld hvíldu á eigninni, fór stefnandi á skrifstofu hreppsins, fékk sundurliðað, hverjar skuldir væru, greiddi þær og kom kvittun fyrir greiðslu á skrifstofu Húsvangs, fasteignasölu, áður en gengið yrði frá kaupsamningi. Hinn 18. desember var skrifað undir samning. Stefndu skuldbundu sig til þess að greiða samtals 11.400.000 kr., m. a. með eftirfarandi hætti skv. A-kafla kaupsamnings:

1.	Við undirskrift samnings	kr.	400.000
	Afhendingu á íbúð að Digranesvegi 56, Kópavogi ..	kr.	3.593.752
2.	Hinn 1. febrúar 1991	kr.	454.392
3.	Hinn 15. júlí 1991 .....kr.		135.424

Stefndu skuldbundu sig til þess að taka að sér greiðslur áhvílandi lána, og samið var um, að þau greiddu stefnanda leigu fyrir íbúðina að Digranesvegi 56, samtals 90.000 kr., og átti sú greiðsla að fara fram 20. mars 1991.

Í kaupsamningi segir m. a. um nánari lýsingu byggingarstigs:

„Öll álögð gjöld vegna byggingarinnar eru á kostnað seljanda."

Viðar Böðvarsson, viðskiptafræðingur hjá Húsvangi, gekk frá kaupsamningi og tók ákvæði þetta beint upp úr kauptilboði, og er ósannað, að það hafi verið frekar rætt.

Í kaupsamningi er auk þess prentað ákvæði þess efnis, að kaupandi hirði frá afhendingartíma allan arð eignarinnar og greiði af henni skatta og skyldur, en seljandi til sama tíma. Afhending fór fram tveimur dögum eftir undirritun kaupsamnings.

Stefndu hafa borið það fyrir sig, að ógreidd séu svokölluð B-gatnagerðargjöld af eigninni. Telja þau, að greiðsla þessara gjalda sé á ábyrgð stefnanda, og því sé þeim heimilt að halda eftir áðurnefndum greiðslum skv. kaupsamningi.

Stefndu benda á, að í kaupsamningi stefnanda, þegar hann eignaðist fasteignina 16. okt. 1988, komi m. a. fram, að kaupandi greiði tiltekin gjöld, sem ekki eru tiltekin í hlut seljanda. Þar sem A-hluti gatnagerðargjalda sé þar sérstaklega talinn upp á kostnað seljanda, hafi stefnanda mátt vera ljóst, að B-hlutinn væri eftir á hans kostnað. Hann hafi ekki greitt hann, er hann seldi stefndu eignina, og hafi hann því átt að gera þeim sérstaka grein fyrir því. Það hafi hann ekki gert. Stefndu hafi hins vegar haft hugmynd um, að

hugsanlegt væri, að einhver gjöld gætu verið á lögð, en ógreidd, og því krafist þess, að inn í kaupsamning aðila yrði settur fyrirvari um, að öll álögð gjöld vegna byggingarinnar væru á kostnað seljanda. Þegar kaupin fóru fram 18. des. 1990, hafi malbikun götunnar verið lokið og búið að setja upp götulýsingu og steypa gangstétt öðrum megin. Eftir var að steypa gangstéttina hinum megin.

Stefndu fengu eignina afhenta 20. desember 1990. Hinn 7. maí 1991 skrifaði Sigurður Valur Ásbjarnarson, sveitarstjóri Bessastaðahrepps, stefnda Steinþóri bréf um framkvæmdir við Smáratún. Segir þar, að Bessastaðahreppur muni innheimta B-gatnagerðargjald síðar í mánuðinum, en „gjaldið er lagt á á því ári, sem framkvæmdum lýkur". Hinn 18. júní 1991 sendi sveitarstjóri stefnanda, Páli, bréf að Smáratúni 13, um, að framkvæmdum myndi ljúka sumarið 1991, og segir m. a. í bréfi þessu: „Gjaldið er lagt á frá og með 1. ágúst 1991." Hinn 5. september 1991 sendi skrifstofustjóri hreppsins stefnanda ítrekunarbréf að Smáratúni 13 um innheimtu B-gatnagerðargjalda vegna framkvæmda við gangstétta- og slitlagagerð á árinu 1990 og 1991 og bendir á, að „uppgjör skyldi hafa farið fram fyrir 1. ágúst 1991".

Frekari samtímabréf eða tilkynningar frá sveitarstjórn Bessastaðahrepps til eigenda eigna við Smáratún, segja málsaðilar, að ekki hafi fundist.

Þegar kaupendur fengu upplýsingar um það frá hreppnum, að B-hluti gatnagerðargjalds væri ógreiddur vegna hússins, rituðu þau stefnanda bréf 13. 5. 1991 og kröfðust þess, að hann greiddi þetta gjald. Jafnframt útveguðu stefndu sér gögn frá hreppnum, þar sem fram kom, að hreppurinn hafði greitt Loftorku hf. að fullu fyrir gatnagerðarframkvæmdirnar 12. okt. 1990. Í umræddu bréfi stefndu frá 13. 5. 1991 segir:

„Með bréfi þessu viljum við senda þér ljósrit af bréfi og reikning frá sveitarstjóra Bessastaðahrepps vegna ágreinings, hver greiða skuli gatnagerðargjöld.

Í fyrsta lagi teljum við, að seljandi eigi að greiða gatnagerðargjöldin, þar sem framkvæmdir við slitlag og gangstéttir var unnið á tímabilinu júlí-ágúst og þar með lokið, er við kaupum Smáratún 13.

Í öðru lagi létum við sérstaklega taka fram í kaupsamningi, að öll álögð gjöld séu á kostnað seljanda.

Og í þriðja lagi er hvergi tekið fram í kaupsamningi, að gatnagerðargjöld séu ógreidd."

Stefnandi hefur frá upphafi harðlega mótmælt því, að honum beri að greiða umrædd B-gatnagerðargjöld.

Eftir að deilan í máli þessu var risin, óskuðu stefndu tæmandi upplýsinga

sveitarstjóra um það, hvernig álagning hins umþrætta gjalds hefði farið fram. Í svarbréfi sveitarstjóra, dags. 11. 3. 1992, segir:

„Vegna fyrirspurnar þinnar, er varðar álagningu gatnagerðargjalda, vill undirritaður taka eftirfarandi fram:

Sveitarfélagið tilkynnti íbúum allra gatna, á hvaða ári farið yrði í framkvæmdir við slitlagagerð. Þessi yfirlýsing er sett fram á árinu 1987.

Við gerð fjárhagsáætlunar, sem var endanlega samþykkt 12. mars 1990, var ákveðið að ráðast í framkvæmdir við götuna Smáratún og innheimta gatnagerðargjald, B-hluta, í samræmi við áður útgefna stefnumörkun hreppsnefndar. Þar sem ekki var hægt að ljúka við framkvæmdina á því ári, var ákveðið að fresta innheimtu á álögðu gjaldi fram yfir framkvæmdirnar. Þetta var gert, en þó er rétt að geta þess, að fáeinir gengu frá gjaldinu haustið 1990.

Málsmeðferð slíkra mála hefur verið sú, að seljandi taki fram í afsali, að gjaldið sé ógreitt. Fasteignasali spyrst einnig fyrir um það hjá skrifstofu Bessastaðahrepps, hvort eign, sem er í sölumeðferð, sé skuldlaus við sveitarfélagið.

Gjaldið mátti greiða 1/4 út og eftirstöðvar á fjórum árum."

Með bréfi, dags. 26. mars 1992, óskaði lögmaður stefndu skýringa á misræmi í bréfum sveitarstjóra varðandi það, hvenær álagning hefði farið fram. Sveitarstjóri svaraði með bréfi, dags. 31. mars 1992, og segir þar m.a.: „Álagning fór fram á árinu 1990. Bréfið 18. júní 1991 segir til um innheimtu á gjaldinu og hvernig megi greiða það. Eins og fram kemur í bréfum þessum, var ekki hægt að innheimta gjaldið, fyrr en framkvæmdum var lokið (sjá reglugerð)."

Til stuðnings þeirri frásögn sveitarstjóra, að fáeinir hafi gengið frá gjaldinu haustið 1990, hafa stefndu lagt fram kvittun Bessastaðahrepps til nábúa sinna, eiganda Smáratúns 8, dagsetta 20. 9. 1990, fyrir greiðslu B-hluta gatnagerðargjalds. Telja þau þessa kvittun sýna, svo að eigi verði um villst, að gjaldið hafi þá verið á lagt, þ. e. fjárhæð ákvörðuð og gjalddagi í merkingunni lausnardagur kominn, þótt gjalddagi í merkingunni eindagi væri þá enn ókominn.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á ákvæðum í kaupsamningi aðila. Telur hann, að skv. ákvæðum laga um gatnagerðargjöld og reglugerð nr. 521/1980 um gatnagerðargjöld í Bessastaðahreppi sé ljóst, að B-gatnagerðargjöld verði ekki lögð á gjaldendur, fyrr en framkvæmdum við götur og gangstéttar sé lokið. Stefnandi mótmælir því harðlega, að hann hafi vitað af væntanlegri álagningu gjaldanna, og mótmælir, að þetta hafi verið rætt við kaupsamningsgerð.

Varðandi túlkun á ákvæði kaupsamnings um greiðslu allra álagðra gjalda

bendir stefnandi einnig á, að stefndu greiddu mótbárulaust álagt skipulagsgjald af eigninni. Gjald þetta var lagt á 2. september 1991 og greitt 6. desember sama ár. Það sé því ekki svo, að stefndu hafi mátt gera ráð fyrir, að öll opinber gjöld vegna hússins væru greidd. Stefnandi telur því ljóst, að hann eigi aldrei að greiða B-gatnagerðargjöld vegna eignarinnar, auk þess sem hann telur, að skiptar skoðanir séu meðal fræðimanna um lögmæti álagningar slíkra gjalda yfirleitt miðað við fyrirkomulag ákvæða í settum lögum.

Kröfur sínar kveðst stefnandi styðja við meginreglur samningalaga um skuldbindingargildi og túlkun samninga með hliðsjón af 28. gr. kaupalaga nr. 39/1922 og óskráðar reglur kröfuréttar. Einnig bendir stefnandi á ákvæði laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sérstaklega 3., 5. og 6. gr. laganna, svo og reglugerð nr. 521/1980 um gatnagerðargjöld í Bessastaðahreppi, sérstaklega 6. og 7. gr. reglugerðarinnar.

IV.

Álit dómsins.

Heimild til handa sveitarstjórnum til þess að leggja á gatnagerðargjald er að finna í lögum nr. 51/1974. Þar er greint á milli hins almenna gatnagerðargjalds skv. 1. gr. laganna, er má nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum og slitlagi og gert er ráð fyrir, að innheimt sé, áður en byggingarleyfi er veitt, og sérstaks gatnagerðargjalds skv. 3. gr., sem eingöngu skal varið til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta og því aðeins má leggja á, að ekki hafi áður verið innheimt gjald af viðkomandi fasteign, sem ætlað hafi verið a. m. k. að hluta til bundins slitlags.

Heimilt er skv. 4. gr. laganna að innheimta hið sérstaka gjald næstu 5 árin, eftir að slitlag var sett eða gangstétt lögð, og má það nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir. Það er skv. 2. mgr. 6. gr. laganna þá fyrst „gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið".

Reglugerð nr. 521/1980 um gatnagerðargjöld í Bessastaðahreppi var sett með stoð í 1. gr. nefndra laga. Í 2. gr. reglugerðarinnar segir: „Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjald, sem er vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum, og B-gjald, sem er vegna þátttöku lóðarhafa í að gera bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt."

Í 3. gr. reglugerðarinnar er ákvæði um álagningarstofn A-gjaldsins. Fjárhæð þess er á verðlagi 1. ágúst 1979 3 millj. kr. fyrir íbúðarhús ásamt bíl-

geymslu, að stærð samtals allt að 700 rúmmetrum og lóð allt að 1300 fermetrum, síðan til viðbótar 4.000 kr. fyrir hvern umframrúmmetra byggingar og 2.000 kr. fyrir hvern umframfermetra lóðar. Fjárhæðir þessar eru miðaðar við byggingarvísitölu 1. ágúst 1979 og breytast með henni, sbr 5. gr. rg.

Í 6. gr. reglugerðarinnar eru ákvæði um álagningarstofn og fjárhæð B-gjaldsins. Fjárhæð þess skal einfaldlega vera 20% af því A-gjaldi, sem greiðast myndi af byggingu og lóð á þeim tíma, þegar lagning bundins slitlags og gangstéttar fer fram, miðað við meðalvísitölu á verktímanum.

Samkvæmt yfirlýsingu sveitarstjórans í Bessastaðahreppi tilkynnti sveitarfélagið árið 1987 „íbúum allra gatna, á hvaða ári farið yrði í slitlagagerð", og „við gerð fjárhagsáætlunar, sem endanlega var samþykkt 12. mars 1990, var ákveðið að ráðast í framkvæmdir við götuna og innheimta gatnagerðargjald, B-hluta, í samræmi við áður gerða stefnumörkun hreppsnefndar".

Samkvæmt þessu liggur eftirfarandi fyrir:

Með samþykkt fjárhagsáætlunar 12. mars 1990 ákvað hreppsnefnd endanlega að ráðast í framkvæmdir við götuna Smáratún og innheimta gatnagerðargjald, B-hluta.

Gjaldstofn lá fyrir, að því er varðaði húsið nr. 13 við Smáratún, þ. e. 20% áður innheimts A-gjalds, verðbætt. Aðilar máls þessa hafa ekki gert við það athugasemdir, að sveitarstjórn hafi verið heimilt að miða fjárhæð gjaldsins við byggingarvísitölu á greiðsludegi B-gjalds, og því er ekki haldið fram, að gjaldið þannig álagt hafi farið fram úr meðalkostnaði við framkvæmdir. Við kaupsamning var lausnardagur kominn, en ekki eindagi, því að samkvæmt 2. mgr. 6. gr. umræddra laga var gjaldið þá fyrst gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu væri lokið.

Er málsaðilar gerðu kaup sín í desember 1990, var hið umþrætta gatnagerðargjald því á lagt, greiðsluskylda og fjárhæð á þeim degi lá fyrir, en ekki gjaldfallið.

Í tilboði kaupanda var kveðið svo á, að „öll álögð gjöld verði á kostnað seljanda", og í kaupsamningi, að „öll álögð gjöld vegna byggingarinnar eru á kostnað seljanda".

Kaupandi, stefndi Steinþór, hefur lýst því við aðilayfirheyrslu, að hann hafi sett þetta ákvæði í tilboð sitt m. a. með B-gjaldið í huga. Sér hafi verið kunnugt um, að slíkt gjald var lagt á í heimabyggð sinni, Kópavogi, og viljað hafa allt á hreinu gagnvart slíkum bakreikningum.

Ósannað er, að B-gjaldið hafi verið rætt sérstaklega við stefnanda, hvorki af stefnda né fasteignasalanum. Á hinn bóginn er fram komið, að stefnandi fór á hreppsskrifstofu og gerði upp þær skuldir, er hann var þar krafinn um vegna umræddrar byggingar. Það er ekki upplýsandi um það, hvaða skiln-

ing aðilar lögðu í umrætt samningsákvæði, er þeir sömdu um það sín á milli, að stefndi greiddi umkrafið skipulagsgjald eftir kaupin. Skipulagsgjaldið er samkvæmt 35. gr. laga nr. 19/1964, sbr. rg. 167/1980, hlutfall af brunabótaverði nýbyggingar, og gjaldstofn þess og fjárhæð liggur því ekki fyrir, fyrr en brunabótamat hefur farið fram, en því er ekki haldið fram, að brunabótamat hafi legið fyrir við kaupin.

Samkvæmt framansögðu verður stefnandi að bera hallann af því að hafa undirgengist framangreint samningsákvæði, þar sem miðað var við álagningu og því lausnardag, en ekki eindaga.

Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður. Vísast um þá ákvörðun til annars málsliðar 3. töluliðar 130. gr. l. nr. 91/1991. Úr því að stefndi Steinþór vildi semja sig undan umræddu gjaldi og vissi gjörla um tilvist þess, bar honum samkvæmt góðri viðskiptavenju að nefna gjaldið sínu rétta nafni og tilgreina það, svo að eigi yrði um villst, í tilboði sínu og kaupsamningi. Í stað þess notaði stefndi vandmeðfarið lögfræðilegt hugtak, sem ekki hefur skýra merkingu í hugum almennings, stjórnendur sveitarfélaga ekki ætíð undanskildir, eins og dæmin sanna. Stefndi á því nokkra sök á því, að til málaferla þessara kom, og telst því framangreint málskostnaðarákvæði eiga við.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Steinþór Hlöðversson og Ragnheiður Steinsen, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Páls Davíðssonar, í máli þesssu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 16. desember 1994.

Nr. 488/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Steinari Braga Lemacks Jósefssyni

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. desember sl., sem barst réttinum 14. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 18. janúar 1995, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími, og til þrautavara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki kært úrskurð þennan til Hæstaréttar, og koma því framangreindar kröfur hans um annað en staðfestingu hins kærða úrskurðar ekki til álita.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að þeim brotum, er getur í hinum kærða úrskurði. Að því athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hans verður hann staðfestur þannig, að varnaraðila verður gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 18. janúar 1995.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Varnaraðili, Steinar Bragi Lemacks Jósefsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 18. janúar 1995.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Steinari Braga Lemacks, kt. 230378-5259, Esjugrund 10, Kjalarnesi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 18. janúar 1995 kl. 16.00.

Málavextir eru þeir, að kærði var handtekinn um hádegisbil í dag vegna tilkynningar um, að hann hefði keypt vörur í verslun einni í Kópavogi og greitt fyrir með fölsuðum tékka. Við leit á kærða fundust ávísanablöð úr tveimur tékkheftum á aðalbanka og austurbæjarútibú Landsbanka Íslands og úr einu tékkhefti á Lækjargötuútibú Íslandsbanka hf. Viðkomandi tékkheftum mun öllum hafa verið stolið í innbrotum í Reykjavík. Þá fannst á kærða stolið ökuskírteini, sem kærði hefur játað að hafa falsað og sett mynd af sér í. Einnig fannst á kærða ýmis varningur, sem hann hafði keypt fyrir hina fölsuðu tékka.

Kærði hefur játað hér fyrir dóminum að hafa haft undir höndum og notað eitthvað af hinum stolnu ávísanablöðum. Þá hefur hann einnig játað að hafa falsað hið stolna ökuskírteini. Hins vegar neitar hann að hafa átt aðild að innbrotunum, þegar ávísanaheftunum var stolið. Eitt innbrotanna var framið, þegar kærði sat í gæsluvarðhaldi.

Krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins er reist á a- og c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Brot þau, sem kærða eru gefin að sök, geta varðað fangelsisrefsingu. Kærði er grunaður um brot gegn 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og hefur hann játað brotin að hluta. Málið er enn til rannsóknar.

Kærði hefur þrívegis á þessu ári sætt gæsluvarðhaldi vegna auðgunar- og fölsunarbrota, nytjastuldar, brota á umferðarlögum og brota á lögum um ávana- og fíkniefni. Hinn 6. desember sl. höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur kærða vegna átta þjófnaðarbrota, tveggja brota vegna nytjastuldar og brots vegna fölsunar, og eru þau brot til meðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Kærði var látinn laus úr gæsluvarðhaldi 7. desember sl. kl. 16.00, en var handtekinn innan við tveimur sólarhringum síðar. Rannsóknargögn málsins sýna, að brotaferill kærða hefur verið nær óslitinn frá lokum ágústmánaðar á þessu ári, og þykir ástæða til að ætla, að kærði haldi áfram afbrotum, meðan máli hans er ólokið, fari hann frjáls ferða sinna.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og með skírskotun til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, en þó þykir nægjanlegt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi til föstudagsins 30. desember 1994 kl. 16.00.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Steinar Bragi Lemacks, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. desember 1994 kl. 16.00.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 486/1994. **Levi Strauss & Co.**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Þórmundi Hjálmtýssyni

Kærumál. Frávísun felld úr gildi. Skaðabótakrafa. Vanreifun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 1. desember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 12. sama mánaðar. Kærð eru ákvæði í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 18. nóvember sl., um að vísa frá dómi skaðabótakröfu, að fjárhæð 2.000.000 króna, sem sóknaraðili gerði á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að héraðsdóminum verði hrundið, að því er varðar frávísun þessarar kröfu, og að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á hana. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómsstefnu gerði sóknaraðili þá grein fyrir skaðabótakröfu sinni, að hann byggði hana á ágiskun um þann fjölda gallabuxna, sem hefðu verið eftirlíking af framleiðslu hans og varnaraðili hafi selt, svo og hagnaði varnaraðila af sölunni, enda hafi sóknaraðili ekki undir höndum gögn um, hvert magn af gallabuxum varnaraðili hafi selt í raun. Varnaraðili hafi selt buxurnar fyrir verð á bilinu frá 2.000 til 2.900 krónur. Segir í stefnunni, að sé áætlað, að innkaupsverð á buxunum hafi verið 1.000 til 1.900 krónur og „að stefndi hafi selt u.þ.b. 1000 buxur, sé ljóst, að hagnaður hans nálgist það að vera kr. 1.000.000“. Að öðru leyti tekur sóknaraðili fram í stefnu, að tjón sitt af athæfi varnaraðila hafi verið miklu meira, bæði vegna tapaðs hagnaðar af sölu eigin framleiðslu og spjöllum á vörumerkjarétti sínum. Skoraði sóknaraðili á varnaraðila að leggja fram gögn um kaup hans og sölu á þessum vörum.

Undir rekstri málsins í héraði var upplýst af hálfu varnaraðila, að hann hefði keypt gallabuxurnar, sem deilt er um í málinu, á lausafjáruppboði, sem var haldið við embætti sýslumannsins í Reykjavík eftir kröfu tollyfirvalda 20. nóvember 1993. Varnaraðili hefur lagt fram gögn, þar sem kemur fram, að um 370 gallabuxur hafi verið að ræða og kaupverð þeirra á uppboðinu 369.000 krónur. Í tengslum við lögbannsgerð sóknaraðila hjá varnaraðila voru þær gallabuxur, sem þá voru óseldar, teknar úr vörslum varnaraðila, en þær reyndust vera 258 talsins.

Í kæru til Hæstaréttar er tekið fram af hálfu sóknaraðila, að í héraði hafi legið fyrir allar upplýsingar um tjón hans og ávinning varnaraðila, sem unnt sé að veita. Telur sóknaraðili sér ófært að gera nánari grein fyrir bótakröfum sínum eða rökstyðja þær frekar en orðið er.

Þegar tekið er tillit til þess, að í héraði lágu orðið fyrir gögn um sölu varnaraðila á umræddum vörum og kaupverð þeirra, svo og til fyrrnefndra yfirlýsinga sóknaraðila verður að telja hann eiga rétt á að fá efnisdóm um skaðabótakröfu sína. Ber því að fella úr gildi ákvæði í héraðsdóminum um frávísun skaðabótakröfu sóknaraðila og leggja fyrir héraðsdómara að taka hana til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Felld eru úr gildi ákvæði í héraðsdómi um frávísun á skaðabótakröfu sóknaraðila, Levi Strauss & Co., á hendur varnaraðila, Þórmundi Hjálmtýssyni, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka hana til efnismeðferðar.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 8. nóvember sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku 1. mars sl. Greinargerð stefnda var lögð fram 5. maí sl. og málinu úthlutað til dómarans 1. júní sl.

Stefnandi er Levi Strauss & Co., 1155 Battery Street, San Francisco, Kaliforníu.

Stefndi er Þórmundur Hjálmtýsson, kt. 130435-3199, Laufbrekku 26, Kópavogi, og er honum stefnt persónulega og fyrir hönd óskráðs einkafirma síns, verslunarinnar Strætisins, Hafnarstræti 15, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær í fyrsta lagi, að staðfest verði lögbann, sem lagt var á 16. febrúar 1994, við því, að stefndi flytji inn, dreifi, selji eða ráðstafi með nokkrum hætti gallabuxum eða öðrum fatnaði, merktum stefnanda, sem ekki sé framleiddur á vegum fyrirtækis hans. Í öðru lagi er þess krafist, að stefndi verði látinn sæta sektum vegna brota á rétti stefnanda samkvæmt skráðum vörumerkjum nr. T 362/1978, skráð 5. febrúar 1979 og endurnýjuð skráning 6. janúar 1989, T 363/1978, skráð 5. febrúar 1979 og endurnýjuð skráning 6. janúar 1989, T 364/1978, skráð 5. febrúar 1979 og endurnýjuð skráning 6. janúar 1989, T 59/1979, skráð 3. september 1979 og endurnýjuð skráning 6. janúar 1989, T 152, sem skráð var 15. ágúst 1980 og endurnýjuð skráning 22. febrúar 1990, T 282/1981, sem skráð var 30. desember 1985, T 283/1981, sem skráð var 30. desember 1985, og vörumerki með skráningarnúmeri 1110/1991, sem skráð var 28. nóvember 1991. Í þriðja lagi krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur, að fjárhæð 2.000.000 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. febrúar 1994 til greiðsludags vegna ólögmætrar sölu á gallabuxum, sem báru vörumerki í eigu stefnanda, einkum nr. T 362/1978, T 363/1978, T 364/1978, T 59/1979, T 152/1979, T 282/1981, T 283/1981 og 1110/1991.

Þá er þess krafist, að dæmt verði, að 258 gallabuxur, sem fundust í fórum stefnda við lögbannsaðgerðina, og eftir atvikum aðrar gallabuxur, sem stefndi hefur í vörslum sínum og bera vörumerki stefnanda, verði afhentar stefnanda. Til vara er þess krafist, að buxurnar verði eyðilagðar, og til þrautavara, að öll vörumerki á þessum buxum verði fjarlægð.

Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst þess, að synjað verði um staðfestingu lögbannsins. Að öðru leyti krefst hann sýknu og málskostnaðar.

Málavextir.

Á nauðungaruppboði, sem haldið var að kröfu tollstjórans í Reykjavík 20. nóvember 1993, keypti stefndi fatnað og fleira, þar á meðal gallabuxur þær af Levi's-gerð, sem málið snýst um. Stefnandi skýrir svo frá, að í ársbyrjun 1994 hafi hann komist að því, að stefndi hefði til sölu í verslun sinni eftirlíkingar af Levi's-fatnaði, einkum gallabuxum. Stefnandi hafði látið kaupa einar buxur og rannsaka þær í starfsstöð sinni í Belgíu og niðurstaðan orðið sú, að um eftirlíkingu væri að ræða. Hinn 16. febrúar sl. lagði sýslumaðurinn í Reykjavík að kröfu stefnanda lögbann við því, að stefndi „flytji inn, dreifi, selji eða ráðstafi með nokkrum hætti gallabuxum eða öðrum fatnaði, merktum“ stefnanda, sem ekki er framleiddur á vegum fyrirtækis hans. Í greinargerð sinni hélt stefndi því fram, að hann hefði keypt

buxurnar í þeirri trú, að um Levi's-buxur væri að ræða. Hann féll síðar frá þessu, og í bréfi til lögmanns stefnanda kveðst hann „falla frá þeirri málsástæðu sinni, að gallabuxur þær, sem málið varðar, séu ekki eftirlíkingar af Levi's-fatnaði".

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi, sem er fataframleiðandi í Bandaríkjunum og framleiðir m. a. galla-fatnað, kveðst hafa látið skrá 18 vörumerki hér á landi, þar á meðal þau, sem greinir í kröfugerð. Hann kveðst hafa varið miklum fjármunum til kynningar á framleiðslu sinni, sem seld sé m. a. með þessum vörumerkjum. Sum vörumerkja sinna kveður hann vera meðal hinna þekktustu í heimi og tákna í hugum kaupenda vandaðar gæðavörur. Stefnandi kveðst oft verða þess var, að tilraunir séu gerðar til að nota hin þekktu vörumerki sín til að selja framleiðsluvörur annarra, er framleiddar séu í löndum „þriðja heimsins" svonefnda. Vörur þessar beri fölsuð vörumerki, er eigi að sýna, að þær séu framleiddar í Bandaríkjunum af stefnanda eða á hans vegum. Stefnandi kveður notaða eins merkimiða og hann notar svo og aðrar merkingar á þessum fatnaði. Hafi þetta valdið sér miklu tjóni, enda eftirlíkingarnar unnar af fólki án nokkurrar menntunar eða fagþekkingar, gæðastöðlum sé í engu sinnt og notuð séu léleg hráefni. Eftirlíkingarnar séu þó vel gerðar í þeim skilningi, að þær líkist framleiðsluvörum stefnanda.

„Stefnandi kveður Pétur Arason, Laugavegi 37, Reykjavík, sem rekur verslun, „Levi's-búðina", á sama stað af hlutafélaginu Pétri Arasyni hf., einan hafa haft rétt til innflutnings og dreifingar á fatnaði hér á landi, sem framleiddur er af stefnanda. Hefur Pétur staðið fyrir innflutningi þessum og dreifingu sl. 24–25 ár. Stefnandi kveður hann einnig hafa í starfsemi sinni varið mjög verulegum fjárhæðum í auglýsingar og annars konar kynningu á framleiðsluvörum stefnanda, sem hann hefur haft til sölumeðferðar. Stefnandi kveður Pétur sjá svo til eingöngu um smásölu á þeim fatnaði, sem hann flytur inn frá stefnanda."

Stefnandi kveður stefnda hafa vitað, að hann væri að selja eftirlíkingar og þannig verið að brjóta gegn vörumerkjarétti stefnanda. Engu breyti hér um rétt stefnanda eða brot stefnda, með hvaða hætti stefndi hafi komist yfir eftirlíkingarnar. Jafnvel þótt talið yrði, að stefndi hafi ekki gert þetta af ásetningi, verði að telja, að um hafi verið að ræða stórfellt gáleysi af hans hálfu.

Stefnandi kveðst reisa bótakröfu sína á ágiskun um fjölda seldra buxna og hagnað, þar eð hann hafi ekki undir höndum gögn um fjölda eftirlíkinga, er stefndi hafi selt. „Fyrir liggi, að stefndi seldi buxurnar á verðbilinu 2.000 kr. til 2.900 kr. Sé áætlað, að innkaupsverð auk virðisaukaskatts sé á bilinu

1.000 kr. til 1.900 kr. og að stefndi hafi selt u. þ. b. 1000 buxur, sé ljóst, að hagnaður hans nálgist það að vera 1.000.000 kr. Sé hins vegar miðað við tjón stefnanda, kveður stefnandi það vera miklu meira, bæði vegna tapaðs hagnaðar af innfluttum vörum svo og vegna þess, að það valdi stefnanda fjártjóni, að vörumerkjarétti hans sé spillt með þeim hætti, sem stefndi hafi gert."

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á lögum um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1990, vörumerkjalögum nr. 47/1968 og samkeppnislögum nr. 8/1993, enn fremur á Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, sbr. lög nr. 102/1961.

Stefndi heldur því fram, að hann hafi grandlaus keypt umræddar gallabuxur á nauðungaruppboði, þar sem þær hafi verið seldar kvaða- og haftalausar. Hann hafi því verið í góðri trú og talið sér heimilt að selja buxurnar, enda hafi stefnandi látið það átölulaust, þar til hann hafi fengið lagt á lögbann fyrirvaralaust. Þá er því mótmælt, að Pétur Arason hf. hafi einn rétt til innflutnings og dreifingar hér á landi á fatnaði, sem framleiddur sé af stefnanda. Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um, að hann verði sektaður, með þeim rökum, að hann hafi ekki af ásetningi brotið gegn rétti stefnanda á þeim skráðu vörumerkjum, sem vísað er til í stefnu, en það sé skilyrði til, að unnt sé að sekta sig samkvæmt ákvæðum vörumerkjalaga. Skaðabótakröfu stefnanda er mótmælt, þar eð stefndi hafi ekki brotið gegn rétti stefnanda á vörumerkjunum, sem tilgreind eru í stefnu. Verði hins vegar talið, að stefndi hafi brotið gegn vörumerkjarétti stefnanda, telur stefndi ósanngjarnt að dæma sig til skaðabótagreiðslu, þar eð ósannað sé með öllu, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni. Í öllu falli komi aðeins til greina að dæma bætur í samræmi við 2. mgr. 38. gr. vörumerkjalaga, og taka verði mið af þeirri staðreynd, að stefndi hafi aðeins selt 112 gallabuxur af þeim 369 (svo), er hann hafi keypt á uppboðinu. Kröfu um dráttarvexti af skaðabótakröfu frá 16. febrúar 1994 er mótmælt, og heldur stefndi því fram, að krafan geti fyrst borið slíka vexti frá 10. mars s. á., sem er þingfestingardagur málsins. Þá er mótmælt kröfum stefnanda um, að hann fái buxur stefnda afhentar eða að þær skuli eyðilagðar. Telur stefndi aðeins koma til greina, að öll vörumerki stefnanda verði numin af buxunum, ef dómurinn komist að þeirri niðurstöðu, að brotið hafi verið gegn rétti stefnanda samkvæmt vörumerkjalögum. Þannig gæti stefndi nýtt sér buxurnar og dregið úr tjóni sínu, án þess að brotinn væri réttur á stefnanda. Verði hins vegar orðið við kröfu stefnanda um að fá buxurnar afhentar, eigi hann að greiða stefnda bætur, sem nemi kaupverði þeirra á nauðungaruppboðinu.

Stefndi kveðst vitna í vörumerkjalög, lög um nauðungarsölu nr. 90/1991 og lög um kyrrsetningu og lögbann.

Niðurstaða.

Hér að framan var rakið, að stefnandi hefur fengið skráð vörumerki hér á landi, þar á meðal orðið Levi's, er var á buxunum, sem stefndi hafði til sölu. Óumdeilt er í málinu, að þær voru eftirlíkingar, er stefndi hafði keypt á nauðungaruppboði. Sala eftirlíkinga af vöru með skráðu vörumerki án heimildar frá rétthafa er brot gegn 1., sbr. 4. gr. vörumerkjalaga. Stefnanda var þar af leiðandi rétt að krefjast lögbanns 16. febrúar 1994 við því, að stefndi flytti inn, dreifði, seldi eða ráðstafaði með nokkrum hætti gallabuxum eða öðrum fatnaði, merktum stefnanda, sem ekki væri framleiddur á vegum fyrirtækis hans. Á lögbannsgerðinni eru engir þeir annmarkar, er leitt gætu til synjunar á staðfestingu hennar, og verður hún því staðfest.

Því er ekki haldið fram í málinu, að stefndi hafi keypt gallabuxurnar á uppboðinu, vitandi, að hann væri að kaupa eftirlíkingar. Hins vegar er sannað með framburði hans fyrir dómi, að honum varð það ljóst, eftir að hann hóf sölu þeirra, en hélt henni engu að síður áfram. Stefndi kannaðist við fyrir dómi að hafa merkt buxurnar í verslun sinni sem eftirlíkingar, eftir að hann hafði heyrt talað um, að þær væru það. Það verður því að virða stefnda það til ásetnings að hafa haldið áfram að selja þær, eftir að honum varð ljóst, að um eftirlíkingar væri að ræða.

Samkvæmt framansögðu hefur stefndi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 37. gr. vörumerkjalaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánast skal með 10 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Með því að stefndi braut af ásetningi gegn vörumerkjarétti stefnanda, er hann skaðabótaskyldur gagnvart honum samkvæmt 1. mgr. 38. gr. vörumerkjalaga.

Stefnandi kveður skaðabótakröfu sína byggða „á ágiskun um fjölda seldra buxna og hagnað" stefnda. Af gögnum málsins er ljóst, að stefndi keypti 370 buxur á uppboðinu og hafði selt 112, er lögbannið var lagt á. Það er einnig upplýst, að stefndi seldi buxurnar á 2.900 kr. stykkið nema einn dag, er þær voru seldar á sértilboði á 2.000 kr. Það virðist því vera fjarri sanni, þegar stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi selt 1000 buxur og hagnaður hans nálgist að vera 1.000.000 kr. Stefnandi hefur hvorki upplýst, á hvaða verði hann selji „ekta" buxur né hversu mikið hann hagnist á sölunni. Það liggur því ekki fyrir, hvert beint fjárhagslegt tjón hans kunni að hafa verið. Þá hafa buxurnar, sem málið snýst um, ekki heldur verið skoðaðar af þar til bærum aðilum, heldur eingöngu af starfsmönnum stefnanda, og er því ekki í ljós leitt, hvort ímynd varnings stefnanda kunni að hafa beðið hnekki af atferli stefnda. Skaðabótakrafa stefnanda er því vanreifuð, og verður henni vísað frá dómi.

Við lögbannsgerðina var því frestað að svipta stefnda vörslum þeirra buxna, er hann átti óseldar. Vörslusviptingin fór fram 7. mars sl., og reyndist stefndi þá hafa undir höndum 258 buxur. Samkomulag varð um það með aðilum, að stefnandi tæki að sér að varðveita buxurnar. Að kröfu stefnanda og með vísan til 41. gr. vörumerkjalaga þykir rétt að heimila stefnda að fjarlægja á eigin kostnað og undir eftirliti stefnanda allar merkingar af buxunum, er vísa til vörumerkja stefnanda. Skal stefndi hafa frest til og með 31. desember nk. til að ljúka verkinu og fá þá afhentar þær buxur, er merki hafa þannig verið fjarlægð af. Þær buxur, sem merki hafa ekki verið fjarlægð af á þennan hátt, skulu bótalaust verða eign stefnanda eftir 31. desember nk.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 150.000 kr. í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Staðfest er lögbann, sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði við því 16. febrúar 1994, að stefndi, Þórmundur Hjálmtýsson, flytji inn, dreifi, selji eða ráðstafi með nokkrum hætti gallabuxum eða öðrum fatnaði, merktum stefnanda, Levi Strauss & Co., sem ekki er framleiddur á vegum fyrirtækis hans.

Stefndi greiði 40.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 10 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna.

Skaðabótakröfu stefnanda er vísað frá dómi.

Stefnda skal heimilt að fjarlægja á eigin kostnað og undir eftirliti stefnanda allar merkingar af 258 buxum, er vísa til vörumerkja stefnanda. Skal stefndi hafa frest til og með 31. desember nk. til að ljúka verkinu og fá þá afhentar þær buxur, er merki hafa þannig verið fjarlægð af. Þær buxur, sem merki hafa ekki verið fjarlægð af á þennan hátt, skulu bótalaust verða eign stefnanda eftir 31. desember nk.

Stefndi greiði stefnanda 150.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 487/1994. **Hreiðar Bergur Hreiðarsson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Wan Eknarin

Kærumál. Stefnubirting. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 5. desember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 12. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 10. nóvember sl., þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi án kröfu. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að fella efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Sóknaraðili staðhæfir, að umboðsmaður sinn hafi ekki fengið vitneskju um hinn kærða úrskurð fyrr en 24. nóvember 1994. Ekki liggur fyrir, að héraðsdómari hafi tilkynnt sóknaraðila eða umboðsmanni hans um úrskurðinn fyrir þann tíma. Verður því litið svo á, að kært hafi verið innan frests samkvæmt 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991.

Í a-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991, sem sóknaraðili telur, að feli í sér heimild til að birta stefnu í málinu í Lögbirtingablaði, er sett það skilyrði fyrir slíkri birtingu, að ekki sé unnt að afla upplýsinga um, hvar birta megi stefnu eftir almennum reglum. Varnaraðili mun eiga lögheimili að Hraunbæ 116 í Reykjavík, þar sem heimilt er að birta stefnu á hendur henni, sbr. a-lið 3. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991. Þegar af þessari ástæðu verður ekki byggt á fyrrgreindu ákvæði í 89. gr. laganna. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. nóvember 1994.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 29. september 1994, er höfðað með stefnu, birtri í Lögbirtingablaðinu 19. ágúst sl., af Hreiðari Bergi Hreiðarssyni, kt. 301046-7829, Hraunbæ 116, Reykjavík, gegn Wan Eknarin, kt. 110753-2179, með lögheimili að Hraunbæ 116, Reykjavík, en nú, eins og segir í stefnu, með óþekktan dvalarstað. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að þola ógildingu á 3. gr. kaupmála á milli stefnanda og stefndu, dags. 25. 6. 1991, skrásetts í kaupmálabók sama dag, en greinin hljóðar svo: „Komi til skilnaðar á milli okkar skv. ósk mannsins, skal litið svo á, að kaupmáli þessi sé fallinn úr gildi, og fer þá um skipti milli okkar skv. lögum.“ Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi úr hendi stefndu að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun. Ekki var mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins 29. september sl., og var málið dómtekið sama dag.

II.

Málavextir eru í höfuðdráttum þeir, að stefnda, sem er tælenskur ríkisborgari, kom til Íslands 10. júní 1991, og gengu stefnandi og stefnda í hjónaband 26. júní sama ár. Gerðu þau með sér kaupmála fyrir giftinguna, þar sem eignir stefnanda, íbúð og bifreið, voru gerðar að séreign stefnanda, með fyrrnefndum fyrirvara þó í 3. gr. kaupmálans, sem mál þetta snýst um. Í september 1991 fór stefnda síðan í ferð til Tælands og sneri ekki til Íslands fyrr en í febrúar 1992. Dvaldist stefnda hér á landi frá þeim tíma, er frá eru taldar styttri ferðir til Englands og Hollands, þar til í septembermánuði 1992, er hún hélt á ný til Tælands. Stefnda hefur ekki snúið aftur til Íslands. Við brottför sína gaf stefnda upp heimilisfang í Bangkok í Tælandi, en hefur ekki svarað bréfum stefnanda, sem send hafa verið á það heimilisfang. Hefur stefnda nokkrum sinnum síðan haft símasamband við stefnanda og sagst vera í Tælandi, en ekki gefið upp aðsetur sitt.

III.

Stefnandi vísar um lagarök fyrir kröfum sínum til III. kafla samningalaga nr. 7/1936 „um ógilda löggerninga“, sérstaklega 30. gr., 31. gr., 33. gr. og 36. gr. laganna, og um birtingu stefnu til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991. Hafi honum verið nauðsynlegt að fá stefnu þessa birta í Lögbirtingablaði, þar sem ómögulegt hafi reynst að afla upplýsinga um, hvar stefnda haldi sig.

Um heimild til að birta stefnu í Lögbirtingablaði eru ákvæði í 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991, en þar segir:

> „Stefnu má birta í Lögbirtingablaði, ef:
> a. upplýsinga verður ekki aflað um, hvar megi birta stefnu eftir almennum reglum,
> b. erlend yfirvöld neita eða láta hjá líða að verða við ósk um birtingu skv. 90. gr."

Almennar reglur um, hvar birta megi stefnu, er að finna í XIII. kafla laga nr. 91/1991, einkum 85. gr. og 90. gr.

Í 2. mgr. 85. gr. segir, að stefnu skuli að jafnaði birta fyrir stefnda sjálfum á skráðu lögheimili hans eða þar sem hann hefur fasta búsetu, dvalarstað eða vinnustað. Þá segir í a-lið 3. mgr. sömu greinar, að birting sé alltaf lögmæt, þótt hún fari ekki fram skv. 2. mgr., er birt er á skráðu lögheimili stefnda fyrir heimilismanni hans. Sé heimilismanns ekki kostur, megi birta fyrir þeim, sem dvelst á skráðu lögheimili stefnda, en sé ekki um neinn slíkan heldur að ræða, megi birta fyrir þeim, sem þar hittist fyrir.

Í 90. gr. laga nr. 91/1991 eru síðan ákvæði um, hvernig verði farið að við birtingu stefnu, er stefndi á heimili erlendis og birtingin getur ekki átt sér stað hér á landi eftir öðrum ákvæðum XIII. kafla laga nr. 91/1991, en greinin hljóðar svo:

„Nú á stefndi þekkt heimili eða aðsetur erlendis eða það liggur annars fyrir að hann eigi heimili í tilteknu öðru ríki, og fer þá um birtingu stefnu eftir lögum þess ríkis ef birting getur ekki farið fram hér á landi eftir öðrum ákvæðum þessa kafla."

Ef stefnanda hins vegar reynist ekki unnt að fá birtingu framkvæmda í heimaríki stefndu, vegna þess að erlend yfirvöld neita eða láta hjá líða að verða við ósk um birtingu skv. 90. gr., hefur hann þann möguleika að fá stefnuna birta í Lögbirtingablaði á grundvelli heimildar í b-lið 1. mgr. 89.

Samkvæmt gögnum máls þessa á stefnda skráð lögheimili að Hraunbæ 116, á heimili stefnanda, en þar hefur hún ekki búið frá því í september 1992, er hún hélt til Tælands. Það liggur fyrir í málinu, að stefnda hefur ekki komið til Íslands eftir það. Hins vegar liggur fyrir, að stefnda hefur sjálf sagst búa í Tælandi, þótt hún hafi ekki gefið upp aðsetur sitt þar.

Með vísan til framanritaðs þykir ekki vera fullnægt skilyrðum 89. gr. laga nr. 91/1991, til að birta megi stefnu í Lögbirtingablaði, og ber því að vísa máli þessu frá dómi án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.

Sigurjóna Símonardóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 344/1992. **Víkurverk hf.**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Póst- og símamálastofnuninni
(Andri Árnason hrl.)

Skriflega flutt mál. Skuldamál. Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1992. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 221.141 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. ágúst 1988 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála var mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi. Skrifleg vörn barst frá stefnda, en sókn hefur ekki borist frá áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Víkurverk hf., greiði stefnda, Póst- og símamálastofnuninni, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí sl., er höfðað með áskorunarstefnu, birtri 27. apríl 1990.

Stefnandi er Víkurverk hf., kt. 631173-0559, Vagnhöfða 19, Reykjavík.

Stefndi er Póst- og símamálastofnunin, kt. 490784-2179, Landssímahúsinu við Austurvöll.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 221.141 krónu auk vanskilavaxta skv. 10. gr. vaxtalaga, sbr. 12. gr. s. l., frá 10. ágúst 1988 til greiðsludags og málskostnað [...].

Stefnandi gerir þannig grein fyrir málinu í aðalatriðum: Dagana 21. og 22. júní 1988 var traktorsgrafa af Case-gerð, sem stefnandi átti, fengin til þess að aðstoða vinnuflokk frá símanum við að taka niður símastaura, sem lína hafði legið um úti í Viðey. Heldur stefnandi því fram, að verk þetta hafi hafist kl. 9 að morgni 21. júní, en af stefnda hálfu er því haldið fram, að verkið hafi hafist um kl. 13.00. Stefnandi kveður það hafa verið um kl. 14.00, að grafan festist í fjöru, þar sem heitir Kríusandur, á suðaustanverðri eynni, og hafi svo farið, að stjórnandi hennar hafi ekki getað losað hana án þess að fá aðstoð við það. Leitaði hann til félaga sinna, sem komu til hjálpar með Bröyt-gröfu og vörubíl og hjálpuðu við að losa gröfuna.

Kröfur stefnanda sundurliðast þannig:

– – –

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að grafan hafi verið við vinnu hjá stefnda, er hún festist. Ekki sé við stefnanda að sakast um það, að óhappið varð, og kostnað af því að losa tækið eigi stefndi að bera, þar sem vinnu í hans þágu hafi ekki verið lokið. Stefnandi heldur því fram, að um tilvik þetta gildi svohljóðandi ákvæði 4. greinar Almennra skilmála Félags vinnuvélaeigenda: „Þegar vinnuvél festist á vinnustað, greiðir leigutaki fulla leigu fyrir hana, meðan á losun hennar stendur, svo og annan kostnað við losunina, nema um augljóst gáleysi eða vanrækslu sé að ræða."

Vélin hafi verið á leið frá vinnu í þágu stefnda, og samkvæmt b-lið skilmála frá því í júlí 1988, 7. málslið, greiði verkkaupi flutningskostnað frá vinnustað vegna þessa, þar sem ekki verði þess krafist, að sá aðili, sem verið var að vinna fyrir, er starfsmaður stefnanda fór til að vinna fyrir símann, greiði kostnað vegna til og frá vegna annars verks, sem unnið var í þágu annars.

Í þinghaldi 17. mars 1992 greiddi stefndi stefnanda 9.063 krónur, sem sundurliðast þannig: Fyrir vélgröfu 4 stundir á 1.275 krónur hver stund og fyrir vélarmann 4 stundir á 537,60 fyrir hverja stund, 25% söluskatt, sem samtals gerði 9.063 krónur.

Telur stefndi, að með þessari greiðslu hafi hann gert upp við stefnanda, en stefnda hafi aldrei borist krafa frá stefnanda fyrir verkið, sem óumdeilt er, að unnið var í þágu stefnda. Heldur stefndi því fram, að það hafi verið

um kl. 14.00 21. júní 1988, sem verkið hófst, og að því hafi lokið um kl. 17.00, og styðjist í þessu efni við frásögn vitnisins Árna Frímannssonar, sem var verkstjóri umrætt sinn, en hann kvaðst hafa farið út í Viðey með vinnuflokk sinn, og verk hafi hafist um kl. 14.00 og verið lokið um kl. 17.00. Kveðst stefndi greiða fyrir vélina, frá því að hún var tekin úr því verki, er verið var að vinna á eynni austanverðri á vegum Reykjavíkurborgar, og þar til verki í þágu stefnda lauk um kl. 17.00.

Stefndi krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum frekari kröfum stefnanda.

Meginmálsástæða stefnda er, að með fyrrgreindri greiðslu til stefnanda hafi hann gert upp við stefnanda fyrir afnot vélarinnar umrætt sinn. Það, að vélin hafi fest, sé algerlega á áhættu og ábyrgð stefnanda, enda hafi verki í þágu hans verið lokið, er grafan festist, og stefnandi verði að eiga um það við einhverja aðra en stefnda, hvernig á því stóð, að vélinni var ekið um fjöruna, en aðrar leiðir hafi verið færar til baka á þann stað, sem vélin hafði verið notuð á, áður en tekið var til við að taka niður staurana.

Forsendur og niðurstaða.

Óumdeilt er, að Almennir skilmálar Félags vinnuvélaeigenda eiga við um tilvik það, sem hér er til úrlausnar.

Samkvæmt ákvæði því, sem stefnandi ber fyrir sig, skal leigutaki greiða fulla leigu fyrir vél, ef hún festist á vinnustað.

Í þessu tilviki var starfsmaður stefnanda á leið af vinnustað með vélina, og starfsmenn stefnda höfðu yfirgefið vinnusvæðið, og verki var lokið. Verður við það að miða, að starfsmaður sá, er ók gröfunni, hafi sjálfur ákveðið, hvaða leið hann fór til baka, og þykir áhættan af því, að óhapp yrði á leiðinni af vinnustað, hvíla á stefnanda sjálfum, með því að stefndi hafi ekkert um það að segja, hvaða leið var farin, og ekki verður fallist á það með stefnanda, að ákvæði skilmála verði skilin á þann veg, að verði tafir á ferð tækis að loknu verki, beri verkkaupa skilmálalaust að greiða kostnað, sem stafa kann af því.

Verður það því niðurstaða málsins, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda, með því að telja verður, að stefndi hafi greitt stefnanda það, sem honum bar vegna verksins, með fyrrgreindri greiðslu 17. mars sl. Ber í því sambandi að líta til þess, að stefnanda hefur ekki tekist sönnun um, að verk hafi hafist fyrr en kl. 14.00, og enn fremur er byggt á því, að því hafi verið lokið um kl. 17.00.

Eftir úrslitum málsins verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda 100.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Póst- og símamálastofnunin, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Víkurverks hf.

Stefnandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, frá því að 15 dagar eru liðnir frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 215/1992. **Jóhann Viðar Jóhannsson**
(Ingólfur Hjartarson hrl.)
gegn
Ellert Skúlasyni hf.
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Skriflega flutt mál. Verksamningur. Sönnun. Nauðasamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1992. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 247.821 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. október 1990 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Til vara gerir stefndi þá kröfu, að ef krafa áfrýjanda verði tekin til greina að hluta eða öllu leyti, verði staðfest, að hún falli undir ákvæði nauðasamnings stefnda, sem komst á 20. janúar 1994, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði þá felldur niður.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála var mál þetta skriflega flutt fyrir Hæstarétti, og voru nokkur ný gögn lögð fram í því.

I.

Áfrýjandi mun hafa gengið í þjónustu stefnda í kjölfar auglýsingar hins síðarnefnda í dagblaði, sem var birt 20. maí 1990, en þar auglýsti stefndi meðal annars eftir „starfskrafti til. . . stjórnunar jarðvinnuverka“. Aðilar munu ekki hafa gert skriflegan samning sín á milli, en óumdeilt er, að samið hafi verið um, að áfrýjandi hefði stöðu undirverktaka í þjónustu stefnda og fengi greidda tiltekna fjárhæð fyrir hverja unna klukkustund, svo sem nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi. Af málatilbúnaði aðila verður ráðið, að áfrýjandi

hafi átt að gegna störfum verkstjóra hjá stefnda, hann hafi tekið sem slíkur til starfa 12. júní 1990 í verki, sem stefndi hafði tekið að sér við vegagerð, og fengið greitt fyrir verk sitt samkvæmt samningi þeirra til 28. júlí 1990, en þá virðist frekari vinnu við verkið hafa verið frestað.

Áfrýjandi heldur því fram, að sér hafi verið tilkynnt 28. júlí 1990, að hætt væri í bili við fyrrnefnt verk og stefndi hefði ekki lengur þörf fyrir þjónustu sína. Er að skilja af munnlegri skýrslu, sem áfrýjandi gaf fyrir héraðsdómi, að hann hafi fellt sig við þetta og ætlað að láta af störfum hjá stefnda. Daginn eftir hafi forráðamaður stefnda hins vegar boðið sér vinnu sem flokksstjóra við annað verk, sem stefndi hafði með höndum, og hafi áfrýjandi þegið það boð, en starfað þó fyrst um sinn á verkstæði hjá stefnda. Heldur áfrýjandi því fram, að sömu kjör hafi átt að gilda um störf sín við þetta verk, en um það hafi ekki verið gerður skriflegur samningur. Vann áfrýjandi við verkið þar til í lok ágúst 1990, þegar hann hvarf endanlega úr þjónustu stefnda. Áfrýjandi gerði þá tvo reikninga á hendur stefnda vegna starfa sinna frá 30. júlí til 31. ágúst 1990, samtals að fjárhæð 419.478 krónur, og tók þar mið af þeim kjörum, sem aðilar sömdu um í upphafi. Stefndi greiddi ekki þessa reikninga, en með launaseðli, þar sem útborgunardagur er tilgreindur 1. október 1990, greiddi hann áfrýjanda 171.657 krónur fyrir vinnu á áðurnefndu tímabili og tók þar mið af lægri fjárhæð fyrir unna klukkustund en áfrýjandi hafði gert í reikningum sínum. Í málinu sækir áfrýjandi stefnda um mismuninn, 247.821 krónu, eins og kröfugerð hans hljóðar nú fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er haldið fram, að hann hafi sagt upp samningi um verktakastörf áfrýjanda 28. júlí 1990. Áfrýjandi hafi þá sóst eftir öðru starfi hjá stefnda, sem hafi næsta dag boðið áfrýjanda vinnu á verkstæði og síðan sem flokksstjóra í jarðvinnuverki. Af hendi stefnda hafi verið tekið skýrlega fram, að áfrýjandi yrði ekki lengur undirverktaki, heldur á launaskrá hjá stefnda með launakjör sem iðnaðarmaður með flokksstjóraálagi, sem áfrýjandi hafi ekki hreyft neinum athugasemdum við. Að loknum störfum áfrýjanda hafi stefndi neitað að greiða reikninga hans, en þess í stað greitt honum að fullu laun samkvæmt breyttum samningi þeirra.

II.

Störf áfrýjanda, sem deilt er um endurgjald fyrir, voru leyst af hendi í beinu framhaldi af öðrum störfum hans í þágu stefnda, sem er óumdeilt, að áfrýjandi hafi fengið greitt tiltekið endurgjald fyrir sem undirverktaki. Þessi nýju störf áfrýjanda gátu í meginatriðum átt undir lýsingu á starfssviði samkvæmt fyrrnefndri auglýsingu, sem bjó að baki upphaflegri ráðningu hans. Verður því sönnunarbyrði að hvíla á stefnda um, að samið hafi verið í lok júlí 1990 um breytingu á launakjörum áfrýjanda, enda stóð á þeim tíma nær stefnda að tryggja sér sönnur fyrir, að fyrri samningi þeirra hefði verið breytt en áfrýjanda að tryggja sönnun um hið gagnstæða.

Til sönnunar staðhæfingu sinni um, að hann hafi samið við áfrýjanda um breytingu á launakjörum, hefur stefndi ekki fært fram önnur sönnunargögn en ljósrit úr dagbók forráðamanns stefnda, þar sem eru minnispunktar um ætluð samtöl hans við áfrýjanda, og vitnisburð og vottorð frá þremur starfsmönnum stefnda, sem hafa þó aðeins borið, að forráðamaðurinn hafi greint þeim frá breytingum á stöðu og kjörum áfrýjanda. Gegn eindreginni neitun áfrýjanda verður ekki talið, að þessi gögn nægi til að sanna, að komist hafi á samningur þess efnis, sem stefndi heldur fram. Verður því að fallast á það með áfrýjanda, að hann hafi átt rétt á að fá greitt fyrir störf sín á umræddu tímabili samkvæmt samningi þeim, sem hann og stefndi gerðu við upphaf ráðningarsambandsins. Af hálfu stefnda hafa ekki komið fram rökstudd mótmæli gegn þeirri fjárhæð, sem reikningar áfrýjanda nema samanlagt, þegar frá eru dregnar greiðslur frá stefnda. Ber þannig að taka kröfuna til greina.

Stefndi hefur gert þá varakröfu, að staðfest verði, að nauðasamningur, sem komst á milli stefnda og lánardrottna hans 20. janúar 1994, taki til kröfu áfrýjanda. Stefndi hefur ekki gert ákveðna kröfu um þá fjárhæð, sem hann telur kröfu áfrýjanda eiga að lækka um vegna nauðasamningsins, eða hvernig eftirstöðvar kröfunnar ættu að koma til greiðslu. Er þessi kröfugerð stefnda í þeim búningi, að ekki er unnt að fella dóm á hana, og verður þegar af þeirri ástæðu ekki tekin afstaða til þessa atriðis í málinu.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 247.821 krónu með dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir, svo og málskostnað, eins og þar getur, í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Ellert Skúlason hf., greiði áfrýjanda, Jóhanni Viðari Jóhannssyni, 247.821 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. október 1990 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 120.000 krónur samanlagt í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Njarðvíkur 18. febrúar 1992.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. janúar, höfðaði Jóhann Viðar Jóhannsson, kt. 310355-5429, Vallargötu 26, Keflavík, með stefnu, sem birt var 11. apríl 1991, gegn Ellert Skúlasyni, kt. 091035-3839, Tjarnargötu 39, Keflavík, stjórnarformanni Ellerts Skúlasonar hf., kt. 610472-0289, Borgarvegi 15, Ytri-Njarðvík, vegna félagsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 316.123 kr. auk dráttarvaxta [...]. Þá er krafist málskostnaðar [...]

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi [...].

II.

Stefnandi vann hjá stefnda frá 12. 6. 1990 til 28. 7. 1990 sem undirverktaki á umsömdum taxta, 1.100 kr. fyrir dagvinnustund og 1.540 kr. fyrir yfirvinnustund að viðbættum virðisaukaskatti. Fyrir framangreint tímabil greiddi stefndi stefnanda án athugasemda samkvæmt þeim taxta, sem um hafði verið samið, samtals 671.191 kr. Það tímabil er upp gert og enginn ágreiningur um það. Stefnandi heldur því fram, að fyrir tímabilið frá 30. 7. 1990 til 31. 8. 1990 hafi sama tímagjald átt að gilda fyrir vinnu sína, og því hafi stefndi átt að greiða sér 419.478 kr. samkvæmt reikningum. Stefndi hafi greitt 103.355 kr. inn á skuldina, og því hafi stefndi haldið eftir. Hann hafi dregið það frá reikningsfjárhæðinni, og þá sé stefnufjárhæðin mismunurinn, 316.123 kr.

Stefndi heldur því fram, að stefnanda hafi verið sagt upp störfum 28. 7. 1990, þar sem ekki hafi verið lengur þörf fyrir hann sem undirverktaka. Hinn 29. sama mánaðar hafi stefnandi hins vegar sótt um starf hjá stefnda, og hafi hann þá verið ráðinn sem viðgerðarmaður á verkstæði, en um hafði verið talað, að síðar kæmi til greina, að hann ynni sem flokksstjóri í Vatnsholti. Skýrt hafi þó verið tekið fram, að laun hans yrðu í samræmi við starfið, það er flokksstjóralaun samkvæmt taxta fyrir málm- og skipasmíði.

Um það er deilt í máli þessu, hvort stefndi hafi verið í vinnu hjá stefnda

sem launþegi eða sem verktaki eftir 28. 7. 1990. Óumdeilt er, að stefnandi vann hjá stefnda tímabilið 12. 6. 1990 til 28. 7. 1990 sem undirverktaki, og er gjald fyrir það tímabil að fullu upp gert. Einnig er ljóst, að 28. 7. er hætt við það verk, sem stefnandi vann við, og fer hann þá að starfa við annað hjá stefnda. Þá greinir á um þetta. Forstjóri stefnda, Ellert Skúlason, heldur því fram, að hann hafi ráðið hann í vinnu sem venjulegan launþega.

Jóhann Viðar Jóhannsson heldur því fram, að hann hafi unnið áfram á sömu kjörum og fyrir 28. 7. 1990. Vitnin Hörður Karlsson og Vilborg Yrsa Sigurðardóttir segjast hafa vitað af þessu, en urðu ekki vitni að samtali stefnanda og stefnda um framhald vinnunnar. Segir Hörður Karlsson, að framkvæmdastjóri stefnanda hafi tilkynnt sér, að framvegis yrði Jóhann Viðar Jóhannsson á launum hjá fyrirtækinu. Vitnið Vilborg Yrsa Sigurðardóttir segist hafa haft sem verkfræðingur umsjón með verkinu, sem stefnandi vann við, eftir 28. 7. 1990.

Álit réttarins er, að Jóhann Viðar Jóhannsson hafi unnið sem launþegi hjá fyrirtækinu eftir 28. 7. 1990. Hann vann alls ekki við hið sama eftir þann tíma. Hafi hann viljað tryggja það að verða áfram sem verktaki, hefði hann átt að gangast eftir því, að um það væri gerður skriflegur samningur. Það gerði hann ekki, og eins og máli þessu er háttað, verður hann að bera hallann af því að geta ekki sannað, að hann hafi unnið sem verktaki áfram. Því skal stefndi, Ellert Skúlason hf., vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóhanns Viðars Jóhannssonar.

Stefnandi greiði stefnda 90.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur. Aðfararfrestur er 15 dagar.

Dóminn kvað upp Þorsteinn Pétursson aðalfulltrúi.

Dómsorð:

Stefndi, Ellert Skúlason hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Jóhanns V. Jóhannssonar í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 90.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, í málskostnað.

Aðfararfrestur er 15 dagar.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 353/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ásberg Þorsteinssyni
(Atli Gíslason hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarinn Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ákærði áfrýjaði málinu eingöngu um lagaatriði og viðurlög, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. apríl 1994 til þyngingar á refsiákvörðun hins áfrýjaða dóms, „þ. á m. á grundvelli skilorðsrofa á dómi héraðsdóms Vestfjarða frá 28. 9. 1993".

Fallist er á sakarmat hins áfrýjaða dóms með skírskotun til forsendna hans.

Frá árinu 1975 hefur ákærði 14 sinnum gengist undir dómsátt, þar af fjórum sinnum fyrir hegningarlagabrot og þrisvar fyrir ölvun við akstur, síðast 16. október 1993. Á árunum 1985 og 1986 hlaut hann fjóra refsidóma fyrir þjófnað, þjófnaðartilraun, skjalafals og fjársvik. Með þeim dómum var hann dæmdur til fangelsisrefsingar, og var hún í öll skiptin skilorðsbundin. Þá var hann dæmdur með dómi sakadóms Reykjavíkur 25. október 1991 í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir þjófnað, skjalafals og fjársvik. Með dómi Héraðsdóms Vesturlands 28. september 1993 var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir þjófnað og líkamsárás með vísan til 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot ákærða voru framin fyrir uppsögu dómsins frá 25. október 1991. Brot ákærða, sem hér er til umfjöllunar, var framið 22. nóvember sl. Í hinum áfrýjaða dómi er dómurinn frá 25. október 1991 tekinn upp og dæmdur með. Er ljóst, að héraðsdómara hefur ekki verið kunnugt um dóminn frá 28. september 1993.

Ákærði hefur nú rofið skilorð síðargreinds dóms. Ber með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að taka það mál einnig til meðferðar og dæma ákærða refsingu í einu lagi fyrir öll brotin. Þykir refsingin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 22. mars 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 22. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Þjóðbraut 13, Akranesi, af Inga Tryggvasyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-1/1994: Ákæruvaldið gegn Ásberg Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. desember 1993, á hendur Ásberg Þorsteinssyni, Stekkjarholti 18, Akranesi, fæddum 23. nóvember 1957, fæðingarnúmer 662. Dómari fékk málið til meðferðar 4. janúar 1994 og gaf út fyrirkall í því 7. janúar sl. Birting þess fyrirkalls tókst ekki, og gaf dómari út annað fyrirkall 31. janúar sl., og var málið þingfest 24. febrúar sl.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt mánudags 22. nóvember 1993 brotist inn í verslun Trésmiðjunnar Akurs hf. að Smiðjuvöllum 9 á Akranesi og stolið þaðan þremur borvélum og topplyklasetti, alls að verðmæti 61.219 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Ákærði, Ásberg Þorsteinsson, hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa brotist inn í verslun Trésmiðjunnar Akurs hf. að Smiðjuvöllum 9, Akranesi, aðfaranótt 22. nóvember 1993. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði brotið rúðu í útidyrahurð og farið inn í verslunina og tekið þar þrjár borvélar og topplyklasett. Topplyklasettið hafi hann geymt heima hjá sér, uns lögregla handtók ákærða vegna málsins, en farið með

borvélarnar í hús við Vesturgötu, þar sem þær hafi verið, er lögregla handtók ákærða.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hefur með háttsemi sinni gerst sekur um þjófnað samkvæmt 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann á árunum 1975 til 1983 gengist undir 21 sátt fyrir brot gegn áfengislögum, umferðarlögum og almennum hegningarlögum. Í október 1993 gekkst ákærði og undir sátt fyrir brot á umferðarlögum og fyrir eignaspjöll. Þá hefur ákærði hlotið 5 refsidóma á árunum 1985 til 1991. Árið 1985 hlaut ákærði 3 refsidóma, í febrúar hlaut hann 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi í 2 ár fyrir skjalafals, þjófnað og fjársvik, í mars 5 mánaða skilorðsbundið fangelsi í 2 ár fyrir skjalafals, og í september 1985 hlaut ákærði 7 mánaða fangelsi, þar af 4 mánuði skilorðsbundna í 3 ár, fyrir þjófnað og tilraun til þjófnaðar. Í nóvember 1986 hlaut ákærði 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir tilraun til þjófnaðar. Loks hlaut ákærði 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, 25. október 1991 fyrir skjalafals, þjófnað og fjársvik.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot það, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, er framið eftir uppsögu skilorðsdóms frá 25. október 1991 og því rof á honum. Ber því að taka þann dóm upp samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, og ákvarða ákærða nú refsingu í einu lagi fyrir það brot, sem nú er ákært fyrir, og þau brot, sem ákærði hlaut skilorðsdóm fyrir. Með vísan til sakaferils ákærða og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Ásberg Þorsteinsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 361/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Baldri Gunnari Ásgeirssyni
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Svipting ökuréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarinn Garðar Gíslason, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og var því af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. ágúst 1994. Krefst ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvalds.

Þegar litið er til gagna málsins, einkum lögregluskýrslu, ljósmynda og uppdráttar af vettvangi, þykir varhugavert að telja sannað gegn neitun ákærða, að er hann hóf framúraksturinn og ók yfir á gagnstæðan vegarhelming, hafi hann eingöngu ekið yfir óbrotna línu, hindrunarlínu. Telst því einvörðungu sannað með framburði hans og gögnum málsins, að hann hafi ekið bifreið sinni yfir akreinalínu, sem máluð var samhliða hindrunarlínunni.

Þegar ákærði hóf framúraksturinn, var hann aftastur í röð fjögurra bifreiða, og var mjög stutt á milli þeirra. Við þessar aðstæður freistaði ákærði þess að aka fram úr bifreiðunum þremur og ók því yfir á gagnstæðan vegarhelming, þrátt fyrir það að hann hafði ekki næga yfirsýn yfir veginn fram undan, með þeim afleiðingum, sem í ákæru greinir. Var þessi akstur gáleysislegur og vítaverður, eins og aðstæðum var háttað, en á þessum vegarkafla á Vesturlandsvegi eru blindbeygjur og vegurinn hæðóttur. Varðar háttsemi ákærða við tilgreind lagaákvæði í ákæru, en þó hefur þar láðst að vísa til umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem skírskotað er til 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna.

Fallist er á ákvæði héraðsdóms um varðhald og sviptingu ökuréttar ákærða svo og sakarkostnað.

Ákærði varð sjálfur fyrir alvarlegu heilsutjóni við áreksturinn. Þykir mega líta til þess við ákvörðun sektar á hendur honum, og telst hún hæfilega ákveðin 100.000 krónur. Skal sektin renna í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í hennar stað, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um varðhald, sviptingu ökuréttar og sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði, Baldur Gunnar Ásgeirsson, greiði 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júní 1994.

Ár 1994, föstudaginn 24. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 415/1994: Ákæruvaldið gegn Baldri Gunnari Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms 22. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 6. júní sl., á hendur ákærða, Baldri Gunnari Ásgeirssyni, Fornuströnd 4, Seltjarnarnesi, kt. 080842-2609.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa fimmtudaginn 10. júní 1993 á leið sinni vestur þjóðveg nr. 1 í Þyrilshlíð í Hvalfirði í framúrakstri ekið bifreiðinni G-9556 svo óvarlega yfir gula hindrunarlínu, að hann lenti í árekstri við bifreiðina JC-747, sem kom á móti, með þeim afleiðingum, að tveir menn slösuðust. Ökumaður bifreiðarinnar JC-747, Einar Árni Pálsson, fæddur 17. júní 1972, hlaut eftirtalin meiðsl: Görn fór í sundur til hálfs, og innihald lak út í kviðarhol, talsvert mar innvortis, lítils háttar mar á heila, tvísýni, dofi í hægri kinn, og kvarnaðist úr beini á hægri rist. Farþegi í framsæti bifreiðarinnar G-9556, Þórunn Ólafsdóttir, fædd 10.

október 1944, eiginkona ákærða, hlaut brot á fjórum ristarbeinum, II–V, hægra megin, og varð að nema brott hluta af ristarbeini IV, mar á brjóstkassa, og smáflís losnaði úr bringubeini.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna meiðsla beggja og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 15. gr., sbr 13. gr. reglugerðar nr. 341/1989 um umferðarmerki og notkun þeirra, sbr. 1. mgr. 84. gr., a-lið 2. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 22. gr., sbr 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993".

Málavextir.

Fimmtudaginn 10. júní 1993 klukkan 15.34 var lögreglunni í Borgarnesi tilkynnt um mjög harðan árekstur tveggja bifreiða, sem orðið hafði á þjóðvegi nr. 1 við svokallaðar Kleifar í Þyrilshlíð í Hvalfirði, um 2,5 km vestan við Botnsskála. Jafnframt var tilkynnt um þrjá aðila mikið slasaða.

Tveir lögreglumenn fóru á vettvang. Annar þeirra kvaddi áður til sjúkrabifreið og lækni frá Akranesi og hafði samband við Landhelgisgæsluna og óskaði eftir því, að þyrla yrði höfð í viðbragðsstöðu. Hinn lögreglumaðurinn tók með sér vökvaklippur, sem síðar voru notaðar til þess að losa ákærða, Baldur Gunnar Ásgeirsson, sem var ökumaður annarrar bifreiðarinnar, frá sæti sínu. Klukkan 16.03 var óskað eftir, að Landhelgisgæslan sendi þyrlu á vettvang.

Þegar lögregla úr Borgarnesi kom á vettvang, voru komnir þangað tveir lögreglumenn úr Reykjavík og sjúkrabifreiðar frá Akranesi. Þarna höfðu rekist saman fólksbifreiðarnar G-9556 og JC-747, hin fyrrnefnda af Buickgerð, en hin af gerðinni Toyota. Hafði bifreiðinni G-9556 verið ekið vestur þjóðveginn, en bifreiðinni JC-747 austur hann. Varð áreksturinn, þegar ákærði ók bifreiðinni G-9556 yfir á öfugan vegarhelming og í veg fyrir hina bifreiðina, en í henni var ökumaðurinn, Einar Árni Pálsson, einn, en auk ákærða var í bifreið hans eiginkona hans, Þórunn Ólafsdóttir, sem sat í framsæti við hlið hans.

Þegar lögreglumennirnir komu á vettvang, var verið að flytja eiginkonu ákærða í sjúkrabifreið, og var hún flutt í sjúkrahúsið á Akranesi, og þangað var ákærði einnig fluttur, eftir að vinstri hurðarstafur bifreiðar hans hafði verið sagaður laus og vökvaklippur notaðar á vinstra framsæti til þess að losa hann úr sæti sínu. Ökumaður bifreiðarinnar JC-747, Einar Árni Pálsson, var fluttur með þyrlu á Borgarspítalann í Reykjavík.

Aðstæður á vettvangi eru þær, þegar ekið er vestur þjóðveg nr. 1 í Þyrils-

hlíð í Hvalfirði, að talsvert er um blindhæðir og blindbeygjur. Um 160 metra austan við slysstaðinn er klettasnös, sem veldur blindbeygju, og er hindrunarlína máluð þar á veginn, og liggur hún fram hjá slysstaðnum, en 11 metrum fyrir austan hann, mælt frá afturenda bifreiðar ákærða, var upphaf akreinalínu, sem máluð var þar samhliða hindrunarlínunni, en akreinalínan var hægra megin við hindrunarlínuna miðað við akstursstefnu ákærða. Var það ágiskun annars lögreglumannanna frá Akranesi, að ákærði hefði að öllum líkindum hafið framúrakstur, áður en hann kom að þeim stað, þar sem akreinalínan byrjaði.

Fjögur vitni gáfu sig fram á vettvangi, en hvorki voru tekin af þeim skýrslur við rannsókn málsins né var óskað eftir því við meðferð þess fyrir dóminum, enda vart þörf á því, þar sem ljóst er af uppdrætti og myndum, hvernig árekstur inn bar að.

Þegar slysið gerðist, var bjart og malbikað yfirborð vegarins þurrt. Bifreiðarnar skemmdust mjög mikið. Ekki var hægt að ræða við ákærða og hinn ökumanninn á vettvangi vegna þess, hversu mikið þeir voru slasaðir.

Meiðsli ökumanns bifreiðarinnar JC-747 og eiginkonu ákærða eru rækilega rakin í ákæru í samræmi við læknisvottorð.

Við þingfestingu málsins lýsir ákærði yfir, að hann kannist ekki við að hafa ekið óvarlega yfir gula hindrunarlínu umrætt sin. Hann skýrir svo frá slysinu við meðferð málsins, að hann hafi ekið fólksbifreiðinni G-9556 nokkru eftir hádegi fimmtudaginn 10. júní f. á. um Vesturlandsveg í Hvalfirði á leið í Borgarfjörð. Þegar ákærði ók inn fjörðinn að sunnanverðu, var hann á eftir tveimur bifreiðum á sömu leið og um 200 metrar á milli bifreiðanna, sem allar voru á um 80 km hraða. Þegar ekið var yfir brúna á Botnsá, minnkaði hraðinn, og bilið á milli bifreiðanna styttist. Þegar komið var fram hjá Botnsskála, var hraði bifreiðanna kominn í 50–70 km hraða, þar sem hægja þurfti ferðina vegna þriggja bifreiða, sem þarna voru fyrir framan. Bifreiðarnar tvær, sem verið höfðu á undan ákærða, komust fljótlega fram úr bifreiðunum þremur, og var ákærði þá orðinn síðastur í fjögurra bifreiða röð og bilið á milli bifreiðanna mjög lítið. Ákærði beið færis til framúraksturs og fylgdist með bifreiðum, sem komu á móti, og þegar hann hafði mætt tveimur bifreiðum, hóf hann framúrakstur og var í upphafi hans á 50–55 km hraða. Taldi ákærði þetta óhætt og ók yfir á öfugan vegarhelming og jók um leið ferðina. Þegar ákærði var kominn á móts við aftasta hluta öftustu bifreiðarinnar, sem hann ætlaði að aka fram úr, sá hann bifreið koma á móti. Ákærði hafði séð veginn örstuttu áður hindrunarlausan og kann ekki skýringu á því, hvers vegna hann sá ekki umrædda bifreið, en bifreið ákærða og hún skullu saman með framendana, og varð árekstur inn

mjög harður. Ákærði kveðst hafa stigið á hemlana, en honum er kunnugt um, að engin hemlaför voru eftir bifreið hans, og hefur hún því væntanlega ekki náð að festa hjólin, áður en árekturinn varð. Ákærði telur, að hann hafi byrjað framúraksturinn á akreinalínunni á veginum, en ekki á hindrunarlínunni, og kveðst hann hafa séð útsýnið opnast um veginn og taldi óhætt að aka fram úr.

Ákærði kveðst vera kunnugur á þessum slóðum og hafði oft ekið þennan veg, áður en slysið varð. Hann telur mögulegt, að stór jeppi, sem var á undan bifreiðinni, sem ákærði lenti í árekstri við, hafi byrgt sér sýn og hann því ekki séð bifreiðina.

Ákærði segir konu sína hafa náð sér að fullu a. ö. l. en því, að bein hafi verið tekið úr fæti hennar.

Í læknisvottorði um meiðsl Einars Árna segir, að honum hafi heilsast býsna vel eftir aðgerðina, sem gera þurfti á honum, og útskrifaðist hann talsvert slappur af sjúkrahúsi 22. júní f. á. Talið var líklegast, að hann myndi jafna sig til fulls.

Lögreglumaður hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík hefur eftir Einari Árna í símtali 31. maí sl., að hann hafi verið frá vinnu þar til 10. september sl., þ. e. í þrjá mánuði, og gengi hann enn reglulega til læknis og væri slæmur í ristinni, sem flísaðist úr beini. Þá kvaðst Einar Árni vera mjög slæmur í baki eftir slysið og hefði gengið til læknis af þeim sökum, og væri ákveðið að skera sig upp við bakmeiðslunum í haust. Kvaðst Einar Árni hafa kvalir í baki daglega, og segja mætti, að hann losnaði ekki við verk úr bakinu.

Niðurstöður.

Með framburði ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað þrátt fyrir neitun hans, að hann hafi ekið óvarlega yfir gula hindrunarlínu á leið sinni um Þyrilshlíð í Hvalfirði, en það leiddi til þess, að hann lenti í árekstri við bifreiðina JC-747, sem kom á móti, með þeim afleiðingum, sem frá greinir í ákæru og læknisvottorðum. Er þessi háttsemi ákærða rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

Ákærði gekkst fimm sinnum á árunum 1963–1977 með dómsátt undir að greiða sektir, þrívegis fyrir brot á tollalögum, einu sinni fyrir ökuhraða og einu sinni fyrir ölvunarakstur. Hann var dæmdur í desember 1987 fyrir brot á tollalögum og áfengislögum, en ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár. Ekkert þessara mála skiptir máli við ákvörðun refsingar ákærða í máli þessu.

Við ákvörðun refsingar ákærða er til þess að líta, að brot ákærða er mjög

alvarlegt og olli miklum meiðslum. Var hending ein, að ekki hlaust af því mannsbani. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 2 mánuði, en eftir atvikum þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og niður skuli hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá skal ákærði greiða 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna, en sæta ella varðhaldi í 30 daga í stað sektarinnar.

Eins og fram er komið, er brot ákærða mjög alvarlegt, og telst akstur hans umrætt sinn mjög vítaverður. Eru því skilyrði til þess að svipta ákærða ökurétti, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða þessum rétti í 2 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, og 15.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Þorsteinn Skúlason deildarlögfræðingur flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Gunnar Ásgeirsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá greiði ákærði 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 2 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, og 15.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 272/1992. **Þrotabú Töggs hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Bíldshöfða 16 hf.
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Gjaldþrot. Riftun. Bætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1992. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur: „1. Að rift verði með dómi greiðslu Töggs hf. við stefnda, að fjárhæð 14.021.034 kr., per 31. 12. 1986, sbr. bréf Ingvars Björnssonar hdl., dags. 20. mars 1987, til Töggs hf. 2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 14.021.034 kr. með 49,2% ársvöxtum frá 1. desember 1987 til 15. desember 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Framsal Töggs hf. til stefnda á viðskiptamannakröfu fór fram, meðan á greiðslustöðvun stóð hjá Töggi hf. Var sú ráðstöfun óheimil samkvæmt 1. mgr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem í gildi voru á þeim tíma, og riftanleg samkvæmt 59. gr. sömu laga. Stefndi samþykkti þegar riftun. Þrátt fyrir framsal kröfunnar til stefnda voru öll bókhaldsgögn hana varðandi í höndum áfrýjanda. Skiptastjóri þrotabúsins hefði haft tök á að hlutast til um innheimtu kröfunnar hjá skuldara hennar eftir samþykkt riftunar. Með öllu er ósannað, að áfrýjandi hafi beðið tjón af ráðstöfun þessari, og verða honum því eigi dæmdar bætur samkvæmt 63. gr. laga nr. 6/1978. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, þrotabú Töggs hf., greiði stefnda, Bíldshöfða 16 hf., 300.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af þrotabúi Töggs hf., nnr. 8959–1902, Bíldshöfða 16, Reykjavík, gegn Bíldshöfða 16 hf., nnr. 1109–0567, Bíldshöfða 16, Reykjavík, með stefnu, birtri 8. desember 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi greiðslu Töggs hf. við stefnda, að fjárhæð 14.021.034 kr., per 31. 12. 1986, sbr. bréf Ingvars Björnssonar hdl., dags. 20. mars 1987, til Töggs hf.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 14.021.034 kr. með 49,2% ársvöxtum frá 1. desember 1987 til 15. desember 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. [...]

3. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að rift verði greiðslu Töggs hf. við stefnda, að fjárhæð 14.021.034 kr. miðað við 31. 12. 1986, skil verði á greiðslu skv. 64. gr. laga nr. 6/1978 og að stefndi komi að kröfu sömu fjárhæðar vegna skuldar stefnanda við stefnda vegna veðskulda, sem hvíla á fasteign stefnda, en stefnandi er skuldari að, við skipti á búi stefnanda. Þess er krafist, að stefndi verði að öðru leyti sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts.

Mál þetta var dæmt í héraði með dómi bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1989. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 7. nóvember 1991, var sá dómur og málsmeðferð frá og með 31. janúar 1989 ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 28. apríl 1992.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að 16. júní 1987 hafi bú Töggs hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Áður hafi félagið verið í miklum greiðsluerfiðleikum og hafi 30. janúar 1987 farið þess á leit við borgarfógetaembættið í Reykjavík, að félaginu yrði

veitt heimild til greiðslustöðvunar. Heimild til greiðslustöðvunar hafi verið veitt með úrskurði, dags. 2. febrúar 1987, í 3 mánuði, og hafi sá frestur verið framlengdur tvisvar og runnið út 15. júní 1987.

Meðan á greiðslustöðvun stóð, hafi Töggur hf. og stefndi tekið þá ákvörðun að framselja stefnda viðskiptamannakröfu á hendur Ingvari Sveinssyni, nnr. 4778-0810, Hegranesi 22, Garðabæ, en nefndur Ingvar hafi verið forstjóri Töggs hf. á þessum tíma og aðalhluthafi þess. Fjárhæð kröfu þessarar hafi numið 14.021.034 krónum, sem er sama og stefnufjárhæð, og hafi yfirtakan verið reiknuð miðað við 31. 12. 1986. Viðskipti þessi hafi verið færð í ársreikninga félaganna beggja árið 1986. Formlega virðist endanlega vera tekin ákvörðun um þetta með bréfi Ingvars Björnssonar hdl. til Töggs hf., dags. 20. mars 1987, en þar segi svo: „Það staðfestist hér með, að Bíldshöfði 16 hf. hefur samkvæmt beiðni yðar samþykkt að yfirtaka langtímaskuldir Töggs hf. per 31. 12. 1986, að upphæð 12.914.216 kr., auk áfallinna vaxta m. v. sömu tímamörk, 1.106.818 kr., þ. e. alls 14.021.034 kr., gegn framsali Töggs hf. til Bíldshöfða 16 hf. á inneign Töggs hf. hjá Ingvari Sveinssyni á viðskiptareikningi hans sömu fjárhæðar."

Stefnandi heldur því fram, að sú ráðstöfun Töggs hf. að afhenda stefnda ofangreinda kröfu til greiðslu á öðrum skuldbindingum Töggs hf. hafi verið ólögmæt, greiðslueyrir óvenjulegur og greiðslan ekki venjuleg eftir atvikum, sbr. 54. gr. l. nr. 6/1978. Jafnframt er því haldið fram, að rifta megi greiðslu þessari á grundvelli 61. gr. l. nr. 6/1978, þar sem ráðstöfun þessi hafi á ótilhlýðilegan hátt verið kröfuhafa, þ. e. stefnda, til hagsbóta á kostnað annarra eða leitt til þess, að eignir þrotamanns hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Þá sé ítrekað, að greiðsla þessi hafi farið fram, á meðan greiðslustöðvun hafi staðið yfir.

Á grundvelli 62. gr. l. nr. 6/1978 sé þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda ofangreinda kröfu, þar sem hann hafi ekki fengist til að greiða hana þrátt fyrir áskorun þar að lútandi.

Á skiptafundi í þrotabúi Töggs hf. 12. október 1987 hafi verið samþykkt málshöfðunarheimild handa skiptastjóra þrotabúsins til riftunar ofangreindrar kröfu.

II.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málsástæður og málavexti, að skömmu eftir móttöku stefnda á kröfubréfi stefnanda, dags. 13. október, hafi lögmaður stefnda tilkynnt lögmanni stefnanda, að stjórn stefnda myndi samþykkja riftun, en þar sem framkvæmdastjóri stefnda væri á förum til útlanda, yrði erindi stefnanda afgreitt á formlegum stjórnarfundi hjá stefnda eftir heimkomu framkvæmdastjórans, en þó með því skilyrði, að krafa

stefnda á hendur stefnanda sömu fjárhæðar kæmist að við skipti á búi stefnanda, en þeirri kröfu hafði eðlilega ekki verið lýst í búið vegna kröfuframsalsins. Jafnframt var tekið fram, að stjórn stefnda hefði samþykkt riftunarkröfu stefnanda að þessu leyti með vísan til hins víðtæka riftunarréttar, sem VIII. kafli l. nr. 6/1978 heimili, sbr. t. d. 59. gr. þeirra laga, en án þess þó að stefndi teldi sig á nokkurn hátt hafa brotið gegn ákvæðum l. nr. 6/1978 eða reynt að hagnast á einhvern hátt með ráðstöfunum þessum.

Greiðslukröfu stefnanda um framangreinda fjárhæð sem og vaxtakröfu sé eindregið mótmælt. Engar greiðslur hafi gengið milli aðila, né hafi hinn nafngreindi einstaklingur greitt stefnda framangreinda fjárhæð. Við riftunina hafi stefnandi öðlast rétt til greiðslu frá hinum nafngreinda einstaklingi, og ósannað sé með öllu, að hin umdeilda ráðstöfun hafi á nokkurn hátt haft tjón í för með sér fyrir stefnanda né stefndi hagnast á nokkurn hátt.

Jafnframt telji stefndi mjög ósanngjarnt og óeðlilegt, að stefndi greiddi stefnanda fjárhæðir þessar, þar sem stefndi hafi ekki fengið þessar fjárhæðir greiddar, sbr. 65. gr. l. nr. 6/1978.

Jafnframt sé á það að líta, að skv. 65. gr. l. nr. 6/1978 sé heimilt að skila greiðslum í þeim mæli, sem þær séu til, og þar sem kröfuframsalið falli úr gildi með máli þessu, þyki stefnda rétt, að tilvitnuðu lagaákvæði verði beitt, þ. e., að stefnandi fái kröfuna á hinn nafngreinda einstakling, en stefndi fái að nýju kröfu, að fjárhæð 14.021.034 kr., á hendur stefnanda, og komist sú krafa að við búskiptin.

Því sé mótmælt með öllu, að 54. og 61. gr. l. nr. 6/1978 eigi við um atvik málsins.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu Ingvar Björnsson, Ingvar Sveinsson og Garðar Eyland Bárðarson.

III.

Fyrir liggur, sbr. tilvitnað bréf lögmanns stefnda til Töggs hf., dags. 20. mars 1987, að Töggur hf. framseldi stefnda þá viðskiptamannakröfu, sem mál þetta er sprottið af og fyrr greinir. Ráðstöfun þessi var gerð, meðan á greiðslustöðvun hjá Töggi hf. stóð, en heimild til greiðslustöðvunar var veitt 2. febrúar 1987. Frestdagur telst vera 30. janúar 1987, er beiðni um greiðslustöðvun var sett fram, sbr. 1. tl. 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Krafa þessi er færð stefnda til eignar árið 1986, svo sem sést af fram lögðum ársreikningum félaganna og bréfi Gylfa Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 28. júní 1987. Svo sem fram kemur í sóknargögnum, var tekin sú ákvörðun á skiptafundi í þrotabúi Töggs hf. 12. október 1987 að mótmæla þeirri ráðstöfun félagsins fyrir gjaldþrot að framselja stefnda kröfur þessar

á Ingvar Sveinsson, og var skiptastjóra veitt málshöfðunarheimild vegna búsins.

Framangreind ráðstöfun á kröfu þessari var Töggi hf. óheimil samkvæmt 8. gr. laga nr. 6/1978. Þar sem hér var um að ræða ráðstöfun, sem gerð var eftir frestdag, á riftunarkrafa stefnanda sér stoð í 1. mgr. 59. gr. laganna, auk þess sem telja verður, að greiðslueyrir hafi verið óvenjulegur í skilningi 54. gr. laganna. Að þessu virtu, en einnig því, að aðilar eru sammála um, að riftun nái fram að ganga, verður fallist á riftunarkröfu stefnanda í málinu.

Samkvæmt fram lagðri yfirlýsingu skiptaráðandans í Kjósarsýslu, dags. 23. október 1991, var bú Ingvars Sveinssonar tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Kjósarsýslu 14. mars 1990. Þar segir og, að engar eignir hafi fundist í búinu og skiptum verið lokið 5. september 1990, með vísan til 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Fyrir liggur, að kröfu þeirri, sem mál þetta fjallar um, að fjárhæð 14.021.034 kr., var ekki lýst í þrotabúið, en alls var lýst kröfum samtals að fjárhæð 18.021.612,65 kr.

Samkvæmt fram lögðu vottorði Gylfa Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 31. október 1991, hefur stefndi gert upp skuldir Töggs hf., sem yfirteknar voru og hvíldu á fasteigninni Bíldshöfða 16 í Reykjavík, með samtals 34.848.810 krónum. Hins vegar hefur framseld viðskiptakrafa á hendur Ingvari Sveinssyni að engu leyti komið stefnda að notum, og má ætla, að um ónýta kröfu hafi verið að ræða frá upphafi. Samkvæmt framansögðu verður ekki talið, að skilyrði séu til greiðslu umstefndrar fjárhæðar úr hendi stefnda, og þá, hvort sem farið er að ákvæðum 62. eða 63. gr. laga nr. 6/1978. Ber því að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda.

Fyrir liggur samkvæmt framansögðu, að stefndi hefur greitt samtals 34.848.810 kr. vegna yfirtöku veðskulda, sem stefnandi er skuldari að. Þykir því rétt að taka til greina þá kröfu stefnda, að hann komi að kröfu sömu fjárhæðar og rift er við skipti á búi stefnanda.

Með hliðsjón af úrslitum málsins samkvæmt framansögðu þykja ákvæði 64. gr. laga nr. 6/1978 ekki koma til álita.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Greiðslu Töggs hf. til stefnda, Bíldshöfða 16 hf., að fjárhæð 14.021.034 kr., per 31. 12. 1986, sbr. bréf Ingvars Björnssonar hdl., dags. 20. mars 1987, er rift.

Stefndi, Bíldshöfði 16 hf., skal vera sýkn af fjárkröfu stefnanda, þrotabús Töggs hf., í máli þessu.

Krafa stefnda sömu fjárhæðar skal komast að við skipti á búi stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 330/1992. **Bíldshöfði 16 hf.**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
þrotabúi Töggs hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Gjaldþrot. Riftun. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1992. Hann krefst þess, að rift verði greiðslu Töggs hf. til áfrýjanda, að fjárhæð 1.096.211 krónur, miðað við 31. desember 1986, skil verði á greiðslu samkvæmt fyrri málsgrein 64. gr. laga nr. 6/1978 og áfrýjandi komi að kröfu sömu fjárhæðar við skipti á búi stefnda. Þá krefst hann sýknu að öðru leyti af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Töggur hf. framseldi áfrýjanda viðskiptamannakröfur fjórum dögum fyrir gjaldþrot sitt, meðan á greiðslustöðvun stóð hjá félaginu. Með þessu móti greiddi Töggur hf. skuld við áfrýjanda. Ráðstöfun þessi var óheimil samkvæmt 1. mgr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem þá voru í gildi, og riftanleg samkvæmt 59. gr., auk þess sem greiðslueyrir var óvenjulegur í skilningi 54. gr. laganna. Áfrýjandi samþykkti þegar riftun, en gerði engar ráðstafanir til skila á kröfunum. Ber því með vísan til 62. gr. og 63. gr. laga nr. 6/1978 að taka til greina fjárkröfu stefnda. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bíldshöfði 16 hf., greiði stefnda, þrotabúi Töggs hf., 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af þrotabúi Töggs hf., nnr. 8959-1902, Bíldshöfða 16, Reykjavík, gegn Bíldshöfða 16 hf., nnr. 1109-0567, Bíldshöfða 16, Reykjavík, með stefnu, birtri 8. desember 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi greiðslu Töggs hf. til stefnda, að fjárhæð 1.096.211 kr., per 31. 12. 1986, sbr. bréf Bíldshöfða 16 hf., dags. 12. júní 1987 til Töggs hf.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.096.211 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

3. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að rift verði greiðslu Töggs hf. til stefnda, að fjárhæð 1.096.211 kr. miðað við 31. 12. 1986, skil verði á greiðslu skv. 64. gr. laga nr. 6/1978 og að stefndi komi að kröfu sömu fjárhæðar vegna viðskiptaskuldar stefnanda við stefnda við skipti á búi stefnanda. Þess er krafist, að stefndi verði að öðru leyti sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts.

Mál þetta var dæmt í héraði með dómi bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1989. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 7. nóvember 1991, var sá dómur og málsmeðferð frá og með 31. janúar 1989 ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 28. apríl 1992.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að 16. júní 1987 hafi bú Töggs hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Áður hafi félagið verið í miklum greiðsluerfiðleikum og 30. janúar 1987 farið þess á leit við borgarfógetaembættið í Reykjavík, að félaginu yrði veitt heimild til greiðslustöðvunar. Heimild til greiðslustöðvunar hafi verið veitt með úrskurði, dags. 2. febrúar 1987, í 3 mánuði, og hafi sá frestur verið framlengdur tvisvar og runnið út 15. júní 1987.

Meðan á greiðslustöðvun stóð, hafi Töggur hf. og stefndi tekið þá ákvörðun að framselja stefnda viðskiptamannakröfur á hendur eftirtöldum aðilum:

1. Eyjólfi R. Ármannssyni skv. reikn. nr. 6003	kr.	145.318
2. Birni Sveinssyni skv. reikn. nr. 6004	–	770.343
3. Kristínu Ingvarsdóttur skv. reikn. nr. 6008	–	68.506
4. Kristínu Sveinsdóttur skv. reikn. nr. 6009	–	112.043
	Kr.	1.096.210

Formlega virðast Töggur hf. og stefndi taka ákvörðun þessa fjórum dögum fyrir upphaf gjaldþrotaskipta, þ. e. 12. júní 1987, sbr. bréf stefnda til stefnanda. Í bréfi þessu segi, að Bíldshöfði 16 hf. skuldajafni við Tögg hf. inneign hjá félaginu og telji síðan upp þær kröfur, sem að framan greini. Yfirtaka krafnanna hafi miðast við 31. 12. 1986.

Stefnandi heldur því fram, að sú ráðstöfun Töggs hf. að afhenda stefnda ofangreinda kröfu til greiðslu á öðrum skuldbindingum Töggs hf. hafi verið ólögmæt, greiðslueyrir óvenjulegur og greiðslan ekki venjuleg eftir atvikum, sbr. 54. gr. l. nr. 6/1978. Jafnframt er því haldið fram, að rifta megi greiðslu þessari á grundvelli 61. gr. l. nr. 6/1978, þar sem ráðstöfun þessi hafi á ótilhlýðilegan hátt verið kröfuhafa, þ. e. stefnda, til hagsbóta á kostnað annarra eða leitt til þess, að eignir þrotamanns hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Þá sé ítrekað, að greiðsla þessi hafi farið fram, á meðan greiðslustöðvun hafi staðið yfir.

Á grundvelli 62. gr. l. nr. 6/1978 sé þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða til stefnanda ofangreinda kröfu, þar sem hann hafi ekki fengist til að greiða hana þrátt fyrir áskorun þar að lútandi.

Á skiptafundi í þrotabúi Töggs hf. 12. október 1987 hafi verið samþykkt málshöfðunarheimild til skiptastjóra þrotabúsins til riftunar ofangreindrar kröfu.

II.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málsástæður og málavexti, að skömmu eftir móttöku stefnda á kröfubréfi stefnanda, dags. 13. október, hafi lögmaður stefnda tilkynnt lögmanni stefnanda, að stjórn stefnda myndi samþykkja riftun, en þar sem framkvæmdastjóri stefnda væri á förum til útlanda, yrði erindi stefnanda afgreitt á formlegum stjórnarfundi hjá stefnda eftir heimkomu framkvæmdastjórans, en þó með því skilyrði, að krafa stefnda á hendur stefnanda sömu fjárhæðar kæmist að við skipti á búi stefnanda, en þeirri kröfu hafði eðlilega ekki verið lýst í búið vegna skuldajafnaðaryfirlýsingarinnar. Jafnframt sé rétt að taka fram, að stjórn stefnda hafi samþykkt riftunarkröfu stefnanda að þessu leyti með vísan til hins víðtæka riftunarréttar, sem VIII. kafli l. nr. 6/1978 heimili, sbr. t. d. 59. gr. þeirra laga, en jafnframt hafi stefndi talið rétt að verða við ósk stefnanda um rift-

un, án þess þó að stefndi teldi sig á nokkurn hátt hafa brotið gegn ákvæðum l. nr. 6/1978 eða reynt að hagnast á einhvern hátt með ráðstöfunum þessum.

Greiðslukröfu stefnanda um framangreinda fjárhæð sem og vaxtakröfu sé eindregið mótmælt. Engar greiðslur hafi gengið milli aðila, né hafi hinir nafngreindu einstaklingar greitt stefnda framangreindar fjárhæðir. Við riftunina hafi stefnandi öðlast rétt til greiðslu frá fjórum hinna nafngreindu einstaklinga, og ósannað sé með öllu, að hin umdeilda ráðstöfun hafi á nokkurn hátt haft tjón í för með sér fyrir stefnanda né stefndi hagnast á nokkurn hátt.

Jafnframt telji stefndi mjög ósanngjarnt og óeðlilegt, að stefndi greiddi stefnanda fjárhæðir þessar, þar sem stefndi hafi ekki fengið þessar fjárhæðir greiddar, sbr. 65. gr. l. nr. 6/1978.

Jafnframt sé á það að líta, að skv. 64. gr. l. nr. 6/1978 sé heimilt að skila greiðslum í þeim mæli, sem þær séu til, og þar sem skuldajafnaðaryfirlýsingin falli úr gildi með máli þessu, þyki stefnda rétt, að tilvitnuðu lagaákvæði verði beitt, þ. e., að stefnandi fái kröfurnar á fjóra hina nafngreindu einstaklinga, en stefndi fái að nýju kröfu, að fjárhæð 1.096.211 kr., á hendur stefnanda, og komist sú krafa að við búskiptin.

Því sé mótmælt með öllu, að 54. og 61. gr. l. nr. 6/1978 eigi við um atvik málsins.

Tveir hinna nafngreindu einstaklinga, Björn Sveinsson og Kristín Sveinsdóttir, hafi verið hluthafar í Töggi hf. og eigi jafnframt hvort um sig u. þ. b. 1% af hlutafé Bíldshöfða 16 hf. Eyjólfur R. Ármannsson eigi hvorki hlut í Töggi hf. né Bíldshöfða 16 hf., en Kristín Ingvarsdóttir sé stærsti hluthafinn í Bíldshöfða 16 hf., en hafi aldrei átt neinn hlut í Töggi hf.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu Ingvar Sveinsson og Garðar Eyland Bárðarson.

III.

Fyrir liggur, sbr. yfirlýsingu stefnda um skuldajöfnuð, dags. 12. júní 1987, að Töggur hf. framseldi stefnda þær viðskiptamannakröfur, sem mál þetta er sprottið af og fyrr greinir. Með þessu móti voru gerðar upp útistandandi skuldir, sem stefndi átti hjá Töggi hf. Þegar ráðstöfun þessi var gerð, voru liðnir rúmir fjórir mánuðir frá frestdegi, og fjórum dögum síðar var bú Töggs hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Kröfur þessar eru færðar stefnda til eignar í ársreikningi árið 1986, sbr. bréf Gylfa Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 28. júní 1987.

Í sóknargögnum kemur fram, að á skiptafundi í þrotabúi Töggs hf. 12. október 1987 hafi sú ákvörðun verið tekin að mótmæla þeirri ráðstöfun fé-

lagsins fyrir gjaldþrot að framselja stefnda kröfur þessar, og var skiptastjóra veitt málshöfðunarheimild vegna búsins.

Framangreind ráðstöfun á viðskiptamannakröfum þessum var Töggi hf. óheimil samkvæmt 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þar sem hér var um að ræða ráðstöfun, sem gerð var eftir frestdag, á riftunarkrafa stefnanda sér stoð í 1. mgr. 59. gr. laganna, auk þess sem telja verður, að greiðslueyrir hafi verið óvenjulegur í skilningi 54. gr. laganna. Þá verður talið, að ráðstöfun þessi hafi verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og þannig brotið í bága við ákvæði 61. gr. gjaldþrotalaga. Að þessu virtu, en einnig því, að aðilar eru sammála um, að riftun nái fram að ganga, verður fallist á riftunarkröfu stefnanda í málinu.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 63. gr. laga nr. 6/1978 ber að taka til greina fjárkröfu stefnanda í málinu og með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum þykir rétt að taka til greina þá kröfu stefnda, að hann komi að kröfu sömu fjárhæðar við skipti á búi stefnanda.

Stefndi hefur engin gögn lagt fram til styrktar kröfu sinni um skil á greiðslu samkvæmt 64. gr. laga nr. 6/1978. Ber því að hafna þeirri kröfu stefnda.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 210.000 kr.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Greiðslu Töggs hf. til stefnda, Bíldshöfða 16 hf., að fjárhæð 1.096.211 kr., per 31. 12. 1986, sbr. bréf stefnda, dags. 12. júní 1987, er rift.

Stefndi, Bíldshöfði 16 hf., greiði stefnanda, þrotabúi Töggs hf., 1.096.211 kr. með 49,2% ársvöxtum frá 1. desember 1987 til 15. desember 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. desember 1988.

Krafa stefnda sömu fjárhæðar skal komast að við skipti á búi stefnanda.

Stefndi greiði stefnanda 210.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 160/1992. **Jón Hafsteinn Oddsson vegna þrotabús Einars Jónssonar**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Mánafelli hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)

Skriflega flutt mál. Útivist í Hæstarétti. Kaupsamningur. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1992. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða sér 859.276 krónur með tilgreindum dráttarvöxtum frá 5. maí 1984 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda féll þingsókn niður eftir þingfestingu málsins fyrir Hæstarétti. Málið sætir skriflegum flutningi hér fyrir dómi samkvæmt 3. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 12. gr. laga nr. 38/1994.

I.

Með kaupsamningi 15. maí 1984 seldi Einar Jónsson stefnda m/b Skálafell, ÍS-100. Samkvæmt samningnum skyldi kaupandi yfirtaka veðskuldir, að fjárhæð 790.724 krónur, og greiða Einari Jónssyni eftirstöðvar kaupverðs, 859.276 krónur. Svo var um samið munnlega milli aðila og er óumdeilt, að útborgað söluverð bátsins skyldi renna til greiðslu á fjárkröfum Vélsmiðjunnar Mjölnis hf. á hendur Einari Jónssyni. Bú Einars Jónssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Ísafjarðarsýslu 8. desember 1989. Á skiptafundi í þrotabúinu 11. mars 1991 var Jóni Hafsteini Oddssyni veitt heimild til málareksturs þessa fyrir hönd þrotabúsins samkvæmt 1. mgr. 114. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. nú 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

II.

Málsaðila greinir á um, hvort það samkomulag að söluverð m/b Skálafells, ÍS-100, skyldi ganga til greiðslu á fjárkröfum Vélsmiðjunnar Mjölnis hf. á hendur Einari Jónssyni, hafi verið efnt. Í héraðsdómi er rakinn málatilbúnaður aðila, eins og þeir lögðu málið fyrir í héraði. Er því haldið fram af hálfu áfrýjanda, að engin bókhaldsgögn hafi verið lögð fram af hálfu stefnda, er sýni millifærslur eða önnur viðskipti milli Einars Jónssonar, Vélsmiðjunnar Mjölnis hf. og stefnda. Í raun hafi stefndi enga reikninga greitt né yfirtekið neinar skuldir Einars Jónssonar gagnvart Vélsmiðjunni Mjölni hf.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að umþrættar millifærslur hafi átt sér stað. Er gerð grein fyrir þeim í bókhaldsgögnum, er fyrir liggja í málinu, reikningsyfirlitum Einars Jónssonar og Vélsmiðjunnar Mjölnis hf. Með samanburði á þessum gögnum sé unnt að rekja, hvernig færslur í bókhaldi vélsmiðjunnar séu samrýmanlegar einstökum færslum í bókhaldi Einars Jónssonar. Þannig hafi að jafnaði verið fyrir hendi skuldir Einars Jónssonar við Vélsmiðjuna Mjölni hf. til að mæta söluverði bátsins.

III.

Í málinu nýtur takmarkaðra heildstæðra gagna um bókhaldsfærslur Einars Jónssonar og Vélsmiðjunnar Mjölnis hf. Að engu marki er þar að finna bókhaldsgögn frá stefnda, sem er hlutafélag. Kaupsamningur Einars Jónssonar og stefnda gerir þó ráð fyrir greiðslum frá stefnda á fimm gjalddögum á árunum 1984 og 1985. Þar sem viðskipti aðila voru í því fari, er áður hefur verið rakið, var nauðsynlegt, að ýtarlegra gagna væri aflað úr bókhaldi stefnda og Vélsmiðjunnar Mjölnis hf., svo að séð yrði, með hverjum hætti viðskipti um m/b Skálafell, ÍS-100, voru færð.

Verður eigi annað séð af gögnum málsins en að Einar Jónsson hafi einungis haft munnlega staðfestingu á því, að söluverð bátsins til stefnda kæmi að fullu til frádráttar kröfum Vélsmiðjunnar Mjölnis hf. á hendur honum. Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, varð ekki úr, að Einar Jónsson gæfi munnlega skýrslu við meðferð málsins fyrir héraðsdómi. Brýnt tilefni var þó til þess.

Þegar á þetta er litið, verður að telja, að gögnum málsins og upplýsingum um álitaefni þess hafi verið svo áfátt, að dómur varð ekki

á það lagður. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að rétt hefði verið að kveðja sérfróða meðdómendur til setu í héraðsdómi, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 489/1991. **Fjármálaráðherra**
f. h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Halli Árnasyni
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Skattar. Sjómenn. Afsláttur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1991. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Jafnframt krefst hann þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu er um það deilt, hvort stefndi hafi átt rétt á sjómannaafslætti samkvæmt B-lið 68. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 8. gr. laga nr. 92/1987 um breyting á þeim lögum svo og II. kafla reglugerðar nr. 79/1988 um persónuafslátt og sjómannaafslátt, við greiðslu skatts af tekjum sínum á skattárinu 1988. Stefndi var þá hafnsögumaður í Reykjavík, sbr. hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn nr. 93/1985, og hafði nær allar tekjur sínar á árinu af því starfi. Hann var fastur starfsmaður við skipaþjónustu hafnarinnar og tók laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Í starfinu laut hann ákvæðum laga nr. 48/1933 um leiðsögu skipa og reglugerðar nr. 215/1972 um sama efni. Samfara hafnsögunni var hann lögskráður sem stýrimaður á þrjá dráttar- og hafnsögubáta Reykjavíkurhafnar samkvæmt heimild frá samgönguráðuneyti.

Umrædd ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt komu til fram-

kvæmda á árinu 1988, þegar tekin var upp staðgreiðsla á tekjuskatti, en hafa síðar sætt efnisbreytingu með 10. gr. laga nr. 85/1991. Þau komu í stað ákvæða 1. og 2. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna, sem síðast hafði verið breytt með 4. og 5. gr. laga nr. 9/1985 um aðgerðir til að bæta hag sjómanna og sjávarútvegs. Fjölluðu töluliðir þessir aðallega um tvenns konar frádrátt frá skattskyldum tekjum til handa sjómönnum, en heimildir þess efnis höfðu lengi verið í lögum.

Af hinum nýju ákvæðum og aðdraganda að setningu þeirra verður ekki ráðið, að sjómannaafslættinum hafi verið ætlað þrengra gildissvið en þeim frádráttarheimildum, sem hann leysti af hólmi, heldur hafi breyting þeirra og samsteypa verið gerð til einföldunar og aðlögunar að staðgreiðslukerfinu. Í 1. mgr. fyrrnefnds B-liðar 68. gr. laganna var afslættinum lýst þannig, að hans skyldu njóta menn, er lögskráðir væru á íslenskt skip eða skip gert út af íslensku skipafélagi, og skyldi hann nema tiltekinni fjárhæð, 365 krónum, fyrir hvern dag, er maður teldist stunda sjómannsstörf. Í 3. mgr. B-liðar var tekið fram, að hlutaráðnir sjómenn og landmenn, sem ekki væru lögskráðir, skyldu njóta afsláttarins. Í 2. mgr. 12. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 79/1988 var því bætt við, að starfsmenn hjá Hafrannsóknastofnun og menn, sem ráðnir væru af hinu opinbera til að hafa eftirlit með fiskveiðum, skyldu einnig njóta afsláttar fyrir hvern dag, sem þeir væru á sjó. Allt er þetta hliðstætt því, sem áður átti við um almennan sjómannafrádrátt samkvæmt 1. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna, og verður við það að miða, að gildissviðið sé hið sama. Fram er komið, að stefndi hafi án athugasemda notið þess frádráttar, eftir að hann varð hafnsögumaður í Reykjavík.

Þegar litið er á ákvæðin í heild og forsögu þeirra, sýnist megináherslan hvíla á því efnisatriði, að maður hafi tekjur sínar af sjómannsstörfum og að skilyrðið um lögskráningu megi einkum teljast ætlað til að einfalda staðfestingu þess, að svo sé. Ákvæðin ná til fleiri sjómanna en þeirra, sem skylt er að lögskrá, og í 14. gr. reglugerðar nr. 79/1988 er gert ráð fyrir, að sjómaður, sem lögskráður hefur verið, geti átt kost á afslætti fyrir lengri starfstíma en lögskráningin nær til, ef hann gerir sérstaka grein fyrir honum. Jafnframt gefur forsaga ákvæðanna ekki efni til að ætla, að þau eigi við sjómannsstörf í sérstaklega þröngum skilningi, þar sem reynslan af

eldri frádráttarheimildum varð sú, að löggjafinn rýmkaði þær með tímanum. Má segja, að það hafi síðast gerst með þeim ákvæðum, sem hér eru til umfjöllunar, þar sem sjómannaafsláttur samkvæmt þeim nær til fleiri manna en sá frádráttur, sem um var mælt í fyrrnefndum 2. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna. Sömuleiðis er ljóst, að ákvæðin ná til fleiri starfa um borð í skipum en hefðbundinna sjómannsstarfa. Þótt afslátturinn eigi að verulegu leyti rætur að rekja til ákvarðana í tengslum við kjarasamninga sjómanna og útgerðarmanna, er hann ekki einskorðaður við menn, sem þessir kjarasamningar ná til. Nauðsyn afsláttarins í skattalöggjöfinni hefur gjarnan verið rökstudd með því, að hefðbundin sjómannsstörf séu erfið og hættusöm og krefjist löngum mikilla fjarvista frá heimili, en þessi einkenni starfsins eru ekki skilyrði þess, að afslátturinn eigi við.

Leiðsaga skipa hlýtur að teljast til sjómannsstarfa í almennri merkingu, hvort sem leiðsögumaður er aðfenginn eða í skiprúmi um borð, og krefst bæði kunnáttu og reynslu á sviði siglinga, eins og ráða má af lögum nr. 48/1933. Þótt hafnsaga eins og í Reykjavík sé stunduð frá landi, girðir það eitt ekki fyrir, að umrædd ákvæði nái til hennar, eins og efni þeirra í heild er varið. Starfið er áhættusamt og oft unnið við erfið skilyrði, þótt það varði ekki langar siglingar. Óskylt er að lögskrá hafnsögumenn á skip, sem þeir veita leiðsögu. Stefndi var hins vegar lögskráður á báta hafnarinnar vegna starfa síns, og lágu til þess efnisleg rök. Útköll til hafnsögu máttu heita daglegur viðburður, og áætlar hafnarstjórinn í Reykjavík, að stefndi hafi farið til vinnu um borð í nær 250 skip á umræddu ári. Styður allt þetta tilkall hans til hins umdeilda afsláttar. Jafnframt er eðlilegt að líta til þess, að hann starfaði við hlið skipverja á bátunum, er tóku laun eftir sama kjarasamningi og hann og nutu þessa afsláttar.

Að athuguðu því, sem hér var rakið, þykir rétt að fallast á það með héraðsdómara, að viðurkenna beri rétt stefnda til sjómannaafsláttar samkvæmt fyrrnefndum lagaákvæðum á árinu 1988, eins og hann gerir kröfu til. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem mælt er um í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Halli Árnasyni, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar og
Péturs Kr. Hafstein

Í B-lið 68. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 8. gr. laga nr. 92/1987, sem í gildi var á þeim tíma, sem hér skiptir máli, var mælt fyrir um sjómannaafslátt, er dreginn skyldi frá tekjuskatti fyrir hvern dag, sem viðkomandi maður teldist stunda sjómannsstörf. Aðalreglan var sú, að afsláttarins skyldu þeir menn njóta, sem lögskráðir væru á íslenskt skip eða skip gert út af íslensku skipafélagi. Í 3. mgr. ákvæðisins kom fram sú viðbót, að hlutaráðnir sjómenn og landmenn, sem ekki voru lögskráðir, skyldu einnig njóta sjómannaafsláttar.

Undanþágur í lögum frá almennri skattskyldu fela í eðli sínu í sér mismunun skattborgara. Með skírskotun til grundvallarreglna um jafnræði verða sérhverjar ívilnanir eða skattundanþágur að vera byggðar á efnislegum rökum, og ber að skýra þær þröngt. Við þá skýringu er óhjákvæmilegt að hafa sem ríkasta hliðsjón af forsögu undanþáguákvæða í löggjöfinni. Upphaf sjómannaafsláttar verður rakið til ákvæða í lögum nr. 41/1954 um svonefndan hlífðarfatafrádrátt og fæðisfrádrátt. Bæði þá og síðar, þegar sjómannafrádráttur var útfærður með ýmsum hætti í lögum, aðallega í tengslum við gerð kjarasamninga sjómanna, er augljóslega byggt á þeirri sérstöðu sjómannsstarfsins, að það er að jafnaði unnið við erfiðar aðstæður fjarri heimilum og fjölskyldum sjómanna, svo að langtímum skiptir. Þá eru kjarasamningar sjómanna, sérstaklega fiskimanna, með öðrum hætti en þeirra, sem starfa í landi. Sérákvæði 68. gr. skattalaga um landmenn haggar þessu ekki, þar sem þeir eru fasttengdir ákveðnu úthaldi á sjó. Það gerir ekki heldur sú útfærsla í 12. gr. reglugerðar nr. 79/1988 um persónuafslátt og sjómannaafslátt, að

síðarnefnda afsláttarins skuli einnig njóta starfsmenn hjá Hafrannsóknastofnun og opinberir eftirlitsmenn með fiskveiðum, en lagastoð þessa ákvæðis er vandséð.

Störf hafnsögumanna geta verið erfið og áhættusöm, og til að gegna þeim þarf staðgóða þekkingu í siglingafræðum og ríka reynslu af sjómennsku. Aðalverkefni hafnsögumanna á sjó er leiðsaga skipa um borð í þeim sjálfum, en þangað eru þeir fluttir á lóðsbátum hafnanna. Þótt hafnsögumenn við Reykjavíkurhöfn séu lögskráðir á hafnarbátana á sameiginlega skipshafnarskrá ásamt skipverjum þeirra, verða þeir ekki af þeim sökum taldir stunda sjósókn í þeirri merkingu, að starfsskyldur fylgi því skiprúmi, sem lögskráð er til. Þá fer um kaup þeirra og kjör eftir kjarasamningum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar, en ekki kjarasamningum sjómanna.

Að öllu þessu athuguðu verður ekki talið, að störf hafnsögumanna séu sjómannsstörf í skilningi 68. gr. laga nr. 75/1981, er felur í sér skýrlega afmarkað frávik frá grundvallarreglu skattalaga um jafnræði skattborgara. Ber því að hnekkja hinum áfrýjaða dómi og sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1991.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 27. september sl., hefur Hallur Árnason, kt. 010548-4849, Lundahólum 1, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 2. maí 1991, á hendur fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi eigi rétt á sjómannaafslætti samkvæmt B-lið 68. gr. laga nr. 75/1981, þannig, að skattframtal stefnanda árið 1989 verði lagt óbreytt til grundvallar álagningu opinberra gjalda og stefnanda reiknaður sjómannaafsláttur í samræmi við tilgreinda lögskráningardaga í lið 9.2 og 9.3 í framtalinu, en þeir voru á árinu 1988 366.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að hann hafi starfað sem hafnsögumaður hjá Reykjavíkurhöfn frá 30. mars 1982. Hann hafi sem slíkur undanfarin ár allt til ársins 1989 notið sjómannaafsláttar við álagningu gjalda á tekjur sínar.

Árið 1989 hafi stefnandi talið fram lögskráningardaga ársins 1988 í reitum 9.2 og 9.3 á framtalseyðublaði, eins og hann hefði gert undanfarin ár, en honum hafi ekki verið reiknaður sjómannaafsláttur til frádráttar það ár, og sama sé raunar að segja um aðra hafnsögumenn hjá Reykjavíkurhöfn, sem hafi verið sviptir þessum frádrætti á sama tíma. Stefnandi hafi kært álagningu, en skattstjóri synjað leiðréttingar. Stefnandi hafi ekki kært til ríkisskattanefndar. Taldi hann það enda vonlaust með tilliti til þess, að viðhorf skattyfirvalda, þ. m. t. ríkisskattanefndar, til þessa ágreiningsatriðis hafi verið kunn og því tilgangslítið að kæra þangað. Hins vegar telur stefnandi viðhorf skattyfirvalda röng, og því sé nauðsynlegt að fá úr því skorið fyrir dómi, hvort túlkun þeirra sé rétt, að því er varðar viðhorf til sjómannaafsláttar handa hafnsögumönnum.

Málsástæður sínar og lagarök segir stefnandi vera þau, að hann hafi sem hafnsögumaður notið allt til ársins 1989 sjómannafrádráttar samkvæmt þeim heimildum, sem í gildi hafi verið um þennan frádráttarlið á hverjum tíma, og vísist þar til C-liðar 30. gr. laga 75/1981 með eftirfarandi breytingum, allt til þess að núgildandi ákvæði um sjómannaafslátt sé að finna í 1. mgr. B-liðar 68. gr. sömu laga. Ekki verði séð, að síðastnefnd ákvæði feli í sér neina efnislega breytingu frá þeim ákvæðum, sem í gildi hafi verið áður. Samkvæmt núgildandi ákvæði njóti hver sá, sem lögskráður sé á íslenskt skip eða skip, sem gert sé út af íslensku skipafélagi, sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, er dreginn skuli frá tekjuskatti, en sjómannaafslátturinn nemi ákveðinni fjárhæð fyrir hvern dag, sem maður teljist stunda sjómannsstörf.

– – –

3.0.

Stefndi kveður í máli þessu deilt um það, hvort stefnandi eigi rétt til að njóta sjómannaafsláttar vegna álagningar tekjuskatts gjaldárið 1989 skv. B-lið 68. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, sbr. 8. gr. laga nr. 92/1987. Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að sú niðurstaða skattstjórans í Reykjavík að synja stefnanda um sjómannaafslátt vegna hafnsögumannsstarfa við Reykjavíkurhöfn og leiðsögu skipa sé í hvívetna lögmæt. Samkvæmt 1. mgr. B-liðar 68. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, sbr 8. gr. laga nr. 92/1987, skuli maður, sem lögskráður sé á íslenskt skip eða

skip, sem gert sé út af íslensku skipafélagi, njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, er dreginn skuli frá tekjuskatti. Sjómannaafsláttur skuli vera 365 kr. fyrir hvern dag, sem maður telst stunda sjómannastörf. Samkvæmt 3. mgr. skuli einnig hlutaráðnir sjómenn og landmenn, sem ekki séu lögskráðir, njóta sjómannaafsláttar. Í 12.–20. gr. reglugerðar nr. 79/1988 um persónuafslátt og sjómannaafslátt sé nánar kveðið á um sjómannaafslátt.

Stefndi segir, að ákvæði B-liðar 68. gr. um sjómannaafslátt sé ívilnandi undantekningarákvæði, sem beri að skýra þröngt. Með ákvæðinu sé tiltekinni starfsstétt, sjómönnum, heimilaður ákveðinn afsláttur frá tekjuskatti fyrir hvern dag, sem þeir stundi sjómannsstörf. Ákvæðið takmarkist þannig við þá menn, sem gagngert séu ráðnir til starfa á skip sem sjómenn í ákveðið skipsrúm og sé að lögum skylt að lögskrá. Þetta komi skýrlega fram af orðalagi ákvæðisins með hugtaksnotkun eins og „lögskráður", „sjómannsstörf" og „sjómaður" og eigi sér einnig örugga stoð í eldri ákvæðum skattalaga um ýmsan frádrátt til handa sjómönnum fyrir upptöku staðgreiðslu skatta og skattaafsláttar.

– – –

4. 0. *Forsendur og niðurstaða.*

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 92 28. desember 1987 um breyting á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum orðaðist B-liður 68. gr. laganna svo:

Maður, sem lögskráður er á íslenskt skip eða skip, sem gert er út af íslensku skipafélagi, skal njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, er dreginn skal frá tekjuskatti. Sjómannaafsláttur skal vera 365 kr. fyrir hvern dag, sem maður telst stunda sjómannsstörf.

Samkvæmt 17. gr. laganna kom ákvæði þetta til framkvæmda við staðgreiðslu árið 1988 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1989 vegna tekna árið 1988. Ákvæðinu var ekki breytt fyrr en með 9. gr. laga nr. 97/1988 um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, en samkvæmt 21. gr. þeirra laga komu þau til framkvæmda 1. janúar 1989 og giltu við staðgreiðslu á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1990 vegna tekna ársins 1989.

Ekki virðist ágreiningur með málsaðilum um, að stefnandi hafi verið lögskráður á íslenskt skip og því fullnægt því skilyrði ákvæðisins. Í ákvæðinu er ekki tekið fram sérstaklega, að sjómannsstörfin skuli stunduð á því skipi, sem viðkomandi er lögskráður á. Stefnandi mun hafa unnið um borð í þeim skipum, sem hann var lögskráður á, svo og í þeim skipum, sem hann veitti leiðsögn hverju sinni. Ágreiningur málsaðila snýst því einvörðungu um túlkun síðasta orðs ákvæðisins: „sjómannsstörf", þ. e., hvort stefnandi telj-

ist hafa stundað sjómannsstörf eða ekki í umrædda 366 lögskráningardaga árið 1988.

Samkvæmt 1. málslið 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 má engan skatt á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Skattalög eru íþyngjandi fyrir borgarana. Með hliðsjón af þessu hefur almennt verið talið nauðsynlegt, að skattalög væru ótvíræð svo og ýtarleg eftir því, sem nauðsyn kann að reynast. Beri löggjafanum skylda til að bæta úr óskýrleika í skattalögum, en bera af því hallann ella. Verður því vafi að öllu jöfnu að skýrast skattþegni til ívilnunar. Undantekningarreglur í lögum ber oft að skýra þröngt. Með hliðsjón af framangreindu verður þó ekki fallist á, að slík regla eigi almennt við orðskýringar í skattalögum. Orðskýring sem þessi hlýtur því að velta á orðanna hljóðan og almennri málmerkingu.

Ekki er á því vafi, að hafnsögumenn eru að störfum á sjó. Í bréfi sínu, dagsettu 28. nóvember 1989, telur skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík störf hafnsögu- og leiðsögumanna sjómannsstörf, þar sem starfið lúti að beinni stjórn og leiðbeiningum hafnsögumanna til skipstjórnarmanna um borð í skipum. Rökstyður hann enn fremur þessa skoðun sína með þeim kröfum til þekkingar, kunnáttu og reynslu, sem gerðar séu til þessara starfsmanna. Sömu viðhorf komu fram hjá skólameistaranum við munnlega skýrslutöku fyrir dómi.

Stefndi telur, að takmarka eigi ákvæðið eingöngu við þá menn, sem gagngert séu ráðnir til starfa á skip sem sjómenn í ákveðið skiprúm og sé að lögum skylt að lögskrá. Réttur til sjómannaafsláttar takmarkist við tekjur af sjómannsstörfum, eins og hann orðar það í greinargerð sinni: „í viðteknum skilningi þess orðs".

Þótt leiðsögumaður hafi ekki vald til að gefa áhöfn skipa fyrirskipanir, ábyrgist hann engu að síður leiðsöguna og starfar um borð í skipi. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 79/1988 um persónuafslátt og sjómannaafslátt, en reglugerð þessi tekur til þess sjómannaafsláttar, sem hér er til umfjöllunar, nýtur starfsmaður hjá Hafrannsóknastofnun og maður, sem ráðinn er af hinu opinbera til að hafa eftirlit með fiskveiðum, þessa afsláttar fyrir hvern dag, sem hann er á sjó, þótt þessir aðilar séu ekki tilgreindir í áðurgreindu ákvæði B-liðar 68. gr. laganna. Ekki verður því fullyrt, að reglugerðin taki algerlega mið af greindum sjónarmiðum stefnda. Enn fremur kom fram við munnlega skýrslutöku fyrir dómi, að aðrir starfsmenn á hafnarbátum Reykjavíkurhafnar njóta sjómannaafsláttar. Þá hefur verið upplýst, að hafnsögumenn séu settir í háan áhættuflokk við ákvörðun á iðgjaldi almennra slysatrygginga.

Stefnandi mun hafa sem hafnsögumaður notið sjómannafrádráttar allt til

ársins 1989 samkvæmt þeim heimildum, sem í gildi hafa verið um þennan frádráttarlið á hverjum tíma. Í 1. málslið C.1.-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981 sagði svo: „Sjómannafrádrátt að fjárhæð 27 kr. fyrir hvern dag sem lögskráður maður á íslensku skipi telst stunda sjómannsstörf.“ Í stað orðsins „sjómannafrádráttur“ samkvæmt þessum lögum hefur með lögum nr. 97/1988 komið orðið „sjómannaafsláttur“, og á sú breyting rót sína að rekja til upptöku staðgreiðslukerfis skatta. Orðið „sjómannsstörf“ hefur því verið notað af löggjafanum um langan tíma, en skattyfirvöld skilið það með breytilegum hætti.

Með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið, verður ekki fallist á lögskýringu stefnda á orðinu „sjómannsstörf“. Þegar framangreint er virt, þykja þau störf, sem hér um ræðir, vera með þeim hætti, að telja beri þau til sjómannsstarfa í skilningi B-liðar 68. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 8. gr. laga nr. 92/1987. Með tilvísun til þess og þar sem stefnandi uppfyllir að öðru leyti skilyrði umrædds ákvæðis, verður að fallast á viðurkenningarkröfu hans.

Eftir atvikum og með tilvísun til 177. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 100.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnandi, Hallur Árnason, á rétt á sjómannaafslætti samkvæmt B-lið 68. gr. laga nr. 75/1981, þannig, að skattframtal stefnanda árið 1989 skal að því leyti lagt óbreytt til grundvallar álagningu opinberra gjalda og stefnanda reiknaður sjómannaafsláttur í samræmi við 366 lögskráningardaga árið 1988.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda 100.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt. Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknist frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 216/1993. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra**
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)
gegn
Snorra Sævarssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Handtaka. Lögreglumenn. Skaðabótamál. Gjafvörn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1993 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. sama mánaðar. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefnda jafnframt því, að hann verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir lækkunar bóta og að málskostnaður falli niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og gjafvarnarkostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, var stefndi handtekinn á Blönduósi um kl. 2.50 aðfaranótt 8. ágúst 1991 vegna kæru um að hafa þá skömmu áður ásamt fleiri mönnum átt þátt í að hindra störf lögreglumanns og veiðieftirlitsmanns og taka net úr höndum hins síðarnefnda. Netið var eign eins þeirra manna, sem stefndi var með greint sinn, en hald hafði verið lagt á það vegna rannsóknar á ætluðu broti gegn lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og reglum nr. 205/1990 um netaveiði göngusilungs í sjó. Af atvikum málsins, sem nánar er lýst í héraðsdómi, þykir í ljós leitt, að framferði stefnda hafi verið með þeim hætti, að lögregla hafi haft lögmæta ástæðu til að handtaka hann, sbr. 1. tl. og 4. tl. 1. mgr. 61. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, nú 1. mgr. 97. gr. laga nr. 19/1991. Atferli stefnda og félaga hans fór í bága við þá meginreglu, sem felst í 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, að enginn geti í bráð komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði, og gat það varðað við ákvæði XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um brot gegn valdstjórninni.

Eftir handtöku var stefndi vistaður í fangageymslu lögreglunnar á Blönduósi. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ákvað að leita liðsinnis Rannsóknarlögreglu ríkisins við rannsókn málsins. Rannsóknarlögreglumenn komu til Blönduóss um kl. 13.30 sama dag, og hófust skýrslutökur kl. 15.05, er stefndi var tekinn til yfirheyrslu. Henni lauk kl. 16.10, og var hann þá látinn laus.

Eins og á stóð, var það eðlileg ráðstöfun sýslumanns að óska eftir því, að Rannsóknarlögregla ríkisins annaðist rannsókn málsins, þar sem hún hlaut meðal annars að beinast að viðskiptum stefnda við lögreglu á staðnum. Átti þetta að tryggja óhlutdræga meðferð málsins, en varð óhjákvæmilega til þess, að rannsókn hófst síðar en ella hefði orðið, þar sem um langan veg var að fara fyrir rannsóknarlögreglumenn. Fleiri voru grunaðir en einn í málinu, og var ekki óeðlilegt, að þeir væru hafðir í haldi, þar til frumrannsókn færi fram. Þótt nokkur dráttur hafi orðið á því, að hún hæfist, verður hann ekki talinn óhæfilegur í ljósi ofangreindra aðstæðna. Hafa ber einnig í huga, að stefndi hafði tilnefnt réttargæslumann, sem þurfti að koma frá Reykjavík. Kom hann til yfirheyrslu yfir stefnda, þegar langt var á hana liðið, en stefndi hafði í upphafi hennar lýst sig fúsan til að tjá sig án nærveru hans.

Með hliðsjón af framansögðu verður hvorki á það fallist, að lögmæt skilyrði hafi skort til aðgerða lögreglu né að þær hafi verið harkalegri eða víðtækari en tilefni og aðstæður buðu. Verður því ekki talið, að bótakrafa stefnda hafi stoð í ákvæðum 151. gr., sbr. 150. gr. laga nr. 74/1974, nú 176. gr., sbr. 175. gr. laga nr. 19/1991. Verða áfrýjendur því sýknaðir af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, sbr. 178. gr. laga nr. 19/1991.

Dómsorð:

Áfrýjendur, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og dómsmálaráðherra, skulu vera sýknir af kröfum stefnda, Snorra Sævarssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. All-

ur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns hans, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 120.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 1993.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dagsettri 15. október 1992, en áritaðri um birtingu af hálfu Gunnlaugs Claessen hrl. fyrir hönd stefndu og þingfestri hinn 29. október s. á.

Málið var dómtekið 23. apríl 1993 að loknum aðalflutningi þess.

Stefnandi er Snorri Sævarsson, kt. 071167-3219, Gnoðarvogi 28, Reykjavík, en stefndu eru Friðrik Sophusson fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra.

Lögmaður stefnanda er Kristján Stefánsson hrl., en Sigrún Guðmundsdóttir hrl. gætir hagsmuna stefnda.

Dómkröfur.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 500.000,00 kr., með hæstu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga, þ. m. t. vaxtavöxtum, frá 8. ágúst 1991 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins [...].

Stefnandi krefst og gjafsóknar í málinu skv. ákv. 178. gr. laga nr. 19/1991.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn falla niður.

Málavextir.

Málavextir eru í aðalatriðum sem hér segir:

Miðvikudaginn 7. ágúst 1991 tók Sigurgeir O. Sigmundsson, veiðieftirlitsmaður á vatnasvæði Miðfjarðarár og við sjávarströnd Miðfjarðar, á leigu bát björgunarsveitar Slysavarnafélags Íslands á Skagaströnd í því skyni að fara í eftirlitsferð um Miðfjörð og kanna þar netalagnir í sjó. Lagt var upp frá Skagaströnd laust fyrir kl. 20.00. Með honum í för voru Þröstur Líndal Gylfason lögreglumaður, Mánabraut 3, Skagaströnd, og tveir félagar í björgunarsveit Slysavarnafélagsins á Skagaströnd, þeir Víðir Ólafsson, Sól-

arvegi 14, Skagaströnd, og Guðmundur Björnsson, Suðurvegi 3, Skagaströnd, en einn félagi björgunarsveitarinnar, Ólafur Halldór Bernódusson, Bogabraut 27, Skagaströnd, var á vakt í húsi sveitarinnar, meðan á ferð þeirra stóð.

Er í Miðfjörð var komið, var hugað að netum. Skammt norðan hafnarinnar á Hvammstanga komu þeir að neti, sem lagt hafði verið út af skeri. Það var ekki landfast, eins og tilskilið er, og einnig þéttriðnara að þeirra dómi en lög leyfa. Netið var merkt Ágústi Sigurðssyni, Hvammstanga. Sigurgeir veiðieftirlitsmaður tók netið úr sjó og afhenti það Þresti Líndal til vörslu. Ferðinni var síðan heitið suður með austurströnd Miðfjarðar og net könnuð, sem þar hafði verið lagt, en að því búnu var haldið til Skagastrandar. Þangað var komið laust eftir kl. 1.30 aðfaranótt 8. ágúst og bátnum lagt utan á annan bát við bryggju, sem kölluð er Skúffukanturinn. Á bryggjunni beið Ágúst Sigurðsson, eigandi netsins, ásamt stefnanda máls þessa og Gústav J. Daníelssyni. Þar voru einnig Hannes Ársælsson, Guðmundur Guðbjörnsson, Hörður Guðbjörnsson og Sigurður Þór Ágústsson, allir búsettir á Hvammstanga, svo og Ólafur Bernódusson, sá er var í stjórnstöð, meðan á sjóferð þeirra fjórmenninga stóð.

Þegar hér er komið sögu, ber viðstöddum ekki saman um framvindu mála.

Sigurgeir veiðieftirlitsmaður skýrir svo frá atvikum í kæru, sem hann lagði fram í tilefni þessara atburða.

Við komuna til Skagastrandar hafi mannfjöldi beðið þeirra. Þar hafi hann kennt Ágúst Sigurðsson, eiganda netsins, sem tekið hafði verið og hald lagt á. Ágúst hafi byrjað umsvifalaust að ausa yfir þá félaga formælingum og skömmum, krafist þess að fá netið og farið ófögrum orðum um starf eftirlitsmanns og lögreglu. Annar maður var í fylgd með Ágústi, og var sá með myndavél, sem hann beitti óspart og gerði sér far um að beina leifturljósi vélarinnar í augu þeirra Þrastar. Maður þessi neitaði að segja til nafns, en síðar kom í ljós, að þetta var Gústav Daníelsson, sem vikið verður að síðar. Í kæru veiðieftirlitsmanns er nefndur til sögu enn annar maður, sem hafði sig mjög í frammi. Síðar kom í ljós, að hér var um stefnanda máls þessa að ræða. Þessir þrír kröfðust þess margsinnis að fá afhent netið, sem þeir sögðu vera löglegt í alla staði. Fengu þeir ávallt þau svör, að hald hefði verið lagt á netið, og væri það í vörslu lögreglu. Reyndu þeir að meina þeim að færa netið og fylgibúnað þess yfir í bátinn, sem lagt var að, og þaðan upp á bryggju. Ágúst hafi gripið í netið og reynt að taka það, er það lá í bátnum, en sleppt því að skipun Þrastar. Tókst þeim félögum að koma netinu og fylgihlutum þess upp á bryggjuna. Þegar þar var komið, bað Þröstur eftir-

litsmanninn að gæta netsins, meðan hann færi að sækja lögreglubifreiðina, sem þeir komu á. Þegar Þröstur var farinn, gengu þessir menn harðar að Sigmundi eftirlitsmanni í því skyni að fá netið afhent, en hann neitað því jafnan, þar sem hald hefði verið lagt á það, og væri það nú í vörslum lögreglu. Fóru þeir þá að hóta honum öllu illu, ef hann léti ekki að vilja þeirra, m. a. að henda honum í sjóinn. Kvaðst hann hafa reynt með fortölum að koma vitinu fyrir þá og boðið að sýna þeim skipunarbréf sitt, sem þeir áður höfðu óskað eftir að sjá, en hann ekki talið ástæðu til. Um þetta leyti hafi Ólafur Bernódusson kallað til Sigurgeirs og sagst verða að fara af bryggjunni, hann gæti ekki verið þar lengur.

Þegar Sigurgeir var orðinn einn, hefði Gústav Daníelsson tekið í netið, sem lá við stigann upp á bryggjuna, og byrjað að draga það í átt að bifreiðinni H-20, sem Ágúst Sigurðsson var eigandi að. Reyndi Sigurgeir að koma í veg fyrir þetta, en þá hefðu hinir tveir komið Gústav til hjálpar. Þessu hefði lyktað með þeim hætti, að þeim félögum hefði tekist að koma netinu í farangursgeymslu bifreiðar Ágústs, enda þótt Sigurgeir hefði reynt að streitast á móti, m. a. stigið á netið, þegar átti að setja það í farangursgeymsluna. Ýmis ófögur orð hefðu hrotið úr munni þeirra félaga, meðan á átökunum stóð, m. a. hefði stefnandi sagt eftirlitsmann vera „mesta vitleysing, sem hann hefði hitt, og réttast væri að berja'ann í spað". Sigurgeir eftirlitsmaður kvaðst hafa margsinnis bent þeim félögum á, þegar þeir tókust á um netið, að þeir væru að gera mikla skyssu með því að taka hlut, sem lagt hefði verið hald á, og leggja hendur á opinberan starfsmann og hindra hann í starfi sínu, en ekkert dugað. Þeir félagar hefðu komið netinu fyrir í farangursrými H-20 og ekið af stað.

Einnig kemur fram í kæru Sigmundar eftirlitsmanns, að nokkrir aðrir ungir menn hafi tekið þátt í því að ná netinu úr vörslum hans. Þeir hafi ýtt við honum og togað í takt við hina þrjá, þó í mun minna mæli. Þessir ungu menn hafi farið í bifreiðina A-9998 samtímis þeim Ágústi og félögum hans og ekið á brott. Verður vikið að þætti þessara manna síðar.

Sigurgeir kveðst hafa tekið á sprett í átt að geymslustað lögreglubifreiðarinnar, eftir að bifreiðunum tveimur hafði verið ekið á brott. Hafi hann mætt Þresti, sem kom akandi á móti sér, og gert honum grein fyrir því, hvað gerst hafði. Þröstur hafi haft samband við lögregluna á Blönduósi, sem gerði viðeigandi ráðstafanir. Veittu þeir síðan bifreiðunum tveimur eftirför og misstu aldrei sjónar á þeim. Lögreglan á Blönduósi hafi síðan stöðvað bifreiðarnar tvær á Blöndubrú á þjóðvegi 1, og voru ökumenn og farþegar þeirra færðir á lögreglustöðina, en þeir Ágúst Sigurðsson, Gústav Daníelsson og stefnandi færðir í fangageymslu lögreglunnar þar.

Kæra Sigurgeirs eftirlitsmanns er á hendur öllum þeim, sem komu við sögu og voru í bifreiðunum tveimur, og er hún dagsett 8. ágúst 1991.

Þröstur Líndal lögreglumaður gerði skýrslu um atburðinn strax að honum loknum. Er frásögn hans samhljóða kæru Sigurgeirs í öllum atriðum, er varða atvik, sem báðir voru samtímis vitni að og rakin eru hér að framan. Í skýrslu Þrastar kemur enn fremur fram, að hann hafi gert Ágústi Sigurðssyni ljóst, að netið væri í vörslu lögreglu og hann fengi það ekki afhent. Einnig skýrir Þröstur frá því, að Ólafur Bernódusson hafi komið upp í slysavarnahús, er hann var þar, og sagt honum að flýta sér niður á bryggju, því að menn þeir, sem á bryggjunni væru, hafi hótað að henda Sigurgeiri í sjóinn. Í skýrslunni lýsir Þröstur því einnig, að Sigurgeir hafi komið hlaupandi neðan frá bryggju og sagt sér, að þeir þremenningar, sem að framan er lýst, hafi ráðist á sig, hrint sér frá netinu, tekið það og sett það í farangursgeymslu bifreiðarinnar H-20.

Í skýrslu, sem Þröstur gaf sem vitni hjá Grétari Sæmundssyni, deildarfulltrúa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 15. ágúst 1991, kom m. a. fram, að hann, Þröstur, hefði gert Ágústi Sigurðssyni grein fyrir því, að hann væri lögreglumaður, og gert honum það fyllilega ljóst, að hald væri lagt á umrætt net.

Framangreindur starfsmaður Rannsóknarlögreglu ríkisins tók einnig skýrslu af þeim þremur félögum í Slysavarnafélaginu á Skagaströnd, sem hér koma við sögu.

Víðir Ólafsson, einn bátsverja, kvaðst hafa orðið var við, að tveir menn hefðu komið niður í bátinn, sem þeir lögðust utan á, og annar þeirra sagst eiga netið, en hinn verið að taka myndir. Menn þessir hefðu verið að tala við lögreglumanninn og veiðieftirlitsmanninn um netið og eigandinn viljað fá það aftur. Ekki kveðst Víðir hafa orðið var við, að lögreglumaðurinn eða veiðieftirlitsmaðurinn hafi verið hindraðir í því að koma netinu upp á bryggju, né heldur kveðst hann hafa orðið þess var, að þeir hafi verið beittir ofbeldi eða þeim hótað beitingu þess.

Bátsverjinn Guðmundur Björnsson tekur í sama streng. Hann kveðst aðeins hafa heyrt, að veiðivörðurinn og komumenn hafi verið að karpa um netið og eigandi þess krafist þess að fá það afhent um það leyti, sem hann fór af vettvangi, og veiðivörðurinn einn orðið eftir við gæslu þess. Engu ofbeldi hafi verið beitt og engum hótunum í þá átt, nema hvað eigandi netsins hafi hótað málaferlum vegna töku þess.

Skýrsla var einnig tekin af Ólafi Halldóri Bernódussyni, sem var í stjórnstöð björgunarsveitarinnar, meðan á Miðfjarðarsiglingunni stóð. Í skýrslunni greinir Ólafur frá því, að um tveimur tímum áður en báturinn kom að

landi, hafi menn komið í hús deildarinnar og beðið þar eftir bátnum. Þar á meðal hafi verið maður, sem sagðist vera eigandi netsins. Kveðst Ólafur hafa sagt þessum mönnum, að félagar úr sveitinni hefðu farið með lögreglumann og veiðieftirlitsmann í siglingu til Miðfjarðar. Hann kveðst hafa verið kominn niður á bryggju, er báturinn lagði að landi. Kveðst hann hafa séð veiðieftirlitsmanninn setja net upp á bryggjuna og einnig heyrt rifrildi og skammir, en ekki geta tilgreint, hver sagði hvað. Hann kvaðst ekki hafa séð nein átök og ekki heyrt hótanir, en einhver hefði sagt: „Þeir eiga eftir að henda honum í sjóinn." Hann telur enn fremur, að veiðieftirlitsmaðurinn hafi verið einn eftir með aðkomumönnunum, þegar hann fór.

Áðurnefndur Grétar rannsóknarlögreglumaður tók skýrslu af þeim Herði Heiðari Guðbjörnssyni, Guðmundi Teiti Guðbjörnssyni og Hannesi Ársælssyni, en þeir fóru allir frá Hvammstanga til Skagastrandar í bifreiðinni A-9998 í því skyni að fylgjast með atburðum. Skýrslur af þeim voru teknar 15. ágúst 1991 á lögreglustöðinni á Hvammstanga. Af skýrslum þeirra allra má ráða:

Að þeim var ljóst af því, sem fram fór, að hald hefði verið lagt á netið, bæði fyrir það, að því hefði verið ólöglega lagt að mati veiðieftirlitsmannsins, og eins vegna grunsemda hans um, að möskvastærð þess væri andstæð reglum þar að lútandi.

Að netið hefði verið tekið úr vörslum veiðieftirlitsmannsins, þrátt fyrir það að hann hefði reynt að sporna við því, enda þótt ofbeldi hefði ekki verið beitt að þeirra mati gagnvart veiðieftirlitsmanninum.

Í skýrslu Kristjáns Þorbjörnssonar, aðalvarðstjóra hjá lögreglunni í Húnavatnssýslu, er eftirleiknum lýst, frá því að bifreiðarnar tvær voru stöðvaðar á Blöndubrú. Þar kemur fram, að allir þeir, sem voru í bifreiðunum tveimur, hafi verið handteknir og færðir á lögreglustöðina á Blönduósi. Að ábendingu Sigurgeirs veiðieftirlitsmanns voru þeir þrír, sem mest höfðu sig í frammi við töku netsins, vistaðir í fangageymslu lögreglunnar að höfðu samráði við Jón Ísberg sýslumann og ákveðið að leita liðsinnis Rannsóknarlögreglu ríkisins, er dagaði. Þeir, sem fangageymsluna gistu, voru Ágúst Sigurðsson, eigandi netsins, Gústav J. Daníelsson og stefnandi máls þessa. Skv. skýrslunni var klukkan 2.50, þegar þeir voru færðir til fangageymslu. Öðrum var sleppt, en þeim tilkynnt, að skýrsla yrði tekin af þeim síðar. Þetta voru: Hannes Ársælsson, Guðmundur Guðbjörnsson, Hörður Guðbjörnsson og Sigurður Þór Ágústsson. Netið var tekið í vörslu lögreglunnar, svo og var myndavél tekin og filma, sem í henni var, og einnig filma, sem fannst í myndavélartösku.

Í skýrslu Kristjáns Þorbjörnssonar, sem gerð var síðar, fimmtudaginn 8.

ágúst 1991, kemur fram, að tveir starfsmenn rannsóknarlögreglunnar hafi komið kl. 1.30 (á að vera 13.30) og hafið rannsókn. Kristján Stefánsson hrl. var skipaður réttargæslumaður þremenninganna að þeirra ósk, og var hann kominn, áður en skýrslutöku stefnanda lauk.

Stefnandi var leystur úr haldi kl. 16.17 skv. skýrslu lögreglu.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi sætt tilefnislausri og ólögmætri frelsisskerðingu, er hann var handtekinn af lögreglunni á Blönduósi um kl. 2.00 aðfaranótt fimmtudagsins 8. ágúst 1991 og sætt innilokun til kl. 16.10 sama dag, er hann var leystur úr haldi eftir yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Við handtökuna hafi sér ekki verið gert ljóst, hvers vegna hann sætti handtöku, og ekki verið gefinn kostur á að fá sér skipaðan réttargæslumann fyrr en undir hádegi. Hann hafi kært handtökuna til ríkissaksóknara, en verið tilkynnt síðar bréflega, að ríkissaksóknari sæi ekki tilefni til aðgerða gegn lögreglu. Einnig hafi hann sætt kæru veiðieftirlitsmanns fyrir valdbeitingu gagnvart honum, en kæran hafi ekki komið fram fyrr en síðar. Með bréfi, dagsettu 15. apríl 1992, hafi ríkissaksóknari tilkynnt sér, að rannsókn máls leiddi ekki til málshöfðunar gagnvart sér.

Stefnandi telur, að aðgerðir gagnvart sér hafi með öllu verið tilefnislausar, og skv. grundvallarreglum laga um meðferð opinberra mála, XXI. kafla laga nr. 19/1991, einkum 175. gr. og 176. gr. laganna, eigi hann ótvíræðan bótarétt á hendur stefndu. Athafnir lögreglu hafi verið mjög móðgandi og harkalegar, ekki hafi verið gætt lögskylds réttar sakaðs manns og löng frelsisskerðing og rannsókn RLR verið sér þungbær.

Bótakröfur stefnanda eru reistar á 264. gr. laga nr. 19/1940 og ákvæðum XXI. kafla laga nr. 19/1991.

Stefndu reisa kröfur sínar á því, að stefnandi hafi með ólögmætu framferði við lögreglu og veiðieftirlitsmann hindrað þá í að gegna starfsskyldum sínum. Hann hafi haft í frammi hótanir í þeirra garð og átt þátt í að taka silunganet úr höndum þeirra, sem búið var að leggja hald á. Netið hafi verið sönnunargagn í opinberu máli og hafi síðar verið gert upptækt með dómi. Hér hafi því verið um tvímælalaust brot á hegningarlögum að ræða, og geti stefndi því aldrei átt kröfu um bætur skv. XXI. kafla laga 19/1991.

Þá mótmæla stefndu, að háttsemi lögreglu hafi verið tilefnislaus og harkaleg gagnvart stefnanda, og einnig því, að honum hafi ekki verið boðin lögskyld réttindi handtekins manns.

Stefnanda hafi mátt vera ljóst, að hlutur, sem búið sé að leggja hald á,

verði ekki tekinn úr höndum lögreglu. Því hafi verið fullt tilefni til handtökunnar, stefnandi hafi vitað um ástæður hennar og hún ekki verið framkvæmd á harkalegan hátt.

Enn fremur mótmæla stefndu því, að stefnanda hafi ekki verið boðin réttindi handtekins manns, enda hafi stefnandi ekki tilgreint, hvaða réttur hafi verið brotinn á honum í þessu tilliti.

Loks mótmæla stefndu þeirri fullyrðingu stefnanda, að frelsisskerðing sú, sem hann varð að sæta, hafi verið honum mjög þungbær, og telja þessa fullyrðingu stefnanda ósannaða með öllu. Framferði stefnanda hafi verið ólögmætt, og því sé ljóst, að skilyrði 175. gr. laga nr. 19/1991 hafi ekki verið fullnægt. Jafnframt sé ljóst, að telja verði stefnanda líklegri til að vera sekan en saklausan, og því eigi 176. gr. laganna nr. 19/1991 ekki við.

Varakrafa stefndu er reist á því, að dómkröfur stefnanda séu langt umfram dómvenju, og því sé krafist verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð, og jafnframt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þá sé vöxtum og upphafstíma þeirra mótmælt.

Forsendur og lagarök.

Málavöxtum er lýst hér að framan, og vísast þar til. Eins og þar kemur fram, léði stefnandi Ágústi Frímanni Sigurðssyni lið við að ná umræddu neti úr vörslum veiðieftirlitsmannsins, Sigurgeirs, sem falin hafði verið gæsla þess. Hald hafði verið lagt á netið af lögreglumanninum Þresti Líndal, og má telja sannað, að stefnanda hafi verið það ljóst eða mátt vera það.

Með þessu athæfi gerðist stefnandi hlutdeildarmaður í broti, sem varðar við 106. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Engu að síður lítur dómurinn svo á, að óþarft hafi verið að vista stefnanda í fangageymslu lögreglunnar á Blönduósi frá kl. 2.50 aðfaranótt fimmtudagsins 8. ágúst 1991 til kl. 16.17 sama dag. Ástæðulaust var að kveðja menn frá Rannsóknarlögreglu ríkisins til rannsóknar málsins, sem hafði óhjákvæmilega í för með sér lengri frelsisskerðingu stefnanda en efni stóðu til miðað við eðli þessa máls. Þess í stað hefði verið eðlilegt, að lögreglan á Blönduósi hefði tekið skýrslur af þeim, sem komu við sögu, og látið þá lausa að því búnu.

Með hliðsjón af þessu og með vísan til b-liðar 176. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 2. tl. laga nr. 74/1974, sem í gildi voru, þegar umræddur atburður varð, þykir stefnandi eiga rétt til bóta úr hendi stefndu. Skaðabótaskylda stefndu styðst jafnframt við þau grundvallarsjónarmið, sem 264. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum byggist á.

Bætur til stefnanda þykja hæfilegar 50.000 kr. auk vaxta skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 8. ágúst 1991 til 20. október 1992, er mál þetta var þingfest, en dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá

þeim degi til greiðsludags. Skv. þessari niðurstöðu greiði stefndu stefnanda 57.000 kr. í málskostnað, og er virðisaukaskattur innifalinn í tildæmdri fjárhæð.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndu greiði stefnanda 50.000 kr. auk vaxta skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 8. ágúst 1991 til 20. október 1992, en dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda 57.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 217/1993. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra**
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)
gegn
Gústav Jakobi Daníelssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Handtaka. Lögreglumenn. Skaðabótamál. Gjafvörn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1993 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. sama mánaðar, og krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefnda jafnframt því, að hann verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir lækkunar bóta og að málskostnaður falli niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og gjafvarnarkostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, var stefndi handtekinn á Blönduósi um kl. 2.50 aðfaranótt 8. ágúst 1991 vegna kæru um að hafa þá skömmu áður ásamt fleiri mönnum átt þátt í að hindra störf lögreglumanns og veiðieftirlitsmanns og taka net úr höndum hins síðarnefnda. Netið var eign eins þeirra manna, sem stefndi var með greint sinn, en hald hafði verið lagt á það vegna rannsóknar á ætluðu broti gegn lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og reglum nr. 205/1990 um netaveiði göngusilungs í sjó. Af atvikum málsins, sem nánar er lýst í héraðsdómi, þykir í ljós leitt, að framferði stefnda hafi verið með þeim hætti, að lögregla hafi haft lögmæta ástæðu til að handtaka hann, sbr. 1. tl. og 4. tl. 1. mgr. 61. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, nú 1. mgr. 97. gr. laga nr. 19/1991. Atferli stefnda og félaga hans fór í bága við þá meginreglu, sem felst í 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, að enginn geti í bráð komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði, og gat það varðað við ákvæði XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um brot gegn valdstjórninni.

Eftir handtöku var stefndi vistaður í fangageymslu lögreglunnar á Blönduósi. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ákvað að leita liðsinnis Rannsóknarlögreglu ríkisins við rannsókn málsins. Rannsóknarlögreglumenn komu til Blönduóss um kl. 13.30 sama dag, og hófust skýrslutökur kl. 15.05. Var stefndi tekinn til yfirheyrslu kl. 16.35, en henni lauk kl. 17.50, og var hann þá látinn laus.

Eins og á stóð, var það eðlileg ráðstöfun sýslumanns að óska eftir því, að Rannsóknarlögregla ríkisins annaðist rannsókn málsins, þar sem hún hlaut meðal annars að beinast að viðskiptum stefnda við lögreglu á staðnum. Átti þetta að tryggja óhlutdræga meðferð málsins, en varð óhjákvæmilega til þess, að rannsókn hófst síðar en ella hefði orðið, þar sem um langan veg var að fara fyrir rannsóknarlögreglumenn. Fleiri voru grunaðir en einn í málinu, og var ekki óeðlilegt, að þeir væru hafðir í haldi, þar til frumrannsókn færi fram. Þótt nokkur dráttur hafi orðið á því, að hún hæfist, verður hann ekki talinn óhæfilegur í ljósi ofangreindra aðstæðna. Hafa ber einnig í huga, að stefndi hafði tilnefnt réttargæslumann, sem þurfti að koma frá Reykjavík, og var hann viðstaddur yfirheyrslu yfir honum.

Með hliðsjón af framansögðu verður hvorki á það fallist, að lögmæt skilyrði hafi skort til aðgerða lögreglu né að þær hafi verið harkalegri eða víðtækari en tilefni og aðstæður buðu. Verður því ekki talið, að bótakrafa stefnda hafi stoð í ákvæðum 151. gr., sbr. 150. gr. laga nr. 74/1974, nú 176. gr., sbr. 175. gr. laga nr. 19/1991. Verða áfrýjendur því sýknaðir af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir, sbr. 178. gr. laga nr. 19/1991.

Dómsorð:

Áfrýjendur, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og dómsmálaráðherra, skulu vera sýknir af kröfum stefnda, Gústavs Jakobs Daníelssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutnings-

þóknun talsmanns hans, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 120.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 1993.

Málið er höfðað með stefnu, dagsettri 15. október 1992, en áritaðri um birtingu af hálfu Gunnlaugs Claessen hrl. fyrir hönd stefndu og þingfest 29. október s. á.

Málið var dómtekið 23. apríl 1993 að loknum aðalflutningi þess.

Stefnandi er Gústav Jakob Daníelsson, kt. 280563-4719, Hvammstangabraut 9, Hvammstanga, en stefndu eru Friðrik Sophusson fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra.

Lögmaður stefnanda er Kristján Stefánsson hrl., en Sigrún Guðmundsdóttir hrl. gætir hagsmuna stefnda.

Dómkröfur.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 500.000 kr., með hæstu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga, þ. m. t. vaxtavöxtum frá 8. ágúst 1991 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins, [...].

Stefnandi krefst og gjafsóknar í málinu skv. ákv. 178. gr. laga nr. 19/1991.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn falla niður.

– – –

[Sbr. lýsingu málavaxta og málsástæðna í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu: Snorri Sævarsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra bls. 2923 hér að framan.]

Forsendur og lagarök.

Málavöxtum er lýst hér að framan, og vísast þar til. Eins og þar kemur fram, léði stefnandi Ágústi Frímanni Sigurðssyni lið við að ná umræddu neti úr vörslum veiðieftirlitsmannsins, Sigurgeirs, sem falin hafði verið gæsla þess. Hald hafði verið lagt á netið af lögreglumanninum Þresti Líndal, og má telja sannað, að stefnanda hafi verið það ljóst eða mátt vera það.

Með þessu athæfi gerðist stefnandi hlutdeildarmaður í broti, sem varðar við 106. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Engu að síður lítur dómurinn svo á, að óþarft hafi verið að vista stefnanda í fangageymslu lögreglunnar á Blönduósi frá kl. 2.50 aðfaranótt fimmtudagsins 8. ágúst 1991 til kl. 17.50 sama dag. Ástæðulaust var að kveðja menn frá Rannsóknarlögreglu ríkisins

til rannsóknar málsins, sem hafði óhjákvæmilega í för með sér lengri frelsisskerðingu stefnanda en efni stóðu til miðað við eðli þessa máls. Þess í stað hefði verið eðlilegt, að lögreglan á Blönduósi hefði tekið skýrslur af þeim, sem komu við sögu, og látið þá lausa að því búnu.

Með hliðsjón af þessu og með vísan til b-liðar 176. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 2. tl. laga nr. 74/1974, sem í gildi voru, þegar umræddur atburður varð, þykir stefnandi eiga rétt til bóta úr hendi stefndu. Skaðabótaskylda stefndu styðst jafnframt við þau grundvallarsjónarmið, sem 264. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum byggist á.

Bætur til stefnanda þykja hæfilegar 50.000 kr. auk vaxta skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 8. ágúst 1991 til 20. október 1992, er mál þetta var þingfest, en dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Skv. þessari niðurstöðu greiði stefndu stefnanda 57.000 kr. í málskostnað, og er virðisaukaskattur innifalinn í tildæmdri fjárhæð.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndu greiði stefnanda 50.000 kr. auk vaxta skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 8. ágúst 1991 til 20. október 1992, en dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda 57.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 378/1993. **Kristján Stefánsson**
(sjálfur)
gegn
Einari Þorgeirssyni
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Vinnusamningur. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1993. Með stefnunni skaut hann jafnframt til réttarins úrskurði héraðsdómara 28. janúar 1993, en með honum var kröfu áfrýjanda um frávísun málsins hafnað. Áfrýjandi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda, en til þrautavara lækkunar á kröfunum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Málið er skriflega flutt hér fyrir dómi samkvæmt heimild í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdómara, að frávísunarástæður áfrýjanda gefi ekki tilefni til frávísunar málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður verður því staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður og hinn áfrýjaði dómur eiga að vera óraskaðir.

Áfrýjandi, Kristján Stefánsson, greiði stefnda, Einari Þorgeirssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. júní 1993.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 26. maí sl., hefur Einar Þorgeirsson skrúðgarðyrkjumeistari, kt. 200947-4449, Hvannhólma 16, Kópavogi, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 17. september 1992, á hendur Kristjáni Stefánssyni, kt. 010345-3169, Frostaskjóli 81, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 156.785 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 29. ágúst 1991 til greiðsludags. Hann krefst þess, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 29. ágúst 1992 og síðan árlega þann dag. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst stefndi, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað [...].

Stefndi gerði upphaflega kröfu um frávísun málsins, en með úrskurði, upp kveðnum 28. janúar 1993, var þeirri kröfu hafnað og málskostnaður vegna þess þáttar látinn bíða efnisdóms í málinu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi er skrúðgarðyrkjumeistari, sem rekur umfangsmikla þjónustu við hönnun og frágang lóða í Reykjavík og nágrenni. Í tengslum við þessa starfsemi rekur stefnandi Gróðrarstöðina Birkihlíð, Birkigrund 1, Kópavogi.

Í júlímánuði 1991 óskaði Magnús Ágústsson garðyrkjumaður, Álfheimum 17, Reykjavík, eftir þjónustu stefnanda við standsetningu og frágang lóðar umhverfis sumarbústað stefnda við Meðalfellsvatn í Kjósarhreppi. Að sögn Magnúsar vildi stefndi flýta verkinu, og hafi það orðið að ráði þeirra beggja, að Magnús fengi stefnanda í verkið með sér með menn og tæki. Stefnandi segist þegar hafa farið í verkið, og hafi það verið unnið dagana 12. til 25. júlí 1991.

Stefnandi segir, að 29. júlí 1991 hafi verið gefinn út reikningur á hendur stefnda fyrir verk þetta og stefnda sent frumrit reikningsins með tilmælum um greiðslu. Stefndi hafi ekki fengist til að greiða reikninginn og borið það fyrir sig, að hann hafi aldrei beðið stefnanda að vinna verkið, heldur hafi það verið Magnús, og sé hann því greiðsluskyldur. Stefndi haldi því auk

þess fram, að hann hafi greitt Magnúsi að fullu fyrir verkið. Magnús segi þessar fullyrðingar rangar og settar fram gegn betri vitund.

3.0.

Stefnandi kveður stefnufjárhæðina grundvallast á reikningi nr. 1152, dags. 29. júlí 1991, að fjárhæð 156.785 kr., sem sé stefnufjárhæð málsins. Krafist sé dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 29. ágúst 1991, þ. e., þegar liðnir hafi verið 30 dagar frá útgáfu reikningsins, svo sem boðað hafi verið með sérstakri áritun á reikninginn.

Stefnandi segir, að stefnukröfurnar séu studdar við meginreglur samningsréttar og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða, vanefndir og vanefndaúrræði, sbr. lög nr. 39 frá 1922 um lausafjárkaup, einkum 5. gr., 6. gr. og 12. gr., sbr. og 28. gr. þeirra laga.

Kröfur um málskostnað og dráttarvexti af málskostnaði styðji stefnandi við 4. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

4.0.

Stefndi segir, að sýknukröfur sínar séu meðal annars reistar á þeirri málsástæðu, að hann hafi ekki stofnað til viðskipta við stefnanda eða falið nokkrum að gera það í sínu umboði. Sýknukrafan sé reist á ákvæðum 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Yfirlýsing Magnúsar Ágústssonar sé efnislega ósönn og sett fram gegn betri vitund. Afstaða stefnda komi ljóslega fram í bréfi hans til lögmanns stefnanda, dags. 15. janúar 1992. Stefndi hafi ráðið Magnús Ágústsson verktaka til þess að vinna að jarðvinnu við sumarhús, er fjölskylda hans eigi við Meðalfellsvatn. Verkefnið hafi falið í sér að jafna úr fáeinum bílhlössum af gróðurmold og tyrfa 600–1000 fermetra blett. Verkefni þetta hafi verið aðgengilegt að vinna, þar sem Magnús hafi haft með höndum annað verkefni við Meðalfellsvatn á sama tíma.

Stefnda hafi verið kunnugt um, að Magnús væri ekki lærður garðyrkjumaður, en vanur þessu verkefni. Fyrir verkefnið hafi verið samið um ákveðið verð, 125.000 kr., sem Magnúsi hafi verið greitt að verklokum. Hér hafi verið um lítið verkefni að ræða, sem stefndi hafi ekki viljað kosta miklu fé til. Verkefni þetta hafi verið einfaldast og eðlilegast að vinna með handverkfærum.

Stefndi hafi komið á athafnasvæðið í tvígang á verktíma eftir kl. 16.00, en hitt engan fyrir annan en Magnús og unglingspilt. Á staðnum um helgina 12.–14. júlí hafi verið „lítil hjólaskófla, Bobcat“, sem stefndi hafi talið vera eign Magnúsar. Aldrei hafi verið rætt um, að Magnús réði að verkinu verktaka eða að verkefnið yrði unnið á tímagjaldi. Magnús hafi tekið verkið að sér sem verktaki.

Komist dómur að þeirri niðurstöðu, að réttarsamband hafi stofnast með

málsaðilum og greiðsluskylda hvíli á stefnda, sé krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfum. Stefnandi beri þá óskipta skyldu og eigi óskipt réttindi með Magnúsi Ágústssyni, og eigi því greiðsla til Magnúsar Ágústssonar, 125.000 kr., að koma til lækkunar á dómkröfum.

Stefnandi sé skrúðgarðyrkjumeistari, og beri honum sem fagmanni við framkvæmd verks að haga framkvæmdum með þeim hætti, að alls hófs sé gætt við tilkostnað og að verk sé unnið á sem hagfelldastan hátt. Hér hafi verið um lítið verkefni að ræða og tækjavinna fráleitt meiri en dagsverk, ef til verksins kæmi vanur maður. Stefnandi geti ekki krafist eftirgjalds af vél allan tímann, þ. e., sem vélin hafi verið á staðnum. Þannig hafi ekki verið unnið af stefnanda dagana 12. og 15. júlí, en eftirgjalds krafist fyrir vélina þá daga.

Efnisnótur, nóta nr. 3962 sé dags. 17. júní 1991 og gefin út á Kristin Stefánsson. Á þeim tíma hafi ekki verið unnið fyrir stefnda og reikningur þessi stefnda því óviðkomandi, og nóta nr. 3988 sé gefin út á Magnús Ágústsson og sýnist vera árituð greidd.

Stefnandi beri faglega ábyrgð á verkinu, en verkefnið sé illa af hendi leyst af fagmanni, kantar ófrágengnir og undirlag undir torf illa sléttað og grasflöt því dældótt.

Stefndi telji, þegar litið sé til framanritaðs, að reikningur stefnanda sé bersýnilega ósanngjarn, og því hafi ekki stofnast greiðsluskylda umfram það, sem greitt hafi verið.

5.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Stefndi fullyrðir, að hann hafi ráðið Magnús Ágústsson sem verktaka til að vinna jarðvinnu við umrætt sumarhús. Við munnlegar skýrslutökur fyrir dómi fullyrti Magnús, að hann hefði ekki verið ráðinn sem verktaki fyrir verkið í heild sinni, heldur aðeins fengið greiðslur frá stefnda fyrir vinnu sína, akstur og fæðiskostnað.

Þá er viðurkennt af stefnda, að hann hafi komið á staðinn og fylgst með framvindu verksins án þess að gera athugasemdir. Verður með því að telja viðurkennt af hans hálfu, að verk þetta skyldi unnið og fyrir það greitt.

Stefndi hefur ekki lagt fram nein gögn eða sýnt fram á það með öðrum hætti, að hann hafi gert samning við Magnús Ágústsson um verkið í heild eða að þeir þættir, sem stefnandi og menn hans hafi unnið, hafi einnig verið fólgnir í því verki við sumarhúsið, er hann greiddi Magnúsi fyrir. Hefur stefndi ekki lagt fram samning, reikning, kvittun eða neitt þess háttar gagn vegna verks þess, sem hann telur, að Magnús hafi tekið að sér eða innt af hendi. Er allt á huldu um, hvað stefndi greiddi Magnúsi í raun fyrir verk hans, enda kom fram við munnlegar skýrslutökur fyrir dómi, að stefnda og

Magnúsi ber ekki saman um, hversu hárri fjárhæð greiðslan nam, og ekki liggur fyrir kvittun vegna hennar. Stefndi hefur því ekki sýnt fram á, að samið hafi verið við Magnús um ákveðið endurgjald fyrir verkið í heild. Verður því að telja, að stefnandi hafi mátt treysta því, eins og hér stóð á, að Magnús hefði heimild stefnda til að ráða hann til verksins og að stefndi greiddi stefnanda þóknun fyrir þann hluta verksins, sem hann innti af hendi. Breytir hér engu um, að greindur Magnús var verkstjóri yfir verkinu og bar þannig faglega ábyrgð á því.

Stefndi heldur því enn fremur fram, að reikningar stefnanda séu bersýnilega ósanngjarnir. Hefur hann ekki stutt þá fullyrðingu sína neinum gögnum utan vitnisburði Jakobs Jakobssonar vörubifreiðarstjóra, sem getur ekki talist sérfróður um verk sem þetta. Telur dómurinn því ekki kleift að fallast á þessa málsástæðu stefnda.

Fallast verður á það með stefnanda, að reikningur nr. 3962, dags. 17. júní 1991, að fjárhæð 5.880 kr., fyrir þaramjöl sé ógreiddur af stefnda. Á hinn bóginn er reikningur nr. 3988, dags. 18. júlí 1991, fyrir þörungamjöl og græði, að fjárhæð 5.420 kr., stílaður á Magnús Ágústsson og virðist áritaður um greiðslu. Verður sú krafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á kröfur stefnanda að frádregnum 5.420 kr., þ. e. 151.365 kr., ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði greinir, enda hefur þeim ekki verið mótmælt sérstaklega.

Eftir atvikum og með tilvísun til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 60.000 kr. í málskostnað.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Stefánsson, greiði stefnanda, Einari Þorgeirssyni, 151.365 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. ágúst 1991 til greiðsludags svo og 60.000 kr. í málskostnað. Áfallnir vextir leggist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 29. ágúst 1992.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1993.

Mál þetta var tekið til úrskurðar fimmtudaginn 21. janúar sl.

Stefndi segist hafa ráðið Magnús Ágústsson verktaka til þess að vinna að jarðvinnu við sumarhús stefnda við Meðalfellsvatn. Magnús mun hafa fengið stefnanda með sér í verkið með menn og tæki. Deiluefni málsaðila er reikningur stefnanda á hendur stefnda fyrir verk það, er stefnandi segist hafa látið í té.

Kröfur stefnda um frávísun eru reistar, eins og segir í greinargerð hans, á ákvæðum 18. gr. laga nr. 91/1991 um óskipt réttindi og skyldur í máli. Telur stefndi, að stefnandi og Magnús Ágústsson hafi báðir í sameiningu orðið að sækja mál vegna umrædds reiknings á hendur stefnda. Við munnlegan flutning málsins tók stefndi fram, að hann reisti frávísunarkröfu sína ekki á því, að eiginkona sín væri eigandi þeirrar sumarbústaðarlóðar, sem umrædd jarðvinna hefði verið unnin á.

Þær málsástæður stefnda, að krafan sé að fullu greidd, að stefnandi og stefndi hafi ekki stofnað til viðskipta eða stefndi hafi ekki falið neinum að stofna til viðskipta í sínu umboði, snúa að efni máls og verða því ekki til úrlausnar hér.

Ekki verður talið, að umrætt verk sé höfundarréttur í skilningi 7. gr. höfundalaga nr. 73/1992. Verður því talið, að hvor fyrir sig, stefnandi eða Magnús, geti krafið réttan skuldara um greiðslu fyrir þann hluta verksins, sem hvor þeirra um sig hefur látið í té. Er þá ekki tekin afstaða til þess, hverjum beri að greiða fyrir verkið né hvort það sé að fullu greitt.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er ekki um samaðild að ræða í skilningi 18. gr. laga nr. 91/1991. Frávísunarástæður stefnda þykja því ekki gefa nægjanlegt tilefni til frávísunar málsins að svo komnu, og verða kröfur stefnda þar um ekki teknar til greina.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins og bíður efnisdóms í málinu.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er ekki vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki í þessum þætti málsins.

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 438/1993. **Bragi Ásgeirsson og**
Hjördís Jóhannsdóttir
(Guðmundur Kristjánsson hdl.)
gegn
Sigríði Gunnarsdóttur og
Erling Sigurðssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Fasteign. Kaupsamningur. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1993. Krefjast þeir þess, að stefndu verði dæmd til að greiða sér 223.419 krónur óskipt auk ársdráttarvaxta frá 9. júlí 1992 til greiðsludags, eins og nánar er rakið í kröfugerð. Leggist vextir við höfuðstól að liðnum hverjum 12 mánuðum, í fyrsta sinn 9. júlí 1993. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið er skriflega flutt hér fyrir dómi samkvæmt heimild í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994.

Í upphaflegum kaupsamningi aðila málsins 23. mars 1992 um íbúð að Norðurási 2 í Reykjavík var kveðið á um, að greiðslutilhögun hluta útborgunar skyldi vera í samræmi við samning, sem gerður yrði vegna sölu á eign annars stefndu að Arnartanga 45 í Mosfellsbæ, en greiðslum skyldi þó lokið eigi síðar en 10. mars 1993. Með viðauka við kaupsamninginn 12. maí 1992 voru gerðar breytingar á honum, meðal annars um ofannefndar útborgunargreiðslur. Er nánari grein gerð fyrir þessum samningsákvæðum í héraðsdómi. Er þar meðal annars mælt fyrir um, að afhending húsbréfa skuli fara fram eigi síðar en sjö dögum eftir dagsetningu kaupsamnings um Arnar-

tanga 45, en þó aldrei síðar en 10. mars 1993. Áfrýjendur túlka viðaukann svo, að með honum hafi stefndu skuldbundið sig til að greiða lokagreiðslu kaupverðs, jafnskjótt og salan á Arnartanga 45 hefði farið fram, óháð því, hvernig kveðið væri á um einstakar greiðslur í kaupsamningi um þá eign. Eru kröfur áfrýjenda við þetta miðaðar, en kaupsamningur um Arnartanga 45 var undirritaður 9. júlí 1992. Á skortir, að orðalag viðaukasamningsins sé skýrt að þessu leyti, og gegn mótmælum stefndu þykir ekki unnt að byggja á ofangreindri túlkun áfrýjenda.

Áfrýjendur hafa ekki lagt mál sitt þannig fyrir dómstóla, að unnt sé að sjá, hvernig sú greiðslutilhögun á húsbréfum og peningum, sem raun varð á, hafi verið þeim óhagstæðari en gert var ráð fyrir í kaupsamningi aðila og viðauka við hann. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af framansögðu þykja ekki efni til annars en staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um annað en málskostnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjendur, Bragi Ásgeirsson og Hjördís Jóhannsdóttir, greiði stefndu, Sigríði Gunnarsdóttur og Erling Sigurðssyni, samtals 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. október 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. september sl., var höfðað með stefnu, birtri 6. febrúar 1993.

Stefnendur eru Bragi Ásgeirsson, kt. 260350-2429, og Hjördís Jóhannsdóttir, kt. 040653-3769, bæði til heimilis að Njarðargötu 5, Reykjavík.

Stefndu eru Sigríður Gunnarsdóttir, kt. 141061-5939, og Erling Sigurðsson, kt. 180742-4689, bæði til heimilis að Norðurási 2, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu verði gert að greiða stefnendum in solidum 223.419 kr. auk dráttarvaxta [...]. Loks er krafist málskostnaðar [...].

Endanlegar dómkröfur af hálfu stefndu eru þær, að stefndu verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda í máli þessu gegn afhendingu á bankabók nr. 41063 við Landsbanka Íslands, sem stofnuð var 9. mars 1993, og gegn því, að stefnendur gefi út afsal fyrir eignarhluta þeim í fasteigninni nr. 2 við Norðurás í Reykjavík, sem stefndu keyptu samkvæmt kaupsamningi, dags. 23. mars 1992, enda fari þá fram lögskilauppgjör milli aðila.

Þá er þess krafist, að stefnendum verði gert að greiða stefndu málskostnað [...].

II.

Málsatvik.

Með kaupsamningi, dagsettum 23. mars 1992, seldu stefnendur stefndu fasteign sína í húsinu nr. 2 við Norðurás í Reykjavík. Nam kaupverðið samtals 10.700.000 krónum. Greiðslu þess skyldi háttað þannig, að við undirritun samningsins greiddust 1.970.698 kr., en 10. júlí 1992 1.000.000 kr. Síðan segir orðrétt í samningi þessum: „Við sölu á eigninni Arnartanga 45, Mosfellsbæ, en þó eigi síðar en hinn 10. mars 1993 4.000.000 kr. með framreiknuðum húsbréfum og 1.115.650 kr. í peningum. Greiðsla þessi skal vera í samræmi við samning þann, sem gerður verður um Arnartanga 45."

Samkvæmt kaupsamningi skyldu stefndu taka að sér áhvílandi veðlán á íbúðinni, samtals að fjárhæð 2.613.652 kr. Stefnendum bar hins vegar að aflétta tilteknum áhvílandi veðskuldum á 2., 3., 5. og 7. veðrétti, samtals að fjárhæð 1.426.437 kr., af eigninni sem fyrst og eigi síðar en 10. júlí 1992.

Kaupsamningur þessi var gerður á grundvelli kauptilboðs sömu aðila, dags. 13. mars 1992, og gagntilboðs stefnenda því samfara. Í gagntilboði segir m. a. um greiðslu kaupverðsins: „Við sölu á eigninni Arnartanga 45, Mfb., greiðist í húsbréfum 4.000.000 kr. og 1.100.000 kr. í peningum."

Hinn 12. maí s. á. gerðu aðilar viðauka við nefndan kaupsamning. Samkvæmt honum var sú breyting gerð á greiðslutilhögun, að stefndu tóku á sig veðskuld á 2. veðrétti, og skyldi greiðsla á húsbréfum, 4.000.000 kr., lækka sem því láni næmi og verða 3.583.324 kr. Síðan segir orðrétt: „Afhending á þessum húsbréfum skal fara fram eigi síðar en sjö dögum eftir dagsetningu kaupsamnings um Arnartanga 45, en þó aldrei síðar en 10. 03. 1993."

Í sama skjali varð enn fremur sú breyting, að stefnendur skyldu ekki aflétta láni á 7. veðrétti, heldur greiða af því fram að sölu á Arnartanga 45, en þá tækju stefndu að sér lánið og greiddu upp, og skyldu eftirstöðvar þess, eins og þær væru á þeim tíma, dregnar frá peningagreiðslum skv. kaupsamningi, 1.115.650 kr.

Stefndu seldu fasteign sína, Arnartanga 45, Mosfellsbæ, með kaupsamningi, dags. 9. júlí 1992, og fengu þá greiddar 100.000 kr. Þá fjárhæð fengu

stefnendur í hendur 9. september 1992. Sama dag fengu stefnendur afhent húsbréf, að fjárhæð 1.396.146 kr., auk 9.294 kr., sem var mismunur á vöxtum, greiddum með ávísun frá Húsnæðisstofnun. Hinn 21. október 1992 greiddu stefndu 600.000 kr. og 16. febrúar 1993 1.000.000 kr.

Af hálfu Fasteignasölunnar Óðals var 8. mars 1993 útbúið uppgjör vaxta og gjalda miðað við fyrirhugað afsal eignarinnar Norðuráss 2 svo og greiðsluyfirlit. Samkvæmt vaxtauppgjöri skyldu stefnendur greiða stefndu 69.148 kr. við afsalsgerð. Þá kom fram á greiðsluyfirliti, að mismunur, sem væri skuld kaupanda við útgáfu afsals, næmi 1.173.247 kr., og hafði þá verið tekið tillit til inneignar vegna vaxtauppgjörs.

Hinn 9. mars 1993 lögðu stefndu 1.173.247 kr. inn á sparireikning á nafni stefnenda, enda áttu þá stefnendur eftir að létta áhvílandi lánum af eigninni, að fjárhæðum 681.317 kr. og 304.280 kr. Veðskuldir þessar voru greiddar upp 26. mars 1993, og var til þess notuð greiðsla af nefndum sparireikningi.

Ekki kom til, að fundur væri haldinn um lögskilauppgjör og afsal gefið út, svo sem fyrirhugað var að gera 25. mars sl., þar sem stefnendur tilkynntu, að þau myndu ekki sækja slíkan fund vegna málareksturs þessa.

Stefnandi Bragi Ásgeirsson skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði lagt þann skilning í viðaukann við kaupsamninginn, að greiðslur hefðu átt að berast stefnendum eigi síðar en 7 dögum eftir, að fasteignin að Arnartanga 45 væri seld.

Stefndi Erling Ólafur Sigurðsson hefur borið fyrir dóminum, að ætíð hafi verið við það miðað, að greiðslur til stefnenda vegna kaupa á fasteigninni við Norðurás tengdust sölu hans á fasteigninni við Arnartanga og greiddust stefnendum eigi síðar en 7 dögum eftir, að þær bærust, en þó aldrei síðar en 10. mars 1993. Hann hafi hins vegar ekki greitt stefnendum 100.000 kr., sem hann fékk úr sölu Arnartanga, fyrr en 9. september s. á., þar sem samkomulag hafi verið um að bíða með þær greiðslur, en stefnendur höfðu þá ekki aflétt skv. kaupsamningi veðskuldum af eigninni. Aðrar greiðslur hafi verið inntar af hendi nákvæmlega til stefnenda eftir þeirri greiðslutilhögun, sem hann hafi fengið við sölu á Arnartanga. Eftir 10. mars 1993 hafi hann tekið lán og greitt stefnendum. Stefndu hafi aðeins fengið 1.396.146 kr. í húsbréfum úr eigninni við Arnartanga í september 1992, og hafi þau gengið beint til stefnenda.

Vitnið Ásta Magnúsdóttir skýrði svo frá fyrir dóminum, að stefndu hefðu lagt á það ríka áherslu við kaupin, að lokagreiðsla eignarinnar nr. 2 við Norðurás yrði í samræmi við útborgun úr Arnartanga, svo að ekki kæmi til, að þau þyrftu að greiða eignina hraðar en þau fengju greiðslur. Stefnandi

Hjördís hafi síðan komi að máli við sig og tjáð áhyggjur sínar um, að túlka mætti samninginn á þann veg, að ætíð mætti draga greiðslur til 10. mars 1993. Þegar til hafi komið að breyta samningnum vegna viðtöku stefndu á fleiri lánum en gert hafði verið ráð fyrir, hafi ákvæði um afhendingu húsbréfa verið bætt inn í viðaukann. Tilgangurinn hafi verið sá að tryggja, að stefndu greiddu stefnendum eigi síðar en viku eftir, að greiðsla hefði borist úr Arnartanga. Ekki hafi staðið til að breyta dagsetningunni 10. mars 1993, heldur að koma í veg fyrir, að stefndu héldu greiðslum hjá sér lengur en nauðsynlegt var. Um húsbréfin hafi átt að gilda sömu sjónarmið, þau, að frá því að stefndu fengju húsbréfin í hendur og þar til þau yrðu afhent stefnendum, hafi ekki mátt líða lengri tími en 7 dagar. Yfirfærsla á vöxtum í húsbréfunum hafi verið ákveðinn tilboðsdagurinn í eignina að Arnartanga, og um verðmæti húsbréfagreiðslunnar sé það sú dagsetning, sem skipti máli í fasteignakaupum. Stefnendur hafi því átt að fá áfallnar verðbætur og vexti á bréfin frá þeim degi.

Af hálfu stefnenda var framburði vitnisins mótmælt, þar sem hann kynni að taka mið af mistökum fasteignasölunnar, þar sem það starfaði.

Málsástæður og lagarök.

Stefnendur líta svo á, að með fyrrgreindu kauptilboði, kaupsamningi og viðauka við hann hafi stefndu skuldbundið sig til þess að greiða eftirstöðvar kaupverðs íbúðarinnar að Norðurási 2, jafnskjótt og þau seldu fasteign sína að Arnartanga 45 og eigi síðar en 7 dögum þaðan í frá. Kauptilboð í þá eign hafi verið samþykkt 12. júní 1992 og kaupsamningur undirritaður 9. júlí s. á. Ákvæði nefndra gagna verði ekki skilin á annan veg en þann, sem stefnendur haldi fram. Þrátt fyrir það hafi stefndu ekki greitt kaupverðið að fullu. Hafi þetta komið stefnendum afar illa, þar sem þau hafi hagað greiðslufyrirkomulagi vegna íbúðarkaupa sinna í samræmi við þennan skilning sinn. Stefnendur halda fram, að ein meginskylda stefndu sé skilvís greiðsla umsamins kaupverðs. Þetta hafi brugðist, og sé greiðsludráttur stefndu svo verulegur, að skilyrði riftunar komi til greina. Ekkert af hálfu stefnenda réttlæti þennan alvarlega greiðsludrátt stefndu. Stefnendur reisi kröfur sínar á ákvæðum samnings aðila, sem kveði á um greiðsluskyldu stefndu. Dráttarvaxta sé krafist af umræddri greiðslu útborgunarfjárhæðar, en tillit tekið til innborgana 9. september og 21. október 1992.

Sýknukrafa stefndu er studd því, að þau hafi í öllu staðið við og efnt að fullu skuldbindingar þær, er þau tókust á hendur gagnvart stefnendum skv. kaupsamningi aðila. Komi þetta m. a. fram í greiðsluyfirliti Fasteignasölunnar Óðals, er hafði haft meðalgöngu um þessi fasteignaviðskipti.

Samkvæmt kaupsamningi og viðauka við þann samning skyldu útborgunargreiðslur stefndu dreifast á tímabilið 23. mars 1992 og lengst til 10. mars 1993, er afsal skyldi fara fram. Þessar greiðslur hafi verið inntar af hendi með þeim hætti, sem greiðsluyfirlitið beri með sér, en sá mismunur, er fram kemur á yfirlitinu greiðist við afsalsgjörð og fullnaðaruppgjör, enda hafi þá stefnendur fullnægt samningsskyldum sínum og aflétt áhvílandi veðskuldum, er hvíla áttu á 3. og 5. veðrétti fasteignarinnar, samtals að fjárhæð 985.597 kr., en þær veðskuldir séu stefndu óviðkomandi.

III.

Niðurstaða.

Stefnendur telja stefndu hafa vanefnt umdeildan kaupsamning frá 23. mars 1992 og viðauka við hann, dags. 12. maí 1992. Miðast kröfugerð stefnenda við það, að eindagi seinni hluta greiðslna stefndu skv. samningnum hafi verið sjö dögum eftir dagsetningu kaupsamnings um fasteignina Arnartanga 45.

Af hálfu stefndu voru greiðslur hins vegar miðaðar við þá túlkun greiðsluskilmála, að þær bærust stefnendum eigi síðar en sjö dögum eftir hvern gjalddaga miðað við sölu eignarinnar við Arnartanga 45.

Upphafleg stefnukrafa í máli þessu nam 2.293.150 krónum. Í þinghaldi 25. maí sl. beindi dómari þeirri kröfu til lögmanns stefnenda að leggja fram skriflega kröfugerð með útreikningum á kröfum sínum og málsástæðum, enda var þá upplýst, að verulegur hluti stefnukröfunnar var greiddur. Í þinghaldi 3. júní sl. lagði lögmaðurinn fram endanlega kröfugerð. Þar voru stefnukröfur lækkaðar í 223.419 kr. miðað við inngreiðslur og þær leiðréttingar að öðru leyti. Þá breyttist dráttarvaxtakrafa í samræmi við það.

Fasteignin Arnartangi 45 var seld með kaupsamningi, dags. 9. júlí 1992. Þann dag fengu stefndu greiddar af kaupverðinu 100.000 kr. Óumdeilt er, að stefnendur höfðu þá ekki staðið við ákvæði kaupsamningsins um að létta af hinni seldu eign veðskuldum að fjárhæð u. þ. b. milljón króna, svo sem þeim bar að gera fyrir 10. júlí 1992 samkvæmt ákvæði kaupsamningsins. Héldu því stefndu að sér höndum með afhendingu þessa fjár til 9. september s. á. skv. ráðleggingum frá Fasteignasölunni Óðali, sem annaðist sölu eignarinnar. Þessari skýringu stefndu hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnenda. Dómurinn telur, þegar litið er til þessara skýringa, að stefndu hafi ekki vanefnt samninginn að þessu leyti, þrátt fyrir það að dráttur hafi orðið á umræddri greiðslu skv. beinu ákvæði kaupsamningsins.

Stefndi Erling Sigurðsson fékk húsbréf, að fjárhæð 1.396.146 kr., vegna sölu fasteignarinnar við Arnartanga, og voru þau afhent stefnendum án tafar 9. september 1992. Gera stefnendur kröfur um dráttarvexti vegna van-

skila frá 9. júlí 1992 til afhendingar bréfanna, en af mismuninum frá þeim degi til greiðsludags. Í málinu liggur ekki fyrir, hvað olli þessum drætti á afhendingu húsbréfanna, hvort hann var óeðlilega mikill og hvers vegna fjárhæð þeirra var önnur en ráðgert hafði verið.

Verð húsbréfa er háð skráðu gengi, sem sætir daglegum breytingum. Í viðaukasamningi aðila segir, að reiknað verð húsbréfa miðist við afhendingu þeirra eða söludag Arnartanga 45, ef hann er fyrr. Eins og hér stendur á, var það hin síðari viðmiðun, sem réð verði húsbréfanna. Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins og kröfugerð stefnenda en að verð þeirra húsbréfa, sem afhent voru stefnendum, hafi verið í samræmi við þetta ákvæði. Hafa þau því borið vexti frá söludegi Arnartanga 45 til afhendingardags.

Öll gögn málsins benda til þess, að tilgangur ákvæðis í viðaukasamningi um afhendingu húsbréfanna hafi verið sá að girða fyrir þann ótta stefnenda, sem þá hafði vaknað, að stefndu afhentu ekki húsbréfin fyrir 10. mars 1993, þrátt fyrir það að þau hefðu þau undir höndum. Framburður vitnisins Ástu Magnúsdóttur styður þennan skilning. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, ber að hafna dráttarvaxtakröfu stefnenda vegna dráttar á afhendingu húsbréfanna.

Umsamin fjárhæð húsbréfa, sem afhenda skyldi stefnendum, var hins vegar fastákveðin. Óumdeilt er, að fjárhæð bréfanna var 2.187.178 krónum lægri en gert hafði verið ráð fyrir í viðaukasamningi aðila. Þessi mismunur var greiddur stefnendum í peningum. Af þeirra hálfu hefur ekki verið lagður fram útreikningur á því, hver greiðsla stefndu í peningum vegna mismunarins hefði átt að vera miðað við þær forsendur, sem giltu um fjárhæð umsaminna húsbréfa. Verður ekki hjá því komist að sýkna stefndu af kröfu um dráttarvexti af þessum kröfulið, eins og málið er lagt fyrir dóminn.

Samkvæmt ákvæði kaupsamnings skyldu stefndu greiða 1.115.650 kr. skv. A-lið. Samkvæmt beinu ákvæði kaupsamningsins skyldi sú geiðsla vera í samræmi við samninginn um Arnartanga 45. Ekki verður af viðaukasamningi ráðið, að gjalddögum þeirrar greiðslu hafi verið breytt, en hins vegar var þar gert ráð fyrir, að hún lækkaði vegna yfirtekins láns. Stefnendur fengu þessar greiðslur kaupverðsins í beinu framhaldi af greiðslu þeirra til stefnda Erlings. Er því ekki fallist á með stefnendum, að stefndu hafi vanefnt greiðslur með þeim hætti.

Stefnendur voru sagðir skulda stefndu 69.148 kr. samkvæmt lögskilauppgjöri. Lögskilauppgjör fór hins vegar ekki fram, þar sem stefnendur höfðu þá þegar höfðað mál þetta. Fyrir liggur, að 184.621 kr. séu enn á sparireikningi á nafni stefnenda til afhendingar þeim við afsalsgjörð auk 14.113

kr., sem séu vegna mismunar eftirstöðva yfirtekinnar skuldar stefndu við SPRON umfram það, sem fram kemur á greiðsluyfirliti fasteignasölunnar.

Eftir því, sem hér hefur verið rakið, þykja stefnendur ekki eiga neinar kröfur á hendur stefndu, enda verður að gera ráð fyrir því, að í samræmi við þessa niðurstöðu muni fara fram lögskilauppgjör, en eins og mál þetta liggur fyrir dóminum, þykir það ekki deiluatriði, sem skera þurfi úr um.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnenda í málinu.

Við munnlegan flutning málsins krafðist lögmaður stefndu álags á málflutningsþóknun vegna þarflausrar málshöfðunar. Af hálfu lögmanns stefnenda var kröfunni mótmælt sem of seint fram kominni. Krafa þessi á sér ekki stoð í greinargerð lögmanns stefndu. Verður hún þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnendum að greiða stefndu málskostnað, sem telst hæfilegur 130.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigríður Gunnarsdóttir og Erling Sigurðsson, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnenda.

Stefnendur, Bragi Ásgeirsson og Hjördís Jóhannsdóttir, greiði stefndu 130.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.